Árið 1875, 1. dag júlímánaðar, var hið fyrsta löggefandi alþingi sett í Reykjavík.

Fyrst söfnuðust allir alþingismenn saman ásamt landshöfðingjanum yfir Íslandi, Hilmari Finsen, í alþingissalnum, og gengu þaðan til guðsþjónustugjörðar í dómkirkjunni; prófastur Guðmundur Einarsson prjedikaði og lagði út af Jóh. 18., 37. Að aflokinni guðsþjónustugjörðinni gengu menn aptur inn í alþingissalinn. Landshöfðingi las þá fyrst upp skipun til sín, að setja þingið, svo hljóðandi:

Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vora sjerlegu hylli!

Vjer veitum þjer sem landshöfðingja Vorum yfir Voru landi Íslandi allramildilegast vald til að sitja hið reglulega alþingi, sem kemur saman fimmtudaginn 1. dag júlímánaðar næstkomanda, og átt þú þar að auki að birta alþingi boðskap Vorn, sem hjer með fylgir og dagsettur er í dag.

Þetta er vilji Vor.

Felandi þig guði.

Ritað á höll Vorri Amalíuborg,

þann 24. maí 1875.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

C. S. Klein.

Til

Vors elskulega

herra Sörens Hilmars Steindórs Finsens, Kommandör af dannebrogsorðunni og dannebrogsmanns, Vors landshöfðingja yfir Íslandi.

Því næst las landshöfðingi upp boðskap konungs til þingsins svo hljóðandi:

Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vora konunglegu kveðju.

Jafnframt og Vjer höfum falið landshöfðingja Vorum á hendur, að setja alþingi, sem nú kemur saman, höfum vjer fundið hvöt til þess, að lýsa yfir fyrir fulltrúum Íslendinga hluttekning Vorri, er þeir nú eiga að feta hin fyrstu spor á hinn nýja veg, sem lagður er með stjórnarskránni 5. janúar 1874.

Með stjórnarskránni er veitt fulltrúum landsins fullnaðaratkvæði um málefni þess, full hlutdeild í löggjafarverkinu og fjárveitingarvald að því, er snertir tekjur og útgjöld landsins. Framfarir Íslands, gæfa þess og hagsæld er þannig að miklu leyti komin undir fulltrúum þjóðarinnar sjálfrar; en Vjer treystum því, að sú raun verði á, að hagsæld landsins einmitt sje með því borgið. Í þessu tilliti hefur það verið Oss gleðilegur fyrirboði, þá er vjer sóttum heim Ísland á þúsundára-hátíð þess, að sjá svo margan vott þess, að Íslendingar mettu mikils frelsisgjöf þá, sem Vjer af konunglegu fullveldi Voru höfðum gefið þeim, og sem einmitt átti að öðlast gildi samtíða því, er hátíð þessi fór fram.

Á þessari hinni fyrstu reglulegu samkomu hins nýja alþingis verða eigi allfá lagafrumvörp lögð fyrir þingið, og skulum Vjer meðal þeirra fyrst af öllu nefna fjárlagafrumvarpið, er við meðferð þess fjárveitingarvaldið fær í

fyrsta skipti tækifæri til að neyta sín. Í sambandi við það standa tvö lagafrumvörp, annað um læknaskipunina og hitt um laun íslenzkra embættismanna. Um yfirgripsmeiri endurbætur á fyrirkomulagi hinnar umboðslegu stjórnar Íslands, hversu æskilegar sem þær gætu verið, hefur eigi getað komið til tals, á meðan eigi er komin önnur skipun á um skattgjaldsmálefnin; en eins og þinginu mun verða skýrt frá, verður gjörð tilraun til, að þetta geti orðið, áður en langt líður. Annað mál, sem Oss er mjög annt um, og sem að Vorri hyggju er hið mesta velferðarmál landsins, er það, að efla samgöngur í landinu; en um það hafa þó eigi orðið gjörðar ákveðnar uppástungur í þetta sinn.

Fregnin um hina stórkostlegu náttúruviðburði, sem hafa gjört svo mikið tjón í norður- og austur-hluta Íslands, hefur fengið Oss mikillar áhyggju. Þessir sorglegu atburðir hafa snortið Oss því sárara, sem Vjer frá Íslandsferð Vorri í sumar sem leið geymum að eins fagnaðarríkt minni, ekki einungis um hollustu þá og traust, sem landsmenn alstaðar sýndu Oss, heldur einnig um hina svipmiklu náttúru Íslands, eins og hún kom Oss fyrir sjónir á ferð vorri um fjöll Íslands. Vjer höfum samt þá von, að það reynist, að tjónið eigi sje meira en svo, að ráðin verði bót á því fyrir hjálp hins Almáttuga, með sameiginlegri viðleitni, að minnsta kosti að nokkru leyti.

Með þeirri hjartanlegu ósk, að hið þýðingarmikla starf, sem alþingi nú tekur til, megi verða til blessunar landi og lýð, heitum Vjer alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Ritað á höll Vorri Amalíuborg,
þann 24. maí 1875.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

C. S. Klein.

Til
alþingis Íslendinga.

Að því búnu kvaðst hann lýsa því yfir í umboði konungs, að
hið fyrsta löggefandi alþingi væri sett.

Stóð þá upp annar þingmaður Þingeyinga, Jón Sigurðsson frá Gautlöndum, og mælti:

Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn Níundi, og tóku þingmenn undir það í einu hljóði.

Þessir voru þingmenn komnir.

Konungkjörnir alþingismenn:

1. yfirdómstjóri Þórður Jónasson;
2. biskup Pjetur Pjetursson;
3. amtmaður Bergur Thorberg;
4. yfirdómari Jón Pjetursson;
5. landlæknir Jón Hjaltalín;
6. prófastur Ólafur Pálsson.

Þjóðkjörnir alþingismenn:

1, 1.	þingmaður	Skaptfellinga, prestur Páll Pálsson;
2, 2.	—	Skaptfellinga, hreppstjóri Stefán Eiríksson;
3, 1.	—	Rangæinga, hreppstjóri Sighvatur Árnason;
4, 2.	—	Rangæinga, prestur Ísleifur Gíslason;
5, 1.	—	Árnesinga, settur sýslumaður Benidikt Sveinsson;
6, 2.	—	Árnesinga, hreppstjóri Þorlákur Guðmundsson;
7,	—	Vestmannaeyinga, bóndi Þorsteinn Jónsson;
8, 1.	—	Gullbringu- og Kjósarsýslubúa, dr. phil. Grímur Thomsen;
9, 2.	—	Gullbringu- og Kjósarsýslubúa, prófastur Þórarinn Böðvarsson.
10,	—	Reykvíkinga, yfirkennari Halldór Friðriksson.
11,	—	Borgfirðinga, bóndi Guðmundur Ólafsson;
12,	—	Mýramanna, bóndi Hjálmur Pjetursson;
13,	—	Snæfellinga, bóndi Þórður Þórðarson.
14,	—	Dalamanna, prófastur Guðmundur Einarsson;
15,	—	Barðstrendinga, prófastur Eiríkur Kuld;

16, þingmaður Strandasýslubúa, bóndi Torfi Einarsson;
17, 1. — Ísfirðinga, skjalavörður Jón Sigurðsson;
18, 2. — Ísfirðinga, prófastur Stefán Stephensen;
19, 1. — Húnvetninga, bóndi Ásgeir Einarsson;
20, 2. — Húnvetninga, bóndi Páll Pálsson;
21, 2. — Skagfirðinga, bóndi Einar Guðmundsson;
22, 1. — Eyfirðinga, hreppstjóri Einar Ásmundsson;
23, 2. — Eyfirðinga, verzlunarstjóri Snorri Pálsson;
24, 1. — Þingeyinga, prófastur Benidikt Kristjánsson;
25, 2. — Þingeyinga, hreppstjóri Jón Sigurðsson;
26, 1. — Norður-Múlasýslu, umboðsmaður Páll Ólafsson;
27, 2. — Norður-Múlasýslu, umboðsmaður Eggert Gunnarsson;
28, 1. — Suður-Múlasýslu, verzlunarstjóri Tryggvi Gunnarsson;
29, 2. — Suður-Múlasýslu, hreppstjóri Einar Gíslason.

Þess skal getið, að 1. þingmaður Skagfirðinga, verzlunarstjóri Jón Blöndal, var eigi kominn, og að bóndi Þorsteinn Jónsson frá Nýjabæ hafði verið kosinn alþingismaður fyrir Vestmannaeyinga í stað procurators Jóns Guðmundssonar, er dó 31. dag maímánaðar þessa árs.

Síðan skoraði landshöfðingi samkvæmt þingsköpunum 1. grein á hinn elzta þingmann, fyrsta konungkjörna, háyfirdómara Þ. Jónasson, að gangast fyrir kosningu forseta um stundarsakir; gekk hann þá í forsetastól, og kvaddi sjer til aðstoðar þingmann Reykvíkinga og þingmann Barðstrendinga. Var síðan forseti valinn skjalavörður Jón Sigurðsson, fyrsti þingmaður Ísfirðinga, með 33 atkvæðum; amtmaður Bergur Thorberg hlaut 2 atkvæði. Forseti gekk þá til sætis, og kvaddi hina sömu til skrifara, meðan á kosningum stæði.

Því næst var gengið til prófunar á kjörbrjefum allra þingmanna, sem komnir voru; gekk þingið til þess eptir hlutkesti í þrjár deildir, og urðu í fyrstu deild:

Einar Ásmundsson;
Snorri Pálsson;
Tryggvi Gunnarsson;
Sighvatur Árnason;
Stefán Eiríksson;
Ólafur Pálsson;
Guðmundur Einarsson;
Þórður Jónasson;
Jón Hjaltalín;
Jón Pjetursson;
Stefán Stephensen;
Ísleifur Gíslasson;

í annari deild:

Bergur Thorberg;
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum;
Eggert Gunnarsson;
Grímur Thomsen;
Einar Guðmundsson;
Einar Gíslason;
Páll Pálsson, bóndi;
Ásgeir Einarsson;
Þorsteinn Jónsson;
Guðmundur Ólafsson;
Benidikt Kristjánsson;
Páll Ólafsson;

í þriðju deild:

Pjetur Pjetursson;
Benidikt Sveinsson;
Torfi Einarsson;
Þórður Þórðarson;
Hjálmur Pjetursson;
Páll Pálsson, prestur;
Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn;
Eiríkur Kúld;
Halldór Kr. Friðriksson;
Þorlákur Guðmundsson;
Þórarinn Böðvarsson.

Fyrsta deild, sem rannsakað hafði kjörbrjef þriðju deildar, kaus sjer til framsögumanns 4. konungkjörna, assessor Jón Pjet-

nrsson. Við kjörbrjef þriðju deildar fannst það athugandi, að í kjörbrjefi þingmannsins úr Vestur-Skaptafellssýslu væri eigi tekið fram, að hann hefði hlotið meira en helming atkvæða, er greidd voru á kjörfundinum; en með því viðkomandi amtmaður, annar konungkjörni þingmaður, kvaðst geta gefið næga vissu um það eptir kjörbókunum, sem til sín væru þegar komnar, tók þingið þá kosningu gilda. Framsögumaður gat þess, að tveir aðrir þingmenn hefðu að eins vottorð amtmanns um kosningu sína, en kjörbrjef hefðu þeir ekkert fengið hjá kjörstjóranum.

Önnur deild, sem rannsakað hafði kjörbrjef fyrstu deildar, og hafði kosið sjer fyrir framsögumann þriðja konungkjörna þingmann, Berg Thorberg, fann það athugavert við kjörbrjef fyrstu deildar, að eigi væri tekið fram í kjörbrjefum annars þingmanns Eyfirðinga og annars þingmanns Suður-Múlasýslu, hvort þeir hefðu hlotið meir en helming atkvæða. Þingið var á þeirri skoðun, að menn yrðu að álíta, að hlutaðeigandi sýslumenn hefðu því að eins gefið út kjörbrjefin, að svo hefði verið.

Þriðja deild, sem rannsakað hafði kjörbrjef annarar deildar, hafði kosið sjer fyrir framsögumann fyrsta þingmann Árnesinga, og fannst sami galli á kjörbrjefi eins þingmanns, en sem þingið ályktaði að eigi þyrfti heldur að valda ógildi kosningarinnar. Við kjörbrjef annars þingmannsins úr Norður-Múlasýslu, umboðsmanns Eggerts Gunnarssonar, hafði kjörstjórinn álitið kjörgengi hans vafasama fyrir því, að hans hefði eigi verið getið á kjörskrá Eyjafjarðarsýslu, þar sem hann átti heimili, en þingmaður hafði með sjer vottorð viðkomandi sýslumanns um, að hann væri búsettur í Eyjafjarðarsýslu, eins og líka að uppvíst varð, að hann hefði fullnægt þeim skilyrðum, sem útheimtist til kjörgengi.

Þannig ályktaði þingið öll hin framlögðu kjörbrjef gild, og viðurkenndi kosningu þingmanna, sem mættir voru. En til að rannsaka á sínum tíma kjörbrjef hins fyrsta þingmanns Skagfirðinga, Jóns Blöndals, sem enn var ókominn, kaus þingið þriggja manna nefnd, og urðu fyrir þeirri kosningu:

Benidikt Sveinsson, með 20 atkvæðum,
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum, með 17 atkvæðum, og
Bergur Thorberg, með 13 atkvæðum, auk beggja forsetanna, sem eru sjálfkjörnir.

Að því búnu unnu allir þingmenn eið að stjórnarskránni, eins og fyrir er mælt í annari grein þingskapanna, og því næst var forseti kosinn fyrir hið sameinaða alþingi, og hlaut fyrsti þingmaður Ísfirðinga 33 atkvæði (Bergur Thorberg fjekk eitt atkvæði). Til varaforseta hins sameinaða alþingis var kosinn Bergur Thorberg með 19 atkvæðum (biskup Pjetur Pjetursson fjekk 7 atkvæði; einn þingmaður 4 atkvæði, og fjórir þingmenn eitt atkvæði hver). Til skrifara hins sameinaða alþingis voru kosnir Halldór Kr. Friðriksson með 33 atkvæðum, og Eiríkur Kúld með 22 atkvæðum (Guðmundur Einarson fjekk 11 atkvæði, og tveir þingmenn aðrir fengu eitt atkvæði hvor).

Loks voru kosnir 6 þjóðkjörnir þingmenn til að eiga sæti ásamt hinum 6 konungkjörnu í efri málstofunni, og urðu fyrir þeirri kosningu:

Eiríkur Kúld	með 30	atkvæðum;
Ásgeir Einarsson	— 29	—
Benidikt Kristjánsson	— 28	—
Torfi Einarsson	— 27	—
Sighvatur Árnason	— 26	—
Stefán Eiríksson	— 26	—

Tryggvi Gunnarsson hlaut 8 atkvæði, Halldór Kr. Friðriksson 5, Þórarinn Böðvarsson 5, þrír þingmenn 4, tveir þingmenn 3, þrír þingmenn 2, og tveir 1 atkvæði.

Eptir að alþingi var sett, og það samkvæmt því, sem fyrir er mælt í þingsköpum til bráðabyrgða, dags. 24. maí 1875, hafði skipt sjer í deildir, gekk hin efri deild þingsins til herbergis þess, er henni var ætlað, og tók til starfa.

Í deild þessari áttu sæti:

A. konungkjörnir:

1. Þórður Jónasson, háyfirdómari Íslands.

2. Pjetur Pjetursson, biskup yfir Íslandi.
3. Bergur Thorberg, amtmaðar yfir suður- og vesturömtunum.
4. Jón Pjetursson, 1. yfirdómari.
5. Jón Hjaltalín, landlæknir Íslands.
6. Ólafur Pálsson, prófastur í Húnavatnssýslu.

B. Kjörnir af hinu sameinaða alþingi:

1. Eiríkur Kúld, prófastur, þingmaður Barðstrendinga.
2. Ásgeir Einarsson, 1. þingmaður Húnvetninga.
3. Benidikt Kristjánsson, prófastur, 1. þingmaður Þingeyinga.
4. Torfi Einarsson, þingmaður Strandasýslu.
5. Sighvatur Árnason, 1. þingmaður Rangvellinga.
6. Stefán Eiríksson, 2. þingmaður Skaptfellinga.

Hinn elzti þingmaður deildarinnar, Þórður Jónasson, gekk þá til forsetasætis og skoraði á þingmenn deildarinnar, að þeir kysu forseta. Var þá til forseta kosinn biskup Pjetur Pjetursson, með 8 atkvæðum; amtmaður Thorberg fjekk 2 atkvæði.

Að því búnu gekk hinn nýkjörni forseti til sætis og gekkst fyrir kosningu varaforseta; var til þess kjörinn prófastur Eiríkur Kúld með 6 atkvæðum; næst honum fjekk amtmaður Thorberg 2 atkvæði.

Þar næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, og urðu fyrir þeirri kosningu: prófastur Ólafur Pálsson með 10 atkvæðum, og amtmaður Thorberg með 8 atkvæðum; næst þeim fjekk prófastur Benedikt Kristjánsson 3 atkvæði.

Forseti las þá upp brjef landshöfðingja til hans, dagsett samdægurs, og er þess þar getið, að landshöfðinginn ætli að leggja fyrir deildina lagafrumvörp þau, er nú greinir:

1. Frumv. til laga fyrir Ísland um skipaströud.
2. — — — um ljósmæðraskipun á Íslandi.
3. — — — um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands.
4. — — — um þingsköp handa alþingi Íslendinga.
5. — — — um breyting á þeirri tilhögun, sem hingað til hefur verið á birting laga og tilskipana á Íslandi.
6. Frumv. til laga um breytingar á tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl., 12. febr. 1872.
7. — — — — um brunamál í Reykjavík.
8. — — — — um breytingar á ákvörðunum þeim, er tilskipun um ráðstafanir til viðhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi og því, sem þeim fylgir, 24. júlí 1789, hefur inni að halda.

Forseti skýrði frá, að til innanþingsskrifara í efri deildinni væru teknir kand. theol. Sigurður Gunnarsson og kand. philos. Sigurður Jónasson.

Eptir að hið sameinaða alþingi, eins og áður er sagt, hafði lokið þingstörfum þeim, sem fyrirskipuð eru í 1., 2. og 3. gr. þingskapanna, settist hin neðri deild alþingis að í hinum venjulega alþingissal:

Í þingdeildinni höfðu þessir þingmenn sæti:

1. Benidikt Sveinsson, 1. þingm. Árnesinga.
2. Eggert Gunnarsson, 2. þingm. Norður-Múlasýslu.
3. Einar Ásmundsson, 1. þingm. Eyfirðinga.
4. Einar Gíslason, 2. þingm. Suður-Múlas.
5. Einar Guðmundsson, 2. þingm. Skagfirðinga.
6. Grímur Thomsen, 1. þingm. Gullbringusýslu.
7. Guðmundur Einarsson, þingm. Dalamanna.
8. Guðmundur Ólafsson, þingm. Borgfirðinga.
9. Halldór Kr. Friðriksson, þingmaður Reykvíkinga.
10. Hjálmur Pjetursson, þingmaður Mýramanna.
11. Ísl. Gíslason, 2. þingmaður Rangæinga.
12. Jón Blöndal, 1. þingmaður Skagfirðinga (ókominn).
13. Jón Sigurðsson, 1. þingmaður Ísfirðinga.
14. Jón Sigurðsson, 2. þingmaður Þingeyinga.
15. Páll Ólafsson, 1. þingmaður Norður-Múlasýslu.

16. Páll Pálsson, 1. þingmaðar Skaptfellinga.
17. Páll Pálsson, 2. þingmaður Húnvetninga.
18. Snorri Pálsson, 2. þingmaður Eyfirðinga.
19. Stefán Stephensen, 2. þingm. Ísfirðinga.
20. Tryggvi Gunnarsson, 1. þingmaður Suður-Múlasýslu.
21. Þórarinn Böðvarsson, 2. þingmaður Gullbringusýslu.
22. Þórður Þórðarson, þingm. Snæfellinga.
23. Þorlákur Guðmundsson, 2. þingmaður Árnesinga.
24. Þorsteinn Jónsson, þingmaður Vestmannaeyinga.

Hinn elzti þingmaður deildarinnar, þingmaður Ísfirðinga, Jón Sigurðsson riddari, gekkst þá fyrir forsetakosningu, samkvæmt þingskapanna 4. gr., og kvaddi sjer til aðstoðar sem skrifara yfirkennara Halldór Friðriksson og Guðmund prófast Einarsson.

Til forseta var kosinn Jón riddari Sigurðsson, þingmaður Ísfirðinga með 22. atkv. Því næst var varaforseti kosinn, og varð Jón Sigurðsson, þingmaður Suður-Þingeyinga, fyrir þeirri kosningu með 14 atkvæðum af þeim 22, sem greidd voru. Þar á eptir voru þingskrifarar deildarinnar kosnir, yfirkennari Halldór Kr. Friðriksson með 20 atkvæðum, og Guðmundur prófastur Einarssvn með 17 atkvæðum.

Síðan lagði forseti fram og las upp brjef frá landshöfðingjanum yfir Íslandi, dagsettu í dag, þar sem tilgreind voru 8 konungleg frumvörp, er leggja skyldi fyrst fyrir neðri deild alþingis.

Á 2. fundi í neðri þingdeildinni 2. júlímán. kl. 12 skýrði forseti frá, að eptir samkomulagi við embættismenn þingsins væri stofnuð skrifstofa sameiginleg fyrir báðar deildirnar, og væri assessor Magnús Stephensen tekinn forstjóri þeirrar skrifstofu. Enn fremur skýrði hann frá, að til innanþingsskrifara í neðri deildinni væru teknir kand. juris Sigurður Jónsson og stúdent Magnús Andrjesson.

Því næst lagði landshöfðingi fram eptirfygjandi frumvörp:

1. Frumv. til fjárlaga fyrir Ísland fyrir árið 1876 og 1877.
2. — — laga, sem hafa inni að halda ákvarðanir um laun íslenzkra embættismanna o. fl.
3. — — laga um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi o. fl.
4. — — laga um sölu á fjórðaparti þeim í silfurbergsnámunni í Helgustaðafjalli, sem er eign hins íslenzka landssjóðs o. fl.
5. — — laga um að greiða skuli aðflutningsgjald af flutningsvörum þeim, sem fluttar eru til Íslands með póstgufuskipinu.
6. — — laga um breyting á póstgjöldum frá ríkismynt í krónumynt.
7. — — laga um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur.
8. — — laga um kosningar til alþingis.

A.

Konungleg frumvörp.

I.

FRUMVARP til fjárlaga fyrir Ísland fyrir árin 1876 og 1877.

1. kapítuli.

Tekjur.

1. grein.

Á árunum 1876 og 1877 telst svo til, að tekjur Íslands verði 481,967 kr. 46 a., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er í 2.—6. gr.

2. grein.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 207,476 kr. 6 a.:

		1876	1877	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
1.	Tekjur af ljenssýslum	5,320.	5,320.	10,640.
2.	lögþingisskrifaralaun	64. 3	64. 3	128. 6
3.	tekjur af umboðssýslugjöldum	1,510.	1,510.	3,020.
4.	konungstíundir	6,972.	6,972.	13,944.
5.	lögmannstollur, o. fl.	954.	954.	1,908.
6.	alþingistollur	16,000.	16,000.	32,000.
7.	nafnbótaskattur	300.	300.	600.
8.	erfðafjárskattur og gjald af fasteignarsölum .	2,770.	2,770.	5,540.
9.	gjöld fyrir leyfisbrjef og veitingabrjef	800.	800.	1,600.
10.	gjöld af verzlun á Íslandi . . . . 26,860 kr.			
	— — póstgufuskipinu . . . . 1,988 —	28,848.	28,848.	57,696.
11.	gjald af brennivíni og fl. . . . . 40,000 kr.			
	að frádregnum 2% í innheimtulaun 800 —	39,200.	39,200.	78,400.
12.	óvissar tekjur	1,000.	1,000.	2,000.
	samtals	103,738. 3	103,738. 3	207,476. 6

3. grein.

Tekjur af fasteignum landssjóðsins eru taldar 54,452 kr.:

		1876.	1877.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
1.	Afgjöld af umboðs- og klausturjörðunum, fyrir hvort árið . . . . . 35,580 kr.			
	að frádregnum: umboðslaunum, prestmötu, alþingistolli, o. fl. . . . . 10,280 —	25,300.	25,300.	50,600.
	flyt	25,300.	25,300.	50,600.

		1876.	1877.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	flutt	25,300.	25,300.	50,600.
2.	afgjöld af jörðunum Belgsholti og Belgsholtskoti, o. fl.	172.	172.	344.
3.	leigugjöld: 1876. 1877.			
	a. af Lundey . . . . . 134 kr. 134 kr.			
	b. — brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu . . . . 1.530 — 1.710 —	1.664.	1,844.	3,508.
	samtals	27,136.	27,316.	54,452.

4. grein.

Tekjur, er snerta hjálparsjóðinn, eru ætlaðar að nemi 20,958 kr. 40 a.:

				1876.	1877.	alls.
				kr. a.	kr. a.	kr. a.
1.	Leigur af innstæðufje hjálparsjóðsins			2,778.	2,778.	5,556.
2.	leigur af og borgun upp í lán og skyndilán . .			7,440.	7,260.	14,700.
3.	leigur af andvirði seldra jarða			351. 20	351. 20	702. 40
4.	tekjur frá læknasjóðnum eru taldar að nemi árlega hjer um bil	12,500 kr.				
	Af því eru greidd árlega þau útgjöld, sem hjer eru talin:					
	a. til læknakennslunnar í Reykjavík	2,800 kr.				
	b. ferðastyrkur handa læknaefnum samkvæmt konungsúrskurði 21. október 1871, hjer um bil	300 —				
	c. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	800 —				
	d. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri	400 —				
	e. laun ljósmóðurinnar á Vestmannaeyjum	60 —				
	f. þóknun handa 5 settum hjeraðslæknum samkvæmt konungsúrskurði 10. maí 1867, hjer um bil	5,000 —	9.360 —			
	Samkvæmt þessu verður umfram á ári hverju hjer um bil	3,140 kr.,				
	sem þangað til komið verður á annari læknaskipun, skal haft til þess að auka innstæðufje læknasjóðsins, og er því tilfært fyrir innan strykið.					
5.	Tekjurnar af hinum íslenzka styrktarsjóði eru ætlaðar að nemi 1,632 kr. árlega, og verður þeim varið til þess að auka innstæðufje sjóðsins.					
	samtals			10,569. 20	10,389. 20	20,958. 40

5. grein.

Endurgjald lána verður talið 3,057 kr.:

	1876.	1877.	samtals.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. Gjald upp í lán sökum fjárkláðans á Íslandi . .	1,000.	1,000.	2,000.
2. gjald upp í lán til þess að byggja upp aptur kirkju Möðruvallaklausturs	185.	440.	625.
3. gjald upp í lán til þess að byggja kirkju á Eyri .	216.	216.	432.
samtals	1,401.	1,656.	3,057.

6. grein.

Tillag úr ríkissjóðnum, samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. janúar 1871, verður talið 196,024 kr.:

		1876.	1877.	samtals.
		kr.	kr.	kr.
Fast árlegt tillag	60,000 kr.			
aukatillag á ári	40.000 —			
	100,000 kr.			
samkvæmt 6. gr. laganna verður dregið frá	1,988 —	98,012.	98,012.	196,024.
samtals		98,012.	98,012.	196,024.

---

2. kapítuli.

Útgjöld.

7. grein.

Á árunum 1876 og 1877 veitast til útgjalda 481,967 kr. 46 a., sem sje fyrir 1876 240,856 kr. 23 a., og fyrir 1877 241,111 kr. 23 a., samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. grein.

Útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin 26,800 kr., sem sje fyrir 1876 12,400 kr. og fyrir 1877 14,400 kr.

9. grein.

Til kostnaðar við alþingi á árinu 1877 veitast 32,000 kr.

10. grein.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina og fl. veitast 130,244 kr. 40 a., sem sje á árinu 1876 79,328 kr. 86 a., og á árinu 1877 50,915 kr. 54 a.:

	1876.	1877.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			
1. laun embættismanna o. fl.	17,598. 66	18,282.	
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað og fl. . . .	4,000.	4,000.	
3. þóknun fyrir endurskoðun íslenzkra reikninga .	1,600.	1,600.	
	23,198. 66	23,882.	47,080. 66
flyt	. . .	. . .	47,080. 66

		1876.	1877.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	flutt	. . .	. . .	47,080. 66
B. Dómgæzla og lögreglustjórn:				
1. laun embættismanna		16,206. 66	16,440.	
2. til hegningarhússins í Reykjavík		3,588.	3,558.	
3. önnur útgjöld		1,720.	1,720.	
		21,514. 66	21,748.	43,262. 66
C. Ýmisleg útgjöld:	kr. a.			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi .	1,140 .			
2. til þess að gefa út laga-safn fyrir Ísland	1,866. 66			
3. endurgjald handa embættismönnum fyrir það, að þeir verða að borga undir embættisbrjef, hjer um bil .	1,200			
4. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar hjer um bil	286. 88			
5. styrkur til garðaræktar o. fl. . . .	600			
6. — í notum spítalans, sem var fyrrum á Gufunesi	192			
árlega	5,285. 54			
7. til höfuðaðgjörðar á dómkirkjunni í Reykjavík á árinu 1876	29,330	34,615. 54	5,285. 54	39,901. 8
samtals		. . .	. . .	130,244. 40

11. grein.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 38,810 kr. 64 a.:

	1876.	1877.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. laun lækna	17,894. 66	18,715. 98	36,610. 64
2. önnur útgjöld	1,100.	1,100.	2,200.
samtals	18,994. 66	19,815. 98	38,810. 64

12. grein.

Útgjöldin við póststjórnina er ætlazt á að verði 14,800 kr., sem sje fyrir hvort af árunum 1876 og 1877 7,400 kr.:

	1876.	1877.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. laun	3,200.	3,200.	6,400.
2. flutningur pósta	8,600.	8,600.	17,200.
3. önnur útgjöld	1,200.	1,200.	2,400.
4. útgjöld, sem upp á kunna að koma	200.	200.	400.
samtals	13,200.	13,200.	26,400.

en eptir því, sem til telst, má samt ráð fyrir því gjöra, að upp í þetta borgist með tekjum af póstsendingum . . . . . 11,600.

eptir 14,800.

13. grein.

Til kirkju- og kennslumálefna veitast 111,706 kr. 33 a., sem sje fyrir árið 1876 55,724 kr. 83 a., og fyrir árið 1877 55,981 kr. 50 a.

			1876.	1877.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar:					
a) laun			7,932.	8,032.	
b) önnur útgjöld:	kr.	a.			
1. til fátækustu brauða	637	50			
2. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600				
3. til prestsekkna og barna	800				
4. styrkur handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum	1,000				
5. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	800				
	3,837	50	3,837. 50	3 837. 50	
			11,769. 50	11.869. 50	23,639.
B. Kennslumálefni:					
I. til prestaskólans:					
a) laun			10,300.	10,500.	
b) önnur útgjöld:					
1. húsaleiga handa 18 lærisveinum við prestaskólann, 80 kr. handa hverjum,	1,440	kr.			
2. til tímakennslu	200	—			
3. til bókakaupa	300	—			
4. til eldiviðar og ljósa o. fl. . .	200	—			
5. ýmisleg útgjöld	200	—			
	2,340	kr.	2,340.	2,340.	
II. til hins lærða skóla:					
a. laun			12,687. 33	12,844.	
b. 1. til umsjónar	800	kr.			
2. aðstoðarfje	1,600	—			
viðbót eptir kornverði . . .	320	—	2,720.	2,720.	
	1876.	1877.			
c. önnur útgjöld:	kr.	kr.			
1. til bókakaupa	600	600			
2. til eldiviðar og ljósa . . .	1,700	1,700			
3. til skólahússins utanstokks og innan	2,000	1,800			
4. til tímakennslu	1,060	1,060			
5. ölmusur	8,000	8,000			
6. fyrir að semja reikninga skólans	200	200			
flyt	13,560	13,360	28,047. 33	28,404.	23,639

			1876.	1877.	alls.
	kr.	kr.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
flutt	13,560	13,360	28,047. 33	28,404.	23,639.
7. fyrir skrifstörf og útreikninga	200	200			
8. fyrir prestsverk	48	48			
9. þóknun handa lækni . .	100	100			
10. ýmisleg útgjöld	1,600	1,600			
	15,508	15,308	15,508.	15,308.	
			43.555. 33	43,712.	87,267. 33
C. Til stiptsbókasafnsins			400.	400.	800.
samtals			. . .	. . .	111,706. 33

14. grein.

Til eptirlauna og styrktarfjár veitast 40,000 kr.

15. grein.

Til óvissra útgjalda, sem upp á kunna að koma, veitast 20,000 kr. Hjer eru taldar með allt að því 3,000 kr. í þóknun, fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað og fl. handa mönnum í nefnd þeirri, sem á að setja til þess að semja ný skattalög og fl.

16. grein.

Afganginn, sem fyrst um sinn er ætlaður að verði 67,606 kr. 9 a., sem sje fyrir 1876 37,007 kr. 88 a., og fyrir 1877 30,598 kr. 21 a., skal leggja til hjálparsjóðsins.

17. grein.

Ef frumvarp til laga um að greiða skuli aðflutningsgjald af flutningsvörum þeim, sem fluttar eru til Íslands með póstgufuskipinu, frumvarp til laga, sem hafa inni að halda ákvarðanir um laun íslenzkra embættismanna o. fl., og frumvarp til laga um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi o. fl. ná lagagildi á árunum 1876 og 1877, verður að breyta hlutaðeigandi gjaldagreinum í 2., 4., 10., 11. og 13. gr., og sömuleiðis í 16. gr., samkvæmt fyrnefndum lögum.

Athugasemdir

við frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland fyrir árin 1876 og 1877.

Tekjur.

Um 2. gr.

1. Í flestum sýslum eru helztu tekjur sýslumanna, sem þeir taka undir sig í launa stað, tvenn opinber gjöld, skatturinn og gjaftollurinn, og í nokkrum sýslum einnig konungstíundin, gegn því að þeir greiði eptirgjald eptir sýslurnar; er upphæð eptirgjaldsins eptir Þingeyjarsýslu ákveðin með konungsúrskurði 1. maí 1851, eptir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur með konungsúrskurði 11. oktbr. 1871, eptir Ísafjarðarsýslu með fjárlögunum fyrir fjárhagsárið 1852—53, eptir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og Barðastrandarsýslu með konungsúrskurði 4. marz 1871, og eptir hinar sýslurnar með konungsúrskurði 26. septbr. 1838. Samkvæmt þessu eru goldin þau eptirgjöld eptir hverja sýslu um sig, er hjer skal telja:

eptir Húnavatnssýslu	600 kr.
— Rangárvalla —	600 —
— Árnes —	600 —
— Norður-Múla —	560 —
— Skaptafells —	500 —
— Þingeyjar —	500 —
— Mýra- og Borgarfjarðarsýslur .	500 —
— Suður-Múlasýslu	400 —
— Eyjafjarðar —	400 —
— Skagafjarðar —	200 —
— Dala —	160 —
— Ísafjarðar —	120 —
— Snæfellsness- og Hnappadalssýslur	80 —
— Barðastrandarsýslu	40 —
— Kjósar —	40 —
— Stranda —	20 —
	5,320 kr.

2. Samkvæmt konungsúrskurði 28. apríl 1638 er í lögþingisskrifaralaun goldið 1 rd. 66 sk. = 3 kr. 37 a. af hverri sýslu; en sökum þess, að Mýra- og Borgarfjarðarsýslum, Austur- og Vestur-Skaptafellssýslu, og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu áður hefur verið skipt í tvö lögsagnarumdæmi, eru af þeim goldnar 6 kr. 74 a. Síðan að lögþingið var numið af, og settur landsyfirrjettur fyrir Ísland, hafa tekjur þessar runnið í konungssjóð (tilsk. 11. júlí 1800, 5. gr.

3. Í Gullbringusýslu og Reykjavíkur-kaupstað renna manntalsbókargjöldin, þar með talin konungstíundin, í landssjóðinn, að frá dregnum $^1/_6$ parti í umboðslaun handa hlutaðeigandi embættismanni. Hið sama á sjer stað á Vestmannaeyjum, en þar er ekki goldinn gjaftollur, og konungstíundin er þar veitt prestinum samkvæmt konungsúrskurði 26. apríl 1786.

Gjöld þessi hafa í Gullbringusýslu og Reykjavíkurkaupstað áður verið reiknuð eptir verðlaginu á «hörðum fiski». En út af bænarskrá nokkurri frá mönnum í Gullbringusýslu til alþingis 1873, sem vísað var þaðan til landshöfðingja, stakk hann upp á, að þessum gjaldmáta yrði breytt þannig, að gjöldin yrðu greidd eptir meðalalin verðlagsskrárinnar á sama hátt og tíðkast að öðru leyti á Íslandi. Var það í því skyni tekið fram, að gjaldmátinn eptir verðlaginu á hörðum fiski hefði fyrrum verið innleiddur sýslubúum til ljettis, þar sem þeir voru vanir að herða fiskinn, og var því harður fiskur almenn verzlunarvara; seinna hefði þetta breytzt svo, að menn sjaldnara verkuðu harðan fisk, sem við það stje í verði, svo að gjöra má, að tjeður gjaldmáti hækki gjöldin um allt að þriðjungi meira, en ef þau hefðu verið greidd af hendi eptir meðalalin verðlagsskrárinnar, og væri því komið svo, að gjaldmáti þessi, í stað þess að vera sýslubúum þar til ljettis, hefði þá afleiðing, að gjöldin yrðu þeim þungbærari en öðrum landsmönnum. Samkvæmt þessu var það samþykkt með konungsúrskurði 6. nóvbr. 1874, að greiða mætti gjöldin eptirleiðis eptir meðalalin verðlagsskrárinnar.

Að meðaltali um hin 5 reikningsár frá 1869—70 til 1873 hafa manntalsbókargjöldin verið:

af Gullbringusýslu hjer um bil .	1,996 kr.
- Reykjavíkur-kaupstað hjer um bil	268 —
- Vestmannaeyjum ———	2 —
samtals hjer um bil	2,266 —

Samkvæmt fyrnefndum konungsúrskurði eru þau talin hjer $^1/_3$ minni, eða hjer um bil 1,510 kr.

4. Tekjurnar af konungstíundinni eru taldar eptir meðaltali um þau 5 reikningsár frá 1869—70 til 1873, og eptir því hefur af eptirfylgjandi sýslum verið goldin konungstíund hjer um bil á þessa leið:

af Skaptafellssýslu	. . . .	412 kr.
- Rangárvalla —	. . . .	868 —
- Árness —	. . . .	616 —
- Ísafjarðar —	. . . .	580 —
- Norður-Múla—	. . . .	700 —
- Suður-Múla —	. . . .	520 —
- Húnavatns —	. . . .	926 —
- Þingeyjar —	. . . .	776 —
- Skagafjarðar —	. . . .	794 —
- Eyjafjarðar —	. . . .	780 —
		6,972 kr.

Konungstíundin hefur fyrrum í flestum sýslum verið að ljeni ásamt öðrum manntalsbókargjöldum, en eptir því sem sýslumannaskipti hafa orðið, hefur hún verið fengin sýslumönnum til umboðs á þann hátt, að þeir gjalda hana í peningum eptir meðalalin verðlagsskrárinnar, en fá $^1/_6$ part hennar í umboðslaun. Aptur á hinn bóginn er konungstíundin í Barðastrandarsýslu, sem áður hefur verið fengin sýslumanninum þar til umboðs, *og sem ríkissjóðurinn hafði af hjer um bil 400 kr. á ári, fengin sýslumanninum í nefndri* sýslu að ljeni samkvæmt konungsúrskurði 4. marz 1871, til þess að auka laun hans, sem nauðsyn var á.

Tíundin úr þeim 6 sýslum, sem hjer eru fyrst nefndar, svo og einnig úr Barðastrandarsýslu, var áður fyrmeir eign Skálholts-biskupsstóls, og tíundin úr tveim hinum síðast töldu sýslum var lögð hinum lærða skóla, en rennur nú í landssjóðinn, sem útgjöldin við skólann eru greidd úr.

5. Samkvæmt opnu brjefi 7. apríl 1688 er lögmannstollurinn goldinn þannig, að sjerhver bóndi, sem situr á heilli jörðu, greiðir 3 fiska; sje fleirbýli á sömu jörðu, geldur hver ábúandi 2 fiska, en húsmenn og aðrir, sem tíunda eitt hundrað eða meira, gjalda 1 fisk, og er hver fiskur í þessu gjaldi talinn á $2^1/_4$ sk. Sýslumenn heimta saman toll þennan á manntalsþingum, og borga hann síðan inn að frádregnum $^1/_6$ parti, sem þeir hafa í umboðslaun. Þegar landsyfirrjetturinn var settur á Íslandi, var lögmannsembættið lagt niður, og tollur þessi rann eptir það í konungssjóð, því það eru greidd laun dómandanna í landsyfirrjettinum; smbr. tilsk. 11. júlí 1800, 5. gr. Gjald þetta er hjer talið 682 kr., eins og það hefur verið að meðaltali um þau 5 reikningsár 1869—70 til 1873.

Í þessari tekjugrein er einnig talinn lögrjettumannstollurinn, sem fyr fjell til dómsmálasjóðsins íslenzka, en rennur nú í landssjóðinn, eptir að dómsmálasjóðurinn er numinn af með konungsúrskurði 31. oktbr. 1873, eins og skýrt verður nákvæmar frá í athugasemdinni um 4. grein hjer á eptir. Lögrjettumannstollurinn er talinn 272 kr. eins og á reikningsárunum 1874 og 1875.

6. Upphæð sú, sem árlega er jafnað niður til þess að greiða kostnaðinn við alþingi, hefur áður verið talin með tekjum sem endurgjald upp í alþingiskostnað þann, sem greiddur var fyrirfram úr ríkissjóðnum danska, og seinna úr landssjóðnum. Með því kostnaðurinn samt nú sem áður greiðist úr landssjóðnum eins og önnur útgjöld í opinberar þarfir, verður alþingistollurinn eigi lengur skoðaður sem endurgjald af skyndiláni, og hefur

því þótt rjettast að telja hann í þessu frumvarpi með þeim gjöldum, sem beinlínis ganga í landssjóðinn. Alþingistollurinn er hjer talinn 16,000 kr. fyrir hvort árið samkvæmt uppástungu frá landshöfðingjanum.

7. Það hefur virzt að nafnbótaskatturinn yrði ekki talinn meiri en 300 kr. árlega, og verður upphæð þessi enn færð niður, ef fallizt verður á frumvarp það, sem lagt er fyrir alþingi til laga, er hafa inni að halda ákvarðanir um laun íslenzkra embættismanna og fl., þar sem eptir 5. gr. í tjeðum lögum nafnbótaskattur fellur burt, að því leyti er snertir þá embættistign, er enn þá er goldinn skattur af.

8. Erfðafjárskattur og gjald af fasteignarsölum er talið eptir meðaltali um hin 5 reikningsár 1868—69 til 1872—73, en það hefur eigi þótt við eiga, að taka tekjurnar af þessum gjöldum fyrir reikningsárið frá 1. apríl til 31. desbr. 1873 með við útreikninginn, með því tjeð reikningsár að eins nær yfir 3 fjórðunga árs, og gjöld þessi falla eigi alveg til á því tímabili, eins og tekjur þær, sem til færðar eru 3—5 að framan.

9. Upphæðin á þessari tekjugrein er talin eins og á áætlununum um tekjur og útgjöld Íslands á fyrirfarandi árum.

10. Í 6. gr. í lögum 15. apríl 1854 er svo fyrir mælt, að gjalda skuli 2 rd. af hverju lestarrúmi fyrir hvert það skip, sem fær íslenzkt leiðarbrjef, en þar hjá skal samkvæmt 7. gr. nefndra laga og konungsúrskurði 1. apríl 1856, sbr. auglýsing 2. s. m., greiða 2 rd. aukagjald af hverju lestarrúmi útlendra skipa, þegar þau eiga heima í þeim ríkjum, þar sem lögð eru hærri gjöld á dönsk skip eða farma þeirra, en ef þau væru innlend þar. Tekjur þessar hafa eptir meðaltali um þau 5 reikningsár 1868—69 til 1872—73, sbr. athugasemdina um 8., verið 26,860 kr., auk lestagjalds af póstskipinu. Það gjald er hjer talið 1,988 kr., þar skip það, sem nú er haft til póstferðanna, tekur $141\frac{66}{100}$ tons (1 lestarrúm jafnt 2 tons), og ætla má, að það fari 7 ferðir; þess skal samt getið, að með því fram fara skal aðgjörð á skipinu, þegar lokið er af ferðunum á þessu ári, getur það komið fyrir, að nauðsyn verði á, að láta annað skip fara fyrstu ferðirnar á árinu 1876. Að öðru leyti skal þess getið, að upphæð þessa samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. janúar 1871, ber að draga frá tillagi því, sem til Íslands er goldið úr ríkissjóðnum eptir tjeðum lögum, sbr. 6. gr. í frumvarpi þessu.

11. Gjald þetta er fyrir hvort þeirra ára, sem hjer er átt við, talið 40,000 kr., eins og á reikningsárinu 1875, en þar frá ganga 2 af hundraði í innheimtulaun.

12. Með þessum tekjum eru taldar sektir eptir hinum almennu hegningarlögum 25. júní 1869, erfingjalaust fje, gjald af sendifje, tekjur af strönduðu gózi, o. s. frv.; enn fremur hefur þótt rjettast, að telja hjer með tekjur þær, sem áður voru tilfærðar í 2. gr. 14, í áætlununum yfir tekjur og útgjöld Íslands, sem eru: 1 rd. gjald til bókasafns skólans af hverjum þeim, sem útskrifast úr Reykjavíkurskóla, gjöld frá prestum þeim, sem fá betri brauð, o. s. frv.; aptur á móti eru hinar aðrar tekjur í síðast nefndri tekjugrein, sem sje afgjöldin af jörðunum Belgsholti og Belgsholtskoti o. fl., settar í 3. gr. frumvarpsins saman við hinar aðrar tekjur af fasteignum landssjóðsins.

Um 3. gr.

1. Eptir meðaltali um reikningsárin 1869—70 til 1873 hafa tekjurnar af umboðs- og klausturjörðum landssjóðsins verið í allt hjer um bil . . . . . 35,580 kr.

Frá þessu ganga:

1. Laun umboðsmanna, og eru þau $\frac{1}{6}$ partur tekja þeirra, sem þeir heimta í raun og veru, — þó fær umboðsmaður Bjarnaness-umboðs ekki beinlínis borgun í peningum — hjer um bil . . . . . 5,810 kr.

flyt 5,810 — 35,580 —

	flutt	5,810 kr.	35,580 kr.
2.	Prestsmötur, sem goldnar eru af því, að afgjaldið af jörðum þeim, sem liggja undir klausturkirkjurnar, rennur inn í landssjóðinn, en presti ber helmingur af leigunum eptir innstæðu á jörðum þessum, eins og af öðrum jörðum, sem liggja undir bændakirkjur; hjer um bil	2,140 —	
3.	Alþingistollur og ýmisleg önnur útgjöld, hjer um bil . . .	2,100 —	10,050 —
			25,530 kr.

Þessi upphæð kemur niður á umboðin hjer um bil á þessa leið:

á Gullbringu og Kjósarsýslu jarðir	776 kr.
- Kirkjubæjar-klaustur og Flögujarðir	1,936 —
- Þykkvabæjar-klaustur	1,628 —
- Vestmannaeyja jarðir	1,916 —
- Arnarstapa-umboð	3,630 —
- Skógarstrandar-umboð	314 —
- Strandasýslu jarðir	318 —
- Barðastrandar- og Álptafjarðar jarðir	154 —
- Þingeyra-klaustur	3,030 —
- Reynistaðar-klaustur	2,196 —
- Möðruvalla-klaustur	2,872 —
- Munkaþverár-klaustur, vestari hlutann	1,796 —
- — — nyrðri hlutann	1,260 —
- Skriðu-klaustur	1,426 —
- Eyjafjarðarsýslu jarðir	778 —
- Norðursýslu jarðir	316 —
- Reykjadals- og Flateyjar jarðir	668 —
- Suður-Múlasýslu jarðir	258 —
- Bjarnaness-umboð	190 —
- jörðina Feigsdal	68 —
	25,530 kr.

Í þessari grein frumvarpsins eru samt tekjur þessar fyrir hvort af árunum 1876 og 1877 að eins taldar 25,300 kr. eptir tugatölu, með því tekjurnar af Reynistaðar-klaustri eru reiknaðar hjer um bil 240 kr. minni en þær voru tilgreindar að framan; stendur svo á þessu, að stjórnarráðinu hefur borizt bænarskrá, sem landshöfðinginn og stiptsyfirvöldin hafa mælt mjög fram með, þar sem presturinn til Reynistaðarklausturs sækir um, að hinir svo nefndu djáknapeningar, sem fyr meir voru goldnir af klaustrinu, verði lagðir prestakallinu. Tjeð gjald var, eptir að djáknabrauðið var lagt niður á árinu 1782 samkvæmt úrskurði 17. desbr. 1781, ákveðið til launa handa hjeraðslækni, en þegar laun hans voru goldin úr jarðabókarsjóðnum, runnu djáknapeningarnir ásamt með öðrum umboðstekjum í tjeðan sjóð. Með því samt sem áður nauðsyn mun vera til þess, að bæta tekjurnar af Reynistaðarbrauðinu, sem að eins er metið 519 kr. 33 a., — en engin jörð er fengin prestinum til afnota —, hefur stjórnarráðinu fundizt ástæða til, að djáknapeningarnir af Reynistaðar-umboði framvegis verði lagðir Reynistaðar-brauði og taldir 4 hundr. eptir meðalverði verðlagsskrárinnar, eins og ákveðið var með konungsúrskurði 5. apríl 1837 um djáknapeningana af Möðruvalla- og Þingeyra-umboðum, en samkvæmt þeim úrskurði var gjald þetta lagt klausturbrauðunum.

2. Samkvæmt konungsúrskurði 28. júní 1867 hefur verið haft skipti á jörðunni

Bessastöðum fyrir jörðina Belgsholt með Belgsholtskoti í Borgarfjarðarsýslu, og er afgjaldið af þeim jörðum hjer um bil 160 kr. á ári. Enn fremur eru í þessari grein tilfærðar 12 kr., sem er afgjaldið af lóðarpörtum tveimur, sem samkvæmt úrskurði dómsmálastjórnarinnar 15. apríl 1872 eru seldir af túninu við landshöfðingjahúsið með þeim skilmálum, auk annars, að kaupendur greiði nefnt gjald árlega til landssjóðsins (4 kr. af annari lóðinni, og 8 kr. af hinni) á þá leið, að gefinn sje fyrsti veðrjettur til tryggingar gjaldinu í lóð þeirri, sem seld er, og húsum þeim, sem þar verða byggð.

3. Eptir að hinn fyrri leigumáli á Lundey, sem er óbyggð eyja, var á enda í fardögum 1873, er eyja þessi á ný leigð um 5 ár frá nefndu tímabili, fyrir það afgjald á ári, 134 kr., sem hjer er talið.

Brennisteinsnámar þeir í Þingeyjarsýslu, sem eru eign landssjóðsins, eru samkvæmt allrahæstum úrskurði 9. marz 1872 með samningi, dagsettum 13. dag aprílm. s. á., seldir á leigu A. G. Lock frá Lundúnum um 50 ár, frá 1. septbr. 1872. Jafnframt að vísa til leigumálans, sem er prentaður hjer aptan við sem I. fylgiskjal, skal þess getið, að leigan er 50 £ fyrir fyrsta árið, 60 £ fyrir annað árið, 70 £ fyrir þriðja árið, 80 £ fyrir fjórða árið, 90 £ fyrir fimmta árið, 100 £ fyrir sjötta árið og hvert af hinum 44 árum, sem þar eptir fara í hönd, og skal hún goldin fyrir fram 1. marz. og 1. septbr. ár hvert og í hvort skipti helmingurinn. Á árinu 1876 kemur því síðari helmingurinn af leigunni fyrir 4. árið eða 40 £ í gjalddaga 1. marz, og 1. septbr. fyrri helmingurinn af leigunni fyrir 5. árið eða 45 £, samtals 85 £., sem eru talin 1,530 kr. (1 £ á 18 kr.,) og á árinu 1877 síðari helmingurinn af leigunni fyrir 5. árið, 45 £, og fyrri helmingurinn af leigunni fyrir 6. árið, 50 £, samtals 95 £, sem eru talin 1,710 kr.

Athugasemd. Á þessari tekjugrein hefur að undanförnu verið tilfært leigugjald af $^1/_4$ parti þeim af silfurbergsnámanum í Helgustaðafjalli í landareign Helgustaða í Suður-Múlasýslu, sem er eign landssjóðsins. Með því leigumálinn á námanum var á enda 31. desbr. 1872, og Johnstrup háskólakennari, sem árið 1871 rannsakaði námann, hafði látið í ljósi ótta fyrir því, að aðferð sú, er hingað til hafði verið höfð við notkun námans, mundi leiða til þess, að hann eyddist, var það álitið ótiltækilegt, að endurnýja hinn fyrri leigumála, og voru gjörðar ráðstafanir til, að eigandinn af hinum $^3/_4$ pörtunum í námanum eigi bryti úr honum, fyr en búið væri að gjöra nákvæmari samning við stjórnina. Samt sem áður hefur það eigi tekizt, að ná samkomulagi um notkun námans í fjelagsskap, og eigandinn að $^3/_4$ pörtum námans vildi heldur ekki taka námann á leigu með þeim skilmálum, sem væru nægilega tryggjandi fyrir því, að landssjóðurinn biði ekki skaða af; stjórnarráðinu hefur því virzt rjettast, að reyna að selja part landssjóðsins í námanum, og ef til kæmi þann fjórða part í jörðunni Helgustöðum, sem landssjóðurinn sömuleiðis er eigandi að, og skal um þetta ítarlegar vísað til lagafrumvarps þess, sem í því tilliti er lagt fyrir alþingi.

Um 4. gr.

Reikningsyfirlitið yfir tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. apríl til 31. desember 1873 sýndi, að afgangurinn fyrir það ár og hin tvö næst undanförnu ár var alls . . . . . 65,544 rd. $39^1/_2$ sk.

Af þessu fje er varið:

1) til þess að byggja hegningarhúsið í Reykjavík . 7,898 rd. 24 sk.;
en þetta fje er endurgoldið með því að landssjóðurinn hefur fengið jafnmikla upphæð í skuldabrjefum þeim, sem dómsmálasjóðurinn átti, og gáfu af

flyt 7,898 — 24 — 65,544 — $39^1/_2$ —

fluttir	7,898 rd. 24 sk.	65,544 rd. 39½ sk.
sjer 4 af hundraði í leigu á ári, en kostnaðinn við byggingu hegningarhússins átti að greiða úr tjeðum sjóð, samkvæmt tilsk. um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi o. fl., 4. marz 1871, 4. gr. — og		
2) til þess að byggja fangelsi það, er stendur í sambandi við hegningarhúsið	7,406 — 64 —	
Fyrir þessu eru af jafnaðarsjóði suðuramtsins og Reykjavíkur-kaupstað gefin út tvö skuldabrjef, 7. ágúst og 13. septbr. 1873, annað upp á 3,271 rd. 11 sk., og hitt upp á 4,135 rd. 53 sk., og eru goldnir árlega 4 af hundraði í vöxtu og 1/15 partur á ári upp í sjálfa skuldina.		15,304 — 88 —
afgangs		50,239 — 47½ —
Af þessu voru útistandandi tekjur	15,067 rd. 18½ sk.	
en frá því ganga ógreidd útgjöld	2,256 — 71 —	12,810 — 43½ —
var því afgangurinn í peningum		37,429 rd. 4 sk.
breytt í krónumynt, hjer um bil		74,858 kr. 8 a.

Af því fje er varið til þess að kaupa ríkisskuldabrjef upp á 50,000 kr., með tilheyrandi leigum, 4 af hundraði, sem rituð eru í innskriptarbók fjárhagsstjórnarinnar . . . . . 46,951 — 39 -
en afganginn, sem er . . . . . 27,906 — 69 -
þykir nauðsynlegt að hafa í reiðu-peningum í jarðabókarsjóðnum til þess að greiða útgjöld, sem upp á kunna að koma.

Fyrir árið 1874 er ætlazt á að um fram verði hjer um bil 24,000 rd., en um það er samt eigi til nú sem stendur neinn endilegur reikningur, með því reikningsyfirlitið fyrir þetta ár eigi hefur orðið samið, áður en þetta frumvarp var búið til, þar sem reikningarnir frá gjaldheimtumönnum eigi eru komnir. Eptir áætluninni er samt svo ráð fyrir gjört, að fje þetta gangi til lána handa amtsjafnaðarsjóðunum, til að greiða kostnaðinn við byggingu fangelsa í hlutaðeigandi ömtum, samkvæmt fyrnefndri tilsk. 4. marz 5. gr., og er ætlazt á, að þessi útgjöld verði hjer um bil 26,745 rd.

Þess skal hjer getið, að haldið var, er frumvarp þetta var samið, að eigi yrði tekið tillit til afgangs þess, sem kynni að til falla fyrir árin 1875 og 1876, við útreikning þeirra tekja, sem gjört er ráð fyrir af hjálparsjóðnum á árunum 1876 og 1877, þótt það sje vitaskuld, að sett verði á vöxtu svo mikið af því fje, er umfram kann að verða, sem þykir mega taka úr jarðabókarsjóðnum eptir þeim reikningum, sem gjörðir verða fyrir hlutaðeigandi ár; og er því samkvæmt þessu tilfært sem ávaxtafje fyrir hjálparsjóðinn í þessari grein.

1. a. fyrnefnd skuldabrjef upp á 50,000 kr., og er fyrir þau ásamt með innskriptarskýrteini því, sem hjálparsjóðurinn átti á undan, C. fol. 1211, upp á 600 rd., fengið innskriptarskýrteinið G. fol. 70, upp á 51,200 kr., sem gefa í vöxtu á ári 2,048 kr.

Að því leyti, er snertir fyrnefnt innskriptarskýrteini, C. fol. 1211, upp á 600 rd., skal þess getið, að tvö skuldabrjef, annað upp á 500 rd., og hitt 109 rd. 42 sk., sem heyrðu til eigna fyrverandi Hólastiptis, höfðu verið fengin hinum almenna skólasjóð, sem liggur undir kirkju- og kennslu-

flyt 2,048 —

fluttar 2,048 kr.

stjórnina, að veði fyrir skyndiláuum nokkrum, sem höfðu verið veitt hinum lærða skóla á Íslandi á árunum 1844—48, en leigunum af skuldabrjefum þessum hafði árlega verið varið til endurgjalds upp í tjeð skyndilán. Þá er lán þetta samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. janúar 1871, 5. gr., var gefið Íslandi eptir, var skuldabrjefunum skilað aptur, og er fyrir þau fengið fyrnefnt innskriptarskýrteini, en það, sem umfram var, 9 rd. 42 sk., var borgað í landssjóðinn.

Enn fremur eru hjer talin:

b. skuldabrjef einstakra manna, sem frá dómsmálasjóðnum íslenzka eru flutt yfir á landssjóðinn, samtals upp á 9,175 rd., með vöxtum, sem eru á ári hjer um bil . . . . . 730 —

Um þessa grein skal þess getið, að þar sem það hafði sýnt sig, að dómsmálasjóðurinn íslenzki eigi hafði nægar tekjur til þess að greiða hin árlegu útgjöld, sem á honum hvíldu, eptir að búið var að borga úr honum útgjöldin við byggingu hegningarhússins, samkvæmt fyrnefndri tilskipun 4. marz 1871, 4. gr., að upphæð 7,898 rd. 24 sk., á þann hátt og sagt var, var það samþykkt með allrahæstum úrskurði 31. oktbr. 1873, að dómsmálasjóðurinn yrði framvegis tekinn af sem sjóður út af fyrir sig, og lagður saman við landssjóðinn, þannig að tekjur hans rynnu í landssjóðinn, en úr honum skyldi svo greiða útgjöld þau, sem hvíldu á dómsmálasjóðnum. Samkvæmt þessu voru skuldabrjef þau, sem dómsmálasjóðurinn átti eptir, afsöluð landssjóðnum, auk þeirra 7,898 rd. 24. sk. í skuldabrjefum, sem getið var að framan, þannig að honum eru taldir alls fyrnefndir 9,175 rd.

Auk vaxta af fyrnefndum skuldabrjefum rann hinn svo nefndi lögrjettumannstollur í dómsmálasjóðinn, en gengur nú samkvæmt því, sem sagt er, til landssjóðsins, eptir að dómsmálasjóðurinn er numinn af, og er talinn með tekjum í 2. gr., 5. Enn fremur voru dómsmálasjóðnum lagðar eptirfylgjandi tekjur:

1. gjöld embættismanna, sem nýskipaðir eru í embætti, samkvæmt tilsk. viðvíkjandi dómsmálasjóðnum 16. nóvembr. 1764, 10. gr.
2. ýmsar sektir út af málaferlum, samkvæmt 12. og 15. gr. í tjeðri tilskipun, og
3. tekjur af hvalreka á sjálfseignarjörðum, sbr. konungsbrjef 25. júlí 1808, kanselíbrjef 2. septbr. 1820, úrskurð 29. apríl 1850 og opið brjef 2. apríl 1853, 1. gr.

Tekjur þessar, sem að eins nema mjög litlu, er rjettast að taka í 2. gr, 12. «óvissar tekjur».

Dómsmálasjóðurinn átti þar að auki hið svo nefnda yfirrjettarhús, en það var þegar búið að gjöra ráðstafanir til þess, að kaupa það fyrir hönd landssjóðsins til afnota fyrir prestaskólann o. fl., eptir að búið var að koma landsyfirrjettinum fyrir í hinni nýju hegningarhússbyggingu.

Að því leyti, er snertir útgjöld þau, sem áður hvíldu á dómsmálasjóðnum, skal vísað til 10. gr. B. 3.

2,778 kr.

eða fyrir bæði árin 1876 og 1877, 5,556 kr.

2. Sem vaxtafje, er smámsaman verður borgað upp í, svo innstæðan fer minnkandi, er hjer talið:

a. fyrnefnd skuldabrjef, sem gefin eru út 15. septbr. og 7. ágúst 1873, fyrir hönd Reykjavíkur kaupstaðar og jafnaðarsjóðs suðuramtsins, og sem upphaflega voru 4,135 rd. 53 sk. og 3,271 rd. 11 sk., samtals 7,406 rd. 64 sk.; verður af þeim í vöxtu og sem endurgjald goldið:

á árinu 1876 hjer um bil	1,500 kr.	
- — 1877 — — —	1,460 —	2,960 kr.

b. lán þau, sem áður var getið um, til byggingar hinna fangelsanna:

til fangelsis á Vestmannaeyjum, hjer um bil	620 rd.	
til fangelsanna á Stykkishólmi og Ísafirði	9,690 —	
til fangelsanna á Akureyri, Húsavík og Eskifirði	16,435 —	
samtals hjer um bil . .	26,745 rd.	

Af þessu á kaupstaðurinn Akureyri að greiða 500 rd., en hitt skal endurgoldið af hlutaðeigandi amtsjafnaðarsjóðum, þannig að goldnir sjeu í vöxtu 4 af hundraði á ári og upp í skuldina $^1/_{15}$ partur árlega. Byggingu flestra fangelsanna er þegar lokið, og má þess vænta, að þeim verði öllum skilað á þessu ári, svo að byrjað verði að borga vöxtu og endurgjöld á árinu 1876.

Samkvæmt þessu er hjer talið, að vextir og endurgjöld verði:

á árinu 1876 hjer um bil	5,700 kr.	
á árinu 1877 hjer um bil	5,560 —	11,260 kr.

c. lán, sem veitt var Reykjavíkurkaupstað 15. janúar 1875 til aðgjörðar á hinum svo nefnda Austurvelli og til þess að stækka aðalgötu kaupstaðarins. Stjórnarráðið hefur til þessa augnamiðs lofað Reykjavíkurkaupstað láni upp á 10,000 kr. alls, með þeim skilmálum, að í næstu 28 ár frá 11. júní 1875 verði borgaðir 6 af hundraði á ári af hinni upphaflegu upphæð lánsins, bæði sem vextir af því og upp í sjálfa innstæðuna; en af þessu láni hefur kaupstaðurinn samt óskað að fá útborgaðar að eins 4,000 kr. fyrst um sinn, og eru hjer af þeim til færðir 6 af hundraði á ári eða 240 kr., sem er fyrir bæði árin . . . 480 —

samtals fyrir 1876 og 1877 . . . 14,700 —

3. Í þessari grein hefur þótt rjettast að tilfæra vöxtu af andvirði því, sem inni stendur í jörðinni Laugarnesi og í laxveiðinni í Elliðaánum, sem á hinum fyrri áætlunum hafa verið færðir til í 2. gr. 12; hefur þar einnig verið tilfært endurgjald upp í andvirðis-eptirstöðvar þessar, en með því eigi er áskilinn nein árleg borgun í skuldabrjefunum, og slík borgun að eins einstöku sinnum hefur verið goldin, er hjer ekki talið eptir neinum tekjum í því skyni.

Óborgað andvirði fyrir laxveiðina í Elliðaánum er 800 rd., og eru vextir af því 4 af hundraði	64 kr.
Óborgað andvirði fyrir Laugarnes er 3,590 rd., vextir af því á ári, 4 af hundraði	287 — 20 a.
	351 kr. 20 a.

eða fyrir bæði árin 1876 og 1877 702 kr. 40 a.

Að því leyti, sem alþingi 1873 hefur mælzt til, að andvirðis-eptirstöðvum þessum yrði sagt upp, þar sem þingið var á þeirri skoðun, að verja mætti fje þessu á annan hátt, svo að landssjóðurinn hefði meiri hag af, og að því, er sjerstaklega snertir Laugarnes,

ljet í ljósi ótta fyrir því, að eign þessi, áður en mjög langt liði, naumast mundi vera nægilegt veð fyrir því af andvirðinu, sem stendur í eigninni, og er 3,590 rd., skal þess getið, að þá er tjeð laxveiði og jörðin Laugarnes var seld samkvæmt konungsúrskurði, var kaupendum gefið loforð fyrir því, að $^2/_3$ partar af andvirðinu mættu standa í eigninni með fyrsta veðsetningarrjetti, og með því móti, að goldnir væru af því 4 af hundraði á ári, en $^1/_3$ part skyldi greiða út í hönd, og þykir því eigi næg ástæða til að segja upp tjeðum eptirstöðvum, á meðan veðið fyrir þeim er eins og samið er um, og skuldunautar að öðru leyti uppfylla það, sem þeir hafa gengizt undir. Að því leyti er sjerstaklega snertir Laugarnes, var eign þessi við síðustu virðingargjörð árið 1873 virt 5,500 rd., sem er jafnmikið og kaupverðið var upphaflega. Með því nú $^2/_3$ partar af þessari upphæð eru meira en það, sem eptir er af andvirðinu, virðist eignin nú sem stendur að vera nægilegt veð fyrir tjeðum andvirðis-eptirstöðvum samkvæmt samningum og eptir lögum.

4. Samkvæmt ósk þeirri, sem alþingi áður hefur látið í ljósi, hefur stjórnarráðinu þótt ástæða til að taka upp í fjárlagafrumvarpið hinn svo nefnda læknasjóð. Hinar árlegu tekjur sjóðsins eru taldar:

a.	vextir af innstæðufje sjóðsins, sem samkvæmt skýrslu landshöfðingjans 31. desbr. 1873 var 70,276 rd. 13 sk., eru taldir hjer um bil	5,600 kr.
b.	tekjur af fasteignum sjóðsins hjer um bil	900 —
c.	spítalagjald eptir tilskipun 12. febrúar 1872 er talið hjer um bil . . hjer skal samt geta þess, að með því tilskipun þessi að eins hefur verið í gildi um svo stuttan tíma, þá verður eigi talið til með vissu, hvað mikið tjeð gjald af fiskiafla muni verða.	6,000 —
		12,500 kr.

Af þessu er stungið upp á, samkvæmt þeim reglum, sem nú gilda, að greiða skuli eptirfylgjandi útgjöld á ári hverju:

a.	til læknakennslunnar í Reykjavík . . . . . eru útgjöld þessi ákveðin með allrahæstum úrskurði 3. ágúst 1868, smbr. konunglega auglýsingu til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1867, 7. júlí 1869, II. 5.	2,800 kr.	
b.	ferðastyrkur handa læknaefnum, sem tekið hafa próf á Íslandi, og sem samkvæmt allrahæstum úrskurði 21. oktbr. 1871, smbr. auglýsingu dómsmálastjórnarinnar 31. s. m., njóta kennslu í yfirsetufræði á hinni konunglegu fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn, er talinn hjer um bil	300 —	
c.	styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	800 —	
d.	styrkur til sjúkrahússins á Akureyri	400 —	
e.	laun ljósmóðurinnar á Vestmannaeyjum samkvæmt opnu brjefi 24. marz 1863	60 —	
f.	þóknun handa 5 settum hjeraðslæknum samkvæmt allrahæstum úrskurði 10. maí 1867, smbr. konunglega auglýsingu til alþingis 31. maí 1867 II. 3., hjer um bil	5,000 —	
			9,360 —
	Samkvæmt þessu verður afgangs hjer um bil		3,140 —

Það er samt sem áður vitaskuld, að afgangurinn á hverju ári verður eigi fyrst um sinn lagður saman við hinar almennu tekjur landssjóðsins, en að honum verði varið til þess að auka innstæðufje læknasjóðsins, þangað til önnur læknaskipun er komin á

(smbr. frumvarp það, sem lagt er fyrir alþingi um það málefni), þannig að landssjóðurinn taki að sjer laun lækna á landinu. En þegar þessi breyting kemst á, verður afgangurinn, er þá eykst um þær 5,000 kr., sem tilfærðar voru í stafliðnum f., talinn með öðrum tekjum hjálparsjóðsins.

Um útgjaldagreinirnar c. og d. skal þess getið, sem hjer segir.

Með allrahæstum úrskurði 26. febrúar 1866 var fjelagi því, sem stofnað var til þess að koma upp sjúkrahúsi í Reykjavík, veitt bæði 1,000 rd. lán af læknasjóðnum, leigulaust í 5 ár frá 11. júní 1867, sem eigi yrði sagt upp af hálfu lánardrottins, með því móti að byggingar fjelagsins skyldu vera að veði fyrir láninu, og að greiða skyldi í leigu af því 4 af hundraði á ári, þegar þau 5 ár væru liðin; og enn fremur 400 rd. styrkur á ári um 5 ár frá 6. oktbr. 1866, er á þeim degi var byrjað að nota sjúkrahúsið.

Er hin 5 ár voru á enda, sótti stjórn sjúkrahússins um, að því yrði veittur stöðugur styrkur, eða að minnsta kosti styrkur um 5 ár, upp á 500 rd. frá 1. janúar 1872, og að sjúkrahúsið mætti vera laust við að gjalda vöxtu af fyrnefndum 1,000 rd. í önnur 5 ár frá 11. júní 1872. Þá er stiptsyfirvöldin sendu stjórnarráðinu bænarskrána, tóku þau fram, að sjúkrahúsið hefði gjört mjög mikið gagn á þeim tíma, er það hefði verið notað, er það eigi að eins væri til gagns fyrir Reykjavík og nágrenni bæjarins, en yrði einnig notað af öðrum pörtum landsins og útlendum sjómönnum; svo hefði og læknakennsla sú, sem stofnuð væri í Reykjavík á kostnað sjóðsins, kauplaust húsnæði í sjúkrahúsinu, enda væri það til mikils gagns fyrir sjálfa kennsluna að sjúkrahúsið væri til. Þótt aðsóknin til sjúkrahússins væri að tiltölu allmikil og færi stöðugt í vöxt, yxu tekjur þess samt eigi að því skapi, þar sem það hefði þótt nauðsynlegt, að setja borgunina fyrir veru á sjúkrahúsinu nokkuð lágt (48 sk. fyrir dag á samverustofu, og 72 sk. á herbergi út af fyrir sig, auk borgunar fyrir læknismeðul, ljós, eldivið og aðhjúkrun á sjúklingum um nætur), og var því álitið, að útgjöld sjúkrahússins, einkanlega á þeim tíma, sem í hönd færi, yrðu meiri en tekjurnar, með því þörf yrði á að stækka húsin með ýmsu móti og útvega fleiri áhöld og fl. Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna var þess vegna með allrahæstum úrskurði 8. janúar 1872 framvegis veittur sjúkrahúsinu í Reykjavík 400 rd. styrkur á ári um 5 ár frá 6. oktbr. 1871, og undanþága frá því, að greiða vöxtu af fyrnefndu láni upp á 1,000 rd., sömuleiðis fyrir 5 ár, frá 11. júní 1872, og er nú hjer stungið upp á, að tjeður styrkur upp á 800 kr. framvegis verði veittur sjúkrahúsinu fyrir árið 1877.

Eptir að stórkaupmaður F. Gudmann í Kaupmannahöfn hafði gefið Akureyrarkaupstað sjúkrahús með 8 rúmum og öllum áhöldum, sem með þurfti, sótti stjórn sjúkrahúss þessa um, að fá árlegan styrk upp á 300 eða 400 rd. úr læknasjóðnum, og áleit bæjarstjórnin, að þörf væri á þessu fje, til þess að sjúkrahúsið yrði notað, þar sem gjöra mætti ráð fyrir því, að borgun fyrir sjúklinga, sem var ákveðið að skyldi vera 72 sk. á dag, gengi til viðurværis þeirra og til lækningalyfja og fl., og yrði þá ekkert til launa handa forstöðumanninum og lækninum, og til kostnaðar við viðurhald sjúkrahússins. Hlutaðeigandi amtmaður mælti fram með bænarskránni, og tók hann fram, að með stofnun sjúkrahúss þessa væri ráðin bót á tilfinnanlegri þröng, og að læknasjóðurinn hefði miklar tekjur af þeim hluta landsins, sem mundi hafa gagn af sjúkrahúsinu. Um leið og landshöfðingi sendi stjórnarráðinu bænarskrá þessa, gat hann þess, að gild ástæða væri að vísu til, að veita sjúkrahúsinu styrk úr læknasjóðnum, með því það varla mundi geta gjört neitt verulegt gagn án aðstoðar af hálfu þess opinbera, en þó yrði með tilliti til þeirra ákvarðana, sem framvegis

kynnu að verða teknar um læknasjóðinn, að álíta það rjettast, að takmarka styrkinn fyrst um sinn við 2 ára tíma, eins og hann líka hjelt, að heldur ekki ætti að veita sjúkrahúsinu meira en helminginn af fyrnefndri upphæð, sem með þyrfti til notkunar sjúkrahússins, og byggði landshöfðingi það á því, að menn í nágrenninu, sem það lægi næst, að styðja málið, mundu veita því aðstoð sína. Samkvæmt þessu var það samþykkt með allrahæstum úrskurði 8. ágúst 1874, að veita mætti tjeðu sjúkrahúsi styrk úr læknasjóðnum fyrir árin 1874 og 1875, sem samsvaraði helmingnum af þeim kostnaði, er árlega gengi til notkunar þess, samkvæmt þeim reikningi, sem stjórn sjúkrahússins semdi árlega og sendi stiptsyfirvöldunum, er þó ekki mætti fara fram úr 200 rd. á ári, og þar eð stjórnarráðið verður að vera á því máli, að ástæða sje til að styrkja sjúkrahúsið á sama hátt framvegis, er ætlazt til, að allt að því 400 kr. á ári verði varið til þessa úr læknasjóðnum á árunum 1876 og 1877.

5. Í þessa tekjugrein er sömuleiðis samkvæmt ósk alþingis tekinn hinn svo nefndi «íslenzki styrktarsjóður», en samt á þá leið, að tekjur hans samkvæmt allrahæstum úrskurði 25. júlí 1844 framvegis verði lagðar við innstæðuna, þangað til ákveðið verður með fjárlögunum, að þeim verði varið á þann hátt, sem samkvæmur er augnamiði sjóðsins.

Af reikningsyfirliti því yfir tekjur og útgjöld sjóðs þessa á fjárhagsárinu 1874—75, sem er bætt hjer aptan við sem II. fylgiskjali, má sjá, að innstæða sjóðsins nú er 36,000 kr., og er fyrir þessa upphæð fengið innskriptarskýrteini G. fol. 66; vextir af því, 4 af hundraði, verða 1,440 kr. Við þetta bætast skuldir, sem sjóðurinn á hjá sveitum nokkrum á Íslandi, sem hafa fengið lán úr sjóðnum, til þess að af stýra þar hungursneyð, eins og hjer skal skýrt frá:

1. lán handa ýmsum sveitum í Snæfellsnessýslu, sem var upphaflega 2,781 rd. og 31. desbr. 1873 komið ofan í . . . . . 2,411 rd. 89 sk.
2. lán handa sveitum í Skagafjarðarsýslu, sem var veitt veturinn 1867 og var upphaflega 4,135 rd. 16 sk.; samkvæmt konungsúrskurði 24. desbr. 1867 átti að geiða í vöxtu 4 af hundraði á ári, og $^1/_7$ part á ári upp í skuldina næstu 7 ár frá 1. apríl 1868. Skuldin var samkvæmt jarðabókarsjóðsreikningnum fyrir reikningsárið 1873 31. desbr. s. á. komin ofan í . . . . . 786 — 70 —
3. lán handa sveitum í Eyjafjarðarsýslu, sem var veitt veturinn 1867 með sömu kjörum og lánið handa Skagafjarðarsýslu; var það upphaflega 2,466 rd. 64 sk., og samkvæmt tjeðum jarðabókarsjóðsreikningi 31. desbr. 1873 komið ofan í . . . . . 559 — 45 —
   en af þeirri upphæð á «Jóns Sigurðssonar sjóðurinn» að borga 38 rd. 10 sk. fyrir korn, sem út þýtt var á kostnað tjeðs sjóðs til fátæklinga í nefndri sýslu.
4. lán handa sveitum í Austur-Skaptafellssýslu, sem var veitt veturinn 1869, og var upphaflega 208 rd. 34 sk.; samkvæmt úrskurði dómsmálastjórnarinnar 29. septbr. 1869 átti að greiða í vöxtu 4 af hundraði, og borga lánið aptur á 5 árum; samkvæmt fyrnefndum jarðabókarsjóðsreikningi var það 31. desbr. 1873 komið ofan í . 16 — 84 —

   alls 3,775 — » —

en samkvæmt skýrslum þeim, sem stjórnarráðið hefur, er samt á árinu 1874 borgað upp í tjeða upphæð 1065 rd. 35 sk.

Þar sem vænta má, að lán þau, sem nefnd eru í 2.—4. lið, verði endurgoldin að

minnsta kosti að mestu leyti, innan reikningsársins 1876, er aptur á móti láni því, sem veitt er sveitum í Snæfellsnessýslu, óðruvísi varið. Lán þetta, sem var veitt veturinn 1861—62, var upphaflega 309 tunnur af rúgi, sem voru fengnar sveitunum fyrir 9 rd. hver tunna, alls fyrir 2,781 rd.; af þessu fje átti samkvæmt allrahæstum úrskurði 23. jan. 1862 að greiða í vöxtu 4 af hundraði, og borga upp í skuldina $^1/_7$ part árlega í næstu 7 ár. Sú raun varð samt á, að nokkrar af sveitum þeim, sem fengið höfðu hlut af tjeðu kornláni, gátu eigi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett voru viðvíkjandi leigu af láninu og borgun upp í það, og var því með allrahæstum úrskurði 3. ágúst 1868 veitt þessum 5 sveitum: Staðarsveit, Eyrarsveit, Breiðavíkurhrepp, Neshrepp innan Ennis og Neshrepp utan Ennis, undanþága í 3 ár frá að greiða vöxtu af láni því, sem þeim hafði verið veitt, og endurgjald upp í það, og með því svo mikil neyð vegna veikinda og aflaleysis enn eptir það þrengdi að sveitum þessum, að sveitarbúar að eins með því að leita á náðir annara gátu af stýrt hungursneyð, sóttu þeir árið 1873 um, að þeim yrði alveg gefin eptir skuldin til styrktarsjóðsins. Eins og amtmaðurinn yfir vesturumdæminu út af þessari bænarskrá gat þess, að sem stæði væri engar líkur til þess, að hlutaðeigandi sveitir, meðan svo væri á statt, sem þá var, gætu borgað skuld sína, þannig áleit einnig landshöfðinginn það ógjörandi sökum efnaleysis hreppanna, að heimta, að þeim skilyrðum væri fullnægt, sem lánið var bundið við, og stakk hann þá upp á, að þeim yrði veitt nokkur tilslökun í því tilliti, þótt hann eigi sem stæði þyrði að mæla fram með því, að þeim yrði alveg gefin upp skuldin. Sökum þessa var með allrahæstum úrskurði 24. janúar 1874 veitt fyrnefndum 5 hreppum undanþága í 2 ár, frá 1. janúar 1874, að borga endurgjald upp í kornlán það, sem þeim var veitt, með því móti að þeir greiddu hina ákveðnu vöxtu, 4 af hundraði, af skuldinni, og er nú hjer stungið upp á, að hin sama tilslökun framvegis verði veitt sveitum þessum fyrir árin 1876 og 1877.

Skuldin, sem eins og getið er, 31. desbr. 1873 var alls 2,411 rd. 89 sk., kemur niður á fyrnefndar sveitir á þann hátt, sem hjer skal skýrt frá:

		rd.	sk.
á Staðarsveit, innstæðuskuld	270 rd. » sk.		
leiguskuld	89 — 53 —		
		359	53
á Eyrarsveit, innstæðuskuld	440 — 44 —		
leiguskuld	138 — 6 —		
		578	50
á Breiðavíkurhrepp, innstæðuskuld	192 — 37 —		
leiguskuld	51 — 65 —		
		244	6
á Neshrepp innan Ennis, innstæðuskuld	423 — » —		
leiguskuld	135 — 70 —		
		558	70
á Neshrepp utan Ennis, innstæðuskuld	450 — » —		
leiguskuld	181 — 62 —		
		631	62
Hjer við hætast leigur, sem Helgafellssveit er í skuld um		39	40

Samkvæmt því sem sagt er, teljast með tekjum styrktarsjóðsins á árunum 1876 og 1877 hvoru um sig:

vextir af innskriptarskýrteini G. fol. 66, upp á 36,000 kr.	1,440 kr.	
— - 2,411 rd. 89 sk., hjer um bil	192 —	
	1,632 —	

Um 5. gr.

1. Með aukafjárlögum fyrir fjárhagsárið 1858—59 var suðuramtinu veitt leigulaust lán upp á 6000 rd., til þess að greiða kostnað þann, sem reis af fjárkláðanum á Íslandi; skyldi borga upp í lánið $^1/_{12}$ part á ári í 12 ár samfleytt, frá 1. janúar 1864. Með fjárlögunum fyrir 1867—68 var það samt veitt, að fresta mætti þeim tíma, er byrja skyldi að borga upp í lánið, frá 1. janúar 1864 til 1. janúar 1866. Upphæðir þær, sem hjer eru taldar, eru að því leyti, er snertir árið 1876, síðasti $^1/_4$ parturinn af 10. árs-endurgjaldinu og $^3/_4$ partar af 11. árs-endurgjaldinu, og að því leyti, er snertir árið 1877, síðasti $^1/_4$ parturinn af síðast nefndu árs-endurgjaldi og $^3/_4$ partar af 12. árs-endurgjaldinu, og skal þess getið, að á reikningsárinu 1873, sem að eins náði yfir 3 ársfjórðunga, voru einungis goldnir $^3/_4$ partar fyrir 8. árið; skuldin var 31. desbr. 1873 2,125 rd.

2. Með fjárlögunum fyrir 1867—68 og aukafjárlögum fyrir 1869—70 var veitt leigulaust lán upp á 2,579 rd. 38 sk., til þess að byggja upp aptur Möðruvallakirkju, sem brann vorið 1865, með þeim skilmálum, að hinar venjulegu tekjur kirkjunnar, að frá dregnum kostnaðinum, hjer um bil 220 rd. á ári, skyldu ásamt með því, sem borgað yrði upp í skuld nokkra 640 rd., sem kirkjan átti, og í vöxtu af skuldinni, jafnóðum og það kæmi í gjalddaga, goldið í ríkissjóðinn, þangað til skuldin væri borguð. Af skuldinni stóð eptir 31. marz 1874 1,740 rd. 83 sk. Tekjur kirkjunnar, að frá dregnum kostnaði, eru fyrir árið 1876 að eins taldar 185 kr., þar sem stungið er upp á, að verja megi 255 kr. af tekjum kirkjunnar sem styrk til þess að kaupa organ handa henni og greiða kostnaðinn við að láta kenna manni að leika á organið. Þessu máli er svo varið, að stjórnarráðinu hefur borizt bænarskrá, sem landshöfðingi mælir fram með, þar sem presturinn til Möðruvallaklausturs sækir um styrk þennan til tjeðs augnamiðs, og stjórnarráðinu hefur því fremur þótt ástæða til, samkvæmt uppástungu landshöfðingja, að tjeð upphæð yrði veitt af tekjum kirkjunnar, sem söfnuðurinn hefur sýnt, að honum væri annt um, að koma þessu fram, með því að leggja til jafnmikið fje til sama augnamiðs, enda er, eins og presturinn hefur skýrt frá, mjög mikil þörf á, að bæta messusönginn í tjeðum söfnuði.

3. Með fjárlögum fyrir 1861—62 og fjáraukalögum fyrir 1862—63 var veitt 1,800rd. lán til þess að byggja kirkju á Eyri í Ísafjarðarsýslu, með því móti að skuldin skyldi hvíla á brauðinu, og greiddir yrðu 6 af hundraði á ári í næstu 28 ár samfleytt bæði sem vextir af láninu og endurgjald upp í það; í tilefni af þessu eru hjer til færðar 216 kr. fyrir hvort árið 1876 og 1877.

Um 6. gr.

Með tilliti til þessarar tekjugreinar skal vísað til laga um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. janúar 1871, 5. gr. Eins og getið var að framan um 2. gr. 10. lið, er þar að auki samkvæmt 6. gr. laganna dregið frá tillagi ríkissjóðsins danska til Íslands það, sem goldið er í lestagjald af póstgufuskipinu. Með því nú árlega flytjast til Íslands hjer um bil 300 lestir af flutningsvöru, án þess að af flutningi þessum, sem að mestu leyti er verzlunarvara, sje goldið gjald það, sem fólgið er í lestagjaldi af skipum, og venjulega lendir á verzlunarvörum, verður að játa, að ósanngjarn mismunur sje á kjörum verzlunarmanna, eptir því hvort þeir geta sent vörur með póstskipinu eða ekki, enda bíður landssjóðurinn af þessu árlegan skaða. Til þess að ráða bót á þessu, hefur stjórnarráðið í hyggju að reyna til að koma á gjaldi, sem sje 5 af hundraði af flutningskaupinu fyrir flutningsvörur þær, sem flytjast til Íslands með póstgufuskipinu, og skal um það ítarlegar vísað til lagafrumvarps þess, sem lagt er fyrir alþingi um það efni.

2. Kapítuli.

Útgjöld.

Um 8. gr.

Eptir stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, 5. janúar 1874, 25. gr., skulu útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, eins og þau verða ákveðin af konungi, greiðast fyrirfram af tillaginu úr ríkissjóðnum danska til Íslands. Samkvæmt þessu er eptir allrahæstum úrskurði 29. júní 1872 tilfært handa landshöfðingja á ári:

í laun	8,000 kr.
í borðfje	2,000 —
í endurgjald fyrir skrifstofukostnað	2,400 —
	12,400 —

Að öðru leyti skal í þessu tilliti geta þess, að eins og eigi mun verða gjörð nein breyting á þessari upphæð, á meðan landshöfðingi sá, sem nú er, er við, þannig er heldur ekki haft í hyggju, að gjöra neina breytingu á þessu framvegis, án þess að alþingi verði gefið tækifæri á, að láta uppi álit sitt um það.

Til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1877 eru ætlaðar 2,000 kr.

Þar að auki hefur landshöfðingi híbýli kauplaust og afnot af jörð þeirri, sem er lögð embættinu.

Um 9. gr.

Samkvæmt uppástungu landshöfðingja eru til kostnaðar við alþingi 1877 taldar 32,000 kr.

Um 10. gr.

A. 1. Þessi grein liðast í sundur á þessa leið:

	1876. kr. a.	1877. kr. a.	Alls. kr. a.
amtmaðurinn yfir suður- og vesturumdæminu, skipaður í þetta embætti 29. júní 1872, þannig að embættisaldur hans sje talinn frá því, er hann var skipaður í vesturumdæmið 10. ágúst 1866.			
1876. 1877.			
laun . . . . . 5,333 kr. 33 a. 5,600 kr.			
húsaleigustyrkur . . . . 600 — » - 600 —			
5,933 kr. 33 a. 6,200 kr.	5,933. 33	6,200.	12,133. 33
amtmaðurinn yfir norður- og austur-umdæminu, skipaður í það embætti 13. apríl 1871, frá 6. júní s. á.			
1876. 1877.			
laun . . . . . 4,200 kr. 4,400 kr			
húsaleigustyrkur . . . . 600 — 600 —			
launaviðbót . . . . . 432 — 432 —			
5,232 kr. 5,432 kr.	5,232.	5,432.	10,664.
landfógetinn á Íslandi, skipaður 18. febrúar 1861:			
1876. 1877.			
laun . . . . . 4,333 kr. 33 a. 4,400 kr.			
húsaleigustyrkur . . . . 300 — » - 300 —			
4,633 kr. 33 a. 4,700 kr.	4,633. 33	4,700.	9,333. 33
skrifarinn við landshöfðingja embættið, skipaður frá 1. apríl 1873	1,800.	1,950.	3,750.
Samtals	17,598. 66	18,282.	35,880. 66

Laun amtmannsins yfir suður- og vestur-umdæminu eru talin samkvæmt allrahæstum úrskurði 29. júní 1872, og eru með þeim úrskurði lögð embætti þessu 4,800 kr. árleg laun, sem aukast um 400 kr. fyrir hver 5 embættisár, þar til þau eru orðin 6,400 kr., auk húsaleigustyrks upp á 600 kr. Með því embættisaldur amtmannsins telst, eins og getið er, frá 10. ágúst 1866, er honum veitt í annað skipti 400 kr. launaviðbót eptir embættisaldri frá 1. sept. 1876.

Laun amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu eru ákveðin í áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu 1871—72 samkvæmt frumvarpi, sem lagt var fyrir ríkisþingið 1862—63, til laga, um laun ýmsra embættismanna á Íslandi*), og eptir því voru lögð embætti þessu 4,000 kr. árleg laun, sem skyldu aukast um 400 kr. fyrir hver 5 embættisár, þar til þau væru orðin 5,600 kr. Launaviðbótin er talin samkvæmt lögum 26. marz 1870, 9. gr. Að því leyti, er snertir húsaleigustyrkinn, skal geta þess, að amtmanninum hafa áður verið lögð embættishíbýli á Friðriksgáfu og afnot af jörðinni Möðruvöllum gjaldlaust, en eptir að Friðriksgáfa brann varið 1874, er ákveðið, að amtmaðurinn skuli hafa aðsetur á Akureyri, bæði vegna kostnaðarins við að byggja upp aptur Friðriksgáfu, sem ætlazt er á að mundi verða 27,000 kr., og svo af því, að það bæði er amtsbúum og því opinbera í hag, að hann hafi bústað sinn í tjeðum kaupstað. Með allrahæstum úrskurði 4. júlí 1874 og áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á árinu 1875, var amtmanninum veittur 400 kr. húsaleigustyrkur fyrir hvort af árunum 1874 og 1875, jafnframt því og hann hjelt jörðinni Möðruvöllum. En eptir að amtmaður hafði flutt sig frá Friðriksgáfu, verður að álíta það rjettast, að honum í stað afnota af jörðu þessari sje veitt endurgjald úr landssjóðnum, sem sje að minnsta kosti 200 kr. á ári, en að afgjaldið af jörðunni renni í landssjóð. Samkvæmt þessu er hjer tilfærður 600 kr. húsaleigustyrkur alls á ári, eins og handa amtmanninum í suður- og vesturumdæminu. Með því amtmaður sá, sem nú er, er frá skipaður 6. júní 1871, bera honum 400 kr. í launaviðbót í fyrsta skipti eptir embættisaldri 1. júlí 1876.

Laun landfógetans eru ákveðin með allrahæstum úrskurði 31. janúar 1874, og var þá ákveðið, að landfógeta-embættið á Íslandi og bæjarfógeta-embættið í Reykjavík, sem

*) Í lagafrumvarpi þessu var stungið upp á, að embættismenn á Íslandi skyldu á ári hafa þessi laun: stiptamtmaður 2,800 rd., biskup 2,800 rd. (auk 200 rd. húsaleigustyrks), amtmaðurinn yfir norður- og austur-umdæminu 2,000 rd., amtmaðurinn yfir vesturumdæminu 2,000 rd. (auk 200 rd. húsaleigustyrks), forstjórinn í landsyfirrjettinum 2,000 rd., dómendurnir í sama rjetti 1,200 rd. hvor, forstöðumaður prestaskólans 1,600 rd. (auk 150 rd. húsaleigustyrks), forstjóri hins lærða skóla 1,600 rd., yfirkennarinn við sama skóla 1,000 rd.; þar að auki var stungið upp á því, að allir þessir embættismenn fengju 200 rd. í launaviðbót fyrir hver 5 ár, sem þeir væru í embættum sínum, þó svo, að launin ekki gætu orðið hærri en 3,400 rd. fyrir stiptamtmann og biskup, 2,800 rd. fyrir amtmennina í norður- og austur-umdæminu og vesturumdæminu, 3,000 rd. fyrir forstjórann í landsyfirrjettinum, 2,000 rd. fyrir dómendurna í sama rjetti, 2,200 rd. fyrir forstöðumann prestaskólans og forstjóra hins lærða skóla, og 1,600 rd. fyrir yfirkennarann við sama skóla. Sömuleiðis var stungið upp á, að laun landlæknis á Íslandi skyldu vera 1,000 rd., hjeraðslækna 600 rd., og kennara við prestaskólann og hinn lærða skóla 500 rd., og skyldi þar að auki veita öllum þessum embættismönnum, 100 rd. launaviðbót fyrir hver 3 embættisár, þó svo að launin eigi gætu orðið hærri en 1400 rd. fyrir landlækni, og 1000 rd. fyrir hvern af hinum embættismönnunum, sem hjer voru nefndir. Að endingu var stungið upp á því, að greiða skyldi úr ríkissjóðnum 1000 rd. á ári til landfógetans og 150 rd. húsaleigustyrk, og til dómkirkjuprestsins 250 rd., auk 150 rd. húsaleigustyrks. Smbr ríkisþingstíðindi fyrir 1862—63, viðbæti, 1391—1400 dl.

áður voru sameinuð, skyldu aðskilin frá 1. júlí 1874, og skyldi tjeð bæjarfógeta-embætti frá sama tíma lagt saman við Gullbringu- og Kjósarsýslu, að leggja skyldi landfógeta-embættinu í árleg laun 1,600 rd., með 200 rd. viðbót fyrir hver 5 embættisár, þangað til þau væru orðin 2,400 rd., og enn fremur 150 rd. húsaleigustyrk, auk gjalds fyrir sendifje, 1 af hverju þúsundi, og afnota af jörðunni Örfærisey, að embættisaldur landfógetans sem nú er, A. Thorsteinsons, skyldi með tilliti til útreiknings fyrnefndrar launaviðbótar eptir embættisaldri, sem honum er lögð sem landfógeta, talin frá 18. febr. 1861, þá er hann var skipaður landfógeti á Íslandi og bæjarfógeti í Reykjavík. Samkvæmt þessu eru laun landfógetans talin með 400 kr. launaviðbót eptir embættisaldri í þriðja skipti, frá 1. marz 1876.

Laun skrifarans við landshöfðingjaembættið eru með allrahæstum úrskurði 29. júní 1872 ákveðin 1,600 kr., sem aukast um 200 kr. fyrir hver 2 embættisár, þar til þau eru orðin 2,400 kr. Samkvæmt þessu eru launin fyrir 1876 talin 1,800 kr. og fyrir 1877 1,950 kr. þar eð skrifarinn er skipaður í embætti frá 1. apríl 1873.

A. 2. Í þessari grein er talið:

endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa amtmanninum yfir suður- og vesturamtinu, samkvæmt allrahæstum úrskurði 29. júní 1872	1,600 kr.
endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu, samkvæmt lögum 21. janúar 1857, á ári	1,200 —
endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa landfógetanum, samkvæmt allrahæstum úrskurði 31. janúar 1874, smbr. lög 19. janúar 1863, á ári	1,000 —
þóknun til sama embættismanns fyrir að taka við póstávísana-upphæðum þeim, sem póststjórnin borgar í jarðabókarsjóð Íslands, og fyrir ábyrgð þá, sem þessu er samfara, ef honum mistelst, er samkvæmt nefndum konungsúrskurði talin 1 af hverju þúsundi af þeirri upphæð, sem borguð er inn í sjóðinn, og er ætlazt til, að það verði árlega	200 —
	4,000 —

eða fyrir bæði árin 1876 og 1877, 8,000.

Að því leyti, er snertir gjald þetta til landfógetans, skal þess getið, sem hjer segir: Fyrirkomulaginu á peningasendingum milli Íslands og Danmerkur var áður að miklu leyti svo háttað, að peningarnir voru látnir í jarðabókarsjóðinn, til þess þeir samkvæmt ávísun upp á aðalfjehirzluna yrðu borgaðir út aptur fyrir gjald, sem með konungsúrskurði 8. maí 1839 var ákveðið að skyldi vera 1 af hundraði, og skyldi af því $^1/_4$ partur falla til landfógeta; en eptir að póststjórnin danska hafði tekið að sjer að sjá um póstferðirnar milli Íslands og Danmerkur, og búið var að koma því á, að póstávísanir voru hafðar við peningaviðskipti manna beggja landa á milli, fór það svo mjög minnkandi, að menn ljetu fje í jarðabókarsjóðinn, til þess það yrði borgað út aptur úr aðalfjehirzlunni, að á reikningsárinu 1871—72 var að eins borgað í jarðabókarsjóðinn í þessu skyni lítið eitt yfir 5,500 rd., en á undangangandi árum hafði kveðið svo mjög að því, að menn ljetu fje í jarðabókarsjóðinn, að borgaðir voru inn hjer um bil 50,000 rd. árlega á þennan hátt. Til þess nú að eigi skyldi opt reka að því, að senda þyrfti reiðu-peninga til jarðarbókarsjóðsins frá aðalfjehirzlunni, komu dómsmálastjórnin og fjárhagsstjórnin sjer saman um það á árinu 1871, að greiða skyldi alla þá peninga til jarðarbókarsjóðsins, sem póststjórnin danska tæki við á Íslandi, með því móti, að þeir yrðu tilfærðir í reikningabókum ríkisins til skuldar fyrir Ísland í viðskiptum þess við konungsríkið. Sem þóknun fyrir að veita peningum þessum móttöku og fyrir ábyrgð þá, sem því væri samfara, ef misteljast kynnu upphæðir þær, sem þannig eru borgaðar inn, er landfógeta veittur 1 af hverju þúsundi af því, sem goldið er í sjóðinn, en tekjur hans höfðu rýrnað hjer um bil um 150 rd. á ári

við það, að menn ljetu sjaldnar fje í jarðabókarsjóðinn, til þess það aptur yrði borgað út eins og sagt var. Á reikningsárinu 1872—73 borgaði póststjórnin til jarðabókarsjóðsins hjer um bil 104,000 og á tímabilinu frá 1. apríl til 31. desbr. 1873 hjer um bil 96,000 rd.

A. 3. Þess skal getið, að það hefur þótt æskilegt, að bæði jarðabókarsjóðsreikningurinn og allir reikningar frá hinum einstöku gjaldheimtumönnum yrðu endurskoðaðir og úrskurðaðir á Íslandi, í stað þess að þetta hingað til hefur verið gjört í fyrstu reikningastjórnardeild fjárhagsstjórnarinnar. Bæði er það, að endurskoðuninni yrði komið fyr fram við þetta, og í mörgum atriðum við meðhöndlun þessara mála betur tekið tillit til þess, að sjerstaklega til hagar á Íslandi, og svo mundi það einnig, þá er yfirskoðunarmenn þeir, sem alþingi kýs samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar, æskja upplýsinga viðvíkjandi reikningum yfir tekjur og útgjöld landsins, varða mjög miklu að því leyti, er snertir framkvæmd á endurskoðun þeirri, er nú var getið, að þessar upplýsingar geti fengizt á Íslandi í stað þess að þær yrðu sóttar frá Kaupmannahöfn. En ef hin umboðslega reikninga-endurskoðun á að fram fara á Íslandi, þá verður eigi hjá því komizt, að þar af flyti kostnaður fyrir landssjóðinn, með því þóknun yrði að veita þeim mönnum, sem þetta verk yrði falið á hendur. Fyrir endurskoðun jarðabókarsjóðsreikningsins, sem er nokkuð vandasöm og hefur í för með sjer allmikla bókfærslu, verður eigi veitt þeim, sem í hlut á, minni þóknun, en 400 kr. á ári, og fyrir endurskoðun reikninga frá hinum einstöku gjaldheimtumönnum, sem er í ráði að fela landfógeta á hendur, virðist vera ástæða til að veita tjeðum embættismanni 1,200 kr. þóknun árlega, og skal í því tilliti geta þess, að ráð má fyrir því gjöra, að landfógeti verði að ráða að minnsa kost 1 fastan skrifara að auki við endurskoðun þessa, og getur það einnig komið fyrir, að borga þurfi aukaerfiði, skrifstörf o. fl. Að því leyti, er snertir úrskurð á öllum reikningunum, þá er í ráði að fela landshöfðingja það starf á hendur.

B. I. Hjer undir kemur:

	1876.	1877.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
forstjórinn í landsyfirrjettinum, skipaður 31. marz 1856.			
1876. 1877.			
laun . . . . . 5,500 kr. 5,600 kr.			
launaviðbót . . . . . 432 — 432 —			
5,932 — 6,032 —	5,932.	6,032.	11,964.
fyrsti dómandi í sama rjetti, skipaður 16. maí 1850.			
1876. 1877.			
laun . . . . . 4,000 kr. 4,000 kr.			
launaviðbót . . . . . 432 — 432 —			
4,432 — 4,432 —	4,432.	4,432.	8,864.
annar dómandi í sama rjetti, skipaður 13. apríl 1871.			
1876. 1877.			
laun . . . . . 2,666 kr. 66 a. 2800 kr.			
launaviðbót . . . . . 432 — » - 432 —			
3,098 — 66 - 3,232 —	3,098. 66	3,232.	6,330. 66
bæjarfógetinn í Reykjavík, að auki sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu	600.	600	1,200.
flyt	14,062. 66	14,296.	28,358. 66

	1876.	1877.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	14,062. 66	14,296.	28,358. 66
bæjarfógetinn á Akureyri	400.	400.	800.
bæjarfógetinn á Ísafirði	400.	400.	800.
sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum	600.	600.	1,200.
2 lögregluþjónar í Reykjavík, hvor á ári 300 kr. og 72 kr. viðbót	744.	744.	1,488.
	16,206. 66	16,440.	32,646. 66

Laun forstjórans og hinna 2 dómanda í landsyfirrjettinum eru ákveðin samkvæmt fyrnefndu lagafrumvarpi um laun ýmsra embættismanna á Íslandi, laun forstjórans með fjárlögunum 1866—67 og fyrsta dómanda með fjárlögunum 1870—71, og annars dómanda með allrahæstum úrskurði 13. apríl 1871, sbr. áætlunina fyrir 1871—72. Samkvæmt þessu er forstjóranum veitt 400 kr. launaviðbót eptir embættisaldri í fjórða skipti, talin frá 1. apríl 1876, og öðrum dómanda 400 kr. viðbót eptir embættisaldri í fyrsta skipti, talin frá 1. maí 1876. Tillagið til bæjarfógetans í Reykjavík er ákveðið með fyrnefndum konungsúrskurði 31. janúar 1874, er samkvæmt honum embætti þetta var að skilið frá landfógetaembættinu og sameinað við sýslumannsembættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu; tillagið til bæjarfógetans á Akureyri er ákveðið með fjárlögunum fyrir 1864—65, til bæjarfógetans á Ísafirði með fjárlögunum 1867—68, og til sýslumannsins á Vestmannaeyjum með allrahæstum úrskurði 10. marz 1829.

Laun lögregluþjónanna eru ákveðin með konungsúrskurði 15. apríl 1803.

B. 2. Samkvæmt konunglegri tilskipun 28. febrúar 1874 er frá 15. ágúst 1874 farið að nota hegningarhúsið í Reykjavík og fangelsið, sem stendur í sambandi við það, fyrir Reykjavíkur kaupstað og hinar aðrar þinghár í suðurumdæmi Íslands, að Vestmannaeyjum undanteknum, og hefur það þótt nauðsynlegt, að hið opinbera að minnsta kosti fyrst taki að sjer að sjá fyrir vinnu og fangahaldi í tjeðri stofnun.

Hin árlegu útgjöld við þetta eru talin:

a. umsjónarmanninum, sem settur er við hegningarhúsið, og sem að auki er verkstjóri og bryti, eru samkvæmt allrahæstum úrskurði 28. febrúar 1874 lögð 800 kr. árleg laun, og þar hjá þriggja skamta matur á dag, og eldiviður ókeypis, og er það talið hjer um bil 260 kr., alls hjer um bil 1,060 kr. Af launum þeim, sem hann fær í peningum, verða samt $^{2}/_{12}$ partar greiddir af jafnaðarsjóði suðurumdæmisins, og $^{1}/_{12}$ partur af Reykjavíkur kaupstað — með því hlutaðeigandi einnig hefur á hendi umsjónarmannsþjónustu við fangelsið —, en hinir $^{9}/_{12}$ partar eru goldnir af landssjóðnum 600 kr.

Samkvæmt nefndum konungsúrskurði ber þar að auki dómkirkjuprestinum sem þóknun fyrir að halda guðsþjónustu og standa fyir kennslu í hegningarhúsinu . . . . . 100 —

og lækninum við hegningarhúsið . . . . . 60 —

760 —

b. Hjer við bætist:

viðurværi handa hjer um bil 10 föngum daglega, sem að áliti landshöfðingja má telja 43 a. fyrir hvern fanga á dag eða árið í kring alls. . 1,570 kr.

3 skamtar af miðdegismat handa umsjónarmanninum, og telur landshöfðingi hvern skamt upp á 18 a.; er það á ári hjer um bil . 208 —

þvottur hjer um bil . . . . . 50 —

flyt 1,828 — 760 —

fluttar	1,828 kr.	760 kr.
til eldiviðar og ljósa hjer um bil	600 —	
verkefni, sem fangarnir eiga að vinna, hjer um bil	200 —	
ýmisleg útgjöld hjer um bil	200 —	
	2,828 —	
alls hjer um bil	3,588 —	

eða fyrir bæði árin 1876 og 1877 hjer um bil 7,176 kr.

Þess skal samt getið, að eins og útgjöld þau, sem eru talin undir staflið b, eru sett öldungis eptir ágizkun, með því eigi enn þá er nægileg reynsla fyrir því, hvað mikil útgjöldin verði við notkun stofnunarinnar, þannig hefur landshöfðingi bent til þess, að útgjöldin, sem talin eru að gangi til viðurværis fanganna, ef til vill, muni verða nokkuð meiri sökum þess að verðlag hækkar.

Til klæða handa föngunum er eigi talin nein upphæð, með því sumpart fatnaður sá, sem með þarf, var útvegaður, þá er farið var að nota hegningarhúsið, og sumpart gjört ráð fyrir því, að hegningarhúsið sjálft mundi eptirleiðis geta lagt til það, sem með þyrfti til fatnaðar.

Með því það enn er óvíst, við hvað miklum arði hið opinbera gæti búizt af verkvinnu í hegningarhúsinu, hefur eigi orðið til færð nein upphæð, sem gæti komið upp í fyrnefnd útgjöld.

B 3. Í þessari grein eru talin þessi útgjöld:

a.	þóknun handa tveimur settum málafærslumönnum við landsyfirrjettinn . .	1,000 kr.
b.	þóknun handa fyrsta dómanda í tjeðum rjetti fyrir að leggja út dómsgjörðir	500 —
c.	laun sendiboðans við yfirrjettinn	60 —
d.	til eldiviðar í yfirrjettarstofunum hjer um bil	60 —
e.	til viðurhalds á yfirrjettarstofunum í hegningarhússbyggingunni og áhöldum, til þess að halda húsunum hreinum og fl., hjer um bil	100 —
		1,720 —

eða fyrir bæði árin 1876 og 1877 3,440 kr.

Útgjöld þau, sem talin eru í stafliðunum a. til d., hvíldu áður á dómsmálasjóðnum íslenzka. Eptir að svo var fyrir mælt í tilsk. 4. marz 1871, 4. gr., að útgjöldin við byggingu hegningarhússins og viðurhald á því skyldu greidd úr tjeðum sjóð, hrökk hann eigi lengur til að borga þóknun þá, sem nefnd er í stafliðnum a., og í áætluninni fyrir 1872—73 var því ákveðið, að þóknun þessi skyldi greidd úr landssjóðnum. Þegar dómsmálasjóðurinn var numinn af, var með allrahæstum úrskurði 31. október 1873 þar að auki ákveðið, að hin önnur útgjöld, sem á honum hvíldu, skyldu greidd úr landssjóðnum. Af dómsmálasjóðnum var enn fremur borguð þóknun handa settum dómurum í yfirrjettinum, en með því þessi útgjöld að öllu leyti eru komin undir tilviljun, hefur það þótt rjettast, að þau sjeu goldin af þeirri upphæð, sem veitt er til óvissra útgjalda, sem upp á kunna að koma (15. gr.).

Útgjöld þau, sem nefnd eru í staflið e., eru í samhljóðun við fjárveitingar fyrir fyrirfarandi ár.

C. 1. Um þetta atriði skal þess getið, að samkvæmt allrahæstum úrskurði 16. júlí 1874 eru frá 1. ágúst s. á. gefin út stjórnartíðindi fyrir Ísland í tveimur deildum, A. og B.; fyrri deildin, sem hefur inni að halda eiginleg lög og tilskipanir og yfir höfuð allar þær ákvarðanir viðvíkjandi Íslandi, sem hingað til hafa verið teknar í lagatíðindin dönsku sem viðbætir, er gefin út í sambandi við lagatíðindin fyrir konungsríkið Danmörk, en deildin B., sem hefur inni að halda umboðslegar ákvarðanir, sem fallnar eru til þess, að þær verði almenn-

ingi kunnar, og ýmsar skýrslur, eru gefin út að tilhlutun landshöfðingja. Tíðindin verða kauplaust send öllum alþingismönnum, yfirvöldum, landsyfirrjettinum, landfógetanum, landlæknunum, sýslumönnum, sveitastjórnum, embættismönnum af andlegri stjett og umboðsmönnum á Íslandi, og að öðru leyti má panta þau fyrir 1 kr. 66 a. um árið. Deildin A er þar að auki höfð við þinglýsing laga þeirra og fl., sem hún hefur inni að halda, en það er í ráði, að láta birting í tíðindum þessum koma í staðinn fyrir þinglýsing laga og tilskipana, og skal að því leyti vísað til frumvarps þess, sem lagt er fyrir alþingi til laga, um breyting á þeirri tilhögun, sem hingað til hefur verið á birting laga og tilskipana á Íslandi. Þar sem deildin A er gefin út í sambandi við lagatíðindin dönsku, verður enginn kostnaður við ritstjórn á þeim, en með því prenta verður hjer um bil 850 exempl. meira af stjórnartíðindunum íslenzku en af lagatíðindunum, og taka skal íslenzkan texta í þau við hlið danska textans, verður að endurgjalda lagatíðindunum kostnaðinn við þetta, en fyrst um sinn verður hann samt sem áður goldinn af því fje, sem veitist með fjárlögunum fyrir Danmörku til stjórnarráðsins fyrir Ísland í skrifstofukostnað og önnur útgjöld við stjórnarráðið.

Aptur á móti skal samkvæmt allrahæstum úrskurði veita allt að því 300 kr. þóknun árlega fyrir störfin við útgáfu deildarinnar B., og bætist hjer við 100 kr. þóknun fyrir ómak við útbýtingu tíðindanna, fjárhald og reikningastörf fyrir öll tíðindin, alls 400 kr.

til prentunar deildarinnar B, er ætlað	360 —
— pappírs hjer um bil	174 —
— kostnaðar við sending með póstum, hjer um bil	238 —
hjer við bætist þóknun fyrir að semja skýrslur um landshagi á Íslandi, og er landshöfðingja veitt vald til að verja til þess allt að því	300 —
alls	1,472 —
Þegar gjört er ráð fyrir því, að áskrifendur fáist að hjer um bil 200 exemplörum, hvert upp á 1 kr. 66 a., verða tekjurnar af því hjer um bil . . .	332 —
hin árlegu útgjöld eru því alls	1,140 —

eða fyrir bæði árin 1876 og 1877 2,280 kr.

Á hinn bóginn hefur 400 rd. styrkur sá, sem áður var veittur hinu íslenzka bókmenntafjelagi til þess að gefa út skýrslur um landshagi á Íslandi sparazt, og sömuleiðis styrkur upp á 150 rd. handa fjelaginu til þess að gefa út tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

C. 2. Til þess að semja og gefa út lagasafn fyrir Ísland, hefur á seinni árum verið veittur árlegur styrkur upp á 1,866 kr. 66 a. Nú sem stendur, hefur að vísu orðið hlje á útgáfu tjeðs safns, og nær síðasta bindi þess til ársloka 1856, en þar eð það væri æskilegt, að safninu yrði haldið áfram svo það næði til 1. ágúst 1874, eða til þess tíma, þá er fyrnefnd stjórnartíðindi taka við, hefur virzt ástæða til að til færa hina sömu upphæð fyrir hvort af árunum 1876 og 1877.

C. 3. Eptir tilsk. um póstmál á Íslandi 26. febrúar 1872, 12. gr. eru samkvæmt fjárveitingum fyrir seinni árin ætlaðar hjer um bil 1,200 kr. í endurgjald handa embættismönnum og sýslunarmönnum fyrir það, að þeir verða að borga undir embættisbrjef.

C. 4. Samkvæmt tilskipun um ábyrgð fyrir eldsvoða á Reykjavíkur kaupstað o. fl., 14. febrúar 1874, er hjer talið brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar í Reykjavík, sem sje dómkirkjuna, hegningarhúsið, landshöfðingjahúsið og hið svo nefnda yfirrjettarhús; ábyrgðarverð það, sem sett er á dómkirkjuna, er 60,000 kr., og fært niður í

50,001 kr., og á hinar byggingarnar, sem nefndar voru, á hverja um sig 30,000 kr., 26,502 kr. og 2,481 kr.

C. 5. Árið 1768 var verzlunarfjelag það, sem þá hafði alla verzlun á Íslandi til leigu af stjórninni, sektað um 4,400 rd. í dönskum kúranti, fyrir að hafa flutt skemmdar kornvörur til landsins. Sjóður þessi var kallaður «mjölbótapeningar», og stóð hann inni í ríkissjóðnum sem styrktarsjóður fyrir Ísland, og var goldinn af honum við og við stöku kostnaður í þarfir landsins. Með konungsúrskurði 7. desbr. 1842 var ákvarðað, að bæta skyldi við höfuðstólinn svo miklu af leigum þeim, sem safnazt höfðu fyrir, að leigan gæti orðið 300 rd. á ári, og átti að verja henni til að efla garðarækt og jarðyrkju á Íslandi. En með konungsúrskurði 25. júlí 1844 var tekið til skuldabrjefa þeirra, sem sjóðurinn átti, og sem þá voru 7,500 rd. að upphæð, og var þeim varið til útgjalda við skólahússbygginguna í Reykjavík, en í stað þessa voru lagðir 300 rd. úr ríkissjóðnum á ári til hins áður umgetna augnamiðs. Samkvæmt þessu eru hjer taldar 600 kr. fyrir hvort af árunum 1876 og 1877, og skal jafnframt geta þess, að með brjefi dómsmálastjórnarinnar 26. febrúar 1870 voru stiptamtmanni, sem þá var (nú landshöfðingja), samkvæmt valdi því, sem hans hátign konungurinn hafði þar til veitt, seld í hendur umráðin yfir því fje, sem veitt er til þessa, þannig að fjenu, sem skipta á milli umdæmanna eptir fólkstölu, og eptir því, sem nú er ástatt, á þá leið, að suðurumdæmið fái 212 kr., vesturumdæmið 148 kr. og norður- og austurumdæmið 240 kr., verði varið sumpart til útbýtingar verðlauna handa þeim, sem fram úr hafa skarað að dugnaði ekki að eins í garðyrkju, heldur og í öðrum greinum jarðyrkjunnar, t. a. m. að því leyti, er snertir jarðabætur, sumpart til að kaupa sprengipúður og jarðyrkjuverkfæri, eptir að í suðurumdæminu hefur verið leitað um það álits hlutaðeiganda sýslumanns og bústjórnarfjelagsins, en í hinum umdæmunum fengnar uppástungur amtmanna.

C. 6. Spítalinn handa fátækum leiguliðum á konungsjörðum í Gullbringu- og Kjósarsýslu var fyrst í Viðey, og síðan fluttur að Gufunesi, en var tekinn af með konungsúrskurði 18. septbr. 1793, og voru þá eignir spítalans teknar inn í konungs-sjóð, og skyldi í stað þess gjalda 96 rd. á ári úr jarðabókarsjóðnum til leiguliða, sem þess væru helzt maklegir, og búið hefðu á tjeðum konungsjörðum, og ekkna þeirra; hjer eru því taldar 192 kr. fyrir hvort af þeim árum, sem hjer er átt við.

C. 7. Eptir að landshöfðinginn hafði leitt athygli stjórnarráðsins að því, að dómkirkjan í Reykjavík væri í mjög hrörlegu ástandi, og mælzt til þess, að stjórnarráðið vildi leita álits reyndra manna um það, hvernig hentugast mætti koma við aðgjörð á kirkjunni, og, ef til vildi, um leið stækka hana, var kirkjan eptir ráðstöfun stjórnarráðsins skoðuð af einum af þeim mönnum, sem timburmeistari Klentz sendi til Íslands árið sem leið, til þess að byrgja fangelsin þar. Samkvæmt þessari rannsókn hefur timburmeistari Klentz skýrt frá, að allur sá hluti múranna, sem hlaðinn er úr tígulsteini, sje jetinn í sundur á nokkrum stöðum inn í miðjan múrinn, og verði því að rífa hann og byggja upp að nýju, að byggja verði að nýju allt þakið, sem upphaflega hafi illa verið lagt á, og verði að leggja það á borð, sem sjeu grópuð saman, að gólfið og bjálkarnir undir því sjeu fúnir, og verði að setja nýtt í staðinn, að byggja verði upp aptur alveg anddyri, kór og skrúðhús og fl., og telur timburmeistari Klentz, að útgjöldin við slíka aðgjörð muni nema hjer um bil 26,530 kr.; aptur á móti ræður hann frá því, að stækka kirkjuna (og skal um það vísað til III. fylgiskjalsins, sem bætt er hjer aptan við). Landshöfðinginn hefur þar að auki haldið, að ef aðgjörðin ætti að vera svo yfirgripsmikil, sem timburmeistari Klentz hefur álitið að nauðsyn sje á, þá mundi vera ástæða til setja upp nýtt organ, þar það, sem nú er í kirkjunni, væri skemmt af raka, svo og hitavjel í kirkjunni, sem þörf væri á vegna þess hvað

loptslag á Íslandi sje kalt og vætusamt, eigi að eins til þess að verja kirkjuna fyrir raka, heldur einnig til þess að varðveita organið. Eptir skýrslum þeim, sem stjórnarráðið hefur útvegað, mun nýtt organ í minnsta lagi kosta 3,500 til 4,500 kr., en aptur á móti er álitið, að aðgjörð á því organi, sem nú er í kirkjunni, að eins muni kosta hjer um bil 1,000 kr., og þar sem það enn fremur mælir fram með viðgjörð á gamla organinu, að það mun halda betur, en nýtt organ, hefur stjórnarráðið álitið þann kost beztan. Að setja upp hitavjel mun kosta alls hjer um 7,400 kr., en tveir stórir ofnar, sem mundu gjöra sama gagn og sem ódýrara er að hita upp, munu að eins kosta hjer um bil 1,800 kr., og þykir því ástæða til að taka þá heldur. Samkvæmt því, sem sagt er, er í þessari gjaldagrein talið alls 29,330 kr.

Um 11. gr.

1. Þessi grein liðast í sundur eins og hjer skal sagt:

		1876.	1877.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
landlæknirinn á Íslandi, skipaður 18. septbr. 1855:				
laun	2,800 kr.			
húsaleigustyrkur	300 —			
launaviðbót	432 —			
viðbót fyrir sjálfan hann	400 —			
		3,932.	3,932.	7,864.
læknirinn í austurumdæmi suðuramtsins, skipaður 9. júlí 1874:				
	1876. 1877.			
laun	1,200 kr. 1,283 kr. 33 a.			
launaviðbót	264 — 277 — 33 -			
	1,464 kr. 1,560 kr. 66 a.	1,464.	1,560. 66	3,024. 66
læknirinn í Vestmannaeyjum, skipaður 31. oktbr. 1867:				
	1876. 1877.			
laun	1,633 kr. 33 a. 1,800 kr.			
í stað embættisjarðar . .	60 — 60 —			
launaviðbót	341 — 366 —			
	2,034 kr. 33 a. 2,226 —	2,034. 33	2,226.	4,260. 33
læknirinn í suðurumdæmi vesturamtsins, skipaður 31. oktbr. 1867:				
	1876. 1877.			
laun	1,633 kr. 33 a. 1,800 kr.			
í stað embættisjarðar .	50 — 50 —			
launaviðbót	341 — 366 —			
	2,024 kr. 33 a. 2,216 kr.	2,024. 33	2,216.	4,240. 33
læknirinn í norðurumdæmi vesturamtsins, skipaður 6. febrúar 1865:				
	1876. 1877.			
laun	1,800 kr. 1,966 kr. 66 a.			
í stað embættisjarðar .	50 — 50 —			
launaviðbót	366 — 386 —			
	2,216 kr. 2,402 kr. 66 a.	2,216.	2,402. 66	4,618. 66
	yfir um . . .	11,670. 66	12,337. 32	24,007. 98

	1876.	1877.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
handan að . . .	11,670. 66	12,337. 32	24,007. 98
læknirinn í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum, skipaður 31. marz 1856:			
laun . . . . . 2,000 kr.			
launaviðbót . . . . . 384 —	2,384.	2,384.	4,768.
læknirinn í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum, skipaður hjeraðslæknir 5. ágúst 1869:			
laun . . . . . 1,600 kr.			
launaviðbót . . . . . 328 —	1,928.	1,928.	3,856.
læknirinn í austurumdæmi norður- og austuramtsins, skipaður 14. apríl 1874:			
1876. 1877.			
laun . . . . . 1,200 kr. 1,333 kr. 33 a.			
launaviðbót . . . . . 264 — 285 — 33 -			
1,464 kr. 1,618 kr. 66 a.	1,464.	1,618. 66	3,082. 66
2 ljósmæður í Reykjavík, handa hvorri 100 kr. í laun, með 24 kr. launaviðbót	248.	248.	496.
hinar ljósmæðurnar á Íslandi	200.	200.	400.
samtals . .	17,894. 66	18,715. 98	36,610. 64

Laun landlæknis voru samkvæmt fyrnefndu frumvarpi, sem á sínum tíma var lagt fyrir ríkisþingið, um laun ýmsra embættismanna á Íslandi, ákveðin með fjárlögunum fyrir 1867—68 til 2,800 kr., og hjer við bætist 432 kr. launaviðbót eptir lögum 26. marz 1870, 9. gr., og 300 kr. húsaleigustyrkur samkvæmt allrahæstum úrskurði 13. marz 1833. Með því landlæknir sá, sem nú er, hefur þjónað embætti í 20 ár, og unnið læknamálum á Íslandi mjög mikið gagn, hefur stjórnarráðinu virzt ástæða til, að honum yrði veitt 400 kr. viðbót á ári fyrir sjálfan hann, og skal þess jafnframt getið, að landlæknisembættið eigi er tekið í frumvarp það, sem lagt er fyrir alþingi, til laga um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi og fl., sökum þess að gjörð kann að verða önnur skipun á því embætti, þegar það losnar. Laun hjeraðslæknanna eru ákveðin samkvæmt fyrnefndu lagafrumvarpi, handa lækninum á Vestmannaeyjum með fjárlögunum fyrir 1866—67, handa lækninum í suðurumdæmi vesturamtsins með fjárlögunum fyrir 1867—68, handa lækninum í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum með fjárlögunum fyrir 1868—69, og handa hinum læknunum samkvæmt konungsúrskurðum þeim, er þeir eru skipaðir með í embætti. Samkvæmt þessu er talin 200 kr. launaviðbót á ári handa lækninum í austurumdæmi suðuramtsins frá 1. ágúst 1877, handa lækninum í Vestmannaeyjum frá 1. nóvbr. 1876, handa lækninum í suðurumdæmi vesturamtsins frá sama degi, handa lækninum í norðurumdæmi vesturamtsins frá 1. marz 1877, og handa lækninum í austurumdæmi norður- og austuramtsins frá 1. maí 1877.

Launaviðbótin er talin samkvæmt lögum 26. marz 1870, 9. gr.

Að undanteknum lækninum í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum er læknunum lögð annaðhvort embættisjörð eða endurgjald þar fyrir.

Þóknunin handa ljósmæðrunum í Reykjavík er talin samkvæmt fjárveitingum um fyrirfarandi ár. Þóknunin handa hinum ljósmæðrunum er ákveðin með konungsbrjefi 20. júní 1766, 3. gr., sbr. rentukammerbrjef 5. apríl 1788.

2. Í þessum lið eru talin eptirfylgjandi árleg útgjöld:

a. húsaleigustyrkur handa lyfsalanum í Reykjavík, ákveðinn með allrahæstum úrskurði 13. marz 1833, upp á 150 rd. eða . . . . . 300 kr.
b. styrkur til útbýtingar á læknismeðulum handa fátæklingum . . . . . 800 —
1,100 kr.

eða fyrir bæði árin 1876 og 1877 2,200 kr.

Að því leyti, er snertir staflið b, skal þess getið, að goldinn var úr konungssjóði til lyfsalans í Reykjavík 400 rd. styrkur árlega til útbýtingar á gjafameðulum handa fátæklingum, samkvæmt konungsúrskurði 18. marz 1760 og oktroy 15. ágúst 1763, 38. gr., sbr. konungsúrskurði 18. marz 1772, 2. gr., og 18. ágúst 1786, 18. gr., og sömuleiðis opið brjef s. d., 22. gr. Eptir að búið var að setja lyfjabúðir á Akureyri og Stykkishólm, er þessari upphæð skipt niður á þann hátt, að lyfsalinn í Reykjavík fær 220 rd. eða 440 kr., og hvor hinna tveggja lyfsalanna 90 rd. eða 180 kr. á ári.

Um 12. grein.

I. Útgjöldin til póststjórnarinnar á Íslandi á árunum 1876 og 1877 eru talin að nemi 26,400 kr.:

	1876.	1877.	alls.
1. Laun:	kr.	kr.	
handa póstmeistaranum í Reykjavík, sem er skipaður 29. júlí 1872, frá 1. apríl 1873, samkvæmt tilsk. um póstmál á Íslandi 26. febrúar 1872, 1. gr.	1,400	1,400	
handa 18 póstafgreiðslumönnum	950	950	
handa 46 brjefhirðingarmönnum	850	850	
	3,200	3,200	
samtals fyrir bæði árin			6,400 kr.

2. Útgjöldin við flutning pósta eru talin að verði árlega:

á aðalpóstvegum . . . . 7,400 kr.
á aukapóstvegum . . . . 1,180 —
með seglskipum . . . . 20 —
8,600 kr.

samtals fyrir bæði árin hjer um bil . . . . . 17,200 kr.

Útgjöldin til launa handa póstafgreiðslumönnum og brjefhirðingarmönnum og við flutning pósta um aðalpóstvegi og aukapóstvegi eru talin meiri en á reikningsárinu, sem leið, með því stungið er upp á samkvæmt tillögum landshöfðingja, að farin verði, auk þeirra 7 póst-ferða, sem nú eru, 8. ferðin á vetrarmánuðunum, með því bæði landsmenn og stjórnarvöldin sakna þess mjög, að engar samgöngur eru milli hinna ýmsu parta landsins á þeim 4 mánuðum ársins, er því nær allar aðrar ferðir hætta. Útgjöld við póstferð þá, sem stungið er upp á, eru þannig talin:

til flutnings pósta á aðalpóstvegunum hjer um bil . . . . 940 kr.
til flutnings pósta á aukapóstvegunum hjer um bil . . . . 160 —
viðbót við laun póstafgreiðslumanna . . . . . 110 —
viðbót við laun brjefhirðingarmanna . . . . . 50 —
hjer um bil . . 1,260 kr.

yfir um 1,260 kr. 23,600 kr.

handan að 1,260 kr. 23,600 kr.
hjer frá ganga tekjur þær, sem búizt er við af þessari ferð, hjer um bil . . . . . 600 —
þess vegna eru útgjöldin alls, hjer um bil . . . . . 660 kr.

	1876.	1877.
3. Önnur útgjöld eru:	kr.	kr.
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa póstmeistaranum, samkvæmt allrahæstum úrskurði 6. maí 1872	400	400
b. fæðispeningar og endurgjald fyrir ferðakostnað, smbr. auglýsing 3. maí 1872, 1. gr. . . .	400	400
c. ýmislegt prentað, svo sem sendingaskrár, viðskiptabækur, registur, kostnaður við tilbúninginn á frímerkjum, samkvæmt áætluninni fyrir 1875	200	200
d. til þess að útvega áhöld og til viðurhalds þeirra	200	200
	1,200	1,200

þess vegna verða útgjöldin fyrir bæði árin . . . . . 2,400 kr.

4. Útgjöld, sem upp á kunna að koma, eru talin árlega 200 kr., sem er fyrir bæði árin 1876 og 1877 . . . . . 400 —

útgjöld alls 26,400 —

II. Tekjurnar eru taldar árlega 5,800 kr., eða fyrir bæði árin 1876 og 1877 . . . . . 11,600 —

Tillagið úr landssjóðnum fyrir bæði árin verður þannig 14,800 —

Um 13. grein.

	1876.	1877.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A. a. Hjer undir kemur: biskupinn yfir Íslandi, skipaður frá 1. apríl 1866:			
1876. 1877.			
laun . . . . . 6,300 kr. 6,400 kr.			
launaviðbót . . . . . 432 — 432 —			
húsaleigustyrkur . . . . 400 — 400 —			
7,132 kr. 7,232 kr.	7,132	7,232	14,364
dómkirkjupresturinn í Reykjavík.			
laun . . . . . 500 kr.			
húsaleigustyrkur . . . . . 300 —			
árlega 800 kr.	800	800	1,600
samtals	7,932	8,032	15,964

Launin eru ákveðin samkvæmt fyrnefndu frumvarpi til laga um laun ýmsra íslenzkra embættismanna, handa biskupi með fjárlögunum 1867—68, handa dómkirkjupresti með áætluninni fyrir 1872—73, smbr. konungsúrskurð 7. nóvbr. 1835. Með launum biskups er talin 400 kr. launaviðbót eptir embættisaldri í 2. skipti, frá 1. apríl 1876.

A. b.

1) Þetta gjald, sem upphaflega var 300 krónur, er greitt samkvæmt konungsúrskurði 12. maí 1572.

2) Þegar selt var Hólastóls góz, voru seld með því nokkur kirkju-kúgildi, sem hlutaðeigandi prestum voru goldnar leigur eptir. Til endurgjalds fyrir þetta er nú goldið árlega 960 álnir eptir meðalverði verðlagsskrárinnar og í peningum 65 rd. 60 sk., en það hvorttveggja má gjöra að verði samtals 600 kr. á ári, eins og hjer er talið.

3) Í hinum eldri skýrslum um eptirlaun þau, er snerta ríkið allt, voru áður á ári hverju taldir 300 rd., sem verja átti til styrks handa ekkjum og börnum presta á Íslandi, samkvæmt konungsúrskurði 13. maí 1785. Í fjárlögunum fyrir 1860—61 var upphæð þessi fyrst talin meðal útgjalda til Íslands, en í fjárlögunum fyrir 1861—62 var hún hækkuð til 400 rd., sem hjer er talið 800 kr. á ári.

4) Um nokkur fyrirfarandi ár hafði á ári hverju verið greiddur 200 rd. styrkur handa fátækum uppgjafa-prestum og prestaekkjum á Íslandi úr styrktarsjóði kirkju- og kennslu-stjórnarinnar og talinn með útgjöldum hennar, en í fjárlögunum fyrir 1864—65 voru þessir 200 rd. fyrst taldir meðal útgjaldanna til Íslands þarfa, og var þá um leið þetta gjald hækkað til alls 500 rd. á ári. Samkvæmt þessu er það hjer talið 1,000 kr. á ári.

5) Skrifstofufje það, sem hjer er talið 800 kr., er ákveðið með lögum 19. janúar 1863, 2. gr.

B.	1876.	1877.	alls.
I. Prestaskólinn:	kr.	kr.	kr.
a. laun:			
forstöðumaður prestaskólans, skipaður 25. júní 1866:			
1876. 1877.			
laun . . . . . 3,800 kr. 4,000 kr.			
launaviðbót . . . . . 432 — 432 —			
húsaleigustyrkur . . . . . 300 — 300 —			
4,532 kr. 4,732 kr.	4,532	4,732	9,264
fyrsti kennari við tjeðan skóla, skipaður 22. maí 1867:			
laun . . . . . 2,000 kr.			
launaviðbót . . . . . 384 —			
launaviðbót fyrir sjálfan hann . . . . 800 —			
á ári 3,184 kr.	3,184	3,184	6,368
annar kennari við sama skóla, skipaður 16. maí 1850:			
laun . . . . . 2,000 kr.			
launaviðbót . . . . . 384 —			
launaviðbót fyrir sjálfan hann . . . . 200 —			
2,584 kr.	2,584	2,584	5,168
samtals	10,300	10,500	20,800

Laun forstöðumannsins og annars kennara eru ákveðin samkvæmt fyrnefndu frumvarpi til laga um laun ýmsra íslenzkra embættismanna, smbr. um hinn fyrnefnda allrahæsta úrskurð 25. júní 1866 og fjárlögin fyrir 1866—67, og um hinn síðarnefnda fjárlögin fyrir 1865—66. Samkvæmt þessu er frá 1. júlí 1876 veitt forstöðumanninum 400 kr. árleg launaviðbót eptir embættisaldri í annað skipti. Handa öðrum kennara skólans er þar að auki í frumvarp þetta tekin upp launaviðbót fyrir sjálfan hann upp á 200 kr. árlega. Tjeðum kennara hafði verið gjört að skyldu, þá er hann var skipaður í embætti, að kenna dýrafræði og steinafræði í lærða skólanum, og var honum upphaflega eigi veitt neitt endurgjald fyrir það, en frá 1855 fjekk hann sem þóknun 83 a. (40 sk.) fyrir hverja kennslustund, eða að meðaltali hjer um bil 200 kr. á ári; nú hefur hann í bænarskrá til stjórnar-

ráðsins sótt um, að mega losast við kennslu þessa, en samt halda þeirri þóknun, sem honum þannig hefur verið lögð, sem launaviðbót fyrir sjálfan hann. Landshöfðingi hefur mjög mælt fram með þessari bænarskrá, og jafnframt og hann getur þess, að sá kennari við lærða skólann, sem síðast var settur, muni geta tekið að sjer kennslu í þessum kennslugreinum, hefur hann tekið fram, að sækjandinn sje komin yfir sextugt og sje fremur heilsutæpur, og hafi hann þau 25 ár, er hann hafi verið kennari, gegnt embætti sínu með samvizkusemi og alúð. Samkvæmt þessu hefur stjórnarráðinu fundizt ástæða til, að stinga upp á því, að sækjandanum verði veitt launaviðbót þessi upp á 200 kr. á ári. Laun fyrsta kennarans eru ákveðin með fjárlögunum fyrir 1867—68, og launaviðbótin fyrir sjálfan hann með áætluninni fyrir 1872—73. Launaviðbótin er talin samkvæmt lögum 26. marz 1870, 9. gr.

b. Önnur útgjöld.

1. liður er í samhljóðun við áætlunina fyrir 1872—73 og árin þar á eptir; 2. og 5. liður eru samhljóða fjárveitingum á fyrirfarandi árum; upphæðin í 3. lið var á áætluninni fyrir reikningsárið frá 1. april til 31. desbr. 1873 færð niður frá 200 rd. í 150 rd; sbr konunglega auglýsing til alþingis 23. maí 1873, II. d. 4. liður er í samhljóðun við áætlanirnar fyrir 1874 og 1875, er fyrir þau ár er veitt til eldiviðar og ljósa í herbergjum þeim, sem prestaskólinn hefur í yfirrjettarhúsinu, sem var . . . . . 160 kr.
og fyrir að hafa tilsjón með herbergjum þessum og hreinsa þau . . . . . 40 —
200 kr.

í stað þess að áður var talið 250 rd. fyrir húsrúm til prestaskólans.

II. Hinn lærði skóli.	1876.	1877.	Alls.
a. Laun.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
forstjóri hins lærða skóla, skipaður 12. marz 1874:			
laun . . . . . 3,200 kr.			
launaviðbót . . . . . 432 —			
á ári 3,632 kr.	3,632.	3,632.	7,265.
yfirkennarinn, skipaður 26. maí 1874:			
laun . . . . . 2,000 kr.			
launaviðbót . . . . . 384 —			
á ári 2,384 kr.	2,384.	2,384.	4,768.
fyrsti kennari, skipaður 26. maí 1852:			
laun . . . . . 2,000 kr.			
launaviðbót . . . . . 384 —			
á ári 2,384 kr.	2,384.	2,384.	4,768.
annar kennari, skipaður 24. maí 1870:			
1876. 1877.			
laun . . . . . 1,316 kr. 66 a. 1,400 kr.			
launaviðbót . . . . 282 — 66 — 296 —			
á ári 1,599 kr. 33 a. 1,696 kr.	1,599. 33	1,696.	3,295. 33
þriðji kennari, skipaður frá 1. október 1872:			
laun . . . . . 1,200 kr.			
launaviðbót . . . . . 264 —			
á ári 1,464 kr.	1,464.	1,464.	2,928.
yfir um	11,463. 33	11,560.	23,023. 33

	1876.	1877.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
handan að	11,463. 33	11,560.	23,023. 33
fjórði kennari (settur 14. september 1874):			
1876 1877.			
laun . . . . . 1,000 kr. 1,050 kr.			
launaviðbót . . . . . 224 — 234 —	1,224.	1,284.	2,508.
á ári 1,224 kr. 1,284 kr.			
samtals	12,687. 33	12,844.	25,531. 33

Launin eru ákveðin samkvæmt fyr nefndu frumvarpi til laga um laun ýmsra embættismanna á Íslandi, handa forstjóranum með áætluninni fyrir 1874, smbr. allrahæstan úrskurð 12. marz 1874, handa yfirkennaranum með áætluninni fyrir 1875, smbr. allrahæstan úrskurð 26. maí 1874, handa fyrsta kennara með fjárlögunum fyrir 1867—68, handa öðrum kennara með fjárlögunum fyrir 1870—71, smbr. allrahæstan úrskurð 24. maí 1870, handa þriðja og fjórða kennara með áætlunum fyrir 1873 og 1875. Samkvæmt opt nefndu lagafrumvarpi er talin 200 kr. launaviðbót á ári handa öðrum kennara frá 1. júní 1876, og handa fjórða kennara frá 1. oktbr. 1877, ef hann verður skipaður sem fastur kennari. Launaviðbótin er talin samkvæmt lögum 26. marz 1870, 9. grein.

b. Umsjónarmanni þeim, sem settur er við skólann, hefur hingað til verið lagt 600 kr. í árleg laun, auk þeirra 200 kr., sem árlega eru veittar fyrir að semja reikninga skólans, og þeirra 200 kr., sem sömuleiðis eru veittar til skrifstarfa og útreikninga, með því móti að hann hafi þessi störf á hendi, og hefur hann þar að auki híbýli kauplaust og að nokkru leyti eldivið og ljós. Með því álíta verður, að laun þessi sjeu of lág, og það væri skaði fyrir skólann, ef umsjónarmaðurinn, sem nú er, yrði af þessari ástæðu neyddur til, að yfirgefa þessa stöðu sína, er samkvæmt uppástungu stiptsyfirvaldanna, sem landshöfðingi hefur mælt með, hjer stungið upp á, að launin verði hækkuð um 200 kr.

Aðstoðarfjeð er talið samkvæmt lögum 19. janúar 1863, 2. gr., og er haft til launa handa kennaranum í söng og fimleikakennaranum við skólann, og til launa handa dyraverði skólans, og enn fremur er af því fje goldin þóknun fyrir að leika á organið í dómkirkjunni. Viðbótin eptir kornverði við fyrnefnda upphæð er talin samkvæmt reglunum í lögum 19. febrúar 1861, 25. og 27. gr., og hver tunna af korntegundum þeim, sem getið er í lögum þessum, samanlögðum á 12 kr.

c. Önnur útgjöld.

Upphæðin í 1. lið er talin samkvæmt áætluninni fyrir reikningsárið 1873, er hún þá var færð niður frá 500 rd. til 300 rd., smbr. konunglega auglýsingu til alþingis 23. maí 1873, II. d., og skal enn fremur greiða af fje þessu útgjöldin til verðlaunabóka handa skólalærisveinum (80—100 kr. árlega), í stað þess að þetta áður var tekið af því, sem veitt er til ýmislegra útgjalda við hinn lærða skóla, en opt hafði verið farið fram úr þeirri fjárveiting.

2. liður. Upphæð sú, sem ætluð er til eldiviðar og ljósa, var á áætluninni fyrir 1874 hækkuð um 100 kr. upp í 1,600 kr., bæði af því að kolin voru orðin dýrari og það virtist nauðsynlegt, að hita bókhlöðu-stofu skólans, til þess bækurnar skemmdust ekki af raka; samkvæmt uppástungu stiptsyfirvaldanna er upphæð þessi aptur hækkuð um 100 kr., með því það, sem veitt var 1874 hefur ekki hrokkið til.

Í frumvarpi þessu eru í 3. lið taldar 600 kr. fyrir árið 1876, og 400 kr. fyrir árið 1877 fram yfir hina venjulegu fjárveiting í hinum fyrri áætlunum. Í því tilliti skal

þess getið, að forstjóri hins lærða skóla og stiptsyfirvöldin hafa stungið upp á, að taldar yrðu í þessari gjaldagrein 2000 kr., auk 300 kr. til þess að mála skólahúsið að utan á árinu 1876, og að landshöfðingi, þótt honum virðist, að uppástunga forstjórans og stiptsyfirvaldanna færi lengra en þörf væri á, samt hefur álitið, að nauðsyn væri til, að hækka hina venjulegu fjárveiting á þessari gjaldagrein, með því útgjöldin til viðurhalds skólahússins, sökum þess að það væri farið að fyrnast og annars ásigkomulags þess, færu sífellt vaxandi, en verðlag á efni og erfiðislaunum hefði hækkað. Að áliti landshöfðingja yrði þess vegna að taka í þessa gjaldagrein 1,800 kr. á ári, auk 200 kr. til þess að mála skólann á árinu 1876.

Upphæðirnar á 4.—8. gjaldagrein eru taldar samkvæmt hinum venjulegu fjárveitingum á fyrirfarandi árum, og á 9. og 10. gjaldagrein samkvæmt áætluninni fyrir 1875, en í henni voru upphæðir þessara gjaldagreina hækkaðar hvor um sig um 40 kr. og 400 kr.; hin fyrri sökum þess, að þóknun sú upp á 30 rd., sem lækninum áður var veitt, þótti of lítil í samanburði við þá tilsjón, sem af honum er heimtuð, og hin síðari af þeirri sök, að greiða á samkvæmt tilsk. um ábyrgð fyrir eldsvoða á Reykjavíkur kaupstað o. fl., 14. febr. 1874, brunabótagjald af skólahúsinu og bókahúsi skólans, en þessar byggingar eru virtar: hin fyrri á 82,605 kr. og hin síðari 17,001 kr.; brunabótagjaldið er samt alveg tiltekið eptir ágizkun, með því stjórnarráðið eigi hefur fyrir sjer endilegan útreikning á upphæð þessara brunabótagjalda.

C. Í bænarskrá, sem kom til landshöfðingja, og sem hann hefur sent hingað, hefur stjórn stiptisbókasafnsins í Reykjavík sótt um 300 rd. styrk á ári til bókakaupa handa bókasafninu. Í tilefni af þessu hefur landshöfðingi getið þess, að með því hinar árlegu tekjur bókasafnsins sjeu 130—140 rd., en útgjöld 80—90 rd. á ári, og að kaupa á þar að auki samkvæmt 4. gr. í stofnunarskránni, sem staðfest er með konungsúrskurði 10. júlí 1856, annaðhvort ár konunglegt skuldabrjef upp á 100 rd., þá sjeu eigi efni fyrir höndum, til þess að kaupa þær bækur, sem vantar í safnið, og sem mikil þörf er á. Tilgangurinn með að leggja upp á hverju ári hjer um bil 50 rd. til þess að kaupa skuldabrjef, hefur að vísu verið sá, að auka innstæðufje bókasafnsins (sem nú er hjer um bil 2,800 rd.), þannig að vextirnir yrðu hafðir til nauðsynlegra bókakaupa, en þess yrði langt að bíða, að því gæti orðið framgengt, og það því fremur, sem eigi má reiða sig á, að sparað verði á hverju ári svo mikið, sem fyrirskipað er. Landshöfðinginn hefur þess vegna mælt fram með því, að veittur verði bókasafninu að staðaldri 200 rd. styrkur á ári, en með því móti mætti gjöra stöðuga áætlun um viðhald og stækkun á safninu, og samkvæmt þessu er í frumvarpinu talinn 400 kr. styrkur á ári til þessa augnamiðs.

Um 14. gr.

Hjer eru taldar 20,000 kr. á hvoru árinu 1876 og 1877, og skal þess getið, að nú sem stendur er borgað í eptirlaun og sem styrktarfje 19,848 kr. 78 a. á ári, eins og sjá má af IV. fylgiskjalinu hjer að aptan.

Um 15. gr.

Upphæð sú, sem talin er í þessari grein, er samkvæmt samkynja fjárveitingum á fyrirfarandi árum ætlað til ýmislegra smá-útgjalda, sem koma fyrir á ári hverju, og eigi verður ætlazt á um fyrirfram, svo og til óvissra útgjalda, einkum til minni háttar byggingarkostnaðar, ferðakostnaðar handa embættismönnum, sem fara hjeðan til Íslands til þess að taka þar við embættum, til þess að styrkja bókmenntaleg og önnur fyrirtæki, o. fl. Í þessu frumvarpi er stungið upp á, að sú upphæð, sem áður hefur verið veitt í þessu tilliti, verði hækkuð nokkuð, sumpart sökum þess að það er örðugra að halda útgjöldum þeim, sem til falla að því leyti, er snertir þessa gjaldagrein, innan þeirra takmarka, sem

sett eru með fjárveitingunni, þegar fjárhagsáætlunin á að ná yfir tvö ár, og sumpart a því, að ætlað er allt að því 3,000 kr. í þóknun, fæðispeninga og til endurgjalds fyrir ferðakostnað o. s. frv. handa nefnd, sem á setja til þess að semja ný skattalög o. fl. Í því tilliti skal þess getið, að til er að vísu álit um fyrirkomulag á skattamálum frá nefnd þeirri, er sett var með allrahæstum úrskurði 23. apríl 1845, en þetta álit var látið uppi í septbr. 1846, og hafa síðan orðið svo margar breytingar á ýmsu, að það þykir rjettast, að þetta mikilsvarðandi og vandasama mál verði rætt til fullnaðar í nýrri nefnd, sem skuli semja uppástungu um, hvernig skipa skuli fyrir um málefni þetta. Störf nefndarinnar skyldu helzt vera í því fólgin, að rannsaka:

hver af gjöldum þeim, sem nú eru goldin til landssjóðsins, sem eru skattur, gjaftollur, lögmannstollur, manntalsfiskur, konungstíund og alþingistollur, skuli falla burt, svo að nýr skattur komi í stað þeirra;

hvort nýi skatturinn geti orðið goldinn í landaurum eptir verðlagsskránni eins og gjöld þau, sem nú eru greidd af hendi, og þá í hverju, eða hvort það ekki mundi betur til fallið, að hann yrði goldinn í peningum, er sá gjaldmáti væri betur samsvarandi góðu skipulagi á gjaldheimtu;

hvað mikil upphæð skattsins skuli vera, hvort heldur hin sama og rennur í landssjóðinn af þeim gjöldum samtals, sem nú eru, — en þá yrði að fara eptir tekjum, sem til hafa fallið á hinum síðustu 3 árum, — eða nokkuð meiri að tiltölu við hvert hundrað;

hvort undanþágur þær frá skattgjaldi, sem nú eiga sjer stað, skuli af teknar, og þá hvort greiða skuli endurgjald fyrir, og, ef til kæmi, hvað mikið;

á hvaða gjaldstofn hinn nýja skatt eigi að leggja, hvort heldur á jarðarhundruðin eingöngu, eða á þau og lausafjárhundruðin í sameiningu, og þá í hvaða hlutfalli.

Enn fremur verður nefndin látin yfirvega, hvort breyting sú á skattamálunum, sem í vændum er, eigi að hafa þá afleiðing, að farið sje nú þegar að hreifa við endurskoðun á jarðamatinu, þótt eigi sje enn liðinn sá frestur, sem ákveðinn er í því tilliti í tilsk. 1. apríl 1861, og þá, hvort lagaheimild þurfi til þess að búa undir endurskoðun þessa eða hvort umboðsstjórnin geti búið hana undir á þá leið, að öllum eigendum að þeim jörðum, sem metnar eru, gefist kostur á, innan tiltekins frests að bera upp og sanna mótbárur þær, er þeir þykjast geta komið fram með gegn þeim dýrleika jarðanna, sem settur er í jarðabókina, og að komið sje fram með mótbárur þessar og úr þeim skorið í hverri sýslu út af fyrir sig, þannig að hlutaðeigandi sýslunefnd sje veitt vald til að gjöra út um það, hvort prófa skuli þá mótbáru, sem fram er komin, eða vísa henni frá af því hún eigi sje á rökum byggð; verði henni vísað frá, skyldi það samt leyft þeim, sem hlut á að máli, að krefjast þess, að jörðin sje metin á ný, með því móti að hann greiði sjálfur kostnaðinn við það, ef dýrleiki jarðarinnar þá eigi verður færður niður að minnsta kosti um $^1/_{10}$ part við það, sem hann áður var, en verði mótbáran tekin til greina, skyldi sýslunefndin sjálfkrafa sjá um, að jörðin yrði metin á ný, og senda síðan nefndinni gjörðirnar, til þess hún gæti samið lagafrumvarp um endurskoðun á matinu.

Í sambandi við þetta er það einnig ætlunarverk nefndarinnar, að rannsaka, hverjar endurbætur sjeu nauðsynlegar að því leyti, er gjaldheimtur snertir, og sjer í lagi hvort eigi skuli taka það af, að veita sýslurnar að ljeni eins og nú tíðkast, og láta gjaldþegna greiða skatta beinlínis til landssjóðsins, en veita sýslumönnum þeim, sem nú hafa gjöld til landssjóðsins að ljeni, hæfilegt endurgjald árlega, þannig að taka skuli til greina stærð og örðugleika embættisins, og hvern arð ljenið hingað til hefur af sjer gefið; við þetta getur nefndin þar að auki fengið tækifæri til að íhuga, hvort ekki ætti að gjöra um leið álgjörða breyting á launakjörum sýslumanna einkum með því að veita þeim föst laun, og

kemur þá enn það atriði til greina, að þá mætti gjöra endurbætur á löggjöfinni um aukatekjur, en því verður að fresta, á meðan sýslumenn hafa ekki fengið föst laun.

Þess skal að endingu getið, að stjórnin hefur svo ráð fyrir gjört, að í tjeðri nefnd skuli sitja 3 menn, sem skyldu koma saman á sumrinu 1876, og vinna að starfa sínum í Reykjavík, og að minnsta kosti tveir af þeim skuli vera alþingismenn.

Um 16. grein.

Eins og gjört hefur verið á fyrirfarandi reikningsárum, er stungið upp á því hjer, að upphæð sú, sem ætlazt er til að tekjur Íslands verði meiri en útgjöldin, og sem fyrir árin 1876 og 1877 fyrst um sinn er talin að verði 67,606 kr. 9 a., sem sje fyrir 1876 37,007 kr. 88 a. og 1877 30,598 kr. 21 a., verði lögð til hjálparsjóðsins.

Um 17. gr.

Ef frumvarp til laga um að greiða skuli aðflutningsgjald af flutningsvörum þeim, sem fluttar eru til Íslands með póstgufuskipinu, frumvarp til laga, sem hafa inni að halda ákvarðanir um laun íslenzkra embættismanna o. fl., og frumvarp til laga um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi o. fl. ná lagagildi fyrir reikningsárin 1876 og 1877, þá veldur það þeim breytingum á eptirfylgjandi gjaldagreinum í fjárlögunum, sem hjer skal skýrt frá:

1) Tekjurnar í 2. gr. aukast um hjer um bil 2,000 kr., með því flutt er árlega til landsins hjer um bil 300 lestir af flutningsvöru, og er af því talið gjald, sem sje hjer um bil 1,000 kr. á ári;

2) Tekjurnar í 4. gr. 4 verða hjer um bil 16,280 kr., og um þá upphæð verða tekjurnar alls í 4. gr. hækkaðar;

3) Útgjöldin í 10. gr. A. 1. verða færð upp um 736 kr. og í B. 1. um 2,608 kr.;

4) Útgjöldin í 11. gr. 1. verða hækkuð um 21,508 kr. 66 a., og bætist hjer við launaviðbót eptir embættisaldri handa nokkrum af læknum þeim, sem nú eru settir, hjer um bil 1,800 kr.; þess skal samt getið, að þessi upphæð naumast öll mun verða borguð út, þar sem eigi verður við því búizt, að skipaðir verði læknar í öll nýju embættin á þeim árum, sem hjer er átt við;

5) Útgjöldin í 13. gr. B. I. a, aukast um 884 kr. 66 a., og í B. II. a, um 2,899 kr. 33 a.;

6) Það, sem umfram er samkvæmt 16. gr., verður talið 55,449 kr. 44 a.

I. Fylgiskjal.

Stimplaður pappír.
36 rd. 36 sk.

Leigusamningur um brennisteinsnámana í Þingeyjarsýslu, sem er eign hins íslenzka landssjóðs.

Jeg undirskrifaður Andreas Frederik Krieger, dómsmálaráðherra Hans Hátignar, konungsins yfir Danmörku, kommandeur dannebrogsorðunnar, dannebrogsmaður og kommandeur af leiðarstjörnunni, sel hjermeð samkvæmt valdi því, sem veitt er dómsmálastjórninni með konungsúrskurði 9. marz 1872, Alfred G. Lock frá Lundúnum til leigu brennisteinsnáma þá í Þingeyjarsýslu í norður- og austurumdæmi Íslands, sem er þjóðeign, með þeim kjörum, sem hjer skal sagt.

1.

Leiguliðanum veitist einkaleyfi til að hafa brennisteinstekju í tjeðum brennisteinsnámum á þeim tíma, er leigumálinn nær yfir, og eru þeir Reykjahlíðar-, Kröflunámar og Fremri námar, en með þessum samningi er honum ekki veittur rjettur til að nota eða

hagnýta sjer lóðir þær, sem liggja kringum námana, og sem ekki eru þjóðeign. Þess skal getið, að þessi leigumáli nær ekki til brennisteinsnámanna á kirkjujörðunni Þeistareykjum.

2.

Leigutíminn er 50 ár, talinn frá 1. septbr. 1872 til 31. ágúst 1922, þannig að hvorugur geti sagt samningnum upp. Þó skal mjer A. G. Lock frjálst að ganga frá þessum samningi innan 31. ágúst þ. á., að þeim degi meðtöldum.

Leiguliðinn má selja rjett sinn eptir þessum samningi ásamt þeim kvöðum, sem þar með fylgja, öðrum í hendur, sem eigi með gildum rökum verður mótmælt að sjeu áreiðanlegir og heiðarlegir menn; samt skal hann þegar skýra dómsmálastjórninni frá því, og þegar hann deyr, gengur þessi rjettur til erfingja hans.

3.

Leiguliðanum skal frjálst, hvernig hann hagar brennisteinsnáminu. Samt má eigi þvo brennisteininn í rennanda vatni, er til sjávar flýtur eða í nokkurt fiskivatn, og sömuleiðis er það sjálfsagt, að ekki má eyðileggja brennisteinsnámana; í þessu tilliti skal þess getið, að eigi má, þegar verið er að grafa upp brennistein, traðka mold ofan í hitakatlana, sem táknaðir eru með grænum lit á meðfylgjandi uppdráttum, er kennari í steinafræði við Kaupmannahafnar háskóla, J. F. Johnstrup, hefur gjört á árinu 1871.

Þegar brennisteinsnámarnir verða fengnir liðuliðanum, skal halda skoðunargjörð, og skal þá farið eptir fyrnefndum uppdráttum. Þegar leigumálinn er á enda, skal skila brennisteinsnámunum aptur, og skal þá sömuleiðis skoðunargjörð fram fara.

4.

Þar sem eigi munu verða lagðir sjerstaklegir skattar eða álögur á leiguliða og þá erfiðismenn, sem hann hefur til þess að starfa að brennisteinsnáminu, landssjóði Íslands eða sveitinni til handa, fram yfir aðra íbúa landsins, og þeir í því tilliti njóta hinna sömu rjettinda sem landsmenn, verða þeir á hinn bóginn ekki undanþegnir því, að greiða skatta þá og gjöld, sem hin almennu á hverjum tíma gildandi lög og tilskipanir eru til.

5.

Leiguliði er skyldur til að leyfa, að hið opinbera láti hafa eptirlit með brennisteinsnámunum og meðferðinni á þeim, þegar þess þykir við þurfa.

6.

Leiguliði skal borga í leigu á ári 50 £ (fimmtíu pund sterlinga) fyrir fyrsta árið (1. septbr. 1872 til 31. ágúst 1873), 60 £ (sextíu pund) fyrir annað árið, 70 £ (sjötíu pund) fyrir hið þriðja, 80 £ (áttatíu pund) fyrir hið fjórða, 90 £ (níutíu pund) fyrir fimmta árið, 100 £ (hundrað pund sterlinga) fyrir sjötta árið og hvert af hinum 44 árum, sem þar eptir fara í hönd. Leigan skal goldin dómsmálastjórninni í Kaupmannahöfn fyrir fram tvisvar sinnum á ári, nefnilega 1. septbr. og 1. marz, í hvort skipti helmingurinn af ársleigunni; skal þannig í fyrsta skipti greiða 25 £ 1. septbr. 1872 fyrir það missiri, sem líður frá tjeðum degi til 28. febr. 1873.

Leiguliðinn skal þar að auki, um leið og ritað er undir samning þennan til tryggingar því, að leiga verði goldin samkvæmt því, sem um er samið, og því að farið sje með námana eins og vera ber og þeim skilað aptur óskemmdum, gefa að veði 5,000 rd., sem skal láta til geymslu í privatbankann í Kaupmannahöfn, þannig að dómsmálastjórninni verði fengin í hendur geymsluskráin, og skal henni heimilt án dóms og laga, og án samþykkis leiguliða að fá fjeð útborgað úr bankanum, en hann má eigi greiða leiguliðanum það eða öðrum án leyfis dómsmálastjórnarinnar.

Á meðan þetta geymsluveð stendur í privatbankanum, má tálmunarlaust af hálfu dómsmálastjórnarinnar greiða leiguliðanum eða fulltrúa hans vöxtu af fjenu.

Þegar leigumálinn er á enda og búið er að skila námunum aptur óskemmdum, er dómsmálastjórnin skyld til að láta af hendi geymsluskrána við leiguliðann eða aðra, sem að rjettu lagi eiga hlut að máli.

7.

Þegar leigan er ekki goldin í tækan tíma, og sömuleiðis ef leiguliðinn skemmir námana, skal hann hafa fyrirgjört rjetti sínum eptir þessum samningi, og skal dómsmálastjórnin, þegar svo stendur á, hafa heimild til að láta taka leigumálann af honum. Þar að auki hefur hann fyrirgjört veðfjenu, og fellur það til hins íslenzka landssjóðs. Samt má dómsmálastjórnin, ef hann fyrirgjörir leigumálanum að eins sökum þess að leigan verður eigi goldin og leigan alls fyrir þau ár, sem eptir eru af leigutímanum, er minni en geymsluveðið, borga honum aptur það, sem fram yfir er.

8.

Ef leiguliðinn eigi er búinn að taka burt hús þau, sem hann hefur byggt til nota við námagröptinn, vjelar, sem hann hefur sett upp eða annað því um líkt, innan tveggja ára, annaðhvort frá því leigutíminn var liðinn, eða þegar svo vill til, sem getið er í 7. gr., frá því að leigumálinn var tekinn af honum, skal það allt verða opinber eign, án þess að honum verði goldið nokkuð fyrir.

9.

Verði ágreiningur um, hvort leiguliðinn noti svo námana, að þeir eyðileggist, skal skera úr því með gjörð, og skal hvor málspartur kjósa mann til þess; gjörðarmenn skulu, ef þeir geta eigi orðið á eitt sáttir, sjálfir velja oddamann til úrskurðar. Verði því ekki komið við af einhverri orsök, að málið verði útkljáð með gjörð, er pörtunum heimilt, að láta það ganga til dóms og laga; verði að öðru leyti ágreiningur út af þessum samningi, skal leggja málið undir úrskurð dómstólanna, og skal í báðum tilfellum hinn konunglegi landsyfirrjettur hirðar- og staðarrjettur í Kaupmannahöfn vera hið rjetta varnarþing málsins; skal leiguliðinn jafnan hafa mann, sem á heimili hjer, til þess að taka á móti stefnu og fyrirkalli með sama fresti og innanbæjarmaður, og rita á samninginn, um leið og skrifað er undir hann, hver sá maður sje. Sömuleiðis skal leiguliði, ef dómsmálastjórnin vill hafa fram vitnaleiðslu, skoðunargjörð, eða yfir höfuð að tala höfða mál við dóm í Þingeyjarsýslu, vera skyldur til að hlýða stefnu fyrir þeim dómi, þannig að hún sje birt við námana, og má þar stefna með sama fresti og hann væri innansýslumaður.

10.

Kostnaðinn við samning þennan, að því leyti, er snertir stimplaðan pappir og þinglýsing, skal leiguliði greiða, og sömuleiðis kostnað þann, sem ris af þeim gjörðum, sem fram fara, er námarnir verða fengnir honum eða hann skilar þeim aptur.

Leigumálinn skal vera tvíritaður, og skal annað exemplarið vera í vörzlum dómsmálastjórnarinnar, en hitt fengið í hendur A. G. Lock.

Jeg Alfred G. Lock frá Lundúnum geng að þessum samningi með þeim skilmálum, sem nefndir eru að framan.

Við útreikning á verði hins stimplaða pappírs, er gangverðið á pundi sterling talið 9 rd.

Kaupmannahöfn, 13. dag aprílmánaðar 1872.

Krieger. *Fyrir hönd Alfreds G. Lock.*
Ad. C. Crowe.

Vitundarvottar:
Ricard. Poulsen.

II. Fylgiskjal.

Reikningur yfir styrktarsjóð Íslands fyrir fjárhagsárið 1874—75.

dagur.		rd.	sk.	rd.	sk.
1874.	Tekjur:				
	Innskriptarskírteini, C. fol. 3446, á 15,500 rd.;				
júní 4.	½ árs vextir til gjalddaga 11. júní 1874 af fyrnefndu innskriptarskírteini	310.		310.	
ágúst 11.	Samkvæmt brjefi stjórnarráðsins 2. maí 1874 er hjá stórkaupmanni Hillebrandt tekið við upp í kornlán það, sem veitt var Skagafjarðarsýslu á árinu 1867	430.	18		
— 17.	Í sjóði samkvæmt höfuðbókinni fyrir $18^{73}/_{74}$ . . .	808.	63½	1,238.	81½
septbr. 18.	Samkvæmt brjefi stjórnarráðsins 14. septbr. 1874 er í aðalfjehirzlu ríkisins tekið við sem endurgjaldi upp í lán og vöxtu af kornláni:				
	a. frá ýmsum sveitum í Austur-Skaptafellssýslu í suðurumdæmi Íslands	14.	39		
	b. frá ýmsum sveitum í Skagafjarðar og Eyjafjarðar sýslum	21.	31		
	c. frá sveitum í Snæfellsnessýslu	214.	22	249.	92
oktbr. 28.	Samkvæmt brjefi stjórnarráðsins 25. júlí 1874 er, samkvæmt ávísun, hjá stórkaupmanni F. Gudmann tekið við til endurgjalds upp í kornlán það, sem veitt var sveitum í Eyjafjarðarsýslu árið 1867 . .	385.	21	385.	21
nóvbr. 30.	½ árs vextir til gjalddaga 11. desbr. 1874 af fyrnefndu innskriptarskírteini C. fol. 3446, á 15,500 rd. . .	310.		310.	
1875.				2,494.	2½
april 16.	Samkvæmt brjefi stjórnarráðsins fyrir Ísland, 15. apríl 1875, er bráðabyrgða-skírteini nr. 109 upp á 36,000 kr., sem getið er hinumegin og var með tekið 12. marz s. á., afhent á ríkisskulda-skrifstofunni og þar fyrir fengið innskriptarskírteini G. fol 66, útgefið 9. apríl 1875, fyrir 36,000 kr.				
				= 4,988 kr.	5 a.

dagur.		kr.	a.	kr.	a.
1875.	Útgjöld:				
marz 6.	Samkvæmt brjefi stjórnarráðsins fyrir Ísland 4. marz 1875 eru keypt eptirfylgjandi 4 ríkisskuldabrjef, sem goldnir eru af í vöxtu 4 af hundraði:				
	K. nr. 4604 upp á 1000 rd. = 2000 kr.				
	— — 17540 — - 1000 — = 2000 —				
	og N. — 5793 — - 500 — = 1000 —				
	alls . . . 5000 kr.				
	fyrir þessi skuldabrjef er goldið 93 fyrir hvert hundrað ásamt með vöxtum frá 11. desbr. 1875 og miðilsgjaldi og stimpli á kaupmiðanum, alls	4,702.	2	4,702.	2

dagur. 1875. marz 12. Samkvæmt brjefi tjeðs stjórnarráðs 9. marz 1875 er fyrnefnd 3 ríkisskuldabrjef alls upp á 2500 rd. (5000 kr.) og innskriptarskírteini C. fol. 3446, upp á 15,500 rd. (31,000 kr.) afhent í ríkisskuldaskrifstofunni, til þess það allt yrði ritað í innskriptarbókina, og er með tekið þar fyrir bráðabyrgðainnskriptarskírteini nr. 109., dagsett 12. marz 1875 fyrir 36,000 kr.

III. Fylgiskjal.

Í tilefni af brjefi stjórnarráðsins 27. maí 1874 leyfi jeg mjer, að láta uppi eptirfylgjandi lýsing á Reykjavíkur dómkirkju, og uppástungu og áætlun um meiri háttar aðgjörð á henni.

Kirkjan er svo útlítandi bæði að utan og innan, að öll líkindi eru til, að sá hluti af múrnum, sem byggður er úr tígulsteinum, eigi verði endurbættur, þar sem múrinn á ýmsum stöðum er jetinn í sundur af veðrinu inn í miðjan vegg. Helluþakinu, sem upphaflega hefur verið illa lagt á, þar sem hellurnar eigi ná hver yfir aðra sem skyldi, hefur seinna verið fengin aðgjörð, og hefur verið borið á steinlím, en er samt óþjett; jeg álít þess vegna, að nauðsyn sje til, að allt þakið sje lagt að nýju á borð, sem gröpuð eru saman.

Aðalkirkjan

er 7 áln. hátt byggð úr höggnu grjóti, og er sá hluti múrsins, þó hann að eins sje dreginn múrlími frá Borgundarhólmi, í góðu standi; hinn hluti múrsins, hjer um bil í 5 áln. hæð, svo og gaflbustin og afbyggingar, er byggður úr tígulsteinum, og þótt optlega mikil aðgjörð hafi fram farið á múrnum, er hann sundurjetinn að utan, einkum þær hliðarnar, er snúa til suðurs og austurs. Múrinn að innan er í góðu standi, svo langt sem höggna grjótið nær, en þar fyrir ofan, þar sem múrinn er úr tígulsteinum, kemur á suður- og austurhliðinni úr honum grænn slepjulegur vökvi.

Gluggumgjörðirnar, sem eru úr steyptu járni með smám glerrúðum, sem greyptar eru í blý, hafa eigi þolað ofveðrin, og eru nú að nokkru leyti settar heilar rúður í staðinn.

Gólfið og viðirnir undir því eru fúnir; þegar gjört verður annað gólf, verður að sjá um, að hreint lopt geti komizt að.

Stólarnir eru í góðu standi, en munu verða fyrir nokkrum skemmdum, þegar taka skal upp gólfið.

Þótt endarnir á bitunum sjeu nokkuð skemmdir, þar sem þeir hafa snert múrinn, eru bitaásarnir og einnig stoðirnar og sperrurnar í allgóðu standi, ef lítið eitt verður gjört að þeim.

Mestallt af litum og skrauti er dauft og skrælþornað; gyllingin, stólarnir í kirkjunni og prjedikunarstóllinn eru í góðu standi, en samt verður að líta eptir þeim, ef gjört verður að kirkjunni. Litur á veggjunum er alveg eyddur af slepju þeirri, sem kemur úr múrum þeim, sem hlaðnir eru af tígulsteinum. Járngrindurnar á kirkjupallinum og skraut það, sem er neðan á loptinu, er í mjög góðu standi.

Anddyrið,

sem er fyrir framan aðalinnganginn, er frá grundvelli hlaðið upp úr tígulsteinum; þótt það viti í vesturátt, og liggi bezt við fyrir veðri, fellur múrskelin samt af, einkum að neðanverðu. Veggirnir eru rakir að sunnanverðu. Bita og sperrur, sem nú eru, má nota aptur.

Kórinn

er hlaðinn úr tígulsteinum, og er hann mest af sjer genginn, þar sem allur múrinn því nær er jetinn sundur; að innan eru veggirnir þaktir slepju, töflupilið til beggja hliða og við gólfið fúið og lágskurðarmyndirnar eyðilagðar; altaristaflan hefur skemmzt mjög. Loptið og þakið má samt nota aptur.

Í skrúðhúsinu og sprautugeymsluhúsinu

eru múrarnir í jafnljelegu standi og í kórnum; trjeð er fúið nema í þakinu.

Eptir þessari lýsingu er það álit mitt, að það sje eigi til neins gagns, að gjöra svo að kirkjunni, að einungis verði ráðin bót á verstu göllunum. Til þess að bjarga því, sem enn þá er nýtilegt og óskemmt af kirkjunni, er nauðsyn á, að rífa múrana svo, að eins standi eptir hinir gömlu grjótmúrar, byggja allt upp aptur úr íslenzku grjóti og draga á himnu af múrlími, en svo hefur reynzt, að það eigi svo vel við gamla múrinn, sem hlaðinn er úr íslenzku grjóti, að það að eins verður riðið af með góðum meitlum.

Ef stækka skyldi kirkjuna, þá hefði það svo mikinn kostnað í för með sjer og mundi spilla til um fegurð kirkjunnar, að jeg álít það betur henta, að byggja aðra kirkju minni, ef það með tímanum reynist, að söfnuðurinn komist eigi fyrir í dómkirkjunni á hátíðunum, enda mundi það koma sjer betur, þar sem sóknin er svo stór um sig.

Útgjöldin við aðgjörð þessa yrðu:	rd.	mk.
fyrir að styðja bitana, á meðan verið er að rífa múrinn	250	
— að rífa niður múrinn, sem er 12,000 teningsfet, fyrir hvert 4 sk. .	500	
— að hlaða upp múr með kalki, 12,000 teningsfet, fyrir hvert 14 sk. .	1,750	
— grundvöll, 1,000 teningsfet, fyrir hvert 10 sk.	104	1
— að draga á múrinn utanverðan múrlímshimnu í ferhyrningum, 1400 ferhyrningsfet, fyrir hvert 2 mörk	466	4
— að draga á múrana að innanverðu kalk, 2400 ferhyrningsfet, fyrir hvert 12 sk.	300	
30 glugga-umgjörðir, hver á 3 rd.	90	
1 dyra-umbúningur	25	
70 teningsfaðmar af tilhöggnu hraungrjóti, fyrir hvern 40 rd.	2,800	
múrlím	300	
245 tunnur af kalki, með flutningskaupi, 7 rd. hver tunna	1,715	
1750 tunnur af sandi, hver á 40 sk.	729	1
fyrir að leggja á aptur helluþakið með því að nota hellurnar, sem nú eru, að svo miklu leyti sem þær eru nýtilegar, og leggja samangrópuð borð á sperrurnar	1,185	
— að leggja nýtt gólf um alla kirkjuna	1,225	
aðgjörð á bitaendum og sperrum	300	
aðgjörð á trjesmíði og endurnýjun þess	600	
skraut og litun	700	
fyrir að setja gler í gluggana	100	
— þátarsmíði	125	
samtals	13,265	»

Kaupmannahöfn, 18. júlí 1874.

Þegnsamlegast

G. Klentze.

IV. Fylgiskjal.

Skrá yfir eptirlaun og styrktarfje til embættismanna og embættismannaekkna og barna, sem greiða bar af hinum íslenzka landssjóð 1. janúar 1875.

		kr. a.
	A. Embættismenn.	
1.	Stefán Gunnlögsen, kammerráð, bæjarfógeti í Reykjavík . . . . konungsúrskurður 11. júní 1849; frá 1. ágúst 1848.	1,600.
2.	Bjarni Thorsteinson, konferenzráð, amtmaður á Íslandi . . . . konungsúrsk. 2. marz 1849; frá 2. marz 1849.	3,000.
3.	Johan Peter Weywadt, hjeraðslæknir í norðurumdæmi vesturamtsins konungsúrsk. 19. des. 1850; frá 1. janúar 1856.	260.
4.	C. H. U. Bolbroe, hjeraðslæknir á Vestmannaeyjum . . . . . konungsúrsk. 21. sept. 1839.	400.
5.	Adolph Christian Baumann, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósar sýslu konungsúrsk. 19. nóvemb. 1860; frá 6. júní 1861.	982. 18
6.	Björn Gunnlaugsson, yfirkennari við hinn lærða skóla í Reykjavík . konungsúrsk. 10. febr. 1862; lög 9. desemb. 1861; frá 1. apríl 1862.	2,000.
7.	Þórður Guðmundsson, kammerráð, sýslumaður í Árnessýslu . . konungsúrsk. 19. febr. 1867; frá 1. júlí 1867.	1,887. 18
8.	Jörgen Peter Havstein, amtmaður yfir norður- og austurumdæmi Íslands konungsúrsk. 15. sept. 1870; frá 1. nóvemb. 1870.	2,540.
9.	Benidikt Sveinsson, yfirdómari í hinum konunglega íslenzka landsyfirrjetti . . . . . tilsk. 27. janúar 1872; frá 1. apríl 1871.	900.
		13,569. 36
	B. Embættismanna ekkjur og börn.	
1.	Hildur Thorarensen, fædd Benedictsen, ekkja Bjarna amtmanns Thorarensens. konungsúrsk. 13. janúar 1843; frá 1. janúar 1842 . . . . . 100 rd. konungsúrsk. 28. desemb. 1844; frá 1. janúar 1844 . . . . . 50 — 150 —	300.
2.	Kristín Ingvarsdóttir Sverrison, ekkja sýslumanns E. Sverrisons . konungsúrsk. 19. júni 1844; frá 4. júlí 1843.	100.
	yfir um	400.

		kr. a.
	handan að	400.
3.	Sigríður Thorgrimsen, ekkja land- og bæjarfógeta S. Thorgrimsens konungsúrsk. 7. júní 1833; frá 21. febr. 1831.	200.
4.	Guðrún Brynjúlfsson, fædd Thorarensen, ekkja dr. philos. Gísla prests Brynjúlfssonar . . . . . konungsúrsk. 30. júní 1837; frá 1. janúar 1836.	40.
5.	Nikolína María Finsen, fædd Möller, ekkja kammerráðs yfirdómara í yfirrjettinum O. Finsens . . . . . konungsúrsk. 30. júní 1837; frá 24. febrúar 1836.	200.
6.	Arnbjörg Bjarnadóttir Kjerúlf, ekkja hjeraðslæknis Kjerúlfs . . . konungsúrsk. 11. júní 1840; frá 1. janúar 1839.	100.
7.	Elín Thorstensen, fædd Stephensen, ekkja jústizráðs, landlæknis Jóns Thorstensens. konungsúrsk. 20. ágúst 1855; frá 1. marz 1855 . . . . . 164 rd. 56 sk. samkvæmt lögum 31. marz 1864 viðbót frá 1. apríl 1864 . . . . . 35 — 40 — 200 rd. =	400.
8.	Anna María Johnsen, fædd Olsen, ekkja hjeraðslæknis Eggerts Johnsens konungsúrsk. 20. febr. 1856; frá 1. ágúst 1855.	138. 75
9.	Ragnheiður Thorarensen, fædd Melsteð, ekkja sýslumanns V. Thorarensens í Strandasýslu . . . . . konungsúrsk. 24. maí 1856; frá 1. ágúst 1854.	100. 79
10.	Pálína María Baltzartína Kohl, fædd Christensen, ekkja kapteins, sýslumanns Kohls á Vestmannaeyjum . . . . . frá 1. febr. 1860.	246. 22
11.	Ingileif Melsteð, ekkja amtmanns Páls Melsteðs . . . . . frá 1. júní 1861.	509. 56
12.	Clara Margrjet Snæbjörnsson, fædd Benzon, ekkja sýslumanns Jóns Snæbjörnssonar í Borgarfjarðarsýslu . . . . . frá 2. sept. 1860; enn fremur styrkur til húsaleigu á ári	212. 87 40.
13.	Þórdís Thorstensen, fædd Melsteð, ekkja sýslumanns Jónasar Thorstensens í Suður-Múlasýslu . . . . . frá 1. nóvember 1861; konungsúrsk. 20. okt. 1862; þar að auki, þar til sonur hennar Jón, fæddur 30. ágúst 1858, er orðinn 18 ára	367. 68 60.
	yfir um	3,015. 87

		kr. a.
	handan að	3,015. 87
14.	Ingibjörg Schulesen, fædd Sandholt, ekkja kammerráðs, sýslumanns S. Schulesens í Þingeyjarsýslu	416. 60
	frá 1. maí 1862.	
15.	Börge Esaias Bernhof Lind, sonur hjeraðslæknis Linds heitins í suðurumdæmi vesturamtsins, fæddur 11. janúar 1858, þar til hann er orðinn 18 ára að aldri	100.
16.	Guðlaug Guttormsdóttir Hjálmarsson, ekkja kanselíráðs, hjeraðslæknis Gísla Hjálmarssonar í austurumdæmi norður- og austuramtsins	194. 20
17.	Antonía Jósefína Thorarensen, fædd Thorlacius, ekkja sýslumanns B. Thorarensens í Dalasýslu	228.
	þar að auki handa 2 börnum hennar, þar til þau eru orðin 18 ára:	
	1) Herdísi, fæddri 31. júlí 1859	50.
	2) Önnu Guðrúnu, fæddri 30. desember 1861 . . .	50.
	konungsúrsk. 21. janúar 1869.	
18.	Þórunn Stefánsdóttir Ottesen, fædd Scheving, ekkja sýslumanns Ottesens í Mýra- og Hnappadalssýslu	38. 20
19.	Kristín Ólína Thoroddsen, fædd Sivertsen, ekkja sýslumanns Jóns Thoroddsens í Borgarfjarðarsýslu	236. 50
	frá 1. apríl 1868;	
	konungsúrsk. 13. apríl 1869.	
	þar að auki handa börnum hennar 2, þar til þau eru orðin 18 ára:	
	1) Skúla, fæddum 6. janúar 1859	50.
	2) Sigurði, fæddum 16. júlí 1863	50.
20.	Maren Ragnheiður Friðrikka, fædd Thorarensen, ekkja sýslumanns Jóhannesar Guðmundssonar í Mýra- og Hnappadalssýslu . .	289. 83
	frá 1. apríl 1869;	
	konungsúrsk. 10. sept. 1870.	
	þar að auki handa yngstu börnum hennar 4, þar til þau eru orðin 18 ára:	
	1) Lárusi, fæddum 4. nóvemb. 1858	50.
	2) Sigríði, fæddri 20. ágúst 1864	50.
	3) Jóhannesi, fæddum 17. janúar 1866	50.
	4) Jóhannesi Ellert Kristni, fæddum 2. sept. 1869 . .	50.
21.	Ingibjörg Magnúsen, ekkja sýslumanns í Dalasýslu, Kristjáns Magnúsens	262. 89
	frá 1. ágúst 1871.	
22.	Ragnheiður Thorarensen, ekkja hjeraðslæknis kanselíráðs Skúla Thorarensens	273. 33
	frá 1. maí 1872.	
23.	Ragnheiður Jensdóttir, fædd 20. ágúst 1858	160.
24.	Ingibjörg Jensdóttir, fædd 25. sept. 1860	160.
	yfir um	5,775. 42

		kr. a.
	handan að	5,775. 42
25.	Þórður Jensson, fæddur 1. ágúst 1863	160.
	börn Jens heitins Sigurðssonar, forstjóra hins lærða skóla í Reykjavík, þar til þau eru 18 ára, konungsúrsk. 13. maí 1875.	
26.	Camilla Tómasson, ekkja hjeraðslæknis Þórðar Tómassonar . . .	184.
	frá 1. desemb. 1873;	
	konungsúrsk. 20. júní 1874.	
	Enn fremur handa börnum hennar 2, þar til þau eru orðin 18 ára:	
	Alpha Maríu, fæddri 10. sept. 1867	60.
	Þóri Tómasi, fæddum 7. desemb. 1871	60.
27.	Valgerður, dóttir Jóns heitins Jónssonar skólakennara	40.
		6,279. 42

Þegar landshöfðingi lagði frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland fyrir árin 1876 og 1877 fram fyrir neðri deild alþingis á 2. fundi þingdeildarinnar 2. dag júlímán., gat hann þess, að samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar ætti að semja lög fyrir 2 ár, sem hefðu inni að halda reglur um tekjur og útgjöld landssjóðsins. Eptir frumvarpi þessu væru tekjurnar 481,967 kr. 46 a., en útgjöldin 414,461 kr. 37 a.; afgangurinn 67,606 kr. 9 a. ætti að leggjast til hjálparsjóðsins. Eins og hinir háttvirtu þingmenn vissu, hefði stjórnin enn eigi fundið ástæðu til að stinga upp á nýjum tollum; því að það hefði þótt æskilegt, að rannsaka fyrst skattamálið í heild sinni; þingmönnum væri kunnugt, að tilraun hefði áður verið gjörð í þessu máli, en sjer þætti heppilegt, að úrslitum þess hefði verið frestað, til þess er alþingi hefði fengið fjárvald. En alþingi mundi vera stjórninni samdóma í því, að þessu máli mætti eigi fresta lengur. Stjórnin hefði áformað, að setja nefnd til nýrrar skattalöggjafar, og í því tilliti skýrskotaði hann til 33. og 34. bls. athugasemdanna, (42. bls. hjer) þar sem tekið væri fram, að að minnsta kosti tveir menn í nefndinni skyldu vera alþingismenn. Hvað formið snerti, væri frumvarpið líkt því, sem það fyr hefði verið, að eins með fáeinum breytingum. Þannig skyldi alþingistollurinn framvegis skoðast sem tekjur, er beinlínis rynnu í landssjóðinn. Samkvæmt ósk alþingis áður fyr væru í 4. gr. frumvarpsins tekin upp kollektan og læknasjóðurinn; þangað til önnur læknaskipun væri komin á, ætti afganginum að verja til að auka innstæðufje sjóðsins, og yrði hann talinn með öðrum tekjum landssjóðsins; sömuleiðis skyldu tekjur styrktarsjóðsins samkvæmt konungsúrskurði 25. júlí 1844 verða lagðar við innstæðuna. Af ástæðum þeim, er teknar væru fram á 18. bls. athugas., áliti hann æskilegt, að allir reikningar yrðu endurskoðaðir á Íslandi, í stað þess, að það hingað til hefur verið gjört í Kaupmannahöfn. Kostnaðurinn, er af þessu leiddi, væri 1600 kr. Í 12. gr. frumvarpsins og á 27. bls. athugasemdanna (36. bls.) væri stungið upp á, að auka póstferðirnar með einni ferð á vetri; væri gjört ráð fyrir, að það mundi kosta 660 kr. Breyting sú, er gjörð hefði verið á póstmálunum, sagðist hann ætla, að væri yfir höfuð heppileg. Því næst gat hann þess, að til aðgjörðar á dómkirkjunni væri ætlaðar 29,318 kr. Þetta væri að vísu mikill kostnaður, en ástand dómkirkjunnar væri svo illt, að brýn nauðsyn væri til bráðra aðgjörða. Um þetta atriði sjá fylgiskjal III. á bls. 42 í athugasemdunum. Loksins gat hann þess, að þegar samin hefði verið áætlun þessi, hefðu eigi verið komnar nákvæmar eða áreiðanlegar

skýrslur um tjón af eldgosunum fyrir norðan, og væri því í áætluninni eigi gjört ráð fyrir neinum útgjöldum í þá átt. En hann kvaðst vonast eptir að fá fyrir þinglok nákvæma skýrslu um þetta efni, enda treysti hann þá og þingmönnum til að veita alla þá aðstoð, sem auðið væri til að hjálpa hinum bágstöddu bræðrum sínum, er hjer ættu hlut að máli.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 5. fundi neðri þingdeildarinnar 7. dag júlímán. kom samkvæmt dagskránni til fyrstu umræðu frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland fyrir árin 1876 og 1877.

Grímur Thomsen sagði, að þegar litið væri á frumvarp þetta, væri það fljótsjeð, að mikill munur væri á því og frumvörpum þeim, er fyr hefðu lögð verið fyrir alþingi, og bæri það með sjer, að það væri lagt fyrir löggjafarþing; mætti vel sjá, að óskir þingsins hefðu í mörgum atriðum verið teknar til greina í frumvarpi þessu. Þannig væru í 4. gr. bæði spítalasjóðurinn og styrktarsjóðurinn teknir sjer inn í frumvarpið. Á 40. bls. athugasemdanna væri gefið nákvæmt yfirlit yfir styrktarsjóðinn. Sjálfsagt væri það, að í mörgum öðrum greinum væru óskir þingsins ekki teknar til greina í frumvarpinu. Hann stakk upp á 7 manna nefnd, og ef sú nefnd þættist þurfa að vera fjölskipaðri, þá mætti samkvæmt þingsköpunum bæta seinna við tveim mönnum.

Þórarinn Böðvarsson áleit, að málið gengi greiðara, ef 9 manna nefnd væri sett, þá mætti fyrst ræða málið í þrennu lagi, og svo gætu allir partarnir borið sig saman.

Síðan var samþykkt í einu hljóði, að málið skyldi ganga til annarar umræðu, og var samþykkt að setja þegar 7 manna nefnd. Var þá gengið til kosningar, og hlutu þessir kosningu:

Grímur Thomsen . .	með	21 atkv.
Tryggvi Gunnarsson . .	—	21 —
Einar Ásmundsson . .	—	20 —
Jón Sigurðsson frá Gautl.	—	19 —
Halldór Kr. Friðriksson .	—	18 —
Snorri Pálsson . . .	—	15 —
Guðmundur Einarsson .	—	14 —

Í nefndinni var Grímur Thomsen kosinn formaður og framsögumaður, en Einar Ásmundsson skrifari.

NEFNDARÁLIT
um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1876—77.

Fyrri kafli (1.—6. gr.)

Nefnd sú, sem neðri deild alþingis hefur kosið til að íhuga frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland fyrir árin 1876 og 1877, skal í öndverðu geta þess, að henni hefur ekki verið mögulegt að leysa starfa sinn svo fljótt af hendi, sem æskilegt hefði verið. Kemur bæði það til þess, að þetta eru hin fyrstu fjárlög, sem löggefandi alþingi á að fjalla um, og þótti það því nauðsynlegt, að vanda þau svo, að þau, ef til vill, gætu orðið svo sem undirstaða fyrir fjárlög seinni tíma, að minnsta kosti að forminu til. Enda var skortur á mörgum af þeim skýringum, sem ekki má án vera, ef frumvarpið á að vera í nokkru lagi. Skal nefndin sjer til afsökunar og fyrirvara eptirleiðis benda á það, að nefndarstörf í öðru eins máli og þessu mundu ganga fljótar og greiðar, ef landstjórnin að ótilkvöddu gæfi allar þær skýringar um hverja vafasama grein, sem hún hefur í höndum, annaðhvort strax, þegar fjárlagafrumvarpið er lagt fyrir þingið, eður að minnsta kosti undir eins og búið er að kjósa nefndina í þessu máli. Meira að segja er þetta landstjórninni sjálfri í hag, því það getur stundum staðið svo á, að nefndin og með henni þingið ráði frá einni eður annari gjaldagrein sökum þess, að ekki eru nægileg rök leidd fyrir því, að hún sje nauðsynleg, fyrir því, að á henni liggi nú þegar, eður fyrir því, að ekki megi komast af með minna en þá upphæð, sem beðið er um.

Til dæmis má taka, að þegar stungið er upp á launaviðbót handa einhverjum embættismanni (landlækninum t. d.), þá ætti að fylgja skýrsla um allar tekjur embættismannsins,

hvort heldur í einni eða fleiri embættisstöðum o. s. frv. Þegar stungið er upp á fje til bygginga, eiga því að fylgja skýringar um, að þvílíkt fyrirtæki sje nauðsynlegt á því tímabili, sem fjárlögin ná yfir, einnig uppdrættir og áætlanir frá fleiri en einum byggingameistara um nauðsynlegan kostnað við bygginguna. Nefndin hefur að þessu sinni orðið að leita þessara skýringa hjá hinum og þessum, bæði embættismönnum og öðrum, og þó að allir þessir menn góðfúslega hafi látið þær skýringar í tje, sem þeir áttu ráð á, þá vantar samt, hvað sumar þeirra snertir, mikið á, bæði að þær í sjálfu sjer sjeu fullnægjandi, og sjer í lagi að þær sjeu eins fullvægar, eins og ef þær hefðu komið frá hinni æðstu landstjórn sjálfri.

Mestum örðugleika hefur það þó valdið nefndinni, hversu reikningsfærslan á reikningum landsins er flókin og óglögg. Kemur þetta sjálfsagt með fram af því, að tekjur landsins renna í 2 sjóði, sem eru hvor öðrum mjög fjarlægir, og að útgjöld landsins sömuleiðis renna úr þeim báðum, en þar að auk virðist allt of langur tími líða á milli áætlana og reikningsyfirlita. Hefur það til dæmis verið nefndinni til mikillar tálmunar í starfa sínum, að reikningsyfirlitið fyrir 1874 enn þá er ókomið til þingsins. Vilji nú nokkur svara því, að eldri áætlanir og reikningsyfirlit sjeu þessu þingi óviðkomandi, og að ætlunarverk þess einungis sje að yfirvega fjárlagafrumvarpið fyrir 1876—77, þá liggur svarið beint við, að óvinnandi verk er það fyrir þingið, að glöggva sig t. d. á viðlagasjóð (hjálparsjóð) landsins, ef það má ekki endurskoða reikninga þá fyrir fyrri árin, sem komið hafa frá stjórninni um þessa tekjugrein.

Sama er að segja um það, að í frumvarpi stjórnarinnar eru á stundum fleiri tekjueða útgjalda-tegundir sameinaðar í einni tekjueða útgjalda-grein (t. d. 2. gr. 8. og 12. tölul., 15. útgjaldagr. o. s. frv.), en aptur á móti er önnur eins tekjutegund eins og 2. gr. 2. tölul., sem ekki nemur nema 64 kr. á ári, látinn standa sjer. Sömuleiðis er tekjum og útgjöldum stundum slengt saman t. d. á útgjaldadálknum 12. gr. (póststjórnin) og á tekjudálknum 2. gr. 11. tölul.

Enn fremur skal þess getið, að í áætluninni er vikið frá þeirri reglu, sem almennt er fylgt í öðrum löndum, að Danmörku sjálfri eigi undantekinni, nefnil. að semja fjárhagsáætlanir eptir meðaltali hinna 5 síðast undanförnu ára. Þessu er eigi fylgt í þeirri áætlun, sem hjer ræðir um, og hefur ef til vill eigi orðið fylgt sökum þess, að reikningsyfirlitið fyrir 1874 enn er óbúið. En þess kynlegra er það, að reikningsyfirlitið frá 1. apr. til 31. des. 1873 hefur eigi verið lagt til grundvallar fyrir þessari áætlun. Er sú röksemd leidd að því, að þetta yfirlit nær ei nema yfir $^3/_4$ árs, en þessi ástæða virðist ljettvæg, þegar að er gáð, að t. d. í 2. gr. á tekjudálkinum ná 12 af tekjutegundunum yfir allt árið og ekki nema 4 yfir 9 mánuði að eins. Áætlunin hlýtur að vera þess óáreiðanlegri, sem hún er byggð á eldri reikningum, því bæði tekjugreinarnar sjálfar, verðlag á hlutum og fl. breytist því meir sem lengra líður frá. Tökum til dæmis gjald af brennivíni og fl. Þegar þetta gjald fyrst varð að tekjugrein í reikningum landsins, voru kaupmenn þegar búnir að byrgja verzlanir sínar svo með brennivíni og spritti, að þeir eptir kunnugra manna áliti lítið sem ekkert þurftu að borga í 2 ár margir hverjir, en síðan eptir því sem byrgðirnar gengu upp, hefur gjaldið stórum aukizt, þannig, að eptir þeim skýringum, sem nefndin hefur í höndum, en sem þó enn vantar í, náði það fyrir árið 1874 hjer um bil 28,000 rd. (56,000 kr.) upphæð, og er þó í því frumvarpi, sem hjer ræðir um fyrir árin 1876 og 77, ekki áætlað nema 40,000 kr., sjálfsagt af því að stjórnin hefur byggt áætlun sína á reikningsárum, sem liggja of langt til baka. Nefndin hefur því í sínu frumvarpi til fjárlaga, sem nú verður lagt fyrir þingið, áætlað tvöfalda upphæð við þá, sem stjórnarfrumvarpið til tekur, nefnilega 80,000 kr. á ári, eða 160,000 kr. fyrir bæði árin. Það má eptir landshagsskýrslunum gjöra ráð fyrir, að hjer um 500,000 pottar af alls konar vínföngum flytjist hjer til landsins á ári

hverju. Þetta mundi, að frádregnum innheimtulaunum, gefa hjer um 49,000 rd. eður 98,000 kr., en nefndinni hefur þótt rjettara að færa þessa upphæð talsvert niður, og er vonandi, að vanhöldin nemi ekki meiru, en 18,000 kr. Reikningsfærsla landsins, sem nú á sjer stað, lýsir sjer í fleiru en þessu, og kemur sjálfsagt til af því, að reglugjörðinni frá 13. febr. 1873 um opinber reikningsskil og heimtngu opinberra gjalda á Íslandi, er ekki fram fylgt eins og vera ber. Þessa reglugjörð hefur stjórnin sjálf búið til fyrir sig og sína embættismenn, sjálfsagt eptir undirlagi landshöfðingjans, og getur þingið því eptir áliti nefndarinnar ekki sýnt landstjórninni neina vorkunnsemi í þessu efni, því hún mátti sjálf bezt vita, hvort lífað yrði eptir þeim reglum, sem hún setti. Reglugjörðin skipar svo fyrir, að sýslumenn og umboðsmenn skuli hafa reikninga sína tilbúna fyrir lok hvers febrúarmánaðar næst á eptir reikningsárinu. Með þessu móti ættu allir reikningar fyrir undanfarandi ár að vera komnir til stjórnarinnar með fyrstu póstskipsferð árið eptir, og virðist þá vera nægur tími fyrir stjórnina til að semja og birta reikningsyfirlitið, í seinasta lagi áður en alþingi kemur saman (1. júlí). Með þessu móti hefði reikningsyfirlitið fyrir 1874, eptir reglugjörð stjórnarinnar sjálfrar, átt að geta verið tilbúið og þinginu tilkynnt. Í sömu reglugjörð er landshöfðingjanum skipað að sjá svo fyrir, að reikningshaldarar standi reikning og borgi í rjettan tíma, og honum í sjálfs vald sett að gjöra þær ráðstafanir, sem þurfa þykir til að framkvæma þetta. Nefndin verður því að vera á þeirri skoðun, að ábyrgðin í þessu tilliti hvíli á landshöfðingjanum. Nefndin vill í þetta skipti ekki stinga upp á neinu ráði til að koma þessari ábyrgð fram á hendur landshöfðingjanum, en gengur að því vísu, að þessi bending frá þingsins hálfu sje nægileg til þess, að landshöfðinginn sjái um, að reikningsyfirlitin eptirleiðis verði alþingi tilkynnt í tæka tíð.

Nefndinni hefur framvegis verið tilfinnanlegt, að allar upplýsingar vantar um byggingarmáta á umboðs- og klaustur-jörðum landssjóðsins. Því meðan engin skýring er fyrir því, hvað gjalda eigi af hverri jörð að rjettu lagi, er ómögulegt að ætla á upphæð þessarar tekjugreinar með neinni vissu. Fjárlagafrumvörpum annara landa, og sjer í lagi þess lands, sem liggur oss næst, Danmerkur, fylgja allajafna fylgiskjöl (Underbilag) um þessa grein þingi og þjóð til leiðbeiningar, og til nauðsynlegs eptirlits með umboðsstjórninni, að hún gjöri þessar eignir svo arðberandi fyrir landið, sem lög og samningar heimila, að hún, við leiguliðaskipti, breyti samningunum á sem haganlegastan hátt, að hún gangi nógu fast eptir afgjöldunum, að hún sjái um, að eignirnar ekki gangi af sjer o. fl. Því sje t. d. fiskvirðið í umboðsgjöldunum sumstaðar reiknað á $2^1/_4$ sk. eða hjer um bil 5 aura, líkt og á sjer stað við lögmannstollinn, í staðinn fyrir 12—13 sk. eða 25—27 aura, þá þarf ekki lengur vitnanna við um það, hvernig umboðsjörðunum er ráðstafað. Nefndin hefur heyrt, að leigur af innstæðukúgildum á sumum umboðsjörðum sjeu að eins 80 sk. eða 166 aurar, þar sem hver einstakur jarðeigandi, að frá dregnum innheimtulaunum, hefur minnst 10 krónur upp úr kúgildinu, og optast meir. Þetta og því um líkt þarf bráðra umbóta við. Sama er að segja um það, hversu ómissandi er að vita, hvort umboðsjarðirnaar halda óskertum þeim innstæðukúgildum, sem þeim eiga að fylgja, og hafi þar á orðið breytingar, hvernig í þeim liggur, og hverju við það munar í afrakstri jarðanna.

Þó kastar tólfunum, þegar fara á að reikna út viðlagasjóðinn, sem varla má «hjálparsjóður« heita, að minnsta kosti ekki fyrir landið. Það er regla annarstaðar, eins og vera ber, að slíkum sjóðum (Reservefonds) er haldið samfleytt saman, ár eptir ár, og sjerstakur reikningur yfir þá, bæði innstæðu og vexti, látinn fylgja hverjum fjárlögum til yfirlits og glöggvunar. Hjer er nokkuð öðru máli að gegna. Því þó finna megi með nokkrum erfiðismunum upphæð innstæðunnar, eins og hún ætti að vera, ekki eins og hún er, þá er það nefndinni að minnsta kosti ofvax-

ið, að uppgötva, frá hverju tímabili innstæða sjóðsins, eins og hún er reiknuð af stjórnarinnar hálfu, fór að gefa vexti, með öðrum orðum, hve nær fje það, sem eptir reikningum sjálfrar stjórnarinnar á ári hverju var afgangs tekjum — og þetta fje á eptir fyrirskipun stjórnarinnar að gjörast arðberandi fyrir landið — var til taks að bera vexti. Stjórnin vill sem sje ráða því sjálf, hvað lengi hún hefur þennan afgang handa á milli, til að greiða þau útgjöld, sem upp á kunna að koma, og er það því af handahófi, hve nær því verður komið á vöxtu. Eptir reikningsyfirlitunum, sem til eru, fyrir reikningsárin 1871—73 voru tekju-afgangarnir þessir:

1871—72:	10,980 rd.	33 sk.
1872—73:	26,811 —	82½ —
1. apr. til 31. des. 73:	29,349 —	25 —
samtals:	67,141 —	44½ —

Þó að nú við endurskoðun reikninga þessar upphæðir hafi breytzt lítið eitt, þá má þó, eins og síðar og á öðrum stað mun sannað verða, gjöra ráð fyrir, að viðlagasjóðurinn hafi í ársbyrjun 1874 átt rúma 67,000 rd. eða 134,000 krónur, en engin skýring finnst um það, frá hverju tímabili hver af upphæðunum fyrir þau 2¾ ár, sem að ofan eru til færð, hafa byrjað að ávaxtast, enda bera reikningarnir sjálfir með sjer, að landið, síðan fjárhagsaðskilnaðurinn varð, hefur orðið fyrir drjúgum leigumissi af fje sínu; því af þessum 67,000 rd. er ekki reiknuð leiga nema af 34,792 rd., eða 69,550 kr., fyrir árin 1876—77. Hitt vaxtafje landsins (34,151 rd., eða 68,302 kr., auk 10,000 kr. láns til Reykjavíkurkaupstaðar frá 11. júní 1875, alls: 78,302 kr.) er svo á sig komið, að smámsaman verður borgað upp í það, og fer því, eins og stjórnin að orði kemst, athugasemdir bls. 8, (20. bls.): «innstæðan minnkandi». Þetta er fróðleg upplýsing um vaxtafje, sem er ætlað til að vera viðlagasjóður, eins og stjórninni sje fyrirmunað, að koma hverri þeirri upphæð, sem innkemur af endurborguðum lánum, á nýja vexti. Hvað mundi verða dæmt um þann banka eða sparnaðarsjóð, sem ljeti innborguð lán standa vaxtalaus, eða ljeti þau renna inn í eyðslufje sitt. Þó sýna reikningarnir, að þetta er alvara stjórnarinnar. Þeir 550 rd., vegabótalán til jafnaðarsjóðs suðuramtsins, sem búið er að endurborga, eru horfnir af listanum yfir vaxtafje landsins, og þeir þeir $^1/_{15}$ partar af lánaupphæðum, sem Reykjavíkurkaupstaður og tjeður jafnaðarsjóður fengu til að byggja hegningar- og varðhalds-hús, og sem nú eru á ári hverju endurgoldnir, eru einnig horfnir og hverfa jafnóðum af innstæðunni inn í eyðslufje landssjóðsins (Kontantbeholdning). Nú mætti að vísu ímynda sjer, að svo stæði á fyrir jarðabókarsjóðnum og ríkissjóðnum, þó það síðara að minnsta kosti sje ólíklegt, að sjóðir þessir, þegar lánin koma inn, þurfi á þeim að halda til bráðra útgjalda, af því ekki sjeu nógir peningar fyrir hendi. Enda bera athugasemdirnar, bls. 7, (18. bls.) það með sjer, að mikið fje þarf að vera fyrir höndum í þessu skyni; því af afgangsfjenu sem að ofan er talið fyrir árin 1871—73 (67,141 rd.), er gjört svo ráð fyrir að 27,906 kr. 69 a. «þyki nauðsynlegt að hafa í reiðu peningum í jarðabókarsjóðnum til þess að greiða útgjöld, sem upp á kunna að koma», og það enda þó afgangurinn fyrir 1874: 24000 rd., eða 48000 kr. og fyrir 1875: 16099 rd. 34 sk. eða rúmar 33000 kr., þá ætti að vera, eða bráðum verða til taks. Með öðrum orðum: landstjórnin þykist þurfa að hafa 108000 kr. (þ. e. 27000 + 48000 + 33000 kr.) eða þeim mun meira, sem afgangarnir hingað til hafa farið fram úr þeim áætluðu upphæðum, í sjóði til að byrja með árið 1876. Nefndin hefur þá skoðun, að minna megi gagn gjöra, til að byrja ársútgjöldin, og að helmingurinn af tjeðri upphæð (hjer um bil 50,000 kr.) sje þess heldur nægilegur, sem jarðabókarsjóðurinn jafnan mun hafa fje handa á milli, sem honum er heimilt að brúka framan af árinu. En skjátli nefndinni í þessu, verður stjórnin að hafa einhver ráð til þess, að eyðslufjeð (Kassebeholdningen), eins og á sjer stað í öðrum löndum, þar á meðal Danmörku, stöðugt sje arðberandi meðan það liggur óútgoldið í sjóði. Í fjárlögum Dana 1875—76 eru í 9. gr. reiknaðir 200000 kr.

vextir af «Kassebeholdningen», og má þar af ráða, að ríkissjóðurinn t. d. hefur leigu af tillaginu til Íslands allt til þess dags, að það einhverntíma á árinu, eptir sem fjárhagsstjórnarráðinu gott þykir, er útborgað í Íslands þarfir.

Það er því eitt af tvennu: annaðhvort á viðlagasjóðnum að reiknast renta frá þeim degi, að afgangurinn af hvers árs tekjum fram yfir útgjöldin er viss, eða eyðslufje, sem við hvers árs byrjun er í sjóði, á að ávaxtast með minnkandi rentum, eptir því sem það er brúkað í landsins þarfir. Sömuleiðis virðist það vera sanngjörn krafa, að tillagið úr ríkissjóðnum sje goldið inn í landssjóð, segjum á missiraskiptum, helmingurinn í hvert sinn, og mundi landssjóður við þessa aðferð græða vextina af hjer um 100,000 kr. frá innborgunardegi eptir tiltölu við það, hve nær fje þetta smámsaman verður útgoldið. Ellegar vilji ríkissjóðurinn heldur vera fjárhaldari landssjóðsins, og útborga fjeð eptir þörfum landssjóðsins, virðist skylt, að hann reikni landssjóðnum þá sömu vexti af tillaginu, sem hann sjálfur hefur af því, sem eyðslufje, þó þetta eyðslufje aldrei sje nema annars sjóðs eign (Versur). Nefndin verður því að aðhyllast þá skoðun, að þjóðbankinn í Kaupmannahöfn annaðhvort eigi að hafa í Reykjavík útibú («Filial»), sem ráðstafi inngjöldum og útgjöldum landssjóðsins á líkan hátt, og þjóðbankinn sjálfur vinnur fyrir ríkissjóðinn, eða þá að bæði hin íslenzka yfirstjórn í Kaupmannahöfn hafi gjaldkera, sem standi fyrir öllum viðskiptum landssjóðsins við ríkissjóðinn og þjóðbankann danska, og landsstjórnin hjer á landi fái heimild til að brúka sparisjóðinn í Reykjavík fyrir banka; verður sparisjóðurinn þá sjálfsagt að gjalda hærri leigu af innlánum, og undir eins stytta þann uppsagnartíma, sem nú á sjer stað. Hefði reikningsyfirlitið fyrir 1874 verið þinginu tilkynnt, væri kostur á með nokkurri vissu að gjöra upp reikninga viðlagasjóðsins, en þessi seindrægni landsstjórnarinnar veldur því, að þessi fyrstu fjárlög landsins, eptir að það hefur fengið löggjafarþing, ekki geta haft þær skýringar inni að halda í þessu efni, sem væri æskileg undirstaða undir reikninga hinna ókomnu tíma. Til frekari sönnunar því, sem á undan er sagt um viðlagasjóðinn, skal þess getið, að þó hann eptir reikningsyfirlitunum fyrir árin 1871—73 teljist eins og að framan er greint 67,141 rd. 44½ sk., þegar nfl. tekjuafgangarnir fyrir öll þessi ár eru lagðir saman, þá er hann samt eptir seinasta reikningsyfirliti frá 1. apríl til 31. des. 1873 nokkuð meiri, nfl. 50,239 rd. 47½ sk. + 17,181 rd. 64 sk. í allt 67,421 rd. 15½ sk., og hefði landssjóðurinn fengið öll þau skuldabrjef frá dómsmálasjóðnum, upp á 9,831 rd. í staðinn fyrir 9,175 rd., sem til stóð að hann fengi eptir áætlun stjórnarinnar fyrir 1874, bls. 16, og sem stjórnin sjálf segir, að afhenda eigi landssjóðnum, en sem ekki hafi getað orðið sökum þess, að nokkur prívat skuldabrjef voru innleyst í dómsmálasjóðnum, þá ætti viðlagasjóðurinn við árslok 1873 í raun og veru að nema 68,077 rd. 15½ sk., því það er aðgætandi, að þó að þessi skuldabrjef prívatmanna væru innleyst, áttu upphæðirnar þar fyrir ekki að hætta að vera arðberandi fyrir viðlagasjóðinn, sem var rjettur eigandi þeirra (sbr. áætlun 1874 athugasemdir, bls. 17). Ef hjer við bætist, að ekki er mögulegt að sjá, hvort öll þau kgl. skuldabrjef, sem viðlagasjóðurinn hefur fengið hjá dómsmálasjóðnum, hafi verið reiknuð eptir fullri upphæð eða gangverði, þá verður heldur ekki með vissu sagt, hvort viðlagasjóðnum með þessu móti ætti að reiknast nokkuð meira eður ekki. Enn fremur ef hjer við væri bætt, samkvæmt brjefi landshöfðingja (sjá fylgiskjal IV. a), mismunurinn milli upphæðar og gangverðs á ríkisskuldabrjefi því upp á 50,000 kr., sem — stjórnin segir ekki hve nær — hefur keypt verið handa viðlagasjóðnum fyrir 46,951 kr. 39 aura, og sem nemur 3,048 kr. 61 a., þá hefði viðlagasjóðurinn í ársbyrjun 1874 átt að eiga 139,202 kr. 93 a. þangað til þessi reikningur verður hrakinn, hlýtur upphæð sú, sem til er færð í athugas. við fjárlagafrumv. stjórnarinnar 1876—77 bls. 6 (17. bls. hjer að framan): 65,544 rd. 39½ sk., eða því nær

131,088 kr. 80 a., að álítast ónákvæm. Loks bera athugasemdirnar við það frumvarp til fjárlaga bls. 9 (20. bls.), sem hjer liggur fyrir, það með sjer, að viðlagasjóðurinn á í viðbót þær 10,000 kr., sem lánaðar eru Reykjavíkurkaupstað frá 11. júní þ. á., og er þá tjeður sjóður eptir skýringum stjórnarinnar nú orðinn 146,154 kr. 32 a. (með ofannefndum 3,048 kr. 61 a. 149,202 kr. 93 a.) auk þess, sem lagt kann að verða upp frá ársbyrjun 1874, og allt að þessum degi.

Sama er að segja um skýrslu stjórnarinnar áhrærandi styrktarsjóð Íslands. Í athugasemdunum við fjárlagafrumvarpið fyrir 1876—77 leggur stjórnin sjálf konungsúrskurð frá 25. júlí 1844 til grundvallar fyrir reikningi sínum, og virðist því eðlilegt að fylgja þessari skoðun stjórnarinnar. Tjeður konungsúrskurður ákveður upphæð sjóðsins 28,165 rd. 25 sk., en með konungsúrsk. frá 2. maí 1845 er boðið að verja til skólahússins í Reykjavík 4,500 rd. + 11,100 rd. = 15,500 rd., eru þá eptir 12,665 rd. 25 sk. (sbr. alþt. 1857 bls. 88) Ár 1846 virðist sjóðurinn vera ákveðinn til 13,765 rd. 83 sk., og 1856 við árslok er hann eptir skýrslu stjórnarinnar talinn 15,168 rd. 49 sk. (alþt. 1857 bls. 88); en við áramótin 1862 er hann að eins 14,200 rd. eptir eldri reikningum stjórnarinnar, án þess nokkur grein sje gjörð fyrir, hvernig í þessu liggur. Loksins á sjóðurinn 5. apríl 1875 eptir áætlunarskírteinum: í ríkisskuldabrjefum 36,000 kr., í skuldum á Íslandi 4,823 kr. 85 aura: samtals 40,823 kr. 85 aura, og við árslok 1875 á sjóðurinn:

a,	í ríkisskuldabrjefum .	36,000 kr.	» aur.
b,	- útistandandi skuldum	5,419 —	26 —
c,	- áföllnu vaxtafje . .	1,656 —	76 —
		= 43,076 kr.	2 aur.

Það er auðsjeð, hversu ónógar þessar skýrslur eru, því enginn reikningur er gjörður fyrir ástandi sjóðsins frá 1856 til 1875 eða rjettara sagt frá 1845—75. Það má nfl. varla reikningur heita, þegar að eins er sagt frá, að sjóður, sem við árslok 1856 átti 15,168 rd., sje við áramótin 1862 kominn ofan í 14,200 rd., og að sami sjóður, án þess nokkur grein sje þar fyrir gjörð, eigi 5. apríl 1875 í allt 40,823 kr. 85 aura. Hjer er ekki svo mikið sem ávæningur um, hvernig sjóðurinn hafi verið ávaxtaður á þeim 30 árum, sem liðin eru síðan konungsúrskurðurinn frá 2. maí 1845 ljet verja 15,500 rd. til Reykjavíkurskóla. Nefndin leyfir sjer í þessu tilliti að vísa til fylgiskjals nr. 1 um ástand styrktarsjóðsins.

Þegar nefndin ber saman þær skýrslur, sem hún um þessa sjóði hefur fengið frá stjórninni, við þær skýrslur, sem stiptsyfirvöldin og landfógetinn góðfúslega hefur látið nefndinni í tje um læknasjóðinn, brennivínsgjaldið o. s. frv. (sjá fylgisk. nr. II—III), þá hlýtur eptirlanganin eptir, að reikningar landsins væru haldnir í landinu sjálfu, talsvert að aukast.

Alþingi mæltist til þess 1873, að andvirðiseptirstöðvunum fyrir laxveiðina í Elliðaánum og fyrir Laugarnes yrði sagt upp. Þessu var, hvað sjerstaklega snertir Laugarnes, svarað á þá leið, að virðingargjörð var sama ár haldin yfir tjeða jörð, og var hún þá virt 5,500 rd. eða jafnmikið og kaupverðið var upphaflega. Nefndin hefur í þetta skipti beiðzt þess af herra landshöfðingjanum, að ný virðing væri gjörð á tjeðri eign, og hefur hann góðfúslega orðið við þessari bæn nefndarinnar. Eptir þessari virðingu, sem nú er fram farin, er Laugarnes ekki lengur veðbært fyrir skuld þeirri til landssjóðsins, sem það er veðsett fyrir, 3,590 rd. eða 7,180 kr., og leyfir nefndin sjer því að fara þess á leit við þingið, að það skori á stjórnina að segja veðinu upp sem fyrst.

Enn fremur skal þess getið, að lestagjald af póstgufuskipinu 1988 kr., þrátt fyrir beiðni alþingis 1873, enn þá er dregið frá tillagi Danmerkur. Nefndin leyfir sjer í þessu skyni að eins að endurtaka, að hún ekki hefur getað komizt í skilning um, að þessi aðferð sje gildandi lögum samkvæm, en vilji landsstjórnin eigi, eins og áður hefur verið um beðið, leita úrskurðar dómstólanna í þessu efni, verður nefndin að fela þinginu, hvernig haganlegast verði greitt úr þessum meiningamun.

Af því, sem á undan er farið, leiðir, að nefndinni hefur þótt nauðsynlegt að semja nýtt frumvarp til fjárlaga fyrir 1876—77, sem hún leggur til að komi í stað frumvarps stjórnarinnar, og sem hún felur góðfúsri meðferð þingsins. Þegar hin heiðraða þingdeild ber bæði frumvörpin saman, með þeim athugasemdum, sem þeim fylgja, sjer hún, hverjar þær breytingar eru, sem nefndin leggur til, að gjörðar sjeu við frumvarp stjórnarinnar.

Fjárlaganefnd neðri deildar alþingis, 28. júlí 1875.

Einar Ásmundsson skrifari. *Grímur Thomsen.* form. og framsögum.
G. Einarsson. *H. Kr. Friðriksson.*
Jón Sigurðsson. *Snorri Pálsson.*
Tryggvi Gunnarsson.

FRUMVARP til fjárlaga fyrir árin 1876 og 1877.

1. Kafli.

Tekjur:

1. grein.

Á árunum 1876 og 1877 telst svo til, að tekjur Íslands verði 580,375 kr. 46 a. og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er í 2.—6. grein.

2. grein.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar: 303,876 kr. 6 aurar:

		1876.		1877.		Alls.	
		kr.	a.	kr.	a.	kr.	a.
1.	Tekjur af ljenssýslum	5,320		5,320		10,640	
2.	Lögþingisskrifaralaun	64	3	64	3	128	6
3.	Tekjur af umboðssýslugjöldum	1,510		1,510		3,020	
4.	Konungstíundir	6,972		6,972		13,944	
5.	Lögmannstollur o. fl.	954		954		1,908	
6.	Alþingistollur	16,000		16,000		32,000	
7.	Nafnbótaskattur	200		200		400	
8.	Erfðafjárskattur	2,243		2,243		4,486	
9.	Gjald af fasteignarsölum	527		527		1,054	
10.	Gjöld fyrir leyfisbrjef og veitingabrjef	800		800		1,600	
11.	Lestagjald 26,860 kr.						
	—— af póstskipinu 1,988 —	28,848		28,848		57,696	
12.	Tekjur af póstferðunum	7,500		7,500		15,000	
13.	Gjald af vínföngum að frádregnum innheimtulaunum	80,000		80,000		160,000	
14.	Óvissar tekjur	1,000		1,000		2,000	
	Samtals	151,938	3	151,938	3	303,876	6

3. grein.

Tekjur af fasteignum landssjóðsins eru taldar 54,452 kr.

1.	Afgjöld af umboðs- og klaustra-jörðum fyrir hvort árið 35,580 kr.						
	Að frá dregnum: umboðslaunum, prestsmötum, alþingistolli o. fl. 10,280 —	25,300		25,300		50,600	
2.	Afgjöld af jörðunni Belgsholti og Belgsholtskoti o. fl.	172		172		344	
3.	Leigugjöld: 1876 1877						
	a, af Lundey 134 kr. 134 kr.						
	b, af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu 1530 — 1710 —	1,664		1,844		3,508	
	Samtals	27,136		27,316		54,452	

4. grein.

	1876. kr. a.	1877. kr. a.	alls. kr. a.
Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru ætlaðar að nemi 22,966 kr. 40 aurum.			
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	2,782	4,782	7,564
2. Leigur af borgun upp í lán og skyndilán . .	7,440	7,260	14,700
3. Leigur af andvirði seldra jarða	351 20	351 20	702 40
4. Tekjur frá læknasjóðnum eru taldar, að nemi árlega hjer um bil . . . . . 12,500kr.			
Af því eru greidd árlega þau útgjöld sem hjer eru talin:			
a, Til læknakennslunnar í Reykjavík . . . . . 2,800 kr.			
b, Ferðastyrkur handa læknaefnum samkvæmt konungsúrskurði 21. okt. 1871 hjer um bil . . . . . 300 —			
c, Styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík . . . . . 800 —			
d, Styrkur til sjúkrahússins á Akureyri árið 1876 . . . 2,400 — Styrkur til sjúkrahússins á Akureyri (1877) 400 kr.			
e, Laun ljósmóðurinnar á Vestmannaeyjum . . . . 60 —			
f, Þóknun handa 5 settum hjeraðslæknum, samkvæmt konungsúrskurði 10. maí 1867 hjer um bil . . . 5,000 —			
11,360 —			
Samkvæmt þessu verður umfram árið 1876, 1140 kr. og árið 1877 3140 kr., sem þangað til komið verður á annari læknaskipun, skal haft til að auka innstæðufje læknasjóðsins, og er því tilfært fyrir innan strikið.			
5. Tekjurnar af hinum íslenzka styrktarsjóði eru ætlaðar að nemi 1632 kr. árlega, og verður þeim varið til þess að auka innstæðufje sjóðsins.			
Samtals	10,573 20	12,393 20	22,966 40

5. grein.

Endurgjald lána verður talið 3,057 kr.			
1. Gjald upp í lán sökum fjárkláðans	1,000	1,000	2,000
2. Gjald upp í lán til þess að byggja upp aptur kirkju Möðruvallaklausturs	185	440	625
3. Gjald upp í lán til þess að byggja kirkju á Eyri	216	216	432
Samtals	1,401	1,656	3,057

6. grein.

		1876.	1877.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
Árgjald úr ríkissjóði, samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. janúar 1871, verður talið 196,024 kr.				
Fast árgjald	60,000 kr.			
Aukagjald á ári	40,000 —			
	100,000 —			
Samkvæmt 6. gr. laganna verður dregið frá	1,988 —	98,012	98,012	196,024
	Samtals	98,012	98,012	196,024

Athugasemdir.

(Fyrri kafli [1.—6. gr.])

Þegar til hinna einstöku greina kemur, skal nefndin leyfa sjer að gjöra ýmsar athugasemdir við ýmsar greinir eptir því sem oss virðist, að upphæðirnar eigi að breytast.

1. grein.

Eptir því oss telst til, eru tekjurnar alls á árunum 1876—77 580,375 kr. 46 aurar, í stað þess að stjórnin hefur gjört ráð fyrir, að þær yrðu 481,967 kr. 46 aurar, eins og sjá má af hinum einstöku tekjugreinum, 2.—6. gr.

2. grein.

Að 6. Þar sem stjórnin telur alþingistollinn hvort árið fyrir sig 16,000 kr. eða samtals bæði árin 32,000 kr., þá höfum vjer að svo stöddu ekki getað breytt þessum skatti, en göngum að því vísu, að hann bráðum hverfi úr fjárlögunum, því fremur sem stjórnin sjálf hugsar sjer, að alþingistollurinn eigi að falla burtu sem sjerstakur skattur, sjá athugasemd bls. 33 (42. bls. hjer að framan).

Að 7. Nafnbótaskattinn höfum vjer einnig úr 300 kr. fært niður í 200 kr., og er það beinlínis eptir bendingum stjórnarinnar sjálfrar í athugasemdum hennar við fjárlagafrumvarpið, með því að vjer gjörum ráð fyrir, að þingið samþykki fyrir sitt leyti frumvarp það til laga um laun íslenzkra embættismanna, sem stjórnin hefur lagt fyrir þingið að þessu sinni, og teljum það enda óvíst, að skattur þessi nái hinni nefndu upphæð.

Að 8. Þessum tölulið höfum vjer skipt í tvennt, með því oss þykir það eðlilegra og greinilegra, að þessum tveimur nefndu sköttum sje eigi blandað saman. Og höfum vjer talið hvorn skattinn fyrir sig samkvæmt þeim upplýsingum, sem vjer höfum fengið frá landshöfðingjanum.

Að 12. Þar sem að stjórnin í frumvarpi sínu í 12. gr. telur tillagið úr landssjóði til póstmála að eins 14,800 kr. með því að draga frá öllum útgjöldunum væntanlegar tekjur 5,800 kr. á ári, eða 11,600 kr. bæði árin, þá virðist oss glöggara að telja tekjurnar sjer meðal annara tekja landsins, og útgjöldin aptur afdráttarlaust meðal útgjaldanna. Af þessum sökum höfum vjer hjer búið til nýja tekjugrein, þar sem taldar eru tekjurnar af póstmálunum, en útgjöldin aptur öll tilfærð í 12. grein.

Að öðru leyti skulum vjer geta þess, að þar sem stjórnin í frumvarpi sínu telur tekjurnar 5,800 kr., þá höfum vjer sett 7,500 kr., og höfum einmitt byggt þá upphæð á skýrslum póstmeistarans fyrir síðastliðið ár, enda þótt vjer ætlum, að tekjurnar fremur aukist en minnki framvegis.

Að 13. Gjald af vínföngum höfum vjer sett 80,000 kr., eða fullum helmingi meira en stjórnin telur, og vonum, að það muni eigi reynast of hátt talið, þegar þess er gætt: 1. að gjaldið mundi í sjálfu sjer hækka næstu árin sökum aukinna aðflutninga, með því það er oss kunnugt, að enn muni þeir kaupmenn fleiri en einn hjer á landi, sem ekkert brennivín hafa flutt hingað síðan tilskip. 26. febr. 1872 náði lagagildi hjer á landi,

en höfðu þegar áður flutt hingað byrgðir af þessari vöru til nokkurra ára. 2. Vegna þess að vjer teljum það samhuga skoðun manna, að þessi tollur megi talsvert hækka úr því sem nú er, og mun hann einnig hækka allt að þriðjungi við það sem nú er, ef þingið fellst á frumvarp það, sem nú er lagt fyrir þingið um þetta aðflutningsgjald.

3. gr.

Þessari grein höfum vjer eigi fundið ástæðu til að breyta, að því er snertir upphæðir þær, sem hjer eru taldar; en vjer verðum að geta þess, að vjer enn höfum engar skýrslur getað fengið um afgjöld af umboðs- og klaustrajörðum, þótt nefndin hafi leitað þeirra.

Með því allt er enn óráðið um það, hvernig fer um þann $^1/_4$ silfurbergsnámans í Helgustaðafjalli í Reyðarfirði, sem landssjóðurinn á, hvort hann verður heldur seldur, leigður eða unninn á landsins kostnað, höfum vjer, eins og stjórnin, álitið rjettast að taka engar tekjur af honum upp í þetta fjárhagslagafrumvarp.

4. gr.

Að 1. Viðvíkjandi 1. tölulið þessarar greinar eða leigum af hjálparsjóðnum, skulum vjer geta þess, að þar sem stjórnin í athugasemdum sínum við fjárlagafrumvarpið að þessu sinni telur hjálparsjóðinn hafa verið 31. des. 1873,65,544 rd. 39 $^1/_2$ sk., og vitnar til reikningsyfirlitsins yfir tekjur og gjöld Íslands *frá 1. apríl til 31. desember 1873*, þá fáum vjer eigi skilið, að þessi upphæð sje rjett, eins og fram er tekið hjer að framan (í nefndarálitinu). Sbr. einnig brjef landshöfðingjans (fylgiskjal IV a).

Viðvíkjandi leigum sjóðsins skal þess getið, að leigurnar af skuldabrjefum þeim, er hjálparsjóðurinn fjekk frá dómsmálasjóðnum, samtals upp á 9,175 rd., eru vantaldar um 4 kr., þar sem þær eru taldar 730 kr. í staðinn fyrir 734 kr. á ári, og leigurnar af öllum sjóðnum eiga því að vera hvort árið fyrir sig 2,782 kr. Þegar vjer enn fremur lítum til þess, að af því fje, sem sjóðurinn átti í peningum við árslok 1873, 50,239 rd. 47 $^1/_2$ sk., hefur að eins verið varið 46,951 kr. 39 a. til þess að kaupa ríkisskuldabrjef, svo að af því fje er afgangurinn yfir 50,000 kr., og enn fremur til þess, að á árinu 1874 var ætlazt til, að umfram yrði hjer um bil 48,000 kr., og á árinu 1875 enn fremur 33,000 kr., þá ætti að vera við þessa árs lok yfir 100,000 kr. afgangs.

Af þessum 100,000 kr., sem þannig eru eptir, telur stjórnin nauðsynlegt að hafa nálægt 30,000 kr. í reiðupeningum í jarðabókarsjóðnum til þess að greiða ýms útgjöld, sem upp á kunna að koma, og eru þá eptir nálægt 70,000 kr.; verður nefndin að telja það sjálfsagt, að að minnsta kosti 50,000 kr. af þessu fje verði settar á leigu, eða ríkisskuldabrjef keypt fyrir þessa upphæð þegar í byrjun næsta árs, svo fullar leigur fáist af því árið 1877. Af þessum rökum verðum vjer að telja leigurnar af hjálparsjóðnum árið 1877 2,000 kr. meiri, en stjórnin gjörir.

Að 3. Leigur af andvirði seldra jarða eru taldar í stjórnarfrumvarpinu 351 kr. 20 aurar hvort árið fyrir sig, það er að segja 64 kr. af andvirði Elliðaánna og 287 kr. 20 a. af óborguðu andvirði Laugarness, sem er 3,590 rd. Þingið hefur áður farið þess á leit við stjórnina, án þess að hún þó hafi orðið við þessari áskorun þingsins, að skuldinni væri upp sagt, þar sem hún hefur talið jörðina nægilegt veð fyrir láninu. Eptir áskorun nefndarinnar hefur nú landshöfðinginn gengizt fyrir því, að 2 af alþingismönnum hafa skoðað og virt jörðina, og hafa þeir virt hana eins og hún nú kom fyrir á 7000 kr., eða 180 kr. minna en skuldin er. Af þessari virðingu er það auðsjeð, að þingið hefur eigi að ástæðulausu óskað þess að undanförnu, að skuldinni væri upp sagt. Og verðum vjer því að gjöra ráð fyrir, að þingið þess heldur haldi því fast fram, að skuldinni, eða að minnsta kosti helmingi hennar, verði upp sagt þegar í haust, sem eigninni hefur ekki eptir veðskuldabrjefinu verið við haldið í sama eða betra standi, en hún var í, þegar hún var seld. En með því að þetta er enn eigi um garð gengið, höfum vjer eigi viljað taka

þá upphæð inn í frumvarp vort, enda þótt vjer álítum sjálfsagt, að fjeð komi inn þegar á næsta ári.

Að 4. Læknasjóðurinn hefur hingað til verið sjerstakur sjóður, óviðkomandi landssjóðnum, og hefur þó alþingi áður æskt þess, að sjóður þessi væri að öllu leyti sameinaður landssjóðnum. Nú hefur stjórnin að svo miklu leyti orðið við ósk þingsins, að hún í frumvarpinu hefur gjört grein fyrir tekjum og útgjöldum sjóðsins, en þó eigi dregið þessar tekjur og útgjöld inn í aðrar tekjur eða gjöld landssjóðsins, og gengur henni það til, að hún vill eigi breyta þessu fyrirkomulagi, unz önnur læknaskipun er á komin í landinu. Vjer vonum reyndar, að þessi breyting komist þegar á við byrjun næsta árs, þar sem vjer búumst við, að lagafrumvarp það um breytingu á læknahjeruðunum, sem stjórnin hefur lagt fyrir þingið, nái lagagildi fyrir 1. jan. 1876. En hvort sem þetta frumvarp nær lagagildi eða eigi, sjáum vjer eigi ástæðu til að halda læknasjóðnum lengur sjerstökum, og verðum því að ráða þinginu til, að halda því fram, að hann verði að öllu leyti sameinaður landssjóðnum.

Við tekjur læknasjóðsins höfum vjer að öðru leyti engar athugasemdir að gjöra; en viðvíkjandi útgjöldunum skulum vjer geta þess, að bæjarstjórnin á Akureyri hefur sent þinginu bænarskrá um, að henni yrði veittar nokkuð yfir 3,000 kr. í eitt skipti fyrir öll, til þess að koma í fullt lag sjúkrahúsinu þar, og eptir atvikum þótti nefndinni full ástæða til að verða við þessari bæn, og höfum vjer þess vegna tekið upp í frumvarpið til útgjalda á læknasjóðinn næsta ár 2,000 kr., og ætlum, að það muni nægja til viðgjörðar og fullkomnunar á sjúkrahúsi því, sem hjer ræðir um, eptir þeim skýrslum, sem bæjarstjórnin á Akureyri sjálf sendi oss. Af þessu leiðir, að afgangurinn árið 1876 verður að eins 1140 kr., eptir því sem á er ætlazt um tekjur sjóðsins og útgjöld.

Að 5. *Styrktarsjóðurinn.* Sjóður þessi er leyfar af hinum svo nefnda Kollektusjóði, er stofnaðist af gjöfum frá Danmörku, Noregi og Hertogadæmunum árin 1783 og 1784, Íslendingum þeim til líknar og skaðabóta, er höfðu orðið fyrir tjóni af eldgosunum um þær mundir. Sjóður þessi var með konunglegum úrskurðum og stjórnarráða-ráðstöfunum tryggður bæði fyrir því að eyðast um of, og líka fyrir því, að efnum hans yrði varið gagnstætt tilgangi gefenda; enn fremur var ákveðið, að hann skyldi ávallt vera arðberandi. Hinn 17. apríl 1798 var sjóðurinn að upphæð 41,535 rd. 77½ sk. í kúranti. Fyrir og um aldamótin var af leigum sjóðsins veittur þurfandi Íslendingum nokkur styrkur samkvæmt tilætlun gefenda; en að því búnu var með konungsúrskurðum frá 28. maí 1800 og 9. marz 1804 ákveðið, að innstæðuna mætti ekki snerta, en af vaxtafje sjóðsins skyldi verja allt að 1700 ríkisdala á ári til kostnaðar við strandamælingar Íslands. Við árslok 1802 var sjóðurinn orðinn 51,023 rd. 54½ sk. Upp frá því vita menn það eitt um hag sjóðsins, er konungsfulltrúi á alþingi 1845 skýrði frá, að úr sjóðnum hefðu verið teknar á árunum 1801 til 1816, 84,111 rd. til strandamælinga Íslands, og verður það 56,911 rd. meira en heimild var til eptir áðurnefndum konungsúrskurðum, og þó hefur styrktarsjóðurinn enga hlutdeild fengið í ágóðanum af útgáfu sjókorta Íslands. Árið 1836 gjörðu hin dönsku stjórnarráð tilraun til að gjöra upp hreina reikninga sjóðsins, og urðu málalokin þau, að þeim bar á milli um 13,000 ríkisdala. Af þessu er auðsætt, að fje sjóðsins hefur bæði verið varið gagnstætt tilgangi hans, og líka, að upphæðinni til, gagnstætt ofannefndum konungsúrskurðum. Loks ákveður konungsúrskurður, gefinn 25. júlí 1844, að upphæð kollektusjóðsins skuli vera einungis 28,165 rd. 24 sk., og að hann skuli úr því heita «styrktarsjóður handa Íslandi». Ári síðar var, í samhljóðun við konungsúrskurð 2. maí 1845, tekið úr sjóðnum 15,500 ríkisdalir til byggingarkostnaðar við skólahúsið í Reykjavík, þrátt fyrir það, þó að konungsbrjef, dagsett 29. apr. 1785, bendi á, að ríkissjóðurinn eigi að bera útgjöld til skólans á Íslandi til viðurlags fyrir

það, sem andvirði seldra stólsjarða rann inn í þann sjóð. Árið 1846 var upphæð sjóðsins ákveðin til 13,765 rd. 85 sk. með vöxtum frá 7. maí það ár. Hefði nú stjórnin haldið saman fje sjóðsins frá þessum tíma, og haft það á vöxtum, væri upphæð þess 1. jan. 1875 orðin: 88,162 kr. 1 eyr., en svo var ekki farið að, heldur hefur fje sjóðsins verið brúkað á árunum 1845 og 1862 til ýmsra útgjalda, án þess nokkur grein sje gjörð fyrir; því við áramótin 1863 er sjóðurinn talinn að eins að vera 14,200 rd. Sje nú þessi upphæð lögð til grundvallar, og hefði sjóðurinn mátt standa óskertur, og fje hans verið á vöxtum frá 1. jan. 1862 til 1. jan. 1875, þá hefði upphæð hans verið orðin 47,287 kr. 88 aurar, en hún er hvergi nærri svo mikil, þegar Danastjórn skilar sjóðnum og afhendir alþingi hann til umráða; því eptir athugasemdunum við fjárlagafrumvarp það, sem nú liggur fyrir þinginu, er upphæð hans þessi:

1, Í ríkisskuldabrjefum . .	36,000 kr.	» a.
2, - útistandandi lánum:		
a, í Snæfellsnes-sýslu .	4,823 kr.	85 a.
b, í Skagafj.-Eyjafj.- og Austur-skaptafells-sýslum .	595 — 41 —	5,419 — 26 —
Samtals	41,419 —	26 —

Nefndin vill að svo stöddu ekki rifja upp hina fyrri reikninga kollektusjóðsins, samkvæmt hverjum hann ætti nú að vera, hefði ekkert verið úr honum tekið, og eigur hans allt af á vöxtum verið, hátt á aðra millíón króna, en sú er tillaga nefndarinnar, að til grundvallar fyrir útreikningi á sjóðnum sje lögð upphæð sú, sem konungsúrskurður frá 25. júlí 1844 ákveður, og ætti þá upphæð sjóðsins með leigum og leiguleigum (samanber fylgiskjal I) 1. jan. 1875 að vera 149,316 kr.

Nefndin leggur það samsje til, að á stjórnina sje skorað, að gjöra grein fyrir því, hvernig með eigur sjóðsins hafi verið farið frá 25. júlí 1844 að reikna. Verði nú stjórnin við þeirri áskorun, sem vjer efumst ekki um að hún gjöri, þá er sennilegt, að þingið sætti sig við öll þau útgjöld, sem stjórnin hefur ákveðið af fje sjóðsins, geti þau samrýmzt við tilgang hans. Hins vegar ætti þingið að mótmæla þeim útgjöldum af fje sjóðsins, sem samsvara ekki tilgangi hans, og sem aðrir sjóðir hefðu átt að bera. Nefndin treystir því, að stjórnin gjöri fyllri skil fyrir eigum sjóðsins, en þegar eru gjörð.

Síðari kafli, 7.—17. gr.

Þegar til útgjaldanna kemur, þá er, eins og við er að búast, minna að athuga við reikningsfærsluna, því hin áætluðu útgjöld eru yfir höfuð lík því, sem þau verið hafa, og lík því, sem þau áður hafa verið áætluð, og fylgja ávallt þeirri höfuðstefnu, sem ákveðin er með gildandi lögum, konungsúrskurðum og eldri fjárveitingum. Hjer er því lítið annað að yfirvega, en það, hvort óþörf eða ónauðsynleg útgjöld eru áætluð, og öðrum aptur sleppt, sem þörf eða jafnvel ómissandi virðast, til þess að beina landi og þjóð áleiðis á vegi framfaranna.

Það er þá í fyrsta lagi allmerkilegt, að þar sem H. H. konungurinn í boðskap sínum til alþingis frá 24. maí þ. á., sem í margan máta má gleðiboðskapur heita, tekur það fram, að það «að Vorri hyggju er hið mesta velferðarmál landsins, að efla samgöngur í landinu», þá er þó ekkert fje áætlað í þessum tilgangi. Hvorki er einn eyrir heimtaður til vegabóta nje strandsiglinga, og það þó stjórnin erlendis síðan 1848 hafi, að segja má, komið Danmörku mestmegnis upp með stórkostlegum vegabótum til lands og umfangsmiklum samgöngum til sjáfar, að vjer ekkert tölum um vitabyggingar, hafnasmíði o. s. frv. Þarfara hefur þótt, þó ekki sje um það neinar skýrslur, nema áætlun frá einum erlendum byggingarmeistara, að stinga upp á ærnu fje til höfuðaðgjörðar á Reykjavíkurdómkirkju. Það lítur svo út, sem stjórnin hafi gleymt brjefi fjárhagsstjórnarráðsins til dómsmálastjórnarinnar frá 19. sept. 1866

þar sem segir, að ekki komi til mála, að verja meira fje til aðgjörðar á kirkjunni, en svo sem 2,000 rd., sem eptir skýringum stiptamtmannsins sje nægilegt, til þess að henni í 15—20 ár verði «hlíft» við höfuðaðgjörð. Eptir þessari áætlun, sem nefndin ímyndar sjer sje áreiðanleg, ætti dómkirkjan enn þá að geta varizt að minnsta kosti til 1882, og liggur þá ekki á, að veita fje til aðgjörðar að svo stöddu. Nefndin leiðir því hjá sjer að þessu sinni, að taka ýmislegt annað fram, þessu máli viðvíkjandi, sem sjálfsagt yrði að hafa hugfast, þegar þessi höfuðaðgjörð á Reykjavíkurdómkirkju á sínum tíma kemur fyrir. Ekki getur nefndin heldur sjeð neina þörf á að reikna eins ríflega og stjórnin útgjöldin til hegningarhússins í Reykjavík. Hún vonar það öllu fremur, að siðferðið í landinu sje svo, að ekki þurfi að gjöra ráð fyrir eins mörgum föngum, eins og á er ætlað, og mælist því til, að af þeim ákveðna kostnaði verði ekki veittur nema rúmur helmingur. Kostnaðurinn til lagasafnsins er einnig látinn ganga út, sem óþarfur.

Aptur á móti er nefndin í engum vafa um það, að vegir landsins og samgöngur þurfi bráðra umbóta við. Það er ekki fullt ár síðan, að haustferð yfir Stóra-Sand og Kaldadal varð mönnum og skepnum að tjóni. Landsins gömlu alfaravegir, svo sem Sprengisandur, Vatnahjallavegur (Eyfirðingavegur), Kjalvegur o. fl. mega því nær af lagðir heita. Kostnaður og tímatöf við allar landferðir er nú orðinn sá, að til vandræða horfir, og eru landinu bæði til ógagns og vansa. Sama er að segja um samgöngurnar hafna á milli sjávarleiðina, eins og í öðru máli mun sýnt verða, og hefur því nefndin fúslega tekið þeirri bendingu, sem H. H. konungurinn gefur í boðskap sínum, og stungið upp á nokkru, þó helzt til litlu fje, bæði til vegabóta og gufuskipsferða með ströndum. Þessu samkynja er sú tillaga nefndarinnar, að færa styrk til jarðyrkju (10, c. 5) upp í 1,200 kr. á ári. Sá styrkur, sem í frumvarpinu er ráðgjörður til garðaræktar, er í sjálfu sjer ofur auðvirðilegur, enda virðist rjettara að láta valdstjórnina hafa frjálsar hendur til að verja þessari upphæð, sem nú er tvöfölduð, hvort hún heldur vill til jarðyrkju yfir höfuð eða til garðaræktar.

Sömuleiðis hefur nefndinni þótt öll þörf vera á, að meira fje væri veitt bæði til fátækustu brauða á landinu og handa prestsekkjum, börnum og fátækum uppgjafaprestum. Því þegar bæta þarf upp Reykjavíkurdómkirkjukall — sem nefndin reyndar treystir ekki standi við sama, nema meðan sá núverandi sóknarprestur þjónar brauðinu — þá má nærri geta, hvort ekki þurfi að bæta við önnur eins brauð, eins og t. d. Þönglabakka, Stað í Súgandafirði o. fl.

Með tilliti til embættaskipunar neyðist nefndin til að gjöra ráð fyrir, að sýslumannsembættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu verði aðskilið frá bæjarfógetaembættinu í Reykjavík, og því leggja hinu síðarnefnda hæfileg laun. En aptur á móti er stungið upp á, að landskrifaraembættið verði dregið inn, þegar það losnar. Kæmi það þá sjálfsagt um leið til máls að auka skrifstofufje landshöfðingja. Nefndin vill ekki orðlengja um ástæðurnar fyrir þessari tillögu sinni. Þær voru nægilega teknar fram á alþingi 1873.

Þó að nefndin yfir höfuð hafi leitt hjá sjer öll afskipti af kjörum einstakra embættismanna og annara þjóna hins opinbera, þá hefur hepni þó virzt ósanngjarnt, að bæta ekki kjör söngkennarans og fimleikakennarans við hinn lærða skóla. Hinn fyrri er góðs maklegur af landinu fyrir það, hversu mjög hann hefur eflt og framað sönglist hjer á landi, og mun það honum að miklu leyti að þakka, að kirkjusöngur bæði í Reykjavík og til sveita *er í mikið betra lagi, en fyrmeir.* Bezta parti æfi sinnar hefur þessi embættismaður, og það fyrir lítilfjörlega þóknun, varið til að semja söngbók, sem þó finnst í hartnær hvers manns húsi í landinu, og hefur hann þar með orðið frumkvöðull þess, að það óorð, sem legið hefur á Íslendingum í þessu efni, heldur er farið að minnka. Sömuleiðis virðist það ósanngjarnt, að póstmeistarinn

ekki fái álíka þóknun fyrir að telja peninga þá, sem innborgaðir eru í jarðabókarsjóðinn, og sem allflestir ganga gegnum hans hendur, eins og þá, sem landfógetanum er ætluð í 10. gr. A 2. En aptur á móti getur nefndin ekki aðhyllzt uppástungu stjórnarinnar um persónulega launaviðbót handa landlæknínum. Landlæknisembættið er, eins og allir vita, orðið bæði ljettara og umfangsminna, en það fyr meir var. Sá maður, sem nú gegnir því, hefur aukalaun fyrir læknakennslu, og eflaust drjúga þóknun fyrir lækníisstörf sín (praxis) í höfuðstaðnum. Nefndin á bágt með að aðhyllast þá skoðun, sem persónulegar launahækkanir hafa við að styðjast, og álítur ísjárvert að byrja á því, því þá muni fleiri þessleiðis uppástungur eptir fara. Og þó hún sje stjórninni alveg samdóma um verðleik og dugnað þess manns, sem hjer ræðir um, verður hún allt fyrir það að ráða frá launahækkuninni.

Á meðferð á fje til «annara útgjalda» hins lærða skóla hefur nefndin reynt til að koma á meiri sparnaði, en verið hefur, og því sett sumar upphæðir í þessari útgjaldagrein nokkuð niður, allt eptir þeim skýringum, sem hún um þetta efni hefur fengið hjá umsjónarmanni tjeðs skóla. Á líkan hátt hugsar nefndin upp á nokkurri lækkun á sumum útgjaldagreinum til prestaskólans (sem sje til tímakennslu og ýmislegra útgjalda), en á hinn bóginn er ætlað 60 kr. meira til eldiviðar og ljósa o. fl., sökum þess að þóknun til umsjónarmannsins 40 kr. þótti of lítil. Til umsjónar við báðar stofnanir áætlar nefndin 100 kr. fram yfir það, sem til er tekið í frumvarpinu, en ætlast aptur til, að reikningar skólans gangi kauplaust til landfógetans. Enn fremur virðist vera ástæða bæði til að veita amtsbókasafninu á Akureyri nokkurn styrk, áþekkt því, sem fram kemur við stiptsbókasafnið, og til að styrkja kvennaskólann í Reykjavík.

Fimmtándu grein «til óvissra útgjalda» leggur nefndin til, að skipt sje í tvær greinir, í þá átt, að helmingur fjárins, 10,000 kr., sje veittur til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, en hinn helmingurinn, að meðtöldum þeim 3,000 kr. handa hinni væntanlegu skattanefnd, til óvissra útgjalda. Nefndinni skilst ekki betur, en þetta sje nóg eptir ástæðum, þegar hinni upphæðinni (10,000 kr.) er búið að verja eptir tilgangi sínum, og virðist enda ísjárvert að ætla mikið fje til öldungis óákveðinna gjalda.

Af öllu því ofangreinda, samanbornu við tekjukaflann, sjest nú, að út kemur afgangurinn 144,002 kr. 41 a., sem leggja á til viðlagasjóðs.

Líka skal þess getið, að í aukagreininni, sem nú verður 18. gr., verður gjört ráð fyrir þeim breytingum í upphæðunum, sem leiða kunna af, að þau frumvörp til laga, sem liggja fyrir þinginu, og hafa fjárhagslega þýðing, ná lagagildi á fjárhagstímabilinu. En þessa grein getur nefndin að svo stöddu ekki samið, fyr en afdrif frumvarpanna á þinginu eru orðin kunnug.

Að öðru leyti sjást breytingar þær, sem nefndin vill gjöra á stjórnarfrumvarpinu, bezt á frumvarpi nefndarinnar, sem á eptir fylgir, ásamt athugasemdum og fylgiskjölum.

Einar Ásmundsson, skrifari. *Grímur Thomsen,* form. og framsögum.
G. Einarsson. *Snorri Pálsson.*
H. Kr. Friðriksson. *Tryggvi Gunnarsson.*
Jón Sigurðsson.

---

2. Kafli.

Útgjöld.

7. grein.

Á árunum 1876 og 1877 veitast til útgjalda 436,373 kr. 5. a. sem sje fyrir 1876, 216,089 kr. 19 a. og fyrir 1877, 220,283 kr. 86 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. grein.

8. grein.

Útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin 26,800 kr., sem sje fyrir 1876, 12,400 kr. og fyrir 1877 14,400 kr.

9. grein.

Til kostnaðar við alþingi árið 1877, veitast 32,000 kr.

10. grein.

Til útgjalda við umboðsstjórn, gjaldheimtur, reikningsmál, dómgæzlu, lögreglustjórn og fl. veitast 141,011 kr. 8 a., sem sje á árinu 1876, 70,047 kr. 20 a. og á árinu 1877, 70,963 kr. 88 a.

		1876.	1877.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
A, Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:				
1. Laun embættismanna og fl.		17,598 66	18,282	
2. Endurgjald fyrir skrifstofukostnað		4,000	4,000	
3. Þóknun fyrir endurskoðun reikninga		1,600	1,600	
		23,198 66	23,882	47,080 66
B, Dómgæzla og lögreglustjórn:				
1. Laun embættismanna		16,206 66	16,440	
2. Til hegningarhússins í Reykjavík		2,503	2,503	
3. Önnur útgjöld		1,720	1,720	
		20,429 66	20,663	41,092 66
C, Ýmisleg útgjöld:	kr. a.			
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi	1,040			
2. Endurgjald fyrir borgun undir embættisbrjef	1,200			
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar hjer um bil	286 88			
4. Styrkur til jarðabóta	1,200			
5. Styrkur í notum spítalans, sem fyrrum var á Gufunesi	192			
6. Til vegabóta	7,500			
7. Til gufuskipsferða	15,000			
	26,418 88	26,418 88	26,418 88	52,837 76
			Samtals	141,011 8

11. grein.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 38,010 kr. 64 a.			
1. Laun lækna	17,494 66	18,315 98	35,810 64
2. Önnur útgjöld	1,100	1,100	2,200
Samtals	18,594 66	19,415 98	38,010 64

12. grein.

Útgjöldin við póststjórnina er ætlast á að verði 26,200 kr., sem sje fyrir hvort af árunum 1876 og 1877, 13,100 kr.			
1. Laun	3,300	3,300	6,600
2. Flutningur pósta	8,600	8,600	17,200
3. Önnur útgjöld	1,000	1,000	2,000
4. Útgjöld sem upp á kunna að koma	200	200	400
Samtals	13,100	13,100	26,200

13. grein.		1876. kr. a.	1877. kr.
Til kirkju- og kennslu-mála veitast 112,351 kr. 33 a., sem sje fyrir árið 1876 55,947 kr. 33 a. og fyrir árið 1877 56,404 kr.:			
A, Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. Laun		7,932	8,032
b Önnur útgjöld:			
1. Til fátækustu brauða	2000 kr.		
2. Til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600 —		
3. Til prestsekkna og barna og styrkur handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum	2000 —		
4. Endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	800 —	5,400	5,400
		13,332	13,432
B, Kennslumálefni:			
I, Til prestaskólans:			
a, Laun		10,300	10,500
b, Önnur útgjöld:			
1. Húsaleiga handa 18 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum	1440 kr.		
2. Til tímakennslu	100 —		
3. Til bókakaupa	300 —		
4. Til eldiviðar og ljósa o. fl. . .	260 —		
5. Ýmisleg útgjöld	100 —		
	2200 —	2,200	2,200
II, Til hins lærða skóla:			
a, Laun		12,687 33	12,844
b, 1. Til umsjónar	900 kr.		
2. Aðstoðarfje	1900 —		
Viðbót	320 —	3,120	3,120
c, Önnur útgjöld:			
1. Til bókakaupa	600 —		
2. Til eldiviðar og ljósa	1000 —		
3. Til skólahússins utan stokks og innan	1000 —		
4. Til tímakennslu áætlað	1060 —		
5. Ölmusur	8000 —		
6. Fyrir prestsverk	48 —		
7. Þóknun handa lækni	100 —		
8. Ýmisleg útgjöld áætluð . . .	1200 —	13,008	13,008
C, 1. Til stiptsbókasafnsins	400 —		
2. Til amtsbókasafnsins á Akureyri . .	200 —		
3. Til kvennaskólans í Reykjavík . . .	200 —		
yfir um	800 kr.	54,647 33	55,104

			1876.	1877.	alls.
			kr.	kr.	kr. a.
	handan að	800 kr.	54,647 33	55,104	
4. a, Til forngripasafnsins til að kr.					
kaupa fyrir forngripi . . . 400					
b, Til umsjónarmannsins . . 100		500 —	1.300	1,300	
			55,947 33	56,404	112,351 33

14. grein.

Til eptirlauna og styrktarfjár veitast 40,000 kr.

15. grein.

Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitast 10,000 kr.

16. grein.

Til óvissra útgjalda, sem upp á kunna að koma, veitast 10,000 kr.; hjer eru taldar með allt að því 3,000 kr. í þóknun, fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað o. fl. handa mönnum í nefnd þeirri, sem á að setja til að semja ný skattalög o. fl.

17. grein.

Afganginn, sem fyrst um sinn er ætlaður að verði 144,002 kr. 41 a. sem sje fyrir 1876, 72,971 kr. 4 a. og 1877, 71,031 kr. 37 a., skal leggja til viðlagasjóðsins.

18 grein.

Ef frumvarp til laga

1. Um laun íslenzkra embættismanna,
2. Um aðra skipun læknahjeraðanna,
3. Um heiðurslaun handa Jóni Sigurðssyni, þingmanni Ísfirðinga,
4. Um ljósmæðraskipun,
5. Um breyting á tilskipun um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum,
6. Um að af nema alþingistollinn,
7. Þingsályktun um að af nema útgjöld fyrir Gufunesspítala (10. gr. C. 5.),

ná lagagildi á árunum 1876 og 1877 verður að breyta upphæðum þeim, sem til teknar eru í 1., 2., 4., 7., 10., 11., 12., 13. og 17. greinum samkvæmt fyrnefndum lagafrumvörpum.

Athugasemdir.

Að 10. gr. A. 1. Nefndin gengur að því vísu, að landshöfðingjaskrifaraembættið verði af numið, þegar það losnar.

Sömuleiðis leggur nefndin það til, að landfógetinn, þegar embættið losnar, hafi ekki lengur Örfærisey til afnota.

Að B. 2. b. Samkvæmt því, sem getið er að framan, leyfir nefndin sjer að stinga upp á, að þessum staflið verði fyrir komið, eins og nú segir:

1. Viðurværi handa 5 föngum daglega, sem að áliti landshöfðingja má telja 43 a. fyrir hvern fanga á dag eða árið í kring alls	785 kr.	
yfir um	785 kr.	
handan að	785 kr.	
2. 3 skammtar af miðdegismat handa umsjónarmanninum, og telur landshöfðinginn hvern skammt upp á 19 a.; er það á ári	208 —	
3. Þvottur hjer um bil . . .	50 —	
4. Til eldiviðar og ljósa hjer um bil	400 —	
5. Verkefni, sem fangarnir eiga að vinna hjer um bil . . .	200 —	
6. Ýmisleg útgjöld	100 —	
Alls hjer um bil	1,743 —	
að meðtöldum launum umsjónarmanns og þóknun til læknis og prests	760 —	
Samtals	2,503 —	

eða fyrir bæði árin 1876 og 1877 hjer um bil 5,006 kr.

Ad B. 3. b. Nefndin gjörir ráð fyrir, að sú þóknun, sem hjer ræðir um handa fyrsta dómanda í landsyfirrjettinum fyrir útleggingar falli burtu, þegar embættið losnar.

Ad C. 1. Samkvæmt allrahæstum úrskurði er veitt allt að því 300 kr. þóknun fyrir störfin við útgáfu stjórnartíðindanna, deildarinnar B, og að auki eru ætlaðar 100 kr. fyrir útbýtingu tíðindanna. Nefndinni virðist þessi þóknun nægileg, og hefur því fært þessa gjaldagrein niður í 300 kr.; við það verður öll upphæðin ekki nema 1,040 kr., eða fyrir fjárhagstímabilið 2,080 krónur.

Ad C. 2. Nefndinni virðist engin nauðsyn vera til að halda lagasafni fyrir Ísland lengur áfram og hefur því dregið inn þessa upphæð 1,866 kr. 66 a. á ári, eða fyrir fjárhagstímabilið 3,733 kr. 32 a.

Ad C. 5. Nefndin hefur fært þessa upphæð upp í 1,200 kr. fyrir hvort af árunum 1876 og 1877, eða fyrir fjárhagstímabilið 2,400 kr., af því styrkurinn til jarðyrkju, sem þessi staflíður gjörir ráð fyrir, þótti of lítill.

Ad C. 6. Nefndinni virðist varla taka því, að halda þessari útgjaldagrein í fjárhagslögunum eptirleiðis, og liggur því sjerstök uppástunga í þá stefnu fyrir þinginu.

Ad C. 7. Eins og getið er að framan, virðist nefndinni ekki ástæða til að veitt sje það fje að sinni, sem hjer er farið fram á til aðgjörðar á dómkirkjunni, því bæði var svo til ætlazt af stjórnarinnar hálfu 1866, að kirkjunni mundi verða borgið um 15 til 20 ára tíma með þeirri aðgjörð, sem hún fjekk 1867—1868, og líka virðist nefndinni ekki nægar upplýsingar vera fyrir hendi um þann kostnað, sem þvílík höfuðaðgjörð mundi hafa í för með sjer. Það gæti hugsazt, að aðrir byggingasmiðir gætu leyst verkið af hendi við vægara verði, og þó sæmilega, en hinn danski byggingameistari Klenz áætlar, enda hefur nefndinni borizt uppástunga frá íslenzkum smið, sem er 3,530 kr. lægri en áætlun herra Klenz og fleiri gætu komið, sem væru landssjóðnum enn haganlegri. Það hlyti þá líka að koma til greina, að landssjóðurinn tæki við dómkirkjunni af ríkissjóðnum eptir reglulegri úttekt og með fullu ofanálagi, eins og rjettarvenja er hjer á landi. Þess utan mun svo fólksrík og efnuð sókn, sem Reykjavíkursókn er, ekki láta sig muna um, að taka talsverðan þátt í kostnaðinum við aðgjörð kirkjunnar.

Nefndin hefur því í stað þessa staflíðs sett inn 2 nýja liði C. 7 og 8 til vegabóta og gufuskipsferða, sjá nefndarálitið.

11. grein.

Ad 1. Nefndin er deig á því nú þegar að mæla með persónulegum launaviðbótum handa embættismönnum; henni geðjast ekki að meginreglunni, og þó hún fyllilega játi, að hjer á sannur heiðursmaður í hlut, þá hefur hún allt að einu komizt til þeirrar niðurstöðu að ráða þingdeildinni til að láta þessa launaviðbót ganga út. Það vakti líka fyrir nefndinni, að landlæknirinn hefur aðrar tekjur bæði fyrir læknakennslu og hjúkran sjúkra í Reykjavík (praxis), sem gjörir laun hans vel viðunandi.

Ad 2. a. Nefndin vonast til, að húsaleigustyrkur lyfsalans í Reykjavík falli burtu, þegar lyfsalaskipti verða, því bæði er það, að það er hvergi siður nema hjer á landi, að veita lyfsölum slíkan styrk, enda mun þessi staða vera lífvænleg.

Ad 2. b. Nefndin efast um, að þessi útgjaldagrein geti komið að tilætluðum notum.

12. grein.

Ad I. 3. b. Fæðispeningar og endurgjald fyrir ferðakostnað póstmeistarans er samkvæmt reikningi hans sjálfs fært niður um 200 kr. á ári eða 400 kr. fyrir fjárhagstímabilið. Aptur á móti virðist sanngjarnt, að póstmeistarinn fái þóknun fyrir að telja peninga á líkan hátt og landfógetinn, og eru honum því reiknaðar í því skyni 100 kr. á ári, eða 200 kr. fyrir fjárhagstímabilið, því eptir skýrslum hans má áætla,

að 100,000 kr. gangi á ári hverju gegnum hendur hans inn í jarðabókarsjóðinn. Að öðru leyti eru upphæðirnar ætlaðar.

13. grein.

Að A. a. Nefndin leyfir sjer að taka það fram, að 800 kr. á ári (laun og húsaleigustyrkur handa dómkirkjuprestinum) mun sjálfsagt falla burtu, þegar embættið losnar.

Að A. b. 1. Nefndinni virðist öll nauðsyn til að bæta fátækustu brauð betur upp en hingað til hefur átt sjer stað, og hefur því fært þessa grein upp í 2,000 kr.

Að A. b. 3. og 4. Nefndin hefur fært báðar þessar upphæðir (1,800 kr.) upp í 2,000 kr.

Að B. I. b. 2. Þennan staflið hefur nefndin fært niður í 100 kr.

Að B. I. b. 4. Þessi stafliður er færður upp í 260 kr. á ári til þess, að auka þóknunina fyrir tilsjón með herbergjum prestaskólans, og hefur nefndin ætlað til þessa 100 kr. í staðinn fyrir þær 40 kr., sem á er ætlað í frumvarpi stjórnarinnar.

Að B. I. b. 5. Þennan staflið hefur nefndin fært niður í 100 kr. á ári, sem virðist nægjanlegt.

Að B. II. b. 1. Þennan staflið hefur nefndin fært upp í 900 kr.

Að B. II. b. 2. Þennan staflið hefur nefndin fært upp í 1,900 kr.; vakti það fyrir henni, að full orsök væri til að bæta kjör söngkennarans og kennarans í leikfimi þannig, að hinn fyrnefndi fengi sem söngkennari . . . . . 600 kr.
og sem organleikari . . . . 200 —
en fimleikakennarinn . . . . . 500 —
Þess utan stendur viðbótin 320 kr. óbreytt.

Að II. c. 2. Þessa upphæð hefur nefndin sett niður í 1,000 kr.

3 er sett niður í 1,000 kr.

4 áætluð upphæð.

Töluliðirnir 6 og 7 í frumvarpi stjórnarinnar falla burtu, því nefndin stingur upp á, að reikningar skólans flytjist til landfógetans, sem hvort eð er eptir athugasemdum stjórnarinnar bls. 18, (sbr. bls. 29 hjer að framan), eptirleiðis á að endurskoða reikninga landsins, og hvað staflið 7 viðvíkur, virðist engin ástæða til að borga umsjónarmanninum sjerstaklega fyrir skrifstörf og útreikninga, þar eð laun hans undir B. II. b. 1. hafa verið hækkuð meðfram sökum starfa hans við skólabókahlöðuna.

8 sett niður í áætlaðar 1,200 kr.

Að C. Hjer hefur nefndin bætt inn í 3. tölulið 2—4 (a—b), nefnilega til amtsbókasafnsins á Akureyri 200 kr. á ári, til kvennaskólans í Reykjavík 200 kr. á ári og til forngripasafnsins:
a, til að kaupa forngripi . . . 400 kr.
b, til umsjónarmannsins . . . 100 —

15. grein.

Nefndin hefur skipt þessari grein stjórnarfrumvarpsins í 2 greinir á þann hátt, að 10,000 kr. veitast á fjárhagstímabilinu til vísindalegra og verklegra fyrirtækja.

Sjerstaklega skal nefndin leyfa sjer að taka fram, að æskilegt væri, að nokkru af þessu fje yrði varið til að rannsaka skjalasöfnin í höfuðstaðnum, og með því koma í verk nauðsynlegum undirbúningi til sögu Íslands; en í

16. grein nefndarinnar

eru áætlaðar 10,000 kr. til óvissra útgjalda, þar á meðal 3,000 kr. handa hinni væntanlegu skattanefnd.

Fylgiskjal I.

Reikningur yfir «Styrktarsjóð handa Íslandi»
frá 25. júlí 1844 að reikna til 1. janúar 1875.

Eptir konungsúrskurði frá 25. júlí 1844 var upphæð kollektusjóðsins, er úr því skyldi kallast «styrktarsjóður handa Íslandi», 28,165 rd. 24 sk., en þar frá gekk í samhljóðan við

konungs úrskurð 2. maí 1845, 15,500 rd. til skólabyggingar í Reykjavík og var þá eptir óeytt . . . . . 12,665 rd. 24 sk.
leigur með leiguleigum af þessum höfuðstól frá 2. maí 1845 að telja til 1. janúar 1875 verða . . . . . 27,892 — 72 —
Samtals 40,558 — » —
Í krónum 81,116 kr.

Þegar þar við er bætt, eins og ástæða virðist til, þeim ofangreindu . . . . . 15,500 rd:
með einföldum leigum frá 2. maí 1845 til 1. janúar 1875 til 1. janúar 1875, er verða . . . . . 18,600 —
koma 34,100 —
Í krónum 68,200 kr.
sem út færast . . . . . 68,200 kr.
Verður aðalupphæðin 149,316 kr.

Fylgiskjal II.

Stiptsyfirvöld Íslands.

Reykjavík, 13. dag júlímán. 1875.

Út af fyrirspurn hinnar háttvirtu fjárlaganefndar í brjefi frá í gær um upphæð á tekjum læknasjóðsins síðast liðin 3 ár, sem og um upphæð þá, sem á tjeðu tímabili er goldin sjerstaklega úr hverri sýslu á landinu í spítalahluti, látum vjer ekki hjá líða þjenustusamlega að skýra nefndinni frá, að tekju-upphæð læknasjóðsins var

árið 1872 6,818 rd. 20 sk.
— 1873 4,839 — 3 —
— 1874 6,381 — 71 —

En til þess að nefndin geti sjeð upphæð þá, sem þessi ár hefur verið goldin sjerstaklega úr hverri sýslu á landinu í spítalahluti, látum vjer hjer með fylgja hjer að lútandi skýrslur nr. 1—3, sem vjer biðjum oss endursendar, þegar nefndin hefur haft þær til afnota.

Bergur Thorberg. P. Pjetursson.

Að fylgiskjal II. a.

Spítalahlutir greiddir til læknasjóðsins árið 1872 fyrir árin 1870—71 og 1871—72.

	Fyrir árið 1870—71.		Fyrir árið 1871—72.	
	rd.	sk.	rd.	sk.
Úr Norður-Múlasýslu	»	»	103	39
— Suður-Múlasýslu	54	40	182	89
— Skaptafellssýslu	»	»	13	30
— Rangárvallasýslu	»	»	27	90
— Vestmannaeyjasýslu	»	»	56	42
— Árnessýslu	262	84	»	»
— Gullbringu- og Kjósarsýslu	628	7	»	»
— Reykjavíkurbæ	»	»	123	31
— Borgarfjarðarsýslu	»	»	45	83
yfir um	945	35	553	20

	Fyrir árið 1870—71.		Fyrir árið 1871—72.	
	rd.	sk.	rd.	sk.
handan að	945	35	553	20
Úr Mýrasýslu	»	»	2	26
— Snæfellsnessýslu	84	59	»	»
— Dalasýslu	6	28	»	»
— Barðastrandarsýslu suðurhluta	32	5	»	»
— Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu vesturhluta	586	79	»	»
— Strandasýslu	201	22	»	»
— Húnavatnssýslu	73	11	26	72
— Skagafjarðarsýslu	100	»	130	12
— Eyjafjarðarsýslu	490	75	528	76
— Þingeyjarsýslu	»	»	100	»
Samtals	2,520	26	1,341	14

Að fylgiskjal II. b.

Spítalahlutir greiddir til læknasjóðsins 1873 fyrir árið 1871—72, og tímann frá $^{12}/_{5}$ til $^{31}/_{12}$ 1872.

	Fyrir árið 1871—72.		Fyrir tímann $^{12}/_{5}$—$^{31}/_{12}$ 72.	
	rd.	sk.	rd.	sk.
Úr Norður-Múlasýslu	»	»	43	10
— Suður-Múlasýslu	»	»	144	10
— Skaptafellssýslu	»	»	3	48
— Rangárvallasýslu	»	»	»	61
— Vestmannaeyjasýslu	»	»	30	»
— Árnessýslu	149	89	8	92
— Gullbringu- og Kjósarsýslu	497	27	»	»
— Reykjavíkurbæ	»	»	71	8
— Borgarfjarðarsýslu	»	»	27	2
— Mýrasýslu	»	»	2	26
— Snæfellsnessýslu	172	79	40	»
— Dalasýslu	6	46	»	»
— Barðastrandarsýslu	»	»	»	»
— Ísafjarðarsýslu	96	9	»	»
— Strandasýslu	123	66	54	68
— Húnavatnssýslu	25	»	107	52
— Skagafjarðarsýslu	»	»	82	33
— Eyjafjarðarsýslu	»	»	»	»
— Þingeyjarsýslu	73	53	»	»
Samtals	1,144	81	615	26

Ad fylgiskjal II. c.

Spítalahlutir greiddir á árinu 1874.

	Fyrir 12/5 til 31/12 72		Fyrir 1873.	
	rd.	sk.	rd.	sk.
Úr Norður-Múlasýslu	»	»	53	31
— Suður-Múlasýslu	»	»	135	53
— Skaptafellssýslu	»	»	13	56
— Rangárvallasýslu	»	»	3	90
— Árnessýslu	»	»	131	94
— Gullbringu- og Kjósarsýslu	104	5	539	63
— Reykjavík	»	»	150	»
— Borgarfjarðarsýslu	»	»	74	79
— Mýrasýslu	»	»	2	28
— Snæfellsnessýslu	68	91	»	»
— Dalasýslu	18	42	11	40
— Barðastrandarsýslu	»	»	»	»
— Ísafjarðarsýslu	351	42	»	»
— Strandasýslu	»	»	»	»
— Húnavatnssýslu	»	»	90	12
— Skagafjarðarsýslu	»	»	101	63
— Eyjafjarðarsýslu	578	24	»	»
— Þingeyjarsýslu	141	67	171	4
— Vestmannaeyjasýslu	»	»	128	26
Samtals	1,262	79	1,607	63

Ad fylgiskjal II d.

Læknasjóður.

1874	Tekjur.		krónur.	aurar.
I.	Vextir til 11. dags júnímánaðar 1874:			
	a, úr jarðabókarsjóði	1616 kr. 27 a.		
	b, af veðskuldum	3768 — 59 -		
	c, dagvextir af endurborguðum lánum	20 — 75 -	5405	61
II.	Tekjur af jörðum:			
	a, af Hörgslandi 1873—74 430 ál. eptir meðalverði s. á., og 6 rd. eða 12 kr. í rekaleigu	233 kr. 27 a.		
	b, af Kaldaðarnesi s. á. 4 hundr. eptir meðalverði s. á.	257 — 25 -		
	c, af Hallbjarnareyri 6/6 72—31/12 73	235 — 48 -		
	d, af jörðum Möðrufellsspítala 1873—74	374 — 68 -	1100	68
III.	Spítalahlutir:			
	a, fyrir tímann frá 12/5 til 31/12 1872	2525 — 64 -		
	b, — ár 1873	3215 — 32 -		
	c, eptirstöðvar úr Ísafjarðarsýslu fyrir 1871—72	516 — 32 -		
IV.	Endurborguð lán og afdrættir	8856 — 6 -	6257	28
	Summa af nr. I., II. og III.	12763 kr. 57 a.		

Fylgiskjal III.

Gjald af vínföngum.

Eptir að fjárlaganefndin í neðri deild alþingis hefur skorað á mig, um að gefa skýrslu um upphæð gjalds af vínföngum í hinum sjerstöku sýslum landsins síðast liðið tveggja ára tímabil, leyfi eg mjer fyrirfram að geta þess, að eg hefi eigi nóg föng til þessa, að því árinu 1873 viðvíkur, en til þess að verða við áskorun nefndarinnar svo vel sem verða má, mun eg skýra frá því, sem fyrir hendi er, og eru mestu erfiðleikar á því, að árið 1873 var klofið sem reikningsheild þannig, að janúarkvartal 1873 fylgdi fjárhagsárinu danska frá 1. apríl 1872 til 31. marts 1873, en hin þrjú önnur kvartöl reiknings-tímabilinu frá 1. apríl til 31. des. 1873.

Af þessu, sem og af því, að ýmsar skýrslur vantar, leiðir það, að yfirlitið ekki verður fullkomið og er það þannig:

Fyrir 1873	rd.	sk.			Rd.	Sk.
Skaptafellssýsla	1. kvartal 39	20	2. 3. 4. kvartal		68	19
Vestmannaeyjasýsla	—	» »	—	—	818	30
Árnessýsla	—	» »	—	—	936	29
vantar ársreikning.						
Gullbringusýsla	—	50 61	—	—	389	58
Reykjavíkurkaupstaður	—	636 88	—	—	3987	3
Mýra- og Borgarfjarðarsýsla	—	» »	—	—	»	»
Snæfellsnessýsla	—	» »	—	—	1051	23
Barðastrandarsýsla	—	» »	—	—	1113	18
Ísafjarðarsýsla	—	» »	—	—	70	20
vantar skýrslur.						
Skagafjarðarsýsla	—	» »	—	—	378	19
vantar skýrslu fyrir október-kvartal og ársreikning.						
Strandasýsla	—	» »	—	—	280	35
Húnavatnssýsla	—	» »	—	—	1091	77
Eyjafjarðarsýsla og Akureyri	—	» »	—	—	1911	94
vantar skýrslu fyrir júlí-kvartal og ársreikning.						
Þingeyjarsýsla	—	304 59	—	—	207	11
Norður-Múlasýsla	—	» »	—	—	1761	33
vantar skýrslu fyrir janúar- og októberkvartal.						
Suður-Múlasýsla	—	418 84	—	—	1279	61
	1450	24	—	—	15344	50

Í yfirlitinu fyrir hina síðustu 9 mánuði ársins eru tekjurnar taldar 17,223 rd. 76 sk., og er mismunurinn sjálfsagt fólginn í því, er skýrslu vantar, eins og að framan er talið, þar á meðal fyrir Ísafjarðarsýslu, hvar sú upphæð, sem hjer er innborguð, einungis er talin. Fyrir fyrstu 3 mánuðina vantar skýrslur úr tveimur sýslum.

Fyrir 1874	Rd.	Sk.
Skaptafellssýsla	584	23
Vestmannaeyjasýsla	994	12
Árnessýsla	1971	43
yfir um	3,549	78

	Rd.	Sk.
handan að	3,549	78
vantar skýrslu fyrir októberkvartal		
Gullbringu- og Kjósarsýsla	1356	7
Reykjavíkurkaupstaður	8552	23
Mýra- og Borgarfjarðarsýsla	»»	»»
Snæfellsnessýsla	2109	7
Barðastrandarsýsla	465	48
Ísafjarðarsýsla og kaupstaður	2545	23
Strandasýsla	156	50
Húnavatnssýsla	1433	42
Skagafjarðarsýsla	607	81
vantar skýrslu fyrir októberkvartal.		
Eyjafjarðarsýsla og Akureyri	1730	81
Þingeyjarsýsla	845	75
Norður-Múlasýsla	2451	9
Suður-Múlasýsla	1215	27
vantar skýrslu fyrir októberkvartal.		
	27,018	71

Við þessar skýrslur er að athuga fyrir bæði árin:

1, að frá er dregin sú þóknun, er innkröfumenn fá, nefnil. tveir af hundraði.

2, að skýrslur þær og reikningar, sem upphæðirnar eru teknar úr, ekki hafa verið endurskoðaðar, og geta því upphæðirnar breytzt.

3, Til hliðsjónar skal þess getið, að þar sem að 1. hálfmissiri fyrir árið 1873 er innflutt fyrir 1450 rd. 24 sk. þá er árið 1874 einungis innflutt á sama tíma fyrir 1048 rd. 34 sk.

Skrifstofu landfógeta á Íslandi 13. júlí 1875.

Á Thorsteinson.

Til

Fjárlaganefndarinnar á alþingi 1875.

Fylgiskjal IV a

Viðlagasjóður.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Reykjavík 19. júlí 1875.

Í brjefi frá 15. þ. m. hefur hin heiðraða nefnd beiðzt skýringar minnar um, hvernig á því standi, að

1. »versurer og deposita« sjeu í reikningsyfirliti frá 1. apríl 1872 til 31. marz 1873 athugas. bls. 13. reiknuð með eigum hjálparsjóðsins.

2, á hinni sömu blaðsíðu í nefndum athugasemdum sje upphæð (8516 rd. 64 sk.) reiknuð hjálparsjóðnum á árinu 1872—73, þó hún eptir athugasemdunum sjálfum viðkomi tímabilinu frá 1. apríl til 30. júní 1873, sem er partur af síðara reikningsári.

3, eign hjálparsjóðsins í frumvarpi til fjárlaga 1876—77 (sbr. aths. bls. 6 og 7) sje eigi talin meir en 65,544 rd. 39½ sk., þó hún eptir reikningsyfirlitinu fyrir tímabilið frá 1. apríl til 31. desbr 1873 ætti að vera 67,421 rd. 15½ sk.

Næst því af þessu tilefni að geta þess, að hin innlenda stjórn, svo lengi sem endurskoðun og úrskurður landsreikninga fer fram erlendis, og þess vegna aðalreikningur landssjóðsins er saminn fyrir utan landið, sje eigi fær um að gefa fullkomna skýrslu um ástand hjálparsjóðsins án þess að leita skýringa til ráðgjafa konungs, skal jeg með tilliti til hinna einstöku spurninga nefndarinnar taka fram það, er nú segir:

Að 1. Af því sem nú var sagt leiðir, að jeg get ekki gjört nákvæma grein fyrir 3189 rd. 7 sk. þeim, er hjer ræðir um, en þess virðist mjer ekki heldur þörf, þar sem upphæð þessi eptir reikningsyfirlitinu vafalaust er eins fullkomin eign hjálparsjóðsins, eins og sjerhver önnur upphæð eður krafa, er heyrir honum til, enda er upphæðin talin með í síðari skýrslu um ástand hjálparsjóðsins.

Að 2. Á hinum nefnda stað í athugasemdunum er eigi sagt, að upphæð sú, er hjer ræðir um, viðkomi tímabilinu frá 1. apríl til 30. júní 1873. Þar í mót stendur með greinilegum orðum, að hún við komi »þessu reikningsári«, sem blýtur að vera ár það, er reikningsyfirlitið er samið fyrir. Að hún hafi verið greidd í aðalríkissjóðinn, eptir að reikningsárið var á enda, en fyr en reikningunum var lokið, er hægt að skilja, þegar tillit er tekið til póstsambandsins milli Íslands og Danmerkur.

Að 3. Í athugasemdunum við fjárlagafrumvarpið fyrir árin 1876 og 1877 hefur, eins og beinlínis er tekið fram, verið gengið út frá reikningsyfirlitinu fyrir tímabilið frá 1. apríl til 31. desbr. 1873, og var upphæð hjálparsjóðsins eptir því alls 50239 rd. 47½ sk.
eptir að brúkað hafði verið til að byggja hegningarhúsið í Reykjavík 15304 rd. 88 sk. úr hjálparsjóðnum. Leggist þessi upphæð, sem hjálparsjóðurinn hefur fengið fyrir skuldabrjef þau, er getur um bls. 23 í athugasemdum við reikningsyfirlit 1. apríl til 31. desember 1874, 15304 — 88 —
við fyrnefndar eptirstöðvar, kemur út upphæð sú, sem yfirlitið yfir ástand hjálparsjóðsins í fjárlagafrumvarpinu byrjar með. . . . . 65544 — 39½ —
Þar í mót átti hjálparsjóðurinn, þá er fyrnefnt reikningsyfirlit var samið, eður í fyrra haust þessi skuldabrjef

	rd.	sk.
1, dómsmálasjóðsbrjef	9175	»
(að meðtöldum þeim brjefum, sem sjóðurinn átti eptir), (sjá athugasemdir við fjárlagafrumvarpið bls. 8)		
2, skuldabrjef suðuramtsins og Reykjavíkur	7406	64
3, innritunarskírteini (sjá aths. við fjárlagafrumv. bls. 7)	600	»
og þar til koma loksins fyrnefndar eptirstöðvar . . .	50239	47½ 67421 rd. 15½ sk.

Fyrir þessari upphæð hefur verið gjörð grein í athugasemdunum eins og nú segir, og átti hjálparsjóðurinn samkvæmt þeim þessar eignir:

1, óloknar tekjur fyrir árið 1873	15067 rd. 18½ sk.	
að frádregnum óloknum gjöldum fyrir sama ár	2256 — 71 —	12810 rd. 43½ sk.
eða í krónum		25620 kr. 91 eyr.
2, innritunarskírteini G. fol. 70		51200 — —
3, ofannefnd skuldabrjef einstakra manna, er dómsmálasjóðurinn átti .		18350 — —
4, skuldabrjef þau, er einnig er getið að ofan, frá Reykjavíkurkaupstað og suðuramtinu		14813 — 33 —
en frá þessari upphæð gengur upphæð sú, sem eins og áskilið hefur verið, hefur verið greidd upp í skuldirnar árið 1874, og sjálfsagt mun verða talin meðal tekna í reikningum 1874, og eru þessvegna skuldabrjef þessi talin sjerstaklega í 4. gr. Nr. 2. fjárlagafrumvarpsins.		
yfir um		109,984 — 24 —

handan að	109984 kr.	24 a.
5, peningaeptirstöðvar	27906 —	69 —
Upphæð sú, sem að framan var getið, 67421 rd. 15½sk.,	137890 —	93 —
er í krónupeningum	134842 —	32 —
mismunurinn	3048 —	61 —

kemur, eins og hægt er að sjá af athugasemdunum fram, þegar þess er gætt, að hjálparsjóðurinn með því að kaupa konungleg skuldabrjef að upphæð . . . 50000 kr. eyri
fyrir andvirði þeirra eptir verðlagi því, sem þá var . . . . . 46951 — 39 —
hefur haft ávinning, er nemur . . . . . 3048 — 61 —

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Til
fjárlaganefndar neðri deildar alþingis.

Fylgiskjal IV b.

Áhrærandi viðlagasjóðinn.

Með brjefi, dagsettu 12. þ. m., hefur fjárlaganefndin leitað upplýsinga um mismun á skuldabrjefaupphæð þeirri, er frá dómsmálasjóðnum er flutt yfir til hjálparsjóðsins, þar eð þessi upphæð ástundum í áætlunum og reikningsyfirlitum sje talin 9831 rd.; stundum 9175 rd. og stundum 9000 rd. Sömuleiðis er leitað upplýsinga um, hvert þeir 550 rd., sem vegabótasjóður suðuramtsins fjekk að láni og nú er búinn að endurgjalda hjálparsjóðnum, sjeu runnir.

Út af þessu leyfi jeg mjer að skýra frá eptirfylgjandi:

Þann 31. júlí 1872 voru hjálparsjóðnum í prívat skuldabrjefum afsalaðar frá dómsmálasjóði af landshöfðingja með vöxtum frá framsalsdegi	1,900 rd.
Þann 29. ágúst s. á. sömuleiðis	1,000 —
— 27. sept. s. á. sömuleiðis	1,000 —
— 30. okt. s. á. sömuleiðis	1,000 —
— 16. nóv. s. á. sömuleiðis	200 —
— 31. marz 1873 sömuleiðis	2,500 —
	7,600 —
Þann 8. sept. 1871 voru vegabótasjóði suðuramtsins lánaðir 550 rd., að borga með helmingi 31. des. 1872 og sama tíma 1873. Á fjárhagsárinu $18^{72}/_{73}$ voru af upphæð þessari borgaðir 275 rd. og voru því eptirstöðvar sjóðsins við jarðarbókarsjóð að viðbættum þeim eptirstandandi	275 —
Þann 31. marz 1873	7,875 —

Á reikningstímabilinu frá 1. apríl til 31 des. 1873, átti hjálparsjóðurinn eins og að framan er talið við jarðabókarsjóðinn þann 1. apríl 1873 samtals 7,875 rd. sk.

Þar frá dragast sem innborgaðir á þessu ári, lán suðuramtsins vegabótasjóðs síðari afborgun	275 —	—
	7,600 —	—

Þar við bættist árið 1873:			
7. ágúst 1873, lánað Reykjavíkurkaupstað			4,135 — 53 —
17. sept. s. á., jafnaðarsjóði suðuramtsins			3,271 — 11 —
31. des. 1873, afsalað frá dómsmálasjóði til hjálparsjóðs af landshöfðingja með vöxtum frá framsalsdegi í skuldabrjefum einstakra manna			1,575 — —
Þann 31. des. 1874, átti hjálparsjóðurinn við jarðabókarsjóð			16,581 — 64 —
Frá dómsmálasjóði er þannig til landssjóðs afsöluð samtals, skuldabrjef einstakra manna, að upphæð 1872: 7,600 rd. og 1873 1,575 rd., til samans 9,175 rd.			
Árið 1874 1. jan., átti þannig hjálparsjóðurinn við jarðabókarsjóð . .			16,581 — 64 —
Af höfuðstól var borgað á árinu: Af einum skuldunaut	150 rd.	sk.	
Umsamin endurborgun: Frá bæjarsjóði Reykjavíkur	275 —	68 —	
Frá jafnaðarsjóði suðuramtsins	218 —	8 —	643 — 76 —
Eptir 31. des. 1874, í arðberandi skuldabrjefum einstakra manna . .			15,937 — 84 —

eða 31,875 kr. 74 aura.

(Mismunurinn við reduktion á tveimur skuldabrjefum, hverju sjer í lagi 1 eyrir).

Að því er það snertir að í áætlun fyrir 1874 athugasemd bls. 16, er rætt um, að dómsmálasjóðurinn *hafi átt* í prívat veðskuldabrjefum 9,831 rd., og að *til standi*, að afsalaðir sjeu hjálparsjóði þeir eptirstandandi óafsöluðu 2,231 rd. í skuldabrjefum, þá leyfi jeg mjer að geta þess, að dómsmálasjóðurinn nokkru áður átti 2,231 rd. í prívat skuldabrjefum, en af þeim var síðar borgað af skuldunautum 656 rd., og mun stjórnin ekki hafa vitað þetta, þá er áætlanin var samin, t. a. m. að þann 4. ágúst 1872 voru af upphæð þessari goldnir 500 rd. o. s. frv. Eptir þessum skýringum er það enn fremur auðsætt, að þar sem hjer um bil 9000 rd. eru taldir sem skuldabrjefaupphæð, er landssjóðnum hefur bæzt frá dómsmálasjóði, þá er þar með sjálfsagt meint hin rjetta upphæð lauslega tiltekin, eins og orðatiltækið «hjer um bil» bendir til.

Þar sem nefndin spyr um, hvert þeir 550 rd., sem suðuramtsins vegabótasjóður skuldaði og borgaði aptur, hafi runnið, þá hefur þessi upphæð, sem hinar aðrar innborganir til hjálparsjóðsins, er hjer hafa verið nefndar að framan, runnið inn í fjehirzlu sjálfs jarðabókarsjóðsins.

Skrifstofu landfógeta á Íslandi, 14. dag júlím. 1875.

Á. Thorsteinson.

Til
fjárlaganefndarinnar á alþingi 1875.

Fylgiskjal Nr. V. a.

Óvissar tekjur 1874:

	Arflaust fje	Strand-fje	Sektir (eptir hegning-arlög.) m. m.	Skipa-mælingar	Lóðar-gjöld, af-gjald af eyðijörð-um	Samtals.
	rd. sk.	rd. sk.	rd.	rd. sk.	rd. sk.	rd. sk.
Skaptafellssýsla	. .	17	. .	. .	. .	17
Rangárvallasýsla	. .	. .	2	. .	7	9
Vestmannaeyjasýsla						
Árnessýsla	. .	. .	10	. .	. .	10
Gullbringu- og Kjósarsýsla . .						
Reykjavíkur kaupstaður . . .	. .	. .	. .	. .	32	32
Mýra- og Borgarfjarðarsýsla . .	. .	. .	20	. .	. .	20
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	. .	. .		. .	. .	8
Dalasýsla	. .	. .	2	. .	. .	2
Barðastrandarsýsla						
Ísafjarðarsýsla og kaupstaður .						
Strandasýsla						
Húnavatnssýsla	. .	. .	20	. .	. .	20
Skagafjarðarsýsla						
Eyjafjarðarsýsla						
Þingeyjarsýsla						
Norður-Múlasýsla						
Suður-Múlasýsla						
						101 17
Kóngskirkjur:						
Reykjavíkur dómkirkja						
Prestsbakkakirkja						
Þykkvabæjarkirkja	. .	. .	. .	. .	. .	30 49
Langholtskirkja	. .	. .	. .	. .	. .	56 2
Bjarnarneskirkja	. .	. .	. .	. .	. .	5 2
¾ % Depositionsgebyrer af fje borguðu í jarðabókarsjóð						11 50
Rjettartekjur við landsyfirrjett						30 40
Innkomið við sölu á þjóðfundartíðindum 1851						
—— — — - «Lítil fiskibók»						
Borgun til dómsmálasjóðs við embættaveitingar						
					Samtals	234 64

Skrifstofu landfógeta á Íslandi, 13. júlí 1875.

A. Thorsteinson.

Fylgiskjal Nr. V. b.

Óvissartekjur 1873 (frá 1/4 til 31/12)

	Arflaust fje		Strand-fje		Sektir (eptir hegning-arlög.) m. m.	Skipa-mælingar		Lóðar-gjöld, af-gjald af eyðijörð-um		Samtals.	
	rd.	sk.	rd.	sk.	rd.	rd.	sk.	rd.	sk.	rd.	sk.
Skaptafellssýsla	.	.	15	86	.	.	.	.	.	15	86
Rangárvallasýsla	.	.	.	.	9	.	.	7		16	
Vestmannaeyjasýsla	.	.	.	.	5	.	.	.	.	5	
Árnessýsla (vantar reikning)											
Gullbringu- og Kjósarsýsla (sömul.)											
Reykjavíkur-kaupstaður	.	.	.	.	.	.	.	2		2	
Mýra- og Borgarfjarðarsýsla											
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	.	.	.	.	2	2	36	.	.	4	36
Dalasýsla											
Barðastrandarsýsla	.	.	.	.	10	.	.	.	.	10	
Ísafjarðarsýsla og kaupstaður											
Strandasýsla											
Húnavatnssýsla											
Skagafjarðarsýsla											
Eyjafjarðarsýsla											
Þingeyjarsýsla	6	13	.	.	.	.	.	.	.	6	13
Norður-Múlasýsla	.	.	31	8	.	.	.	.	.	31	8
Suður-Múlasýsla											
Kongskirkjur:											
Reykjavíkur-dómkirkja											
Prestsbakkakirkja											
Þykkvabæjarkirkja										21	40
Langholtskirkja										38	72
Bjarnaneskirkja										31	13
Ingjaldshólskirkja											
3/4 % Depositionsgebyrer af fje borguðu í jarðabókarsjóð										59	24
Rjettartekjur við landsyfirrjett										35	72
Innkomið við sölu á þjóðfundartíðindum 1851											
—— — — — «Lítil fiskibók»											
Hjer við á að líkindum að bæta sektarfje úr Skaptafellssýslu eptir landsyfirrjettardómi 22/9 73										20	
									Samtals	296	76

Skrifstofu landfógeta á Íslandi, 13. júlí 1875.

A. Thorsteinson.

Fylgiskjal VI. a.

Gjald af fasteignarsölum
samkvæmt reikningsyfirlitum sýslumanna, sendum landshöfðingjadæminu.

Sýslurnar	1873		1874		Samtals bæði árin.	
	rd.	sk.	rd.	sk.	rd.	sk.
Skaptafellssýsla	3	19	5	33	8	52
Vestmannaeyjasýsla				51		51
Rangárvallasýsla	8	83	12	78	21	65
Árnessýsla	17	83	8	51	26	38
Kjósar- og Gullbringusýsla	47	45	27	49	74	94
Reykjavíkur-kaupstaður	34	13	37	56	71	69
Mýra- og Borgarfjarðarsýsla	30	30	20	36	50	66
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	4	48	42	72	47	24
Dalasýsla	11	80	11	72	23	56
Barðastrandarsýsla	18	12	11	68	29	80
Ísafjarðarsýsla	13	76	22	93	36	73
Strandasýsla	4	64	1	56	6	24
Húnavatnssýsla	31	64	17	61	49	29
Skagafjarðarsýsla	3	24	10	55	13	79
Eyjafjarðarsýsla	34	88	2	48	37	40
Þingeyjarsýsla	3	5			3	5
Norður-Múlasýsla	4	57	7	50	12	11
Suður-Múlasýsla	11		21	72	32	72
	283	23	263	41	546	64

Skrifstofu landshöfðingja. 13. júlí 1875.
Jón Jónsson.

Fylgiskjal VI. b.

Gjald af fasteignarsölum
á reikningstímabilinu 1868—73,
samkvæmt reikningseptir-ritum sýslumanna í suðurumdæminu.

Sýslurnar.	1868 —69		1869 —70		1870 —71		1871 —72		1872 —73		Samtals öll árin	
	rd.	sk.	rd.	sk.	rd.	sk.	rd.	sk.	rd.	sk.	rd.	sk.
Skaptafellssýsla	1	29	14	2	4	75	2	93	5	30	28	37
Vestmannaeyjasýsla	»	»	1	24	»	»	»	82	»	»	2	10
Rangárvallasýsla	3	15	1	2	4	29	11	86	10	62	31	2
Árnessýsla	1	73	19	80	21	24	7	28	31	90	82	7
Kjósar- og Gullbringusýsla	31	5	21	17	25	40	22	13	14	52	114	31
Borgarfjarðarsýsla	18	44	14	24	»	»	29	12	12	30	74	14
Reykjavíkurkaupstaður	15	93	5	18	55	84	24	28	87	73	189	8
	71	67	76	71	111	60	98	54	162	49	521	13

Skrifstofu landshöfðingja, 13. júlí 1875.
Jón Jónsson.

Fylgiskjal VII.

Póststjórnin.

Upp á fyrirspurn hinnar heiðruðu fjárlaganefndar á alþingi 1875, dags. 16. þ. mán., skal eg þjenustusamlega svara sem fylgir:

1. Fæðispeningar og ferðakostnaður póstmeistara á liðnu ári voru	88 rd.	• sk.
2. Prentunarkostnaður og auglýsingar	64 —	55 —
3. Áhaldakostnaður	86 —	60 —
4. Tekjur póstsjóðsins fyrir brjef, peninga og böggla . . .	3649 —	70 —

Reykjavíkur póststofu, 20. d. júlímán. 1875.

Ó. Finsen.

Til
fjárlaganefndarinnar á alþingi 1875.

ÖNNUR UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 30. fundi neðri þingdeildarinnar 6. dag ágústmán. kom samkvæmt dagskránni til annarar umræðu frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland fyrir árin 1876 og 1877, tekjubálkurinn (1.—6. grein).

Landshöfðingi: Jeg skal fúslega kannast við, að hin heiðraða nefnd hefur haft mikið vandaverk á hendi; því að það liggur í hlutarins eðli, að fjárlög landsins, þegar þau í fyrsta skipti eru lögð fyrir þingið, hljóta að hafa margs konar og margbrotna rannsókn í för með sjer, og jeg skal einnig kannast við það, að hin heiðraða nefnd hefur leyst þetta vandaverk vel af hendi, eptir því sem föng voru á, og sem búast mátti við af hinum heiðruðu þingmönnum, sem þingið fól þennan starfa á hendur.

Jeg er hinni heiðruðu nefnd samdóma um það, að henni hefur veitt erfitt að útvega allar þær skýringar, sem henni hafa þótt nauðsynlegar; en þetta leiðir bæði af því, að hjer ræðir um hin fyrstu fjárlög landsins, og af fyrirkomulagi því, sem hingað til hefur átt sjer stað, og hefur verið eðlilegt eptir ásigkomulagi bæði stjórnar- og fjármálefna landsins. Þegar nú er búið að koma nýju fyrirkomulagi á bæði þessi málefni, er það ætlunarverk bæði stjórnarinnar og alþingis, að koma fjárlögum landsins í samstemmu við hið nýja fyrirkomulag, og jeg vona, að þessar umræður muni þegar í þetta skipti leiða til þess, að vjer fáum náð þessu ætlunarverki voru. Á hinn bóginn virðist mjer bending hinnar heiðruðu nefndar um það, að landsstjórnin ætti að ótilkvöddu að gefa allar þær skýringar um hverja vafasama grein, sem hún hefur í höndum, annaðhvort strax, þegar fjárlagafrumvarpið er lagt fyrir þingið, eða að minnsta kosti undir eins og búið er að kjósa nefndina í málinu, — hafa verið að fullu tekin til greina frá stjórnarinnar hálfu, með því að hún hefur látið fylgja frumvarpinu svo yfirgripsmiklar athugasemdir, að þær að stjórnarinnar áliti höfðu inni að halda allar þær skýringar um hverja vafasama grein, sem hún hafði í höndum, og sem hún gjörði ráð fyrir að mundi nægja nefndinni og alþinginu til íhugunar, og með því enn fremur að verða við óskum nefndarinnar, að svo miklu leyti, sem stjórninni var unnt með tilliti til frekari upplýsinga, sem nefndin kynni að álíta þörf á. Það er eðlilegt, að skoðanir manna geti verið misjafnar um það, hverjar og hversu margar skýringar sjeu nauðsynlegar í því eða því tilfelli. En jeg skal taka það ítarlega fram, að stjórnin hefur undir eins og hún lagði þetta frumvarp fyrir þingið gefið þinginu allar þær skýringar, sem hún varð að álíta nauðsynlegar, til þess að þingið gæti leyst starfa sinn með tilliti til fjárlaganna vel og vandlega af hendi. Dæmi þau, sem hin heiðraða nefnd hefur til greint, eru að mínu áliti ekki nægilega sannandi í því tilliti. Því að hvað snertir launaviðbót þá,

sem nefndarálitið bendir á, þá má segja, að skýrsla um allar embættistekjur þessa embættismanns sje gefin á bls. 24 í athugasemdunum (34. bls. hjer að framan), en skýrsla um þóknun þá, sem honum er veitt fyrir læknakennslu, er bæði ákveðin með allrahæstum úrskurði af 3. ágúst 1868 og til hans er vísað í athugasemdunum bls. 10 (21. bls. hjer að framan); og hvað snertir byggingaaðgjörð þá, sem nefndin einnig hefur fundið að, verð jeg að halda, að fylgiskjalið í athugasemdunum bls. 42-44 (47-48 bls. hjer að framan) hafi inni að halda hinar nauðsynlegu skýringar, og jeg skal bæta því við, að mjer er ókunnugt um það, að yfirgripsmeiri skýringar sjeu útvegaðar eða lagðar fyrir ríkisþingið í Danmörku, þegar ræðir um þvílíka aðgjörð við einhverja byggingu. Hitt er annað, þegar ræðir um það, að byggja nýtt hús eða því um líkt.

Jeg skal játa það, að ástand það, sem er í því fólgið, að tekjur landsins renna í tvo sjóði, sem eru hvor öðrum mjög fjarlægir, og að útgjöld landsins sömuleiðis eru borguð úr þeim báðum, gjörir reikningsfærslu landsins flóknari og miður glögga, en hún annars gæti verið. En á hinn bóginn virðist mjer þetta eigi tálma því, að maður geti haft eða útvegað sjer alveg glögga hugmynd um reikningana sjálfa, og það er ekki þessu sambandi milli ríkisfjárhirzlunnar og jarðabókarsjóðsins að kenna, að ómögulegt hefur verið að búa reikningsyfirlitið fyrir 1874 svo tímanlega til, að það gæti komið út til landsins með póstskipsferðinni seinast. Ástæðan til þess hefur verið sú, að nokkrir reikningar landsins ekki voru sendir og ekki gátu orðið sendir til Kaupmannahafnar fyr en með 3. póstskipsferð þ. á. Samkvæmt reglugjörðinni 13. febrúar 1873, sem hefur inni að halda nákvæmari ákvarðanir um opinber reikningsskil, og heimtingu opinberra gjalda, skal semja reikninga sýslumanna og umboðsmanna innan loka febrúarmán. hvers árs, og senda þá til landshöfðingja með fyrstu póstferð þar á eptir; samkvæmt þessu koma ekki allir reikningar landsins með fyrstu póstferð í marzmánuði til landshöfðingjans, og verða þannig ekki afgreiddir af honum með 1. póstskipsferð, án þess að það sje annaðhvort honum eða reikningshaldaranum að kenna. En til þess að eptirstöðvar landsins ekki verði langtum stærri en þær hingað til hafa verið, og líklega munu verða, svo lengi sem ekki kemur aðalbreyting á reikningsfærslu vora, — því að hún er eptir reglugjörð 13. febrúarmán. 1873 viðunanleg, heldur á skattamálunum í heild sinni, og sjer í lagi á gjaldmáta skattanna — er það nauðsynlegt, að landfógetinn taki á móti innborgunum gjaldheimtumanna með marzpóstferðinni, áður en hann lýkur ársreikningi jarðabókarsjóðsins. Hið sama er nauðsynlegt með póstreikninginn, þar sem hann á inni að halda tekjur og útgjöld póstsjóðsins af öllum 7 póstferðum hins undangangandi árs, en póststofan tekur á móti hinum nauðsynlegu fylgiskjölum með tilliti til hinnar 7. póstferðar ekki fyr en með marzpóstferðinni. Þessir tveir reikningar, sem, eins og hinni heiðruðu nefnd er kunnugt, liggja *ekki* undir reglugjörð af 13. febrúar 1873 — og auk þeirra reikningurinn frá báðum Múlasýslunum, frá Ísafjarðar- og Barðastrandarsýslum, þar sem pósturinn í fyrsta skipti hvert ár leggur á stað fyrir febrúarmán. lok, — *geta* þannig samkvæmt hinum gildandi reglum ekki orðið sendir til Kaupmannahafnar með 1. póstskipsferð hvert ár, og nokkrir meðal þeirra ekki fyr en með 3. póstskipsferð. Það er sjálfsagt, eins og hin heiðraða nefnd tekur fram, að ábyrgðin með tilliti til eptirlitsins á framkvæmd reglugjörðarinnar af 13. febrúar 1873 hvílir að fullu og öllu á landshöfðingjanum; og jeg get fullvissað hina heiðruðu nefnd um það, að hann hvorki í einu nje neinu hefur vanrækt skyldu þá, sem í því tilliti hvílir á honum, og að það hvorki er honum nje sýslumönnum að kenna eða öðrum gjaldheimtumönnum landsins, að eptirstöðvarnar í tekjum landsins í ársreikningunum koma fram í svo stórum upphæðum, sem eiga sjer stað eptir þeim reikningsyfirlitum, er hingað til hafa verið samin, heldur

er það í öllu að kenna gjaldmáta þeim, er samkvæmt hinum gildandi lögum við gengst á sköttum og öðrum tekjum landsins, því að hann gjörir borgunina með ávísunum upp á verzlunarhús í Kaupmannahöfn ekki að eins leyfilega, heldur einnig í mörgum tilfellum nauðsynlega, og þegar ávísanirnar eru sendar með póstgufuskipinu á vorin með 1., 2., eða hvað Múlasýslurnar snertir með 3. póstskipsferð, og ávísanirnar eins og venjulegt er hljóða upp á «Sigt», þá er það auðsætt, að þótt gjaldheimtumennirnir á lögákveðinn hátt hafi gjört grein fyrir fje þessu, getur það ekki verið komið inn í landssjóðinn fyr en einhvern tíma á sumrinu, og að í reikningsyfirlitinu verður að telja það meðal eptirstöðvanna. En það er auðsætt, að þar sem af öllum tekjum landsins t. d. fyrir árið 1. apríl — 31. desember 1873 eptir reikningsyfirlitinu voru borguð inn í ríkisfjárhirzluna í Kaupmannahöfn 54,833 rd. 90 sk., en í jarðabókarsjóðinn ekki meir en 29,394 rd. 38 sk., og að árið 1872—73 voru borgaðir í ríkisfjárhirzluna 71,891 rd. 88 sk., en í jarðabókarsjóðinn ekki meir en 20,878 rd. 86 sk., — að innborganirnar með þess konar ávísunum geti valdið og eigi að valda því, að eptirstöðvarnar hvert ár nema stórum upphæðum; en þess ber vel að gæta, að þessar eptirstöðvar má ekki með neinu móti kenna embættismönnum landsins, og að allar getsakir um deyfð og eptirgangsleysi þeirra í þessu tilliti eru með öllu ástæðulausar, og sýna ekki annað en tortryggni og ókunnugleik frá hálfu þeirra, er koma fram með þær.

Að því mjer er kunnugt, eru «Underbilag» eða fylgiskjöl þau um leigumála umboðsjarða, er hin heiðraða nefnd bendir á, sem í Danmörku eru látin fylgja fjárlagafrumvarpinu, ekki yfirgripsmeiri, en þær skýringar, sem í þessu tilliti eru gefnar í athugasemdunum, er hjer liggja fyrir; — en með ársreikningum umboðsmanna verða sjálfsagt gjörð skil fyrir þessu, og þegar ársreikningur landssjóðsins verður lagður fyrir yfirskoðunarmenn þá, er ræðir um í 26. gr. stjórnarskrárinnar, munu þessi «Underbilag» einnig koma til endurskoðunar þeirra. Jeg skal bæta því við, að jeg er hinni heiðruðu nefnd samdóma um það, að fyrirkomulagi því, er á sjer stað með tilliti til bygginga umboðs- og klausturjarða hjer á landinu, sje í mörgu ábótavant, og þurfi endurbótar; en jeg finn ekki ástæðu til við umræðu fjárlaganna að fara lengra út í þetta, því að þessu fyrirkomulagi verður sjálfsagt að breyta, ef það er álitið nauðsynlegt, með sjerstöku lagaboði. Þar sem hin heiðraða nefnd á bls. 11 við 3. gr. hefur getið þess, að hún enn hafi engar skýrslur getað fengið um afgjald af umboðs- og klausturjörðum, þótt nefndin hafi leitað þeirra, skal jeg bæta því við, að hún hefur ekki leitað þessara skýrslna hjá landshöfðingjanum, en að jeg, ef svo hefði verið, skyldi fúslega hafa látið henni þær í tje, að svo miklu leyti, sem mjer hefði unnt verið. Athugasemdir hinnar heiðruðu nefndar um hjálparsjóðinn eru mjer ekki vel ljósar, og jeg held að þær að mestu leyti sjeu byggðar á misskilningi, sem að vísu eptir öllum kringumstæðum, sem liggja fyrir, getur verið afsakanlegur, og þess vegna ætla jeg ekki að svara þessum athugasemdum í polemiskum anda, heldur vil jeg reyna til að skýra þinginu ítarlega frá ástandi þessa sjóðs samkvæmt athugasemdunum við fjárlagafrumvarpið, er að mínu áliti nægilega skýrt, ef þær eru rjett skildar, lýsa ástandi hjálparsjóðsins. Fyrst skal jeg geta þess, að landssjóðurinn 1. apríl 1871, þegar samkvæmt lögunum 2. jan. 1871 fjárhagsaðskilnaðurinn komst á, átti ekki neina «Kassebeholdning», sem þó er alveg nauðsynleg, þar sem tekjurnar renna smámsaman inn í landssjóðinn, en útgjöldin á að greiða til fast ákveðins tíma, þegar þau falla til útborgunar, og meira að segja, tekjur landssjóðsins, að svo miklu leyti sem þær eru goldnar af umboðsjörðunum og hinum beinlínis-sköttum, renna ekki inn í landsjóðinn, fyr en við lok reikningsársins og fleiri mánuðum á eptir. Að landssjóðurinn eigi að síður hefur getað staðið straum af öllum útgjöldum sínum á reikn-

ings-árunum 1871—1872 og að mestu leyti einnig 1872—73 má þakka viðskiptum þeim, sem verið hafa milli ríkisfjárhirzlunnar og jarðabókarsjóðsins, því þau hafa gjört það að verkum, sem nefndin stingur upp á að einhver banki verði látinn gjöra. Það má sjá af reikningsyfirlitunum, að ríkisfjárhirzlan þann 1. apríl 1872 átti í jarðabókarsjóðnum »Saldo» upp á 35,177 rd. 74 sk., 1. apr. 1873 upp á 75,378 rd. 60 sk., og 1. jan. 1874 upp á 46,882 rd. 61 sk. Þessar tölur munu hjer nægja til þess að sanna, að ríkissjóðurinn hefur um þessi 3 ár ráðstafað útgjöldum og inngjöldum vorum að nokkru leyti á líkan hátt og t. d. »Nationalbanken» í Kaupmannahöfn vinnur fyrir ríkissjóðinn, en þar að auki oss langtum meira í hag; því að eins og kunnugt er, ávaxtast ekki fje ríkisfjárhirzlunnar í jarðabókarsjóðnum. Jeg skal seinna koma aptur til viðskipta þessara sjóða, en hjer mun nægja að benda á þetta atriði.

Tekjuafgangarnir voru við árslok 1871—72, eins og nefndin tekur fram: 10,980 rd. 33 sk., en samkv. reikningsyfirlitinu fyrir 1872—73 var þeim eptir endurskoðun breytt í samtals 10,519 rd. 39 sk. að meðtöldum eptirstöðvunum (Restancer), er voru 15,402 rd., en hjer af leiðir að hjálparsjóðurinn þ. 1. apr. 1872 ekki átti einn skilding kontant, og að ekki var til einn skildingur í »Kasseholdningunni».

	rd.	sk.
Tekjuafgangarnir fyrir árið 1872—73 voru	26,811	82½
að meðtöldum eptirstöðvunum	11,438	57½
bætist við hina nefndu upphæð tekjuafganganna . . .	26,811	82½
tekjuafgangarnir frá 1871—72	10,519	39
verða	37,331	25½
og dragist frá þessari upphæð eptirstöðvar reikningsársins .	11,347	44½
verða eptir	25,983	77
en af þessari upphæð var varið samkvæmt tilsk. 4. marz 1871 til byggingar hegningarhússins í Reykjavík	15,304	88
afgangurinn	10,678	85

var innifalinn sumpart í »Versurer og Deposita», sumpart í peningum, sem inni stóðu hjá ríkisfjárhirzlunni, sem að þeim frádregnum átti í jarðabókarsjóðnum 75,378 rd. 60 sk.; og 275 rd. voru gjörðir arðberandi hjá vegasjóði suðuramtsins. Það mun af þessu vera öllum ljóst, að ekki gat hjálparsjóðurinn sett einn skilding umfram á leigu 1. apríl 1873. Eptir reikningsyfirlitinu fyrir tímabilið 1. apríl 31. desember 1873 voru tekjuafgangarnir. . . . . 29,349 rd. 25 sk.

en af þessum voru útistandandi tekjur	12,810 —	43½ -
í reiðum peningum	16,538 —	77½ -
Og frá hinum undangangandi tveim árunum voru tekju-afgangarnir samtals 37,331 rd. 25½ sk.; við endurskoðunina var þeim breytt í 37,206 rd. 75½ sk. og að frádregnum þeim upphæðum, sem við úrskurð hinna eldri reikninga báru hinum danska ríkissjóði 1011 rd. 61 sk.	36,195 —	14½ -
samtals	52,733 —	92 -
og af þessum var, eins og áður er getið um, varið til hegningarhússins .	15,304 —	88 -
verða eptir	37,429 —	4 -

og þar að auki átti hjálparsjóðurinn arðberandi skuldabrjef fyrir 17,181 rd. 64 sk., sem voru sumpart hið eldra innskriptarskýrteini upp á 600 rd., sumpart skuldabrjef þau, er dómsmálasjóður landsins áður átti og sem ekki var varið til hegningarhúsbyggingarinnar 9,175 rd., og sumpart skuldabrjef, sem Reykjavíkurkaupstaður og suðuramtsjafnaðarsjóður hafði gefið út í tilefni af þessari byggingu. En meðan hjálparsjóðurinn átti kontant 37,429 rd. 4 sk. og í arðberandi skuldabrjefum 17,181 rd. 64 sk., samt í útistandandi tekjum 12,810 rd. 43½ sk., sem samtals gjörir 67,421 rd. 15½ sk., stóð jarðabókarsjóðurinn eptir reikningsyfirlitinu í skuld við ríkisfjárhirzluna um 57,174 rd. 56 sk.

Mismunurinn milli þessarar upphæðar . . . . . 67,421 rd. 15½ sk.
og þeirrar, er tilgreind er
í athugasemdunum bls. 6
(sjá bls. 17. hjer að fram.) 65,544 — 39½ —
1,876 — 72 —

er innifalinn í því, að skuldabrjef dómsmálasjóðsins, sem komin eru í staðinn fyrir útgjaldagreinina 7898 rd. 24 sk. til hegningarhússins voru, 9175 rd. eða 1276 rd. 72 sk. meiri, og að hið eldra innskriptarskýrteini upp á 600 rd. hjer er talið með milli eigna hjálparsjóðsins 1876 rd. 72 sk. En mismunurinn milli upphæðar þeirrar, er tiltekin er í athugasemdunum . 65,544 rd. 39½ sk.
og þeirrar, er talin er
upp í nefndarálitinu bls. 3,
(sjá bls. 56 hjer að framan) 67,141 — 44½ —
1,597 — 5 —

kemur af því, að hin háttvirta nefnd ekki hefur tekið til greina áhrif þau, sem endurskoðun reikninganna hefur haft á tekjuafgang hvers árs, því ef nægilegt tillit verður tekið til þess, sem um þetta er tekið skýrt fram í reikningsyfirlitunum, þá verður reikning hinnar heiðruðu nefndar að semja þannig:

tekjuafgangarnir 1871	—72	10,519 rd.	39 sk.
———	72—73	25,675 —	71½ —
1. apríl — 31. des.	73	29,349 —	25 —
		65,544 —	39½ —

eða einmitt hin sama upphæð og talin er í athugasemdunum við frumvarpið.

Jeg held, að jeg nú nægilega hafi lýst ástandi hjálparsjóðsins, eins og það var 1. jan. 1874 og gjört er grein fyrir í athugasemdum frumvarpsins; en reikningsyfirlitið fyrir árið 1874 hefur ekki orðið samið, þegar átti að búa til fjárlagafrumvarpið, sem liggur fyrir, og það hefur enn þá ekki orðið sent hingað af ástæðum þeim, sem jeg áður hef bent á og sem ekki er að kenna stjórninni eða embættismönnum landsins um.

Jeg tek það upp aptur, hvorki við lok reikningsársins 1871—72 eða 1872—73 gat verið umtalsmál að setja fje hjálparsjóðsins á leigu, og þegar á reikningstímabilinu frá 1. apr. til 31. des. 1873, þar sem fyrst var mögulegt að koma þessu á, hefur hjálparsjóðurinn eignazt arðberandi skuldabrjef upp á hjer um bil 17,000 rd., en hin «kontante Beholdning» var við árslok hjer um bil 37,000 rd., sem að mínu áliti má eigi miklu minni vera, til þess að landssjóðurinn geti staðið straum af útgjöldum sínum. Af þessari upphæð hjer um bil 74,000 kr. er seinna samkvæmt athugasemdunum varið circa 47,000 kr. til þess að kaupa handa hjálparsjóðnum innskriptarskýrteini upp á 50,000 kr., en arðberandi «Activer» hans eru þar með auknar, þannig, að þær nú eru samtals hjer um bil 84,000 kr., og hjer við verður að bæta, 1., láni því sem lofað er Reykjavíkurkaupstað upp á 10,000 kr., en af þessari upphæð er sem stendur að eins útborgaðar 5,000 kr., og 2) þar að auki er árið 1874 til byggingar hegningarhúsa í Stykkishólmi, á Ísafirði, á Akureyri, Eskifirði og Vestmannaeyjum samkv. tilsk. 4. marz 1871 útborguð talsverð upphæð, sem fyrst kemur til greina í reikningunum fyrir árið 1875, og sem einnig verður arðberandi með því, að hlutaðeigandi amtssjóðir eiga að gefa út rentuberandi skuldabrjef til hjálparsjóðsins fyrir þessum upphæðum.

Jeg held, að hjer muni nægilega sýnt og sannað, að stjórninni verði nú eigi með rökum kennt um það, að hún hafi ekki gjört fje hjálparsjóðsins eins arðberandi og kostur hefur verið á. — Að öðru leyti skal jeg geta þess, að hjer liggur ekki fyrir endurskoðun reikninganna fyrir hin undanfarandi ár, en einungis umræður um fjárlögin fyrir 1876 og 1877, og að ekki muni vera ástæða til að fara lengra út í þessa reikninga, en nauðsynlegt er til þess, að gjöra sjer ljós þau atriði, er eiga að hafa áhrif á fjárlögin fyrir hið nefnda tímabil.

Hvað snertir viðskipti jarðabókarsjóðsins við ríkisfjehirzluna í Kaupmannahöfn, tók jeg það fram áðan, að þeim hefur verið hagað á þann hátt, sem landssjóðnum hefur verið mest í hag, með því að það einmitt eru þessi viðskipti, sem hafa komið því til leiðar, að landssjóðurinn hefur getað staðið straum af

útgjöldum sínum og látið sjer nægja mjög litla «kontant Kassebeholdning», án þess að taka upp töluvert lán og ávaxta það; — fyrst nú frá 1874 að reikna er landssjóðnum fært að vera án þessarar aðstoðar frá hálfu ríkisfjárhirzlunnar, og, ef þess er krafizt, að borga henni út í hönd það fje, sem hún á í jarðabókarsjóðnum, — en ef til þess kemur, mun ekki nægja svo lítil «Kassebeholdning», sem gjört er ráð fyrir í athugasemdunum. Viðskiptin millum þessara sjóða eru innifalin í því, að margar tekjur landssjóðsins verða borgaðar beinlínis inn í og mörgum útgjöldum hans ávísað til útborgunar af ríkisfjehirzlunni, og hins vegar ýms útgjöld hennar, t. d. eptir póstávísunum o. fl., eru borguð hjer í landinu úr jarðabókarsjóðnum; ríkisfjehirzlan hefur þannig í rauninni verið «Bank» handa landssjóðnum, og hún hefur í rauninni gjört landssjóðnum alla þá þjónustu, sem nokkur «Bank» getur gjört, og hún gjörir þetta — eg tek það upp aptur — án þess að reikna sjer rentur af upphæðum þeim, sem hún hefur innistandandi í jarðabókarsjóðnum, en að hann hafi haft nokkuð innistandandi í ríkisfjehirzlunni, hefur hingað til ekki verið umtalsmál, og mun líklega ekki verða.

Á hinn bóginn skal jeg kannast við það, að þegar hin «kontante Beholdning» hjálparsjóðsins verður stærri, en nauðsyn krefur, mun vera ástæða til að gjöra hana arðberandi um stundarsakir, þangað til henni verður ráðstafað á annan hátt, samkvæmt fjárlögunum. Hvort sparisjóðurinn í Reykjavík getur tekið að sjer að taka á móti og ávaxta þvílíkar upphæðir, get jeg sem stendur eigi dæmt um; að «Nationalbanken» í Kaupmannahöfn stofni «filial» hjer í landinu, mundi sjálfsagt vera landinu og sjer í lagi verzlun landsins mjög hagfellt, og einnig mundi það frá landsjóðsins hálfu vera mjög æskilegt; jeg skal þess vegna fyrir mitt leyti styðja að öllum tilraunum, er gjörðar munu verða til þess að koma þess konar «filial» af «Nationalbanken» upp hjer í landinu. Sá misskilningur frá hálfu hinnar heiðruðu nefndar, sem ríkir með t. a. m. ástand hjálparsjóðsins í heild sinni, hefur líklega valdið ýmsum annmörkum, er hún hefur tekið fram, en sem að mínu áliti eru ekki á rökum byggðir. Jeg skal taka t. d.: til að sanna skoðun nefndarinnar um það, að landið hafi orðið fyrir drjúgum leigumissi af fje sínu, er neðst á 3. bls. (56. bls. hjer að framan) tekið fram, að í fjárlögunum sje eigi reiknuð leiga nema af 69,550 kr. fyrir árin 1876 til 1877, en hitt vaxtarfje landsins (68,302 kr., auk 10,000 kr. láns til Reykjavíkurkaupstaðar frá 11. júní 1875, alls 78,302 kr.) er svo á sig komið, að smámsaman verður borgað upp í það, og fer því, eins og stjórnin að orði kemst, «innstæðan minnkandi» o. s. frv. Ætli nú ekki að það sje meining hinnar heiðruðu nefndar, að í fjárlagafrumvarpinu sje ekki reiknuð renta af meira en hinum 69,550 kr. og ekki af hinu vaxtafje hjálparsjóðsins? Hin heiðraða nefnd hefur rjett að mæla, ef hún fer ekki lengra en til 4. gr., 1. tölul., en ef hún tekur tillit til 2. tölul. sömu greinar, þá er það í augum uppi, að af hinu vaxtafjenu eru reiknaðir í frumvarpinu vextir fyrir árið 1876 2,796 kr. og fyrir árið 1877 2,620 kr. Að þetta fje sje lánað ýmsum sveitasjóðum á móti árlegri endurborgun, held jeg að hinum heiðruðu þingmönnum þyki vel til fallið, að upphæð sú, sem hvert ár verður endurborguð upp í innstæðuna, fyrst um sinn auki hina «kontante Beholdning» og þar á eptir verði varið til að auka innstæðufje hjálparsjóðsins, er að mínu áliti sjálfsagt. Að öðru leyti held jeg, að jeg nægilega skýrt hafi tekið fram það, sem nauðsynlegt er til að dæma um vaxtafje hjálparsjóðsins, og jeg skal skýrskota til þess, sem jeg í því tilliti áður hef getið um. Einnig munu skýringar mínar í sambandi við athugasemdir frumvarpsins nægja til þess að sýna, hvernig ástand hjálparsjóðsins var þann 1. janúar 1874; um ástand hans þann 1. janúar þ. á. mun sjálfsagt reikningsyfirlitið fyrir 1874, er enn þá er ókomið, gefa hinar nauðsynlegu upplýsingar. Þar sem hjálparsjóðurinn ekki hefur keypt skuldabrjef þau,

sem dómsmálasjóðurinn átti, heldur hefur borgað út í reiðu - peningum kostnaðinn fyrir byggingu hegningarhússins 7,898 rd. 24 sk., sem tilgreindir eru bls. 6 í athugasemdunum, og aptur á móti hefur fengið afsalaðar eptirstöðvar dómsmálasjóðsins bæði í reiðu - peningum og prívat - skuldabrjefum upp á 9,175 rd.; á meðan ríkisskuldabrjef dómsmálasjóðsins voru seld til þess að borga hinn kostnaðinn, hefur það ekki haft nein áhrif á ástand hjálparsjóðsins, hvort þessi skuldabrjef hafi verið seld eptir gangverði eða ekki. Að öðru leyti voru hjer um bil 4,500 rd. uppsegjanleg skuldabrjef, sem eru út borguð af ríkissjóðnum með fullri upphæð þeirra, en hjer um bil 1,200 rd. hafa verið seldir eptir gangverði.

Enn fremur er það misskilningur annaðhvort á mínu brjefi til nefndarinnar eða á athugasemdunum, þegar hin heiðraða nefnd vill bæta mismuninum milli upphæðar og gangverðs á ríkisskuldabrjefum upp á 50,000kr. með 3048 kr. 61 a. við 68,077 rd. 15½ sk. Jeg held, að það eptir því sem jeg hef skýrt frá muni vera öllum ljóst, að hjálparsjóðurinn, eins og hann á að leggjast til grundvallar við fjárlög þau, er hjer ræðir um, sje að reikna þannig:

a, í «kontant Beholdning»	27,906 kr.	69 a.
b, í útistandandi tekjum .	25,620 —	91 -
c, í innskriptarskýrteinum	51,200 —	» -
d, í arðberandi skuldabrj..	33,163 —	33 -
	137,890 kr.	93 a.

En af hinum síðast nefndu skuldabrjefum er stípulerað endurborgun, sem nemur hjer um bil 988 kr. hvert ár.

Eins og bent er á á bls. 9 í athugasemdunum, verður við þessa upphæð á árunum 1874 og 1875 bætt hjer um bil 63,500 kr. í lánum handa amtsjafnaðarsjóðunum og Reykjavíkurkaupstað; og hjálparsjóðurinn mun samkv. þessu eiga við árslok þessa árs í arðberandi innstæðufje hjer um bil 150,000 kr., en um það hve mikið þar að auki muni vera í «kontant Beholdning» og útistandandi tekjum, get jeg sjálfsagt að svo stöddu eigi dæmt.

Hvað snertir styrktarsjóð Íslands, skal jeg skýrskota til athugasemd. og fylgiskjalsins II við þær. Það er auðvitað, að þó að athugasemdirnar ekki hafi inni að halda nema reikninginn fyrir árið 1874—75, hefur reikningur verið saminn fyrir hvert ár frá 1856 til 1874 og endurskoðaður á venjulegan hátt, og jeg efast ekki um, að stjórnin muni vera fús á, að láta þinginu þessa reikninga í tje, þegar þess verður óskað frá þingsins hálfu. — En um reikningstilraunir hinnar heiðruðu nefndar í fylgiskjali hennar 1. tölul. álít jeg það ónauðsynlegt að svo stöddu að fara neinum orðum.

Ef Laugarnes eptir virðingargjörð þeirri, sem nú er fram farin, ekki er veðbært fyrir skuld þeirri til landssjóðsins, sem jörðin nú er veðsett fyrir, mun sjálfsagt hinu nauðsynlega verða ráðstafað til að uppsegja að minnsta kosti svo miklum hluta af skuldinni, að hún samkvæmt hinum gildandi reglum verði nægilega tryggð í jörðinni.

Með tilliti til lestagjaldsins af póstskipinu mun það nægja að skýrskota til þess, sem jeg áður í öðru máli hef tekið fram um þetta spursmál.

Jeg held, að jeg nú hafi svarað hinum almennu athugasemdum hinnar heiðruðu nefndar, og jeg skal svo snúa mjer til fjárlagafrumvarps nefndarinnar, sem yfir höfuð að tala ekki virðist mjer stjórnarfrumvarpinu svo frábrugðið, hvorki að forminu nje að efninu, að vel mætti hafa komið breytingum þeim, er ræðir um, á við stjórnarfrumvarpið.

Við 1. gr. skal jeg einungis geta þess, að tölul. 13., gjöld af vínföngum, virðist mjer of hátt áætlaður með 80,000 kr., því að þó að þetta gjald hafi farið vaxandi um hin seinustu tvö ár, má eptir mínu áliti ekki ætla meira fyrir árið 1875, en í hæsta lagi 60,000 kr.; þessi upphæð er að vísu «kalkulatorisk», eins og bæði upphæð stjórnarfrumvarpsins og nefndarinnar, en hún mun, ef tilsk. 26. febr. 1872 verður haldið óbreyttri, vera hinni sönnu upphæð nær en ágizkun nefndarinnar; og það má álíta varúðarvert, að til taka þess konar kalkulatoriskar upphæðir með ofstórum tölum í fjárlögum. Jeg skal þess vegna geyma

mjer rjett til við 3. umræðu, að stinga upp á, að þetta gjald verði til tekið með 60,000 krónum, ef hin heiðraða nefnd ekki sjálf finnur ástæðu til að stinga upp á þessari breytingu.

Við 1. gr. 12. tölul. hefur hin heiðraða nefnd stungið upp á, að telja tekjur póstsjóðsins meðal annara tekja landsins, af því henni virðist þessi upptalningsmáti glöggari en sá, sem við hafður er í frumvarpinu, þar sem gjörð er í einu yfirliti grein fyrir bæði tekjum og útgjöldum póstsjóðsins. Mjer virðist stjórnarfrumvarpið glöggara, eins og það er samkvæmt því, sem við gengst í öðrum löndum, að svo miklu leyti sem mjer er kunnugt, en ef þingið aðhyllist skoðun nefndarinnar, ætla jeg ekki að mæla móti henni. Heldur hef jeg ekki neitt á móti því, að þessar tekjur verði kalkuleraðar til 7500 kr. árl., eptir því sem afnotun póstanna og tekjur hafa aukizt hið seinasta ár, en jeg skal geta þess, að póstreikningurinn fyrir 1874 ekki var kominn til stjórnarinnar, þegar frumvarpið var samið.

Með skýrskotun til þess, sem jeg hef tekið fram um hjálparsjóðinn eða viðlagasjóðinn, skal jeg geta þess, að mjer virðist ekki ólíklegt, að af afganginum frá 1874, 1875 og ef til vill 1876 — en um þetta get jeg sjálfsagt ekki dæmt fyr en nefndarálitið um útgjöld landssjóðsins liggur fyrir — verði auk þeirra 63,500 kr., er ætlaðar eru til lána handa amtsjafnaðarsjóðunum og Reykjavíkurkaupstað varið nokkru fje til að setja á leigu eða til þess að kaupa fyrir ríkisskuldabrjef, — en það er ekki líklegt, að til þessa muni verða afgangs svo mikið, sem nefndin við 4. gr. 1 tölul. gjörir ráð fyrir, en henni hefur, ef til vill, yfir sjezt 2. tölul. sömu greinar stjórnarfrumvarpsins; jeg hef þess vegna ekki neitt á móti því, að upphæðin við 4. gr. 1. tölul. fyrir árið 1877 verði hækkuð, en jeg álít hækkun með 2000 kr. of mikla; jeg skal þess vegna skjóta því til hinnar heiðruðu nefndar, hvort hún ekki muni finna ástæðu til við 3. umræðu að gjöra uppástungu um, að upphæðinni 4,782 kr. verði breytt í 3,782 kr.

Við 4. gr. 4. tölul. stafl. d hefur hin heiðraða nefnd stungið upp á, að veita til sjúkrahússins á Akureyri, auk árlegs styrks 400 kr., styrk 2000 kr., — jeg hef ekki sjeð bænarskrá þá, sem þessi uppástunga er byggð á, og get að svo stöddu eigi dæmt um hana, en jeg hef ekki neitt á móti því, að stjórninni verði gefin heimild til, að veita sjúkrahúsinu þennan styrk, annaðhvort sem gjöf eða sem vaxtarlaust lán, á meðan sjúkrahúsið er notað sem þvílíkt, — en álíka styrkur sem vaxtarlaust lán hefur verið veittur sjúkrhúsinu í Reykjavík.

Framsögumaður þakkaði landshöfðingja fyrst fyrir kurteisi þá, er hann hefði sýnt nefndinni, og mundi nefndin einnig vilja mæla honum í sama mæli. Nefndin hefði búizt við því, að landshöfðingja mundi þykja hún nokkuð harðorð, og kæmi henni það ekki óvart. Hvað snerti höfuðatriði málsins viðlagasjóðinn, þá sæi hann sjer ekki fært að fara út í það á þessum fundi, því að hann kvaðst fyrir sitt leyti ekki hafa getað fylgt alstaðar með í ræðu landshöfðingja, þar sem mönnum hefði legið við að drukkna í tölum. En hann vildi geyma sjer rjett til, að svara seinna ræðu landshöfðingja eptir því, sem hann gæti, þegar ræða hans væri búin að liggja til sýnis á lestrarsalnum. Þar sem landshöfðingja hefði þótt nefndin of heimtufrek með skýrslur, þá kvaðst hann vilja, nefndinni til afsökunar, skýrskota til þess, sem í þessu efni við gengist í öðrum löndum. Af nefndaráliti ríkisdagsnefndarinnar í fjárlagamálinu 1855 mætti sjá, að sú nefnd hefði ekki síður heimtað slíkar skýrslur, en gjört væri í þessu nefndaráliti. En formaður fjárlaganefndarinnar í ríkisþinginu það ár var *Monrad.* Landshöfðingi gæti og ekki borið á móti því, að nefndinni hefði verið það til stórmikillar tafar, að verða að ganga eptir og tína saman allar skýrslur, sem hún þurfti með. Þar sem landshöfðingi hefði sagt, að áætlun eins byggingarmeistara um kostnað á aðgerðum bygginga væri nægileg í því efni, þá væri það undarlegt, að hann skyldi mæla svo, því að honum mætti þó vera það kunnugt, að í öðrum löndum, og þar á meðal í

Danmörku, er oss væri næst, væri aldrei látin nægja þannig ein áætlun. Nefndin hefði og dálitla sönnun fyrir því, að þetta væri ekki ástæðulaust. Nefndin hefði nefnilega aðra áætlun, en landshöfðingi um aðgjörð þá, er hjer ræddi um, og sú áætlun nefndarinnar gengi miklu lægra, en hin. En allir samvizkusamir þingmenn, sagði hann, og samvizkusamir eiga allir þingmenn að vera, hljóta að kynoka sjer við, að kasta þannig fje út í óvissu. Skýrslur þessar eru þannig alveg nauðsynlegar bæði fyrir landstjórnina og nefndina. Landshöfðingi fór þar næst að tala um aðhald á reikningshöldurum, og mátti búast við því af honum, að hann eigi fremur verði sjálfan sig en undirmenn sína, eins og hann líka gjörði; sýndi hann í því drengskap sinn. En þó mun hann eiga erfitt með að hrekja það, að talsvert sje ábótavant í þessu efni. Landshöfðingi talaði um, að tveir reikningar hefðu komið svo seint, að þeir urðu ekki sendir fyr en með júníferð póstskipsins. Um annan þessara reikninga var mjer nokkuð kunnugt, að þetta kom af óhagkvæmni í gjaldmátanum. En þótt nefndin hafi, ef til vill, tekið fram, að þetta væri að miklu leyti gjaldheimtunni að kenna, þá er það athugavert, að þótt það geti vel verið, að *fjeð* sje eigi komið inn nógu snemma, þá geta þó *reikningarnir* sjálfir komið nógu snemma. En ef það er satt, að mögulegt sje að senda reikningana, þótt fjeð sje ekki sent fyr en seinna, þá gátu reikningar stjórnarinnar komið hingað fyrir 1. júlí. Hið eina harðyrði, sem landshöfðingi valdi nefndinni — því að harðyrði mun víst eiga að kalla það, — var það, að hún væri tortrygg. En þetta er þó í sjálfu sjer ekki svo mikið harðyrði. Því að hvað eigum vjer að vera? Vjer *eigum* einmitt að vera tortryggnir. Það er skylda vor. Hvað ókunnugleika vorn, sem landshöfðingi talaði um, snertir, þá er sá ókunnugleiki stjórninni einni að kenna, því að skýrsla landshöfðingja var nokkuð öðruvísi en skýrsla stjórnarinnar, en ef skýrsla hennar er ekki rjett, þá sjer landshöfðingi, að ókunnugleikinn er hvorki sjálfum honum nje nefndinni að kenna, heldur stjórninni einni. Það er satt, að jeg sem formaður nefndarinnar bað landshöfðingja um skýrslu viðvíkjandi afgjöldum af landsjörðum, og hann svaraði, að eptir 3 vikur væri hann fær um að láta þær af hendi; en á því millibili hefur hinn háttvirti landshöfðingi einmitt, eins og honum er vorkunn, verið að ýta undir nefndina, að flýta störfum sínum. Vjer höfum og fengið hjá honum ýmsar skýringar, sem ekki skara fram úr öðrum að því, hvað þær eru greinilegar. Landshöfðingi talaði um, að ekki væri um það að tala, að ávaxta fje í jarðabókarsjóðnum. Þetta er satt eins og nú stendur á. En hefur þá landssjóðurinn vöxtu af fje, er hann á í ríkissjóðnum? Því að það kemur líka eins og sjá má af eldri áætlunum og reikningsyfirlitum stundum fyrir, að landssjóðurinn á hjá ríkissjóðnum. Landshöfðingi gat þess, að honum þætti nefndin hafa tekið of djúpt í árinni með gjald af brennivíni; sjá 1. gr. tölul. 13. En taki nefndin of djúpt í árinni í þessu, þá er það víst að stjórnin tekur ekki síður of grunnt í árinni um það atriði. Stjórnin segir, að tollurinn fyrir árið 1874 sje 20,000 krónur. En til upplýsingar þessu vil jeg geta þess, að árið 1872 fluttust til landsins nálægt 640,000 pottar af brennivíni. Þetta hefði gefið í toll um 100,000 kr. eptir hinum gildandi toll-lögum. Nú vita það allir, að áður en toll-lögin frá 1872 náðu gildi, flýttu kaupmenn sjer, að byrgja sig upp með vínföng sem mest þeir gátu, svo að fyrstu árin á eptir urðu vínflutningar í minnsta lagi. En eptir því sem þessar vínbyrgðir kaupmanna hafa gengið upp, eptir því hafa vínaðflutningar farið vaxandi, svo að nú eru þeir aptur orðnir miklu meiri en t. a. m. 1873, og þó er líklegt, að enn fari þeir vaxandi. Því það er kunnugt, að líkindi eru til, að brátt komi lög, er hækka toll á vínföngum. Nú er annaðhvort, að þessi lög komast á eða ekki fyrir næsta vor; komist þau á, hljóta þau að hafa þau áhrif, að tekjugrein þessi vaxi; komist þau ekki á, mun hún þó vaxa, af því, að, eptir því sem áður var sagt, er líklegt að vínflutningar fari vaxandi, og eykst þá toll-

gjaldið eptir hinum nú gildandi lögum, því að kaupmenn munu flýta sjer eins og fyr að flytja að sjer, áður en tollurinn fer að kreppa meir að þeim. Jeg vona því, að í þessu náist samkomulag við hinn hæstvirta landshöfðingja.

Jón Sigurðsson kvaðst að eins vilja tala nokkur orð um 4. gr. frumvarpsins stafl. d. Landshöfðingi hefði minnzt á styrk handa sjúkrahúsinu á Akureyri, og sagðist hann því vilja gjöra nokkra grein fyrir uppástungu nefndarinnar um þetta atriði. Það hefði nefnilega komið bænarskrá frá bæjarstjórninni á Akureyri um, að veita sjúkrahúsinu þar 3000 króna styrk eitt skipti fyrir öll, og 1000 krónur árlega. Eins og kunnugt væri, hefði einn veglyndur danskur kaupmaður, sem rekur verzlun á Akureyri, gefið 5000 rd. til stofnunar sjúkrahúsinu; það væri nú búið að koma því í stand, og það hefði unnið að ætlunarverki sínu í eitt ár, og mætti hann segja, að þar hefðu færri en vildu fengið inntöku, enda gæti hann eptir eigin sjón dæmt um það, að sjúkrahús þetta væri enn að mörgu ófullkomið, þyrfti þar bæði að auka við herbergjum og rúmum handa sjúklingum, og stækka og endurbæta böðunarhúsið og böðunaráhöldin. Það þyrfti því talsvert fje til að koma þessu öllu í viðunanlegt ástand, og það fje væri hvergi að fá, nema ef læknasjóðurinn hlypi hjer undir bagga. Bænarskránni hefði fylgt áætlun um þetta, er hefði farið fram á 3000 krónur. Nú hefði fjárlaganefndinni sýnzt öll sanngirni mæla með því, að verða að einhverju leyti við bæn Akureyrarbúa, og það því fremur, sem sjúkrahúsið hjer í Reykjavík hefur fengið verulegan styrk úr landssjóði sjer til hjálpar. En nefndinni hefði þó sýnzt ekki næg ástæða til, að veita meira fje en 2000 krónur í eitt skipti fyrir öll, og svo 400 krónur árlega, og kvaðst hann vona, að þingmönnum þætti það ekki ósanngjarnt.

Þar sem talað hefði verið um afgjald af umboðsjörðum, þá kvaðst hann að vísu fyllilega vera því samdóma, að gjaldmáti á jörðum þeim væri víða óviðkunnanlegur og landssjóðnum miður hagfelldur. En þó væri það annað, er meira væri athugavert, sem væri það, að nálega væri $^1/_3$ allra afgjaldanna, er gengi í ýmislegan kostnað, en kæmi aldrei í landssjóðinn. Það væri sjálfsagt, að sumum þessum kostnaði yrði ekki ljett af, sízt fyrst um sinn, svo sem prestsmötu o. fl., en aptur væri líklegt, að sumt af þessu mætti laga með lítilli fyrirhöfn. Þannig virtist svo, sem umboðslaunin $^1/_6$ allra jarðarafgjaldanna sjeu óþarflega há; benti hann landshöfðingja á, hvort ekki væri ástæða til að koma öðru skipulagi á innheimtu jarðargjaldanna, svo sem með því, að fela innheimtuna á hendur sýslumönnum, annaðhvort fyrir engin umboðslaun, eða þá fyrir miklu lægri, en nú tíðkast.

Halldór Kr. Friðriksson sagði, að sjer hefði farið líkt og framsögumanni, að hann hefði eigi getað fengið skýrt yfirlit yfir reikning landshöfðingja og allan talnasæg hans. En hann kvaðst þó halda, að landshöfðingi hefði komizt í ráuninni að líkri niðurstöðu og nefndin með þessar 67421 rd. $15^1/_2$ sk., enda mundi varla þurfa eins flókinn reikning og landshöfðingi hefði komið með, til að sýna fram á ósamkvæmni hjá stjórninni í þessum reikningi; því að eigi þyrfti annað, en skoða reikningsyfirlitið fyrir 1873, og stæði þar á bls. 23, að leifarnar væru 50,239 rd. $47^1/_2$ sk., en á næstu blaðsíðu væri sagt, að viðlagasjóðurinn ætti á vöxtum 17,181 rd. 64 sk., eða samtals 67,421 rd. $15^1/_2$ sk., en í athugasemdunum við fjárlagafrumvarpið núna væri sagt, að sjóðurinn hefði verið *beint* eptir hinu nefnda reikningsyfirliti 65,544 rd. $39^1/_2$ sk. við árslok 1873, og væri þar auðsjáanlega einhver villa, sem engin grein væri fyrirgjörð, og það væri þessi villa, sem nefndin hefði beðið landshöfðingja skýringar á, en eigi fengið.

Landshöfðingi sagðist vera samdóma framsögumanni um það, að sleppa umræðunum um viðlagasjóðinn, þangað til ræða sín væri orðin kunnug þingmönnum. Hann kvaðst vilja geta þess um ávísun þá, er framsögumaðurinn hefði minnzt á, að eptir því sem hann *gæti* munað, hefði hún verið upp á Gránufjelagið, og hann hefði enga ástæðu haft til að efast um, að hún yrði tek-

in til greina, þar sem hún hefði verið send frá manni, er var verzlunarstjóri við Gránufjelagið. Það væri eigi rjett skoðun hjá framsögumanni, að þótt ekki gætu allir peningarnir komizt með fyrstu póstskipsferð, þá væri þó vel mögulegt að senda reikningana með þeirri ferð. Þetta væri ekki mögulegt eptir því sem póstferðum hagaði til hjer á landi, og eptir tíma þeim, er sýslumenn væru bundnir við með reikninga sína. Þetta fyrirkomulag væri að vísu óheppilegt, og kvaðst hann mundi gjöra allt, sem í sínu valdi stæði, til að bæta úr því, þegar póstgöngunum yrði fjölgað. Hvað það snertir, að áætlun stjórnarinnar væri of lág, þá hefði nefndin sjálf tekið fram ástæðurnar fyrir því, og vildi hann ekki fara að taka þær upp. Það, sem varaforseti hefði sagt um kostnaðinn við umboðin, sagðist hann í öllu verulegu geta fallizt á. En breyting á þessu yrði ekki gjör nema með sjerstöku lagaboði. Þar sem framsögumaður hefði sagt, að hann hefði fengið loforð fyrir skýrslum hjá sjer, þá vildi hann geta þess, að hann hefði ekki litið svo á, að þingmaðurinn beiddist skýrslna sem formaður fjárlaganefndarinnar, eða fyrir hönd þessarar nefndar.

Framsögumaður: Mig minnir að formaður fjárlaganefndarinnar spyrði 1. þingmann Gullbringusýslu um skýrslu, og þá hefði 1. þingmaður Gullbringusýslu svarað því, að skýrslur gætu ekki fengizt í bráð, því að þær yrðu ekki tilbúnar fyr en eptir 3 vikur.

Tryggvi Gunnarsson kvaðst ekki ætla að tala um sjálft aðalefni málsins, heldur að eins biðja deildina að áfella ekki Gránufjelagið fyrir ávísun þá, er hjer hefði verið nefnd. Hann kvaðst kannast við það, að ávísunin hefði komið til Kaupmannahafnar á næstliðnu vori, en henni hefði ekkert »aðvísbrjef« fylgt eða vísbending um það, hver hana ætti, og kvaðst hann ekki enn þá vita, hver ávísunina hefði átt. Þetta hefði verið orsökin, að hún eigi var borguð, en ekki sú, að fjelagið hefði ekki viljað eða getað borgað það, sem því bar skylda til.

Þegar klukkan var orðin $2^{3}/_{4}$, var umræðunni frestað til mánudags eptir miðdag.

Á 33. fundi neðri þingdeildarinnar 9. dag ágústmán. kl. 5 e. m. var annari umræðu um fjárlagafrumvarpið, tekjubálkinn (1.—6. grein) haldið áfram.

Framsögumaður kvaðst ætla að minnast á reikning landshöfðingja yfir viðlagasjóðinn. Munurinn á reikningi hans og reikningi nefndarinnar væri eigi mjög mikill. Eptir reikningi landshöfðingja hefði viðlagasjóðurinn verið við árslok 1873 137,890 kr. 93 aurar. Reikningur nefndarinnar væri þar á mót þannig:

31. des. 1873 átti sjóðurinn:	Rd.	Sk.
1. Eptirstöðvar	50,239	$47^{1}/_{2}$
2. Í skuldabr. einstakra manna	9,175	»
3. Í skuldabr. suðuramtsins og Reykjavíkur	7,406	64
4. Innskriptarskýrteini (af Hólastólseign)	600	»
Samtals	67,421	$15^{1}/_{2}$
Nú er þess að gæta, að sjóðurinn í staðinn fyrir skuldabrjef einstakra manna upp á 9,175 rd., átti að eiga skuldabrjef upp á 9,831 rd.; bætist því mismunurinn við	656	»
Sömuleiðis var lán til vegabótasjóðs suðuramtsins endurborgað	550	»
	68,627	$15^{1}/_{2}$
eða	137,254	32

Það má af brjefi landfógetans sjá, að þessar tvær upphæðir tilsamans eru runnar inn í eyðslufje landsins, eða 1,206 rd. eru ekki ávaxtaðir eins og vera bar. Að þeir kunni að finnast í «Kassebeholdningen» rengir nefndin eigi, en þeir eiga ekki að vera þar.

Landshöfðinginn gat þess um daginn, að þegar landið hefði byrjað búskap sinn, hefði það eigi átt neitt til. Þetta væri í sjálfu sjer engin hneisa fyrir landið, þó nú svo hefði verið, en jeg get eigi verið landshöfðingjanum samdóma um, að svo hafi verið. Átti landssjóðurinn ekki frá 1. apríl 1871, þegar

lögin frá 2. jan. öðluðust gildi, undir eins tillagið úr ríkissjóðnum 50,000 rd.= 100,000 kr., og var það ekki nægilegt eyðslufje til að byrja búskap þess árs? Og þetta fje ætti ávallt að vera til í byrjun hvers reikningsárs, og fyrst landshöfðinginn sjálfur benti á það, þá álít jeg bezt að biðja um, að svo sje gjört.

Landshöfðinginn fann að nefndinni fyrir það, sem hún sagði um gjaldheimtumenn landsins. Hann sagði, að þeim væri ómögulegt að senda fje og reikninga svo snemma, að þeir gætu komizt til stjórnarinnar með 1. póstferð, og kenndi hann þetta fyrirkomulaginu á póstferðunum. En landshöfðingi sjálfur hefur komið þessari tilhögun á póstferðunum til leiðar, og hann hefur sjálfsagt samið reglugjörð 13. febr. 1871, og hvers vegna sá hann ekki sjálfur um, að henni gæti verið fylgt, þannig að reikningarnir sjeu af lagðir innan loka febrúarmánaðar? Landshöfðinginn lofaði, að þegar 7. póstferðin væri komin á, mundi þetta allt lagast; vjer skulum setja þetta loforð á oss. En er þá ómögulegt, að gjaldheimtumenn geti sent reikninga sína til landshöfðingjans með fyrstu póstferð á vetrum?

Það getur nú komið fyrir, að $^1/_5$ af höfuðstól verði innborgaður. En hvar er trygging fyrir, að þetta fje renni eigi í eyðslusjóð? því að þangað á það eigi að renna, heldur í viðlagasjóðinn. Jeg er viss um, að landshöfðingi lætur sjer annt um, að fjeð verði ávaxtað jafnóðum og það er inn borgað. Það er furða, að viðlagasjóðurinn ekki getur átt hjer sama láni að fagna og læknasjóðurinn, að eigi eru reiknaðir dagvextir af honum. Fyrst að læknasjóðurinn getur borgað dagvexti, þá ætti viðlagasjóðurinn einnig að geta það.

Landshöfðingi kvaðst hafa í hinni fyrri ræðu sinni með tilliti til viðlagasjóðsins gefið skýringar um ástand hans, og skyldi hann taka það upp aptur, að spurningin væri hjer eigi um, að endurskoða neina reikningsfærslu sjóðsins fyrir undanfarandi ár, heldur einungis um að íhuga ástand hans að svo miklu leyti, sem það hefði áhrif á fjárlögin fyrir 1876 og 1877, og vildi hann þá álíta, að skýringar þær, er gefnar hefðu verið, væri fullnægjandi, og kvaðst þannig geta skýrskotað til talna þeirra, sem hann hefði tekið fram, og sem að áliti framsögumanns hefði reynzt að vera rjettar; þar á móti áleit hann ónauðsynlegt, að fara lengra út í tölureikninga, því nægileg rök væri færð að uppástungu þeirri, að ákveða upphæðina með 3,782 kr. í staðinn fyrir þá tölu, sem nefndin hefði stungið upp á, nefnilega 4,782 kr. Lánið, sem veitt hefði verið til vegasjóðs suðuramtsins, hefði verið veitt á móti endurborgun á tveim árum, á þeim tíma þar sem viðlagasjóðurinn enga innstæðu hefði átt, þess vegna gæti eigi legið áherzla á því, að lánið væri arðberandi. Hvað snertir skuldabrjef dómsmálasjóðsins, þá hefði upprunalega verið ráðstafað, að þeim skyldi sagt upp til þess, að nægði að borga með þeim kostnaðinn til hegningarhússins, en til þess eigi að valda skuldunautum dómsmálasjóðsins miklu tjóni, hefði sú ráðstöfun eigi verið framkvæmd, en á hinn bóginn hefði þeim verið leyft að innborga innstæðuna. Hvort tillagið úr ríkissjóði skuli borgað fyrirfram, væri eigi ákveðið í l. $^2/_1$ 1871 (Grímur Thomsen: Það gagnstæða er eigi heldur ákveðið). Nei, það væri að vísu satt, en hann kvað sjer eigi kunnugt um, hverri reglu væri fylgt. Þó reikningar landssjóðsins samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar eigi að samþykkjast með lagaboði, þá sjeu reikningsyfirlitin fyrir undanfarandi ár engin lög. Það hefði verið misskilningur, hvernig hinn heiðraði framsögumaður hefði litið á dagvexti (Grímur Thomsen játaði, að það væri misskilningur af sinni hálfu), þar á móti væru dagvextir þeir vextir, er innstæðan gæfi af sjer frá þeim degi, er hún væri fallin til útborgunar, og þangað til borgað væri inn.

Guðmundur Einarsson sagði, að deildin sæi, að nefndin hefði farið mjög hógværum orðum um aðfarir stjórnarinnar á styrktarsjóðnum, þótt nefndin sæi vel, hversu mikið vantaði á, að sjóði þeim hefði verið varið á rjettan hátt. Upphaflega hefði sjóðurinn ver-

ið gefinn fátækum og nauðstöddum mönnum í landinu. Og með konungsúrskurðum hverjum eptir annan, sem út hefðu verið gefnir um síðastliðin aldamót, hefði verið ákveðið, að honum skyldi varið einungis samkvæmt tilgangi hans. En það hefði verið auðsjeð, að sú hefði verið tilætlun konungs, að höfuðstóll sjóðsins hjeldist óskertur, og renturnar að nokkru líka. En þrátt fyrir þetta hefði þó sjóðnum verið varið í gagnstæða átt. Þetta ætti stjórnin að viðurkenna eigi að eins í orði, heldur og í verki, með því að sýna reikninga sjóðsins um undanfarin ár, síðan sjóðurinn var ákveðinn með konungsúrskurði 2. maí 1845 að hann skyldi vera að eins hjer um 12,665 rd. Hann kvaðst vona, að þessi bending frá deildinni nægði til þess, að stjórnin tæki alvarlega í strenginn í þessu efni og gjörði hina beztu grein fyrir reikningum málsins.

Jón Sigurðsson kvaðst hafa ætlað að segja margt af því, er þingmaður Dalamanna hefði tekið fram. Það væri kunnugt, að megn óánægja væri í landsbúum út af styrktarsjóðnum. Sjóður þessi hefði stofnaður verið á árunum eptir 1780, þegar harðæri var hjer sem mest eptir eldgosið í Skaptárjökli. Þá hefði átt að grípa til þess óyndisúrræðis, að flytja mannfólk allt úr landinu suður til Danmerkur og leggja landið í eyði, en það hefði þó ekki orðið af því, heldur hefði það ráð verið tekið, að safna til sjóðs þessa, sem hefði átt að bæta með úr hinni bráðustu nauð landsmanna, og hefði talsvert komið inn, ekki frá Danmörku einni, heldur og frá Noregi og fleirum stöðum; þannig hefði þessi svo nefndi kollektusjóður orðið til. Síðan hefðu komið út ýmsir konungsúrskurðir, er hefði ákveðið að verja rentum sjóðsins til sama augnamiðs, sem hann var stofnaður í og til einskis annars. Hann kvaðst nú ekki vilja rekja æfisögu sjóðsins frá hans fyrstu árum. En 1845 hefðu menn fyrst fengið eitthvað að vita um hann, og væri það líka sannast að segja, að það gegndi furðu að sjá, hvernig sjóðnum hefði verið varið til ýmislegs, sem honum væri með öllu óviðkomandi. Þetta væri alveg sjerstakur sjóður, sem stjórnin ein hefði undir hendi sinni, og hefði alls engan rjett að fara með eptir geðþótta sínum, og sízt að verja honum alveg gagnstætt tilgangi hans. Sjer fyndist það ósamboðið virðingu þingsins, að ganga eigi ríkar eptir þessu. Hann vildi eigi tala hjer margt um, hvern veg væri heppilegast að leita rjettar síns með sjóð þennan. Líklega væri rjettast, að skjóta málinu til dómstólanna, eða þá að leggja málið í gjörð óvilhallra manna, og horfir þá beinast við, að skora á ráðgjafann fyrir Ísland, að hann komi því til leiðar við ríkisþingið danska, að það frá sinni hlið leggi málið í gjörð, því jeg verð að álíta það gefið, að ríkisþingið sje annar málspartur í þessu máli.

Landshöfðingi sagði, að stjórnin mundi án efa verða við þeirri ósk, að láta reikningana í tje. En að öðru leyti kvaðst hann sjálfur að svo stöddu ekki vera kunnugri reikningum kollektusjóðsins en aðrir þingmenn. En hann gæti ekki verið samdóma varaforseta í því, að ríkisþingið væri annar hlutaðeigandi, heldur væri það hlutaðeigandi ministerium.

Jón Sigurðsson sagði, að ríkisþingið hlyti að álítast annar málspartur í þessu máli; því að það væri ómótmælanlegt, að fje sjóðsins hefði verið varið mestmegnis Danmörku í hag og til þeirra hluta, er ekkert komu Íslandi við.

Framsögumaður kvaðst vona, að landshöfðingi skoðaði sig sem svaramann landssjóðsins, og það væri aðgætandi, að það kæmi alls ekkert í bága við stjórnina, að hann verði rjettindi landssjóðsins gagnvart ríkissjóðnum.

Því næst var gengið til atkvæða, og var hver einstakur töluliður og grein frumvarpsins, eins og það var orðað af nefndinni, fyrst borið upp til atkvæða.

Um fyrstu grein var eigi greitt atkvæði að sinni, um aðaltöluna, en geymdur rjettur til að ákveða þessa tölu eptir því, sem atkvæði fjellu, um hinar einstöku tekjugreinir.

2. gr. 1. liður, samþykktur með 20 atkvæð.
- — 2. — —— — 20 —

2. gr. 3. liður, samþykktur með 20 atkvæð.
- — 4. — —— — 20 —
- — 5. — —— — 19 —
- — 6. — —— — 18 —
- — 7. — —— — 20 —
- — 8. — —— — 19 —
- — 9. — —— — 18 —
- — 10. — —— — 20 —
- — 11. — —— — 20 —
- — 12. — —— — 19 —
- — 13. — —— — 19 —
- — 14. — —— — 19 —
2. gr. í heild sinni samþykkt með 20 atkvæð.
3. gr. 1. liður samþykktur með 20 atkvæð.
- — 2. — —— — 20 —
- — 3. liður a—b. samþykktur í einu hljóði.
3. gr. samþykkt með 20 atkvæðum.

Að «Viðlagasjóður» verði kallaður, í staðinn fyrir að kallast «hjálparsjóður», samþykkt í einu hljóði.
4. gr. 1.—3. liður samþykktir í einu hljóði.
4. gr. 4. liður a—f. samþykktur með 20 atkv.
4. gr. 5. liður samþykktur í einu hljóði.
4. gr. í heild sinni samþykkt í einu hljóði.
5. gr. töluliður 1.—3. samþykktir í einu hljóði.
6. gr. samþykkt í einu hljóði.

Var þannig tekjubálkur (1.—6. grein) frumvarpsins samþykktur, eins og hann var orðaður af nefndinni, og tekjubálkurinn í frumvarpi stjórnarinnar þar með fallinn.

Á 35. fundi neðri þingdeildarinnar 10. ágústmán. kl. 5 e. m. var samkvæmt dagskránni haldið fram annari umræðu um fjárlagafrumvarpið; var þar til umræðu 2. kafli, útgjaldabálkurinn (7.—17. grein).

Framsögumaður (*Grímur Thomsen*) kvaðst munnlega vilja taka fram einstöku athugasemdir frá hálfu nefndarinnar, er snerti smáræði ein, og sem gjörðar skyldu að breytingaruppástungum, ef þingið aðhylltist þær. Þá skyldi í fyrsta lagi nefndin geta þess við 10. gr. B, 1., að nauðsynlegt væri að ætla fje handa bæjarfógetanum í Reykjavík, ef embætti þau tvö, er hann hefði undir hendi yrði aðskilin, og samkvæmt uppástungu landshöfðingja í gær í sambandi við ræðu þingmanns Reykvíkinga þætti því hagfellt að taka fram launauppbót eingöngu handa bæjarfógetanum sem við væri, því nefndin treystist eigi til að taka upp í 18. gr. undir nýjum tölulið, að ætla 1600 kr. í föst laun framvegis, en þetta mætti laga við 3. umræðu.

Í öðru lagi þætti þóknunin handa presti og lækni við hegningarhús-gæzluna áætluð of hátt, við það sem starfað væri fyrir; upphæðirnar væri sjálfsagt eigi of háar, eptir því sem sæist af athugasemdum stjórnarinnar bls. 20 (30. bls. hjer að framan) við 10. gr. B. II. a, en eigi væri þó ástæða til þess að setja þau svo há, þar sem eigi væri líklegt, að þeir hefðu þessi störf sjerstaklega á hendi, og vildi hann því gjöra breytingaruppástungu við 3. umræðu, ef landshöfðingi vildi veita henni meðmæli sín, því nefndin vildi eigi gjöra tilraun til þess að breyta konungsúrskurði. Við 11. gr. 2. tölulið væri í ráði að fella úr laun til yfirsetukvenna í Reykjavík og á Vestmannaeyjum, ef frumvarpið um ljósmæðraskipun yrði lögleitt. Hvað snerti bænarskrána um styrk til Múlasýslubúa, hefði nefndin orðið ásátt um, að eigi væri ástæða til þess, að ætla neitt fje til tjeðs augnamiðs að svo stöddu, þar eð samskot væri í fullum gangi út um lönd og einnig hjer á landi, en hvað sem því liði, ætti fje til þessa að renna úr styrktarsjóðnum. Loksins skyldi hann geta þess, að þó að þingið samkv. 25. gr. stjórnarskrárinnar gæti eigi hreift við útgjaldadálki þeim, er snerti hina æðstu innlendu stjórn, þá vildi nefndin þó leyfa sjer að spyrjast fyrir um, hvernig á þeirri fjárveitingu stæði, er væri ætluð fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, þar sem það þó í Danmörku væri siður, að ráðgjöfunum væri engin sjerstakleg borgun veitt fyrir fulltrúastörf sín við ríkisþingið; þannig væri sjer óljóst um, hvernig á þessu stæði hjer, og vildi hann óska þess, að landshöfðingi gjörði sjer og þinginu grein fyrir þessu.

Landshöfðingi sagði, að við frumvarpsins 10. grein B. 2. hefði nefndin stungið upp á, að setja útgjöldin til hegningarhússins niður í 2,503 kr. árlega (úr 3,588), en sú upphæð sem hjer ræddi um væri calcutatorisk

og húsið enn svo nýtt, að eigi væri hægt að dæma um, hvers framvegis með þyrfti, en vildi ekki mæla á móti þessari ákvörðun, þar á móti skyldi hann benda að því, að samkvæmt fyrirskipuninni um hegningarhúsið ætti bæði prestur og læknir að vera í stjórn þess, og þess vegna yrði að taka aðrar reglur til greina en þær venjulegu, en að öðru leyti skyldi hann, ef þess yrði óskað, við 3, umræðu málsins ræða þetta atriði frekar; í 10. grein C. 1. hefði nefndin sett upphæðina niður um 100 kr., er þó væri eigi nema sanngjörn þóknun fyrir ómak við útbýtingu tíðindanna, fjárhald, reikningsfærslu og prófarkalestur þeirra; þessi upphæð væri eigi of há, og þess vegna kvaðst hann mæla með því, að hún stæði. Hann kvaðst geta fallizt á uppástungu nefndarinnar við 10. grein C. 5. um styrk til jarðabóta, og skyldi með tilliti til breytingar þeirrar, er þar hefði verið gjörð, skýrskota til dómsmálastjórnarbrjefs 26. febrúar 1870 og athugasemda frumvarpsins. Um uppástungurnar við C. 6. og 7., er snerti veitingar til vegabóta og gufuskipsferða kringum Ísland, kvaðst hann vera nefndinni alveg samdóma; ef vegalögin yrðu staðfest, skyldi þegar tekið til starfa, og mundi þá upphæð nefndarinnar nægja fyrst um sinn, þangað til fjárlögin væru lögð í næsta skipti fyrir alþingi, þá mundi vera búið að ákveða, hverjir vegir væru fjallvegir, og eptir því gjörð frekari áætlan. Viðvíkjandi uppástungunni í 10. grein C. 7. stjórnarfrumvarpsins, um aðgjörð við dómkirkjuna, þá skyldi hann fúslega játa, að stiptamtmaðurinn 1866 hefði álitið, að 2,000 rd. mundi nægja til aðgjörðar þeirrar, sem eptir að skoðun hefði farið fram, hefði verið álitin nauðsynleg, og þessi skoðun hefði verið gjörð af valinkunnum mönnum; reynslan væri nú því ver búin að sanna, að skjátlazt hefði við þessa skoðun, en þó nefndinni þætti ástæða til þess, að ávíta stiptamtmann fyrir það, væri þó eigi þar með ráðin bót á skemmdum kirkjunnar, og þegar það mál væri fyrir, nægði eigi að vísa til áætlunarinnar af 1866, sem hefði sýnt sig óáreiðanlega, þó að hún þá virtist áreiðanleg, og þannig hefði verið gjört ráð fyrir, að kirkjunni með aðgjörð þeirri, er fram hefði farið 1867 og 1868, mundi borgið um 15—20 ára tímabil. En «sjón er sögu ríkari», og gætu deildarmenn litið út um gluggann, þeir gætu hjeðan sjeð og dæmt um, að ástand kirkjunnar væri svo hrörlegt, að hún þyrfti bráðrar aðgjörðar við, og ljeki enginn efi á, að það væri skylda löggjafarþingsins, að veita fje til þessa augnamiðs. Stjórnin hefði stungið upp á, að þessi aðgjörð færi fram, af því hún væri alveg nauðsynleg; en í nefndarálitinu væri tekið fram, að eigi hefði verið útvegaðar hinar nauðsynlegu skýrslur nefndinni til sannfæringar um, að aðgjörðin sje nauðsynleg á þessu tímabili, sem hjer ræðir um. Hann skyldi einungis vísa til kirkjunnar og spyrja nefndarmenn um, hvort þeir, eptir að hafa sjeð hana, væru í vafa um nauðsyn aðgjörðarinnar, og þar sem kvartað hefði verið yfir, að eigi væri útvegaðir uppdrættir og áætlanir frá fleiri en einum byggingarmeistara, þá skyldi hann taka fram, að þegar ræddi um aðgjörð, væri annarstaðar, t. d. í Danmörku, eigi útvegaðir nje lagðir fyrir löggjafarþingið uppdrættir frá fleiri en einum, en hitt væri, að þegar ræddi um nýjar opinberar byggingar — sjer í lagi ef þær væru merkar og kostnaðarsamar — yrði á stundum fyrirtækið boðið fram með «concurrence» fleiri en einum; að öðru leyti kvaðst hann halda, að skýrslan væri svo úr garði gjörð, að vel mætti eptir henni dæma um kostnaðinn. Annað mál væri, að sjer þætti fullkomlega ástæða til að láta aðgjörðina fara fram eptir «licitation», með því að koma opinberu uppboði til leiðar, og þannig fá bjóðanda til þess, að takast starfið á hendur gegn því skilyrði, að stjórninni stæði engin þyngsli af frekara tillagi til hennar framar. Hann skyldi eigi fara orðum það, hvort allar aðgjörðir, sem ráð væri gjört fyrir, væru alveg nauðsynlegar, svo sem um hitavjel og nýtt organ, því sjer þætti vel til fallið, að þegar á annað borð skyldi ráðast í yfirgripsmeiri aðgjörð, yrði ráðin bót á öllum annmörkum. En hann skyldi að end-

ingu taka það fram aptur, að þegar aðgjörðin yrði að álítast nauðsynleg, væri það sjálfsagt, að hún ætti að fara fram, og ætti þá þingið, ef það gjörði skyldu sína, að veita fje með því skilyrði, að allur sparnaður yrði við hafður. Í nefndarálitinu væri stungið upp á, að landsskrifaraembættið yrði dregið inn, og skyldi hann með tilliti til þessa skýrskota til umræðanna á alþingi 1873, «að ef reynslan sýndi, að það væri ónauðsynlegt, skyldi hann fús á að ráða þinginu til þess, að draga það inn», en hann yrði að álíta, að reynslan hefði enn þá eigi sannað þetta, þvert á móti gæti hann eigi annað en álitið það haganlegt, og það jafnvel þó að í þessu tilliti eigi enn þá hefði verið tækifæri til þess, að sjá þá stofnun frá öðru sjónarmiði, sem sje þegar landshöfðingjaskipti ætti sjer stað; ætlaði hann þar að auki, að landshöfðingjanum hefði bætzt eigi allfá ný störf, svo sem úrskurður á öllum reikningum landsins; hann kvað sjer þykja líklegt, að þessi viðbætir við störf sín gjörði það nauðsynlegt og æskilegt, að við halda þessu embætti, sem í öllu öðru en með tilliti til launanna stæði jafnhliða «comtoirchefs»-embættum í Danmörku. Nefndin hefði þar næst stungið upp á, að veita eigi þá persónulegu launahækkun, 400 kr., sem áætluð hefði verið í stjórnarfrumvarpinu handa landlækninum; nefndin hefði átt bágt með að aðhyllast þá skoðun, af því hún áliti það ísjárvert, þar sem líkindi væru til, að þetta yrði til eptirdæmis fyrir fleiri; hann skyldi geta þess, að hann væri nefndinni alveg samdóma í «principinu», en kvaðst í öðru máli hafa tekið þetta skýrt fram, en þá hefði hin heiðraða þingdeild eigi viljað aðhyllast skoðun sína, og virtist sjer því sú mótbára eigi eiga alls kostar við hjer. Á uppástungu nefndarinnar viðvíkjandi launaviðbót söngkennarans og kennarans í leikfimi kvaðst hann alveg fallast, en vildi benda þinginu á, að hin sama ástæða, sem mælti með því, að stjórnin færi eptir tillögum þingsins í slíkum málum, mælti fram með því, að þingið tæki tillit til uppástungna stjórnarinnar, þegar þingið væri samdóma henni um dugnað mannsins. Þó hann — eins og deildinni væri kunnugt úr öðru máli — hefði verið þeirrar skoðunar, að eigi væri nægileg ástæða til þess að veita tillögu þeirri meðmæli sitt, að bæjarfógetaembættið og sýslumannsembættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu skyldi aðskilin, og launaviðbótin gæti skoðazt sem nokkurs konar persónulegt tillag, þegar hún væri ákveðin, fyr en embættið losnaði, þá mundi stjórnin sjálfsagt taka spurninguna til nýrrar yfirvegunar. Í 12. grein frumvarpsins hefði verið stungið upp á að setja «önnur útgjöld, sem upp á kunna að koma» niður um 200 kr., vegna þess að ferðakostnaður póstmeistarans í fyrra hefði numið helmingi minni upphæð en nú væri áætlað, en þess yrði að gæta, að upphæðin væri «calculatorisk», og því yrði eigi ávísað meira fje en þyrfti á að halda; einnig væri það í ráði, að póstmeistarinn tækist ferð á hendur um Múlasýslurnar að ári, en til þessarar ferðar hlyti að ganga meira fje en 200 kr. Við 13. gr. kvaðst hann geta fallizt á uppástungurnar undir A, b, tölul. 1., 3. og 4. Undir B. I. 2., til tímakennslu í prestaskólanum, væru ætlaðar 200 kr., sem varið yrði til þess að halda kennara í kirkjurjetti og kennara í sönglist, og gengi 100 kr. til hvors, enda hjeldi hann, að upphæðin mætti eigi vera minni, og skyldi hann þess vegna mæla með því, að henni væri haldið. Til hins lærða skóla hefði nefndin fært upphæðina undir B II, b 1. til umsjónarmanns upp um 100 kr., en þar sem nefndin stingi upp á, að fella upphæðirnar undir 13. gr. B. II. c. 6. og 7. fyrir að semja reikninga skólans og fyrir skrifstörf og útreikninga, og þar sem þessar 400 kr. væri partur launa inspectors, þá væri afleiðingin sú, að laun hans þar með yrðu felld niður um 300 kr. Áður hefðu skólarnir haft sjerstakan fjehirði, en síðan hefði það starf verið lagt til inspectors skólans, til þess að útvega honum nægileg laun. Þetta starf hefði hingað til verið lagt til rektorsembættisins, en síðan verið fært yfir til inspectors. Reikningar skólans væru endurskoðaðir, án þess að annar kostnaður bættist landinu til

útgjalda, heldur en áætlaður væri í 10. grein A. 3., en það, sem rædd i um í 13. grein B. II. c. 6. og 7., væri partur inspectiónslaunanna, og ætti því að halda því, þó að 100 kr. veitingin bættist við launin. Með tilliti til aðstoðarfjárins til skólans, sem nefndin hefði hækkað, kvaðst hann fallast á þá breytingu, en geta þess, að viðbótina eptir kornverði, sem áætlnð væri með 320 kr., hefði nefndin ekki miðað við kornverðið, þó hún að öðru leyti hefði haldið henni. Eptir lögum 19. janúar 1863, sbr. lög 19. febrúar 1861, væri þessi upphæð reiknuð í hlutfalli við 1,600 kr., en ætti upphæðin að útreiknast í hlutfalli við 1,900 kr., næmi hún 380 kr., þess vegna vildi hann benda að því, hvort eigi væri heppilegra að sleppa viðbætinum, en leggja hann saman við uppbótina (aðstoðarfjeð). Önnur útgjöld til hins lærða skóla hefði nefndin stungið upp á að setja niður, sem sje 2., 3. og 8. tölulið (til eldiviðar og ljósa, til skólahússins utanstokks og innan, ýmisleg útgjöld). Þessi útgjöld væru eptir hlutarins eðli «calculatorisk», og eigi gjört ráð fyrir að mögulegt væri að halda þeim innan hinna settu takmarka. Að öðru leyti skyldi hann geta þess, að aðhaldið skyldi gefið sem mest mætti verða til þess að spara landsins fje. Með tilliti til þeirrar spurningar, sem beint hefði verið til sín viðvíkjandi 8. grein, er snerti útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar og stjórnarfulltrúans á alþingi, kvaðst hann eigi fá sjeð, að hann gæti svarað með öðru en því, að vísa til 25. greinar stjórnarskrárinnar, er framsögumaðurinn hefði sjálfur bent á, en að öðru leyti kvaðst hann vilja skýrskota til athugasemdanna; eptir því sem þar stæði, væri fjárveitingin til fulltrúans á alþingi reiknuð sem borðfje en eigi sem laun.

Framsögumaður kvaðst vilja fara fám orðum um höfuðatriðin í ræðu landshöfðingjans; hann hefði sagt, að þar sem fjárlaganefndin hefði verið fráhverf persónulegri launaviðbót handa sumum, hefði hún þó á hinn bóginn veitt hana sumum. En hann kvaðst biðja landshöfðingjann að gæta þess, að þótt hún hefði veitt söngkennaranum við skólann og fimleikakennaranum launaviðbót, gæti það *ekki* heitið persónulegar launaviðbætur. Nefndin hefði að eins liðað sundur aðstoðarfje skólans. Landshöfðinginn hefði nefnt laun þau, er þingið hefði nýlega samþykkt handa 1. þingmanni Ísfirðinga, og viljað láta það vera dæmi upp á ósamkvæmni nefndarinnar í þessu efni. En hann vildi minna landshöfðingjann á, að það hefði verið óviðkomandi fjárhagsnefndinni, nema að því leyti sem hún ætlaði fje til þessa, ef það næði samþykkt konungsins. Þar væri líka ekki að ræða um persónulega launaviðbót, heldur væri þar að ræða um heiðurslaun; og slíkt bæri sjaldan að. En landshöfðinginn vissi sjálfur, að slík heiðurslaun ættu sjer og stað hjá öðrum þjóðum, hjá Dönum, t. a. m. Bülow, hjá Englendingum, og hjá Norðmönnum, t. a. m. Schweigaard. Þess konar gæti eigi kallazt með rjettu «laun», heldur væru slíkt sannkallaðar «heiðursgjafir». Landshöfðinginn sæi því sjálfur, að í þessu máli hefði nefndin alls ekki gjört sig seka í ósamkvæmni. En ætti að fara að veita 400 kr. slíkum manni, sem þeim, er hjer væri um að ræða, þá væri það sannarlega of auðvirðileg viðbót til þess, að geta kallazt «heiðursgjöf»; en þar á ofan gat nefndinni ómögulega fundizt, að það væri nein þörf. Það hefði líka vakað fyrir nefndinni, að landlæknirinn hefur, auk landlæknistekja sinna, einnig aðrar tekjur bæði fyrir læknakennslu og «Praxis» í Reykjavík, svo laun hans væru vel viðunandi. Aðalreglan í þessu efni ætti að vera sú, að hafa tillit til embættisins, en ekki til mannsins.

Hitt atriðið, sem landshöfðinginn í ræðu sinni hefði verið á gagnstæðri skoðun við nefndina um, væri aðgjörð á dómkirkjunni í Reykjavík. En þess bæri að gæta, að í brjefi fjárhagsstjórnarinnar til dómsmálastjórnarinnar frá 19. sept. 1866 stæði, að eptir skýringum stiptamtmannsins væri hjer um bil 2000 rd. nægilegt fje, til þess að gjöra svo við dómkirkjuna, að henni yrði borgið í 15—20 ár. Þessa höfuðaðgjörð hefði dómkirkjan fengið 1867—68. En þótt kirkjan væri að utan ekki orðin ásjáleg, þá væri hún

að innan ekki óásjáleg, og mundi geta staðið nokkuð enn, að minnsta kosti til næsta þings, enda yrði og að líta á þann sið á landi voru, að láta allar kirkjur halda sjer, meðan prestur og söfnuður gætu unað því. Ef dómkirkjan hefði verið boðleg konunginum og öllum þeim höfðingjum, sem hjer hefðu verið í fyrra, þá væri hún það nú Reykvíkingum og öðrum. Nefndinni virtist og vanta nægar skýringar um þann kostnað, sem slík höfuð-aðgjörð hefði í för með sjer. Hún hefði að vísu fengið skýringar um það frá hinum danska byggingarmeistara Klenz; en henni hefði einnig óbeðið borizt skýring um það frá duglegum íslenzkum smið, og væri áætlun hans um bygginguna 3,530 kr lægri en áætlun hr. Klenz; og ætlaði hann þó að hlaða veggina úr malargrjóti með cementi (Beton), og fleiri gætu komið enn ódýrari. Þetta, sagði hann, hlaut að gjöra nefndina, sem sjálf var enginn byggingameistari, enn þá óvissari í dómkirkjubyggingunni gagnvart hinum danska byggingameistara Klenz, er sýnist hafa fengið einkaleyfi til að byggja opinberar byggingar á Íslandi, í stað innlendra smiða. En þess bæri enn fremur að gæta, að dómkirkjan ætti sjóð, er hún hefði safnað, eins og síður væri um kirkjur á Íslandi. Af sjóð sínum hefði hún tekjur, sem hún hefði sjálfsagt lagt upp; því að á meðan hún hefði þótt boðleg konungi, hefði eigi verið nauðsyn að gjöra við hana. En enn þá eitt bættist við: það vantaði úttekt á Reykjavíkurdómkirkju. Menn væðu í villu og svíma um eignir hennar; nefndin hefði í höndum álit prófasts um hana við síðustu vísitazíu, og væri fróðlegt að sjá það og heyra. «Ef jeg», sagði hann, «hefði fært umsjón minnar kirkju á sama hátt, þá hefði jeg fengið fallega lesningu».

Álit prófastsins við skoðunina 6. nóvember 1871 er þannig hljóðandi:

«Jeg vil láta í ljósi það álit mitt, að það «geti orðið til þess, að kirkja þessi missi «eitthvað af eigum sínum, sem sumar hverjar «eru þær mestu gersemar, sem kirkjur eiga «hjer á landi, ef það er gjört að vana, sem «jeg ætla, að átt hafi sjer stað við síðustu «afhendingu, þ. 26. júní þ. á., þegar hinn «núverandi umsjónarmaður tók við, að ekkert «eptirlit sje haft með afhendingunni af hálfu «hins opinbera.

Görðum, 6. nóvember 1871.

Þórarinn Böðvarsson.

Til biskupsins á Íslandi».

Í visitazíu prófastsins dags. 16. október 1871 segir meðal annars svo:

«Listi yfir áhöld og eigur dómkirkjunn-«ar, saminn við síðustu afhendingu, var fram «lagður; var hann dags. 26. júní 1871, en «e k k i u n d i r s k r i f a ð u r a f n e i n u m. «En með því e n g a a ð r a *uppteiknun var «að fá* (o: engin önnur uppteiknun er til), «varð eigi sjeð, hvort nokkuð vantaði af því, «sem kirkjunni á að heyra til eða ekki. «Sálmabækur hennar (o: dómkirkjunnar), bæði «íslenzkar og danskar, eru flestar úr bandi «og óbrúkanlegar» o. s. frv.

Af þessu áliti og skýringu prófastsins mætti sjá, að ekki hefði verið haft eptirlit með dómkirkjunni af hálfu hins opinbera. Síðan hefði vantað það eptirlit yfirvaldanna með henni, sem þau heimtuðu annarstaðar.

Nefndin yrði enn fremur að vera þeirrar skoðunar, að nú hefðu orðið eigandaskipti á dómkirkjunni. Áður hefði hinn danski ríkissjóður verið eigandinn, en nú væri landssjóðurinn orðinn það. Við eigandaskiptin hefði eptir rjettarvenju á Íslandi átt að taka hana út og afhenda hana landssjóðnum með samngjörnu ofanálagi, ef þurfa þætti. Hjer ætti að fylgja sömu reglu og við aðrar kirkjur. «Við, sem ekki einungis höfum sjeð kirkjuna *utan*, heldur og verið *inni* í henni við guðsþjónustu, hljótum því að mæla fast með því, að geymt verði að leggja henni fje úr landssjóði til aðgjörðar, að minnsta kosti til næsta alþingis».

Landshöfðingjanum væri ekki lánandi, þótt hann vildi eigi sleppa landsritaraembættinu; hann hefði og sjálfur stofnað það. Þingið hefði 1873 álitið embætti þetta óþarft. Hin sama væri skoðun margra enn. En ef embætti þetta yrði tekið af, þá yrði sjálfsagt skrifstofufje landshöfðingjans aukið með tilliti til

vaxandi embættisanna hans. En sú ástæða væri ónóg, til þess að landsritaraembættið ætti að vera, að jafnan ætti að vera maður, sem kæmi í stað landshöfðingja, er hann þyrfti að víkja eitthvað frá embættinu um stund, vegna þess, að í erindisbrjefi hans væri tekið fram, að háyfirdómarinn væri við þess konar atvik sjálfsagður í stað hans, til að halda áfram embætti hans, á meðan hans missti við. Nefndin ætlaði að vísu eigi að gjöra ritaraembættið að kappsmáli, en það mundi ánægjulegra fyrir þing og þjóð, að embætti þetta fjelli burt.

Landshöfðinginn neitaði því, sem framsögumaður hafði sagt, að kirkjan hefði verið konungi boðleg í fyrra. Hann sagði, að það væri eigi rjett af framsögumanni, að álasa stjórninni fyrir það, að aðgjörðin hefði geymst þangað til núna; hann hefði víst ekki viljað það heldur, að stjórnin hefði veitt fjeð, áður en þingið fjekk löggjafarvald og fjárforræði. Viðvíkjandi tilboði hins íslenzka smiðs, þá hefði stjórnin sjálfsagt ekkert á móti að bjóða upp slíka aðgjörð við «Licitation». Ef innlendir og útlendir byðust með jöfnum skilmálum, væri sjálfsagt að taka innlenda heldur. Frá sjóði dómkirkjunnar skyldi hann skýra við þriðju umræðu málsins. Kirkjan hefði verið og væri þjóðeign, og væri ekki spursmál um, að taka þjóðeign út.

Framsögumaður sagði, að landshöfðingja hefði farizt drengilega, að leggja eigi kostnað þennan á landið, áður en þingið fjekk löggjafarvald og fjárráð, en það útilokaði eigi, að menn núna yrðu að við hafa alla sparsemi og sníða sjer stakk eptir vexti, og að minnsta kosti þyrftu nægar sannanir að vera fyrir því, að aðgjörðin væri nauðsynleg strax. Kirkjan hefði verið undir vörzlum ríkissjóðsins, því þurfi úttekt á henni, áður en hún gengi til landssjóðsins.

Jón Sigurðsson kvaðst efast um, að dómkirkjan væri þjóðareign, jafnvel þótt landshöfðingi og framsögumaður hefðu orðið samdóma um það. En ef svo væri, því hefðu þá eigi verið hafðar um hana sömu reglur og um aðrar þjóðeignir, saminn reikningur yfir tekjur hennar og útgjöld, og hann auglýstur á prenti, eins og gjört væri um allar kirkjur, sem væru þjóðeignir, að minnsta kosti í norður- og austur-umdæminu. Nefndin hafi eigi fengið að sjá neina reikninga fyrir hana. Hann gæti ei betur sjeð, en að ríkissjóðurinn áliti dómkirkjuna eins og ómaga, sem hann hefði alið fyrir Reykjavík, og sem hann nú ætlaði með lagi að koma upp á landssjóð. Ef landssjóðurinn ætti að taka við henni svona, þyrfti hún þó að vera í bærilegu standi. En ef menn nú vildu álíta, að kirkjan væri eign þjóðarinnar væri landssjóðurinn ekki einn skyldur til að halda henni við. Þjóðin þyrfti eigi svona stóra dómkirkju, einungis til að fá presta sína vígða í henni; Reykjavík ætti sjálf að halda við kirkju sinni, eins og venja væri um gjörvallt land, að söfnuðirnir styrktu kirkjur sínar, þegar þær ekki gætu borið sig af eigin efnum. Reykjavík væri að vísu vorkennandi að verða að taka við henni í þessu ástandi, og það væri skylda þingsins, að hjálpa henni til þess að ná rjetti sínum, en ef það heppnaðist eigi, þá að veita Reykjavík nokkurn styrk af landssjóði til að halda við kirkju sinni. En að byggja kirkjuna upp, eingöngu á kostnað landssjóðsins, mundi hann aldrei geta atkvæði sitt fyrir.

Halldór Kr. Friðriksson þakkaði 2. þingmanni Þingeyinga fyrir gjöfina fyrir hönd Reykjavíkur, en hjelt þó, að Reykjavík mundi eigi hirða um hana; það hefði verið reyndar drengilega gjört af landshöfðingja, að slengja eigi kostnaðinum upp á landssjóðinn, áður en þingið hefði fengið löggjafarvald; en stjórnin hefði eigi átt að draga aðgjörðina, þangað til fjárhagsaðskilnaðurinn komst á, og af brjefum hennar 1865 og 66 væri þó auðsjeð, að kirkjan þá hefði þurft stórkostlegrar aðgjörðar við, en hún hefði þá eigi viljað leggja fjeð fram, en viljað skjóta aðgjörðinni á frest, vegna þess, að hún hefði búizt við aðskilnaði á fjárhagnum, svo að aðgjörðin lenti á landssjóðnum. Að því er snerti launaviðbót landlæknisins, þá ætti varlega að fara í persónulegar launahækkanir. Honum væri einnig fullkomlega borgið, ef frumvarpið um læknaskólann yrði

samþykkt. Viðvíkjandi tímakennslufjenu í prestaskólanum, sem landshöfðingi hefði álitið of lítið, þá sýndist sjer ástæðulaust að veita sama manninum mörg laun í smápörtum; betra væri að ákveða honum laun fyrir öll störf sín í einu lagi. Kennslan í kirkjurjetti væri nægilega borguð með 100 krónum á ári. Viðvíkjandi umsjónarmanni skólans, þá væri það athugavert að lækka laun hans, og væri vonandi, að nefndin athugaði það betur. Nefndin hefði að vísu fellt 10. gr. C 2., en hann vildi gjarnan taka það atriði upp aptur, og vonaði, að nefndin mundi þó íhuga það betur, hvort eigi sje rjettara, að styrkurinn til að gefa út lagasafn Íslands við hjeldist, því margt gæti vantað í stjórnartíðindin; þar að auki væri í lagasafninu frumritin, en í stjórnartíðindunum einungis útleggingar.

Framsögumaður sagðist enn verða að minnast á dómkirkjuna, og hann vildi taka til greina bendingu sessunautar síns, að það væri vafasamt, hvort dómkirkjan væri í raun-inni landssjóðnum viðkomandi, og þótt það væri eigi alveg víst, þá mundi hann þó hafa nokkuð til síns máls. Hann sagði, að hjer á landi hefðu verið nokkrar kirkjur (t. d. Vestmannaeyjakirkja, Bessastaðakirkja, Ingjaldshólskirkja o. fl.), sem eigi hefðu staðið undir umsjón biskups, og hefðu verið nefndar kongskirkjur. Þær hefðu verið látnar svona eiga sig, og enginn hefði skipt sjer neitt af því, hvort þær höfðu nokkrar tekjur eða eigi. Ein af þessum kongskirkjum hefði Bessastaðakirkja verið, og frá því 1798 til 1820 hefðu engir reikningar verið haldnir fyrir hana, og líkt hefði, eptir vitnisburði sjálfs stiptsprófastsins, átt sjer stað með Reykjavíkurkirkju. En sá vitnisburður sýndi bezt, að hið opinbera hefði lítil afskipti haft af dómkirkjunni, og þar af leiddi, að vafasamt væri, hvort það hefði álitið hana sjer viðkomandi. En ef svo væri, þá væri líka vafasamt, hvort hún væri nú eign landssjóðsins. Hvað snerti launin handa umsjónarmanni lærða skólans, þá væri stungið upp á 900 kr. launum, og fyrir umsjón á forngripasafninu 100 kr. Með því móti hefði hann eins há laun og áður. En hvað það snerti, að ómögulegt væri að komast af með það fje, er ætlað væri til skólans, þá vildi hann geta þess, að eptir sínu litla viti gæti nefndin ekki dulizt þess, að reikningar skólans fyrir margt væru furðanlega háir, og, ef svo mætti segja, meir en góðu hófi gegndi. Þannig væri t. d. reiknað fyrir þvott á rúmfötum (o. fl.) hjer um 200 rd., og eptir því væri annað. Það væri að vísu ekki ætlunarverk nefndarinnar, að yfirskoða reikninga, en hann áliti leyfilegt að benda hjer á þetta, að nefndinni þætti reikningarnir óskiljanlega háir.

Þórarinn Böðvarsson sagði, að það væri ýmislegt smávegis, er hann vildi tala um, áður en til atkvæða væri gengið í málinu. Hið fyrsta, er hann vildi minnast á, væri prestaskólinn. Hjer væri gjört ráð fyrir, að ölmusurnar við hann væru þrjár. En þótt hann myndi vel, að þetta prestaskólamál hefði hjer í deildinni eigi fengið góðan byr, þá gæti hann eigi annað, en skoðað það fremur sem óheppni, en að menn eigi vildu sinna málinu. Hann kvaðst þá hafa tekið það fram, að prestaskólinn hefði það, sem hann þyrfti til þess, að geta náð tilgangi sínum, að því undanteknu, að lærisveinar hans væru fyrir sakir fjárleysis neyddir til að eyða tíma frá námi sínu, til þess að hafa af fyrir sjer. En hann vonaði þó, að allir sæju, hversu óhaganlegt og skaðlegt slíkt fyrirkomulag væri, og því vildi hann enn leyfa sjer að stinga upp á því, að nefndin tæki upp í frumvarpið 3 ölmusur í viðbót. Þar næst vildi hann drepa á það, að þar sem nefndin ætlaði 2,000 kr. til þess, að bæta hin rýrustu brauð landsins, þá væri slíkt svo lítið til þeirra hluta, að nærri því mætti einu gilda, hvort það yrði veitt, eða ekki. Það væru víst allir samdóma um það, að hin brýnasta nauðsyn væri til að bæta brauðin, enda lægi nú mál þetta undir aðgjörðum Synodus-nefndarinnar, er hefði sent álit sitt um það til stiptsyfirvaldanna. Hann kvaðst að vísu ekki vilja mæla í móti uppástungu nefndarinnar, en áleit þó rjettast, að vita fyrst, hve mikið mætti bæta

brauðin með haganlegra fyrirkomulagi, og það hefði sýnt sig í nefndinni, að, ef tekjum brauðanna væri sem haganlegast varið, þá vantaði ekki mikið fje. Upphæð sú, sem nefndin hefði tekið til, 2000 kr., gjörði ekki mikið til að bæta brauðin, ef sú tilhögun væri, sem nú ætti sjer stað. Hið þriðja atriði, er hann vildi minnast á, væri eptirlaun handa ekkjufrú Jóns sál. Guðmundssonar, málaflutningsmanns. Það mál hefði verið borið upp í efri deildinni, en fellt. En sjer fyndist svo mikið tala fyrir því, að henni væri veitt einhver eptirlaun, að hann vildi stinga upp á, að nefndin tæki í því skyni 400 kr. upp í 14. gr.

Þar næst vildi hann minnast á dómkirkjuna. Hann kvaðst eigi geta neitað því, eptir því, sem hann hefði komizt eptir við kirkjuskoðun sína, þá væri eitthvað í meira lagi bágborið við reikninga hennar og umsjón. En ástand kirkjuhússins væri sorglegt, og alveg nauðsynlegt, að ráða á því skjótar bætur. En hann kvaðst hræddur um, að viðgjörðin mundi aldrei fást af ríkissjóðnum, og því mundi þurfa að veita að minnsta kosti nokkurt tillag til þessa. Að vísu mundi vera ástæða til, að Reykjavík sjálf tæki nokkurn þátt í aðgjörðinni, því að hún hefði mest og bezt gagn af kirkjunni.

H. Kr. Friðriksson sagðist hafa haldið, að svo rækilega hefði verið sungið yfir ölmusubæninni um daginn, að ekki yrði í bráð farið að vekja hana upp. Þetta væri líka hreinn óþarfi. Þótt nú í vetur yrðu 9—10 piltar á skólanum, þá hefðu þeir allir til samans 800 rd., og gæti enginn annað sagt, en að það væri nægilegur styrkur, og væri prestaskólinn að því leyti ekkert illa staddur. Hann kvaðst játa það og vita vel, að sum brauðin þyrftu að verða bætt. En þótt nú sýnódus mót von sinni væri kominn hjer inn á þingið, þá yrði hann að láta þá ætlun sína í ljósi, að brauðin yrðu aldrei bætt að gagni með þeirri stefnu, er sýnódus-nefndin hefði. Sú stefna miðaði öll til þess, að láta presta fá tekjur, en um hitt væri ekki hugsað, hvort prestar gætu í nokkru lagi þjónað brauðunum, sakir þess hversu erfið þau væru. Það væri líka nauðsynlegt, að sum brauðin væru hæg og þó góð, til þess að þeir, sem hefðu þjónað með dugnaði hinum erfiðari brauðum og tekjulitlu, gætu fengið önnur betri, er þeir þættu þess maklegir, og svo að prestar þá gætu komizt að þeim á elliárunum. En það væri mjög óheppilegt, að fara svo með brauðin, að prestum væri gjört ómögulegt að þjóna þeim. Það játuðu allir, að sum útkjálkabrauðin þyrftu endurbóta. En 2000 kr. væru líka góður styrkur til þess. Að því er snerti eptirlaunin handa ekkju Jóns sál. Guðmundssonar, þá mundi nefndin taka það mál til íhugunar, en það væri mjög óþægilegt, að það hefði verið fellt í efri deildinni, og mundi því ef til vill eiga örðugt uppdráttar, þótt það kæmi fyrir að nýju.

Þórarinn Böðvarsson kvaðst eigi ætla að svara öðru upp á ræðu þá, er seinast var haldin, en því, að húsaleigustyrkur prestaskólalærisveina nægði þeim eigi nema til þess, að fá yfir sig húsaskjól; allt annað yrðu þeir sjálfir að kosta. Og í annan stað vildi hann leyfa sjer að segja þingmanninum það, að eptir tilætlun og stefnu sýnódus-nefndarinnar mundu brauðin ekki gjör erfiðari, en þau nú væru. Þar sem þingmaður Reykvíkinga hefði sagt, að sýnódus-nefndin hugsaði um það eitt, að láta presta fá tekjur, en hugsaði ekki um hitt, hvort prestar gætu í nokkru lagi þjónað brauðunum, þá væri þetta hrein ósannindi, og væri það dirfska, sem fáum væri gefin öðrum en þessum þingmanni, að koma með slík ummæli um það, sem hann alls ekkert þekkti, því hann hefði víst aldrei litið augum á álit sýnódus-nefndarinnar, en það væri að mestu byggt á áliti presta, prófasta og beztu leikmanna í landinu.

Framsögumaður sagði, að þótt 2. þingmanni Gullbringusýslu þætti of lítið, að einungis 2000 kr. væru veittar til að bæta brauð, þá yrði hann þó að játa, að þetta væri þó góður styrkur. Svo mætti hann og telja með þær 600kr., er veittar væru til nokkurra brauða í Hólastipti, og sömuleiðis 2000 kr. handa prestsekkjum o. fl., svo að styrkurinn yrði

þó samtals 4600 kr. Þar sem þingmaðurinn hefði talað um, að veita *dálítið* fje til aðgjörðar dómkirkjunni, þá þætti sjer það undarleg tillaga; því að þingmaðurinn væri góður búmaður, og vissi það víst sjálfur, að flestum hyggnum mönnum þætti ekki hyggilegt, að vera að smábæta einhvern hlut aptur og aptur, en gjöra aldrei við hann svo að til hlítar væri. Eptir þeim upplýsingum, sem nú væru komnar um prestaskólann, væri ekki óliklegt, að nefndin sæi ástæðu til að mæla með, að 2 ölmusum væri bætt við nú um 2 *næstu árin*. Loksins væri eptir að minnast á eptirlaun handa ekkju Jóns sál. Guðmundssonar. Það væri viðkvæmt mál, og hann fyrir sitt leyti vildi mæla með því, en að eins með því skilyrði, að landshöfðinginn ljeti í ljósi, að hann mundi mæla með því.

Landshöfðingi sagðist ekki finna nægilegt tilefni til að svara fyrirspurn hins háttvirta framsögumanns, fyr en málið lægi fyrir til umræðu, samkvæmt atkvæðaskránni. Á hinn bóginn gæti hann játað, að hann væri máli þessu persónulega hlynntur.

Guðmundur Ólafsson sagðist vilja gjöra þá athugasemd við 10. gr. staflið C. 4, að styrkur sá, er þar væri ákveðinn til jarðabóta í fjárlagafrumvarpi nefndarinnar, væri af of skornum skamti í samanburði við þörfina, eða hvað gjöra þyrfti í þessu efni, því svo mætti að orði kveða, að landið lægi í rofum, hvað alla ræktun snerti. Sjer sýndist ekki mega ætla minna fyrir eitt ár, en það, sem ætlað er fyrir 2 ár; kvaðst hann álíta eins vel til fallið, að leggja nokkuð af því fje, sem lagt er viðlagasjóðnum, í jörðina; það mundi svara eins miklum arði; hann leyfði sjer því að koma með breytingaruppástungu í þessu efni.

Þá var gengið til atkvæða um 2. kafla (útgjöldin), og var frumvarp nefndarinnar lagt til grundvallar fyrir atkvæðagreiðslunni. Atkvæðin fjellu þannig:

7. grein samþykkt í einu hljóði, með þeim fyrirvara, að tölunum síðar yrði breytt eptir þörfum.

8. gr. samþykkt með 12 atkvæð.
9. — —— — 20 ——
10. — A, 1. lið. —— — 19 ——
— — A, 2. — —— — 21 ——
— — A, 3. — —— í einu hljóði.
— — B, 1. — —— með 20 atkvæð.
— — B, 2. — —— — 18 ——
10. gr. B, 3. lið. samþykkt með 19 atkvæð.
— — C, 1. — —— — 20 ——
— — C, 2. — —— — 21 ——
— — C, 3. — —— — 21 ——
— — C, 4. — —— — 21 ——
— — C, 5. — sleppt til 3. umræðu.
— — C, 6. — samþykkt með 21 atkvæði.
— — C, 7. — —— — 19 ——
7. liður stjórnarfrumvarpsins felldur með öllum atkvæðum.
10. gr. í heild sinni samþykkt í einu hljóði.
11. gr. 1. liður samþykktur í einu hljóði.
— — 2. — —— - — —
11. gr. í heild sinni samþ. í einu hljóði
12. gr. 1. liður samþykktur í einu hljóði.
— — 2. — —— - — —
— — 3. — —— - — —
— — 4. — —— - — —
12. gr. í heild sinni samþykkt í einu hljóði.
13. — A, a, samþykkt í einu hljóði.
— — — b, 1. —— - — —
— — — - 2. —— - — —
— — — - 3. —— - — —
— — — - 4. —— - — —
— — B, I, a, —— með 21 atkvæði.
— — — - b, 1. —— í einu hljóði.
— — — - - 2. —— - — —
— — — - - 3. —— - — —
— — — - - 4. —— - — —
— — — - - 5. —— - — —
— — B, II, a, —— - — —
— — — — b, 1, —— - — —
— — — — - 2. —— - — —
— — «Viðbót» samþykkt með 20 atkvæð.
— — B, II, c, 1. samþykkt í einu hljóði.
— — — - - 2. —— - — —
— — — - - 3. —— - — —
— — — - - 4. —— - — —
— — — - - 5. —— - — —
— — — - - 6. —— með 19 atkv.

13. gr. B, II. c, 7. samþykkt með 19 atkv.
— — — - - 8. —— í einu hljóði.
— — C, 1. samþykktur í einu hljóði.
— — — 2. —— - — —
— — — 3. —— með 20 atkv.
— — — 4. a, —— í einu hljóði.
— — — 4. b, —— - — —
13. gr. í heild sinni samþykkt í einu hljóði.
14. gr. samþykkt í einu hljóði.
15. — —— - — —
16. gr. samþykkt í einu hljóði.
17. — —— með 21 atkv.
18. — —— í einu hljóði.
2. kafli. Útgjöld: í heild sinni samþykktur í einu hljóði.

Fyrirsagnirnar: 2. kafli. Útgjöld. samþ. án atkvæða.

Að 2. kafli, útgjöldin: gangi þannig til 3. umræðu ásamt með 1. kafla, sem áður var ákveðið um, samþykkt í einu hljóði.

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1876 og 1877, eins og það var samþykkt við aðra umræðu í neðri þingdeildinni.

I. Breytingaruppástungur landshöfðingjans.

		1876.	1877.	Alls.
1.	Við 2. gr. 13. tölul.: í staðinn fyrir	»80,000 kr.	80,000 kr.	160,000 kr.»
	komi:	»60,000 —	60,000 —	120,000 —»
2.	Við 4. gr. 1. tölul.: í staðinn fyrir	«2,782 —	4,782 —	7,564 —»
	komi:	«2,782 —	4,000 —	6,782 —»
3.	Við 10. gr. C 1: í staðinn fyrir «1,040 kr.» komi: «1,140 —»			
4.	Við 10. gr. C bætist: «8. Til höfuðaðgjörðar á dómkirkjunni í Reykjavík á árinu 1876, 22,000 kr. Þar að auki má til þessarar aðgjörðar, sem á fram að fara eptir undangengið opinbert uppboð, eyða sjóði dómkirkjunnar; og á eptirleiðis að borga á hverju ári afganginn af hinum árlegu tekjum kirkjunnar í landssjóðinn. Stjórninni veitist heimild til að veita Reykjavíkur-kaupstað allt að 3,000 kr. lán til aðgjörðar við organ kirkjunnar og hitavjel í henni».			
5.	Við 11. gr. 1. tölul.: í staðinn fyrir	«17,494 kr. 66 a.	18,315 kr. 98 a.	35,810 kr. 64 a.«
	komi:	«17,894 — 66 —	18,715 — 98 —	36,610 — 64 —»
6.	Við 12. gr. 3. tölul.: í staðinn fyrir	«1,000 — » —	1,000 — » —	2,000 — » —»
	komi:	«1,400 — » —	1,200 — » —	2,600 — » —»
7.	Við 13. gr. B I, b. 2: í staðinn fyrir «100 kr.» komi: «200 —»			

8. Við 13. gr. B I, c. 2: í staðinn fyrir «1,000 kr.» komi: «1,500 —»
9. Við 13. gr. B II, c. 3: í staðinn fyrir «1,000 kr.» komi: «1,500 —»
10. Við 13. gr. B II, c. 8: í staðinn fyrir «1,200 kr.» komi: «1,500 —»
11. Við 13. gr. B II, c. bætist: a, tölul. «9: fyrir að semja reikninga skólans — 200 kr.»
b, tölul. «10: fyrir skrifstörf og útreikninga — 200 —»

II. Breytingaruppástungur nefndarinnar.

	1876.	1877.	Alls.	
1. Við 4. gr. í staðinn fyrir	2,782 kr.	4,782 kr.	7,564 kr.	» a.
komi:	2,782 —	4,000 —	6,782 —	» —
2. Við 10. gr. C. setjist inn nýr töluliður:				
3. Til þess að gefa út «Lovsamling for Island»			1,866 —	66 —
3. Við 10. gr. 5. fellur burt (í notum spítalans, sem fyrrum var á Gufunesi 192 kr.)				
4. Við 10. gr. 6. í staðinn fyrir «til vegabóta 7,500 kr.» komi:			15,000 —	» —
5. Við 10. gr. 7. í staðinn fyrir «til gufuskipsferða 15,000 kr.» komi:			30,000 —	» —
6. Við 12. gr. 1. í staðinn fyrir «laun»	3,300 —	3,300 —	6,600 —	» —
komi «laun:»	3,200 —	3,200 —	6,400 —	» —
7. Við 12. gr. 3. í staðinn fyrir	1,000 —	1,000 —	2,000 —	» —
komi:	1,400 —	1,000 —	2,400 —	» —
8. Við 12. gr. 4. í staðinn fyrir	200 —	200 —	400 —	» —
komi:	400 —	400 —	800 —	» —

Á þessum 2 síðustu upphæðabreytingum stendur svo, að nauðsynlegt verður á fjárhagstímabilinu að búa til ný frímerki, ef frumvarp til laga um burðareyri eptir krónumyntarreikningi verður að lögum; enn fremur er gjört ráð fyrir, að peningar þeir, sem póstmeistarinn telur inn í jarðabókarsjóðinn, nemi upp og ofan 200,000 kr. á ári.

9. Við 13. gr. B. I. b. 1. í staðinn fyrir: «húsaleiga handa 18» komi: «húsaleiga handa 12 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum . . . . . 960 kr.
og ein ölmusa» . . . . . 200 —
10. Við 13. gr. B II. b. 1. í staðinn fyrir «til umsjónar» . . . . . 900 —
komi: «til umsjónar» . . . . . 1,000 —
11. Við 13. gr. B. II. b. 2. í staðinn fyrir «aðstoðarfje . . . . . 1,900 —
viðbót» . . . . . 320 —
komi . . . . . 2,220 —
Þessi upphæð skiptist þannig:
Til söngkennara . . . . . 860 —
— fimleikakennara . . . . . 700 —
— dyravarðar . . . . . 660 —

12. Við 18. gr. bætist nýr töluliður:

7. Ef bæjarfógetaembættið verður skilið frá sýslumannsembættinu í Gullbringu- og Kjósarsýslu, færist 10. gr. stafl. B. tölul. 1. upp um 1,000 kr.

III. Breytingaruppástunga 10 þingmanna við 10. grein C, 4.

Að í 10. grein c 4 í stað 1200 kr. komi 2400 kr.

Guðmundur Ólafsson. Þorsteinn Jónsson.
Hjálmur Pjetursson. Páll Pálsson.
Einar Gíslason. Þorlákur Guðmundsson.
Eggert Gunnarsson. Þórður Þórðarson.
Benidikt Sveinsson. Páll Pálsson.

IV. Viðaukauppástunga 8 þingmanna við 10. gr. C.

Þingið veitir borgara Egli Egilsson í Reykjavík 1000 kr. styrk til að vinna kalknámann í Mógilsárlandi.

Páll Pálsson, B. Sveinsson,
1. þingm. Skaptfellinga. 1. þingm. Árnesinga.
E. Gunnarsson. E. B. Guðmundsson.
Páll Ólafsson. Einar Gíslason.
Þórður Þórðarson. Þórarinn Böðvarsson.

V. Viðaukauppástunga 10 þingmanna við 13. gr. B.

Við 13. gr. B. bætist:

«III. til undirbúnings gagnfræðisskólastofnunar á Möðruvöllum í Hörgárdal veitast fyrir fjárhagstímabilið 1876—1877 allt að 10,000 krónur».

E. Gunnarsson. Einar Guðmundsson.
Ísleifur Gíslason. Guðm. Ólafsson.
Þórður Þórðarson. Þorlákur Guðmundsson.
Páll Ólafsson. Þorsteinn Jónsson.
Þórarinn Böðvarsson. B. Sveinsson.

VI. Viðaukauppástunga 8 þingmanna við 13. gr. B.

Til stofnunar gagnfræðisskóla á Suðurlandi, á Hvaleyri eða í Hafnarfirði, veitist 10,000 krónur á fjárhagstímabilinu 1876—77, svo framarlega sem skólahús er fengið.

Þórður Þórðarson. E. Gunnarsson.
B. Sveinsson. Þorlákur Guðmundsson.
Stefán Stephensen. Þórarinn Böðvarsson.
Páll Pálsson, 1. þm. Skfl. Ísl. Gíslason.

VII. Viðaukauppástunga 9 þingmanna við 14. grein.

«Ekkjufrú Hólmfríði Þorvaldsdóttur veitist 1,000 króna styrkur einu sinni fyrir allt».

Þórarinn Böðvarsson. Ísl. Gíslason.
Stefán Stephensen. E. Gunnarsson.
Þ. Guðmundsson. Páll Pálsson, 1. þm. Skfl.
B. Sveinsson. Þorsteinn Jónsson.
Þórður Þórðarson.

VIII. Viðaukauppástunga 8 þingmanna við 16. grein.

Aptan við greinina bætist: «og allt að 600 kr. í þóknun til nefndar þeirrar, sem sett verður til að íhuga skólamál og semja nýjar reglugjörðir fyrir skólann».

Ísl. Gíslason. Páll Pálsson, 1. þm. Skfl.
E. B. Guðmundsson. B. Sveinsson.
G. Ólafsson. E. Gunnarsson.
Þórður Þórðarson. Þorsteinn Jónsson.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri þingdeildinni.

Á 40. fundi neðri þingdeildarinnar 16. ágústmán. kom frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1876 og 1877 samkvæmt dagskránni til þriðju umræðu.

Forseti skýrði frá, að hann hefði fengið uppástungu til viðauka við fjárlagafrumvarpsins 2. kafla, 10. gr., stafl. C, frá 8 þingmönnum um 1,000 kr. styrk handa Egli Egilsson í Reykjavík, til þess að vinna kalknámann í Mógilsárlandi; með því að uppástunga þessi hafði komið of seint, og var eigi sem form-

legust að orðunum til, leitaði forseti atkvæða um það, hvort uppástunga þessi skyldi koma til umræðu, og var því neitað með 10 atkv. gegn 8; en þegar ganga átti til nafnakalls, tóku uppástungumenn uppástunguna aptur.

Landshöfðinginn kvaðst vilja leyfa sjer að fara fám orðum um breytingaruppástungur sínar, breytingaruppástungur nefndarinnar og annara þingmanna. Við 2. umræðu kvaðst hann hafa tekið fram allar ástæður, sem breytingaruppástungur sínar hefðu við að styðjast, og tæki hann þær nú eigi upp aptur, en skýrskotaði til þeirra, og bað þingmenn að athuga þær við atkvæðagreiðslu sína. Að vísu væri sjer engin breytingaruppástunga sín kappsmál, en æskilegt væri, að ná samkomulagi. Uppástungan undir 1. tölul. væri nær upphæð stjórnarfrumvarpsins, og að sínu áliti nálægari hinu sanna, heldur en upphæð nefndarinnar, en slíka upphæð mætti eigi ákveða með of háum tölum. Þótt lægri upphæð væri ákveðin, en inn næðist, hefði það ekki áhrif á tekjurnar sjálfar. Við 4. gr. 1. tölul. væri samkomulag fengið við nefndina, og sömuleiðis viðvíkjandi 12. gr. Nefndin hefði tekið til greina kostnaðinn við prentun póstmerkjanna. Svo hefði hún og eptir bendingu sinni fært 200 kr., er ætlað væri póstmeistaranum til ferðakostnaðar, er í ráði væri, að hann ferðaðist að sumri til Málasýslna í póstembættisins þarfir, upp í 400 kr. Þessi kostnaður væri calculateriskur og yrði eigi ávísaður fyrir fram. Að því er breytingaruppástungurnar undir 3., 7. og 11. tölul. a og b snerti, þá væru þær, þegar litið væri til upphæðanna, að eins lítilræði, og nema 600 kr. árlega. En samkvæmt þeim lagaákvörðunum, sem hingað til hafa verið gildandi, mundi ekki eiga vel við, að breyta út af því, sem áður hefur verið úrskurðað, og er það líka byggt á 25. gr. stjórnarskrárinnar, að hinar eldri upphæðir haldi sjer. En hann kvaðst ekki halda þessum atriðum fram til kapps, heldur vilja benda á, að ekki væri æskilegt, að fjárlögin kæmu í bága við stjórnarskrána. 200 kr. gjald fyrir að semja reikninga skólans væri veitt landfógetanum samkvæmt konungsúrsk. 20. okt. 1844, og hafi seinna samkvæmt konungsbrjefi 23. desbr. 1846 verið ákveðið í öllum útgjaldaáætlunum skólans. Hin fjárupphæðin, 200 kr. fyrir skriptir, hefði á sama hátt verið ákveðin, og hefði hún verið lögð til rektors, þangað til skipaður var umsjónarmaður við skólann samkvæmt brjefi kirkju- og kennslumálastjórnarinnar af 4. okt. 1866.

Upphæðirnar undir 8., 9. og 10. tölul. væru allar «calculatoriskar», sagði hann, og ekki áætlaðar með bærri upphæð, en nauðsynlegt væri, eins og reynslan væri búin að sanna. Þingið ætti því að samþykkja þær. En sjálfsagt ættu hlutaðeigendur að við hafa allan sparnað við útgjöld skólans. Undir 5. tölulið kvaðst hann aptur hafa leyft sjer að stinga upp á 400 kr. launahækkun handa landlæknínum. Nefndin hefði farið fögrum orðum um maklegleika þessa manns, en þó mælt mót launaviðbót handa honum. Áður á fundi kvaðst hann hafa sagt, að hann væri nefndinni alveg samdóma í «principinu», en þessari reglu hefði nefndin ekki fylgt í öðru máli, í launabækkun kennaranna, og við bæjarfógetalaunin, og þannig væri nefndin sjálfri sjer ósamkvæm. Sjerhvert þess konar launatillag væri persónulegt launatillag. Ef stjórn og alþingi væru sömu skoðunar um verðleika einhvers manns, þá ætti eins vel við, að þingið fjellist á tillögur stjórnarinnar, eins og að stjórnin fjellist á tillögur þingsins. Þingmaður Reykvíkinga hefði bent á um daginn, að ef frumvarpið um læknaskólann yrði að lögum, þá mundi landlæknirinn fá launahækkun, en þess bæri að gæta, að óvíst væri, hvort það yrði lögleitt.

Uppástunga sín við 10. gr. um aðgjörðina á dómkirkjunni bæri með sjer, að hann hefði tekið allar bendingar framsögumannsins til greina, en hjer væri höfuðatriðið, hvort þessi aðgjörð væri nauðsynleg á fjárhagstímabilinu 1876—77 eða ekki. Hann kvaðst vera á þeirri skoðun, að framkvæma ætti aðgjörðina á dómkirkjunni sem fyrst, því að bæði gæti hún hrunið, og einnig kostnaður aukizt, ef aðgjörðinni yrði frestað. Kirkjan væri vafa-

laust landsins eign, og landssjóðurinn ætti að annast hana, og bera allan kostnað við hana. Hvort landssjóðurinn eigi tilkall til annars sjóðs í þessu efni, það eigi ekki að ráða úrslitum þessa máls. Það væri óþarft og óheppilegt, að fara lengra í rannsóknir um það við 3. umræðu, þótt meiningamunur kynni að vera um það. En það kvaðst hann vona, að allir væru sjer samdóma um, að ástand kirkjunnar nú ætti eitt að ráða atkvæðagreiðslunni, en það, hvort landssjóðurinn fengi aptur goldinn kostnaðinn úr öðrum sjóði, ætti að vera aðgjörðinni óviðkomandi. Af uppástungu sinni mætti sjá, að aðgjörðin ætti að vera bundin við «licitation», til þess að komið yrði í veg fyrir allan ónauðsynlegan kostnað; einnig ætti að vera varið til hennar sjóði kirkjunnar, sem í fardögum 1874 hefði verið 965 kr. í reiðu peningum, og tekjuafgangurinn ætti framvegis að renna í landssjóð, og loksins ætti sá partur aðgjörðarinnar, sem með rjettu yrði álitinn að hvíla á söfnuðinum, að framkvæmast þannig, að lán yrði fengið úr viðlagasjóðnum með vanalegum kjörum. Hann kvaðst biðja þingmenn að taka þessar uppástungur sínar til greina við atkvæðagreiðsluna.

Hann kvaðst geta fallizt á allar breytingaruppástungur nefndarinnar, en hann vildi skjóta því til nefndarinnar, hvort henni ekki sýndist rjettara, að setja 3. tölul. í samband við 18. gr., þar sem það væri komið undir úrslitum annars máls á þinginu, sem enn væri óútkljáð.

Hann kvaðst ekki heldur að svo stöddu finna ástæðu til að mæla móti breytingaruppástungum frá öðrum þingmönnum. Ein af þeim væri um fjárveitingu til gagnfræðisskólastofnunar á Möðruvöllum í Hörgárdal og Hvaleyri. Hann kvaðst alls ekki mæla móti stofnun þessari í sjálfri sjer, heldur væri hann henni mjög hlynntur; en þar sem þingdeildin nú væri búin að samþykkja uppástungu um, að nefnd væri sett milli þinga, til að íhuga skólamál landsins, og þar með einnig gagnfræðisskóla, og gjöra mætti ráð fyrir, að frumvarp um það yrði lagt fyrir næsta alþingi 1877, þá mætti nú eigi grípa fram fyrir ályktun þá, sem þá kann að verða tekin, með því að verja nú þegar fje til slíkra stofnana, og þess vegna væri uppástunga þessi ótímabær, og rjeði hann því frá henni nú. Á atkvæðaskránni væri ekki stungið upp á skaðabótum til Austfirðinga vegna eldgossins þar eystra. Hann kvaðst ekki hafa getað stungið upp á þessu vegna þess, að hann hefði enn ekki fengið nákvæmar skýrslur að austan um tjónið. En á hinn bóginn væri vonandi, að gjafir þær, er ýmsir veglyndir menn og höfðingjar útlendir og innlendir hefðu skotið saman handa þeim, mundu að miklu leyti ráða bót á ástandi þeirra. Einnig hefði hann gengið að því vísu, að, ef nauðsyn yrði að veita þeim fje úr landssjóði, þá væri það samkvæmt óskum alþingis, að stjórnin veitti þeim fje úr landssjóðnum upp á væntanlega aukafjárveitingu þingsins. Hann kvaðst eigi hafa verið staddur við atkvæðagreiðsluna við 2. umræðu, og hafa misst hana, og nú sæi hann fyrst, að breyting væri komin bæði á stjórnarfrumvarpið og nefndarálitið, þar sem staðið hefði í 6. gr.: «Samkvæmt 6. gr. laganna verður dregið frá», þá væri nú komið í þess stað: «Af stjórninni dregið frá». Við þessari breytingu hefði hann eigi getað búizt, og kæmi hún sjer alveg á óvart; enda væri hún mjög óheppilega orðuð; því að þessi upphæð væri ekki dregin frá af stjórn Íslands, heldur yrði hún dregin frá í hinum árlegu fjárlögum Danmerkur. Upphæðin yrði dregin frá samkvæmt 6. gr. 2. tölul. í lögum 2. janúar 1871, og þá væri það alls ekki stjórn Íslands, sem drægi upphæð þessa frá, heldur löggjafarvald Danmerkur. Hann skaut því síðan til forseta, hvort ekki væri leyfilegt, að bera þessa orðabreyting aptur undir atkvæði á sama hátt og gengið var til atkvæða um hana við 2. umræðu, og þeim orðum yrði haldið, sem áður stóðu í stjórnarfrumvarpinu, eða breytt þannig: «að frá dregnum».

Forseti sagði, að nefndin hefði við atkvæðagreiðsluna við 2. umræðu tekið fram, að þessi orðabreyting ætti að eiga sjer stað;

annars kvaðst hann gjarnan skyldu bera orðabreytingu þessa nú aptur undir atkvæði, eins og landshöfðinginn óskaði.

Framsögumaður sagði, að það hefði verið prentvilla í frumvarpi nefndarinnar, þar sem þar hefði upphaflega staðið í 6. gr. «samkvæmt 6. gr. laganna verður dregið frá» í staðinn fyrir: «Af stjórninni dregið frá». Landshöfðingi gæti sjálfur lesið á 6. bls. í nefndarálitinu (sbr. 60. bls. hjer að framan), að nefndin væri alveg á sama máli eins og þingið 1873, að ekki ætti að draga lestagjaldið af póstgufuskipinu frá tillagi Danmerkur. Þar eð nú nefndin hefði tekið þetta fram, þá gæti hún eigi í frumvarpi til fjárlaga látið standa þessi orð: «samkvæmt 6. gr.» o. s. frv., því að það væri ósamkvæmni. Nefndin hefði tekið það fram, að hún hefði ekki getað komizt í skilning um, að þessi aðferð stjórnarinnar væri gildandi lögum samkvæm, en falið þinginu á hendur, hvernig haganlegast yrði greitt úr þessum meiningamun, og ímyndaði nefndin sjer, að hún í þessu hafi sýnt mikla varfærni. Hann kvaðst jafnvel viss um, að hún mundi verða fyrir ámælum af mörgum, fyrir það, hve vægt hún hefði farið í þetta mál. En nefndinni hefði þótt nauðsyn til þess, að sýna nokkra tilslökun í þessu efni, einkum sökum þess, að hún hafi eigi viljað hafa ábyrgð á því, að lögin gætu ekki komið út á rjettum tíma, því að henni hefði þótt þetta of lítil orsök til þess. En í efninu væri nefndin, eins og áður, á þeirri skoðun, að það væri rangt, að draga lestagjaldið af póstgufuskipinu frá tillagi Danmerkur. Í fjárlögum Danmerkur væri einnig tillagið til Íslands talið 100,000 kr., án þess nokkur upphæð væri dregin frá. Í § 25. í fjárlögunum fyrir 1875 væri reyndar sagt. «Samkvæmt fyrnefndum lögum 2 kafla 6. gr. er hjer frádregin upphæð sú, er kynni að verða heimtuð af póstskipinu handa hinni sjerstöku fjehirzlu Íslands. En hann vissi ekki til, að nein upphæð væri tekin af póstskipinu sjálfu og greidd í fjehirzlu Íslands, en þar á móti væri lagt gjald á vörur þær, er póstskipið flytti til landsins.

Það væri mjög gleðilegt, að landshöfðinginn gjörði ekki breytingar sínar að neinu kappsmáli, enda hefði nefndin slakað til við hann, eins og unnt var. Nefndin hefði sett niður leigurnar af viðlagasjóðnum, þótt hún vonaði, að þær yrðu hærri, en til tekið væri. Upphæðin í 12. gr. 3. tölulið til annara útgjalda póststjórnarinnar hefði nefndin einnig fært upp í 1400 kr. fyrir 1876, en látið standa við sama fyrir 1877. Einnig hefði nefndin hækkað laun póstmeistarans, nefnilega með því, að ætla honum meira fyrir að telja peninga inn í jarðabókarsjóðinn. En nefndin hefði samt ekki sjeð sjer fært að fylgja landshöfðingjanum í öllu, t. d. ekki í því að hækka laun landlæknis. Landshöfðinginn væri einnig í raun og veru samdóma nefndinni í því, að rangt væri að veita persónulega launaviðbót, en ljeti að líkindum leiðast af hjartagæzku sinni og góðmennsku, til þess að halda þessu svona fast fram. Hann vildi ekki taka upp aptur það, sem hann hefði sagt við 2. umræðu um þetta atriði, en þar sem landshöfðingi vildi halla því að nefndinni, að hún væri ekki samkvæm sjálfri sjer, og hefði skýrskotað til breytingaruppástungu nefndarinnar við 18. gr., þá væri það ekki rjett. Nefndin hefði þar ekki stungið upp á neinni persónulegri launahækkun handa bæjarfógetanum í Reykjavík, heldur einungis stungið upp á, ef bæjarfógetaembættið yrði skilið frá sýslumannsembættinu, að bæjarfógetanum yrðu þá veittar 1000 kr. í laun. Stjórnin rjeði því náttúrlega, hvort hún vildi samþykkja aðskilnaðinn; ef hún vildi það ekki, fjelli þessi upphæð burt. Nefndin yrði reyndar að álíta, að það væri óhafandi, að sami maðurinn hefði bæði þessi störf á höndum. Mjög duglegur og hraustur maður gæti máske gegnt þeim báðum í einu, en maður sá, sem nú væri í embættum þessum, hefði engan veginn heilsu til þess. Ef aðskilnaðurinn fengist, ætlaðist nefndin til þess, að þær 600 kr., sem nú væru ætlaðar báðum embættunum, gengi til bæjarfógetans, en sýslumannsembættið ætti að vera óumbætt, því að það væri vel boðlegt ungum embættismanni;

en þar á móti væri það vafasamt, hvort nokkur gæti fengizt í bæjarfógetaembættið, ef minna væri bætt við það en 1000 krón. Hann kvaðst viss um, að landshöfðinginn mundi hjálpa til þess, að koma þessu máli í rjett horf.

Hvað snerti breytingaruppástungur landshöfðingjans við 13. gr. B, II. c, um hinn lærða skóla, þá vildi hann fara um þær nokkrum orðum. Það væri að vísu satt, að konungsúrskurður 22. okt. 1844 ákvæði fje fyrir að semja reikninga skólans. En væri þá umsjónarmannsembættið byggt á konungsúrskurði? Nei, það væri ekki. Þetta fje, sem konungsúrskurðurinn hafi veitt til þess, að semja reikninga skólans, hefðu stiptsyfirvöldin dregið undir umsjónarmann skólans, og þannig varið því í allt öðrum tilgangi, en það upphaflega var ætlað til. Svo hafi þau sameinað dyravarðarembættið við umsjónarmannsembættið, og væri það allt gjört í þeim tilgangi, að gjöra þetta embætti sem glæsilegast. Í 8. gr. reglugjörðarinnar fyrir umsjónarmann skólans væri honum boðið að reikna út vitnisburði skólapilta, sem áður hefði hvílt á rektor, og því ætti hann hvorki sjerstaka þóknun að fá fyrir það, nje fyrir aðrar skriptir í þarfir skólans. Því að, ef hann ætti að fá sjerstök laun fyrir eitt af störfum sínum, þá gæti hann heimtað það fyrir hvert af þeim; þetta hefði líka komið fram, því að í brjefi til nefndarinnar hefði hann kvartað yfir því, að hann fengi engin laun fyrir, að sjá um bókasafn skólans, og þó væri þetta beinlínis skylda hans eptir 10. gr. reglugjörðarinnar fyrir umsjónarmanninn. Hann vonaði því, að þingdeildin fjellist á, að stryka út borgunina fyrir að semja reikninga og skriptir við skólann, því að nefndin hefði ákveðið umsjónarmanninum ríflég laun, og það væri skylda hans að taka það að sjer, sem eptir reglugjörðinni hvíldi á honum.

Nefndin hefði ekki stungið upp á fje til þeirra, sem urðu fyrir eldgosinu, sökum þess að engar nákvæmar skýrslur væru fyrir hendi um skaða þann, er af því hefði hlotizt. Enda væri það vonandi, að samskot þau, er gjörð hefðu verið bæði hjer á landi og einkum í Danmörku, Noregi og Englandi, mundu að miklu leyti bæta úr honum. Einnig væri styrktarsjóðurinn til taks, og hefði umboðsstjórnin vald til að veita þeim styrk úr honum, og væri það samkvæmt tilgangi sjóðsins. Ef brýna nauðsyn bæri til, þá hefði umboðsstjórnin einnig vald til, að taka fje til upp á aukafjárlög. Við þetta tækifæri vildi hann minnast á bænarskrá, sem einmitt hefði komið frá Múlasýslum, um að veita ekkju Bjarna sál. Thorlacíus læknis eptirlaun. Nefndinni hefði þótt ísjárvert að stinga upp á, að hið fyrsta löggjafarþing landsins byrjaði á því, að veita sjerstök eptirlaun, enda hefði landshöfðinginn þá fengið ástæðu til að segja, að nefndin væri ekki sjálfri sjer samkvæm. Viðvíkjandi styrk til frú Hólmfríðar Þorvaldsdóttur, þá mundi hann greiða atkvæði með því, sem þingmaður, en ekki sem framsögumaður í fjárlagamálinu. Það væri einnig mikill munur á því, að veita styrk eitt sinn fyrir öll, heldur en föst árleg eptirlaun. Viðaukauppástungu landshöfðingjans við 10. gr. C. mundi annar þingmaður svara, enda stæði það nær öðrum þingmanni en sjer, að svara fyrir hönd Reykjavíkur. Hvað snerti viðaukauppástungu 8 þingmanna við 16. gr., um þóknun til nefndarinnar í skólamálinu, þá hefði nefndin ætlazt til þess, að hún yrði tekin af upphæðinni til óvissra útgjalda. Uppástungan til fjárveitingar til gagnfræðisskóla á Möðruvöllum í Hörgárdal gleddi sig mjög í vissu tilliti. Annar þingmaður Norður-Múlasýslu, sem að líkindum væri frumkvöðull þessarar uppástungu, hefði nefnilega um daginn lýst því yfir, að áætlanir fjárlaganefndarinnar mundu vera mjög í lausu lopti, og tekjurnar mundu ekki í raun og veru verða eins háar, eins og hún ætlaðist til. Nú sýndist hann þar á móti hafa fengið betra traust á nefndinni, og álíta nóg fje til. Sjer þætti það leitt, að landshöfðinginn hefði mælt gegn þessari uppástungu, því að það væri mjög þarflegt sem fyrst að stofna slíka skóla hjer á landi. Hann vonaði, að öll upphæðin mundi ekki

ganga upp á þessu tímabili, þótt hún væri áætluð. Það, sem að líkindum hefði vakað fyrir uppástungumönnum, væri, að fje þetta yrði notað til að hreinsa rústirnar og rannsaka veggina, hvort tiltækilegt væri að byggja húsið upp af nýju. Jörðin væri mjög vel fallin til slíkrar stofnunar, og nefndin hefði því fallizt á, að mæla með uppástungunni. Saga landsins sýndi það ljóslega, að Norðlendingar hefðu orðið hart úti, þar sem þeir hefðu misst bæði biskupsstól og skóla sinn. Gissur biskup, sem máske væri hinn bezti maður, er Ísland hefði átt, hefði gefið til þess stórgjafir, að Norðlendingar gætu fengið biskupsstól út af fyrir sig. Þetta hefði hann gjört af því, að hann hafi sjeð, hve mikill framfarahugur og menntahugur var í Norðlendingum, og hve áríðandi það var, að allir Íslendingar lifðu sáttir og samlyndir, án þess að öfunda hver annan. Það væri því sanngjarnt, að allir legðust á eitt, að útvega Norðlendingum þennan gagnfræðisskóla. En þessi uppástunga hefði dregið dilk á eptir sjer; hjer væri komin önnur uppástunga frá 8 þingmönnum um gagnfræðisskóla á Hvaleyri; þessi uppástunga væri góð í sjálfu sjer og verð meðmæla. En það væri þó athugandi, að hinn háttvirti samþingismaður sinn frá Gullbringusýslu hafi ávallt ætlazt til, að þar yrði barnaskóli, en ekki gagnfræðisskóli. Hann hafi gefið jörðina í þeim tilgangi. Sömuleiðis hafi hann fengið styrk til þess að gefa út lestrarbók, og eptir því, sem sig minnti, hafi verið ætlazt til, að ágóðinn af henni gengi til *barnaskóla* á Hvaleyri. Nú væri hann orðinn að gagnfræðisskóla. Það væri vafasamt, hvort hann hefði rjett til að gjöra nú gagnfræðisskóla úr barnaskóla, og hann mundi því leiða þessa uppástungu hjá sjer meðmæla- og mótmælalaust.

Loks lægi hjer fyrir uppástunga frá mörgum þingmönnum, um að veita skuli 2400 kr. í stað 1200 kr. til jarðabóta. Eins og hann hefði bent á um daginn, væru báðar upphæðir of litlar, ef 1200 kr. væri of lítið fje, þá væru 2400 kr. það einnig, og illt væri að vita, hvar takmörkin væru. Hann vildi því leiða hjá sjer, að mæla bæði með og mót þessari uppástungu, en einungis benda þingmönnum á, hvernig fjárhagur landsins yrði fyrir 1876—77, ef allar þær breytingar yrðu samþykktar, sem fram hefðu komið. Nefndin hefði í fyrstu gjört ráð fyrir, að afgangs yrðu 144,002 kr. 41 a., en þessi upphæð mundi breytast mjög mikið, ef öll frumvörp, sem þingið hefði samþykkt, næðu lagagildi. Ef launalögin yrðu samþykkt, mundu útgjöldin aukast um . . 12,000 kr.

Ef lögin um nýja skipun á læknahjeruðunum yrðu samþykkt, mundi það kosta	7,000 —
Lögin um yfirsetukonur mundu kosta	2,000 —
Læknaskólinn mundi kosta . .	3,600 —
Ef sóttvarnir kæmust á, mundu þær kosta	5,000 —
Heiðurslaun handa Jóni Sigurðssyni	6,400 —
Alþingistollurinn	28,000 —
Póststjórnin	200 —
Lovsamling for Island	1,800 —
Aðskilnaður bæjarfógeta og sýslumannsembættisins í Gullbringu- og Kjósarsýslu	2,000 —
	68,000 kr.

Þar við mundi máske bætast kostnaður við lagaskóla o. fl., og gæti þá ekki orðið meira eptir en 40—50,000 kr. Deildin yrði því að fara mjög varlega í að veita meira fje. Það væri mjög æskilegt, að fjárhagur landsins yrði kominn í það horf, að það yrði ekki tilfinnanlegt fyrir landið, þegar aukatillagið frá Dönum færi að minnka smámsaman. Þetta fyndist sjer skylda sín að benda þingmönnum á, áður en þeir gengju til atkvæða, þó að eðlilegt væri, að framfarahugur Íslendinga, nú þegar fyrsta stíflan væri tekin burt, ryddi sjer farveg, eins og á í leysingum á vordag.

Landshöfðinginn hefði stungið upp á, að færa niður upphæðina í 2. gr. tölulið 13, nefnilega gjald af vínföngum. Hann gæti ekki verið landshöfðingjanum alveg samdóma í því. Hann hefði fengið fullkomna vissu um, að kaupmenn eptirleiðis mundu hætta að flytja að mun «sprit», en mundu aptur flytja

meira af brennivíni. Það gjörði reyndar ekki mikið til, hve hátt upphæðin væri sett í áætlunínni; það væri vonandi, að það hefði engin áhrif á hina sönnu upphæð gjaldsins. En nefndin gæti þó ekki fallizt á uppástungur landshöfðingja í þessu, því að hún yrði þá að færa upp hinar aðrar tekjugreinir, sem í frumvarpi stjórnarinnar væru til færðar eptir meðalverði allra meðalverða, eins og það var fyrir 4 árum. Að endingu vildi hann geta þess, að nefndin hefði komið sjer saman um, að skora á landshöfðingja, að vilja góðfúslega fela tilvonandi skattanefnd, að endurskoða leigumálann á landsjörðum, og breyta fyrirkomulagi hans eptir því, sem væri haganlegt fyrir landið og sanngjarnt fyrir ábúendurna. Það væri fróðlegt að minnast á, að það hefði orðið ljóst í efri deildinni við ræður ýmsra þingmanna, að þingið hefði ekki rjett til að breyta landskuldargjaldinu af Vestmannaeyjum, og það hefði því verið heppilegt, að efri deildin felldi málið.

Landshöfðingi kvaðst með tilliti til orðabreytingarinnar á 6. gr. frumvarpsins verða að svara því, að þó haldið væri orðum stjórnarfrumvarpsins, væri það eigi því til fyrirstöðu, að þingdeildin hjeldi fram annari skoðun viðvíkjandi 2. tölul. 6. gr. laganna 2. jan. 1871, því þar með væri einungis með sömu orðum tekið upp það, sem stæði í fjárlögum Dana. Ef orðabreytingin væri nauðsynleg til þess að forðast ósamkvæmni hjá nefndinni, er annars hefði komið fram, væri hann eigi ófús til þess að vera á sama máli og halda henni; en þá þætti sjer breytingin einungis óheppilega orðuð. Með tilliti til viðbætis þess við ákvörðun stjórnarfrumvarpsins um tillag til hins sameinaða embættis bæjarfógetans í Reykjavík og sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, er nefndin hefði stungið upp á, þá skyldi hann einungis benda á það, að sjer þætti vafasamt, hvort sýslumannsembættið fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslur gæti verið án þess tillags, sem áður hefði verið veitt þessu embætti, 235 rd. eða 470 kr. árlega.

Framsögumaður hefði sagt, að samkvæmt stjórnarbrjefi 4. okt. 1866 hefðu stiptsyfirvöldin lagt fje til annara þarfa, en þeim væri ætlað, einungis til þess að gjöra glæsileg kjör umsjónarmanns; en hann skyldi svara því, að þegar íhugað væri fyrirkomulag það, sem komið væri á þessa stöðu, þá væri það mjög einföld skoðun og rjett, er vakað hefði fyrir stiptsyfirvöldunum og kennslustjórninni, að gjöra fastan umsjónarmann mögulegan, með því að leggja undir hann störf þau, sem launin hefðu áður verið veitt fyrir; þar á móti hefði stiptsyfirvöldin ekki lagt þetta fje til annara starfa, en það hefði verið veitt til. Með tilliti til viðaukans við 14. gr. kvaðst hann samdóma framsögumanni um, að hann af persónulegum ástæðum gæti mælt með styrknum, en skyldi taka fram, hverjar afleiðingar fyrir alþingi hann gæti haft í för með sjer, og áliti hann þess vegna, að það væri fyrir beztu, ef hver hugleiddi, hvað sjer þætti ráðlegast; hann fyrir sitt leyti áleit sjer hvorki skylt að mæla með nje mót. Loksins hefði framsögumaður tekið fram spurninguna viðvíkjandi umboðs- og klausturjörðum landsins, og væri hann varaforseta samdóma um, að breyta á þeim fyrirkomulaginu bæði með tilliti til launa og umboðsstjórnar. Hann væri framsögumanni samdóma um, að því yrði vísað til skattanefndarinnar, og skyldi hann þess vegna, ef nauðsynlegt þætti að ræða það frekar, skjóta til þingsins, að fresta umræðum um það, þangað til nefndarálitið um skattana lægi fyrir.

H. Kr. Friðriksson sagðist vilja bæta nokkrum athugasemdum við það, sem framsögumaður hefði sagt; væri þá fyrst að minnast á það, sem landshöfðingi hefði sagt um dómkirkjuna. Það væri að vísu alveg satt hjá landshöfðingja, að hjer væri það aðalspurningin, hvort kirkjan þyrfti nauðsynlega bráðrar endurbótar við, en eigi hitt, hvort ríkissjóðurinn væri skyldur að borga aðgjörðina, því að ef ríkissjóður Dana væri skyldur að borga kostnaðinn, væri hann og skyldur til þess, þótt landssjóðurinn legði fram peningana til bráðabirgða. Þetta væri satt, en hann kvaðst fyrir sitt leyti eigi fá sjeð, að

hjer væri nein brýn þörf skjótrar aðgerðar; kirkjan mundi varla hrynja núna næstu tvö árin. En að því er kostnaðinn við aðgjörðina snerti, þá yrði hann alveg hinn sami eptir tvö ár, eins og þótt nú væri þegar byrjað að gjöra við kirkjuna; því að þegar á annað borð væri byrjað á aðgjörðinni, þá yrði sjálfsagt að rífa kirkjuna niður til grunna. Hann sagðist því verða að álíta, að ekkert lægi á með aðgjörðina. Að því er þá uppástungu landshöfðingja snerti, að stjórnin fengi leyfi til að veita Reykjavíkur-kaupstað lán til aðgjörðar organinu og til hitavjelar, þá gæti hann vel verið þakklátur landshöfðingja fyrir umhyggjusemi hans, fyrir Reykjavík, en á hinn bóginn áliti hann að stjórnin alls eigi þyrfti þessa leyfis, enda vissi hann ekki til þess — og þó væri hann í bæjarstjórninni — að Reykjavíkurbúar hefðu nokkru sinni óskað að fá slíkt lán, því að þeir mundu, eins og rjett væri, telja sjer kirkjuna óviðkomandi, og þeir mundu naumast beiðast lánsins næstu tvö árin. Það hefði hingað til verið almennt skoðað svo, sem ríkissjóðurinn ætti að annast kirkjuna, og væri þá engin ástæða til, að Reykjavík færi að biðja um lán í þessu efni. Að því er skólaútgjöldin snerti, þá gæti vel verið, að upphæð sú, er til þeirra væri ætluð, væri nokkuð lág. En þó kvaðst hann ætla, að hún væri nægileg, ef vel og skynsamlega væri með hana farið. Uppástunga landshöfðingja hefði einnig verið til greina tekin, þar sem reikningar skólans væru nú lagðir undir landfógeta, en þó ekki teknir af umsjónarmanninum þeir 100 rd., er hann hefði haft fyrir reikningana. Nú væri það fært saman í einn lið, er áður hefði verið í mörgum, og væri það alveg samkvæmt brjefi stiptsyfirvaldanna til umsjónarmannsins, þegar embættið var stofnað. Um orðin í 6. gr., «af stjórninni o. s. frv.» vildi hann geta þess, að sjer væri ekkert kappsmál að halda þeim. En aptur væri fróðlegt að heyra hjá landshöfðingja, hvað stjórnin hefði gjört til þess, að verða við óskum alþingis 1873, um að láta dómstólana skera úr, hver borga skyldi lestagjald póstskipsins. Meðan mönnum væri eigi kunnugt, að nein tilraun væri gjörð í þessa átt, þá væri það ekki nema eðlilegt, þótt þingið vildi neyta allrar varúðar í þessu máli. Þar næst vildi hann minnast á gagnfræðisskólana fám orðum. Gat hann þess fyrst, að hann hefði eigi heyrt tillögur landshöfðingja um það mál. Hann kvaðst játa það, að það væri bæði skylda sín og líka fús vilji, að efla alla menntun í landinu, eigi að eins, þá er stjórnin ætti sjerstaklega að sjá um, heldur einnig aðra menntun, er gæti orðið landinu til gagns og framfara, og slíka menntun væri hjer um að ræða. En samt sem áður gæti hann ekki verið meðmæltur uppástungum þessum í þetta sinn; hann kvaðst nú vilja ítreka þá skoðun, er hann hefði komið með í öðru máli, að í þetta sinn ættum vjer sem minnstar stórkostlegar breytingar að gjöra, að því er fjárhag landsins snertir, bæði í skattamálum og fjárveitingum; því að þingmönnum væri enn eigi svo kunnugt um fjárhag landsins, að þorandi væri nú sem stendur að hleypa sjer í slíkar stórbreytingar. Auk þess væri það að sínu áliti sjálfsagt, að ekki gæti komið til mála, að landssjóðurinn stofnaði og annaðist að öllu leyti skóla þessa. Hitt væri aptur sanngjarnt, að landssjóðurinn veitti árlegan styrk til skólanna, er þeir eitt sinn væru stofnaðir. Það neitaði því enginn, að Norðlendingum væri vorkunn, þótt þeir óskuðu, að koma upp hjá sjer skóla, því að fyrir þá væri miklum erfiðleikum bundið, að ná í menntun hjer á Suðurlandi, og þessi viðleitni þeirra væri miklu fremur lofsverð, en ámælisverð. En sjer fyndist enn eigi kominn tími til að veita þeim enn styrk þennan. Þeir yrðu fyrst meira að gjöra, til að koma stofnuninni á fót. Þar mundu og margir dilkar eptir fara, ef þingið veitti nú fje þetta, og einn dilkurinn væri nú þegar kominn um styrk til skólastofnunar á Hvaleyri. En þann dilk kvaðst hann eigi vilja setja á vetur. Því að hann væri alveg mótfallinn þessum Hvaleyrarskóla. Aptur væri hann manna fúsastur til að mæla með styrk handa skóla, eigi að eins á Norðurlandi, heldur einnig á Vest-

urlandi, en ekki fyr, en komið væri betur í kring, hvernig fjárhagur landsins stæði, og skólarnir á hinn bóginn væru komnir dálítið áleiðis. Enn væri eitt, er gerði fjárveitingu þessa ótímabæra, það, að af ráðið væri, að setja nefnd til að íhuga skólamálin, og sýndist það þá sjálfsagt, að bíða eptir tillögum hennar og áliti, áður en nokkuð væri frekar gjört í málinu. Það væri víst von, að Norðlendingar kynnu því illa, að hafa misst biskupstólinn og skólann úr hjeraði sínu. En hitt kvaðst hann efast um, að Gissur biskup hefði verið eins örlátur og framsögumaður hefði sagt, því að hann mundi engar jarðir hafa gefið, heldur að eins $^1/_4$ biskupsdæmisins; því að biskupsstóllinn í Skálholti hefði þá litlar eignir átt.

Eggert Gunnarsson sagðist vona, að þótt breytingaruppástunga sú, er hjer lægi fyrir um stofnun gagnvísindaskóla á Norðurlandi, hefði mætt nokkrum mótmælum, þá treysti hann því engu að síður, að uppástunga þessi yrði fúslega samþykkt af deildinni. Því að allir þingmenn mundu vera eins hugar um það, að menntun, byggð á rjettum grundvelli, væri undirstaða andlegra og líkamlegra framfara hverrar þjóðar, og væri það einkar-tilhlýðilegt, að vjer á þessu fyrsta löggjafarþingi voru legðumst á eitt til að stuðla til þess af ýtrustu krðptum, að þjóðin næði sem greiðastri aðgöngu að þessari undirstöðu framfaranna, en sú aðganga væri henni mest og bezt greidd með skólanum. Hvað fyrirkomulag skólans snerti, þá vísaði hann til uppástungu þeirrar, er um það efni hefði legið hjer á lestrarsalnum öllum þingmönnum til sýnis ásamt með öðrum skjölum skólanum viðkomandi. Hann kvaðst ekki sjá, að það væri nein ósamkvæmni, þó að hann hefði óttazt, þá er launalögin voru rædd, að fje brysti til ýmissa þarflegra fyrirtækja, er þjóðin þyrfti og vildi koma á fót, því að nú sæist það þegar, hvort sá grunur hefði verið með öllu ástæðulaus. Ekki væri það heldur nein ósamkvæmni, þótt ekki væri beðið eptir álitum skólanefndarinnar, því að sú nefnd ætti að semja *reglugjörð* fyrir skóla, en þar á móti ætti hún eigi að segja fyrir um að *stofna* skóla. Hann kvaðst að endingu vilja vara deildina við, að greiða atkvæði sín mót uppástungu þessari, sem hann gæti fullvissað deildina um að væri samkvæm ósk og vilja allra Norðlendinga. (*Framsögumaður*: Á þetta að vera hótun?)

Halldór Kr. Friðriksson sagðist því að eins geta tekið til greina óskir annara, að þær ættu við rjett rök að styðjast, því að það væri yfir höfuð regla sín, að fylgja sannfæringu sinni, hvað sem öðrum liði.

Þorlákur Guðmundsson sagði, að þegar hann hefði skrifað nafn sitt undir uppástungu þá, er nú væri verið um að ræða, þá hefði það vakað fyrir sjer, að Norðlingum væri vorkunn, þar sem þeir hefðu misst úr fjórðungi sínum biskupsstól, skólann og prentsmiðjuna, og ekki enn nú fengið jafnrjetti við landsprentsmiðjuna, þótt áður hefði hjá þeim verið hina eina prentsmiðja landsins. Það væri því ekki ástæðulaust, þótt þeir nú bæru fram þessa ósk sína, og sjer gæti ekki heldur sýnzt sanngjarnt, að þeim væri synjað um hana, enda væri engin ástæða til að synja þeim fyrir þá sök, að vantaði yfirlit yfir kostnað og fyrirkomulag skólans, því að það væri hjer ekki beðið um annað, en til *undirbúnings* skólastofnunarinnar. Hann gæti ekki heldur sjeð ástæðu til, eins og sumir hjeldu, að Vestfirðingar mundu nú þegar fara að biðja um skóla, ef að Norðlendingar fengju hann; því sagan bæri það með sjer, að Norðlendingafjórðungur ætti heimtu á honum. Hann kvaðst því vilja mæla með þessari uppástungu, að hún gengi fram.

Guðmundur Ólafsson sagðist vilja fara nokkrum orðum um uppástungu sína um, að styrkurinn til jarðabóta væri hækkaður upp í 2400 kr. úr 1200 kr. Það væri víst allir samdóma um það, að það væri meir áríðandi, en flest annað, að landið gæti batnað, og allir játuðu það víst, að það hefði hæfilegleika til að batna. En það batnaði ekki nema vjer bættum það, en til að bæta það, þyrftum vjer fyrst og fremst að leggja fram *vit, fje* og *framkvæmd*. Þetta fjárframlag væri

að vísu lítið, en þó væri það talsvert betra en ekkert, ef því væri skynsamlega varið, en þá væri því að sinni ætlun skynsamlega varið, ef því væri varið í einhverja vissa átt, t. d. til að efla þekkingu á jarðarrækt. Til þess væri þetta mikil hjálp, hvort heldur það væri notað til að gefa út ritling, er innihjeldi öll aðalatriði jarðyrkjunnar, eða kenna ungmenni jarðyrkju, eða þá haft til ferðakostnaðar handa jarðyrkjumanni um sveitirnar, til að gefa bændum góð ráð og kenna þeim betri búskaparháttu. En eitthvað þyrfti að gjöra, ef vel ætti að fara, því að hvergi innan endimarka hins menntaða heims væri jafnilla ræktað land, sem þetta; ekkert land, sem menntuð þjóð hefði byggt í 1000 ár, væri jafnilla setið og þetta, og þó mundu allir játa, að það gæti tekið stórmiklum umbótum frá því sem nú er. Hann sagðist því vona, að deildin gæfi uppástungu þessari atkvæði sín. Hann leyfði sjer að endingu að óska og vona, ef styrkur þessi yrði veittur, að hinn hæstvirti landshöfðingi sæi svo um, að honum yrði sem haganlegast og rjettilegast varið.

Tryggvi Gunnarsson sagði, að þar sem hefði barið við gegn uppástungunni um gagnfræðisskóla á Norðurlandi, að eigi væri komin tími til þess, meðan engin bein uppástunga væri framkomin um fyrirkomulag og skipun á skóla þessum frá nefnd þeirri, er ætti að leggja ráðin á um skólamálin, þá virtist þetta sjer ekki næg ástæða, því það væri eigi ætlunarverk nefndarinnar, að ákveða um, hvort *stofna* skyldi skólann eður eigi; sjer skildist eigi betur, en þingið, sem ætti að veita það, væri bærara um að skera úr því, hvort *stofna* skyldi skólann, heldur en nefndin. Hennar ætlunarverk væri einungis það, að ráða til um fyrirkomulagið, og í því efni tæki deildin ekki fram fyrir hendur nefndarinnar nú. Hann kvað það mundi vera flestra álit, ef skóla skyldi stofna, að reisa hinn fyrsta skóla heldur á Norðurlandi en á Suðurlandi, bæði af því Norðlendingar söknuðu skóla, er þeir eitt sinn áttu þar, og svo hefðu Sunnlendingar menntastofnun hjá sjer. Má ske þætti það of snemma ráðið, að ákveða, hvar skólinn ætti að standa, en hann sæi eigi betur, en þingmenn að norðan væru allt eins færir um að dæma um það, hvar skólinn væri bezt settur, eins og nefndin. Hann sæi heldur eigi, að þetta fyrirtæki hefði nein skelfileg útgjöld í för með sjer fyrir landið á þessu fjárhagstímabili, því þó þingið veitti fjeð, og vildi þannig styðja viðleitni Norðlendinga, mundi þó fjeð eigi ganga upp á þessu tveggja ára tímabili, sem næst færi í hönd, því umboðsstjórnin þyrfti að hafa undirbúning til þess, að leita fyrir sjer og semja við byggingarmann ásamt mörgu fleira, en hann ímyndaði sjer, að því lengur sem endurreisn rústanna á Möðruvöllum drægist, því meiri yrði kostnaðurinn, þegar loksins yrði lögð hönd á verkið. Því næst kvaðst hann vilja vera hlynntur fjárveitingaruppástungu þeirri, sem fram væri komin um að veita ekkju Jóns Guðmundssonar 1000 kr. styrk einu sinni fyrir allt, og hjeldi hann, að eigi þyrfti deildin að óttast afleiðingarnar; þingið hefði vald til þess, að slá loku fyrir, þegar því litist, og þætti fjárveitingabænir fjölga um of. Þessi fjárveiting væri í minningar og þakklætisskyni við hinn látna, fyrir það að hann, eins og mörgum mundi kunnugt, hefði varið löngum tíma æfi sinnar til þess að efla gagn þjóðar sinnar, og hefði jafnvel látið fyrir embætti sitt, og væri það verðugt, að þjóðin sýndi, að hún hefði ekki þegar gleymt því. Viðvíkjandi annari uppástungu um stofnun gagnfræðisskóla, á Hvaleyri, þætti sjer leiðinlegt að geta eigi gefið henni atkvæði sitt, er kæmi ekki af því, að hann virti eigi tilraun uppástungumannsins, því hann ætti lof skilið fyrir gjöf sína til fyrirtækisins, heldur væri það vegna þess, að hann sæi, að eigi væri nóg fje fyrir hendi, til að stofna tvo gagnfræðisskóla í senn.

Halldór Kr. Friðriksson sagði, að sjer þætti ræða þingmannsins skrítin, er hann vildi láta veita fje, en ætlaðist þó til, að það yrði eigi notað. Fyrir sitt leyti kvaðst hann, í hvert skipti sem hann veitti fje, ætlast til, að það yrði notað sem fyrst. En þar að auki virt-

ist sjer, að þingmaðurinn gæti með engri vissu sagt um, hversu mikið eða lítið af fjenu gengi upp, nje heldur um það, hvort það hrykki til. Þegar fjeð væri veitt, væri það sjálfsagt skylda umboðsstjórnarinnar, að gjöra gangskör að því sem fyrst, að bætt yrði húsið á Möðruvöllum svo tímanlega, að þegar á næsta þingi væri búið undir að byrja kennsluna, og væri þá rjettlátt, að þingið veitti til kennslunnar árlegan styrk framvegis, en einmitt þess vegna þætti honum varlega leggjandi með uppástungunni í þetta sinn.

Snorri Pálsson sagði, að af því enginn í þessari umræðu hefði tekið til máls viðvíkjandi 5. lið 4. gr., vildi hann fara þar um nokkrum orðum. Við 2. umræðu hefðu tveir þingmenn skorað á stjórnina, að gjöra grein fyrir, hvernig styrktarsjóðnum og tekjum hans hefði verið varið frá því að konungsúrskurður 25. apríl 1844 hefði verið gefinn út. Það væri vonandi, að stjórnin yrði við þessu, og ætlaðist hann þá til, að sjóðurinn næmi hjer um bil 150,000 kr., en undir tekjunum væri áætlaðir vextir 1,632 kr., er samsvaraði 40,800 kr. upphæð. En hann kvaðst eigi vilja láta sjer nægja, þó stjórnin yrði svo góð, að efna þetta eingöngu, því með rentukammerbrjefi dagsettu 5. febr. 1803 væri viðurkennt, að a r ð b e r a n d i u p p h æ ð s j ó ð s i n s væri 46,946 rd. 44 sk., og árlegar rentur hans 1,700 rd., en þegar að væri gætt, þá hefði hann hvergi sjeð, að sjóðnum síðan hefði verið varið samkvæmt tilgangi hans, nema hvað varið hefði verið með konungsúrskurði 19. sept. 1806 til fátækra 600 rd. Þar á móti hefði verið alveg gagnstætt tilgangi sjóðsins, sem brúkað hefði verið af honum til þess að mæla strendur Íslands, því það gæti þó eigi miðað til þess að afstýra hungursneyð landsmanna, þó mæld sje dýpt ýmissa hafna eða til tekið, hvar það og það sker liggi. Og úr því hann hefði minnzt á strandmælingarnar, þá væri einnig þess getandi, að eptir konungsúrskurði 2. júlí 1817 hefði ágóðinn af kortasölunni verið látinn til falla konungskassanum, þó lagður hefði verið allur kostnaður til þess úr kollektusjóðnum, og það væri því eðlilegt, að ágóði þessi kæmi honum aptur til góða. Samkvæmt þessu fyndist sjer stjórnin þá fyrst upp fylla skyldu sína með því, að færa til reikninga fyrir allt tímabilið frá 5. febr. 1803, og þangað til nú. Fyndi þingið þá, nefnilega 1877, ástæðu til þess að vefengja meðferð stjórnarinnar á sjóðnum, væri það þá skylda þess, að koma fram ábyrgð á hendur stjórninni — eigi ríkissjóðnum — og leggja málið í dóm eður undir úrskurð óvilhallra erlendra manna. Hann kvað það skyldu hvers þingmanns, að leggja áherzlu á þetta mál og halda því fastlega fram, enda varðaði það, ef að ætlun færi, eigi alllitlu fje, því sjóðurinn með tekjum og vöxtum frá 5. febr. 1803, eptir því ástandi sem hann þá var í, mundi nú nema um 2 miliónir kr., og væri það góð viðbót við tillagið úr ríkissjóði, sem kallað væri, og þá þyrftu menn ekki, eins og nú, að víla fyrir sjer, að stofna tvo gagnfræðisskóla.

Framsögumaður sagði, að með tilliti til þess í ræðu landshöfðingjans, er snerti umsjón við skólann, hefði nefndin eigi stungið upp á neinni breytingu, heldur einungis dregið umsjónarlaunin saman og fært þau til með 1000 kr., en dregið 400 kr. á burt á öðrum stað — þetta væri engin breyting heldur einungis það, sem annarstaðar væri kallað «Ompostering»; hann vonaðist því eptir, að landshöfðingi ljeti sjer nægja þessi úrslit, þar sem umsjónarmaður fái að halda launum sínum, og það því fremur, sem þingið eigi að sinni hefur gjört uppástungu viðvíkjandi dyraverði og umsjónarmanni hverjum fyrir sig, því gjört væri ráð fyrir, að einum væri falið á hendur dyravarðarstarf við stofnunina, en öðrum umsjónarstarfið; launin fyrir þetta hvorttveggja hefðu stiptsyfirvöldin nú sameinað, því valdstjórnin væri umsetin af mönnum, sem vildu meiri tekjur, en sem þingið ætti hægra með að bægja frá sjer. Og kvaðst hann fyrir sitt leyti vilja gefa þinginu 1877 von um uppástungu frá sjer um, að af nema umsjónarembættið og ætla það einhverjum af yngri kennurunum, eins og altíðkað væri í útlöndum, bæði í Danmörku og annarstaðar. Orðabreytinguna í

6. gr.: «af stjórninni frádregið» fyrir «að frádregnum», vildi hann eigi gjöra að kappsmáli, og væri landshöfðingi fastur á sínu, þá skyldi hann fúslega greiða atkvæði sitt eptir vild hans, því það sakaði alls eigi málið, þó landshöfðingi hefði ekkert gjört til þess að verða við óskum þingsins 1873. Hann vonaðist til þess, að deildin gæfi gagnfræðiskólanum á Möðruvöllum atkvæði sitt; það væri sanngjarnt og bróðurlegt, en hann hefði búizt við fleiri upplýsingum frá þingmanni Norður-Múlasýslu; það væri skylda hans að kunna annaðhvort bænarskrárnar utanbókar eða að minnsta kosti öll aðalatriði þeirra, en í þess stað hefði hann viljað hóta þinginu með óvild þjóðarinnar, enda vildi hann ráða þingmanninum til þess að tala sem minnst; því hann missti eitt atkvæði fyrir hverja ræðu sína, og vildi hann minna þingmanninn á það, sem stendur í Hávamálum:

Ósnotr maðr
er með aldir kemr,
þat er bazt, at hann þegi;
engi þat veit,
at hann ekki kann,
nema hann mæli til mart.

Tryggvi Gunnarsson sagði, að þingmaður Reykvíkinga hefði neytt sig til að tala meira, þótt hann hefði eigi ætlað sjer það. Hann kvaðst taka það aptur fram, að ekki væri tekið fram fyrir hendur nefndarinnar í skólamálinu með þessari fjárveitingu, eins og þingmaðurinn hefði sagt, og þótt ósamkvæmni hjá sjer. Hann hefði enn fremur viljað fella fjárveitingu þessa af því, að hún væri ótímabær. En hann kvaðst ekki finna, að svo væri. Hjer væri að ræða um fjárstyrk til undirbúnings fyrir gagnfræðisskólann, en ekki til að koma neinu vissu fyrirkomulagi á hann; það væri nefndinni ætlað og geymt. Af þessu væri augljóst, að fjárveitingin væri hvorki ótímabær, nje tekið fram fyrir hendur skólanefndarinnar með henni. Það væri heldur engin mótsögn í því, eins og þingmaður Reykvíkinga hefði borið sjer á brýn, þótt hann rjeði þinginu til að veita þetta fje, en segði um leið, að það mundi ekki ganga allt upp á fjárhagstímabilinu 1876—77, því að það gengi langur tími til að fá upplýsingar, sem að þessu lytu, áður en byrjað yrði á verkinu. En ef fjeð væri ekki veitt, þá yrði ekkert byrjað, yfirvöldin gjörðu ekkert í þessu tilefni, sem von væri, og allt sæti í sama horfi og áður. Fjárveitingin væri því nauðsynleg til að flýta fyrir málinu, og því greiddi hann fúslega atkvæði með henni; hann vildi ekki draga þetta, eins og þingmaður Reykvíkinga. Hann sagðist vilja geta þess, áður en hann settist niður, að sjer væri farið að leiðast örvaþyturinn frá 1. þingmanni Gullbringusýslu fram hjá sjer til sessunautar síns. Það væri auðfundið á orðum hans, að hann vissi af því, að hann væri eldri þingmaður en þingmaðurinn úr Norður-Múlasýslu, er hann hefði áður nefnt óþroskaðan. Sjer fyndist hann gjöra of mikið af aga- og hirtingarorðum við hann; en ef hann vildi leiðrjetta sessunaut sinn, þá ætti hann að hafa sínar föðurlegar áminningar þannig, að honum færi fram. Og þess ætti hann að gæta, að segja hið sanna og rjetta, þegar hann vildi kenna þingsiði. Þar sem hann hefði áður sagt, að það væri ósæmilegt, að gefa atkvæði öðruvísi við 3. umræðu, en við 2. umræðu, þá væri það rangt; maður væri stundum neyddur við aðra umræðu að gefa atkvæði sitt, svo mál ekki falli, en ætla sjer að koma með breytingaratkvæði til 3. umræðu. Hann óskaði, að mega vera frí við slíka örvadrífu fram hjá sjer framvegis. Hvað kollektusjóðinn snerti, kvaðst hann furða sig á því, að fleiri hefðu eigi tekið til máls um hann. Hann kvaðst sjálfur hafa verið í fjárhagsnefndinni, þar sem það hefði verið af ráðið, að fara eigi lengra að þessu sinni í reikninginn um hann en til 1845, og þess vegna vildi hann eigi segja annað nú; en hann hefði haldið, að allir væru eigi á sömu skoðun um það. Kvað hann það æskilegt, að fleiri þingmenn ljetu í ljósi skoðanir sínar um sjóð þennan. Hann gat þess, að stjórnin hefði verið beðin um upplýsingar um hann. Um kirkjuna kvaðst hann nú eigi ætla að tala, vegna þess að hann ætti von á,

að einn viss þingmaður ætlaði að tala nákvæmar um hana, en enn þá væri gjört.

Grímur Thomsen gat þess, að landshöfðingi hefði lofað, að útvega hjá stjórninni reikninga styrktarsjóðsins, sem væru komnir fyrir næsta þing, og yrðu lagðir fyrir það til yfirlits. Bezt væri að bíða, þangað til skýringar þessar á reikningunum kæmu. Um örvadrífu og aga þann, er 1. þingmaður Suður-Múlasýslu hefði nefnt, gat hann þess, að það væri þess þarfara að veita sessunaut hans þennan aga, sem hann (o: þingmaðurinn), er það þó stæði næst, ekki veitti honum hann. Hjer á þingiau hefðu af hálfu þessa þingmanns verið bornar fram uppástungur, sem á engum rökum hefðu verið byggðar, svo að það hefði verið hneisa fyrir þingið, að fallast á þær.

Forseti sagði, að ekki væri æskilegt að lengja meira þessar umræður, og hann vildi minna þingmann Gullbringusýslu á það, sem hann annars mundi vel vita, að allir þingmenn hefðu málfrelsi og stæðu eigi undir aga neins annars þingmanns.

Þá tóku eigi fleiri til máls; var þá gengið til atkvæða um breytingaruppástungur þær, er fram voru komnar, og fjellu atkvæði þannig:

1. breytingaruppástunga landshöfðingja við 2. gr. 13. tölul. felld með 18 atkv.;
2. breytingaruppástunga landshöfðingja og nefndarinnar við 4. gr. 1. tölul. samþ. með 20 atkv.
3. breytingaruppástunga landshöfðingja við 6. gr. felld með 16 atkv.;
4. breytingaruppástunga landshöfðingja við 10. gr. C. 1. felld með 18 atkv.;
5. breytingaruppástunga nefndarinnar við 10. gr. C, að nýr tölul. 3. bætist inn í: samþ. með 13 atkv. samhlj.;
6. breytingaruppástunga 10 þingmanna við 10. gr. C. 4, samþ. með 12 atkv. gegn 5;
7. breytingaruppástunga nefndarinnar við 10. gr. C, að 5. tölul. falli burt, samþ. með 20 atkv.;
8. breytingaruppástunga nefndarinnar við 10. gr. C, 6. tölul. samþ. með 19 atkv.;
9. breytingaruppástunga nefndarinnar við 10. gr. C, 7. tölul. samþ. með 19 atkv.;
10. breytingaruppástunga langshöfðingja við 10. gr. C., að nýr tölul. 8. bætist inn í: felld með 18 samhljóða atkv.;
11. 10. gr. með áorðnum breytingum samþykkt með 19 atkvæðum;
12. breytingaruppástunga landshöfðingja við 11. gr. 1. tölul. felld með 15 atkvæðum gegn 1;
13. breytingaruppástunga nefndarinnar við 12. gr. 1. tölul. samþykkt með 13 atkv.;
14. breytingaruppástunga nefndarinnar við 12. gr. 3. tölul. samþykkt með 20 atkvæðum; við það var uppástunga landshöfðingja við þennan tölul. fallin.
15. breytingaruppástunga nefndarinnar við 12. gr. 4. tölul. samþykkt með 19 atkv.; athugasemd nefndarinnar við 12. gr. samþykkt í einu hljóði.
16. breytingaruppástunga nefndarinnar við 13. gr. B, I. b. 1.: fyrri liður samþykktur með 15 atkv., og síðari liður með 19 atkv.;
17. breytingaruppástunga landshöfðingja við 13. gr. B, I. b. 2. felld með 19 atkv.;
18. breytingaruppástunga nefndarinnar við 13. gr. B, II. b. 1. samþ. með samhljóða 15 atkv.;
19. breytingaruppástunga nefndarinnar við 13. gr. B, II. b. 2. samþ. með 20 atk.;
20. breytingaruppástunga landshöfðingja við 13. gr. B, II. c. 2. felld með 17 atkv.;
21. breytingaruppástunga landshöfðingja við 13. gr. B, II, c. 3. felld með 20 atkv.;
22. breytingaruppástunga sama við 13. gr. B, II. c. 8. felld með 18 atkv.;
23. breytingaruppástunga sama við 13. gr. B, II. c: bætist inn í:
    a: felld með 19 atkv.,
    b: felld með 18 atkv.;
24. breytingaruppástunga 10 þingmanna, að við 13. gr. bætist III: 10,000 kr. styrkur til undirbúnings gagnfræðisskóla á Möðruvöllum í Hörgárdal, samþ. með samhl. 18 atkv.;

25. viðaukauppástunga 8 þingmanna við 13. gr. felld með 12 atkv. gegn 7.
26. 13. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 21 atkv.;
27. viðaukauppástunga 9 þingmanna við 14. gr. samþ. með 16 samhl. atkv.;
28. breytingaruppástunga frá 8 þingmönnum við 16. gr. samþ. með 13 atkv. gegn 1.;
29. 16. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 17 atkv.;
30. breytingaruppástunga nefndarinnar við 18. gr. samþ. með 13 samhl. atkv.;
31. 18. gr. með áorðinni breytingu, samþ. með 17. atkv.
32. Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu; sömuleiðis voru fyrirsagnir á köflunum samþ. án atkvæða.

Forseti sleit þá fundi, og stefndi aptur til fundar kl. 6 e. m., til að lesa upp og samþykkja frumvarpið í heild sinni, eins og það var orðið.

Samkvæmt því, sem ráð var fyrir gjört á næsta fundi á undan, las forseti á kvöldfundi kl. 6 sama dag upp frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1876—77, með þeim breytingum, er á því voru orðnar við atkvæðagreiðsluna á síðasta fundi á undan, og var frumvarpið með þessum breytingum samþ. með 21 atkv. Frumvarpið var síðan sent efri þingdeildinni, og var það nú þannig orðað.

FRUMVARP til fjárlaga fyrir árin 1876 og 1877.

(Samþykkt af neðri deild alþingis við 3. umræðu 16. ágúst 1875).

1. Kafli.

Tekjur:

1. grein.

Á árunum 1876 og 1877 telst svo til, að tekjur Íslands verði 579,593 kr. 46 a., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er í 2.—6. grein.

2. grein.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar: 303,876 kr. 6 aurar:

		1876.		1877.		Alls.	
		kr.	a.	kr.	a.	kr.	a.
1.	Tekjur af ljenssýslum	5,320		5,320		10,640	
2.	Lögþingisskrifaralaun	64	3	64	3	128	6
3.	Tekjur af umboðssýslugjöldum	1,510		1,510		3,020	
4.	Konungstíundir	6,972		6,972		13,944	
5.	Lögmannstollur o. fl.	954		954		1,908	
6.	Alþingistollur	16,000		16,000		32,000	
7.	Nafnbótaskattur	200		200		400	
8.	Erfðafjárskattur	2,243		2,243		4,486	
9.	Gjald af fasteignarsölum	527		527		1,054	
10.	Gjöld fyrir leyfisbrjef og veitingabrjef	800		800		1,600	
11.	Lestagjald . . . . . 26,860 kr.						
	—— af póstskipinu . . . . 1,988 —	28,848		28,848		57,696	
12.	Tekjur af póstferðunum	7,500		7,500		15,000	
13.	Gjald af vínföngum að frádregnum innheimtulaunum	80,000		80,000		160,000	
14.	Óvissar tekjur	1,000		1,000		2,000	
	Samtals	151,938	3	151,938	3	303,876	6

3. grein.

			1876.	1877.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
Tekjur af fasteignum landssjóðsins eru taldar 54,452 kr.					
1. Afgjöld af umboðs- og klaustra-jörðum fyrir hvort árið	35,580 kr.				
Að frá dregnum: umboðslaunum, prestsmötum, alþingiskostnaði o. fl.	10,280 —		25,300	25,300	50,600
2. Afgjöld af jörðunni Belgsholti og Belgsholtskoti o. fl.			172	172	344
3. Leigugjöld:	1876	1877			
a, af Lundey	134 kr.	134 kr.			
b, af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu	1530 —	1710 —	1,664	1,844	3,508
		Samtals	27,136	27,316	54,452

4. grein.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru ætlaðar að nemi 22,184 kr. 40 aurum.							
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins				2,782		4,000	6,782
2. Leigur af og borgun upp í lán og skyndilán . .				7,440		7,260	14,700
3. Leigur af andvirði seldra jarða				351	20	351 20	702 40
4. Tekjur frá læknasjóðnum eru taldar að nemi árlega hjer um bil	12,500kr.						
Af því eru greidd árlega þau útgjöld, sem hjer eru talin:							
a, Til læknakennslunnar í Reykjavík	2,800 kr.						
b, Ferðastyrkur handa læknaefnum samkvæmt konungsúrskurði 21. okt. 1871 hjer um bil	300 —						
c, Styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	800 —						
d, Styrkur til sjúkrahússins á Akureyri árið 1876 . . .	2,400 —						
Styrkur til sjúkrahússins á Akureyri (1877) 400 kr.							
e, Laun ljósmóðurinnar á Vestmannaeyjum	60 —						
f, Þóknun handa 5 settum hjeraðslæknum, samkvæmt konungsúrskurði 10. maí 1867 hjer um bil . . .	5,000 —		11,360 —				
Samkvæmt þessu verður umfram, árið 1876 1140 kr. og árið 1877 3140 kr., sem þangað til komið yfir um				10,573	20	11,611 20	22,184 40

	1876.	1877.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
handan að	10,573 20	11,611 20	22,184 40
verður á annari læknaskipun, skal haft til að auka innstæðufje læknasjóðsins, og er því tilfært fyrir innan strykið.			
5. Tekjurnar af hinum íslenzka styrktarsjóði eru ætlaðar að nemi 1632 kr. árlega, og verður þeim varið til þess að auka innstæðufje sjóðsins.			
Samtals	10,573 20	11,611 20	22,184 40

5. grein.

Endurgjald lána verður talið 3,057 kr.			
1. Gjald upp í lán sökum fjárkláðans	1,000	1,000	2,000
2. Gjald upp í lán til þess að byggja upp aptur kirkju Möðruvallaklausturs	185	440	625
3. Gjald upp í lán til þess að byggja kirkju á Eyri	216	216	432
Samtals	1,401	1,656	3,057

6. grein.

Árgjald úr ríkissjóði verður talið 196,024 kr.			
Fast árgjald . . . . . 60,000 kr.			
Aukagjald á ári . . . . . 40,000 —			
100,000 —			
Af stjórninni dregið frá 1,988 —	98,012	98,012	196,024
Samtals	98,012	98,012	196,024

2. Kafli.

Útgjöld.

7. grein.

Á árunum 1876 og 1877 veitast til útgjalda 451,495 kr. 71 a., samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. grein.

8. grein.

Útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin 26,800 kr., sem sje fyrir 1876 12,400 kr. og fyrir 1877 14,400 kr.

9. grein.

Til kostnaðar við alþingi árið 1877 veitast 32,000 kr.

10. grein.

Til útgjalda við umboðsstjórn, gjaldheimtur, reikningsmál, dómgæzlu, lögreglustjórn og fl. veitast fyrir árin 1876 og 1877 144,893 kr. 74 a.

		1876.	1877.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
A, Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:				
1. Laun embættismanna og fl.		17,598 66	18,282	
2. Endurgjald fyrir skrifstofukostnað		4,000	4,000	
3. Þóknun fyrir endurskoðun reikninga		1,600	1,600	
		23,198 66	23,882	47,080 66
B, Dómgæzla og lögreglustjórn:				
1. Laun embættismanna		16,206 66	16,440	
2. Til hegningarhússins í Reykjavík		2,503	2,503	
3. Önnur útgjöld		1,720	1,720	
		20,429 66	20,663	41,092 66
C, Ýmisleg útgjöld:	kr. a.			
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi .	1,040			
2. Endurgjald fyrir borgun undir embættisbréf	1,200			
3. Til þess að gefa út «Lovsamling for Island» .				1,866 66
4. Brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar hjer um bil	286 88			
5. Styrkur til jarðabóta	2,400			
6. Til vegabóta				15,000 »
7. Til gufuskipsferða				30,000 »
	4,926 88	4,926 88	4,926 88	9,853 76
			Samtals	144,893 74

11. grein.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 38,010 kr. 64 a.			
1. Laun lækna	17,494 66	18,315 98	35,810 64
2. Önnur útgjöld	1,100	1,100	2,200
Samtals	18,594 66	19,415 98	38,010 64

12. grein.

Útgjöldin við póststjórnina er ætlast á að verði 26,800 kr., sem sje fyrir árið 1876, 13,600 kr., og fyrir árið 1877, 13,200 kr.			
1. Laun	3,200	3,200	6,400
2. Flutningur pósta	8,600	8,600	17,200
3. Önnur útgjöld	1,400	1,000	2,400
4. Útgjöld sem upp á kunna að koma	400	400	800
Samtals	13,600	13,200	26,800

Á þessum 2 síðustu upphæðum stendur svo, að nauðsynlegt verður á fjárhagstímabilinu að búa til ný frímerki, ef frumvarp til laga um burðareyri eptir krónumyntarreikningi verður að lögum; enn fremur er gjört ráð fyrir, að peningar þeir, sem póstmeistarinn telur inn í jarðabókarsjóðinn, nemi upp og ofan 200,000 kr. á ári.

13. grein.		1876. kr. a.	1877. kr.
Til kirkju- og kennslu-mála veitast fyrir árin 1876 og 1877 121,991 kr. 33 a.			
A, Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. Laun		7,932	8,032
b Önnur útgjöld:			
1. Til fátækustu brauða	2000 kr.		
2. Til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600 —		
3. Til prestsekkna og barna og styrkur handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum	2000 —		
4. Endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	800 —	5,400	5,400
		13,332	13,432
B, Kennslumálefni:			
I, Til prestaskólans:			
a, Laun		10,300	10,500
b, Önnur útgjöld:			
1. Húsaleiga handa 12 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum	960 kr.		
og ein ölmusa	200 —		
2. Til tímakennslu	100 —		
3. Til bókakaupa	300 —		
4. Til eldiviðar og ljósa o. fl.	260 —		
5. Ýmisleg útgjöld	100 —		
	1920 —	1,920	1,920
II, Til hins lærða skóla:			
a, Laun		12,687 33	12,844
b, 1. Til umsjónar	1000 kr.		
2. Aðstoðarfje	2220 —	3,220	3,220
Þessi upphæð skiptist þannig:			
Til söngkennara 860 kr.			
— fimleikakennara 700 —			
— dyravarðar 660 —			
c, Önnur útgjöld:			
1. Til bókakaupa	600 —		
2. Til eldiviðar og ljósa	1000 —		
3. Til skólahússins utan stokks og innan	1000 —		
4. Til tímakennslu áætlað	1060 —		
5. Ölmusur	8000 —		
6. Fyrir prestsverk	48 —		
7. Þóknun handa lækni	100 —		
8. Ýmisleg útgjöld áætluð	1200 —	13,008	13,008
	yfir um	54,467 33	54,924

			1876.	1877.	alls.
			kr.	kr.	kr. a.
	handan að 800 kr.		54,467 33	54,924	
III. Til undirbúnings gagnfræðisskóla-stofnunar á Möðruvöllum í Hörgárdal veitist fyrir fjárhagstímabilið 1876—1877 allt að					10,000 »
C, 1. Til stiptsbókasafnsins		400 kr.			
2. Til amtsbókasafnsins á Akureyri . .		200 —			
3. Til kvennaskólans í Reykjavík . . .		200 —			
4. a, Til forngripasafnsins til að kaupa fyrir forngripi . . .	kr. 400				
b, Til umsjónarmannsins . .	100	500 —	1,300	1,300	
			55,767 33	56,224	111,991 33
				Samtals	121,991 33

14. grein.

Til eptirlauna og styrktarfjár veitast 41,000 kr., og felst þar í 1000 kr. styrkur í eitt skipti fyrir öll handa ekkjufrú Hólmfríði Þorvaldsdóttur.

15. grein.

Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitast 10,000 kr.

16. grein.

Til óvissra útgjalda, sem upp á kunna að koma, veitast 10,000 kr.; hjer eru taldar með allt að því 3,000 kr. í þóknun, fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað o. fl. handa mönnum í nefnd þeirri, sem á að setja til að semja ný skattalög o. fl., og allt að 600 kr. þóknun til nefndar þeirrar, sem sett verður til að íhuga skólamál og semja nýjar reglugjörðir fyrir skólana.

17. grein.

Afganginn, sem fyrst um sinn er ætlaður að verði 128,097 kr. 75 a., skal leggja til viðlagasjóðsins.

18 grein.

Ef frumvarp til laga

1. Um laun íslenzkra embættismanna,
2. Um aðra skipun læknahjeraðanna,
3. Um heiðurslaun handa Jóni Sigurðssyni, þingmanni Ísfirðinga,
4. Um ljósmæðraskipun,
5. Um breyting á tilskipun um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum,
6. Um að af nema alþingistollinn,

nái lagagildi á árunum 1876 og 1877, verður að breyta upphæðum þeim, sem til teknar eru í 1., 2., 4., 7., 10., 11., 12., 13. og 17. greinum samkvæmt fyrnefndum lagafrumvörpum.

Ef bæjarfógetaembættið í Reykjavík verður skilið frá sýslumannsembættinu í Gullbringu- og Kjósarsýslu, færist 10. gr. stafl. B. tölul. 1. upp um 1000 kr.

FYRSTA UMRÆÐA
í efri þingdeildinni.

Á 41. fundi efri þingdeildarinnar 18. ágústmán. kom samkvæmt dagskránni til fyrstu umræðu frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1876 og 1877, eins og það hafði verið samþykkt af neðri þingdeildinni, og hafði því verið útbýtt meðal þingmanna í efri deildinni daginn áður á fundi.

Landshöfðinginn kvað það að vísu vera óheppilegt, að þingtíminn væri orðinn svo stuttur, að eigi væru eptir nema fáir dagar til að ræða frumvarp þetta; en sú væri bót í máli, að neðri deildin hefði nákvæmlega rannsakað málið og rætt það vel og vandlega, og hinir háttvirtu þingmenn deildar þessarar hefðu verið viðstaddir við þessar umræður, og fyrir því kvaðst hann vona, að málið væri í heild sinni þingdeildinni fullkomlega kunnugt, svo að ekkert væri því til fyrirstöðu, að hún gæti rætt það nægilega og greitt atkvæði um það svo tímanlega, að þingið gæti lokið störfum sínum fyrir hinn tiltekna tíma samkvæmt allra-hæstum úrskurði 24. maímán. þ. á. Í öðrum löndum, þar sem fyrirkomulag þings væri með tveim málstofum, væri eigi vani að setja nefnd í hinni síðari deildinni, nema þýðingarmikill ágreiningur væri milli þingdeildanna um eitt eða fleiri atriði, en ella aldrei, og þess þyrfti eigi, þegar fyrri deildin hefði rannsakað og rætt frumvarpið nákvæmlega, og þar sem hann þyrði að gjöra ráð fyrir, að þess háttar ágreiningur ætti sjer eigi stað hjer, þá gæti ekki verið umtalsmál, að setja nefnd í málið, og hann kvaðst treysta því, að allir þingmenn mundu gjöra allt til þess, að þingstörfum yrði lokið innan lögákveðins tíma. Á þessu stigi málsins vildi hann eigi ræða frumvarpið í heild sinni, heldur að eins geta þess, að þótt neðri deildin hefði gjört þýðingarmiklar breytingar við stjórnarfrumvarpið, þá fyndi hann eigi ástæðu til, að svo stöddu, að óska annara breytinga, en viðvíkjandi aðgjörðinni á dómkirkjunni, en það yrði að vera komið undir því, hvort þingdeildarmenn við aðra umræðu fyndu ástæðu til að bera það undir atkvæði. Ýmsar aðrar breytingar neðri deildarinnar væru að vísu eigi heppilegar, en hann kvaðst eigi ætla hjer að fara mörgum orðum um þær, því að ef þingdeildin gæti aðhyllzt þær, þá gæti hann fyrir sitt leyti fallizt á þær. Tekjuafgangurinn væri í frumvarpi neðri deildarinnar áætlaður að verða 128,097 kr. 75 a., og þetta ástand landssjóðsins yrði að álíta mjög glæsilegt, eins og sjer hefði virzt þingmenn í gær í öðru máli leggja mikla áherzlu á; en hann kvaðst ætla, að eigi væri ástæða til að treysta um of þessari upphæð; sumt af tekjunum væri áætlað heldur hátt, t. d. tollurinn af vínföngum, en sum af útgjöldunum hins vegar of lágt, eins og t. d. ýms útgjöld til hins lærða skóla. Ef 18. gr. yrði í lög leidd, færðist afgangurinn niður um helming, svo að hann yrði eigi meira en 60—70,000 kr. samtals fyrir bæði árin, eða 30—35,000 fyrir hvort árið fyrir sig. En þessi afgangur mundi reynast of lítill, ef t. d. beita skyldi niðurskurði þeim, sem ráð væri fyrir gjört í frumvarpinu um fjárkláðann, og skaðabætur til bráðabirgða borgast úr landssjóði. Þegar frumvarpið um að af nema alþingistollinn væri skoðað frá «finantsiellu» sjónarmiði, þá væri í skyggilegt að aðhyllast það, en frá sjónarmiði skattalaganna, eins og hann hefði tekið fram um daginn, væri það alveg óaðgengilegt.

Eiríkur Kúld kvað það óheppilegt, að frumvarp þetta kæmi svo seint, þar eð nefndin í neðri deildinni hefði svo langa hríð haft það til meðferðar; en þó kvaðst hann eigi fyrir það vilja kasta á hana þungum steini; nefndin hefði hlotið að hafa langan tíma, því að mál þetta væri í fyrsta sinni fyrir þinginu, og nefndin hefði orðið að leita ýmissa upplýsinga, og sjálfsagt hefði hún fengið sumar þeirra, en sumar að líkindum eigi, og mundu sumar þeirrar hafa verið allmagnar. En þó kvaðst hann verða að játa, að maður yrði að taka þeim mun betur á móti frumvarpinu, sem nú væri vegurinn opnaður fyrir þingið, svo að vonandi væri, að næst mundi eigi ganga til þess eins langur tími. Tíminn væri nú orðinn naumur, og hann kvaðst ætla, að hann mundi varla nógur til þess, að lesa frum-

varpið til hlítar, svo að menn yrðu því fullkunnugir; fyrir því mundi í sjálfu sjer rjettast vera að setja nefnd. En landshöfðingi hefði sagt, að það væri eigi vani á öðrum þingum, enda væri það eigi tiltökumál, þar eð aðeins fáeinir dagar væru eptir af þingtímanum. Hann kvað sjer hafa verið ánægja að heyra, hve vel landshöfðingi hefði tekið undir aðgjörðir neðri deildarinnar, þótt hann í sumum greinum hefði eigi verið henni samdóma. En ef nú þingdeildin færi að hans ráðum og tæki að gjöra breytingar við frumvarpið, þá væri það auðvitað, að af því leiddi það, að málið gengi aptur til neðri deildarinnar, síðan hingað aptur, og svo fyrir hið sameiginlega alþingi, en til þess væri enginn tími orðinn, og öllum væri áhugamál að flýta fyrir því; hann sæi því eigi fært, að gjöra miklar breytingar við frumvarpið. Viðvíkjandi því, sem hinn hæstvirti landshöfðingi hefði tekið fram, hefði sjer heyrzt, að hann væri hræddur um, að nóg gjöld væru komin á landssjóðinn, og kvaðst hann honum með öllu samdóma í því; væri það því mjög varasamt að bæta meiru á hann, og yrðu að vera yfirgnæfandi ástæður, ef það skyldi gjört, og kvaðst hann því vilja óska, að landshöfðingi gæti sannfært sig um, að það væri óumflýjanlegt, að gjöra breytingu þá, er hann hefði óskað, og þá væri hann fús að aðhyllast bending hans. Hann vildi því leggja það til, að nefnd væri eigi sett í þetta mál, heldur væri það látið ganga til annarar umræðu, og væri engin þörf að ræða það frekar nú.

Sighvatur Árnason kvaðst fyrir sitt leyti játa, að tíminn væri stuttur orðinn, svo að þó menn sæju galla á frumvarpinu, þá væri orðinn einn kostur nauðugur, að samþykkja það. Væri eigi svona ástatt, þá mundi hann að öðrum kosti hafa lagt það til, að nefnd væri sett í málið, því að ef nefnd væri sett, þá fyndi hún hjá sjer skyldu til að íhuga málið grandgæfilega, og sá tími, er til þess gengi, gæti og orðið hinum þarflegur til að íhuga það. Hann áliti því annað eigi hugsanlegt, en að ganga að frumvarpinu, eins og það lægi fyrir, og án þess að setja nefnd, kvað hann naumast áræðandi, að hugsa til breytinga, enda væri það allmikið vandamál, og jafnvel óhugsandi, að menn á svo stuttum tíma gætu svo vel sett sig inn í málið, að menn væru færir um, að gjöra við það nokkrar þær breytingar, er eitthvað hefðu að þýða, en smábreytingar kvað hann ekki þess verðar, að tefja fyrir málinu. Að eins vildi hann minnast á það, er landshöfðingi hefði sagt viðvíkjandi tekjuupphæðinni, að hún væri áætluð nokkuð mikil sumstaðar, þá þyrfti því heldur grandgæfilega að íhuga það, að varast að gjöra breytingar til að auka útgjöldin. Skaðabætur þær, er af fjárkláðanum mundi leiða, sem landshöfðinginn hefði minnzt á, hugði hann að eigi þyrfti að óttast að yrðu stórkostlegar eptir því, sem hingað til hefði gengið með niðurskurð fyrir framkvæmdir valdstjórnarinnar. Þó hann væri á því máli, að nefnd skyldi sett, ef kostur hefði á verið, kvaðst hann þó eigi halda því fram af fyrgreindum ástæðum.

Því næst var gengið til atkvæða, og var það í einu hljóði samþykkt, að málið gengi til annarar umræðu, en að eigi skyldi setja í því nefnd.

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1876 og 1877 til annarar umræðu í efri þingdeildinni.

I. Breytingaruppástungur Bergs Thorbergs, 3. konungkjörins þingmanns.

Við 10. gr. (síðast í greininni í staflið C).

«8. Til höfuðgjörðar á dómkirkjunni í Reykjavík á árinu 1876 22000 kr. Þar að auki má til þessarar aðgjörðar, sem á fram að fara eptir undangengið opinbert uppboð, eyða sjóði kirkjunnar, og á eptirleiðis að borga á hverju ári afganginn af hinum árlegu tekjum inn í landssjóðinn».

Við 12. gr. Athugasemdin orðist þannig:

«Af upphæðinni undir 3. tölulið fyrir árið 1876 eru 400 kr. ætlaðar til kostnaðarins við að búa til ný frímerki, ef frumvarp til laga um breytingu á tilsk. um póstmál á Íslandi 26. febr. 1872 verður að lögum.

Af upphæðinni undir 4. tölulið eru c. 200 kr. hvort ár ætlaðar til þóknunar, er svari til 1 af 1000, handa póstmeistaranum í Reykjavík fyrir að taka móti peningum, sem gefnar eru út póstávísanir fyrir, og fyrir ábyrgð þá, sem þessu er samfara, ef honum mistelst».

Við 13. gr. B. I. b. 2. Í staðinn fyrir «100 kr.» komi «200 kr.»

Við 13. gr. B. II. c. 2. Í staðinn fyrir «1000 kr.» komi «1700 kr.»

Við 13. gr. B. II. c. 3. Í staðinn fyrir «1000 kr.» komi «1800 kr.»

Við 13. gr. B. II. c. 8. Í staðinn fyrir «1200 kr.» komi «1600 kr.»

13. gr. C. 4. orðist þannig:

«4. Til forngripasafnsins:

a, Til að kaupa forngripi 400 kr.

b, — umsjónar . . . 100 — 500 kr.»

II. Viðaukauppástunga við 10. gr. C. frá Jóni Hjaltalín, 5. konungkjörnum þingmanni.

Að aptan við 2. kafla 10. gr. staflið C bætist fyrir ár 1876:

8. Styrkur handa E. Egilsson til kalkbrennslu 1000 kr.

III. Breytingaruppástunga við 13. gr. B. I. a frá Eiríki Kúld, þingmanni Barðstrendinga.

Að fyrir «10,300 kr. og 10,500 kr.» komi: «10,500 kr. og 10,700 kr.»

Alþingi 19. ágúst 1874.

E. Kúld.

ÖNNUR UMRÆÐA

í efri þingdeildinni.

Á 43. fundi efri þingdeildarinnar 20. ágústmán. kom samkvæmt dagskránni til annarar umræðu frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1876 og 1877. Eptir fyrirsögn forseta var málið rætt í tveimur köflum, og þá fyrst tekjurnar.

Þórður Jónasson sagðist vilja lýsa þeirri skoðun sinni yfir, að hann áliti það ógjörning, eins og nú væri liðið á þingtímann, að hugsa til þess, að fara lengra út í frumvarp það, sem hjer lægi fyrir, það er að segja út í þess aðalefni, nema það yrði rjett að nafninu, en það væri bótin, að frumvarpið væri vel úr garði búið, og öll aðalatriði þess ýtarlega yfirveguð í neðri deildinni, undir leiðbeiningu og tillögum hins hæstvirta landshöfðingja; það mætti því og yrði að treysta því, að ekkert verulegt atriði hefði verið undanfellt, eins og málið þá hefði legið fyrir á þinginu, og eptir þeim upplýsingum, sem fyrir hendi hefðu verið; það kæmi sjer nú mjög vel, að svo væri, því málið útheimti ýtarlega og grandgæfilega yfirvegun, ef hún ætti að vera annað en að nafninu.

Fyrst eigi tóku fleiri til máls, ljet forseti ganga til atkvæða um þann kafla og fór atkvæðagreiðsla þannig.

1. gr. frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.
2. gr. frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.
3. gr. frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.
4. gr. frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.
5. gr. frumvarpsins samþykkt með 10 atkv.
6. gr. frumvarpsins samþykkt með 10 atkv.

Þá var tekinn til umræðu annar kafli (útgjöldin).

Landshöfðingi sagði, að hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hefði við 10. gr. stafl. C borið þá breytingaruppástungu upp, sem hann áliti mjög nauðsynlega, og sem hann þess vegna skyldi leyfa sjer að mæla sem bezt með. Ástand dómkirkjunnar væri, eins og hinir heiðruðu þingmenn hvern dag á þingtímanum hefðu átt kost á að sannfæra sig um, svo hrörlegt, að kirkjan vafalaust þyrfti verulegra aðgjörða við, og þeim mætti eigi eptir hans meiningu fresta, heldur yrði að taka til þeirra, sem fyrst mætti verða, ef þingið eigi vildi eiga það á hættu, að dómkirkjan eða partar af henni hryndu, og gjörðu en meiri kostnað nauðsynlegan, en nú væri stungið upp á til viðurhalds á henni. Hann sagði, að fjárveitingavaldið ætti, þegar um eignir landsins væri að ræða, að skoða skyldu sína með tilliti til hins nauðsynlega viðurhalds á þeim, alveg á sama hátt, og góður og duglegur húsbóndi skoðaði skyldu sína

gagnvart eign sjálfs sín; eins og hann mundi sjá um, að allar nauðsynlegar aðgjörðir til viðurhalds eigninni yrðu framkvæmdar í tækan tíma, vegna þess að þetta væri honum bæði til gagns og sóma, eins bæri alþinginu og stjórninni í sameiningu að sjá um, að eignum landsins yrði haldið við á sómasamlegan hátt, og mundi þetta einnig verða landssjóðnum haganlegast. Höfuðatriðið, sem þessi heiðraða deild nú ætti að taka til greina í þessu tilliti, væri það, hvort dómkirkjan þyrfti bráðra aðgjörða við, eins og stungið væri upp á í stjórnarfrumvarpinu, og eins og breytingaruppástunga sú, er hjer ræddi nú um, færi á leit, og gæti ekki beðið, þar til næsta alþing kæmi saman; hver þingmaður, sem svaraði þessari spurningu með já, mundi einnig að hans áliti finna sjer skylt að veita til þess hið nauðsynlega fje í fjárlögunum fyrir 1876 og 1877, og hann vildi þess vegna biðja hina heiðruðu deild nákvæmlega að íhuga þetta atriði, hvort aðgjörðin væri nauðsynleg, áður en til atkvæðagreiðslunnar kæmi. Hvað langt aðgjörðin ætti að fara, um það gæti ef til vildi verið misjafnar skoðanir; upphæð sú, sem breytingaruppástungan til tæki, væri hjer um bil 7000 krónum minni, en áætlað væri í stjórnarfrumvarpinu, en lík þeirri upphæð, sem hann við 3. umræðu í neðri deildinni hefði stungið upp á, eptir að hann hefði tekið til greina allar bendingar þær, sem fjárlaganefndin í því tilliti hefði gjört, og gæti hún að hans áliti ekki verið minni, og vonaði hann þess vegna, að hin heiðraða deild mundi fallast á þessa breytingaruppástungu.

Hann kvaðst einnig vilja mæla með breytingaruppástungur hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns við 12. grein og 13. gr. C, 4, sem álíta mætti heppilega orðabreytingu, og sem hann ekki efaðist um að neðri deildin mundi samþykkja, þar sem þær að eins miðuðu til skýrara að taka það fram, sem neðri deildin hefði ætlað að ákveða í fjárlögum þeim, er hjer ræddi um. Ef frumvarpið ætti að ganga til neðri deildarinnar aptur vegna ákvarðananna í 18. gr., eins og honum væri það kunnugt, að fjárhagsnefndin í neðri deild þingsins hefði gjört ráð fyrir, þó að þetta í sjálfu sjer ekki virtist alveg nauðsynlegt, þá mundi það eiga vel við, að þessi deild aðhylltist þessar tvær orðabreytingar, sem hann væri viss um að neðri deildin mótmælalaust mundi samþykkja; en ef efri deildin ekki áliti það nauðsynlegt, að senda frumvarpið aptur til neðri deildarinnar, virtust orðabreytingarnar, þó að þær vafalaust væru heppilegar orðaðar en frumvarpið, ekki alveg nauðsynlegar. Hann kvaðst fyrir sitt leyti ekki hafa neitt á móti ósk fjárlaganefndarinnar um það, að í 18. gr. frumvarpsins verði bætt við þeim frumvörpum til laga um stofnun læknaskóla og um mótvarnir gegn kóleru- og bólusótt, sem þingið væri búið að samþykkja; og ætlaði hann við 3. umræðu, þegar hann hefði borið sig saman við nefndina, að bera þessa uppástungu undir atkvæði hinnar heiðruðu deildar, og gjörði hann ráð fyrir, að hjer með yrði eigi tafið fyrir þingstörfunum, svo að slíta mætti þinginu 26. þ. m. samkvæmt stjórnarskránni og allrahæstum úrskurði 26. maí þ. á.

Enn fremur kvaðst hann vilja mæla með breytingaruppástungum hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns við 13. gr. B, sem allar miðuðu til þess, að koma frumvarpinu í meiri samstemmu við stjórnarfrumvarpið, og sem, hvað snertir hinar kalkúlatorisku upphæðir undir B II, 2, 3 og 8, mundu svara til þeirra upphæða, er reynslan hefði sýnt að væru nauðsynlegar.

Þar á móti kvaðst hann eigi geta mælt með uppástungu hins 5. konungkjörna þingmanns um styrk handa E. Egilsson til kalkbrennslu — ekki vegna þess, að hann eigi óskaði að styðja að þessu fyrirtæki; þvert á móti hefði hann í fyrra veitt hr. Egilsson 400 kr. af þeirri upphæð, sem áætluð væri til óvissra útgjalda, til þessa augnamiðs, að vísu með því skilyrði, að fyrirtækinu yrði framgengt, en það hefði ekki hingað til átt sjer stað, og mundi hann einnig framvegis á líkan hátt vera fús til að styðja það; — en vegna þess að þvílíkur styrkur, sem breytingin styngi upp á, eptir hlutarins eðli ætti að veitast af

upphæð þeirri, er fjárlögin í 15. gr. ákvæðu til vísindalegra og verklegra fyrirtækja.

Þórður Jónasson sagðist, áður en gengið væri til atkvæða, vilja leyfa sjer að láta þá skoðun í ljósi, að undirtektir þær, er aðgjörðin á dómkirkjunni hefði fengið í fjárhagsmálinu, væru mjög óheppilegar, af því hjer lægi fyrir bráð nauðsyn. Kirkjan gæti naumlega, eins og hún nú liti út, staðið til næsta þings, að minnsta kosti skemmdist hún svo augsýnilega á meðan, að aðgjörð hennar yrði miklu dýrari, en hún mundi hafa orðið, ef hún nú þegar hefði byrjuð verið. Þetta væri mikilsvert atriði í málinu og þyrfti nákvæmrar yfirvegunar; hann ætlaði sjer eigi að fara inn á það spursmál, á hverjum það lægi, að endurbæta kirkjuna. Landsstjóðurinn kæmist að líkindum ekki hjá því, þar sem kirkjan væri eign landsins.

Ásgeir Einarsson kvaðst eigi vita, í hvaða skyni menn væru svo fjölorðir um þetta mál, nema ef sú ein væri ástæða til þess, að uppástungumönnum þætti óviðkunnanlegt að vita eigi, áður en til atkvæða væri gengið, hvernig atkvæði mundu falla um breytingaruppástungur sínar. Hefði frumvarp þetta komið fyrri fyrir deildina, mundi hann hafa lagt það til, að nefnd hefði verið sett í því; væri þetta svo mikið vandamál, að sjer fyrir sitt leyti þætti enginn hægðarleikur, að gefa atkvæði í því nefndarlaust. Viðvíkjandi breytingaruppástungu þeirri, er fram væri komin um dómkirkjuna í Reykjavík, vildi hann geta þess, að neðri deildin hefði eigi getað fallizt á hana, þá er hún hefði verið borin upp þar í deildinni, og jafnvel ekki þingmaður Reykvíkinga, er alkunnur væri að því, að berjast í hvívetna fyrir hag kjósenda sinna. Kvaðst hann með öllu sannfærður um, að þótt breytingaruppástunga þessi næði samþykki þessarar deildar, og málið væri svo látið ganga til hinnar deildarinnar aptur, þá mundi hún þar ekkert atkvæði fá. Yrði slíkt eigi til annars, en að láta málið hrekjast, og ganga á víxl frá Pílatusi til Heródesar og frá honum aptur til Pílatusar, enda væri slík rekistefna eigi til annars en að fella málið, þar eð þingtímanum væri þegar lokið. Samlíking sú, er landshöfðinginn hefði komið með, þætti sjer eiga illa við. Hann hefði líkt landsstjóðnum við góðan og hygginn húsbónda, en góður og hygginn húsbóndi tæki aldrei við jörð, nema hún væri í góðu standi, og úttekt hefði fram farið á henni. Sú samlíking, að líkja landsstjóðnum við húsbónda og kirkjunni við jörð, ætti því ekki við, enda væri sjer eigi kunnugt, að landsstjóðurinn hefði með úttekt tekið við kirkjunni. Hann sæi enga ástæðu fyrir deildina til að fallast á breytingaruppástungurnar, nema ef hún ætlaði sjer að ónýta málið, en hvað af því leiddi, mundu allir hinir vitrari menn vita. Um hinar aðrar breytingaruppástungurnar ætlaði hann eigi að tala, en kvaðst vona, að þær mundu sigla sama byr og í neðri deildinni.

Benidikt Kristjánsson sagðist að öllu leyti vera samdóma þingmanni Húnvetninga um þetta atriði, og hefði hann lítið annað að segja en það, er hann þegar hefði tekið fram. Sagði hann, að ef efri deildin færi að gjöra breytingar við frumvarp þetta þvert ofan í neðri deildina, þá yrði sú afleiðing þess, að mál þetta yrði eigi útkljáð innan lögákveðins þingtíma, en óhugsanlegt væri að slíta þinginu, fyr en fjárlögin væru búin. Hjer lægi fyrir rjettarspurning viðvíkjandi breytingaruppástungunni um dómkirkjuna. Hann vissi eigi betur, en að það væri algild regla, að þegar kirkjuumsjónarmaður skilaði kirkju, þá væri hún skoðuð, og úttekt látin fram fara og álag á hana lagt, ef þörf þætti á vera. Þó nú svo væri, að þessi landsvenja kæmi ósanngjarnlega niður á sumum, ætlaði hann þó eigi hægt, að hnekkja henni eða breyta. Hann gæti nefnt mýmörg dæmi, en ætlaði að eins að nefna eitt, þegar prestur tæki við torfkirkju með litlum sjóði, og litlu álagi, sem við mætti búast, er ekki væri að ræða um annað en vesalings-torfkirkju. Nú er nauðsynlegt að byggja upp kirkju þessa, og yrði þá presturinn að leggja til af sínu eigin fje, að svo miklu leyti sem sjóðurinn og álag hrykki ekki til, og til þessa verðu prestar opt allmiklu fje af sínum eigin

eignum, því ekki hefði þótt annað sæma en reisa timburkirkju; nú færi presturinn frá eða dæi, og væri þá kirkjan við úttekt afhent þeim, er við ætti að taka, og ef gallar fyndust þá á henni við úttektina, yrði presturinn, er frá færi, eða dánarbú að svara ofanálagi á hana. Hann kvaðst eigi telja það sem reglu, að þegar kirkjur hefðu allmiklar tekjur, væri hinum fráfarandi presti leyft að fá part af tekjum kirkjunnar. Slíkt væri að eins undantekningar. Þegar þetta væri heimfært upp á dómkirkjuna, þá hefði hann heyrt, að hún hefði verið undir umsjón ríkissjóðsins, en ætti nú að verða undir umsjón landssjóðsins. En nú vildi hann spyrja, hvort hún hefði verið tekin út og lagt ofan á hana? Hann kvað það eigi vera, og fyrir því væri öll aðgjörð á henni og þá miklu fremur fullkomin endurbygging hennar landssjóðnum með öllu óviðkomandi, fyr en skoðun og úttekt á henni væri fram farin. Ekki kvaðst hann geta fallizt á þá skoðun, að það væri safnaðarins, að gjöra við kirkjuna eða reisa hana að nýju. Skylda safnaðarins væri að eins sú, að gjalda til kirkjunnar hin lögboðnu kirkjugjöld, en hins opinbera væri það, að sjá um, að söfnuðurinn hefði sæmilegt guðshús. Kvaðst hann mundu gefa atkvæði fyrir því, að breytingaruppástunga þessi yrði eigi tekin upp í frumvarpið.

Landshöfðingi tók þá fram, að dómkirkjan hefði aldrei verið eign ríkissjóðsins, nema að svo miklu leyti sem landssjóðurinn hefði, þangað til fjárhagsaðskilnaðurinn komst á, verið partur ríkissjóðsins, og það gæti að skilja, að ríkissjóðurinn ekki sem slíkur, heldur sem umsjónarmaður landssjóðsins, hefði haft skyldu til að annast dómkirkjuna, og þess vegna hefði heldur engin ástæða verið til, að taka dómkirkjuna út frekar en aðrar þjóðeignir, er ríkissjóðurinn hefði eigi skilað með neinn ofanálagi. Enda hefði dómkirkjan aldrei haft húsbóndaskipti, heldur hefði umsjóninni með henni að eins verið hagað öðruvísi þangað til aðskilnaðurinn komst á.

Bergur Thorberg sagðist eigi ætla að að fara út í aðalefni þessa máls, heldur að eins minnast á breytingar þær, er fram væru komnar. Hann sæi, að hin heiðraða deild ætlaði að samþykkja tekjukaflann, eins og hann væri. En svo að hann víki þá máli sínu að breytingum þeim, er hann hefði leyft sjer að gjöra, þá hefði landshöfðingi tekið svo vel undir þær, og fært fyrir þeim svo ljós og skýr rök, að í rauninni væri óþarft við það að bæta. En hann vildi þar hjá geta þess, að sjer hefði virzt með öllu nauðsynlegt að bera þessar breytingar hjer upp, svo að þau atriði, er þar ræddi um, gætu komið undir atkvæði deildar þessarar, og þó sumir gjörðu sjer litlar vonir um, að þær næðu fram að ganga í neðri deild þingsins, þá væri það engan veginn ómögulegt, enda gæti óttinn fyrir slíku eigi leyst þingmenn þessarar deildar undan þeirri skyldu að segja álit sitt um þessi atriði, og greiða atkvæði um þau.

Að því, er snerti dómkirkjuna, þá lægi hjer, eins og hinn hæstvirti landshöfðingi hefði tekið fram, ekki annað spursmál fyrir, en um það, hvort aðgjörðin á henni væri nauðsynleg, en um það væri sjón sögu ríkari; hinum háttvirtu þingmönnum hefði dagsdaglega gefizt kostur á, að sannfærast um það efni. Og hann vonaði, að áður en þeir greiddu atkvæði fyrir þessu atriði, mundu þeir vandlega íhuga, hversu kynni að fara, ef aðgjörðin yrði látin dragast til næsta alþingis. Hver kynni að segja, nema hún þá, eptir útliti hennar nú, yrði orðin að rústum einum? Hann teldi það því mikinn ábyrgðarhluta, að láta hana standa svona þangað til. Þetta væri aðalkirkja landsins, sem landinu væri skylt að halda við. Það hefði verið tekið fram, að landssjóðurinn hefði engan arð af henni. Nei, ekki í sama skilningi og af þjóðjörðum. En svo framarlega sem menn játuðu, að landið ætti dómkirkju, þá ætti að halda henni við á kostnað landssjóðsins. Um hið andlega gagn ætlaði hann eigi að ræða. Dómkirkjan yrði engan veginn borin saman við ljenskirkjur út um land, og sambandi hennar við ríkissjóðinn og landssjóðinn yrði eigi líkt við það, er prestaskipti yrðu á brauðum,

enda hefði dómkirkjan aldrei skipt eiganda. En ef landssjóðurinn hefði átt að taka við henni eptir reikningum, þá hefði hann sannarlega ekki haft ábatann, því að sjóði hennar hefði verið eytt til aðgjörðar við hana, og ríkissjóðurinn orðið að kosta miklu meira til. Þingmaður Þingeyinga hefði lagt áherzluna á það, að sú regla gilti, er prestar færu frá brauðum, að þeir yrðu að borga ofanálag á kirkjuna, ef gallar fyndust á henni. En þessi regla kæmist eigi hjer að, þar sem aldrei hefði verið spursmál um eigandaskipti, og þótt umsjónarmannaskipti hefðu orðið, væri það í allt öðrum skilningi, en þegar prestar skiptu brauðum, því að þeir gengju að brauðunum með þessum vissu kvöðum. Hann kvaðst því vona, að þingmenn hugleiddu, hversu mikil nauðsyn hjer væri fyrir hendi, og að ómögulegt væri að komast hjá henni, ef menn vildu, að landið hefði sína dómkirkju, sem hann hlyti að gjöra ráð fyrir. Jafnvel frá sjónarmiði þeirra, er gengju út frá ofanálagshugmyndinni, væri heldur engin ástæða til að neita fjárveitingunni. Ef þessi rjettur væri til á annað borð, sem hann þó fyrir sitt leyti ætlaði að eigi væri, þá mætti gjöra hann eins gildandi fyrir því. En hjer væri svo bráð nauðsyn fyrir hendi, að þinginu bæri að veila þetta fje.

Breyting sín við 12. grein væri að eins leiðrjetting á þeirri athugasemd, er þar væri gjörð, því hún væri að eins villandi. Þar væri sagt að stæði svo og svo á, en einungis á dálitlum parti af upphæðinni; þetta væri því engin breyting hjá sjer, heldur nákvæmari skýring á því, hvernig stæði á upphæðum þeim, er þar stæðu. Breytingar sínar við 13. grein væru með öllu nauðsynlegar, með því að þar væri færð niður upphæð sú, sem reynslan um undanfarin ár hefði sýnt að væri nauðsynleg til þarfa lærða skólans. Þessi summa væri reyndar calculatorisk (áætluð), og mætti því, ef það reyndist alveg nauðsynlegt, fara fram yfir hana. En hitt ætlaði hann mjög óheppilegt, að til taka minni upphæð, en komast mætti af með. Það væri þannig óumflýjanlegt að eyða því fje, sem nauðsynlegt væri til eldiviðar og ljósa, og þá væri þessi upphæð, 1000 krónur, mikils til of lítil, nema þingmönnum kynni að þykja það forsvaranlegt, að fara að hætta að leggja í ofnana á miðjum þorra, er vetrarhörkurnar væru mestar. Sama væri að segja um upphæð þá, er veitt væri til skólahússins utanstokks og innan, að hún væri of lág. Og þótt álíta mætti ekki að eins leyfilegt, heldur beina skyldu að fara fram yfir hana, þá væri þó yfir höfuð mjög óheppilegt, að áætla svo lágt, að fyrirfram væri gefið, að fram yfir það þyrfti að fara. Til ýmislegra útgjalda væri veitt undir tölul. 8. 1200 kr. Þessi upphæð hefði áður hjer um bil hrokkið til, en nú hefði þótt nauðsyn á, að tryggja skólann og bókhlöðuna fyrir eldsvoða, og til þess gengju 400 kr.; þetta væri þannig lögboðið gjald, og hefði því aðalupphæðin verið færð upp í 1600 krónur, en þrátt fyrir þetta væri hún nú færð niður í 1200 krónur. Þetta vonaði hann að þingmenn tækju til greina, svo og hinar breytingarnar, því að það væri allt byggt á reynslunni, að eigi yrði komizt af með minna. Aðgætandi væri líka, að stöðugt hækkaði eldiviður í verði, og skólahúsið hrörnaði ár frá ári. Hið síðasta breytingaratkvæði sitt væri einungis orðabreyting, sem auðsjáanlega ætti betur við. Að því, er snerti hinar aðrar breytingar, er lægju fyrir, þá gæti hann eigi annað, en verið hlynntur uppástungu hins 5. konungkjörna að efninu til, því að hún miðaði að því að efla verklegar framfarir, og yrði hann í því efni að meta mikils hinar góðu tillögur hins hæstvirta landshöfðingja, enda mætti ganga að því vísu, að hann mundi styðja öll slík verkleg fyrirtæki á sama hátt, og hann áður hefði gjört. En á hinn bóginn væri hann hræddur um, að svo mikið væri sett á 15. grein, að óvíst væri, hvort hún gæti borið þau gjöld, er þar væri ætlazt til. Hefði hann því kunnað bezt við, að landshöfðinginn veitti þennan styrk á sama hátt og áður. Uppástunga þingmanns Barðstrendinga yrði hann að vera mjög meðmæltur, en ætlaði eigi að tala um

hana að sinni, með því uppástungumaður hefði eigi enn minnzt á hana.

Eiríkur Kúld kvaðst eigi ætla að tala margt um breytingaruppástungu sína, en það, sem hefði gefið sjer tilefni til hennar, væri það, að hann hefði fengið bendingar í athugasemdunum við stjórnarfrumvarpið á bls. 29, að þar væri ætlazt til, að launaviðbótin við 2. kennarann á prestaskólanum væri 200 krónur; en það væri kunnugt um hann, að hann hefði verið kennari við prestaskólann í meir en 25 ár, og verið virtur og elskaður af öllum þeim, er hefðu þekkt hann. Þessi maður hefði aldrei fengið neina verulega launaviðbót, en væri þó eldri en hinn 1. kennarinn, sem hefði fengið miklu hærri launaviðbót. Það væri því maklegt, að honum væri einhver sómi sýndur, enda hefði stjórnin einnig farið fram á að veita honum þetta. Hann játaði reyndar, að sjer væri ekki um, að auka útgjöldin úr því, sem þau nú væru, en hjer væri að eins um lítilræði að gjöra, og efaðist hann því ekki um, að menn mundu verða þessu hlynnandi. Það er til breytingaruppástungu hins 5. konungkjörna þingmanns kæmi, kvaðst hann fegina vilja gefa henni atkvæði sitt, en af því að af svo litlu væri að taka, nema af sje því, sem ætlað væri í 15. grein, þá ætlaði hann að sætta sig við orð hins hæstvirta landshöfðingja í þessu efni, því að kunnugt væri um hann, að hann væri hlynntur öllum verklegum framkvæmdum; svo mundi heldur eigi svo lítið sje sett hafa verið á 15. gr. til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, að eigi væri líklegt, að af því mætti miðla nokkru í þessu tilliti. Hvað breytingaruppástungur hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns snerti, þá væri hann honum samdóma viðvíkjandi 12. greininni, en viðvíkjandi 10. greininni um aðgjörð á kirkjunni gæti hann ekki verið honum samdóma. Hann játaði það reyndar, að sjer hefði aldrei dulizt, hversu sorglegt væri, að sjá guðshús í slíku ásigkomulagi, sem kirkjan væri; hann tæki undir orð landshöfðingjans, að hún þyrfti bráðra aðgjörða við, og væri það skylda þingsins, að sjá um, að það færist eigi fyrir. Hann ætlaði eigi að dispútera um, hver ætti að bera byrðina; en hann ætlaði óhappalegt, að vera að smákáka við kirkjuna, og vonaði hann því, að hún gæti staðið enn um nokkur ár, þar til er full vissa væri fengin fyrir því, að landsjóðurinn væri fær um að veita fje til aðgjörðar henni. Auk þessa væri, eins og þingmaður Húnvetninga hefði tekið fram, alveg ófært að fara nú að gjöra mikla rekistefnu út af þessu, því að það yrði til þess, að tefja fyrir fjárlagamálinu, og að þingið yrði eigi búið 26. þ. m. Orð þau, er hinn hæstvirti landshöfðingi hefði sagt í öðru máli, nefnilega: að nú væri þegar hlaðið svo miklu á landssjóðinn, að eigi væri fært, að fara fram á meira — þessi orð væru og ein orsök til þess, að hann gæti eigi gefið breytingaratkvæði þessu atkvæði sitt. Hann hefði einnig þá von, ef það yrði ofan á, að landssjóðurinn ætti að bera byrðina, að mál þetta þá kæmi fyrir á næsta þingi, og þá yrði hægra með ýmsar fjárveitingar en nú og meira fje til aðgjörðar dómkirkjunni, þannig að hún yrði sæmilegt guðshús, en það gæti hún nú með engu móti heitið. Hann ætlaði ekki að hrekja orð hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns, að nauðsynlegt væri og gott að ráða bót á þessu, en hinn hæstvirti landshöfðingi hefði sannfært sig um, að það væri eigi hægt nú sem stæði.

Benidikt Kristjánsson kvaðst eigi ætla að tala margt að þessu sinni; en hefði hann skilið orð hins hæstvirta landshöfðingja rjett, þá hefði sjer virzt hann vilja hrekja ástæður sínar með því að segja, að eigi væri fremur þörf á úttekt á kirkjunni en fasteignum landsins; en sjer fyndist þó hjer vera ólíku saman að jafna, þar sem öllum jörðum hefði verið svo gott sem skilað með álagi, þegar aðskilnaðurinn hefði farið fram, með því að ábúendum jarðanna hefði verið gjört að skyldu, að búa sæmilega á þeim, og að öðrum kosti að svara til álags á þær. En hvað kirkjuna snerti, hefði sá enginn verið, er hefði haft skyldu til að skila henni í forsvaranlegu standi. Með líku móti hefði hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður viljað

hrekja orð sín, með því að segja, að sjerstaklega stæði á með dómkirkjuna, er hún væri þjóðeign; en væru ljenskirkjurnar það ekki líka? hann hefði ímyndað sjer það.

Ásgeir Einarsson sagði, að eitt orð, er landshöfðinginn hefði mælt áðan, hefði komið sjer til að standa upp úr sæti sínu. Hinn hæstvirti landshöfðingi hefði sagt, að ríkissjóðurinn hefði verið fjárhaldsmaður landssjóðsins; því hefði verið ver, að svo hefði verið. En þá hefði þessi fjárhaldsmaður átt að fara hyggilegar að ráði sínu, og vera búinn að gjöra við kirkjuna, meðan hún hefði verið undir umsjón hans, og láta þá eigi sækja, eins og áður hefði verið gjört, sand suður til Danmerkur, eða hafa vit á, að draga múrsteininn upp úr sjónum. Það væri að sönnu sagt í stöðulögunum, að fullkominn aðskilnaður væri kominn á fjárhaginn milli Íslands og Danmerkur, en það hefði þó hvorki alþingi eða þjóðin viðurkennt enn, svo fjárhaldinu væri naumast skilað enn löglega. Þar sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hefði sagt, að hjer væri ekki spursmál um annað, en hve nauðsynlegt væri að gjöra við kirkjuna, þar sem ómögulegt mundi vera, að hún gæti staðið til 1878, þá kvaðst hann þó halda, að hún gæti staðið enn nokkra hríð, því að fyrir 10 árum, þá er hann hefði komið hingað síðast, hefði verið næsta lítill munur á kirkjunni og nú væri, og mundi hún hanga uppi yfir þeim, sem í hana kæmu á helgum dögum, og ekki færu í útreiðir fyrir og um messutímann. Það er til hinna breytinganna kæmi, þá virtist sjer breytingaruppástunga þingmanns Barðstrendinga að vísu sanngjörn og ganga út á svo lítið, en þó aptur á hinn bóginn princip-spursmál, líkt og stjórnarframvarpið hefði farið fram á um landlækninn, og hefðu því báðir eða hvorugur átt að fá launaviðbót þessa, og væri hann á móti þessu breytingaratkvæði. Kringumstæður þessa manns væru eigi heldur svo bágar, og fyndist sjer liggja öllu nær, að konungur hefði sýnt honum sama sóma, sem öðrum verðskulduðum embættismönnum. Viðvíkjandi því, er hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður hefði haft fram að færa, þá hefði hann heyrt, að hinn hæstvirti landshöfðingi hefði gjört mannúðlegar tilraunir áður í þessu efni, en enginn árangur orðið af því, og hjeldi hann því varla, að þessi deild mundi gefa atkvæði sitt fyrir uppástungunni.

Sighvatur Árnason kvað það nú leiðast í ljós, sem auðvitað var, að tíminn væri helzt til of stuttur til að íhuga vandlega þetta mál og gjöra breytingar við það. Og hvað þá snerti breytingaruppástunguna viðvíkjandi dómkirkjunni, þá fyrirfti það mál nákvæmrar íhugunar við, með því að það væri vandamál mikið, og mönnum kæmi eigi saman um, hver bera ætti byrðina, og mundi eigi auðhlaupið að því, að komast að niðurstöðu í því efni. Hann kvaðst fyrir sitt leyti stórlega efast um, að það yrði til annars að breyta því, er neðri deildin væri búin að fjalla um, en til þess, að það kæmi aptur fyrir efri deildina, og því næst fyrir hið sameinaða þing. Reyndar væri hann hræddur um, að allur dráttur á aðgjörð við dómkirkjuna yrði landssjóðnum til skaða, en hann hefði upprunalega hugsað sjer, að fást ekki við neinar breytingar á fjárlagafrumvarpinu, þó að sennilegar væru, því að til þess væri tíminn allt of naumur orðinn, og vildi hann eigi fjölyrða meir um þetta mál.

Landshöfðinginn kvaðst viðvíkjandi uppástungu varaforseta vilja geta þess, að hann persónulega hefði ekkert á móti henni, en launaviðbótin væri veitt í 13. gr. Viðvíkjandi fjárveitingunni til aðgjörðar á dómkirkjunni vildi hann geta þess, að þegar hann um daginn hefði bent á, að tekjuafgangurinn mundi allhátt áætlaður, þá hefði það þó verið sín meining, að hann mundi nægja til þessarar upphæðar, er hjer væri farið fram á. Vildi hann hugga varaforseta með því, að hann hefði borið sig saman við fjárlaganefndina um, hvernig reikna skyldi tekjuafganginn í sambandi við 18. grein, og hefði þeim komið saman um að ákveða hann 68,000 kr. Ef þingmaður Þingeyinga vildi halda fram úttektaruppástungu sinni, þá vildi hann benda honum á, að ríkissjóðurinn á hinum

30 árum hefði varið 90,000 kr. til endurbyggingar og aðgjörðar á kirkjunni.

Jón Hjaltalín kvaðst verða að mæla nokkur orð, þar eð hann ætti breytingaruppástungu við 10. gr. stafl. c. um 1000 kr. styrk handa Egilsson til kalkbrennslu, og vonaði hann, að þingdeildarmenn mundu eigi lá sjer, þótt hann elskaði kalkið, því að vjer þyrftum sannarlega á því að halda. Vjer þyrftum eigi annað en líta á dómkirkjuna, hversu hún væri útlits, og kvaðst hann viss um, að enginn ærlegur Íslendingur vildi horfa á það, að aðalkirkja landsins hryndi í grunn. Úttektaruppástunguna vildi hann eigi fara orðum um. Hann vildi styðja að því, að viðgjörð fram færi á kirkjunni, og dygði alls eigi að draga hana, enda væri hætt við, að kostnaðurinn yrði 1878 tvöfaldur við það, sem hann yrði nú. Uppástunga sín stæði í nánu sambandi við aðgjörðina á kirkjunni. Vonaði hann, að deildin sæi, að gott væri að hafa kalkið að grípa til. Hann væri kunnugur húsabyggingum erlendis, og að því betra sem efnið væri, því betri væru byggingarnar; betra kalk en hjer væri hvergi að fá. Vonaði hann að deildin mundi fúslega veita þessar 1000 kr. til fyrirtækis þessa, enda væri hann viss um, að landshöfðingjinn mundi styrkja þetta fyrirtæki, eins og hann áður hefði gjört, enda þótt þá hefði eigi gagn að orðið. En nú væri Egilsson búinn að fá kaupmann nokkurn hjer í bænum í fylgi með sjer, og ofninn væri þegar kominn. Íslendingar þyrftu sannarlega að læra kalkbrennslu; það væri mjög áríðandi að hafa nóg kalk fyrir hendi; væri í þessu efni ekki að eins um dómkirkjuna að ræða, það væri einnig í vonum að fá upp þinghús, og væri alþingi sannarlega verðugt að styðja að því, að það gæti fengizt. Það væri munur á, hvort efnin fengjust í landinu sjálfu, eða þau yrði að sækja um 300 mílur til annara landa. Nú væri fjöldi ungra manna búinn að læra að kljúfa og höggva stein, og það mætti þakka byggingarmeistara hegningarhússins. Væri hann viss um, að þegar nóg kalk væri fyrir hendi, mundi steinhús rísa á steinhús ofan. Kvaðst hann ætla, að þegar veggjalím fengist í landinu sjálfu, þá mundi viðgjörðin á dómkirkjunni nokkuð hátt metin; ef menn eigi hugsuðu um að reisa hana af nýju, heldur að eins láta fram fara viðgjörð á henni, þá væri það víst, að kostnaðurinn væri reiknaður of hár. Vildi hann styðja að aðgjörð á henni, en eigi láta reisa hana af nýju. Menn mættu eigi vera um of hræddir við útgjöldin; menn væru að spara skildinginn, en sóa dalnum. Enn væru tekjur, sem menn eigi mundu slá hendinni af, t. d. tollur af öli og tóbaki. Kvaðst hann vona, að þingdeildarmenn mundu styðja uppástungu sína undir stafl. C. 10. gr., enda mundi hitt þá falla ljettara, að gjöra við dómkirkjuna.

Ásgeir Einarsson kvaðst eigi ætla að svara öllu því, er svara mætti, í ræðu hins háttvirta 5. konungkjörna þingmanns; hefði sjer verið ræða hans gjörkunnug áður, og kvaðst hann nær hafa kunnað hana utanbókar. Hann kvað það gott, að hafa nóg af góðu kalki, og að stutt væri að flytja það. Þetta væri nú sjerlega gott, og væri, eptir því sem þingmaðurinn sagði, töluverður styrkur handa kirkjunni; sæist það á uppástungu hans, að hann ætlaði að leggja til ríflegan sinn skerf til aðgjörðar henni, með útflutningsbanni á kalkefni, og væri gott að hann gæti ljett undir með báðum, bæði kalkbrennslumanninum og kirkjunni, því kalkbrennslumanninum væri með þessu veitt nokkurs konar einkaleyfi til kalkbrennslu. Þetta kynni nú að vera spaug, en annað væri sjer alvara. Þingmaðurinn hefði sagt, að enginn ærlegur Íslendingur gæti horft á kirkjuna svona. Hvernig stæði þá á því, að þingmaðurinn sjálfur hefði getað horft á hana svona útlítandi í mörg ár, og kvaðst hann þó eigi hafa heyrt þess nokkursstaðar getið, að hann hefði lagt fje til aðgjörðar henni úr sínum sjóði; vildi hann víst eigi kalla alla Íslendinga ó æ r l e g a, þótt þeir legðu eigi fje til hennar, og þó allrasízt sjálfan sig. Í sveitum kvaðst hann vita mörg dæmi þess, að sóknarmenn hefðu hlaupið undir bagga með kirkjum sínum, og lagt fje til úr sínum vasa, bæði til að reisa

þær af nýju, eða þá til viðgjörðar á þeim, heldur en að láta þær falla í grunn. Síðan hefði þingmaðurinn farið að tala um öltoll og tóbakstoll; en viðvíkjandi öltollinum, þá hefði það ætlað að verða dýrkeypt fyrir hann að ná fram að ganga, og hefði sjer sýnzt þingmaðurinn venda «stagfokkunni» allopt í því máli. Svo hefði hann í ræðu sinni eignað byggingameistara hegningarhússins í Reykjavík þakkirnar fyrir það, að margir Íslendingar kynnu nú að höggva og kljúfa stein, en viðvíkjandi þessu vildi hann geta þess, að hann fyrir mörgum árum síðan hefði sjeð hjer allt eins vel klofinn stein, og væri því eigi byggingameistara hegningarhússins fyrir að þakka í þessu efni.

Eiríkur Kúld sagðist raunar eigi hafa lagt eins harða þýðingu í orð hins 5. konungkjörna þingmanns, eins og þingmaður Húnvetninga; honum mundi hafa hrotið þau óvart af munni. En hinn háttvirti þingmaður hefði upplýst sig um nokkuð, en það væri, að hann hefði eigi skilið sjálfan sig áðan, og þess vegna tekizt svo hraparlega að sanna það, er hann hefði ætlað að sanna. Þingmaðurinn hefði viljað styðja að því, að þingið færi þegar í stað, að áætla fje til kirkjubyggingarinnar, en annað veifið hefði hann haldið því fast fram, að ógjörlegt væri að brúka annað kalk til kirkjubyggingarinnar, en kalkið úr Esjunni. Hann væri honum að vísu samdóma um það, að æskilegt væri, að fá kalkið sem stytzt að. En gæti þingmaðurinn fullvissað sig um það, að búið yrði að brenna kalkið úr Esjunni í tæka tíð, þegar aðgjörðin á kirkjunni skyldi svo bráðlega fram fara? Þetta væri mótsögn hjá þingmanninum, hann vildi láta landið gjöra þegar við dómkirkjuna, en þó skyldi bíða eptir brenndu kalki úr Esjunni. Fyrir sitt leyti yrði hann að efast um, fyrst enn væri eigi annað til en ofninn, að það yrði einu sinni búið að brenna nóg kalk fyrir næsta þing, og þá væri nógur tími til að tala um kirkjuna. En þingmaðurinn gæti má ske upplýst sig um þetta efni.

Jón Hjaltalín sagðist verða að segja, að þingmaður Húnvetninga hefði misskilið orð sín. Sjer hefði aldrei komið til hugar að kalla nokkurn þingmann óærlegan. Hann hefði sjeð þvert á móti margar kirkjur prýðilega uppbyggðar af samskotum valinkunnra manna, og þar á meðal væri þingmaður Húnvetninga einn, og hefði hann því allra-sízt getað meint, að hann væri óærlegur drengur. Það hefði einmitt líka vakað fyrir sjer, að Reykvíkingar ættu eigi að skorast undan, að leggja sinn skerf til kirkjubyggingarinnar. En þar sem þingmaður Barðstrendinga væri hræddur um, að svo langur tími gengi til að brenna kalk, þá gæti hann huggað hann með því, að það væri engum sjerlegum örðugleikum bundið, þegar vel væri kynt. Að öðru leyti virtist sjer, að því, er dómkirkjuna snerti, að þetta úttektarspursmál þyrfti eigi að koma í nokkurn bága við, að gjört yrði nú út um, að veita fje til aðgjörðar á henni; vjer hefðum þá ætíð þann rjett vorn geymdan. En eins og allir gætu skilið, sem nokkuð vildu um það hugsa, þá yrði aðgjörðin því dýrari, því lengur sem henni yrði frestað.

Jón Pjetursson sagði, að fyrst, er hann hefði sjeð breytingaratkvæðið um dómkirkjuna, þá hefði hann ætlað, að gefa atkvæði sitt móti því, en þegar hann hefði heyrt hinn hæstvirta landshöfðingja segja, að hann hefði borið sig saman við fjárhagsnefndina, og áliti, að nóg fje yrði eptir í landssjóðnum til að standast kostnaðinn við aðgjörð dómkirkjunnar, þá væri eptir sinni ætlan eigi ástæða til að fresta aðgjörðinni, því að endurbótin yrði því kostnaðarsamari, því seinna sem tekið væri til hennar, og væri því bezt að gjöra það sem fyrst. Viðvíkjandi breytingaruppástungu hins 5. konungkjörna þingmanns, þá fyndi hann eigi ástæðu til, að gjöra það að sjerstakri útgjaldagrein í fjárhagslögunum, heldur láta það hvíla á hinum óvissu útgjöldum, ef fje það, er til þeirra væri ætlað, annars leyfði það. Hvað snerti fjárveitingu til að gefa út «Lovsamling for Island», þá vissi hann ekki, hvort þarflegt væri, að veita fje til slíks, þó að reyndar þá

yrði bil á milli, þangað til stjórnartíðindin byrjuðu.

Landshöfðinginn kvaðst hafa borið sig saman við fjárlaganefndina um það, hvernig reikna ætti tekju-afgang landssjóðsins samkvæmt 18. grein, en þeim hefði ekki komið saman um aðgjörðina á dómkirkjunni, eins og sjer hefði virzt hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður halda.

Ásgeir Einarsson kvaðst verða að halda, að hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður myndi ekki eptir því, hvað hinn hæstvirti landshöfðingi hefði sagt um daginn, þegar um alþingistollinn hefði verið að ræða; þá hefði honum eigi þótt landssjóðurinn standa sig svo vel, að hann mætti vera án þeirrar tekjugreinar, og væri þá líklegt, að hann eigi væri fær um að bera þann kostnað, er af viðgjörð dómkirkjunnar mundi leiða.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og var þá 2. kaflinn borinn upp til atkvæða, og fór atkvæðagreiðslan á þessa leið:

7. grein frumvarpsins,
samþykkt í einu hljóði.

8. grein frumvarpsins,
samþykkt í einu hljóði.

9. grein frumvarpsins,
samþykkt í einu hljóði.

10. grein frumvarpsins,

A. 1. samþykkt í einu hljóði.
2. —— - — —
3. —— - — —
Aðalupphæðin hjer með samþykkt.

B. 1. samþykkt í einu hljóði.
2. —— - — —
3. —— - — —
Aðalupphæðin hjer með samþykkt.

C. 1. samþykkt í einu hljóði.
2. —— - — —
3. —— með 9 atkvæðum.
4. —— í einu hljóði.
5. —— - — —
6. —— - — —
7. —— - — —
Aðalupphæðirnar hjer með samþykktar.

Breytingaratkvæði (frá Bergi Thorberg) við 10. gr. (síðast í greininni í staflið C.),
fellt með 6 atkvæðum gegn 5.

Breytingaratkvæði (frá 5. konungkjörna þingmanni),
fellt með 6 atkvæðum gegn 3.

11. grein frumvarpsins.

1. samþykkt í einu hljóði.
2. —— - — —
Aðalupphæðin hjer með samþykkt.

12. grein frumvarpsins.

1. samþykkt í einu hljóði.
2. —— - — —
3. —— - — —
4. —— - — —

Breytingaratkvæði (frá Bergi Thorberg) við athugasemdina við 12. gr.,
samþykkt með 9 atkvæðum.
Athugasemd frumvarpsins hjer með fallin.

13. grein frumvarpsins.

A. I. a. samþykkt í einu hljóði.
— - b. 1. —— - — —
— - - 2. —— - — —
— - - 3. —— - — —
— - - 4. —— - — —
Aðalupphæðin hjer með samþykkt.

B. I. a. Breytingaratkvæði (frá Eiríki Kúld).
Atkvæðagreiðslan varð hjer óglögg, og ljet forseti því við hafa nafnakall.
já sögðu:
Bergur Thorberg,
Benidikt Kristjánsson,
Eiríkur Kúld,
Jón Hjaltalín,
Jón Pjetursson,
Þórður Jónasson.
nei sögðu:
Ólafur Pálsson,
Ásgeir Einarsson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson,
Torfi Einarsson.
Var breytingaratkvæðið þannig samþykkt með 6 atkvæðum gegn 5, en töluliður frumvarpsins fallinn.

— - b. 1. samþykkt í einu hljóði.
— - - 2. Breytingaratkv. (frá Bergi Thorberg), fellt með 6 atkvæðum gegn 4.

Töluliður frumvarpsins samþykktur með 10 atkvæðum.

B. I. b. 3. samþykkt með 9 atkvæðum.
— — — 4. —— — 9 ——
— — — 5. —— — 10 ——
Aðalupphæðin með tilliti til breytingar undir a, samþykkt í einu hljóði.
— II. a. samþykkt í einu hljóði.
— — b. 1. samþykkt í einu hljóði.
— — — 2. Aðstoðarfje:
Til söngkennara . . . 860 kr. samþykkt í einu hljóði.
Til fimleikakennara . . 700 — samþykkt í einu hljóði.
Til dyravarðar . . . 600 — samþykkt í einu hljóði.
Aðalupphæðin hjer með samþykkt.
— — c. 1. samþykkt með 10 atkvæðum.
— — — 2. Breytingaratkvæði (frá Bergi Thorberg), fellt með 5 atkvæðum gegn 3.
Töluliður frumvarpsins samþykktur í einu hljóði.
3. Breytingaratkvæði (frá Bergi Thorberg):
Atkvæðagreiðsla varð óglögg, og ljet því forseti við hafa nafnakall.
já sögðu:
Bergur Thorberg.
Ólafur Pálsson.
nei sögðu:
Ásgeir Einarsson.
Benidikt Kristjánsson.
Eiríkur Kúld.
Jón Hjaltalín.
Jón Pjetursson.
Sighvatur Árnason.
Stefán Eiríksson.
Torfi Einarsson.
Þórður Jónasson.
Var breytingaratkvæðið þannig fellt með 9 atkvæðum gegn 2.
Töluliður frumvarpsins samþykktur í einu hljóði.
4. samþykkt með 10 atkæðum.
5. —— í einu hljóði.
6. samþykkt í einu hljóði.
7. —— - — —
8. Breytingaruppástunga (frá Bergi Thorberg), felld með 7 atkvæðum gegn 2.
Töluliður frumvarpsins samþykktur í einu hljóði.
B. III. samþykkt með 7 atkvæðum.
C. 1. samþykkt í einu hljóði.
2. —— *með 10 atkvæðum.*
3. —— með 7 —— gegn 1.
4. Breytingaratkvæði (frá Bergi Thorberg), samþykkt með 10 atkvæðum.
Töluliður frumvarpsins þar með fallinn.
14. gr. frumvarpsins samþ. með 8 atkv.
15. gr. frumvarpsins samþ. í einu hljóði.
16. gr. frumvarpsins samþ. í einu hljóði.
17. gr. frumvarpsins samþ. í einu hljóði.
18. gr. frumvarpsins samþ. í einu hljóði.

Að frumvarpið í því formi, sem það þannig væri í, gengi til 3. umræðu, var samþykkt í einu hljóði.

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1876 og 1877, eins og það var samþykkt af efri deild alþingis við 2. umræðu 20. d. ágústm. 1875.

(Frá landshöfðingja).

Við 6. gr. Í stað orðanna: «Af stjórninni dregið frá» komi: «að frádregnum (sbr. 2. gr. 11)».

Að 18. gr. orðist þannig:

Ef

1. frumvarp til laga um laun (íslenzkra) embættismanna.
2. frumvarp til laga um aðra skipun læknahjeraðanna.
3. frumvarp til yfirsetukvennalaga.
4. — — laga um sóttvarnir.
5. — — — — heiðurslaun handa Jóni Sigurðssyni, alþingismanni Ísfirðinga.
6. frumvarp til laga um breyting á tilskipun um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum.
7. frumvarp til laga um að af nema alþingistollinn.

8. frumvarp til laga um stofnun læknaskóla o. fl.
nær lagagildi á fjárhagstímabilinu 1876—77, veitast bæði á tekju- og útgjaldadálkinum þær upphæðir, sem tjeð frumvörp gjöra ráð fyrir, og er svo á ætlazt, að þegar hinar þannig ráðgjörðu tekjur verða dregnar frá gjöldum þeim, sem ofangreind frumvörp hafa í för með sjer, muni tekjuafgangurinn allur saman á fjárhagstímabilinu (sbr. 17. gr.) færast niður um hjer um bil 60,000 krónur.
9. Ef bæjarfógeta embættið verður á fjárhagstímabilinu skilið frá sýslumannsembættinu í Gullbringu- og Kjósarsýslu, færist 10. gr. B I upp um 1000 krónur á ári, alls 2000 krónur.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri þingdeildinni.

Á 45. fundi efri þingdeildarinnar 23. ágústmán. kom samkvæmt dagskránni til þriðju umræðu frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1876 og 1877.

Landshöfðingi kvaðst með tilliti til breytinga þeirra, er hann samkvæmt þingsköpunum hefði leyft sjer að stinga upp á, vilja geta þess, að þær að eins væru orðabreytingar við frumvarpið, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í þessari deild.

Hvað snerti orðabreytinguna við 6. grein: að í stað orðanna «af stjórninni dregið frá» komi «að frádregnum (sbr. 2. gr. 11)», kvaðst hann hafa borið sig saman við fjárlaganefndina í neðri deild þingsins um hana, og hefði hún fallizt á þessa breytingu. Breyting sú í stjórnarfrumvarpinu, sem hún ætti við, væri að hans áliti miður heppilega orðuð, af því að það í rauninni ekki væri stjórnin, er drægi upphæð þá, er hjer ræddi um, frá, heldur væri það dregið frá í fjárlögum Danmerkur, og þess vegna táknaði orðabreyting sú, er hann nú hefði stungið upp á, einmitt það, sem neðri deildin hefði ávallt nauðsynlegt að taka fram við þessa grein frumvarpsins, og eins og fjárlaganefnd neðri deildarinnar hefði samþykkt þessa orðabreytingu og vildi mæla með henni, ef hún kæmi til atkvæðagreiðslu í hinni deildinni, treysti hann einnig því, að hinir háttvirtu þingmenn mundu aðhyllast hana við þessa umræðu.

Hin önnur orðabreyting, er stæði á atkvæðaskránni, væri samin af fjárlaganefndinni og samþykkt af honum, og hefði hann lofað að bera hana undir atkvæði þessarar heiðruðu deildar, og mæla með henni, til þess að komast hjá tímatöf þeirri, er mundi leiða af, að fjárlögin, þegar neðri deildin samþykkti frumvarpið með þessari breytingu, sem fjárlaganefndin áliti nauðsynlega, ætti að koma aptur inn í þessa heiðruðu deild. Hvað snerti upptalningu þeirra frumvarpa, sem getið væri um í uppástungunni, kvaðst hann vilja taka það fram, að bætt væri við «o. fl.», með tilliti til þess, að fleiri frumvörp kynnu innan þingloka að vera samþykkt af þinginu, t. a. m. um sölu prentsmiðjunnar, kaup á Helgastaðanámunum, og um aðflutningsgjald á tóbaki; en upphæð sú, er tiltekin væri í uppástungunni, og sem afgangurinn ætti að færast niður um, hjer um bil 60,000 krónur, væri miðuð við þau frumvörp, sem þingið nú væri búið að samþykkja, og hefði fjárlaganefndin reiknað þessa upphæð þannig:

1. Eptir lögum um laun embættismanna	c.	12,475 kr.
2. Eptir lögum um skipun læknahjeraðanna	c.	11,000 —
3. Eptir yfirsetukvennalögunum	c.	2,000 —
4. Eptir lögum um stofnun læknaskóla	c.	3,800 —
5. Eptir lögum um sóttvarnir	c.	5,000 —
6. Eptir lögum um heiðurslaun handa J. Sigurðssyni . . .		6,400 —
7. Eptir lögum um að af nema alþingistollinn	c.	2,800 —
8. Eptir lögum um laun til bæjarfógetans í Reykjavík		2000 —
Samtals		70,675 —
Hjer frá drægist eptir lögum um aðflutningsgjald á brennivíni		10,000 —
eptir	c.	60,675 kr.

Eptir samkomulagi þessu milli fjárlaganefndarinnar í neðri deild þingsins og hans,

kvaðst hann vilja biðja hina heiðruðu deild að samþykkja þessa uppástungu.

Eiríkur Kúld kvaðst fyrir sitt leyti alveg eindreginn í því, að samþykkja breytingaruppástungur þær, er fram komnar væru við frumvarpið frá hinum hæstvirta landshöfðingja; en sjer væri eigi ljóst um 9. töluliðinn, og þætti sjer vænt um, ef hinn hæstvirti landshöfðingi vildi skýra hann fyrir sjer; hann kvað sjer hafa skilizt svo, sem það mál væri fallið í neðri deildinni.

Landshöfðinginn sagði, að eins og hann hefði bent á, þá væri 9. tölul. saminn af nefndinni í neðri deildinni, og þó að sú uppástunga, að bæjarfógetaembættið í Reykjavík og sýslumannsembættið í Gullbringu- og Kjósarsýslum yrði aðskilið, hefði verið felld um daginn, þá hefði það, eptir því sem honum hefði skilizt, engin áhrif á málið.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og var gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. Breytingaruppástunga (frá landshöfðingja) við 6. gr. samþykkt í einu hljóði.
2. Breytingaruppástunga (frá sama), að 18. gr, orðist öðruvísi, samþykkt í einu hljóði.
3. Frumvarpið í heild sinni þannig breytt samþykkt í einu hljóði.

Gat forseti þess, að það yrði afgreitt til neðri deildarinnar.

Sama dag og fjárlagafrumvarpið var samþykkt við þriðju umræðu í efri þingdeildinni, var því útbýtt meðal þingmanna í neðri þingdeildinni, í því formi, sem það nú hafði fengið, og skoraði forseti á nefnd þá, sem áður hafði fjallað um málið, að láta uppi álit sitt um breytingar þær, er efri þingdeildin hafði gjört á frumvarpinu.

NEFNDARÁLIT.

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1876 og 1877, eins og það var samþykkt af efri þingdeildinni við 3. umræðu 23. ágústmán. 1875.

Af breytingum þeim, sem efri deild alþingis hefur gjört á frumvarpinu um fjárlög fyrir árin 1876—77, er ein efnisbreyting í upphæðinni í 13. gr. B. I. a, sem er svo lítilsvarðandi í fjárhagslegu tilliti, að nefndinni ekki virðist tilvinnandi af þeirri orsök að leggja það á hættu, að málið fari fleiri ferðir milli þingdeilda.

Athugasemdin við 12. gr. er ljósar orðuð í frumvarpinu, eins og það nú er komið frá efri deildinni, en hún áður var, og fellst nefndin á hana.

Sama er að segja um 18. grein. Raunar er hvorki gjört ráð fyrir afrakstrinum af tóbakstollinum, andvirði prentsmiðjunnar, nje upphæð þeirri, sem rennur í landssjóð, þegar búið er að upp segja veðinu í Laugarnesinu. En af því þær upphæða-breytingar, sem af þessu getur leitt, eru óvissar, virðist greinin mega standa eins og hún er. Að eins skal þess getið, að við sölu prentsmiðjunnar árið 1876 bætast landssjóðnum, ef einn þriðjungur andvirðisins er útborgaður, og tveir þriðjungar þess ávaxtaðir, — að meðtöldum peningaeptirstöðvum og skuldabrjefum — í innstæðu rúmar . . . . . 6000 kr.
í vöxtum fyrir 1876 og 1877 . 1120 —

Við uppsögn á veðinu í Laugarnesi renna í landssjóð sem innstæða að minnsta kosti . . . 3690 —
eða helmingur skuldarinnar, en árið 1877 nema vextirnir aptur ekki nema 140 kr.

Að endingu mun tóbakstollurinn bæði árin gefa af sjer hjer um . . . . . 24000 —

Sámtals 34710 —

og ætti því eptir þessu að eins að færa afganginn í 17. grein niður um hjer um bil 26,000 kr. í staðinn fyrir, eins og í greininni er ráðgjört, 60,000 kr.

Í fjárhagsnefnd neðri deildar alþingis 24. dag ágústmánaðar 1875.

Einar Ásmundsson, skrifari. Grímur Thomsen, form. og framsögum.
Jón Sigurðsson. H. Kr. Friðriksson. Snorri Pálsson. G. Einarsson. Tryggvi Gunnarsson.

EIN UMRÆÐA

í neðri þingdeildinni.

Á 48. fundi neðri þingdeildarinnar 24. ágústmán. átti frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1876 og 1877 samkvæmt dagskránni að koma til einnar umræðu; en með því að tími sá, sem ákveðinn er í 17. grein bráðabyrgða-þingskapanna, eigi var liðinn frá því að frumvarpinu og nefndarálitinu um það hafði verið útbýtt meðal þingmanna, leitaði forseti samþykkis þingdeildarinnar til þess, að málið eigi að síður mætti koma til umræðu þann dag samkvæmt 43. grein þingskapanna; en því var neitað með 18 atkvæðum gegn 3. Aptur á móti var samþykkt í einu hljóði, að það mætti koma til umræðu næsta dag kl. 10 f. m.; gekk það því út af dagskránni.

Á 49. fundi neðri þingdeildarinnar næsta dag kom fjárlagamálið þannig aptur samkvæmt dagskránni til einnar umræðu.

Varð engin umræða um málið. Var þá gengið til atkvæða um breytingar efri deildarinnar, og var

1. breytingin við 6. gr. samþykkt með 13 samhljóða atkvæðum.
2. breytingin við 12. gr. samþykkt með 16 samhljóða atkvæðum.
3. breytingin við 13. gr. B, I, a. samþykkt með 9 atkvæðum á móti 5; var þá við haft nafnakall og sögðu

já:

Guðmundur Einarsson.

já:

H. Kr. Friðriksson.
Einar Ásmundsson.
Einar Guðmundsson.
Grímur Thomsen.
Hjálmur Pjetursson.
Ísl. Gíslason.
Jón Sigurðsson.
Páll bóndi Pálsson.
Stefán Stephensen.
Tryggvi Gunnarsson.
Þórarinn Böðvarsson.
Þorl. Guðmundsson.

nei:

Benid. Sveinsson.
Eggert Gunnarsson.
Einar Gíslason.
Páll Ólafsson.
Páll Pálsson, prestur,

og var breytingin þannig samþykkt með 13 atkv. gegn 5. Guðm. Ólafsson, Snorri Pálsson, Þórður þórðarson og Þorsteinn Jónsson greiddu eigi atkvæði.

4. 18. gr. samþykkt með 16 atkvæðum.
5. Frumvarpið í heild sinni samþykkt með 17 samhljóða atkvæðum.

Skýrði forseti þá frá, að hann nú samkvæmt 17. grein þingskapanna sendi frumvarpið til landshöfðingja sem lög samþykkt af alþingi í heild þess, og var það nú svo látandi.

FJÁRLÖG

fyrir árin 1876 og 1877.

1. Kafli.

Tekjur:

1. grein.

Á árunum 1876 og 1877 telst svo til, að tekjur Íslands verði 579,593 kr. 46 a., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er í 2.—6. grein.

2. grein.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar: 303,876 kr. 6 aurar:

	1876.	1877.	Alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. Tekjur af ljenssýslum	5,320	5,320	10,640
2. Lögþingisskrifaralaun	64 3	64 3	128 6
3. Tekjur af umboðssýslugjöldum	1,510	1,510	3,020
4. Konungstíundir	6,972	6,972	13,944
5. Lögmannstollur o. fl.	954	954	1,908
6. Alþingistollur	16,000	16,000	32,000
7. Nafnbótaskattur	200	200	400
8. Erfðafjárskattur	2,243	2,243	4,486
9. Gjald af fasteignarsölum	527	527	1,054
10. Gjöld fyrir leyfisbrjef og veitingabrjef	800	800	1,600
11. Lestagjald . . . . . 26,860 kr.			
—— af póstskipinu . . . . 1,988 —	28,848	28,848	57,696
12. Tekjur af póstferðunum	7,500	7,500	15,000
13. Gjald af vínföngum, að frádregnum innheimtulaunum	80,000	80,000	160,000
14. Óvissar tekjur	1,000	1,000	2,000
Samtals	151,938 3	151,938 3	303,876 6

3. grein.

Tekjur af fasteignum landssjóðsins eru taldar 54,452 kr.			
1. Afgjöld af umboðs- og klaustra-jörðum fyrir hvort árið . . . . . 35,580 kr.			
Að frá dregnum: umboðslaunum, prestsmötum, alþingistolli o. fl. 10,280 —	25,300	25,300	50,600
2. Afgjöld af jörðunni Belgsholti og Belgsholtskoti o. fl.	172	172	344
3. Leigugjöld: 1876 1877			
a, af Lundey . . . . . 134 kr. 134 kr.			
b, af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu . . . . . 1530 — 1710 —	1,664	1,844	3,508
Samtals	27,136	27,316	54,452

4. grein.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru ætlaðar að nemi 22,184 kr. 40 aurum.			
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	2,782	4,000	6,782
2. Leigur af og borgun upp í lán og skyndilán . .	7,440	7,260	14,700
3. Leigur af andvirði seldra jarða	351 20	351 20	702 40
4. Tekjur frá læknasjóðnum eru taldar að nemi árlega hjer um bil . . . . . 12,500kr.			
Af því eru greidd árlega þau útgjöld, sem hjer eru talin:			
a, Til læknakennslunnar í Reykjavík . . . . . 2,800 kr.			
yfir um 2,800 — 12,500kr.	10,573 20	11,611 20	22,184 40

			1876.	1877.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
handan að	2,800 kr.	12,500 kr.	10,573 20	11,611 20	22,184 40
b, Ferðastyrkur handa læknaefnum samkvæmt konungsúrskurði 21. okt. 1871 hjer um bil	300 —				
c, Styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	800 —				
d, Styrkur til sjúkrahússins á Akureyri árið 1876 . . .	2,400 —				
Styrkur til sjúkrahússins á Akureyri (1877) 400 kr.					
e, Laun ljósmóðurinnar á Vestmannaeyjum	60 —				
f, þóknun handa 5 settum hjeraðslæknum, samkvæmt konungsúrskurði 10. maí 1867 hjer um bil . . .	5,000 —	11,360 —			
Samkvæmt þessu verður umfram, árið 1876 1140 kr., og árið 1877 3140 kr., sem, þangað til komið verður á annari læknaskipun, skal haft til að auka innstæðufje læknasjóðsins, og er því tilfært fyrir innan strykið.					
5. Tekjurnar af hinum íslenzka styrktarsjóði eru ætlaðar að nemi 1632 kr. árlega, og verður þeim varið til þess að auka innstæðufje sjóðsins.					
		Samtals	10,573 20	11,611 20	22,184 40

5. grein.

Endurgjald lána verður talið 3,057 kr.			
1. Gjald upp í lán sökum fjárkláðans	1,000	1,000	2,000
2. Gjald upp í lán til þess að byggja upp aptur kirkju Möðruvallaklausturs	185	440	625
3. Gjald upp í lán til þess að byggja kirkju á Eyri	216	216	432
Samtals	1,401	1,656	3,057

6. grein.

Árgjald úr ríkissjóði verður talið 196,024 kr.				
Fast árgjald	60,000 kr.			
Aukagjald á ári	40,000 —			
	100,000 —			
Að frá dregnum (abr. 2. gr. 11)	1,988 —	98,012	98,012	196,024
	Samtals	98,012	98,012	196,024

2. Kafli.

Útgjöld.

7. grein.

Á árunum 1876 og 1877 veitast til útgjalda 451,895 kr. 71 a., samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. grein.

8. grein.

Útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin 26,800 kr., sem sje fyrir 1876 12,400 kr., og fyrir 1877 14,400 kr.

9. grein.

Til kostnaðar við alþingi árið 1877 veitast 32,000 kr.

10. grein.

Til útgjalda við umboðsstjórn, gjaldheimtur, reikningsmál, dómgæzlu, lögreglustjórn og fl. veitast fyrir árin 1876 og 1877 144,893 kr. 74 a.

	kr.	a.	1876. kr.	a.	1877. kr.	a.	alls. kr.	a.
A, Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:								
1. Laun embættismanna og fl.			17,598	66	18,282			
2. Endurgjald fyrir skrifstofukostnað			4,000		4,000			
3. Þóknun fyrir endurskoðun reikninga			1,600		1,600			
			23,198	66	23,882		47,080	66
B, Dómgæzla og lögreglustjórn:								
1. Laun embættismanna			16,206	66	16,440			
2. Til hegningarhússins í Reykjavík			2,503		2,503			
3. Önnur útgjöld			1,720		1,720			
			20,429	66	20,663		41,092	66
C, Ýmisleg útgjöld:								
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi	1,040							
2. Endurgjald fyrir borgun undir embættisbrjef	1,200							
3. Til þess að gefa út «Lovsamling for Island»							1,866	66
4. Brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar hjer um bil	286	88						
5. Styrkur til jarðabóta	2,400							
6. Til vegabóta							15,000	»
7. Til gufuskipsferða							30,000	»
	4,926	88	4,926	88	4,926	88	9,853	76
						Samtals	144,893	74

11. grein.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 38,010 kr. 64 a.					
1. Laun lækna	17,494	66	18,315	98	35,810	64
2. Önnur útgjöld	1,100		1,100		2,200	
Samtals	18,594	66	19,415	98	38,010	64

12. grein.

	1876. kr. a.	1877. kr.	alls. kr.
Útgjöldin við póststjórnina er ætlazt á að verði 26,800 kr., sem sje fyrir árið 1876, 13,600 kr., og fyrir árið 1877, 13,200 kr.			
1. Laun	3,200	3,200	6,400
2. Flutningur pósta	8,600	8,600	17,200
3. Önnur útgjöld	1,400	1,000	2,400
4. Útgjöld sem upp á kunna að koma	400	400	800
Samtals	13,600	13,200	26,800

Af upphæðinni undir 3. tölulið fyrir árið 1876 eru 400 kr. ætlaðar til kostnaðarins við að búa til ný frímerki, ef frumvarp til laga um breytingu á tilsk. um póstmál á Íslandi 26. febrúar 1872 verður að lögum. Af upphæðinni undir 4. tölulið eru c. 200 kr. hvort ár ætlaðar til þóknunar, er svari til 1 af 1000, handa póstmeistaranum í Reykjavík fyrir að taka móti peningum, sem gefnar eru út póstávísanir fyrir, og fyrir ábyrgð þá, sem þessu er samfara, ef honum mistelst.

13. grein.

Til kirkju- og kennslu-mála veitast fyrir árin 1876 og 1877 122,391 kr. 33 a.			
A, Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. Laun		7,932	8,032
b Önnur útgjöld:			
1. Til fátækustu brauða	2000 kr.		
2. Til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600 —		
3. Til prestsekkna og barna og styrkur handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum	2000 —		
4. Endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	800 —	5,400	5,400
		13,332	13,432
B, Kennslumálefni:			
I, Til prestaskólans:			
a, Laun		10,500	10,700
b, Önnur útgjöld:			
1. Húsaleiga handa 12 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum, ...	960 kr.		
og ein ölmusa	200 —		
2. Til tímakennslu	100 —		
3. Til bókakaupa	300 —		
4. Til eldiviðar og ljósa o. fl. . .	260 —		
yfir um	1,820 —	23,832	24,132

		1876.	1877.	alls.
		kr.	kr.	kr. a.
handan að	1,820 kr.	23,832	24,132	
5. Ýmisleg útgjöld	100 —			
	1920 —	1,920	1,920	
II, Til hins lærða skóla:				
a, Laun		12,687 33	12,844	
b, 1. Til umsjónar	1000 kr.			
2. Aðstoðarfje	2220 —	3,220	3,220	
Þessi upphæð skiptist þannig:				
Til söngkennara . . .	860 kr.			
— fimleikakennara . .	700 —			
— dyravarðar . . .	660 —			
c, Önnur útgjöld:				
1. Til bókakaupa	600 —			
2. Til eldiviðar og ljósa	1000 —			
3. Til skólahússins utan stokks og innan	1000 —			
4. Til tímakennslu áætlað	1060 —			
5. Ölmusur	8000 —			
6. Fyrir prestsverk	48 —			
7. Þóknun handa lækni	100 —			
8. Ýmisleg útgjöld áætluð . . .	1200 —	13,008	13,008	
III. Til undirbúnings gagnfræðisskóla-stofnunar á Möðruvöllum í Hörgárdal veitist fyrir fjárhagstímabilið 1876—1877 allt að				10,000
C, 1. Til stiptsbókasafnsins	400 kr.			
2. Til amtsbókasafnsins á Akureyri . .	200 —			
3. Til kvennaskólans í Reykjavík . . .	200 —			
4. Til forngripasafnsins:				
a, til að kaupa forngripi	400 —			
b, Til umsjónarmannsins	100 —	1,300	1,300	
		55,967 33	56,424	112,391 33
			Samtals	122,391 33

14. grein.

Til eptirlauna og styrktarfjár veitast 41,000 kr., og felst þar í 1000 kr. styrkur í eitt skipti fyrir öll handa ekkjufrú Hólmfríði Þorvaldsdóttur.

15. grein.

Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitast 10,000 kr.

16. grein.

Til óvissra útgjalda, sem upp á kunna að koma, veitast 10,000 kr.; hjer eru taldar með allt að því 3,000 kr. í þóknun, fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað o. fl. handa mönnum í nefnd þeirri, sem á að setja til að semja ný skattalög o. fl., og allt að

600 kr. þóknun til nefndar þeirrar, sem sett verður til að íhuga skólamál og semja nýjar reglugjörðir fyrir skólana.

17. grein.

Afganginn, sem fyrst um sinn er ætlaður að verði 127,697 kr. 75 a., skal leggja til viðlagasjóðsins.

18 grein.

Ef

1. frumvarp til laga um laun íslenzkra embættismanna,
2. frumvarp til laga um aðra skipun læknahjeraðanna,
3. frumvarp til yfirsetukvennalaga.
4. — — laga um sóttvarnir.
5. — — — — heiðurslaun handa Jóni Sigurðssyni, alþingismanni Ísfirðinga,
6. — — — — breyting á tilskipun um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum,
7. — — — — að af nema alþingistollinn,
8. — — — — stofnun lagaskóla o. fl.,

nær lagagildi á fjárhagstímabilinu 1876—77, veitast bæði á tekju- og útgjaldadálkinum þær upphæðir, sem tjeð frumvörp gjöra ráð fyrir, og er svo á ætlazt, að þegar hinar þannig ráðgjörðu tekjur verða dregnar frá gjöldum þeim, sem ofangreind frumvörp hafa í för með sjer, muni tekjuafgangurinn allur saman á fjárhagstímabilinu (sbr. 17. gr.) færast niður um hjer um bil 60,000 krónur.

9. Ef bæjarfógetaembættið í Reykjavík verður á fjárhagstímabilinu skilið frá sýslumanns-embættinu í Gullbringu- og Kjósarsýslu, færist 10. gr. B I upp um 1000 kr. á ári, alls 2000 kr.

II.

FRUMVARP til laga, sem hafa inni að halda ákvarðanir um laun íslenzkra embættismanna, og fleira.

I. Almennar ákvarðanir.

1. grein.

Þeir embættismenn eða sýslunarmenn, sem eptirleiðis verða lögð embættishíbýli, eru jafnaðarlega skyldir til, að standast sjálfir kostnað þann, sem gengur til árlegs viðurhalds híbýlanna að innan, og gjalda skatta þá og álögur, er samkvæmt lögum hvíla á þeim, sem hefur afnotin af húsi. Sje nokkrum embættismanni eða sýslunarmanni lögð embættisjörð, á hann að greiða alla opinbera skatta, sem á jörðinni hvíla.

Að því, er snertir þá embættismenn og sýslunarmenn, sem þegar hafa verið lögð embættishíbýli eða embættisjörð, skal farið eptir reglum þeim, sem gilt hafa hingað til. Hið sama er um prestssetrin og jarðir, sem lagðar eru prestum.

2. grein.

Þeir embættismenn eða sýslunarmenn, sem skipaðir eru með launum, er ákveðin eru í launalögum, eru skyldir að láta sjer lynda breytingar þær á yfirgripi og ásigkomulagi embættisstarfa þeirra, sem seinna kynni að verða mælt fyrir um, án þess að þörf sje á, að nokkuð sje áskilið um það í veitingarbrjefum þeirra.

3. grein.

Hafi sami maður tvö embætti eða sýslanir á hendi, og sjerstök laun eru ákveðin handa þeim í launalögum eða fjárlögunum, þá skal hann missa svo mikils í af laununum samanlögðum, sem svari helmingnum af minni laununum, eða ef launin eru jafnhá, helmingnum af öðrum laununum. Hafi sami maður á hendi embætti með föstum launum

og embætti eða sýslan, sem óvissar tekjur eru lagðar til að öllu eða nokkru leyti, þá skal, er beita á reglunni að framan, leggja tekjurnar af hinu síðarnefnda embætti eða sýslan, eins og þær hafa verið að meðaltali um hin síðustu 5 ár, til grundvallar við útreikninginn.

4. grein.

Sjerhver embættismaður eða sýslunarmaður er skyldur að gegna um stundarsakir þeirri þjónustu, sem er samfara þeirri stöðu, er æðri er en staða sjálfs hans í sömu stjórnargrein, án þess að eiga tilkall til þeirra hærri launa, sem eru lögð slíkri stöðu.

Sje embættismaður eða sýslunarmaður settur í annað embætti, og verði hann af þeirri sök að láta af að gegna sínu eigin embætti eða sýslan, má auk endurgjalds fyrir ferðakostnað veita honum öll launin, sem lögð eru embættinu eða sýslaninni, með því móti að hann láti af hendi laun þau, sem lögð eru embætti eða sýslan sjálfs hans. Gegni hann aptur á móti báðum stöðunum í einu, skal auk launa þeirra, sem lögð eru embætti sjálfs hans eða sýslan, veita honum þóknun, sem þó ekki má fara fram úr helmingnum af launum þeim, sem lögð eru því embætti eða sýslan, sem hann ásamt er settur í. Sjeu því embætti lagðar óvissar tekjur, skal fara eptir því, sem fyrir er sagt í niðurlaginu á 3. gr.

Sje maður, sem ekki er í þjónustu ríkisins, settur í embætti eða sýslan, þá má að vísu verja öllum launum þeim, sem lögð eru embættinu eða sýslaninni, til þóknunar handa honum, ef þörf gjörist; en jafnaðarlega má samt að eins verja helmingi launanna til þess. Hafi sá eptirlaun eða biðlaun, sem í hlut á, þá skal haft sjerstaklegt tillit til þess, er þóknunin er tiltekin.

5. grein.

Meðlagsskattur greiðist eigi af þeirri tign, sem er samfara sjálfu embættinu eða sýslaninni. Hafi embættismaður eða sýslunarmaður tign, sem bundin er við nafnbót, orðumark eða hirðmannsþjónustu, skal að eins greiða meðlagsskatt af þeirri tign, að svo miklu leyti, sem hann við hana kemst í æðri tignarflokk, en þann, er embættið eða sýslanin í sjálfu sjer heyrir til. Veitingarbrjefagjöld falla burtu eptirleiðis.

6. grein.

Allir þeir embættismenn og sýslunarmenn, sem árlega er lagt fje úr landssjóði, til endurgjalds skrifstofukostnaðar, eru skyldir að senda stjórnarráðinu við lok hvers reikningsárs greinilega skýrslu um þau skrifstofugjöld, sem þeir hafa haft það ár.

7. grein.

Því, sem einhverjum samkvæmt fyrri launa-ákvörðunum hefur verið lagt meira í tekjur, en lagt er embætti því eða sýslan, sem hann hefur á hendi, í þessum eða öðrum launalögum, heldur hann sem viðbót, er honum sje veitt fyrir sjálfan hann. Slík launaviðbót fellur eigi burtu, þegar embættismaður fær launaviðbót eptir embættisaldri eða hærri laun samkvæmt hinum hlutaðeigandi nýju launalögum.

Launaviðbót sú um stundarsakir, sem hingað til hefur verið lögð þeim íslenzku embættismönnum, sem nefndir eru í þessum lögum, fellur burtu frá þeim tíma, er lögin öðlast gildi.

II. Laun og fl.

8. grein.

Biskupi skal veitt í árleg laun 6,400 kr., og fyrir hver 5 ár í embætti þar að auki 400 kr. viðbót árlega; samt mega launin eigi fara fram úr 7,600 kr.

9. grein.

Amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu og amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu skal veitt í árleg laun 5,400 kr. hvorum þeirra. Fyrir hver 5 ár í embætti skal þeim veitt 400 kr. viðbót árlega, en launin mega samt ekki fara fram úr 7,000 kr.

10. grein.

Forstjóranum í landsyfirrjettinum skal veitt í árleg laun 5,000 kr. með 400 kr. viðbót árlega fyrir hver 5 embættis-ár, þar til launin verða 6,600 kr.

Dómendunum í landsyfirrjettinum skal veitt í árleg laun 3,200 kr., hvorum þeirra, með 400 kr. viðbót á ári fyrir hver 5 embættis-ár, þar til launin verða 4,800 kr.

11. grein.

Landfógetanum skal veitt 3,500 kr. í laun á ári, sem aukast um 400 kr. fyrir hver 5 embættis-ár, þar til launin verða 5,100 kr. Þar að auki skal honum lögð embættisjörð til afnota.

12. grein.

Skrifaranum við landshöfðingjaembættið skal veitt í árleg laun 1,600 kr. með 200 kr. viðbót á ári fyrir hver 2 embættis-ár, þar til launin verða 2,400 kr.

13. grein.

Póstmeistaranum skal veitt í árleg laun 1,400 kr. með 200 kr. viðbót á ári fyrir hver 5 embættis-ár, þar til launin eru orðin 2,000 kr.

14. grein.

Forstöðumanni prestaskólans skal veitt í árleg laun 4,000 kr. með 400 kr. viðbót á ári fyrir hver 5 ár í embætti, þar til launin eru orðin 5,200 kr.

Forstjóra hins lærða skóla í Reykjavík skal veitt í árleg laun 3,600 kr. með 400 kr. viðbót árlega fyrir hver 5 embættis-ár, þar til launin verða 4,800 kr. Honum skulu þar að auki lögð embættisbýli.

Yfirkennaranum við hinn lærða skóla skal veitt í árleg laun 2,600 kr., og þar að auki 400 kr. viðbót á ári fyrir hver 5 embættis-ár; samt mega launin ekki fara fram úr 3,800 kr.

Kennurunum við prestaskólann og hinn lærða skóla skal veitt í árleg laun 1,600 kr. hverjum þeirra, og þar að auki 200 kr. viðbót á ári fyrir hver 3 embættisár; samt mega launin eigi fara fram úr 2,600 kr.

15. grein.

Til endurgjalds fyrir skrifstofukostnað skal veita á ári:

biskupi	1,200 kr.
amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu	1,600 —
amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu	1,200 —
landfógetanum	1,000 —
póstmeistaranum	600 —

16. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1876, og verður frá þeim tíma eigi farið eptir þeim ákvörðunum, sem lög 21. janúar 1857 um skrifstofupeninga handa amtmönnunum og landfógetanum á Íslandi, og lög 19. janúar 1863, um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, hafa inni að halda.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og kunnugt er, eru ekki til nein almenn launalög fyrir íslenzka embættismenn en á seinni árum hafa laun þeirra að mestu leyti verið ákveðin í fjárlögunum og áætlunum um tekjur og útgjöld Íslands eptir grundvallarreglunum í lagafrumvarpi því, er á sínum tíma var lagt fyrir ríkisþingið, og sem skýrt er frá í athugasemdunum við frumvarp það til fjárlaga 1876 og 1877, sem lagt er fyrir alþingi. Með lögum 19. janúar 1863 var að vísu ýmsum embættismönnum, sem skipaðir eru á Íslandi, veitt launaviðbót, en bæði er það, að í lögunum sjálfum er gjört ráð fyrir því, að þau skuli að eins vera til bráðabyrgða, enda hafa þau einkanlega í 3. og 4. gr. inni að halda ákvarðanir, sem eigi framar eiga við eptir því fyrirkomulagi, sem nú er komið á. Það virðist því harðla nauðsynlegt, að skipað verði öðruvísi fyrir um laun tjeðra embættismanna, og það því fremur, sem menn verða að játa, að launaupphæðirnar að því, er snertir nokkur af embættum þessum, eru of lágar eptir kringumstæðum þessara tíma. Sökum þessa hefur frumvarp það, sem prentað er að framan, verið samið til þess það verði lagt fyrir alþingi, og hefur það inni að halda sumpart almennar reglur, sumpart ákvarðanir um laun þau, sem lögð eru hverju einstöku embætti.

Að því leyti, er snertir þennan síðari hluta frumvarpsins, skal þess getið, að stjórnarráðinu hefur eigi fundizt ástæða til, þegar settar voru upphæðir launanna, að

halda hinum fyrri launaviðbótum, eptir grundvallarreglu þeirri í lögum 26. marz 1870 9. gr., að veita viðbót að tiltölu við hvert hundraað af launununm, heldur hefur það þótt betur tilfallið, að hækka launin um samsvarandi upphæðir, svo standi á tugatölu, og er það einnig álitið rjettast, að húsaleigustyrkur sá, sem nú er veittur ýmsum embættismönnum, verði lagður saman við hlutaðeigandi launaupphæðir. Eins og þar að auki laun landsbókbindingja, borðfje handa honum og endurgjald fyrir skrifstofukostnað, samkvæmt stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, 5. janúar 1874, 25. gr. í niðurlaginu á 1. lið, eigi eru tekin upp í lagafrumvarp þetta, þannig eru hvorki tekin til greina laun hjeraðslæknanna, er um það er lagt sjerstakt frumvarp fyrir alþingi, nje laun landlæknisins, með því gjörð kann að verða önnur skipun á embætti þessu, er það losnar, og enn fremur er að síðustu sleppt tillagi því, sem úr landssjóðnum er veitt dómkirkjuprestinum, hinum þremur bæjarfógetum og sýslumanninum á Vestmannaeyjum í viðbót við tekjur þeirra, þar það þykir bezt tilfallið að skipa fyrir bæði um tillög þessi og aðstoðarfje það, sem hingað til hefur verið veitt í þarfir hins lærða skóla, í fjárlögunum. Að öðru leyti skal því við bætt um hinar einstöku greinir lagafrumvarpsins, sem hjer segir.

Um 1. grein.

Þessi grein er með þeim tilbreytingum, sem þörf var á að gjöra, samsvarandi 1. og 2. lið í 2. gr. í lögum 26. marz 1870, og þar sem lagafrumvarp þetta, gagnstætt lögunum 26. marz 1870 (smbr. 13. gr. í sömu lögum), einnig að öðru leyti nær til embættismanna af andlegri stjett, er beinlínis gjörð undantekning að því leyti, er snertir prestssetrin og jarðir, sem lagðar eru prestum, með því eigi er nein ástæða til að breyta þeim sjerstöku reglum, sem um það gilda.

Um 2. grein.

Þessi grein er samsvarandi 3. gr. í lögum 26. marz. 1870.

Um 3. grein.

Með því það ber mjög sjaldan við á Íslandi, að sami maðurinn hafi á hendi fleiri embætti í einu, er regla sú, sem 5. gr. í lögum 26. marz 1870 hefur inni að halda, í þessari grein gjörð einfaldari, og er hún þar að auki látin eiga við embætti þau, sem lagðar eru óvissar tekjur.

Um 4. grein.

Fyrsti og þriðji liður í þessari grein eru samhljóða hinum samsvarandi köflum í 6. gr. í nefndum lögum frá 1870, samt er í fyrsta liðnum sleppt því, sem sagt er fyrir um fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað, með því það tilfelli, sem við er átt, varla mun koma fyrir á Íslandi með því móti að sá, sem í hlut á, verði að flytja sig í annan stað. Það, sem fyrir er mælt í öðrum lið greinarinnar, er í verulegum atriðum frábrugðið hinum samsvarandi reglum í lögunum frá 1870, með því það í reyndinni yrði þýðingarlaust að því leyti, er snertir Ísland, að undan skilja það tilfelli, að einhver sje settur í embætti skemmri tíma en 6 vikur, enda mundi það miklum örðugleikum bundið, að fá nokkurn til þess að ganga að þeim kjörum, sem ákveðin eru í lögunum frá 1870, þegar svo stendur á, að sá, sem í hlut á, yrði að láta af að þjóna sínu eigin embætti til þess að geta orðið settur í annað embætti.

Um 5. grein.

Við það, sem fyrir mælt er í 7. gr. í lögum 26. marz 1870 um, að metorðaskattur fyrir tign þá, sem fylgir embætti nokkru eða sýslan, falli burtu, er bætt þeirri reglu, sem er samkvæm eðli málsins, að hlutaðeigandi embættismaður eða sýslunarmaður heldur ekki skuli gjalda metorðaskatt fyrir þá tign, sem er bundin við nafnbót, orðumark eða hirðmannsþjónustu, nema hann við hana komist í æðri tignarflokk.

Um 6. grein.

Þótt eigi sje fundin ástæða til að stinga upp á, að reglurnar um skrifstofufje, skuli almennt endurskoðaðar 5. hvert ár, hefur samt þótt við eiga, að taka upp í greinina ákvörðun, sem er samsvarandi fyrsta lið í 8.

gr. í tilskipuninni frá 1870, með því það er nytsamt, að stjórnin hafi til skýrslur þær, sem með þarf til að koma endurskoðun við, ef til þess kemur.

Um 7. grein.

Að því leyti, er snertir breytingar þær, sem stungið er upp á hjer, frá hinni samsvarandi 10. gr. í lögunum frá 1870, skal þess getið, að þegar launaviðbæturnar samkvæmt aðferð þeirri, sem við er höfð í frumvarpi þessu, verða lagðar saman við launin, og launin öll, sem þannig eru ákveðin, verða tekin til greina við útreikning eptirlauna, þá virðist að hið sama eigi að eiga sjer stað að því leyti, er snertir launaviðbætur þær, er hjer ræðir um, sem veittar eru embættismanni fyrir sjálfan hann, og hefur enn fremur virzt ástæða til að stinga upp á, að slíkar launaviðbætur eigi skuli falla burtu, þegar embættismaður fær launaviðbót eptir embættisaldri eða hærri laun samkvæmt hinum hlutaðeigandi nýju launalögum, með því af þessu mundi leiða, að laun fleiri embættismanna yrðu minni, en þau eru eptir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt.

Um 8. grein.

Þar sem laun biskupsins að öðru leyti eru ákveðin samkvæmt fyrnefndu frumvarpi, sem lagt var fyrir ríkisþingið, er stungið upp á því, að hækka launin um 400 kr., sem hjer um bil samsvarar launaviðbót þeirri, sem hann nú hefur samkvæmt grundvallarreglunni í lögum 26. marz 1870, 9. gr.

Um 9. grein.

Laun þau, sem stungið er upp á handa amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu, samsvara því, sem hefur verið lagt embættinu í laun og húsaleigustyrk með allrahæstum úrskurði 26. júlí 1872. Þar sem til þessa hafa verið lögð amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu minni laun, þá kemur það til af því, að honum hafa verið lögð híbýli kauplaust á Friðriksgáfu og embættisjörðin Möðruvellir til afnota. En eptir að Friðriksgáfa er brunnin, og búið er að ákveða, að amtmaðurinn eptirleiðis skuli hafa aðsetur á Akureyri, virðist það rjettast, að honum sjeu lögð sömu laun og amtmanninum í suður- og vesturumdæminu, með því móti, að hann afsali sjer afnotin af embættisjörð þeirri, sem hann hingað til hefur haft, og hefur amtmaður sá, sem nú er þar, látið í ljósi, að hann væri fús til þess.

Um 10. grein.

Þar sem forstjóranum í landsyfirrjettinum samkvæmt optnefndu frumvarpi hingað til hafa verið veittar 4,000 kr. í laun á ári, með 400 kr. viðbót fyrir hver 5 embættisár, til þess launin eru orðin 6,000 kr., auk launaviðbótar samkvæmt 9. gr. í lögunum frá 1870, hefur ástæða virzt vera til að stinga upp á, að laun þessi verði hækkuð eins og sagt er, og sömuleiðis virðast laun dómandanna í tjeðum rjetti — sem eru 2,400 kr. á ári með 400 kr. viðbót fyrir hver 5 embættisár, þar til þau eru orðin 4,000 kr., og launaviðbót samkvæmt lögum 26. marz 1870, 9. gr. — vera of lág, þegar tillit er tekið til þess, hvað mikils varðandi embætti þessi eru.

Um 11. grein.

Laun landfógetans eru ákveðin samkvæmt allrahæstum úrskurði 31. janúar 1874, sem nákvæmar er skýrt frá í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1876 og 1877, og er húsaleigustyrkurinn lagður saman við launin.

Um 12. grein.

Laun skrifarans við landfógetaembættið voru ákveðin með allrahæstum úrskurði 29. júní 1872, og er eigi fundin ástæða til að stinga upp á breytingu á því, sem þá var skipað fyrir.

Um 13. grein.

Laun póstmeistarans eru samkvæmt tilskipun um póstmál á Íslandi, 26. febr. 1872, sett 1,400 kr., og er jafnframt stungið upp á því, að honum skuli veitt launaviðbót eptir embættisaldri 200 kr. 5. hvert ár, þar til launin eru orðin 2,000 kr.

Um 14. grein.

Laun þau, sem stungið er upp á handa forstöðumanni prestaskólans samsvara hjer um bil því, sem honum var lagt í laun (3,200 kr.) og húsaleigustyrk (300 kr.) í frumvarpi því, sem lagt var fyrir ríkisþingið, þegar við-

bætist launaviðbót samkvæmt grundvallarreglunum í lögum 26. marz 1870, 9. gr. (432 kr.). Hið sama gildir um laun þau, sem stungið er upp á handa forstjóra hins lærða skóla, þegar haft er tillit til þess, að honum eru lögð embættisbýli. Aptur á mót er stungið upp á því, að laun yfirkennarans við hinn lærða skóla og kennaranna þar og við prestaskólann — en yfirkennarinn hefur til þessa haft í laun 2,000 kr. á ári, sem vaxa um 400 kr. fyrir hver 5 embættisár til 3,200 kr., auk launaviðbótar samkvæmt lögum 26. marz 1870, 9. gr., og kennararnir 1000 kr. á ári, með 200 kr. viðbót fyrir hver 3 embættisár, þar til launin verða 2000 kr., auk launaviðbótar eptir nefndum lögum — verði hækkuð, með því þau virðast of lág eptir þeim kringumstæðum, sem nú eru.

Um 15. grein.

Þar sem endurgjöld þau fyrir skrifstofukostnað, sem hjer eru sett, að öðru leyti eru samsvarandi því, sem hingað til hefur verið veitt til þessa, hefur stjórnarráðið, með því álíta verður, að skrifstofufje það upp á 800 kr., sem biskupi hingað til hefur verið veitt, sje of lítið, fundið ástæðu til eptir ítrekaðri beiðni hans, að stinga upp á, að það verði hækkað um 400 kr.; og hefur stjórnarráðinu enn fremur virzt ástæða til, að hækka skrifstofufje það, sem veitt er póstmeistaranum, um 200 kr. Í þessu tilliti skal þess getið, að landshöfðinginn út af bænarskrá frá póstmeistaranum hefur stungið upp á, að honum verði veittar alls 800 kr. í endurgjald fyrir skrifstofukostnað, með því nú ganga svo margar póstsendingar gegnum póststofuna í Reykjavík, að álíta megi, að tjeður embættismaður að eins geti þjónað embættinu með því að hafa sjer til aðstoðar fastan skrifara. Stjórnarráðið hefur samt sem áður eigi getað fallizt á þá skoðun, að póstmeistarinn eigi skyldi geta gegnt embætti sínu án þess að hafa fastan skrifara; en með því það á hinn bóginn samkvæmt auglýsingu 3. maí 1872, 1. gr. er gjört póstmeistaranum að skyldu, að fara embættisferðir, og nauðsyn er á, að hann fái mann til þess að gegna störfum sínum í fjærvist sinni, hefur það þótt sanngjarnt eptir því, sem málavextir eru, að endurgjaldið fyrir skrifstofukostnaðinn verði hækkað frá 400 til 600 kr., og virðist því fremur tilefni til að veita hækkun þessa, sem það er í ráði, ef lagafrumvarp það, sem lagt er fyrir alþingi, um að greiða skuli aðflutningsgjald af flutningsvörum þeim, sem fluttar eru til Íslands með póstgufuskipinu, nær lagagildi, að fela póstmeistaranum, sem einnig er afgreiðslumaður póstgufuskipsins, á hendur að heimta saman nefnt gjald í Reykjavík.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 5. fundi neðri þingdeildarinnar, 7. dag júlímánaðar kom samkvæmt dagskránni til fyrstu umræðu frumvarp til laga, sem hafa inni að halda ákvarðanir um laun íslenzkra embættismanna, o. fl.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum sagði, að það væri kunnugt, eins og sagt væri í ástæðunum fyrir frumvarpi þessu, að engin almenn launalög væru til fyrir Ísland, og hefði sumpart verið farið eptir lögum af 19. jan. 1863, en þau væru að eins til bráðabyrgða, og sumpart eptir ýmsum ákvörðunum, er síðar hefðu út komið. Það væri heiður og skylda þingsins að taka tillit til óska og krafa hinna íslenzku embættismanna. Að sinni væri eigi hægt að segja neitt um frumvarpið yfir höfuð. Hann kvaðst því álíta sjálfsagt að setja nefnd í málið, og stakk upp á 5 manna nefnd. Var það því næst samþykkt að kjósa 5 manna nefnd, og hlutu þessir kosningu:

Benidikt Sveinsson	með	17 atkv.
Eggert Gunnarsson	—	10 —
Þórarinn Böðvarsson	—	9 —
Einar Guðmundsson	—	8 —
Hjálmur Pjetursson	—	8 —

Í nefndinni var Benidikt Sveinsson kosinn formaður, en Þórarinn Böðvarsson skrifari og framsögumaður.

NEFNDARÁLIT

í málinu um frumvarp til laga um laun íslenzkra embættismanna o. fl.

Neðri deild alþingis kaus oss undirskrifaða til að íhuga og segja álit vort um frumvarp til laga, sem hafa inni að halda ákvarðanir um laun íslenzkra embættismanna og fl., sem af hálfu ráðgjafans fyrir Ísland var lagt fyrir alþingi. Vjer höfum rætt mál þetta á mörgum fundum og leyfum oss að láta í ljósi álit vort um það á þessa leið.

Oss gat að vísu eigi dulizt, að ýms vankvæði væru á því, nú sem stendur, að kveða fast á um laun embættismanna. Teljum vjer fyrst til þessa þá ástæðu, að efa má, að sumum embættum verði haldið til langframa, svo sem landskrifara-embættinu og amtmannaembættunum, en að hinu leytinu er líklegt, að breyting kunni að verða á sumum embættum, einkum dómaranna í landsyfirrjettinum á þann hátt, að þeir verði eptirleiðis jafnframt skipaðir kennarar við lagaskóla. En með því vjer þrír nefndarmenn, B. Sveinsson, Eggert Gunnarsson og Einar Guðmundsson verðum, auk þess, sem áður er talið, að leggja sjerstaklega áherzlu á, að það er næsta torvelt og jafnvel ísjárvert, að einskorða endilega skipun á þetta mál, meðan fjárhagur landsins yfir höfuð er í þeirri óvissu, sem nú er, og hlýtur að vera, þangað til skatta- og tollmálum landsins yfir höfuð er hrundið í rjett og fast horf, þá höfum vjer komizt til þeirrar niðurstöðu, að leggja það til sem *aðaluppástungu vora*, að máli þessu sje frestað til næsta alþingis, og erum þannig að eins til vara samþykkir frumvarpinu með þeim breytingum, sem öll nefndin hefur á því gjört.

Hvað nú frumvarpið sjálft snertir yfir höfuð, látum vjer í ljósi það álit vort, að það sje landinu gagnlegast, að embættin hafi svo góð laun, að hinum nýtustu mönnum þyki tilvinnandi að sækjast eptir þeim. Að hinu leytinu álítum vjer, að bezt færi á því, að þeir embættismenn, sem hafa laun úr landssjóði, hafi engin önnur hlunnindi en hin ákveðnu laun. Vjer viljum líka geta þess, að oss þykir eigi ólíklegt, að hæfilegur tekjuskattur verði álagður, þegar stundir líða fram. Hvað snertir þá meginreglu, sem til þessa hefur verið fylgt, að hin upphaflegu laun sjeu lág, en fari hækkandi eptir tiltekna áratölu, þá virðist oss regla þessi miður hagkvæm fyrir embættismenn, en geta valdið mikilli breytingu á útgjöldum landsins. Oss virðist í öllu tilliti rjettast, að hvert embætti hafi nægileg laun, þegar er embættismaðurinn tekur við því, og að launin sjeu óbreytt, nema ef einhver embættismaður fyrir sjerstakan dugnað fær launaviðbót úr landssjóði.

Samkvæmt þessum almennu athugasemdum leyfum vjer oss að segja álit vort um hinar einstöku greinir frumvarpsins.

I. Almennar ákvarðanir.

Við kafla þennan viljum vjer gjöra nokkrar orðabreytingar og þá efnisbreytingu, að þeir embættismenn, sem hafa embættishíbýli, sjeu skyldir til að halda þeim við, bæði að utan og innan, án þess þeir að öðru leyti hafi ábyrgð á fyrningu þeirra.

1. gr.

«Þeir embættismenn eða sýslunarmenn» breytist í: «Embættismenn þeir eða sýslunarmenn»; «eru jafnaðarlega — afnot af húsi» breytist í: «skulu við halda þeim á sinn kostnað og greiða skatta þá og álögur, er að lögum hvíla á þeim, sem hafa afnot af húsi».

«Að því er snertir — sem lagðar eru prestum» breytist í: «þeir, sem þegar hafa að ljeni embættishíbýli eða embættisjarðir, skulu hafa þau með sömu kjörum og þeir hafa haft. Hið sama er um prestssetrin og jarðir, sem prestum eru lagðar».

2. gr.

«Þeir embættismenn» breytist í: «Embættismenn þeir»; «eru» breytist í: «skulu»; án þess þörf sje á, að nokkuð sje» breytist í: «þótt eigi sje neitt».

3. gr.

«Helmingnum af öðrum launum» breytist í: «¼ af launum samanlögðum».

Síðari málsgrein orðist þannig:

«Ef embættismaður gegnir embætti með föstum launum, og embætti eða sýslan, sem óvissar tekjur eru lagðar að nokkru eða öllu

leyti, þá skal leggja tekjurnar af hinu síðar nefnda embætti eða sýslan, eins og þær hafa verið að meðaltali um hin síðustu 5 ár, til grundvallar, þegar reiknuð er upphæð þess, sem hann skal missa í».

4. gr.

Síðasta málsgrein orðist þannig:

«Nú er maður, sem eigi er í embættisstöðu, settur í embætti eða sýslan, og nýtur hann þá launa þeirra allra, er embætti því eða sýslan fylgja. Þó skal sá, sem biðlaun hefur eða eptirlaun, missa jafnmikils í og þeim nemur».

5. gr.

«Sjálfu embættinu eða sýslaninni» breytist í: «embætti eða sýslan»; «í sjálfu sjer» falli burt.

6. gr. óbreytt.

7. gr.

«Slík launaviðbót — nýju launalögum» falli burt.

Eptir: «Launaviðbót sú um stundarsakir» bætist inn í: «og eptir embættisaldri».

II. Laun og fleira.

Samkvæmt þeim almennu athugasemdum ræður nefndin til, að kafla þessum verði breytt þannig, að upphæð launanna verði fast ákveðin, en launaviðbót úr lögum numin sem föst regla. Ræður nefndin til, að upphæð launanna sje sú, sem síðar segir, en það er yfir höfuð meðaltal af launum þeim, sem ákveðin eru í frumvarpinu. Laun skrifarans við landshöfðingjadæmið og amtmannanna vill nefndin ráða til að verði eins og hjer segir, meðan embætti þessi haldast. Laun yfirdómara í landsyfirrjettinum álítur nefndin að eigi að hafa þá upphæð, sem hjer er tiltekin, með því skilyrði, að þeir takist á hendur kennarastörf við lagaskóla, þegar hann er stofnaður.

8. gr.

Biskupi skal veita í árleg laun 7000 kr.

9. gr.

Amtmanninum yfir suður- og vesturamtinu og amtmanninum yfir norður- og austuramtinu skal veita í árleg laun 6000 kr., hvorum fyrir sig.

10. gr.

Forstjóra landsyfirrjettarins skal veita í árleg laun 5800 kr.

Fyrsta og öðrum dómanda í landsyfirrjettinum skal veita í árleg laun 4000 kr., hvorum fyrir sig.

11. gr.

Landfógetanum skal veita í árleg laun 4,300 kr.

12. gr.

Skrifaranum við landshöfðingjaembættið skal veita í árleg laun 1,800 kr.

13. gr.

Póstmeistaranum skal veita í árleg laun 1,700 kr.

14. gr.

Forstöðumanni prestaskólans skal veita í árleg laun 4,600 kr.

Fyrsta kennara við prestaskólann skal veita í árleg laun 2,400 kr.

Öðrum kennara við prestaskólann skal veita í árleg laun 2,000 kr.

Forstöðumanni hins lærða skóla skal auk leigulauss bústaðar veita í árleg laun 4,200 kr.

Yfirkennara lærða skólans skal veita í árleg laun 3,200 kr.

Fyrsta og öðrum kennara við lærða skólann skal veita í árleg laun 2,400 kr., hvorum fyrir sig.

Þriðja og fjórða kennara við lærða skólann skal veita í árleg laun 2,000 kr., hvorum fyrir sig.

15. gr.

Til endurgjalds fyrir skrifstofukostnað skal veita á ári:

biskupi	1000 kr.
amtmanninum yfir suður- og vesturamtinu	1400 —
amtmanninum yfir norður- og austuramtinu	1000 —
landfógetanum	1000 —
póstmeistaranum	600 —

16. gr. óbreytt.

Alþingi, 4. dag ágústmán. 1875.

B. Sveinsson, formaður. Þórarinn Böðvarsson, skrifari og framsögumaður.
E. B. Guðmundsson. Hjálmur Pjetursson.
E. Gunnarsson.

ÖNNUR UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 34. fundi neðri þingdeildarinnar, 10. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til annarar umræðu frumvarp til laga um laun íslenzkra embættismanna, o. fl.

Framsögumaður (Þórarinn Böðvarsson) gat þess, að nefndin hefði eigi getað orðið samferða; þrír nefndarmenn hefðu nefnilega stungið upp á, að máli þessu væri frestað til næsta alþingis, af þeirri ástæðu, að torvelt væri að einskorða endilega skipun á þetta mál, meðan fjárhagur landsins væri í óvissu, eins og nú á stæði; minni hluti nefndarinnar hefði þar á móti eigi getað tekið þessa uppástungu til greina, og hann yrði að álíta, að það miðaði einmitt til þess, að koma fjárhag landsins í fast horf, ef sett yrðu föst launalög fyrir embættismenn. Það sem enn gjörði það æskilegt að fá föst launalög væri það, að embættismenn hefðu nú engin. En hann kvaðst eigi vilja fara mörgum orðum um uppástungu þessa, með því hann ætlaði, að uppástungumenn hjeldu henni ekki fast fram, heldur hefðu að eins viljað hreifa þessu máli. Hann áleit hina mestu þörf vera á, að bæta laun ýmsra embættismanna, einkum skólakennaranna; það hefði máske verið rjettast, að sú uppástunga hefði komið fram sem varauppástunga í niðurlagsatriði nefndarálitsins. Hann tók fram hinar helztu breytingar, sem nefndin hefði gjört við frumvarpið. Við almennar ákvarðanir hefði nefndin eigi gjört mikla breytingu, en einungis lagt það til, að embættismenn þeir, sem hafi embættishíbýli, skuli skyldir að halda þeim við bæði utan og innan, en eigi einungis að innan, eins og í frumvarpinu stæði. Við 4. gr. væri efnisbreyting. Nefndin hafi gjört ráð fyrir, að þegar svo á stendur, njóti hinn setti embættismaður allra launanna. Hvað launaupphæðina snertir, sje reglan sú hjá nefndinni, að launin hækki eigi með áratölunni, heldur sjeu jöfn frá upphafi. Það mætti tala margt bæði með og mót þessu fyrirkomulagi, en það, sem einkum mælti fram með því, væri frá landssjóðsins hálfu, að hægra væri að sjá fyrir, hve mikil útgjöldin mundu verða, og frá hálfu embættismannanna væri það æskilegra, af því að þeir væru optast skuldugir, þegar þeir tækju við embætti. Útgjöld þeirra færu sjálfsagt vaxandi, ef þeir ættu börn, en sá, sem kæmist strax í góða stöðu, mundi að minnsta kosti geta komizt hjá skuldum. Hvað upphæð launanna snertir, þá hefði nefndin farið sem næst frumvarpinu, og þó brugðið lítið út af; slíkt væri álitsmál, en það yrði öllum að koma saman um, að það væri landinu sjálfu gagnlegast, að öll embætti væru nægilega vel launuð, og það horfði til þess samkomulags, sem ætti að vera milli embættismanna og annara. Um skrifstofufjald hefði máske verið rjettast að ákveða ekkert víst nema svo sem 5 ára tíma, með því líka að embættismenn ættu að senda reikning yfir skrifstofukostnaðinn. Það væri sjálfsagt, að enginn yrði sviptur því, sem hann þegar hefði í tekjur, hvort sem það væri laun eða skrifstofukostnaður.

Landshöfðinginn ljet í ljósi þá meiningu sína, að sú regla um laun íslenzkra embættismanna, sem hingað til hefði verið fylgt, að láta þau fara vaxandi með embættisaldrinum, og eptir því sem þarfirnar jykjust, væri bæði embættismönnunum og landssjóðnum hagfelldust; en hann gjörði ráð fyrir, að þingdeildin mundi eigi fallast á þessa skoðun sína nú fremur en áður.

Um nefndarálitið vildi hann fara fám orðum. Nefndin hafi ákveðið laun dómaranna í yfirdóminum með því skilyrði, að þeir skyldu jafnframt embætti sínu kenna í tilvonandi lagaskóla; en hvorki ætti við, að tiltaka slíkt skilyrði í þessum lögum, og einnig kynni svo að vera, að þeir væru eigi hæfir til kennara. Ef eitthvert embætti væri af tekið, þá

fjellu sjálfsagt laun þess embættis niður, þótt slíkt væri eigi sjerstaklega tekið fram. Nefndin hafi miðað laun sín við meðaltal launauppbæðarinnar í frumvarpi stjórnarinnar, en þó stundum vikið frá þeirri reglu. Nefndin hefði átt að fylgja reglunni alstaðar. Nefndin gjörði ráð fyrir, að jafnhá laun væru greidd um allan embættistímann. En þessi ákvörðun ætti einungis að ná til þeirra embættismanna, er hjer eptir yrðu skipaðir í embætti, en eigi til þeirra, er nú þegar væru skipaðir í þau, ef ákvörðunin ætti að vera sanngjörn og rjett.

Í 11. gr. nefndarfrumvarpsins væri sleppt jörð þeirri, er lögð væri landfógetanum til afnota; ef hann ætti að missa jörðina, þá hefði átt að bæta laun embættisins hjer um bil 200 kr.; enda væri slíkt ósamkvæmni. Þar sem nefndin í 12. gr. viki frá meðaltalsreglu sinni um laun skrifarans við landshöfðingjaembættið, þætti sjer það óþarft, og eigi á rökum byggt. Breytingu þá, sem nefndin hefði gjört á launum kennaranna við skólann, aðhylltist hann fyrir sitt leyti. En þar sem hún í 15. gr. hefði sett skrifstofukostnað handa biskupinum og amtmönnunum niður, gæti hann eigi verið þeirri breytingu samdóma. Kostnaður þessi yrði ekki minni, en gjört væri ráð fyrir í frumvarpi stjórnarinnar. Hann leyfði sjer því að mæla á móti þessum breytingum nefndarinnar.

Framsögumaður sagði, að um athugasemd þá, er landshöfðinginn hefði gjört viðvíkjandi dómurunum, skyldi hann geta þess, að nefndin hefði litið á lagakennsluna eins og nýtt starf, og þyrfti það að vera tekið glöggar fram. Þörf væri og, að 7. gr. væri öðruvísi orðuð. Viðvíkjandi því, sem landshöfðinginn hefði sagt um jörð fógetans, ætlaði hann að bera sig saman við meðnefndarmenn sína. Um skrifstofufjeð í 15. gr. væri hann þeirrar skoðunar, að skrifstofukostnaður væri of lágt settur, einkum hjá amtmanninum yfir suður- og vesturamtinu og biskupinum; en þar sem álíta mætti, að amtmaðurinn mundi halda þeim skrifstofukostnaði, sem hann hefði haft, þá væri að eins ástæða til að gjöra breytingaruppástungu um skrifstofufje biskups, að það verði hækkað í 1200 kr., eins og er í frumvarpi stjórnarinnar, því sjer væri fullkunnugt, að biskupinn legði nú til af sínu eigin fje. Það vissi hann og með vissu, að amtmaðurinn yfir suður- og vesturamtinu borgaði nú skrifurum sínum um 1,600 kr.

Benidikt Sveinsson kvaðst vera einn af þeim, sem hefði viljað freista máli þessu, og verið frumvarpi þessu samþykkur að eins til vara, þó kvaðst hann eigi mundi halda aðaluppástungunni fast fram. Sín skoðun væri, að embættismaðurinn ætti að vera svo vel launaður, að hann gæti lifað eins og stöðu hans væri samboðið, og gæti haft þær nauðsynjar, sem ekki yrði hjá komizt. Embættismaðurinn væri ekki einungis skipaður yfir aðra, heldur væri hann einnig *þjónn* annara. Sambandið á milli hans og annara þyrfti því nauðsynlega að vera hið hollasta; og þar má enginn kali á milli vera, og þetta væri því nauðsynlegra, sem hjer í landi vantaði *meðalstjett*, sem væri annarstaðar. Það væri sjálfsagt rjett, að færa yrði ástæðu fyrir því, hví breytt væri frá meginreglunni um laun embættismanna, sem að öðru leyti væri fylgt í þessu frumvarpi. Smábreytingarnar væru engin veruleg byrði fyrir landssjóðinn. Annars kvaðst hann mundi bera sig saman við meðnefndarmenn sína um breytingar þær, sem þingmenn og sjer í lagi landshöfðinginn hefði minnzt á.

Halldór Kr. Friðriksson sagði, að eptir frumvarpinu ættu embættismenn, sem nú væru, ekki að missa í; en þá vildi hann spyrja nefndina, hvort landfógetinn ætti að missa jörð þá, er honum hefði verið lögð til afnota? En eptir meginreglu nefndarinnar ætti hann eigi að missa í fremur en aðrir. Þessa ákvörðun um jörðina þyrfti ekki að taka fram í 11. gr., ef 7. grein væri breytt í þá átt.

Eggert Gunnarsson sagði, að sjer sýndist mörgu meira ábótavant í landinu, en kjörum embættismanna, þótt hann ekki hefði viljað gjöra sjerstakt breytingaratkvæði við álit nefndarinnar. Sjer sýndist enn eigi kominn

rjettur tími til að setja fasta skipun á laun þeirra, og rjettara mundi að láta það bíða til næsta þings, af þeim ástæðum, sem teknar væru fram í áliti nefndarinnar, og taka launin eins og þau nú væru inn í fjárhagslögin; einungis væri það skólakennararnir, er hann áliti að ættu að fá hærri laun, en þeir nú hefðu. Hann kvaðst að eins *til vara* hafa verið samþykkur frumvarpinu. Því sagðist hann ekki hafa getað verið samþykkur, að fylgja hvervetna sömu reglu um launahæðina o: að taka jafnan meðaltal af laununum í stjórnarfrumvarpinu. Hann kvaðst ekki heldur geta verið alveg samþykkur launauppbæðum þeim, sem tilteknar væru í áliti nefndarinnar. En það áliti hann rjett, að af taka þessa aldursfauna-viðbót, sem nú ætti sjer stað, og ákveða laun hinna sömu embætta ávallt jafnhá. Hann sagði, að því betur sem hann yfirvegaði þetta mál, *sannfærðist hann betur um*, að rjettara væri að fresta þessu máli í þetta skipti, og mundi hann gefa frekari ástæður fyrir því, ef sjer sýndist þess þörf.

Grímur Thomsen sagði það leiðinlegt, að þingmaður Norður-Múlasýslu skyldi draga menn á ástæðum þeim, er hann hefði verið að dylgja yfir. Hefði hann komið með þær, þá kynni það að hafa sparað nokkrar umræður. Hann sagði, að nú væru 15 ár síðan hann hefði verið á ríkisþinginu í Danmörk, þá hefði staðið þar líkt á og nú hjer, að þá hefði verið að ræða um að búa til launalög handa Danmörku. Þá hefði staðið upp þingmaður einn, er fór því fram að fresta því máli. Nú væru 15 ár síðan, og enn væru eigi komin launalög í Danmörku, en allan þennan tíma hefði sífellt stríð verið út af þessu. Það væri yfir höfuð ísjárvert, að skjóta á frest málum, sem líkt stæði á og hjer, því að menn vissu ekki, hve nær það fengi framgang, er væri látið bíða ókomins tíma. Allir vissu, að embættismenn ályktu að hafa laun, og það væri ekki að eins gagnlegt, heldur með öllu nauðsynlegt, að embætti landsins væru svo vel launuð, að nýtir menn vildu sækja um þau. Munurinn sem yrði, þótt frumvarp þetta yrði að lögum, gæti ekki verið tilfinnanlegur fyrir landssjóðinn; en hitt væri ísjárverðara, að koma inn kala milli embættismannastjettarinnar og alþýðu, eins og ætti sjer stað hjá Dönum. Í þessu ættum vjer eigi að líkjast Dönum; þá gætum vjer lifað í friði við þá, sem ættu að vinna með oss og fyrir oss. En verst væri þó, ef þingmenn ætluðu að gjöra sjer það að reglu, að sækja tillögur sínar í málunum til annara landsfjórðunga. En það væri eins og sömum mönnum væri gefið að vera nefndar-kljúfar, og það væri hættuleg meginregla, að geta eigi slakað til; þeir, sem svo væru, sýndu, að þeir hefðu eigi þann þroska, sem nægði til að vera fulltrúi á löggjafarþingi.

Benidikt Sveinsson sagðist eigi vita, hve mikið hann ætti að leggja í orð þingmannsins, er síðast talaði; en hann sagðist áður hafa tekið það fram, að hann fylgdi eigi fast fram þessari skoðun meiri hlutans. Hann kvaðst nú að vísu ekki hafa tekið til sín bendinguna um nefndarkljúfinn, enda skyldi hann líka gjöra þingmanninum það til geðs, að greiða ekki atkvæði um þetta atriði. Því yrði ekki neitað, að ef laun embættismanna væru sett mjög lágt, þá gæti það orðið tilefni til þess, að margir góðir og beztu kraptar þjóðarinnar misstust; því að efnilegum mönnum og foreldrum þeirra þætti þá eigi tilvinnandi, að ganga embættismannaveginn.

Eggert Gunnarsson sagðist ekki ætla að svara 1. þingmanni Gullbringusýslu; það gæti verið að honum sem gömlum þingmanni sæmdi að hafa slík orð, sem hann hefði talað. Það hefði eigi verið tilgangur sinn að gjöra embættismönnum mein, þóa vilja að þeir væru illa launaðir. Hann kvaðst ætla, að þjóðin mundi nú, þar sem hún væri að byrja sjálfsstjórn sína, og væri fátæk mjög, álíta margt annað brýnni nauðsyn, en að byrja með að hækka laun embættismanna, sem væru víst yfir höfuð nægileg, að undanteknum skólakennurunum, eins og hann áður hefði tekið fram, og virtist honum eðlilegt, að meiri sparnaður væri við hafður, þegar af litlu væri að taka, en ef nægilegt fje væri fyrir hendi

og kvaðst hann segja fyrir sig, að hann ekki nú samþykkti þá launaupphæð, sem hann mundi hafa gjört, ef nóg fje væri fyrir hendi, og ekki þyrfti, eins og nú, að fresta nauðsynlegum fyrirtækjum sökum fjeleysis, og áliti hann því rjettara, að geyma þetta mál, þangað til fjárhagurinn stæði betur. Þar sem þingmaðurinn segði, að nóg fje væri, þá mundi slíkt vera nokkuð byggt í lausu lopti.

Hjálmur Pjetursson kvaðst álíta rjettara, að bændur ljetu í ljósi álit sitt í þessu máli; hann kvaðst skoða stöðu sína í því þannig: að hann ætti að koma fram í þessu máli, sem talsmaður bænda, en þó jafnframt sem þingmaður þjóðarinnar, og sem slíkur ætti hann að hugsa um heill þjóðarinnar í heild sinni. En það væri ætlan sín, að ef laun embættismanna væru of mjög tekin af skornum skamti, þá væri það til skaða fyrir þjóðina. Það væri nauðsynlegt að ákveða launin nú þegar með lögum, og hann hefði enn eigi heyrt neina gilda ástæðu til þess að fresta þessu, heldur fyndist sjer einmitt fyllsta ástæða til að gjöra þetta einmitt nú af ýmsum orsökum. Að líkindum hefði sjer átt að gefast, fremur öðrum, kostur á að heyra þær ástæður, sem nokkrir af nefndarmönnum hefðu haft fyrir því að fresta máli þessu, en hann yrði að játa, að hann væri svo óheppinn að hafa ekki heyrt aðrar en þær sem stæðu í nefndarálitinu, en hann yrði að álíta þær einskisvirði, því það, sem þar væri til fært, yrði aldrei um flúið, og kæmi fyrir á öllum tímum. Hvað þá aðalbreytingu snerti, að nefndin hefði sett launin föst eptir meðalupphæð þeirri, er í frumvarpinu er ákveðin, þá yrði hann að álíta, að ef þetta ætti nokkurn tíma að verða, þá ætti að gjöra það á þessum tíma, enda virtist sjer, að þingið væri búið að við taka þessa reglu í öðru máli, þar sem nýlega væri búið að samþykkja lög um fastákveðin laun lækna, og væri það því ósamkvæmni að fella þetta mál af þessari ástæðu. Það gæti vel verið, að nokkrum kynni að þykja laun þau, er nefndin hefði stungið upp á, heldur lág, en hann vonaði samt, að þau mundu yfir höfuð vera rjettlátari en áður, og yfir höfuð mundu menn eigi þurfa að saka nefndina um skort á örlæti, sízt þegar litið væri til þess, er hún hefði gjört viðvíkjandi landsskrifaraembættinu, sem mörgum mundi ef til vill sýnast að hefði mátt láta ógetið í launalögunum.

Grímur Thomsen sagði, að það hefði verið nokkur huggun að heyra þingmann Mýramanna tala eptir 2. þingmann Norður-Múlasýslu. Hinn áðurnefndi hefði talað um ástæður byggðar í lausu lopti. En þá vildi hann minna hann á, að einmitt sjálfur þingmaðurinn hefði í gær greitt atkvæði með því, sem hann nú í dag hjeldi fast á móti (E. Gunnarsson: Það er ekki satt). Væri þetta ekki að sýna að hugsanir manns og skoðanir væru byggðar í lausu lopti? Þetta væri ósamkvæmni, sem ekki ætti að finnast hjá þeim manni, er vildi með rjettu geta kallazt að hafa þroska til að sitja á löggjafarþingi. Þroskinn væri fólginn meðal annars í því, að geta verið sjálfum sjer samkvæmur. Hann kvaðst vilja geta þess, að ef þingið nú felldi alveg launafrumvarpið, þá væri og efasamt, hvort stjórnin staðfesti hin önnur frumvörp, sem fara í svipaða átt.

Benidikt Sveinsson sagði, að þingmaður Norður-Múlasýslu hefði tekið fram, að launalög þessi legði þunga byrði á landsmenn, en dýpra skoðað, væri þessi byrði eigi þung, því fje þetta rynni inn aptur og gæfi einnig af sjer annan og árangursmeiri ávöxt, því andlegar framfarir efldust með þessu móti, og tilraun yrði þar með einnig gjörð til þess, að styrkja það áríðandi augnamið að koma upp góðum og gagnlegum embættismannastofni; á hinn bóginn lægi það í augum uppi, að embættin þyrftu að vera vel launuð til þess þau væru aðgengileg. Hann sagði, að þessi skoðun, sem þingmaðurinn hefði látið í ljósi, gjörði sig fjarlægari aðaluppástungu nefndarinnar, enda væri allir ásáttir um, að laun kennaranna væri ósæmilega lítil, en aptur á móti væri það hið mesta áhugamál, að góðir menn og vel til kennslu fallnir væru jafnan til við skólann, og hlyti það að gjöra hverja þá tillögu íhugunarverða, sem færi fram á að

metast um hverja krónu, þegar þeir ættu í hlut, og vildi hann því leggja áherzlu á, að launahækkun við þá væri óumflýjanlega nauðsynleg, en þegar svo langt væri komið, kvað hann það óefni og óeðlilegt að gjöra breytingu á launum nokkurra embættismannna, án þess hún næði yfir laun allra þeirra.

Grímur Thomsen sagði, að þingmaður Norður-Múlassýslu hefði beint því að sjer, að ófært væri að ætla landssjóðnum að bera vaxandi útgjöld með 25—30,000 kr., en þegar reiknað væri eptir, reyndist sá kostnaður, er hin nýju launalög hefðu í för með sjer, eigi meiri en svo, að hann næmi hjer um bil 10,000 kr., en sá kostnaður færi, þegar meðallaunaupphæð væri lögð til grundvallar. minnkandi smámsaman. Einnig væru lögin nauðsynleg að því leyti, að með því yrði komizt hjá því, að fara eptir ósamhljóða reikningsreglum, sem hingaðtil hefði verið fylgt í þessu efni, og byggðar væru á dreifðum ákvörðunum; en hann vonaðist eptir því, að embættismenn tækju eptir því, að þeir, þegar tímar liðu fram og efnahagur landssjóðsins breyttist til batnaðar, mættu eiga von á því, að þingmaður Norður-Múlasýslu sæi um, að þeir fengju hærri laun, en nú væri gjört ráð fyrir.

Þá tóku eigi fleiri til máls; var þá gengið til atkvæða, er fjellu þannig.

Aðaluppástunga meiri hluta nefndarinnar, að fresta málinu til næsta alþingis, var felld með 12 atkv. gegn 5.

Því næst var frumvarpið sjálft lagt undir atkvæði með þar til heyrandi breytingum nefndarinnar.

1. gr. Breyting nefndarinnar:
   a: í fyrri lið samþykkt með 19 atkv.
   b: í síðari lið —— — 18 —

1. gr. með áorðnum breytingum samþykkt með 19 atkv.

2. gr. með orðabreytingum nefndarinnar samþykkt með 19 atkv.

3. gr. a, Breytingaruppástunga nefndarinnar í fyrri hluta greinarinnar samþ. með 13 atkv.
   b, Breytingaruppástunga nefndarinnar í síðari hlutanum samþykkt með 17 atkv.

3. gr. með áorðnum breytingum samþykkt með 17 atkv.

4. gr. Breytingaruppástunga nefndarinnar við síðasta hluta greinarinnar samþykkt með 18 atkv.

4. gr. með áorðinni breytingu samþykkt með 19. atkv.

5. gr. með orðabreytingum nefndarinnar samþykkt með 20 atkv.

6. gr. óbreytt samþykkt með 19 atkv.

7. gr. Breytingaruppástunga nefndarinnar við fyrri lið samþykkt með 17 atkv. — Breytingaruppástunga nefndarinnar við síðari lið greinarinnar samþykkt með 14 atkv.

7. gr. með áorðnum breytingum samþykkt með 16 atkv.

8. gr. Uppástunga nefndarinnar samþ. með 15 atkv.

9. gr. Uppástunga nefndarinnar samþykkt með 16 atkv.

10. gr. Uppástunga nefndarinnar samþykkt með 17 atkv.

11. gr. Uppástunga nefndarinnar samþykkt með 12 atkv.

12. gr. Við uppástungu nefndarinnar við þessa grein var sökum of óglöggrar atkvæðagreiðslu haft nafnakall, og sögðu:

já:
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Benidikt Sveinsson,
Einar Ásmundsson,
Hjálmur Pjetursson,
Ísl. Gíslason,
Páll bóndi Pálsson,
Þórarinn Böðvarsson,

nei:
Eggert Gunnarsson,
Einar Gíslason,
Jón Sigurðsson,
Páll Ólafsson,
Páll prestur Pálsson,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson,

Þórlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson,
og var uppástungan þannig felld með 10 atkv. gegn 8.

Einar Guðmundsson, Grímur Thomsen, Guðmundur Ólafsson og Stefán Stephensen greiddu eigi atkvæði.

12. gr. frumvarpsins felld með 19 atkv.

13. gr. Uppástunga nefndarinnar samþ. með 19 atkv.

14. gr. Uppástunga nefndarinnar:

1. liður samþykktur með 17 atkv.
2. — — — 18 —
3. — — — 18 —
4. — — — 18 —
5. — — — 21 —
6. — — — 21 —
7. — — — 21 —

14. gr. í heild sinni samþ. með 20 atkv.

15. gr. 1. liður samþ. með 16 atkv.
2. — — — 15 —
3. — — — 18 —
4. — — — 18 —
5. — — — 19 —

15. gr. í heild sinni samþ. með 19 atkv.

16. gr. frumvarpsins óbreytt samþ. með 18 atkv.

Frumvarpið allt í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. með 19 atkv.

Fyrirsagnir frumvarpsins samþykktar án atkvæðagreiðslu.

Að málið gengi til þriðju umræðu, var samþykkt með 19 atkv.

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR

við frumvarp til laga, sem hafa inni að halda ákvarðanir um laun íslenzkra embættismanna og fl., eins og það var samþykkt við aðra umræðu í neðri deild alþingis.

I. Breytingaruppástungur nefndarinnar.

1. Við fyrirsögn frumvarpsins, orðin: »sem hafa inni að halda ákvarðanir» falli burt.
2. Við 10. gr., fyrir orðin: «fyrsta og öðrum dómanda» komi: «öðrum dómendum» og fyrir «4000 kr.» komi: «3200 kr.»

II. Breytingaruppástungur minni hluta nefndarinnar, Benidikts Sveinssonar og Þórarins Böðvarssonar.

1. að í niðurlagi 1. greinar orðin: «Hið sama er um prestssetrin og jarðir, sem prestum eru lagðar», falli burt.
2. að aptan við 7. grein, orðin: «öðlast gildi» verði bætt: «þeir embættismenn, sem eptir eldri ákvörðunum hafa aðgang til að fá hærri embættislaun, en ákveðin eru í lögum þessum, skulu einskis í missa við þau».
3. að í 14. grein orðin: «biskupi . . . 1,000 kr.» breytist í: «biskupi . . . 1,200 kr.»

III. Breytingaruppástungur 8 þingmanna.

Við 10. grein.

Í staðinn fyrir: «5,800 kr.» komi: «5,000 kr.»
- — — «4,000 —» — «3,200 —»

Við 11. grein.

- — — «4,300 kr.» komi: «4,000 —»

Við 18. grein.

- — — «4,600 kr.» komi: «4,200 —»
- — — «4,200 —» — «4,000 —»

Alþingi, 12. ágúst 1875.

Páll Pálsson, (prestur). Þórður þórðarson.
Páll Ólafsson. Einar Gíslason.
Guðmundur Ólafsson. Þorsteinn Jónsson.
Eggert Gunnarsson. Þorlákur Guðmundsson.

ÞRIÐJA UMRÆÐA

í neðri deild alþingis.

Á 39. fundi neðri þingdeildarinnar, 14. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni mál þetta til þriðju umræðu.

Framsögumaður gat þess, að frumvarp nefndarinnar hefði verið samþykkt með töluverðum atkvæðamun við aðra umræðu málsins, og kvaðst vona, að svo yrði einnig við 3. umræðu, og að engar þær breytingar yrðu gjörðar, sem gætu hindrað framgang málsins. Allir væru samdóma í því, að nauðsynlegt væri að fá launalög handa embættismönnum, og sömuleiðis í því, að þjóðinni væri það gagnlegt, að embættismönnum hennar væri vel launað. Einungis væri ágreiningur um, hvað mætti heita vel launað og hvað

ekki vel launað. Við aðra umræðu hefði allur þorri þingmanna álitið, að laun þau, sem nefndin hefði til tekið, væru hæfileg. Hann tók þá fram hinar helztu breytingar, sem síðan hafði verið stungið upp á. Nefndin hefði stungið upp á breytingu við fyrirsögn frumvarpsins, og væri það einungis orðabreyting. Við 1. grein hefði minni hluti nefndarinnar stungið upp á, að orðin: «Hið sama er um prestssetrin» o. s. frv. skyldu falla burt; þessi orð hefðu nefnilega þótt óþörf, þar sem lögin snertu einungis þá embættismenn, sem fengju laun af landssjóði. Við 7. grein hefði minni hlutinn stungið upp á meiri og lengri breyting, sem þó í raun og veru væri engin breyting. Nokkrum þingmönnum hefði þótt 7. grein óljóst orðuð, og álitið fyrri hluta hennar vera í mótsögn við seinni hlutann, en þetta væri einungis misskilningur. Fyrri hluti greinarinnar segði, að sá, sem hefði fengið sjerstaka launaviðbót, skyldi halda henni. Seinni hluti greinarinnar ætti einungis við þá embættismenn, sem kæmu nýir í embætti, eptir að þetta frumvarp fengi lagagildi, en þeir, sem væru í embætti, ættu einskis í að missa af þeim launum, sem þeir hefðu. Það hefði máske verið rjettast, að orða greinina á þá leið, að þeir, sem væru í embættum, þegar frumvarp þetta fengi lagagildi, mættu velja um, hvort þeir vildu heldur fá laun sín eptir þessum lögum, eða eptir eldri ákvörðunum. Það væri eigi sanngjarnt að svipta eldri embættismenn launum þeim, er þeir þegar hefðu, eða hefðu von um að öðlast, því að þeir hefðu fengið embættið með þeim eða þeim skilyrðum, og hefðu því rjett til þess að heimta, að þessi skilyrði yrðu uppfyllt. Breytingaruppástunga minni hluta nefndarinnar við 14. grein um, að biskupinn fengi 1,200 krónur í stað 1,000 krónur til endurgjalds fyrir skrifstofukostnað, væri byggð á vissu um, að skrifstofa hans kostaði hann meira en 1,000 krónur, en sá, sem legði af sínu eigin fje til opinberra þarfa, hefði rjett til endurgjalds úr landssjóði. Nefndin ætlaðist þar á móti til þess, að amtmaðurinn yfir suður- og vesturamtinu hjeldi hinu sama skrifstofugjaldi og áður, og væri það samkvæmt því, sem stæði í frumvarpinu, að enginn mætti missa í af tekjum, sem honum bæru, enda væri vissa fyrir því, að amtmaðurinn kostaði því og meiru til skrifstofunnar. Viðvíkjandi landsyfirrjettinum hefði í frumvarpinu, sem nú lægi fyrir, verið gjört ráð fyrir, að forstjóri landsyfirrjettarins fengi 5,800 kr. og fyrsti og annar dómari 4,000 kr. hvor. Nú hefði nefndin stungið upp á því, að 4,000 kr. yrði breytt í 3,200 kr. Þetta væru þó, ef til vill, of lág laun, þó þau hækkuðu, ef sú breyting kæmist á, að þeir yrðu um leið kennarar við lagaskólann, því að þetta embætti væri mjög áríðandi, og á seinni árum hefðu ekki margir haft svo góðan vitnisburð frá háskólanum, sem útheimtist til þess, að fá þessi embætti. Að öðru leyti skyldi hann ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni.

Landshöfðinginn kvaðst hafa sagt við 2. umræðu þessa máls, að hann mundi fallast á breytingar nefndarinnar, ef aðalreglunni alstaðar væri fylgt, en hún væri innifalin bæði í því, að ákveða laun embættismannanna með sömu upphæð fyrir allan embættistímann, og í því, að taka meðaltalið af hæstu og lægstu launum þeirra. Ef þessari reglu væri fylgt alstaðar, mundi hann mæla með frumvarpinu. Breytingaruppástungu minni hluta nefndarinnar við 7. grein væri hann meðmæltur, því að hún væri alveg nauðsynleg til þess, að embættismönnum þeim, sem nú væru, væri enginn órjettur gjör. Einnig mælti hann með breytingaruppástungu minni hlutans við 14. gr. Að öðru leyti skýrskotaði hann til þess, sem hann hefði sagt við 2. umræðu málsins.

Hjálmur Pjetursson sagðist fyrst vilja geta þess, að breyting sú, er nefndin hefði stungið upp á við 3. gr., væri ekki sett á rjettan stað; nefndin hefði ætlazt til, að í staðinn fyrir helminginn af hinum jöfnu launum væri sett $^1/_4$ af launununum samanlögðum, og hefði því þetta átt að vera einungis orðabreyting, en nú stæði í frumvarpinu þessi $^1/_4$ af hinum ójöfnu launum, og væri því þetta nú orðin efnisbreyting, og þar að auki væri þetta ólögulega orðað, og óskaði hann, að það

væri leiðrjett. Hann sagðist ekki kannast við, að þær tvær breytingaruppástungur við fyrirsögn frumvarpsins og 10. gr., sem nú lægu fyrir, væru frá allri nefndinni, eins og þar stæði; hann fyrir sitt leyti hefði ekki sjeð þær, fyr en nú, og kvaðst hann sjá, að skoðanir meðnefndarmanna sinna hefðu breytzt, enda væri þess von, því að 1. þingmaður Árnesinga hefði opt snúið við blaðinu á þessum nærfellt 40 dögum, sem nefndin hefði velt fyrir sjer blöðum þessum. Breytingunni á fyrirsögn frumvarpsins kvaðst hann ekkert hafa á móti, þar á móti gæti hann ekki fallizt á breytingaruppástunguna við 10. gr., að minnka laun dómaranna við yfirrjettinn. Ef lagaskóli kæmist á, þá væri það sjálfsagt ekki meining nefndarinnar, að þeir fengi full laun bæði sem dómarar og sem kennarar við lagaskólann, eða tvöföld laun, heldur ættu þeir eptir 3. gr. að fá $^3/_4$ af báðum launanum. Þá væri einnig að minnast á breytingar-uppástungur hins svo kallaða minni hluta nefndarinnar, sem hann kvaðst ekki hafa þekkt eða vitað af fyrri en nú. Fyrstu breytingaruppástungunni væri hann samþykkur, því að þessi lög snertu ekki presta. Viðbótin við 7. gr. sýndist sjer óþörf eða jafnvel meira en óþörf, því sjer fyndist ekkert þar í annað en það, sem tekið væri fram í fyrri hluta greinarinnar, og væri því til lýta. Það gæti víst ekki verið meining 2. þingmanns Gullbringu- og Kjósar-sýslu, að frumvarpið ætti ekki að ná lagagildi fyr en jafnóðum og embættin losnuðu, því að það væri þvert á móti meiningu hins fyrri minni hluta nefndarinnar. Hvað breytingaruppástunguna við 14. grein snerti, þá væri það máske satt, að skrifstofufje biskupsins hefði verið of lítið, en nefndin hefði líka stungið upp á að hækka það, og þó þetta væri ekki mjög mikil hækkun, vænti hann þess, að þetta yrði vel virt, enda virtist sjer, þegar lítið væri til þess, að hann ætti að hafa 7000 krónur í laun um árið, þá væri það sæmilegt yfir höfuð að tala. Biskup sá, sem nú væri, ætti að vísu máske meira skilið, en hjer ætti maður alls eigi að líta á persónuna, heldur á embættið. Hann yrði því að álíta þessi laun boðleg hverjum, sem kæmist í þessa stöðu, jafnvel þó það væri 2. þingmaður Gullbringusýslu sjálfur. Að endingu væri hjer langur seðill frá 8 þingmönnum og einum úr nefndinni. Ef þeir gætu komið því fram, að lækka launin, þá skyldi það gleðja sig, ef þeir gætu sannfært sig um, að það væru hyggindi, sem í hag kæmu, annars yrði hann að vera móthverfur þessum uppástungum, því hann yrði að álíta, að það væri enginn hagur fyrir þjóðina, að embættin væru illa launuð, heldur miklu fremur óhagur. Það væri því bezt, að fastákveða sæmileg laun. Dómaraembættin við yfirrjettinn væru að vísu ekki erfið, en samt vandasöm og mjög áríðandi, og væri því nauðsynlegt að launa þau svo, að menn gætu átt von á þeim beztu lagamönnum í þau. Þess vegna vildi hann fyrir sitt leyti ekki gefa atkvæði með því, að þau væru lækkuð. En ef þeir þar að auki yrðu kennarar við lagaskóla, þá ættu þeir eptir sinni meiningu ekki að fá nema $^3/_4$ af báðum launanum, eins og hann hefði áður látið í ljósi.

Framsögumaður sagðist vilja svara þingmanni Mýramanna því, að hvað skrifstofulaun biskups snerti, þá væri rjettara að lækka hreinlega laun hans, en að setja honum svo lág skrifstofulaun, að þau væru ekki nægileg til þeirra útgjalda, sem margir vissu upp á víst, að hann yrði að hafa. Því að ef menn vildu láta biskup fá svo lítið skrifstofufje, þá væri það hið sama sem að vísa honum á að taka það, sem vantaði, af launum sínum. Hann kvaðst sjálfur vita það með vissu, að ritstörfin á skrifstofu biskups væru svo umfangsmikil og vandasöm, að hann þyrfti að hafa duglegan mann og vel að sjer fyrir skrifara, og gæti hann eigi fengið þann mann fyrir minna en 600 rd. En þingmaður Mýramanna sagði það satt, að laun biskups væru nóg bæði fyrir sig og líka hann (þingm. Mýram.), en hann yrði líka að álíta að skrifstofulaunin yrðu þó einnig of lítil fyrir þá báða.

Benidikt Sveinsson kvaðst eigi muna betur, en að þingmaður Mýramanna hefði verið

á nefndarfundi, þegar breytingaruppástunga minni hlutans við 7. gr., var ráðgjörð. Hitt væri víst, að breytingaruppástunga þessi væri eigi þýðingarlaus. Því að svo framarlega sem menn vildu fyrirbyggja, að embættismenn misstu nokkurs í, þá væri hún nauðsynleg. Það játaði hann, að þingmaður Mýramanna hefði eigi verið þar við, er gjör var breyting á frumvarps fyrirsögninni. En hann kvaðst vona, að þingmaðurinn styggðist eigi af því, þar eð hjer væri að eins um lítilfjörlega orðabreyting að ræða. Hvað 3. gr. frumvarpsins snerti, þá vildi hann vekja athygli þingmannsins á því, að það væri hreinn misskilningur, ef hann hjeldi að hún ætti nokkuð skylt við breytingaruppástunguna við 10. grein. Hann sagðist svo eigi ætla að fara fleiri orðum um málið, en að eins geta þess, að sjer væri kærast að uppástunga nefndarinnar fengi framgang.

H. Kr. Friðriksson sagðist vona, að hin heiðraða þingdeild tæki sjer það eigi illa upp, þótt hann talaði fáein orð, þótt honum væri nokkuð skylt málið. Allir væru víst samhuga um það, að nauðsynlegt væri að hafa nýta embættismenn. En eitt af skilyrðunum fyrir því væri það, að embættin væru svo vel launuð, að embættismaðurinn hefði svo nægilegt til lífsins viðurhalds, að hann væri eigi neyddur til að sökkva sjer niður í áhyggjur og amstur af þeim ástæðum. En á hinn bóginn kvaðst hann vona, að allir yrðu líka að játa, að launahæð sú, er hjer lægi fyrir, væri alls eigi úr hófi há, heldur þvert á móti, að hún mætti eigi minni vera. Að því er snerti breytingaruppástungurnar, þá hefði mátt skilja á orðum landshöfðingja, að ef breytingaruppástungan við 10. gr. fengi framgang, þá mundi hann mæla móti frumvarpinu. En afleiðingin yrði sú, að engin lög fengjust um þetta efni í bráð, og mættu þá þeir menn, sem allir játuðu að ættu sem bráðast að fá launabót, sitja enn með sín litlu laun, hamingjan mætti vita hversu lengi. Það væru einmitt þessir menn, kennendur skólans, sem yrðu mest útundan. Og þegar nú loksins stjórnin sjálf byði bót á þessu, þá væri það varla rjett, að ónýta það boð, því að þingmenn skyldu gá að því, að þótt þeir vildu nú koma með sjerstakt frumvarp viðvíkjandi kennurunum, þá væri það nú orðið of seint, til þess að það gæti náð samþykkt þingsins í þetta sinn. Hann sagðist og verða að játa, að sjer hefði komið nokkuð óvart, að frá bændunum í þinginu kæmi nokkuð, er færi í þá átt, að spilla fyrir máli þessu, enda kvaðst hann vona svo góðs af deildinni yfir höfuð, að hún ónýtti eigi mál þetta, þar sem nefndin og margir fleiri hefðu verið samhuga í, að bæta dálítið hag sinn og samkennanda sinna. Því að það hlytu þó allir að sjá, hvort það mundi eigi vera erfitt, að komast af með 500 rd. á ári fyrir mann, sem hefði hús og heimili fyrir að sjá. Það gæti leitt til þess, að enginn nýtur maður fengist að skólanum fyrir kennara.

Tryggvi Gunnarsson: Það hafa komið fram nokkur orð frá landshöfðingja og þingmanni Reykvíkinga í þá átt, að ef sumar af breytingaruppástungum þeim, er hjer liggja fyrir, verða samþykktar, þá leiði það til þess, að mál þetta falli í heild sinni. Nú vildi jeg leyfa mjer að skoða, hvort þetta er eintóm grýla, eða það er á rökum byggt. Er það þá rjettlátt af landshöfðingja, að mæla á móti frumvarpinu, þótt laun tveggja eða þriggja embættismanna, sem hæst laun hafa, færðust niður um fáar 100 kr., frá því er samþykkt var við 2. umræðu, þar sem þó flestir embættismennirnir, einkum skólakennararnir, sem helzt þurfa þess með, fá talsverða bót á högum sínum? Vjer skulum fyrst skoða, hvernig ástatt er með launatölur þær, sem hjer er að ræða um og sagt er að ómögulega megi víkja frá, og kemur þá fyrst til álita stjórnarfrumvarpið; þar er ákveðið, að launin hækki eptir embættisaldrinum. Nefndin og deildin varð ásátt um að breyta þessari meginreglu, og setti þá meginreglu í staðinn, að taka meðaltal launanna og láta það ráða launahæðinni; þannig getur stjórnarfrumvarpið ekki lengur komið til greina í þessu máli; undirstaðan, sem það var byggt á, og allar launaupphæðir, sem þar eru ákveðnar, eru með öllu breyttar og fallnar.

Kemur þá því næst nefndarálitið til skoðunar; aðaltillaga nefndarinnar hjer, er að vísa málinu frá þingi að þessu sinni. Þetta aðhylltist deildin ekki við aðra umræðu, er því sú stefna málsins fallin, og ekki annað eptir en varatillaga nefndarinnar; hjer ætti regla nefndarinnar að vera sú, að taka meðaltal launanna. Frá henni var þegar í öndverðu gjör undantekning um laun kennaranna, sem eiga að hækka talsvert upp fyrir meðaltal, og var landshöfðingi því samdóma. En þegar í úr nefndinni ásamt 8 þingmönnum öðrum kemur með breytingaruppástungu, sem færa laun sumra embættismanna niður, þá kemur landshöfðingi og hótar að mótmæla frumvarpinu, ef þessar breytingaruppástungur verða samþykktar. Hvað má nú sjá af þessu? Það fyrst, að landshöfðingi er í þessu máli ekki sem bezt sjálfum sjer samkvæmur. Því hvers vegna mælir hann fremur á mót þeirri undantekningu frá reglunni, sem gengur niður á við, en hinni, er gengur upp á við. Mótmæli hans hljóta því nú að vera sprottin af einhverju öðru en því, að honum sje svo sárt um, að víkja fótmál frá meginreglunni. En hið annað, er sjá má, er það, að reglan um meðaltalið er hjá nefndinni, hjá landshöfðingjanum, og hjá allri deildinni ekki meiri mælisnúra, en svo, að allir þessir taka sjer ljett að víkja frá henni, er þeim ræður svo við að horfa. Og það er einmitt nefndin sjálf, sem mest hefur reikað í þessu máli. Hjer liggja fyrir að eins 3 breytingaratkvæði, og þau eru öll frá nefndinni; að sönnu hafa nokkrir þingmenn skrifað með henni undir eitt þeirra, og eru þeir eins konar geislabrot kringum þessa ljómandi nefnd. Þannig er nú ástatt; hjer er ekki heil brú í neinu, hvorki stjórnarfrumvarpinu nje nefndarálitinu, og ekkert fast, er maður getur haldið sjer til í atkvæðagreiðslunni. Og svo mikið er víst, að landshöfðingi og þingmaður Reykvíkinga geta ekki sýnt hjer neinn óskeikanlegan biflíutexta, sem sje ófrávíkjanlegur. Mjer sýnist, þegar svona er komið, hjer vera það eina úrræði, að gefa atkvæði með hverju einu atriði eptir því sem manni sýnist að vera muni rjettast, án nokkurs tillits til þeirrar aðalreglu, sem hefur verið svo mikið talað um, en aldrei fylgt. Það er óneitanlega vandamál að ákveða, hver laun sjeu hæfilega há handa embættismönnunum, og ekki sízt fyrir bændur, sem að líkindum eiga ekki gott með að gjöra sjer ljósa hugmynd um lífið á kaupstaðarmölinni, um kostnað þess og öll útgjöld. Embættismenn þeir, sem giptir eru, þurfa að leggja í ekkjukassa talsvert fje, og nú er ráðgjört í skattanefndarálitinu, að heimta tekjuskatt af launum embættismanna. Það er sannarlega engin furða, þótt þingmenn margir sjeu í efa um það, hvernig þeir skuli greiða atkvæði í þessu máli, þegar nefndin hefur ekki í heila 40 daga náð fastari stefnu en þetta. En það, sem enginn þingmaður getur verið í vafa um, er það, að embættismennirnir verða að fá sæmileg laun; en þó um leið verður að líta á hina hliðina, að eigi má leggja of há og óþörf gjöld á bændur og landssjóðinn. Í annan stað er það sjálfsagt, að embættismenn þeir, sem nú eru, mega einskis í missa við ný launalög. Því að ekki væri það sanngjarnt, ef húsbóndi gjörði samning við vinnumann sinn, að ef hann yrði hjá sjer í 10 ár, skyldi hann hafa 20 rd. 1. árið, 30 rd. 2. árið og 40 rd. 3. árið, en húsbóndinn þá á öðru ári segði við hann: Nú eru kringumstæður breyttar, og þú getur ekki fengið, nema 30 rd. framvegis; sje þetta ekki sanngjarnt við vinnumanninn, þá er hið sama ekki rjett við embættismanninn. En þegar svo er, að hinir núverandi embættismenn hljóta að hafa sín laun alla sína lífstíð, þá gjörir það ekki svo mikið til, þótt heldur sjeu teknar lægri en hærri tölur. Því að eptir svo sem 10 ár geta allar kringumstæður verið orðnar svo breyttar, að þá geta það verið óþarflega há laun, sem nú eru hæfileg, eða þá aptur hið gagnstæða. Jeg fyrir mitt leyti greiði atkvæði með og móti, eptir því sem mjer sýnist rjettast, án þess að binda mig við nokkrar vissar tölur af þeim, sem hjer liggja fyrir.

Þórður Þórðarson sagðist játa, að æski-

legt væri, að embættismenn gætu fengið sem bezt laun, ef eitthvað yrði fleira gjört. En á meðan lítil ráðstöfun væri gjörð til þess að fá menn í embætti út um landið, sem stæðu að ár eptir ár, og meðan ekkert væri gjört til að efla atvinnuvegina, þá sýndist sjer ekki betur, en að annað stæði nær, en að hækka laun embættismanna þeirra, sem óneitanlega væru sæmilega launaðir. 1200 krónur væru að vísu ætlaðar til jarðabóta, og þó þessar tölur væru færðar upp til helminga, þá væri slíkt sannarlegt lítilræði, sem væri að eins rjett til orðs, og næði þar að auki alls ekki til sjávaratvinnuveganna. En þeim þyrfti þó víst líka að kippa í lag. Þar sem 1. þingmaður Gullbringusýslu við aðra umræðu þessa máls með mörgum fögrum orðum, eins og honum er lagið, talaði um, að menn ættu að varast, að kali kæmi upp milli embættismanna og alþýðu, þá kvaðst hann halda, að þetta forðuðust menn bezt með því að hafa jafnt tillit til allra stjetta, og nær sem þingið sæi sjer fært, að bæta atvinnuvegi landsbúa, þá gæti það og ætti að bæta við laun embættismanna, þar sem þau virðast of lág.

Einar Ásmundsson kvað sig og aðra alþingismenn, sem nú væru komnir saman á þetta fyrsta löggefandi þing, finna mjög vel, að margt þyrfti að laga í landinu. Lög vöntuðu um margt, og eitt af því væri lög um laun embættismanna. Margt hefði gengið á trjefótum í stjórn landsins að undanförnu, sem von hefði verið, þegar landsstjórninni hefði verið meinað að ganga á sínum náttúrlegu fótum, hefði hún orðið að ganga á trjefótum. Vjer þyrftum embættismenn og að launa þeim; því væri nauðsynlegt að setja um þetta lög, þar sem þau eigi væru til; stjórnin hefði eins lítið á þetta mál, því hefði hún lagt frumvarp um þetta fyrir þingið. Nú væri því sá rjetti tími til að setja þau. Hann kvaðst fyrir sitt leyti álíta frumvarp stjórnarinnar gott, því að það væri byggt á reynslu og stæði að því leyti á gömlum merg. Nefndin hefði haft það fyrir mælisnúru, en að eins breytt meginreglunni, sem þar væri fylgt, en í stað þess tekið þá meginreglu, að taka yfir höfuð meðaltal af hæstu og lægstu tölum í frumvarpinu, og hefði nefndin byggt þar á þeirri grundvallarhugsun, að embættið væri ávallt hið sama, og því sömu launa vert. Líkri meginreglu hefði nýlega verið fylgt í ályktun um annað mál o: læknamálið. Sín skoðun væri sú, að embættin ættu að vera vel launuð, því að þá hefðum vjer meiri vissu fyrir eða að minnsta kosti líkindi til að fá nýta og duglega menn í þau. Það væri jafnvel betra að hafa fáa embættismenn, ef þeir þá væru duglegir, heldur en að hafa þá fleiri ljelega launaða. En af embættismanninum ættum vjer þá líka mikið að heimta. Hann kvaðst eigi fá betur sjeð, en að nefndin hefði fylgt góðri reglu. Hún hefði þó eigi rígbundið sig við reglurna, því hefði hún fært niður hjá sumum, t. a. m. amtmönnunum, en upp laun sumra, t. d. skólakennaranna. Hann kvaðst vera nefndinni samdóma um breytingar hennar og kvaðst álíta, að hún hefði farið og hitt bezta veg; lýsti hann ánægju sinni yfir gjörðum hennar í málinu, og kvaðst mundu að öllu leyti gefa atkvæði sitt með henni. En um breytingaruppástungur þær, er síðar hefðu komið fram við frumvarp nefndarinnar og nú lægju fyrir, mætti segja, að sumar þeirra væru til bóta, en sumar ekki. Viðbótina, er nefndin styngi upp á við 7. gr., áleit hann ónauðsynlega. Af 2 breytingaratriðum nefndarinnar, er væru á öðru blaði, væri hið fyrra til mikilla bóta, og mundi hann fallast á það, en hinu síðara atriðinu mundi hann hafna. Með breytingaruppástungu hinna 6 þingmanna kvaðst hann sjálfsagt ekki greiða atkvæði.

Benidikt Sveinsson sagði, að þingmaður Suður-Múlasýslu hefði haldið langa ræðu um nefndina, og sannað ágætlega það tvennt, 1. að nefndin hefði haft mesta vandaverk á hendi, 2. að ekki væri auðið, að fastsetja tölur; aldrei yrði með vissu sagt í þessu máli: þessi tala er rjett. Talan gæti verið rjettlát í dag, en yrði það ekki á morgun; peningar gætu hækkað og lækkað í verði, og einnig það, sem þeir væru gefnir fyrir. En því erfiðara sem væri að ákvarða þetta, því fremur hlyti mönnum að verða það ljóst, hvílíkt vandaverk

nefndin hefði haft á hendi. Þótt þingmaður Suður-Múlasýslu talaði í 40 daga um það, þá mundi þetta mál þó ávallt verða þungt og torleyst. En aptur kvaðst hann vera 1. þingmanni Eyfirðinga þakklátur fyrir það, hve mildilega honum hefðu farizt orð um nefndina, og fyrir það, að hann hefði ekki misskilið aðgjörðir hennar. Nefndin hefði sumstaðar orðið að víkja frá aðalreglunni, sem hún hefði fylgt, og hækka laun sumra, einkum skólakennaranna, sem hefðu áður verið ósæmilega lág. Mætti eigi kasta þungum steini á nefndina fyrir slíkar breytingar. Þar sem þingmaður Suður-Múlasýslu hefði fjölyrt um *breytingaruppástungur nefndarinnar*, sem hún hefði seinna komið með, þá mætti honum vel farast digurmannlega orð um það, því að hann vissi dugnað sjálfs sín að koma með þær í málum. En verst hefði verið, að þingmaðurinn, þótt hann ætti að hugsa sig um í 40 daga, gæti eigi, eptir orðum sjálfs hans, botnað í, hvernig hann ætti að greiða atkvæði í málinu. Loks kvaðst hann vona, að þingið mundi fylgja reglu nefndarinnar í málinu, nema ef þingmaður Suður-Múlasýslu kæmi fram með aðrar betri sannanir en áður gegn henni.

Framsögumaður kvaðst ekki þurfa að tala, *sökum* þess að 1. *þingmaður* Eyfirðinga og 1. þingmaður Árnesinga hefði borið nægar ástæður fram fyrir nefndina; og ekki kvaðst hann hafa ætlað sjer það, ef 1. þingmaður Suður-Múlasýslu hefði eigi sært nefndina, en það tæki hann fram, eins og augljóst væri af nefndarálitinu, að nefndin hefði yfir höfuð fylgt sömu meginreglu með hliðsjón af stjórnarfrumvarpinu; en þar, sem nefndin hefði vikið frá reglunni, mundi hver þingmaður verða að játa, að þar hefði verið nauðsyn til að breyta, og að þar hefði verið breytt til batnaðar. Enginn mundi neita, að full nauðsyn hefði verið til að hækka laun skólakennaranna.

Hvað viðaukann við 7. gr. snerti, þá hefðu margir þingmenn lýst því yfir, að hann væri óþarfur, en hann gæti þó eigi álitið, að svo væri með öllu, heldur yrði hann að álíta, að *grein* þessi tæki af allan efa; og áliti hann því rjettara, að hún væri samþykkt. Þingmaður Suður-Múlasýslu hefði álasað nefndinni, en hann vissi sjálfur, að nefnd, sem hann hefði sjálfur verið í, hefði líka verið ámælt, og það hefði honum eigi þótt rjett. Hann hefði talað um, að hann mundi fá litlar «þakkir», en nefndinni hefði ekki dottið í hug að fá þakkir af neinum, hún hefði þvert á móti búizt við, að hún sætti sömu kjörum og sagt sje að ráðskonur sæti, að þeim, sem þær skamta, þyki of lítið skamtað, en þeim, sem til leggja, þyki of miklu eytt, en þetta hafi hún ekki tekið til greina, heldur gjört það, sem hún áleit rjettast.

Halldór Kr. Friðriksson sagði, að þau orð þingmanns Snæfellinga, að margt væri það, sem vjer gætum ekki án verið, hefðu neytt sig til að tala. Hann kvaðst að vísu samdóma honum um það, að vjer þyrftum margs við; en vjer gætum verið án þess í bráð; en *án embættismanna* gætum vjer alls ekki verið nokkurn tíma. Enn fremur væri rangt að segja, að laun embættismanna eptir þessu frumvarpi væri hækkuð, frá því sem er, nema laun skólakennaranna. Hjer væri tekið meðaltal af hæstu og lægstu launum þeim, sem nú væru ákveðin. Því væri hjer að eins annari reglu fylgt, en launin sömu og áður, þegar öllu væri á botninn hvolft. Þingmaðurinn hlyti því að sjá, að launin væri í rauninni eigi hækkuð; en þingmaðurinn hlyti aptur að játa, að launin lækkuðu, ef uppástunga hans og hinna 8 þingmanna yrði samþykkt. Viðbótin við 7. gr. virtist sjer óþörf, vegna þess að sama hugsun væri fólgin í 1. lið 7. greinar. Hann kvaðst vona, að allir sæju, að það væri mjög nauðsynlegt, að dómararnir væru vel launaðir. Dómaraembættin væru hin mest áríðandi embætti landsins, og því hlyti að launa þau embætti vel, til þess að nýtir menn gætu í þau fengizt, og þeir væru engum háðir. Það ætti ekki heldur, að sínu áliti, að binda dómarana nú þegar við kennslu á lagaskóla, ef hann yrði stofnaður, og ekki ætti heldur að binda laun þeirra í þessum launalögum við

þá lagakennslu, og þótt eigi kæmi til hennar, þá mættu launin ekki minnka fyrir það. Dómendur þessir ættu að hafa 4000 kr., en það væri rangt að minnka það. Það lægi í augum uppi, að ekki væri sanngjarnt að segja: «þú fær ekki þessi laun, fyr en þú tekur að þjer kennslu á lagaskóla, sem er í ráði að stofna»; því að vel gæti verið, að aldrei kæmi til þess.

Tryggvi Gunnarsson sagði, að 1. þingmanni Árnesinga hefði þótt leiðinlegt að vita ekki, hvernig hann ætlaði að greiða atkvæði; en sjer fyndist honum ekkert ríða á, að vita um atkvæðagreiðslu sína fyrirfram, en þó gæti hann sagt, hverri reglu hann mundi fylgja. Eins og hann hefði áður tekið fram, væri það augljóst, að ekki væri hægt að ákveða laun embættismanna, sem gætu verið sanngjörn og staðið óhöggð langt fram í ókomna tímann. Gildi peninga, og þess, sem peningar væru gefnir fyrir, breyttist svo mjög með tímanum, að ómögulegt væri að spá í þær eyður. Og einkum kvaðst hann ekki vilja taka fram fyrir hendurnar á eptirkomendunum, vildi hann því heldur gefa atkvæði á sumum stöðunum fyrir lægri launanum, því hve nær sem lögin seinna væru tekin á þingi til breytinga, þá væri hægra að hækka launin en lækka þau, ef þess væri þá þörf.

Grímur Thomsen kvaðst engan veginn vera því samdóma, að mál þetta ætti aptur að koma inn á þing. Þingið væri dýrara en svo, að þingmenn ættu hvert löggjafarþingið eptir annað að sitja við að ræða og þjarka um launalög. Þingið ætti að láta dæmi Dana í þessu máli sjer að varnaði verða. Málið væri reyndar nú komið í óvænlegt horf. Launalög væru að vísu erfið, og mjög örðugt að komast að *sanngjörnum* málalokum í þeim; en mannleg verk mundu jafnan verða ófullkomin. Hjer væri áríðandi, að sá spenningur og rígur kæmist ekki á, sem svo lengi hefði átt sjer stað og ætti sjer enn stað erlendis, t. d. í Danmörku og Noregi. Ef vjer hefðum fyrir löngu fengið löggjafarþing, þá hefði oss verið vorkunn, þótt vjer hefðum gengið í gegnum *pennan* hreinsunareld efasemdanna, en nú hefðum vjer dæmi annara þjóða, er gæti varið oss vítum. Ef þetta mál ætti að koma fyrir og verða rætt á mörgum þingum, þá gæti það kostað landið ærna peninga. Þingmaður Reykvíkinga hefði alls ekki verið sanngjarn við bændur; þeim væri ekki um að kenna, þótt málið gengi tregt; hjer á þinginu væru margir bændur, sem vildu ríða endahnút á það. Þingmaður Reykvíkinga hefði því víst eigi tekið vel eptir ræðum 1. þingmanns Eyfirðinga og þingmanns Mýramanna um þetta efni. Þingmaður Mýramanna hefði einmitt tekið fram, að hann vildi, að laun embættismanna væru ekki einasta hæfileg, heldur rífleg. Breytingaruppástungur þær, er komið hefðu við frumvarpið, vektu vafa hjá mönnum. Frumvarp nefndarinnar væri gott, en því lengur, sem menn hugsuðu um það, því meiri efi vaknaði um það. Hjer væru orðnar margar breytingaruppástungur, og í málinu væri orðinn meiri hluti, minni hluti og minnsti hluti. Við 2. umræðu hefði þingið samþykkt frumvarpið. Það væri því eigi sóma þingsins samboðið, að breyta því nú við 3. umræðu, sem það hefði samþykkt við 2. umræðu. Það væri eigi heldur siður í öðrum löndum, og sýndi, að menn hefðu þá eigi hugsað sig nóg um. Það væri að vísu skylda manna, að íhuga öll mál vel og breyta og bæta úr göllum, ef þeir fyndust. Ýmsar misfellur kynnu að vera á frumvarpi þessu, en engar stórar. Einkum hefðu menn óttazt, að dómarar fengju of há laun, ef lagaskóli yrði stofnaður, en 3. gr. í frumvarpi nefndarinnar gjörði þann ótta óþarfan. Ef frumvarpið um lagaskólann yrði að lögum, þá hefðu dómararnir 2 embætti, og væru þá laun þeirra ákveðin eptir 3. gr. o: hvor á að missa $^1/_4$ af launanum samanlögðum, eða ef launin eru jafnhá, helminginn af öðrum launanum; og svo gætu þeir aldrei fengið meira en 10. gr. frumvarps stjórnarinnar ætlast til að þeir fái o: 4000 kr. Það gæti komið fyrir, að núverandi dómarar fengju hvor 4,800 kr. um stuttan tíma, og þá væri þetta fram komið, sem menn nú óttast. Annað væri eigi

að óttast. Með tímanum kvað hann við eptirlaunin sparast það, sem of mikið væri. Eptirlaunin væru, svo sem kunnugt væri, reiknuð eptir meðaltali launanna á 5 seinustu árunum. Í þessu tilliti ynni landssjóðurinn mikið fje. En eins og útgjöld yfir höfuð væru leiðinleg, eins væru eptirlaun og þess konar kvabb fjarska-leiðinlegt, og gleðilegt fyrir landssjóðinn, ef þau yrðu lægri.

Sú athugasemd landshöfðingja hefði sjer virzt merkileg, að eptir frumvarpi nefndarinnar ættu núverandi embættismenn, sem eiga von á meiri launum, ekki að fá þessi laun; en hið gagnstæða væri sagt í frumvarpinu. Eldri embættismenn eiga einskis að missa í. En áður en gengið væri til atkvæða, vildi hann spyrja landshöfðingja um það, hvort hann mundi mótmæla, að launalagafrumvarp þetta yrði að lögum, ef það nú við 3. umræðu yrði samþykkt, eins og það hefði verið samþykkt við 2. umræðu, og yrði síðan samþykkt óbreytt í efri deildinni. Hans úrskurður hafi mikil áhrif á atkvæði sitt í málinu. Hann kvaðst fyrir hvern mun eigi vilja fá launalagafrumvarp inn á þingið hvað eptir annað. Ef landshöfðinginn áliti viðbótina við 7. gr. nauðsynlega, kvaðst hann og mundu gefa henni sitt atkvæði, þótt hann annars áliti, að hún mætti missa sig. Öllum breytingum hinna 8 þingmanna var hann mótmæltur, og væri það eigi samboðið sóma þingsins, að breyta samþykkt sinni við 2. umræðu.

Þó leyfði hann sjer að benda þingmanni Snæfellinga á, að hann hefði í ræðu sinni verið ósanngjarn við þingdeildina, þar sem hann hefði borið henni á brýn, að hún bugsaði ekki um brýnar þarfir landsins. Hann vissi þó, að þingdeildin hefði þegar samþykkt fjárveitingar til vegabóta, gufuskipsferða, jarðabóta, brauðabóta, og nú væru enn komnar fram uppástungur um fjárveitingar til fyrirhugaðra gagnfræðisskóla. Þetta allt væri stórfje, 60—70,000 kr., og miklu meira en launaviðbót sú um 2 ár, sem nú væri um að ræða, og sem færi æ minnkandi, og það enn meira, þegar embættismenn eiga að fara að fá eptirlaun.

Loks tók hann sjerstaklega fram það atriði í uppástungu hinna 8 þingmanna, að laun dómaranna yrðu lækkuð úr 4000 kr. niður í 3200 kr. Að lækka laun þeirra þannig, sagði hann að væri alveg óhafandi; embætti þeirra og staða væri einkar-áríðandi; þeir væru óafsetjanlegir nema með dómi, og ættu að vera stjórn og þegnum óháðir. Staða dómarans væri lík stöðu alþingismannsins; hann ætti hvorki að líta til hægri nje vinstri. Uppástunga nefndarinnar, að setja laun þessara embættismanna há, væri fögur og sanngjörn. Það væri rangt og jafnvel háskalegt og hvergi siður í öðrum löndum, að launa þau embætti illa.

Þórður Þórðarson kvað það misskilning hjá hinum háttvirta þingmanni Reykvíkinga á orðum sínum að ætla, að hann vildi eigi bæta kjör embættismanna, en hann vildi um leið koma á jöfnuði í hag þeirra, eins og sjá mætti af breytingaruppástungunni, enda hlyti sá vegur að þykja sanngjarnastur. Hann skyldi svara 1. þingmanni Gullbringusýslu því, að þingið hefði eigi tekið til greina kvartanir landsbúa þeirra, er bágast væru staddir, nje viljað styðja fyrirtæki þeirra sem skyldi, og skyldi hann færa til þau úrslit, er hefðu orðið á beiðni Snæfellinga um lán til stofnunar fiskiveiða á þilskipum, þar sem atvinnuvegur þeirra væri nú kominn í svo bágt horf, sökum þess að aðrar þjóðir væru nú að kalla einar um fiskiaflann, síðan fiskur hefði hætt að ganga til grunns, svo hjer lægi líf margra hundraða manna við, að sjávarútvegurinn kæmist í betra horf, en til þess væri ekki efni fyrir höndum hjá sýslubúum. Einnig það, hvernig þingið hefði tekið undir bænarskrá Vestmannaeyinga um að lögleiða annan landskuldargjaldmáta, þar sem gjaldmáti sá, sem nú er, væri kröptum eða efnahag þeirra um megn, síðan atvinnuvegum þeirra hefði hnignað svo mjög, að þeir risu ekki undir þessu gjaldi.

Benidikt Sveinsson sagði, að breytingin við 10. gr., er færði 4000 kr. niður í 3200, væri komin til af því, að uppástungumenn hefðu það hugfast, að hjer væri um tvö em-

bætti að ræða, og yrði kennslan við lagaskólann að álítast umboðslegs eðlis; en með því að slengja þeim saman í eitt, nyti dómarinn eigi hinnar grundvallarlagalegu tryggingar, að verða eigi settur af án dóms og laga, sem honum bæri, þegar hann eingöngu hefði dómgæzlu á höndum. Hjá þessu yrði nauðsynlega að komast, enda mætti eigi skylda hina núverandi yfirdómendur til þess að takast kennsluna á hendur, og kvaðst hann eigi geta verið 1. þingmanni Gullbringusýslu samdóma um, að 3. gr. frumvarpsins hefði áhrif á þessi embætti, því hún gæti auðsjáanlega eigi komizt að, þar sem tvö embætti væri sameinuð.

Jón Sigurðsson kvaðst eigi eiga gott með að skilja í sumum ræðum, sem hjer hefðu fram farið, þar sem látið hefði verið í veðri vaka af ýmsum þingmönnum, að frumvarpið gæti eigi orðið að lögum, ef gjörðar væru á því nokkrar verulegar breytingar. Hann spurði, til hvers málið hefði verið lagt fyrir þingið. Stjórnin hefði þó víst búizt við, að frumvarpinu yrði breytt, ekki einungis að efni, heldur einnig að formi. Sjálfsagt væri frumvarpið lagt fyrir til þess að gefa þinginu færi á að gjöra þær breytingar á því, sem nauðsyn bæri til. Nú hefði sjer skilizt svo á þingmönnum fleirum og á landshöfðingja, að ef töluuppbæðir frumvarpsins yrðu færðar niður, þá mundi stjórnin ráða frá, að frumvarpið yrði að lögum; það væri merkileg og mjög undarleg skoðun, þar sem allir yrðu þó að játa, að þingið hefði ótakmarkað fjárveitingarvald að minnsta kosti í þessu máli, og þætti sjer kynlegt, ef atkvæði ábyrgðarlauss manns, svo sem landshöfðingja, skyldi hafa þau áhrif á atkvæði þingsins, að það ekki gæti náð lagagildi, ef hann mælti á móti. Það væri öllum ljóst, að laun embættismanna væru tekin úr vasa landsmanna, hvort heldur tölurnar yrðu færðar upp eða niður, og skyldi hann þess vegna lýsa því yfir, að landshöfðingi ætti ekki að hafa með atkvæði sínu nokkur áhrif, hvorki á málið sjálft nje á atkvæði það, er þingið greiddi. Allir væru samdóma um að launa embættismönnum sómasamlega; deildar meiningar væru einungis um það, hvað væri sómasamlegt í þessu sambandi. Þeir, sem vildu hækka laun embættismanna, væru flestir embættismenn, þeir, sem vildu færa þau niður, væru af bændaflokki. Það væri eðlilegt, að embættismenn væru rífari á launauppbæðunum en bændur, því þeir fyndu bezt, hvar skórinn kreppti að, og þekktu bezt nauðsynjar sínar, en sjer þætti það helzt að, að þeim anda hefði verið haldið fram um of, einkum á undanförnum þingum, að miða laun embættismanna við embættismanna- laun erlendis. Það yrði að miða við það, hvernig hjer hagaði til, hjer þyrftu menn eigi að lifa kostnaðarsömu og glæsilegu lífi sem í öðrum löndum, það væri eigi rjett nje hyggilegt að setja sjer til fyrirmyndar önnur lönd í þessu efni, heldur skyldi miðað við hag landsins. Einn þingmaður hefði sagt, að mjög mikið væri undir komið, að hafa vel launaða embættismenn, því það væri skilyrði fyrir góðri embættisfærslu, en hann kvað reynsluna hingað til fremur hafa sannað hið gagnstæða, því hægt mundi að sanna, að lágt launaðir embættismenn hefðu jafnvel staðið betur í stöðu sinni en hátt launaðir, og skyldi hann svo eigi fara lengra út í það mál. Hann kvaðst engan þátt hafa átt í breytingaruppástungunum, sitt atkvæði væri frjálst, en sjer þætti kastað of hörðum steini á þingmann Suður-Múlasýslu fyrir það, þó hann ætli að greiða atkvæði með hinum lægri tölum í þessu launafrumvarpi. Sjer þætti, eins og honum, slæmur frágangur á frumvarpi nefndarinnar. Það væri jafnvel efasamt, hvort rjett væri, að málið gengi fram að þessu sinni, því ef þingið slægi fast þessum tölum, þá vissi hann, að landsmenn og kjósendur vorir kynnu oss litlar þakkir fyrir frammistöðuna, en annars kostar þætti sjer betur fallið að fallast heldur á hinar lægri en hærri tölur, því þinginu væri jafnan innanhandar eptirleiðis að bæta við laun embættismanna, ef það þætti nauðsynlegt, en torveldara mundi að taka af þeim, þegar einu sinni væri búið að slá þeim föstum.

Grímur Thomsen sagði, að sjer virtist sem

sessunautur sinn vildi nú stofna bændaflokk, og væri honum trúandi til þess á næsta þingi, að mæta herklæddur. Það gæti verið, að sumir miðuðu við vinsæld kjósenda sinna hvert eitt mál, og geti sjer skilizt það þægilegt fyrir hann, þegar bent yrði til hans og sagt: hjer er sá maður, sem sá um, að embættismenn landsins svelgdi eigi eptirleiðis í óhófi og svalli. En hann vonaðist til þess, að menn vildu eigi lifa í 10—20 ára þrasi út af þessu, heldur ljetu sjer eptirdæmi Dana að varnaði verða, því eigi hefðu þeir spunnið silki við það. Þingmanni Snæfellinga vildi hann svara með því, að sjer þætti undarlegt, að taka fram í þessu máli afdrif Snæfellinga og Vestmannaeyinga, og skyldi hann gefa þingmanninum þá einu bendingu, að Snæfellingar brúkuðu mjög mikið brennivín; ef þeir drykkju minna, þá mætti fyrst eiga undir, að þeir borguðu aptur lán, er þeim yrði veitt.

Loksins kvaðst hann vilja spyrja landshöfðingja um, hvort hann gjörði það að skilyrði fyrir meðmæli sínu með frumvarpinu, að 2. töl. í 7. gr. hjeldist, því viðvíkjandi því, sem hann hefði áður látið í ljósi, að hann skipti sjer eigi um, hvort landshöfðingi rjeði með eða í mót, þá hefði það eingöngu átt við í þeim málum, sem þingið flytti, svo sem í tollmálinu, en þar sem eins og hjer frumvarp væri lagt fram af hendi stjórnarinnar, ímyndaði hann sjer, að landshöfðingja væri á hendur falið að semja í stað ráðgjafans við þingið.

Eggert Gunnarsson kvað gleðilegt að heyra 1. þingmann Gullbringusýslu leggja svo mikla áherzlu á, að þingmönnum einungis bæri að greiða atkvæði eptir samvizku sinni. En hann kvaðst því síður skilja í því, að hann áliti það ósæmilegt, þó atkvæði fjellu öðruvísi við 3. en 2. umræðu, sem hann sjálfur leyfði sjer þó að haga þannig atkvæðagreiðslu sinni. Hann sagði, að breytingaruppástunga hinna 8 þingmanna, sem einnig væri undirskrifuð af sjer, færi að eins fram á þær breytingar, sem flestir mundu kannast við að væru á rökum byggðar, og mundi mörgum jafnvel þykja helzt til of skammt farið í uppástungu þessari, til dæmis með laun amtmannanna og biskupsins. En hvað amtmannaembættin snerti, þá byggjust margir við, að þeim yrði bráðlega breytt á þann hátt, er hagfelldari þætti; hann kvaðst því vona, að breytingaruppástunga þessi fengi samþykki þingdeildarinnar.

Jón Sigurðsson sagði, að annaðhvort hefði hann misskilið þingmenn eða þeir misskilið sig. Hann hefði meint, að heppilegt væri, ef til vildi, að málinu yrði frestað, af því of mjög væru deildar meiningar um það, enda virtist sjer það óheppilegt, að verið væri að ota þeirri grýlu að þingmönnum, að launalögin ekki mundu ná staðfesting konungs, ef þeir samþykktu eigi frumvarpið án breytinga eða rjett eins og stjórnin vildi. Það mætti eigi gefa þinginu sök á því, þó landshöfðingi legði á móti málinu, enda væri það á ábyrgð hans og stjórnarinnar, því atkvæði þingsins væri frjálst í þessu máli.

Í ræðu 1. þingmanns Gullbringusýslu gæti hann vel skilið, ef hann hefði átt að greiða laun embættismanna úr eigin vasa, en sjer sýndist það gegna nokkuð öðru máli, þegar um það er að ræða, að það er fje landsmanna, sem hann vill vera svo einstaklega rífur á.

Þórður Þórðarson gat þess, að sjer hefði skilizt, að Snæfellingar hefðu átt að skemma fyrir sjer bæði hjá bænarskráa-nefndinni og fjárlaganefndinni sökum þess að þeir drykkju svo um of brennivín; og ef svo væri, að þeir drykkju meira brennivín en aðrir menn, þá gæti hann fallizt á það; en hann kvaðst vilja biðja 1. þingmann Gullbringusýslu að færa sönnur fyrir, að þeir drykkju allt það brennivín sjálfir, er til þeirra flyttist, því geta mætti til, að öðru væri nær, er Dalamenn, sem engan hefðu kaupstað sjálfir, hlytu að sækja suður í Hólm, og einnig Barðstrendingar sæktu þangað nokkuð, það væri því ekki undarlegt, þó meiri brennivínstollur kæmi frá Snæfellsness-sýslu, sem hefði 3 kaupstaði, en þaðan, sem enginn kaupstaður væri.

Grímur Thomsen kvað sig furða mest á að heyra, að kjósendum yrði íþyngt með

þessum lögum, því bæði legðist álaga þessi á óbeinlínis, enda væri búið að brýna það fyrir mönnum, að kostnaðinum væri svo varið, að hann færi minnkandi, þegar fram liðu stundir.

Þá tóku eigi fleiri til máls; var þá gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. Breytingaruppástunga minni hluta nefndarinnar, að niðurlag 1. greinar fjelli burt, samþykkt með 16 samhl. atkv.
2. 1. grein með áorðinni breytingu samþykkt í heild sinni með 19 samhl. atkv.
3. Breytingaruppástunga minni hluta nefndarinnar við 7. grein var samþykkt með 9 atkvæðum gegn 7, en þar eð atkvæðagreiðslan var þannig óglögg, var haft nafnakall um hana, og sögðu:

já:
Guðmundur Einarsson,
H. Kr. Friðriksson,
Benidikt Sveinsson,
Grímur Thomsen,
Ísleifur Gíslason,
Páll Ólafsson,
Páll prestur Pálsson,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

nei:
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Einar Gíslason,
Einar Guðmundsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Jón Sigurðsson,
Páll bóndi Pálsson,
Stefán Stephensen,
Þórður Þórðarson.

Var viðaukinn þannig samþykktur með 12 atkv. gegn 10.

4. 7. gr. í heild sinni var þá með viðaukanum samþykkt með 16 atkv. gegn 1.

Við 8. og 9. gr. hafði engin breyting verið borin upp.

5. Breytingaruppástunga við 10. grein frá 8 þingmönnum:
   1. liður: að í stað 5800 kr. komi 5000 kr., var felldur með 9 atkvæðum gegn 9, og var þá sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu við haft nafnakall, og sögðu þeir já, sem greiddu atkvæði með uppástungu hinna 8 þingmanna (þ: 5000 kr.), en hinir nei.

   já sögðu:
   Eggert Gunnarsson,
   Einar Gíslason,
   Guðmundur Ólafsson,
   Páll Ólafsson,
   Páll prestur Pálsson,
   Tryggvi Gunnarsson,
   Þórður Þórðarson,
   Þorlákur Guðmundsson,
   Þorsteinn Jónsson.

   nei sögðu:
   Guðmundur Einarsson,
   H. Kr. Friðriksson,
   Benidikt Sveinsson,
   Einar Ásmundsson,
   Grímur Thomsen,
   Hjálmur Pjetursson,
   Ísleifur Gíslason,
   Jón Sigurðsson,
   Páll bóndi Pálsson,
   Snorri Pálsson,
   Stefán Stephensen,
   Þórarinn Böðvarsson.

   Og var 1. liður þannig felldur með 12 atkv. gegn 9.

   Einar Guðmundsson greiddi eigi atkv.
6. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 10. gr., að fyrir orðin: «fyrsta og öðrum dómanda», komi: «öðrum dómendum». Samþykkt með 15 samhl. atkv.
7. 2. liður frá minni hluta nefndarinnar og hinum 8 þingmönnum, fyrir «4000 kr.», komi: «3200 kr.» felldur með 11 atkv. gegn 10, og var þá við haft nafnakall á sama hátt og við 1. lið, og sögðu:

   já:
   Benidikt Sveinsson,
   Eggert Gunnarsson,

Einar Gíslason,
Einar Guðmundsson,
Guðmundur Ólafsson,
Páll Ólafsson,
Páll Pálsson, prestur,
Snorri Pálsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson.
nei:
Guðmundur Einarsson,
H. Kr. Friðriksson,
Einar Ásmundsson,
Grímur Thomsen,
Hjálmur Pjetursson,
Ísleifur Gíslason,
Jón Sigurðsson,
Páll bóndi Pálsson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorsteinn Jónsson.
og var 2. liður (o: 3200 kr.) þannig felldur með 12 atkv. gegn 10.

8. Breytingaruppástunga við 11. grein frá 8 þingmönnum: Að í staðinn fyrir «4300 kr», komi: «4000 kr.»; um það var og sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu við haft nafnakall á sama hátt og áður, og sögðu:
já:
Eggert Gunnarsson,
Einar Gíslason,
Einar Guðmundsson,
Guðmundur Ólafsson,
Jón Sigurðsson,
Páll Ólafsson,
Páll Pálsson, prestur,
Snorri Pálsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.
nei:
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Benidikt Sveinsson,
Einar Ásmundsson,
Grímur Thomsen,
Ísleifur Gíslason,
Páll Pálsson, bóndi,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson.
Og var þessi uppástunga hinna 8 þingmanna þannig samþykkt með 11 atkv. gegn 10.
Hjálmur Pjetursson greiddi eigi atkvæði.

9. 11. gr. með þessari breytingu samþykkt með 13 atkvæðum.

10. Breytingaruppástunga við 13. gr. frá 8 þingmönnum, 1. að í stað «4600 kr.» komi: «4200 kr.» felld með 10 atkvæðum gegn 9, og var þá haft við nafnakall sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu, og sögðu:
já
Eggert Gunnarsson,
Einar Gíslason,
Guðmundur Ólafsson,
Jón Sigurðsson,
Páll Ólafsson,
Páll prestur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.
nei:
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Benidikt Sveinsson,
Einar Ásmundsson,
Einar Guðmundsson,
Grímur Thomsen,
Hjálmur Pjetursson,
Ísleifur Gíslasson,
Páll Pálsson bóndi,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson.
Og var breytingaruppástungan þannig felld með 11 atkv. gegn 10.
Snorri Pálsson greiddi eigi atkvæði.

11. 2. uppástunga hinna 8 þingmanna við 13. gr.: að í stað: «4200 kr.» komi: «4000 kr.», felld með 12 atkv. gegn 9.

12. 13. gr. frumvarps nefndarinnar samþykkt óbreytt með 14 atkvæðum.
13. Breytingaruppástunga minni hluta nefndarinnar við 14. gr.: að í stað «1000 kr.» komi: «1200 kr.», felld með 10 atkvæðum gegn 8; en sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall og sögðu

já:
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Benidikt Sveinsson,
Einar Ásmundsson,
Grímur Thomsen,
Ísleifur Gíslason,
Jón Sigurðsson,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson.

nei:
Eggert Gunnarsson,
Einar Gíslason,
Einar Guðmundsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Ólafsson,
Páll Pálsson bóndi,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Var uppástungan þannig felld með 11 atkvæðum gegn 9.

Páll prestur Pálsson og Þórður Þórðarson greiddu eigi atkvæði.

14. 14. gr. í heild sinni samþykkt með 17 samhljóða atkvæðum.

Forseti las síðan frumvarpið upp í heild sinni, og var það samþykkt með 14 atkvæðum gegn 2.

15. Að bætt væri inn í á undan 8. gr.: «II. kafli. Laun o. fl.» samþykkt án atkvæðagreiðslu.
16. Fyrirsögn frumvarpsins með breytingum nefndarinnar samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Var frumvarpið því næst sent efri deildinni.

FYRSTA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 39. fundi í efri þingdeildinni 17. dag ágústmán. kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu frumvarp til laga um laun íslenzkra embættismanna, eins og það hafði verið samþykkt af neðri þingdeildinni, og hafði því verið útbýtt í efri deildinni 15. næsta á undan.

Sighvatur Árnason sagðist helzt hafa viljað óska, að frumvarp þetta ekki hefði verið til í þetta sinn, og að það nú eigi væri látið ganga lengra en komið væri. Hann kvaðst hafa margar ástæður fyrir því, að fara þessu fram, bæði það, að svo sýndist í rauninni, sem laun embættismanna væru fullsæmileg, og að því eigi væri nauðsyn til þess, að leggja nú nýjar byrðir á landssjóðinn; það mundi þar að auki verða til þess, að auka óvinsæld milli þings og þjóðar, að fara nú að hreifa við máli þessu, því að þjóðinni mundi víst þykja nóg um útgjöldin, þó ekki væri farið að auka þau í þessu skyni, til landssjóðsins. Hann sagðist ekki ætla að fara út í hinar einstöku greinir, því að það ætti ekki við á þessu stigi málsins; en vildi þó enn einu sinni taka það fram, að hann hefði helzt óskað, að málið væri látið bíða til næsta þings.

Eiríkur Kúld sagði, að það væri illa farið, að hann eigi gæti tekið undir með þingmanni Rangæinga; og kæmi það af því, að sig furðaði á því, að heyra þess konar tillögur, sem hann hefði komið með; það liti helzt út fyrir, að hann engan embættismann vildi hafa, eða þá fyrir ekkert; og væri það mjög óhappalegt, ef slíkar skoðanir færu nú að læðast inn á fyrsta löggefanda þingi, eins og á ríkisþingi Dana, er eigi heldur gætu leitt til annars, en að vekja kala og óánægju milli alþýðu og embættismanna, sem vissulega væri mjög skaðlegt. Hinum heiðraða þingmanni hefði þótt launin vera of há, en hann kvaðst vilja benda honum á það, að launin væru yfir höfuð eigi hækkuð að mun, heldur sett í annað horf; og ef það yrði ofan á á þingi Íslendinga, að rýra laun

embættismanna, þá yrði sú afleiðing af því, að menn hættu að sækjast eptir embættum, hvar af mundi aptur leiða það, að í embættin kæmu að eins danskir embættismenn, og þá þeir, sem þar ættu ei embættisvon, og svo einnig það, að menn færu að hugsa sig um það, að manna börna sín, ef launin eigi væru svo viðunanleg, að hægt væri að lifa nokkurn veginn af þeim, og mundi þetta þó varla vera heppilegt eða vísindunum til mikillar uppörfunar. Að það yrði óvinsælt hjá þjóðinni, að launin væru hækkuð lítið eitt, kvaðst hann heldur eigi geta ímyndað sjer; hitt væri heldur líklegra, að henni eigi mundi geðjast að því, ef slíkur grútarandi, er virtist liggja til grundvallar fyrir orðum þingmanns Rangæinga, fengi framgang á þinginu (einn af tilheyrendum hrópaði þá «bravo»); hann kvaðst einnig vona, að enginn hinna heiðruðu þingdeildarmanna gæfi atkvæði með tillögum þingmannsins.

Stefán Eiríksson sagðist ekki geta verið hinum háttvirta varaforseta alveg samdóma, en það kæmi ekki til af því, að hann eigi vildi, að embættismenn væru vel launaðir, heldur af því, að hann væri hræddur um, að efnin eigi leyfðu þessa launahækkun. En ef á annað borð væri farið að hækka laun embættismanna, þá virtist sjer, að einnig mætti taka prestana með, því allir vissu, við hve lág laun þeir mættu búa margir hverjir; hvað þá sjálft frumvarpið snerti, virtist sjer vera talsverður ójöfnuður í sumum greinum þess, t. a. m. þar sem amtmennirnir væru gjörðir jafnir, þar sem þó amtmaðurinn í suður- og vesturumdæminu hefði miklu meira að gjöra, og ætti því eptir því að hafa hærri laun; og svo væri víðar í frumvarpinu, að ójöfnuður kæmi fram, svo sem um laun forstjóra landsyfirrjettarins, og forstöðumenn hins lærða skóla og prestaskólans, að þetta væru býsnaháar tölur í samanburði við ýmsar aðrar. Aptur yrði sjer að finnast, að laun biskupsins væru heldur lág. Það yrðu þó víst allir að játa, að biskupsembættið yrði að vera vel launað, og hvað sjerstaklega snerti þann biskup landsins, sem nú væri, þá væri það mikillar virðingar vert, að hann hefði látið sjer annt um að gefa út margar og merkilegar guðfræðisbækur, sem væru í miklu afhaldi svo að segja í hvers manns húsi.

Eiríkur Kúld sagðist ætla að svara þingmanni Skaptfellinga út af því, sem hann hefði verið að tala um einhvern misjöfnuð, er ætti sjer stað í frumvarpi þessu; ef honum fyndist svo, væri eigi annað fyrir hann, en að taka sjer breytingaratkvæði, þó að hann fyrir sitt leyti bæði vonaði og treysti því, að alls ekkert kæmi út af því. Þar sem hann hefði verið að tala um, að efni vöntuðu til þessarar launahækkunar, kvaðst hann geta fullvissað hann um það, að fjárlaganefndin hefði haft annað í höfðinu, þegar hún hefði tekið þetta upp í lagafrumvarp sitt, og þyrfti hann því ekki að hræðast þetta. Svo sagðist hann eigi vita, hvaða meining væri í því, að vilja kippa úr einu og einu, nema það kann ske væri gjört til þess, að fella málið, en það yrði hann að telja *mjög* óheppilegt. Hið einasta, sem hann fyrir sitt leyti hefði á móti frumvarpi þessu, væri það, að launin væru sumstaðar of lágt sett, en hann kvaðst þó eigi ætla að koma með breytingaratkvæði í þá átt.

Ásgeir Einarsson sagði, að þingmanni Rangæinga væru nokkuð mislagðar hendur, því að eigi fyrir alls löngu síðan hefði hann farið því á flot, að eptirlaun væru veitt úr landssjóði, þar sem þó engin lagaátylla hefði verið fyrir því, en hjer í þessu máli, sem þó væri byggt á lagagrundvelli, vildi hann alls ekkert hafa nje gjöra. Hann hefði tilfært það sem eina ástæðu, að almenningi mundi stórlega mislíka, ef þessi launahækkun fengi framgang, en hann kvaðst þá vilja segja honum, að eigi hafi hann heyrt kjósendur sína tala á þá leið; hann sagðist heldur ekki mundi hafa farið með slíkt inn á þingið, því að hann ætlaði hvorki að smjaðra fyrir kjósendum sínum, nje heldur fyrir þinginu, en eingöngu fara eptir sannfæringu sinni. Þar sem hinn sami þingmaður hefði sagt, að þau laun, er embættismenn nú hefðu, væru svo viðunandi, að eigi þyrfti að hækka þau, þá kvaðst hann

vilja spyrja hinn heiðraða þingmann að því, hvort að honum gæti fundizt, að kennarar skólans hefðu þá svo ríflcg laun, að eigi væri ástæða til þess að bæta þau; þar sem þingmaður Skaptfellinga hefði talað um prestastjettina, þá væri það að vísu satt, en engin bænarskrá nje frumvarp væri komið á þá leið, og væri því óþarfi að tala um það efni, enda hefði þingið þó lagt nokkuð til fátækustu brauðanna af landssjóði. Kvaðst hann svo vona, að mál þetta fengi þann sigur, sem það ætti skilið, og að þingið eigi ljeti neinn grútaranda komast að, þegar um þess konar velferðarmál væri að ræða.

Sighvatur Árnason sagði, að orð sín hefðu verið misskilin af varaforseta, því að það hefði ekki verið meining sín, að vilja svelta embættismenn, heldur það, að sjer hefði fundizt það óþarft, að koma nú á þessu þingi fram með frumvarp þetta, þar sem embættismönnum væri sæmilega borgið með þau laun, sem þeir nú hefðu. Hann kvaðst hafa sagt, að það yrði ekki vinsælt út um landið og einkum þegar litið væri til annara mála hjer á þingi, t. a. m. Vestmannaeyjamálsins, en því hefði verið neitað af þeirri ástæðu, að það rýrði tekjur landssjóðsins. Þetta yrði hann að álíta ósanngjarnt, þegar um slík opinber jarðagjöld væri að ræða, sem ættu sjer stað á Vetmannaeyjum, og hann ímyndaði sjer, að menn í Húnavatns, Barðastrandarsýslu eða hjer í Reykjavík væru ekki kunnugri því máli en hann, og hann vissi svo mikið um það, að á Vestmannaeyjum hefðu verið og væru enn í dag ekkjur á jörðunum með munaðarlausum börnum, sem hefðu mátt búa við þetta okurgjald. Þetta vildu menn ekki heyra. Yrðu margar tekjugreinir landssjóðsins þannig lagaðar, þá mundi það ekki álítast búsældarlegt fyrir þá, sem þæðu laun sín af landssjóðnum.

Ásgeir Einarsson sagði, að þar sem þingmaður Rangæinga hefði talað um Vestmannaeyjamálið, þá hefði því eigi verið neitað af hlíf við landssjóðinn, heldur af því að eigi hefði verið ástæða til að rífa það eitt sjer út úr umboðslegri stjórn Þinginu yrði heldur ekki brigzlað um það, að það eigi hefði viljað sýna neina líkn, því að það hefði þó stungið upp á því, að gefa eptir gjaldið að minnsta kosti um tíma.

Jón Pjetursson sagði, að þó launin væru nú sumstaðar talsvert hærri, en þau hefðu verið fyrir nokkuð mörgum árum síðan, þá væru þau það þó eigi í raun rjettri, þegar tillit væri haft til þeirra tíma; hann sagðist hafa haft hjer um bil 1000 rd., þegar hann hefði komið hingað, og hefði hann það ekki betra nú, þó að launin væru hærri, því að allt væri á hinn bóginn miklu dýrara, t. a. m. sauður nú 10 rd., áður 5 rd., smjör nú 2 mörk, áður 1 mark, kaffi nú 48 sk., áður 20 sk., og svo væri um marga aðra hluti. Þeir, sem vildu færa launin niður, ættu því líka að fastsetja taxta á nauðsynjavörum, en slíkt mundi þó varla ganga. Hann sagðist ekki kunna við ákvörðunina í 3. grein um það, ef sami maður hefði 2 embætti á hendi, því að sjer fyndist hún eigi vera eins eðlileg og í stjórnarfrumvarpinu, enda gæti og hlutaðeigandi embættismaður misst af tekjum sínum, þegar farið væri eptir þeirri ákvörðun, og fyrir því yrði hann ætíð, er fjórði partur launanna við betra embættið væri meiri, en launin við minna embættið væru, og upplýsti hann þetta með dæmum.

Þórður Jónasson sagði, að hinn heiðraði þingmaður Skaptfellinga hefði talað um, að laun forstjóra yfirdómsins væru of há, um leið og annara, svo sem amtmanns og biskups, væru of lág; en hann kvaðst þó vilja fræða hann á því, að hann græddi sjálfur ekkert á því, þó launalög þessi gengju nú í gegnum. Justitiarius hefði áður staðið jafnhliða amtmanni, hvað launin snerti, en nú væri því breytt. Hann sagðist eigi ætla að fjölyrða um málið, því að það væri vel frá því gengið. Það væri einungis eitt, sem hann eigi kynni við, að launaupum væri hjer slegið föstum frá upphafi, en eigi fylgt líkri ákvörðun og nú er í hinum nýrri dönsku launalögum, því sú regla væri hagfelld, einkum ef millibilið eigi væri of langt. Að öðru leyti væru nú laun íslenzkra embættismanna, sem taka laun úr

landssjóði, orðin, ef þau kæmust á, mikið viðunanleg og mættu menn þakklátlega viðurkenna það.

Stefán Eiríksson sagði, að hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður hefði hraparlega misskilið sig; hann kvaðst eigi hafa talað um manninn persónulega, sem nú þjónaði embættinu, heldur um embættið yfir höfuð.

Forseti ljet þá ganga til atkvæða, og var það samþykkt með 10 atkvæðum, að frumvarpið gengi til annarar umræðu.

BREYTINGARUPPÁSTUNGA

við frumvarp til laga um laun íslenzkra embættismanna o. fl.

(Frá Stefáni Eiríkssyni, 2. þingmanni Skaptfellinga).

Við 10. grein.

að í staðinn fyrir 5,800 kr. komi: 5,200 kr.
— - — — 4,000 — — 3,500 —

Við 13. grein.

— - — fyrir 4,600 kr. komi: 4,300 —
— - — — 4,200 — — 4,000 —

ÖNNUR UMRÆÐA.

í efri þingdeildinni.

Á 41. fundi í efri deild alþingis 19. dag ágústmán. kom frumvarp til laga um laun íslenzkra embættismanna og fleira samkvæmt dagskránni til annarar umræðu.

Breytingaruppástunga Stefáns Eiríkssonar var felld frá umræðu með 6 atkvæðum gegn 3, af því hún hafði komið of seint.

Benidikt Kristjánsson kvað sjer koma mjög undarlega fyrir breyting sú, sem forseti neðri deildarinnar hefði gjört á 3. gr. frumvarps þessa, eptir það að það var komið á dagskrá efri deildarinnar, því hann kvaðst hafa verið við atkvæðagreiðslu málsins í neðri deildinni, og hefði einn þingmanna hreift því, að þessi grein væri rangt prentuð, en þá hefði það verið borið ofan í hann. En að öðru leyti vissi hann, að þetta mál tæki ekki til efri deildarinnar, og skyldi hann því ekki fara um það fleirum orðum. Það væri önnur grein í frumvarpinu, sem ekki væri heppilega orðuð, og væri það 7. greinin, og væri æskilegt, að breyting kæmi á þeirri grein við 3. umræðu, ekki á innihaldi hennar, heldur orðalagi. Hann hefði heyrt menn úr neðri deildinni kvarta yfir því, að þeir eigi skildu, hvað meint væri með henni. Svo væri eitt sem snerti formið. 1. kaflinn hljóðaði um almennar ákvarðanir, en 2. kaflinn um laun og fleira; en sjer fyndist, að fyrst 1. kaflinn væri almennur, þá ætti 2. kaflinn að vera sjerstakur, því að hann yrði að leggja nokkra áherzlu á hið ytra *form*, þó að hann hins vegar játaði, að minna væri varið í þetta, en hvernig 7. greinin væri orðuð. Hvað nú launin sjálf snerti, þá virtist sjer það sanngjarnt, að þeir embættismenn, sem veitt væru embætti, þegar lögin kæmu út, misstu einskis af launum þeim, er þeir hefðu eptir þeim nú gildandi launalögum. En það ætti að vera komið undir vali og vilja hlutaðeiganda, hvort þeir vildu taka laun sín eptir hinum eldri reglum eða hinum nýju lögum. Hann kvaðst eigi ætla að tala um, hvort launin væru of há eða of lág; aðalreglan væri, að miða við efni og ástand þjóðarinnar, þannig að þau í fátæku landi væru *lægri*, en í því, sem auðugt væri. Að öðru leyti hefði hann ætlað það æskilegast, að lög þessi hefðu verið látin ósamin, þar til er skattalög þau, er nú væru í vændum, væru komin í kring, og búið væri að átta sig á fjárhag landsins, sem nú væri ógjört.

Eiríkur Kúld sagði, að það hefði glatt sig, að þingmaðurinn hefði ekki staðið upp til að mæla í hina sömu stefnu og breytingaruppástungan færi fram á; hver breyting frá því, sem neðri deildin hefði gjört, tefði tímann og væri sama sem að fella frumvarpið, því að eigi yrði nægur tími til að ræða það, ef það *gengi aptur í neðri deildina*. Væri óvinsælt, að færi fyrir launalögunum hjer eins og í Danmörku. Það er til 7. gr. kæmi, þá hefði hinn heiðraði þingmaður þingeyinga skilið hana rjett, og furðaði sig mikillega á því, að þingmaðurinn hefði ætlað, að aðrir fengju eigi skilið hana. Hann kvaðst vona, að þingið mundi ekki gjöra mál þetta að kappsmáli, nje breyta frumvarpinu; væru allar

breytingar á því óþarfar; ef nokkrar breytingar kæmu fram, kvaðst hann vilja taka orð Grettis í munn sjer, er hann hefði sagt: «varaðu þig, ferðalangur», og ráða deildinni alvarlega til þess, að aðhyllast ekki slíkar breytingar.

Benidikt Kristjánsson játaði, að hinn háttvirti varaforseti hefði talað fagurlega en þó fremur efnislítið. Hann hefði tekið það fram sem gefið, að hann hefði skilið rjett frumvarps-greinina, en það hefði alls ekki verið skilningur sinn á henni, heldur getgáta sín, að hún ætti svo að skiljast; að öðru leyti kvaðst hann vona, að hrakspár hans ættu sjer langan aldur og mundu enda aldrei rætast. Fyrst það, er hann færi fram á, væri að laga hið ytra formið, þá gæti það eigi orðið til að baka frumvarpinu hrakninga; hann yrði að taka fram sína sannfæringu, þó að hann gæti eigi vonazt eptir að ráða atkvæðum deildarmanna. Að öðru leyti gæti hæglega svo farið, að hinn háttvirti varaforseti gæti sannfært sig, og kvaðst hann þá mundi fús að láta slíkan mann sannfæra sig.

Sighvatur Árnason sagðist hafa lýst því yfir við fyrstu umræðu, að eigi væri hentugt að bera málið upp á þessum tíma, og ætlaði hann eigi að greiða atkvæði fyrir þessu máli, þess vegna kæmi hann eigi fram með neina breytingu, ástæðan væri sú, að málið væri ekki heppilega upp borið; hann áliti meiru skipta, að þjóðin sæi úrslit allsherjar mála þeirra, sem lægju fyrir þinginu, bæði fjárlagamálsins og fjárkláðamálsins, sem að minnsta kosti liti út fyrir að eigi mundi fá sem bezta niðurstöðu á þessu þingi; kvaðst hann ætla að enginn mundi hneykslast á þessari skoðun sinni.

Stefán Eiríksson kvaðst eigi standa upp til að mæla með breytingaruppástungu sinni, með því deildinni hefði þóknazt að fella hana frá umræðum, en hann væri hvað málinu viðvíki á sömu skoðun og fyrri, að mál þetta væri of snemma upp borið; slíkt hefði eigi átt að gjöra, fyr en skattalögin hefðu verið til orðin, því þá fyrst hefðu menn sjeð, hver efni hefðu verið fyrir hendi til að launa embættismönnunum eptir verðugleikum; það sæi þó hver heilvita maður, að ekki væri jöfnuður á launum. Ef þeir, sem minni laun hefðu, gætu lifað við þau, þá væri vel í lagt fyrir suma hina, sem hærri laun hefðu. Frekara kvaðst hann eigi ætla að tala um mál þetta, það sæist á sínum tíma, fyrir hverju hann stæði upp, og fyrir hverju hann sæti eður væri á móti.

Eiríkur Kúld sagðist vilja geta þess, að sessunaut sínum hefði þótt sá galli á frumvarpinu, að allir embættismenn fengju ekki jöfn laun; en hann vildi þá spyrja hann þess, hvort öll embætti væru jöfn? En sessunautur sinn ætlaði sjer þó ekki að sitja fyrir öllu málinu, og gefa ekki atkvæði í því, eins og hinn heiðraði þingmaður Rangæinga; hann hefði eigi viljað bíta á krókinn, líklega af því, að honum hefði eigi þótt beitan nógu feit, og hefði þar sannarlega feitur fiskur undan borði sloppið; mundi hinum heiðraða þingmanni hafa gleymzt það, að «verður er verkamaðurinn launanna». Það væri illt, kvað hann, að vilja láta fresta málinu, og láta það bíða eptir útrýmingu fjárkláðans, eins og þingmaður Rangæinga vildi; en hann vildi og kann ske láta fjárkláðann fara að launa hinum íslenzku embættismönnum? En hann kvaðst nú verða að beygja sig í þolinmæði undir það, þótt þingmaðurinn vildi eigi greiða atkvæði í þessu máli, enda væri það mest á hans ábyrgð, að rjettlæta það fyrir kjósendum sínum.

Torfi Einarsson kvaðst eigi vera eins umhyggjusamur fyrir embættismönnunum eins og hinir, sem vildu láta mál þetta bíða, þangað til þeir gætu fengið hærri laun; hugði hann bezt vera, að embættismennirnir fengju föst laun nú þegar; peningar væru að falla í verði, og það væri enginn ábati fyrir landssjóðinn að bíða með mál þetta; svo væri og í ráði, að leggja tekjuskatt á embættismenn; yrði það töluverð þyngsli fyrir þá; væri þá eigi að vænta þess, að duglegir menn fengjust í embætti, ef launin væru eigi allhá eða að minnsta kosti vel viðunanleg. Samband þjóðarinnar við embættismennina væri líkt og

samband húsbænda við vinnumenn sína; yrði þjóðin að gjöra vel við þá, en hins vegar yrði hún að vera all-heimtufrek við þá, og láta þeim eigi líðast hirðuleysi og vanrækt skyldu sinnar. Gæti svo farið, að nauðsyn þætti bera til að víkja einhverjum embættismanni úr sessi, og mætti þá vænta þess, að einhver fengist í hans stað, ef launin væru góð. Hann ætlaði sjer eigi að hugsa til að vega nákvæmlega í sundur, hver embættin ættu að vera hátt eða lágt launuð, því til þess vantaði hann næga þekkingu.

Ásgeir Einarsson sagði, að þar eð svo margir hefðu nú talað í þessu máli, þá ætlaði hann, að hann yrði og að fara að «vinna Torfalögin», og vildi því mæla nokkur orð. Sagði hann, að sjer hefði sýnzt þingmaður Þingeyinga ætla að fara að leggja krók fyrir einfeldningana. Honum hefði þótt embættismennirnir verða hart úti, en hann kvaðst eigi geta ætlað þeim minna, en að þeir sjálfir bæru sig upp undan því, en það hefði hann enn eigi heyrt þá gjöra. Hlægilegast hefði sjer þó þótt það, að ætla að láta mál þetta bíða eptir skattalögunum, af því að laun embættismannanna yrðu þá hærri, en vera þó í öðru orðinu að tala um, að þau væru of há. Það væri býsna-undarlegt, að ætla að miða embættismannalaunin við velmegun þjóðarinnar, og væri það að öllu leyti eins og ef kaup vinnumannsins ætti að vera sniðið eptir efnahag húsbóndans, og vinnumaðurinn fá hærra kaup það árið, sem efnahagur húsbóndans stæði betur. Reyndar hefði komið breytingaruppástunga við frumvarp þetta, en hún hefði sálazt í fæðingunni, og þó hún hefði getað komizt með öllu út í dagsbirtuna, þá kvaðst hann viss um, að henni hefði eigi enzt aldur til að líta sólina nema með öðru auganu, ef svo mætti að orði kveða. Kvaðst hann vona, að menn gæfu frumvarpi þessu, eins og það lægi fyrir, atkvæði sitt, og færu eigi að reka það ofan í neðri deildina aptur.

Benidikt Kristjánsson sagði, að þar eð þingmaður Húnvetninga mundi vera hinn eini af þingdeildarmönnum, er hefði misskilið sig, þá kvaðzt hann eigi hirða um að fara að útþýða orð sín.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og var þá gengið til atkvæða, og fjell atkvæðagreiðslan þannig:

1.	grein	frumvarpsins	samþ.	með	10 atkv.
2.	—	—	—	—	10 —
3.	—	—	—	—	10 —
4.	—	—	—	—	10 —
5.	—	—	—	—	10 —
6.	—	—	—	—	10 —
7.	—	—	—	—	9 —
8.	—	—	—	—	10 —
9.	—	—	—	—	9 —
10.	—	—	—	—	9 —
11.	—	—	—	—	10 —
12.	—	—	—	—	10 —
13.	—	—	—	—	9 —
14.	—	—	—	—	9 —
15.	—	—	—	—	9 —

Að frumvarpið gengi til þriðju umræðu, samþykkt með 9 atkv.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri þingdeildinni.

Á 44. fundi efri þingdeildarinnar 21. dag ágústmán. kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu frumvarp til laga um laun íslenzkra embættismanna o. fl.

Benidikt Kristjánsson kvaðst hafa tekið fram við 2. umræðu hina formlegu galla á frumvarpi því, er hjer lægi fyrir, og hefði hann því ætlað að gjöra breytingar við það, en hefði ekki verið svo heppinn, að fá nógu margar undirskriptir, að breytingunum hefði orðið komið fram. Hann vildi taka það fram, sem hann hefði eigi tekið fram um daginn, að í fyrirsögninni stæði *laun íslenzkra embættismanna;* hann yrði út af því, að segja um frumvarp þetta, að «snemma tækju börn til meina»; það liti svo út, sem í fyrirsögn frumvarps þessa væri gjört ráð fyrir, að alþingi gæti samið launalög fyrir útlenda embættismenn. Hann áliti að öðru leyti svo mikinn formgalla á frumvarpi þessu, að það svona lagað ætti ekki að birtast fyrir al-

menningi, og yrði hann því að gefa atkvæði sitt móti því.

Jón Hjaltalín kvað svo líta út, sem hinn háttvirti þingmaður Þingeyinga ætlaði, að hjer væri að ræða um embættismenn um víða veröld; hann hefði haldið, að hinn háttvirti þingmaður væri allt of ærlegur til að koma með slíkar athugasemdir, sem eigi virtust af neinum góðum toga spunnar.

Ásgeir Einarsson kvað það skrítið af hinum háttvirta þingmanni Þingeyinga, að koma með slíkar athugasemdir sem þessar; það væru embættismenn, er ættu hjer hlut að máli, en þeir væru víst optast menntaðir menn, og mundu því skilja fyrirsögnina, þannig orðaða.

Eiríkur Kúld kvað sjer virðast hinn háttvirti þingmaður Þingeyinga brjóta sjálfan sig niður, er hann hefði sagt, að hann hefði eigi getað fengið nógu margar undirskriptir undir breytingaruppástungu sína. Kvað hann breytingaruppástungu þingmannsins að líkindum komna af þeim rökum, er honum mundi ráðlegast að geyma hjá sjálfum sjer. Það væri annars undarlegt, ef honum þætti eigi þetta svo greinilega orðað, að hann gæti vitað það, að hjer væri eigi að ræða um embættismenn suður á Þýzkalandi eða í Danmörku.

Benidikt Kristjánsson kvað það undarlegt, að menn, sem væru vel af guði gjörðir, og hefðu þar að auki fengið gott uppeldi og menntun, gætu eigi skilið það, er við þá væri mælt. Hann vildi spyrja, hvort hjer væri spursmál um aðra embættismenn en íslenzka, og því þyrfti ekki að taka það fram. Hann hefði eigi talað um annað, en að frumvarpið væri illa úr garði gjört, eigi hvað realitetina snerti, heldur búninginn, og væri óþarfi að drótta því að sjer, að þessi orð hans væru af illum toga spunnin. Eins og hann áður hefði tekið fram, þá fyndist sjer, að fyrst 1. kaflinn væri um almennar ákvarðanir, þá ætti hinn síðari að vera um sjerstakar ákvarðanir. Sama væri og að segja um 7. grein, að sjer fyndist hún klaufalega orðuð, hvað sem svo aðrir segðu. Annars fyndist sjer, að það væri engum til sæmdar, að ganga eins og í skrokk á sjer út af þessu.

Bergur Thorberg kvað hinum heiðraða þingmanni Þingeyinga eigi leiðast gott að gjöra, og væri sjer eigi ókunnugt um, af hverju þessar aðfinningar þingmannsins væru sprottnar. Hann væri allt af að klifast á því, sem ekkert væri í varið, nefnilega fyrirsögn laganna, og fyndi hann það að henni, að talað væri um *íslenzka* embættismenn, en sjer fyndist þetta ekki rangt, heldur öldungis rjett orðað. Í öðru frumvarpi, sem þingmaðurinn sjálfur hefði fjallað um, nefnilega frumvarpi um einkarjettindi, hefði þó staðið «*á Íslandi*»; hvers vegna hefði hann eigi hneykslazt á því? Það líti annars svo út, sem þingmanninum væri einstaklega annt um, að finna bæði mögulega og ómögulega agnúa á frumvarpi þessu, og stæði þetta sjálfsagt í sambandi við það, hvernig hann frá fyrstu hefði tekið í frumvarpið.

Ólafur Pálsson kvað orðið «íslenzkra» með öllu ómissandi, því að öðrum kosti mundi það taka sig heldur annarlega út, er Hans Hátign konungurinn færi að skrifa undir lögin, því að þá gæti hann eigi vitað og ekki heldur neinn sá, sem læsi lögin, um hvern hluta ríkisins væri að ræða, og væri því þessi viðbætir alveg nauðsynlegur.

Eiríkur Kúld kvaðst að eins ætla að mæla fáein orð viðvíkjandi því, er þingmaður Þingeyinga hefði sagt um 7. gr., er hann hefði svo að orði komizt um hana, að hún væri klaufalega orðuð; væri þetta ótilbærilegur vitnisburður um hina heiðruðu menn, er greinina hefðu samið, enda væri þessi vitnisburður rangur með öllu, því að greinin væri að sínu áliti vel samin; hann kvaðst eigi geta sjeð, hví þingmaðurinn vildi kippa seinni lið hinnar sömu greinar aptur fyrir frumvarpið, liðurinn innihjeldi ákvörðun um, að þeir embættismenn, sem eptir eldri ákvörðunum hefðu aðgang til að fá hærri embættislaun, skyldu einskis í missa við lög þessi, og gæti hann þá eigi betur sjeð, en að engu skipti, hvar ákvörðun þessi stæði í frumvarpinu, og úr því enginn í neðri deildinni hefði hneyksl-

azt á þessu, nje heldur nokkur í þessari deildinni annar en hann, þá mundi mótbára þessi vera ofurlítils verð.

Þar eð eigi tóku fleiri til máls, var gengið til atkvæða, og var frumvarpið í heild sinni samþykkt með 8 atkvæðum, og lýsti forseti því yfir, að það yrði afgreitt til landshöfðingjans sem lög, og voru þau þannig orðuð.

LÖG
um laun íslenzkra embættismanna, o. fl.

I. Almennar ákvarðanir.

1. grein.

Embættismenn þeir eða sýslunarmenn, sem eptirleiðis verða lögð embættishíbýli, skulu viðhalda þeim á sinn kostnað, og greiða skatta þá og álögur, er að lögum hvíla á þeim, sem hafa afnot af húsi. Sje nokkrum embættismanni eða sýslunarmanni lögð embættisjörð, á hann að greiða alla opinbera skatta, sem á jörðinni hvíla.

Þeir, sem þegar hafa að ljeni embættishíbýli eða embættisjarðir, skulu hafa þau með sömu kjörum, og þeir hafa haft.

2. grein.

Embættismenn þeir eða sýslunarmenn, sem skipaðir eru með launum, er ákveðin eru í launalögum, skulu skyldir að láta sjer lynda breytingar þær á yfirgripi og ásigkomulagi embættisstarfa þeirra, sem seinna kynni að verða mælt fyrir um, þótt eigi sje neitt áskilið um það í veitingarbrjefum þeirra.

3. grein.

Hafi sami maður tvö embætti eða sýslanir á hendi, og sjerstök laun eru ákveðin handa þeim í launalögum eða fjárlögunum, þá skal hann missa svo mikils í af launum samanlögðum, sem svari helmingnum af minni launum, eða ef launin eru jafnhá, $^1/_4$ af launum samanlögðum. Ef embættismaður gegnir embætti með föstum launum, og embætti eða sýslan, sem óvissar tekjur eru lagðar að nokkru eða öllu leyti, þá skal leggja tekjurnar af hinu síðarnefnda embætti eða sýslan, eins og þær hafa verið að meðaltali um hin síðustu 5 ár, til grundvallar, þegar reiknuð skal upphæð þess, sem hann skal missa í.

4. grein.

Sjerhver embættismaður eða sýslunarmaður er skyldur að gegna um stundarsakir þeirri þjónustu, sem er samfara þeirri stöðu, er æðri er en staða sjálfs hans í sömu stjórnargrein, án þess að eiga tilkall til þeirra hærri launa, sem eru lögð slíkri stöðu.

Sje embættismaður eða sýslunarmaður settur í annað embætti, og verði hann af þeirri sök að láta af að gegna sínu eigin embætti eða sýslan, má auk endurgjalds fyrir ferðakostnað veita honum öll launin, sem lögð eru embættinu eða sýslaninni, með því móti að hann láti af hendi laun þau, sem lögð eru embætti eða sýslan sjálfs hans. Gegni hann aptur á móti báðum stöðunum í einu, skal auk launa þeirra, sem lögð eru embætti sjálfs hans eða sýslan, veita honum þóknun, sem þó ekki má fara fram úr helmingnum af launum þeim, sem lögð eru því embætti eða sýslan, sem hann ásamt er settur í. Sjeu því embætti lagðar óvissar tekjur, skal fara eptir því, sem fyrir er sagt í niðurlaginu á 3. gr.

Nú er maður, sem eigi er í embættisstöðu, settur í embætti eða sýslan, og nýtur hann þá launa þeirra allra, er embætti því eða sýslan fylgja. Þó skal sá, sem biðlaun hefur eða eptirlaun, missa jafnmikils í og þeim nemur.

5. grein.

Metorðaskattur greiðist eigi af þeirri tign, sem er samfara embætti eða sýslan. Hafi embættismaður eða sýslunarmaður tign, sem bundin er við nafnbót, orðumark eða hirðmannsþjónustu, skal að eins greiða metorðaskatt af þeirri tign, að svo miklu leyti, sem hann við hana kemst í æðri tignarflokk, en þann, er embættið eða sýslanin heyrir til. Veitingarbrjefagjöld falla burtu eptirleiðis.

6. grein.

Allir þeir embættismenn og sýslunarmenn, sem árlega er lagt fje úr landssjóði, til endurgjalds skrifstofukostnaðar, eru skyldir að

senda stjórnarráðinu við lok hvers reikningsárs greinilega skýrslu um þau skrifstofugjöld, sem þeir hafa haft það ár.

7. grein.

Því, sem einhverjum samkvæmt fyrri launa-ákvörðunum hefur verið lagt meira í tekjur, en lagt er embætti því eða sýslan, sem hann hefur á hendi, í þessum eða öðrum launalögum, heldur hann sem viðbót, er honum sje veitt fyrir sjálfan hann.

Launaviðbót sú um stundarsakir, og eptir embættisaldri, sem hingað til hefur verið lögð þeim íslenzku embættismönnum, sem nefndir eru í þessum lögum, fellur burtu frá þeim tíma, er lögin öðlast gildi. Þeir embættismenn, sem eptir eldri ákvörðunum hafa aðgang til að fá hærri embættislaun en ákveðin eru í lögum þessum, skulu einskis í missa við þau.

II. Laun og fl.

8. grein.

Biskupi skal veita í árleg laun 7,000 kr.

9. grein.

Amtmanninum yfir suður- og vesturamtinu og amtmanninum yfir norður- og austuramtinu skal veita í árleg laun 6000 kr., hvorum fyrir sig.

10. grein.

Forstjóra landsyfirrjettarins skal veita í árleg laun 5,800 kr.

Öðrum dómendum í landsyfirrjettinum skal veita í árleg laun 4,000 kr., hvorum fyrir sig.

11. grein.

Landfógetanum skal veita í árleg laun 4,000 kr..

12. grein.

Póstmeistaranum skal veita í árleg laun 1,700 kr.

13. grein.

Forstöðumanni prestaskólans skal veita í árleg laun 4,600 kr.

Fyrsta kennara við prestaskólann skal veita í árleg laun 2,400 kr.

Öðrum kennara við prestaskólann skal veita í árleg laun 2,000 kr.

Forstöðumanni hins lærða skóla skal auk leigulauss bústaðar veita í árleg laun 4,200 kr.

Yfirkennara lærða skólans skal veita í árleg laun 3,200 kr.

Fyrsta og öðrum kennara við lærða skólann skal veita í árleg laun 2,400 kr., hvorum fyrir sig.

Þriðja og fjórða kennara við lærða skólann skal veita í árleg laun 2000 kr., hvorum fyrir sig.

14. grein.

Til endurgjalds fyrir skrifstofukostnað skal veita á ári:

biskupi	1,000 kr.
amtmanninum yfir suður- og vesturamtinu	1,400 —
amtmanninum yfir norður- og austuramtinu	1,000 —
landfógetanum	1,000 —
póstmeistaranum	600 —

15. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1876, og verður frá þeim tíma eigi farið eptir þeim ákvörðunum, sem lög 21. janúar 1857 um skrifstofupeninga handa amtmönnunum og landfógetanum á Íslandi, og lög 19. janúar 1863, um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, hafa inni að halda.

III.

FRUMVARP til laga um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi, og fl.

1. grein.

Íslandi skal skipt í 17 læknahjeruð. Hjeraðaskiptingin skal venjulega falla saman við sýsluskipting þá, sem nú er, samt með þeim nákvæmari ákvörðunum, sem hjer skal getið:

1. Fyrir Reykjavíkurkaupstað og Gullbringu- og Kjósarsýslu skal stofna 2 læknahjeruð; skal annað ná yfir Reykjavíkurkaupstað, Kjósarsýslu, og Seltjarnarness- og Álptaneshreppa í Gullbringusýslu, og hitt yfir hinn hluta síðar nefndrar sýslu.
2. Fyrir Ísafjarðar-, Barðastrandar- og Strandasýslur skal stofna 2 læknahjeruð; skal annað ná yfir Ísafjarðarsýslu og vesturhluta Barðastrandarsýslu, en hitt yfir Strandasýslu og austurhluta Barðastrandarsýslu.
3. Borgarfjarðar- og Mýrasýslur skulu vera eitt læknahjerað.

Landshöfðinginn getur gjört breytingar á takmörkunum milli hinna einstöku hjeraða, þegar hlutaðeigandi sýslunefndir hafa komið sjer saman um það.

2. grein.

Í sjerhvert læknaumdæmi skal skipa hjeraðslækni, sem er skyldur til að setjast að á þeim stað í hjeraðinu, sem landshöfðingi ákveður, eptir að búið er að leita álits hlutaðeigandi sýslunefndar um það.

Þeir hjeraðslæknar, sem nú skal telja, skulu vera búsettir á þeim stöðum, sem getið er við hvern þeirra út af fyrir sig:

1. hjeraðslæknirinn í Reykjavík og í sveitahjeruðunum þar í nánd, sem er skyldur til ásamt með landlæknirum að taka þátt í læknakennslunni, í Reykjavík;
2. hjeraðslæknirinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu: í Stykkishólmi;
3. hjeraðslæknirinn í Ísafjarðarsýslu og vesturhluta Barðastrandarsýslu: í Ísafjarðarkaupstað.
4. hjeraðslæknirinn í Eyjafjarðarsýslu: í Akureyrarkaupstað;
5. hjeraðslæknirinn í Suður-Múlasýslu: á Eskifirði.

Þessir læknar, svo og læknirinn á Vestmannaeyjum, eru skyldir til, þegar komið verður upp á þessum stöðum sjúkrahúsum, þar sem tekið er við mönnum, sem veikir eru af kóleru eða þess konar sóttum, að takast á hendur umsjónina með húsum þessum án sjerstakrar þóknunar.

3. grein.

Sjerhverjum af hjeraðslæknum þeim, sem nefndir eru í 2. gr. 1—5, skal veita í árleg laun, í upphafi 1600 kr., en hverjum hinna 1000 kr. Fyrir hver 3 ár í hjeraðslæknisembætti í sama flokki skal þeim þar að auki veitt 200 kr. viðbót árlega; samt mega launin ekki fara fram yfir 2600 kr. fyrir þá lækna, sem eru í hinum fyrra flokki, og 2000 kr. fyrir hina. Launin skulu greidd úr landssjóðnum.

Launaviðbót þá eptir aldri, sem hjeraðslæknar þeir, er nú eru settir, eiga í vændum, má reikna frá þeim degi, er þeir voru settir.

Að svo miklu leyti hjeraðslæknar þeir, sem nú eru skipaðir í föst embætti, hafa meira í laun (að með töldum húsaleigustyrk og embættisjörð), en þeim bæri samkvæmt lögum þessum, skal fara eptir því, sem fyrir er mælt í hinum almennu launalögum I., 7. gr., þannig, að meðalupphæðin fyrir 5 síðustu árin verði lögð til grundvallar, þegar reikna skal út tekjurnar af embættisjörðinni.

Þegar læknisembætti losnar, skal embættisjörðin lögð til landssjóðsins.

Þangað til smámsaman er búið að skipa hjeraðslækna í hin nýju embætti, skal læknahjeraðaskipting sú, sem nú er, haldast, að því leyti er snertir þau embætti.

4. gr.

Þessi lög öðlast gildi 1. dag janúarmán. 1875.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Jafnvel þótt að á seinni árum, sjer í lagi samkvæmt konungsúrskurði 10. maí 1867, hafi verið gjörðar ráðstafanir til þess, að

ráða bót á læknaskorti þeim, sem er á Íslandi, er hann samt enn þá svo tilfinnanlegur víða hvar, að brýn nauðsyn virðist vera til, að koma á annari læknaskipun, svo að menn í hinum ýmsu pörtum landsins eigi nokkurn veginn jafnhægt með að ná til læknis, og að fá nægilega læknishjálp eptir því sem á stendur. Eptir að stjórnarráðið hafði leitað álits landshöfðingjans yfir Íslandi um það efni, hefur það látið semja lagafrumvarp þetta, og er þá byggt á því, að það sje nauðsynlegt, að fjölga hjeraðslæknunum, svo venjulega yrði skipaður einn hjeraðslæknir í hverja sýslu, í stað þess að nú sem stendur eru, auk landlæknisins, að eins 2 hjeraðslæknar í suðuramtinu, 2 í vesturamtinu og 3 í norður- og austuramtinu; en þar við hafa bætzt samkvæmt úrskurðinum 10. maí 1867 2 settir hjeraðslæknar í suðuramtinu, og er annar þeirra kennari við læknakennsluna, 2 í vesturamtinu — en annar þeirra hefur einnig á hendi hjeraðslæknastörf í Borgarfjarðarsýslu í suðuramtinu — og 1 í norður- og austuramtinu.

Eins og sýsluskipting sú, sem nú er, virðist vera hin eðlilegasta undirstaða undir læknahjeraðaskiptingunni, með því sýslurnar eigi að eins að því leyti, er snertir landslagstakmörk og afstöðu, eru heildir hver út af fyrir sig, þar sem samgöngur manna á milli eru nokkurn veginn hægar, heldur einnig hver um sig hafa sameiginlega umboðsstjórn, dómsvald og sveitastjórn, sem í ýmsum greinum getur haft áhrif á læknaskipunina, — þannig mun kostnaðaraukinn á ári hverju, sem leiðir af fyrirkomulagi því, sem stungið er upp á, eigi verða meiri, en fjárhagurinn leyfir, svo sem hjer skal skýrt frá.

Nú sem stendur greiðast laun hjeraðslæknanna — en landlæknisembættið er ekki talið með, af því svo er ráð fyrir gjört, að það sje látið vera sjerstakt embætti, á meðan landlæknirinn stendur fyrir læknakennslunni í Reykjavík — á þann hátt, að styrkurinn handa hinum 5 settu hjeraðslæknum samkvæmt úrskurðinum 1867 er goldinn úr læknasjóðnum með 5000 kr., en úr landssjóðnum er greiddur kostnaðurinn til launa handa hinum 7 föstu hjeraðslæknum. Í fjárhagsáætluninni fyrir yfirstandandi reikningsár eru útgjöld landssjóðsins til þessa talin 13,284 kr. 32 aur. Samkvæmt frumvarpi þessu verður hjeraðslæknum fjölgað um 10, og af þeim fær 1, hjeraðslæknirinn í Reykjavík og sveitahjeraðinu, sem þar til heyrir, 1,600 kr. í laun, og hinir 9 1000 kr. hver, en það verður alls . . . . . 10,600 kr.
við bætist launaviðbót eptir aldri handa 4 læknum samkvæmt 3. gr. frumvarpsins . . . . . 800 —
11,400 —

Ef læknasjóðurinn samkvæmt því, sem stungið er upp á í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1876 og 1877, verður lagður saman við landssjóðinn, gæti talsverður hluti af fyrnefndum kostnaðarauka orðið goldinn af læknasjóðnum, eins og sjá má af eptirfylgjandi yfirliti yfir efnahag sjóðs þessa.

Samkvæmt reikningnum fyrir 1873 var innstæðufje læknasjóðsins 70,276 rd. 13 sk., og má gjöra, að ársleigan af því verði hjer um bil . . . . . 5,600 kr.
Tekjurnar af fasteignum sjóðsins má gjöra, að sjeu árlega hjer um bil . . . . . 900 —
Hinar árlegu tekjur af spítalagjaldi samkvæmt tilskipun 12. febrúar 1872, sem samt að eins hefur verið í gildi um svo stuttan tíma, að eigi verður ætlazt á með vissu, hve mikið gjaldið verði á ári, eru taldar . . . . . 6,000 —
alls 12,500 —

Hin árlegu útgjöld sjóðsins eru einkum þessi:

	krón.	
til læknakennslunnar . .	2,800	
ferðastyrkur samkvæmt úrskurði 21. oktbr. 1871, hjer um bil	300	
styrkur til sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Akureyri .	1,200	
laun ljósmóðurinnar á Vestmannaeyjum	60	
yfir um	4,360	12,500 —

handan að 4,360 12,500 kr.
styrkur samkvæmt úrskurði
10. maí 1867 handa 5 sett-
um hjeraðslæknum . . . 5,000
——— 9,360 —
Má því gjöra svo, að um fram verði
hvert ár hjer um bil . . . . 3,140 —
og verði sjóðurinn lagður saman við landssjóðinn, má þannig ráð fyrir því gjöra, að 8,140 kr. alls fáist til þess að greiða laun hjeraðslæknanna, svo að kostnaðarauki sá, sem samkvæmt frumvarpi þessu nú sem stendur lendir á landssjóðnum, að eins yrði hjer um bil 3,260 kr., og verður það ekki álitið mikið í samanburði við það gagn, sem eflaust mundi fljóta af því, ef læknaskipuninni yrði komið fyrir á þann hátt, sem er stungið upp á hjer að framan.

Um hinar einstöku greinir frumvarpsins skal þess getið, sem hjer segir.

Um 1. gr.

Læknahjeruðin eru nú sem stendur:

1. Vesturhjerað suðuramtsins, sem nær yfir Reykjavíkurkaupstað, Gullbringu- og Kjósarsýslu og Borgarfjarðarsýslu.
2. Austurhjerað suðuramtsins, sem nær yfir Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaptafellssýslur.
3. Vestmannaeyja-læknishjerað.
4. Suðurhjerað vesturamtsins, sem nær yfir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dala- og Mýrasýslur.
5. Norðurhjerað vesturamtsins, sem nær yfir Ísafjarðar-, Barðastrandar- og Strandasýslur.
6. Húnavatns- og Skagafjarðarsýslur.
7. Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslur.
8. Múlasýslurnar báðar og Austur-Skaptafellssýsla.

Með því að setja lækna, samkvæmt úrskurði 10. maí 1867, eru til bráðabyrgða gjörðar þær breytingar á læknahjeruðum þessum, sem nú skal getið.

Vesturhjeraði suðuramtsins, sem landlæknirinn áður þjónaði, er vegna starfa þeirra, er hann hefur við læknakennsluna í Reykjavík, skipt milli 2 settra hjeraðslækna á þá leið, að annað hjeraðið nær yfir Reykjavíkur-kaupstað, Kjósarsýslu og nokkurn hluta Gullbringusýslu, og hitt yfir hinn hluta síðar nefndrar sýslu. Þar að auki eru Borgarfjarðarsýsla og Mýrasýsla til bráðabyrgða gjörðar að einu hjeraði sjer. Enn fremur er 5. hjeraðinu skipt til bráðabyrgða í 2 hjeruð, og nær annað yfir Ísafjarðarsýslu og part úr Barðastrandarsýslu, hitt yfir hinn hluta síðar nefndrar sýslu og Strandasýslu. Að endingu er 7. hjeraðinu skipt til bráðabyrgða í tvennt, og nær annað hjeraðið yfir Eyjafjarðarsýslu og hitt yfir Þingeyjarsýslu.

Nú er stungið upp á, að stofna skuli 17 hjeruð alls í stað þeirra 12, sem getið er, þannig að þau með þeim breytingum, sem nákvæmar er skýrt frá í greininni, falli saman við sýsluskiptinguna. Eptir því sem til hagar bæði í Skaptafellssýslu og Þingeyjarsýslu, sem fyrrmeir báðar hvor um sig hafa verið 2 sýslur, Austur- og Vestur-Skaptafellssýsla og Norður- og Suður-Þingeyjarsýsla, gæti reyndar nokkur ástæða verið til þess, að skipta hvorri þessara sýslna í 2 hjeruð, en auk kostnaðarins, sem af þessu mundi leiða fyrir landssjóðinn, varð einnig sjer í lagi að taka tillit til þess, að fólksfjöldinn er svo lítill í Austur-Skaptafellssýslu og Norður-Þingeyjarsýslu (hjer um bil 1200 manns í hvorri), að það mundi veita örðugt að fá nokkurn lækni til þess að sækja um þessi hjeruð með 1000 kr. launum, enda eru sýslubúar, sjer í lagi í Austur-Skaptafellssýslu, mjög efnalitlir og óvanir því, að borga læknum þóknun. Stjórnin hefur enn fremur verið í nokkrum efa um, hvort næg ástæða væri til þess, að leggja Austur-Skaptafellssýslu, sem hingað til hefur verið sameinuð Múlasýslunum í eitt læknahjerað, saman við Vestur-Skaptafellssýslu bæði sökum þess, að samgöngur milli þessara sýslna eru enn örðugri en milli Suður-Múlasýslu og Austur-Skaptafellssýslu, og af því, að báðar Skaptafellssýslurnar til samans ná yfir svæði, sem er hjer um bil helmingi stærra en Suður-Múlasýsla og Austur-Skaptafellssýsla samanlagðar; en með því það er samhljóða grundvallarreglu lagafrumvarpsins,

að læknahjeruðin að svo miklu leyti, sem unnt er, falli saman við sýslaskiptinguna, og Suður-Múlasýsla er langt um fjölbyggðari en Vestur-Skaptafellssýsla, og að endingu fyrir þá sök, að alþingi áður hefur svo ráð fyrir gjört, að skipaður yrði 1 læknir í báðar Skaptafellssýslurnar, hefur stjórnarráðinu samt fundizt, að meira mælti fram með því fyrirkomulagi. Með því læknaskipun sú í Ísafjarðar, Barðastrandar og Stranda sýslum, sem gjörð er til bráðabyrgða, hefur reynzt hagfelld, hefur stjórnarráðinu eigi þótt ástæða til, að gjöra breytingu á henni, og af hinum sömu rökum er heldur ekki stungið upp á, að skipta Mýra og Borgarfjarðar sýslum í 2 hjeruð.

Ef það skyldi eiga betur við, að skilja einstaka sókn eða einstaka bæi frá sýslu nokkurri og leggja undir annað læknahjerað, er í greininni áskilið, að landshöfðingi geti gjört slíkar minni háttar breytingar á hjeraðaskiptinguni, þegar hlutaðeigandi sýslunefndir eru breytingunni meðmæltar.

Um 2. gr.

Það hefur þótt eiga vel við, að gefa sýslunefndunum, sem bezt þekkja til, hvernig til hagar á hverjum stað, kost á, að segja álit sitt um, hvar læknirinn skuli vera búsettur í hjeraðinu, áður en landshöfðingi gjörir endilega út um það.

Um 3. gr.

Hjeraðslæknar þeir, sem hafa föst embætti, hafa nú sem stendur í laun 1,200 kr., sem aukast um 200 kr. fyrir hver 3 embættisár, unz þau eru orðin 2000 kr., svo og launaviðbót samkvæmt lögum 26. marz 1870, 9. gr. Auk þessa eru þeir venjulega látnir fá annaðhvort jörð til afnota eða húsaleigustyrk, sem er milli 50 og 60 kr. Styrkur sá, sem samkvæmt úrskurði 10. maí 1867 er veittur hinum settu hjeraðslæknum, hefur verið 800 kr. á ári (í einu tilfelli hefur þó sem undantekning verið veitt 1000 kr.), og í viðbót 200 kr. árlega fyrir hver 3 ár, er þeir hafa þjónað embættinu, unz launin eru orðin 1600 kr. Í þessari grein er með tilliti til launanna stungið upp á, að skipta hjeraðslæknaembættunum í 2 flokka, þannig að launin sjeu upphaflega fyrir annan flokkinn 1,600 kr., og 1000 kr. fyrir hinn, og að hin sama launaviðbót eptir aldri verði veitt þeim, sem eru í hverjum flokki fyrir sig, unz launin eru orðin 2,600 eða 2000 kr. Í þann flokkinn, þar sem launin eru meiri, og samsvara hjer um bil því, sem hjeraðslæknar þeir, sem nú eru í föstum embættum, hafa í laun og aukatekjur, er stungið upp á, að setja skuli þau embætti, sem svo er ákveðið um, að læknarnir skuli vera búsettir í kaupstað eða á verzlunarstað, þar sem lífsuppeldi yfir höfuð er kostnaðarmeira en til sveita, og þar sem þeim einnig verður lagt meira erfiði á herðar, þegar gjöra skal ráðstafanir gegn því, að hættulegar landfarsóttir flytjist að sjóleiðis, enda má það, hvernig sem á stendur, þykja vel til fallið, að nokkur embætti sjeu til með betri launum handa eldri læknum, sem hafa staðið vel í stöðu sinni. Að því leyti, er snertir Vestmannaeyjar, er eigi fundin ástæða til, að stinga upp á, að setja læknisembættið þar í þann flokkinn, þar sem launin eru meiri, eins og þau 5 hjeruð, sem verið var að ræða um, sjer í lagi fyrir þá sök, að það hjerað er að stærð og fólkstölu með hægustu læknaembættum í landinu.

Það, sem ákveðið er í greininni þeim hjeraðslæknum í hag, sem nú eru í embættum, er samhljóða því, sem fyrir er mælt í frumvarpinu til almennra launalaga I. 7. gr., og það, sem ákveðið er um, hvernig telja skuli tekjurnar af embættisjörðum, er samhljóða reglunum í 3. og 4. gr. tjeðs lagafrumvarps. Eins og það er vitaskuld, að þegar nýju embættunum er slegið upp, mega þeir læknar, sem nú eru, velja um, hverjum parti af læknahjeraðinu, sem var, þeir vilja halda, þannig getur hin nýja hjeraðaskipting eigi komizt á í hinum einstöku hjeruðum, fyr en búið er að skipa lækni í nýja hjeraðið.

Um 4. gr.

Það þykir eiga vel við, að láta lögin öðlast gildi frá sama tíma og stungið er upp

á með tilliti til hinna almennu launalaga, sem er 1. janúar 1876.

Um leið og landshöfðingi lagði fram frumvarp þetta fyrir neðri deild alþingis á öðrum fundi hennar 2. dag júlímánaðar, gat hann þess, að frumvarp þetta væri áframhald af síðari ára ráðstöfunum til að ráða bót á læknaskorti, og styngi það upp á, að skipta landinu í 17 læknahjeruð, og fjölga þannig læknum, sem nú eru 12, svo að þeir verði 17.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 6. fundi neðri þingdeildarinnar, 8. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til *fyrstu umræðu frumvarp til laga um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi o. fl.*

Guðmundur Einarsson sagði, að það væri gleðilegt, að sjá frumvarp um þetta efni komið inn á þingið, því að læknaskipun hefði hingað til verið ábótavant mjög. Að vísu hlytu útgjöld landssjóðsins að aukast við þetta, en heilsan væri dýrmætust af öllu. En það áliti hann eigi alls kostar heppilegt, að binda alstaðar læknahjeruðin við sýsluskipunina; mætti færa mörg dæmi því til sönnunar. Þannig áliti hann alveg sjálfsagt, að Bæjarhreppur í Strandasýslu legðist til Dalasýslu. Þar næst, að læknirinn í Strandasýslu byggi í sýslunni, og loksins, að Eyjahreppur legðist til Snæfellsnessýslu. En það væri bót í þessu máli, að í 1. gr. frumvarpsins væri lagt á vald landshöfðingja, að gjöra breytingar í þessu efni. Annars hefði hann áskilið sjer rjett til að gjöra breytingaratkvæði og það enda stórkostleg við málið. En það væri eitt atriði enn, sem sjer þætti mjög athugavert, og það væri, að launin ættu að hækka með embættisaldrinum. Það áliti hann ekki sem haganlegast, og vildi hann, að embættismaðurinn fengi annaðhvort strax þá launaupphæð, er hann ætti von á, eða hann fengi árlega viðbót til hinnar tilteknu launaupphæðar.

Halldór Kr. Friðriksson sagði, að það væri almennt viðurkennt, að læknaskipun á Íslandi væri harðla ábótavant, enda yrði því ekki neitað, að eins og nú væri ástatt, væri meiri hluti landsins læknalaus; það lægi því í augum uppi, að hina brýnustu nauðsyn bæri til að fjölga læknum. Hitt væri aptur meiri spurning, hvort hentugt væri, að binda læknahjeruðin jafnan við sýsluskipanirnar, og yrði hann að álíta, að því færi fjarri. Það mundi verða sagt, að læknum yrði aldrei fjölgað svo, sem þörf væri á. En mikil bót væri það þó, ef læknir fengist í hverja sýslu. Landshöfðingi gæti að vísu breytt takmörkum læknahjeraðanna, en aptur hefði hann eigi neitt vald til að fjölga læknum. Það væri ósamkvæmni í frumvarpinu, að þar sem til væri ætlazt, að læknahjeruðin eptir grundvallarreglunni færu eptir sýslunum, að þó væri stungið upp á því, að hafa 2 lækna í þremur hinum erfiðustu sýslum landsins, Ísafjarðar-, Barðastrandar- og Strandasýslu. Samkvæmara hefði það verið, að stungið hefði verið upp á 4 læknum í þessum sýslum. Allir þeir, sem þekktu til á Vesturlandinu, mundu játa það, að Árness og Rangárvalla sýslur væru betur staddar með því að hafa 1 lækni til samans, en hinar þrjár sýslurnar fyrir vestan með því að hafa 3 lækna. Að undanteknum Ísafjarðarkaupstað hefði meginhluti Ísafjarðarsýslu verið læknislaus. Mestur hluti Barðastrandarsýslu hefði hingað til verið læknislaus, og yrði það einnig framvegis fyrir þessu frumvarpi. Hann kvaðst því álíta það mjög áríðandi, að þingið íhugaði vel þetta atriði í frumvarpinu. En svo væri það annað atriði, er hann vildi tala fáein orð um. Það væri um launahækkunina; kvaðst hann vera samdóma þingmanni Dalamanna í því, að það væri mjög óheppilegt, að láta laun embættismanna yfir höfuð hækka með embættisaldrinum á þann hátt, sem frumvarpið kvæði á. Hann vildi fastlega stuðla að því, að embættismenn fengju þegar í byrjun embættis síns svo há laun, sem þeim nokkurn tíma væri ætlað að fá í því embætti. Þetta væri bæði notalegra fyrir embættismanninn, og þó enginn halli fyrir landssjóðinn. Embættismaðurinn kæmi opt bláfátækur í embættið, og þá væri það fyrirkomulag, sem

frumvarpið færi fram á, mjög vel lagað til þess, að hleypa honum í skuldir og erfiðleika, er hann seint eða aldrei kæmist úr. Þótt launin ættu að hækka nokkuð eptir það eða það áraskeið, þá yxu einnig þarfir embættismannsins með fjölskyldunni. Á hinn bóginn þyrfti landssjóðurinn engan halla að hafa af því, þótt embættismaðurinn byrjaði þegar með öllum launum sínum, ef hann væri að eins látinn byrja með meðaltalið af hinum lægstu og hæstu launum, er honum væru ætluð eptir frumvarpinu. Þannig ætti sá maður, sem eptir frumvarpinu byrjaði með 1000 kr. og hækkaði um 200 kr. þriðja hvert ár, upp í 2000 kr., að fá meðaltalið af því, 1500 kr. Ef nú embættismaðurinn væri í embætti 20 ár, þá væri landssjóðnum hið sama, þótt sá maður fengi þegar í byrjuninni 1500 kr. Betra, en það, sem frumvarpið færi fram á, væri að láta launin hækka nokkuð á hverju ári framan af. Auk þess kvaðst hann ætla, að 1000 krónur væru of lág laun fyrir lækna að byrja með, og þau mættu eigi minni vera en 1200 kr., og sjer fyndist líka of mikill munur gjörður á sveitalæknunum og kaupstaðalæknunum.

Benidikt Sveinsson kvaðst að eins vilja sýna fram á, að þörf væri á nefnd. Ef þörf væri á að bæta læknum í Barðastrandarsýslu, væri víst ekki síður þörf á að bæta læknum við á svæðinu frá Selvogi austur að Skeiðarársandi. Þar væru þau vatnsföll, sem hvorki yrðu farin á ferju, nje heldur brúlögð, og væru yfir höfuð hin verstu yfirferðar. Hann stakk upp á 5 manna nefnd í málið.

H. Kr. Friðriksson sagði, að það væri mikið satt, að þörf væri á að fjölga læknum á svæði því, er þingmaður Árnesinga hefði nefnt, en það væri líka stungið upp á að setja þar 2 lækna. Hann kvaðst að eins hafa sagt, að hinar þrjár sýslur fyrir vestan, er fyr voru nefndar, væru ver komnar, þótt þær hefðu 3 lækna, en Árnessýsla og Rangárvallasýsla með 1.

Þórarinn Böðvarsson kvaðst vilja bæta við í frumvarpið ákvörðun um aukatekjur lækna.

Landshöfðingi sagði, að breytingar þær, sem nefndar hefðu verið í þessu máli, ættu við aðra umræðu. Hvað launahækkun með embættisaldrinum snerti, þá hefðu allir þeir, er bezt hefðu yfirvegað þetta mál í öðrum löndum, komizt að þeirri niðurstöðu, að það fyrirkomulag, sem frumvarpið fylgdi, væri mjög heppilegt. Hann kvaðst ekkert hafa á móti því, að viðbót þingmannsins úr Gullbringusýslu fengi, ef hann hefði skilið hana rjett, aðgöngu á þinginu.

Þorlákur Guðmundsson sagðist vera samdóma þingmanni Dalasýslu um launahækkun embættismanna eptir aldri. Það væri óeðlilegt, að láta launahækkun fara eptir aldri, en ekki eptir embættisdugnaði. Frá Árnessýslu væri von á bænarskrá um, að stofnað yrði læknisembætti í sýslunni, og vonaði hann, að henni yrði vísað til nefndar þeirrar, er sett mundi verða í málinu.

Því næst var samþykkt í einu hljóði, að málinu skyldi vísa til annarar umræðu. Þingmaður Dalasýslu stakk upp á 5 manna nefnd og var það einnig samþykkt.

Grímur Thomsen vildi vísa málinu til launalaganefndarinnar.

Jón Sigurðsson sagði, að það væri tvö óskyld mál.

Því næst var kosin 5 manna nefnd og urðu þessir fyrir kosningu:

Stefán Stephensen með 14 atkv.
Ísleifur Gíslason — 13 —
Páll Ólafsson — 12 —
Einar Guðmundsson — 10 —
Einar Ásmundsson — 7 —

Í nefndinni var formaður kosinn *Stefán Stephensen*, skrifari *Ísleifur Gíslason*, og framsögumaður *Einar Ásmundsson*.

NEFNDARÁLIT

um konunglegt frumvarp til laga um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi og fl.

Hin heiðraða neðri deild alþingis hefur kosið oss, er ritum nöfn vor hjer undir, í nefnd, til að íhuga og segja álit vort um frumvarp til laga um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi o. fl. Höfum vjer nú íhugað og rætt málið eptir föngum, og skul-

um nú skýra frá áliti voru um það á þessa leið.

Nefndin viðurkennir, að með frumvarpi því, er hjer liggur fyrir, gæti víða á landinu fengizt mikil bót á læknaskorti þeim, sem hingað til hefur átt sjer stað. En þó verður hún að álíta, að til þess að koma sem mestum jöfnuði á rjettindi manna í þessu tilliti, verði ekki hjá því komizt, að stofna 4 ný læknahjeruð, auk þeirra, sem ákveðin eru í frumvarpinu, en að þar á móti sje ekki frágangssök, að Dalasýsla fylgi, eins og verið hefur, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, þar sem þetta læknishjerað samt sem áður mundi ekki verða nærri eins örðugt og sum önnur hjeruð landsins. Um þetta og svo hinar aðrar greinir frumvarpsins leyfum vjer oss að skýrskota til athugasemda þeirra um hverja einstaka grein, er á eptir fylgja. Að síðustu viljum vjer geta þess, að þar sem oss nefndarmönnum öllum er kunnugt, að það er almenn ósk, að til væru ákvarðanir um aukatekjur lækna, og það er sannfæring vor, að þetta mundi vera hæði læknunum sjálfum og þeim, er leita þeirra, hagfelldara, hefur nefndinni þótt ástæða til að bæta við frumvarpið nýrri grein um aukatekjur lækna.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sjer að ráða til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum og viðauka, sem nú skal greina:

að í staðinn fyrir 1. gr. komi svolátandi grein:

Á Íslandi skulu vera 20 læknahjeruð þau, er nú skal greina:

1. Reykjavíkursókn, Kjósarsýsla og Garðaprestakall í Gullbringusýslu.
2. Hinn annar hluti Gullbringusýslu.
3. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla.
4. Snæfellsness-, Hnappadals- og Dalasýsla og Flateyjarsókn í Barðastrandarsýslu.
5. Barðastrandarsýsla, að undanskilinni Flateyjarsókn, Grapsdals- og Staðarprestaköllum.
6. Ísafjarðarsýsla.
7. Strandasýsla og Garpsdals- og Staðarprestaköll í Barðarstrandarsýslu.
8. Húnavatnssýsla fyrir vestan Blöndu.
9. Húnavatnssýsla fyrir austan Blöndu, og Skagafjarðarsýsla, að fráskildum Fells-, Barðs- og Knappstaða-prestaköllum.
10. Þau 3 prestaköll í Skagafjarðarsýslu, er nú voru nefnd, og Hvanneyrar-, Kvíabekkjar- og Miðgarða-prestaköll í Eyjafjarðarsýslu.
11. Hinn annar hluti Eyjafjarðarsýslu og Svalbarðssókn, Laufás-, Höfða- og Hálsprestaköll í Þingeyjarsýslu.
12. Hinn annar hluti Þingeyjarsýslu, að undanskildum Svalbarðs- og Sauðanessprestaköllum.
13. Þau 2 prestaköll í Þingeyjarsýslu, sem nú voru talin, og Skeggjastaða- og Hofsprestaköll í Norður-Múlasýslu.
14. Öll önnur prestaköll í Norður-Múlasýslu og Vallaness- og Hallormsstaðar-prestaköll í Suður-Múlasýslu.
15. Hinn annar hluti Suður-Múlasýslu suður að Berufirði.
16. Hofs-prestakall í Suður-Múlasýslu og öll Austur-Skaptafellsýsla.
17. Vestur-Skaptafellssýsla.
18. Rangárvallasýsla.
19. Árnessýsla.
20. Vestmannaeyjar.

að tölulíðunum í 2. gr. sje breytt þannig:

1. hjeraðslæknirinn í 1. læknishjeraði: í Reykjavík;
2. hjeraðslæknirinn í 4. læknishjeraði: í Stykkishólmi;
3. hjeraðslæknirinn í 6. læknishjeraði: í Ísafjarðarkaupstað;
4. hjeraðslæknirinn í 11. læknishjeraði: í Akureyrarkaupstað;
5. hjeraðslæknirinn í 15. læknishjeraði: á Eskifirði.

að 3. gr. sje breytt þannig:

að í stað «1600 kr.» komi «1400 kr.»; fyrir «3 ár» komi «2 ár»; fyrir «2600 kr.» komi «2400 kr».

að á eptir 3. grein komi ný grein, sem þá verður 4. gr. svo látandi:

Fyrir ferðalög og störf lækna í þarfir hins opinbera ber þeim endurgjald eptir reglum þeim, er gilt hafa hingað til.

Þegar læknis er vitjað, og hann þarf að takast ferð á hendur til einhvers sjúklings, ber að borga honum 4 krónur í fæðispeninga fyrir hvern heilan dag, sem hann er að heiman, og að því skapi fyrir part úr degi. Sömuleiðis skal sá, er hans vitjar, annaðhvort leggja honum til reiðhest, ef landveg skal farið, eður bát og menn, ef á sjó þarf að fara; en leggi læknirinn sjer sjálfur til hest eða ferju, skal endurgjalda honum það, eptir því sem tíðkast í hverju byggðarlagi.

Búi læknirinn í kaupstað eða hverfi, sem eigi nær lengra en 0,1 úr mílu frá heimili hans, ber honum fyrir hverja vitjun sjúkra þar á staðnum 35 aurar, nema öðruvísi hafi verið um samið, t. d. viss þóknun á ári. Fyrir ferð læknis fram á hafskip, sem liggur á höfn, skal greiða 4 krónur.

Hver, sem leitar ráða til læknis heima hjá honum, án þess að sækja hann, skal greiða honum 25 aura.

Fyrir að skera í fingurmein og minni ígerðir, binda um á eptir og gefa varúðarreglur, ber að greiða lækni 75 aura; sje sjúklingurinn undir umsjón læknisins, verður borgunin að fara eptir því, sem þeim um semur.

Fyrir ýms önnur verk lækna skal borga eins og hjer segir:

Fyrir að kippa í lið	2	krónur.
— — binda um beinbrot .	3	—
— — stinga á manni . .	2	—
— — ná þvagi af manni .	1	—
— — taka af fingur eða tá	2	—
— — taka af stærri lim .	4—8	—
— — ná barni með töngum	4	—
— — hjálpa sængurkonu með eintómum höndum .	2—4	—
— — draga út tönn . . .	0,60	—

Fyrir önnur verk lækna skal borga eptir tiltölu meira eða minna, eptir því sem verkið er meira eða minna.

Að 4. gr. (óbreytt) verði 5. gr.

Athugasemdir.

Við 1. grein.

Við nákvæmari íhugun, bæði eptir kunnugleik nefndarmanna og eptir afstöðu hjeraðanna á landabrjefi Íslands, er nefndin hafði fyrir sjer, komst hún að þeirri niðurstöðu, að ef gjöra skyldi verulega, almenna umbót á læknaskipun hjer á landi, þá læknaskipun, að sem allrafæstir af landsmönnum yrðu vegna fjarlægðar og vegalausra fjallgarða svo gott sem útilokaðir frá allri læknahjálp, þó líf og heilsa lægi við, eins og verið hefur hlutfall svo margra að undanförnu, mætti alls ekki skipta landinu í færri læknahjeruð, en 20. Við tjeða skiptingu landsins í aðskilin læknahjeruð tók hún sjer í lagi tillit til: 1. afstöðu og landslags; 2. víðáttu og ummáls; 3. fólksfjölda; 4. tíðrar aðkomu útlendra sjómanna, auk annars fleira; og er nefndin hafði ráðfært sig við nokkra af þingmönnum, er hún vissi kunnuga vegum og landslagi í fjórðungum landsins, virtist henni niðurskiptingin ekki geta orðið haganlegri fyrir landsbúa yfir höfuð að tala, en sú, er hún leyfir sjer að stinga upp á í þessari frumvarpsgrein. Að vísu er mjög mikill munur á fólkstölu í þessum fyrirhuguðu læknahjeruðum, þar sem fæst er, eptir skýrslum um landshagi á Íslandi 1873, hjer um bil 1,670 manns (í hinu fyrirhugaða 16. læknishjeraði), en flest hjer um bil 5,980 (í 4. læknishjeraði); en eins og áður er á vikið, þótti nefndinni sjer í lagi þurfa að taka tillit til, að hver og einn meðlimur fjelagsins nyti þess jafnrjettis við hina, er framast væri unnt, í þessu mikilsvarðanda efni; en útilokaðist ekki frá að geta bjargað lífi og heilsu sinni eða sinna, ef mannleg hjálp á annað borð væri möguleg.

Við 2. grein.

Nefndinni þykir sjálfsagt að víkja ekki frá þeim ákvörðunum, sem áður eru gjörðar um aðsetursstaði hjeraðslæknanna í hinum 5 aðalkaupstöðum landsins. Hvað hin önnur læknahjeruð landsins snertir, hefur nefndin að vísu ekki sjeð sjer fært að til taka í frumvarpinu neinn vísan bústað fyrir hlutaðeigandi hjeraðslækni, heldur álítið tiltækilegast, að það liggi undir ákvörðun landshöfðingja eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar, eins og ákveðið er í frumvarpinu. En allt

fyrir það leyfir nefndin sjer þó að benda á, hvar hún hafi hugsað sjer bústað læknisins í sumum hjeruðum landsins eptir þeirri breytingu, sem hún hefur stungið upp á, og vill með því, bæði að nokkru leyti gjöra grein fyrir *breytingum sínum, og svo kynnu einnig* þessar bendingar á sínum tíma að geta orðið til leiðbeiningar fyrir sýslunefndirnar. Þannig hefur nefndin hugsað sjer, að læknirinn í 7. læknishjeraði hefði aðsetur í Steingrímsfirði eða þar í grennd; læknirinn í 10. læknishjeraði á Siglufirði; læknirinn í 13. læknishjeraði á Vopnafirði, og læknirinn í 16. læknishjeraði á Papós.

Við 3. grein.

Nefndinni þótti ástæða til að lækka laun kaupstaðarlæknanna um 200 kr., þar sem hún verður að álíta, að of mikið sje úr því gjört, hve kostnaðarsamara sje að lifa þar, en til sveita; því þess verður að gæta, að kaupstaðarlæknarnir eru að miklu leyti lausir við þá gestnauð og átroðning, sem jafnan hlýtur að eiga sjer stað hjá sveitalæknunum, og að allir aðdrættir bæði á lyfjum og matvælum eru margfalt örðugri og kostnaðarsamari fyrir sveitalæknana, auk þess að kaupstaðarlæknarnir, að minnsta kosti sumir þeirra, opt munu fá ríflega þóknun («Honorar») hjá sumum kaupstaðarbúum. En þegar þess að hinu leytinu er gætt, hversu erfið og ónæðissöm staða læknanna yfir höfuð er hjer á landi, þykir nefndinni eiga við, að laun þeirra fari vaxandi á hverjum 2 árum, svo að þeir eptir 10 ára þjónustu hafi tilkall til hinna beztu launa.

Við 4. grein.

(Viðaukagrein við frumvarpið).

Talnaupphæðir þær, er þessi grein hefur inni að halda, eru að mestu leyti byggðar á uppástungu, sem einn nefndarmanna hafði útvegað hjá einum af hjeraðslæknunum hjer á landi.

Alþingi, 14. júlí 1875.

Stefán Stephensen, formaður. — Ísl. Gíslason, skrifari.

Einar Ásmundsson, framsögumaður. — E. B. Guðmundsson. Páll Ólafsson.

ÖNNUR UMRÆÐA

í neðri deild alþingis.

Á 21. fundi neðri deildarinnar 27. dag júlímánaðar kom samkvæmt dagskránni til annarar umræðu frumvarp til laga um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið breytingaruppástungu 8 þingmanna við frumvarp til laga um læknahjeruð, og væri hún prentuð og úthlutuð meðal þingmanna, en með því að hún hefði komið svo seint, að hún gæti eigi komið til umræðu í dag, yrði hún að bíða til 3. umræðu.

Framsögumaður (*Einar Ásmundsson*) sagðist hafa litlu að bæta við álit nefndarinnar. Nefndin áliti, að frumvarpið horfði til bóta í samanburði við það, sem verið hefur að undanförnu, en þegar betur hafi verið litið á málið, hafi nefndinni eigi verið unnt að fylgja þeirri reglu, að láta læknahjeraðatakmörkin og sýslutakmörkin standast á; þannig hafi nefndin einungis látið standa 6 af læknahjeruðum þeim, sem stungið hafi verið upp á í frumvarpinu, en þau væru öll á Suðurlandi, alstaðar annarstaðar hefði nefndin álitið, að önnur takmörk skyldu sett. Hann gat þess, að seinasti liðurinn af 1. gr. þessi: «landshöfðingi getur gjört breytingar á takmörkunum milli hinna einstöku hjeraða, þegar hlutaðeigandi sýslunefndir hafa komið sjer saman um það», hefði í ógáti fallið burt, og vildi því áskilja sjer breytingaruppástungu til 3. umræðu um að setja lið þennan inn aptur í frumvarpið. Annari grein hefði ekki verið breytt nema að því leyti, sem leiddi af 1. gr., því orðabreytingarnar teldi hann eigi. Þegar til 3. gr. kæmi, skyldi þess getið, að nefndin í fyrsta lagi hefði stungið upp á lítilfjörlegum breytingum á launum lækna, og að færð skyldi niður laun hinna 5 hjeraðslækna um 200 krónur, en að þau aptur á móti skyldu hækka á tveggja ára fresti í staðinn fyrir það, sem stjórnarfrumvarpið hefði ætlað þeim að stíga á þriggja ára fresti. Nú er nefndarmenn hefðu borið sig saman við launalaganefndina, hefðu þeir tekið upp þá reglu, að hafa launin jafnhá frá upphafi, og áskildi hann sjer þess vegna

breytingaratkvæði við nefndarálitið, aptur, eins og það hefði verið í fyrstu. Enn fremur hefði verið stungið upp á því af nefndinni, að bæta nýrri grein inn í frumvarpið um aukatekjur lækna; þeir fylgi nú ekki vissum reglum, þegar þeir heimti laun fyrir hjálp sína, og þetta hafi á stundum valdið óánægju, þegar nýr læknir hafi komið í læknisembætti og ekki fylgt sömu reglu og sá læknir, er þar var á undan. Eptir samtali, sem hann hafi átt við lækna, áliti hann þarflegt, að greinin sje tekin upp í lögin, svo þau verði ákveðnari, og allur ágreiningur fyrirbyggður. Að svo mæltu vildi hann skjóta málinu undir ásjá og atkvæði þingsins.

Þórður Þórðarson kvaðst skyldu hreifa því, að breytingin á læknaskipuninni í Snæfellsnessýslu þætti sjer mjög athugaverð; hann hjeldi, að umdæmi væri þar of mikið ummáls, enda væru þar kauptún mörg, fólksfjöldi mikill og land örðugt yfirferðar, en hann sæi, að eptir því sem framsögumanni hefði farizt orð, er hann ætlaðist til, að aptasti liðurinn í 1. gr. stjórnarfrumvarpsins, er hann hefði saknað í nefndarálitinu, skyldi haldast, þá mætti úr þessu vel bætzt geta.

Framsögumaður gat þess, að nefndin hefði borið sig saman við þingmann Dalamanna og þingmann Barðstrendinga, sem báðir ættu heima í þessu fyrirhugaða læknishjeraði; hefðu þeir báðir verið á því, að skipa takmörkum læknishjeraðs þessa á þann hátt, er nefndin hefði lagt til, og skoraði hann á þingmann Dalamanna að láta álit sitt í ljósi um þetta efni.

Guðmundur Ettarsson játaði að vísu, að niðurskipun sú á læknahjeruðunum, er stungið væri upp á í nefndarálitinu undir tölulið 4, væri sjer að vísu ekki geðfelld, en sú bót væri þó í máli, að víða mætti stytta sjer leið sjóveg, og í öðru lagi skyldu menn athuga, að þegar litið væri yfir Íslands kortið, þá væri umdæmi þetta naumast örðugra en mörg önnur, enda hefðu hjeraðsbúar haft við þetta að búa, og engir nýir örðugleikar hefðu bætzt við. Þó að hann sæi ljóslega, að Dalasýsla yrði út undan, eptir frumvarpi stjórnarinnar, þá vildi hann allt fyrir það eigi gjöra neina breytingaruppástungu í þá átt, enda mundi hún, þó hann bæri hana upp, ekki komast fram. Auk þessa gæti landshöfðingi gjört breytingar, og yrði það álitið ókljúfandi fyrir lækni að gegna þar skyldu sinni, þá væri ráð til að kippa því í lag.

Landshöfðingi kvaðst játa það, að nefndin hefði tekið vel í frumvarpið, en hann kvaðst vilja geta þess, að af athugasemdunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar mætti sjá, að hún sökum kostnaðarins, er það mundi hafa í för með sjer, hefði eigi ætlazt til að ráða í þetta sinn algjörða bót á læknaskortinum hjer á landi, heldur mundi nægja að skipa fyrst um sinn 17 læknahjeruð, og ef það væri gjört, þá sýndist heppilegast að binda læknahjeruðin við sýsluskipunina; en ef nú þingdeildin áliti það ekki of mikinn kostnað fyrir landssjóðinn að fjölga læknahjeruðunum úr 17 upp í 20, þá kvaðst hann fyrir sitt leyti vilja mæla með því, að það fengi framgang, og ef það væri gjört, þá áliti hann læknahjeraðaskipun nefndarinnar heppilega, en á hinn bóginn sýndist sjer breytingin við 3. grein ekki heppileg, þar sem stungið væri upp á, að færa 1600 kr. niður í 1400 kr., og vildi hann því mæla með því, að deildin ekki samþykkti þessa grein; hvað snerti 4. gr., þá væri hann nefndinni samdóma um, að æskilegt væri að hafa ákvörðun um aukatekjur lækna, en eptir fyrirsögn frumvarpsins ætti hún ekki hjer við, nema því að eins að fyrirsögninni væri breytt; hann vildi því skjóta því til deildarinnar, hvort eigi væri ástæða til að taka þessar athugasemdir til greina. Hvað snerti tillögur þingmanns Snæfellinga, þá mætti vel verða við þeim, ef læknaskortur reyndist, og það niðurlag fyrstu greinar hjeldist, «að landshöfðingi skyldi geta gjört breytingar á takmörkunum milli hinna einstöku hjeraða», svo sem þingmaðurinn sjálfur hefði gjört ráð fyrir.

Því næst var gengið til atkvæða og fjellu þau þannig:

1. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 1. grein:

1. liður samþykktur í einu hljóði.
2. — — - — —
3. — — - — —
4. — — með 18 atkv. gegn 2.
5. — — í einu hljóði.
6. — — - — —
7. — — með 20 atkv.
8. — — í einu hljóði.
9. — — - — —
10. — — með 20 atkv.
11. — — í einu hljóði.
12. — — - — —
13. — — með 20 atkv.
14. — — — 18 —
15. — — — 17 —
16. — — — 17 — móti 3.
17. — — í einu hljóði.
18. — — - — —
19. — — - — —
20. — — - — —

Síðasti liður 1. greinar (í frumvarpinu) samþykktur í einu hljóði.

1. gr. í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt með 17 atkv. gegn 4.
2. breytingaruppástunga nefndarinnar við 2. gr. samþ. með 19 atkv.
3. Greinin með þessari breytingu samþykkt í einu hljóði.
4. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 3. grein, að fyrir «1600» komi «1400», felld með 11 atkv. gegn 5. En með því atkvæðagreiðslan var óglögg, var við haft nafnakall og sögðu

já:

Guðmundur Einarsson,
H. Kr. Friðriksson,
Benidikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Guðmundsson,
Grímur Thomsen,
Hjálmur Pjetursson,
Ísleifur Gíslason,
Jón Sigurðsson,
Páll bóndi Pálsson,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:

Einar Ásmundsson,
Guðmundur Ólafsson,
Páll Ólafsson,
Páll Pálsson, prestur,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson,

Var breytingaruppástungan þannig samþykkt með 15 atkv. gegn 6.

5. Að fyrir «3 ár» komi «2 ár», samþykkt með 11 atkv. gegn 1.
6. Að fyrir «2600» komi «2400», samþykkt með 17 atkv. gegn 2.
7. Greinin í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt með 13 atkv.
8. Uppástunga nefndarinnar, að nýrri grein verði við bætt eptir 3. grein, samþykkt með 13 atkv. gegn 4.
9. 4. grein frumvarpsins, sem nú verður 5. gr., samþykkt með 17 atkv.
10. Frumvarpið allt í heild sinni, með áorðnum breytingum, samþykkt með 13 atkv. gegn 5.
11. Samþykkt með 20 atkvæðum, að frumvarpið þannig lagað gengi til þriðju umræðu.

Breytingaruppástunga við frumvarp til laga um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi o. fl. (Frá nefndinni, og þremur þingmönnum öðrum):

að fyrsti liður í 3. gr. frumvarpsins orðist þannig:

Sjerhverjum af hjeraðslæknum þeim, sem nefndir eru í 2. gr. 1—5., skal veita í árleg laun 1900 kr., en hverjum hinna 1500 kr. Launin skulu greidd úr landssjóði;

að annar liður í sömu grein: «Launaviðbót þá — voru settir» falli burt.

Alþingi 26. júlí 1875.

Ísl. Gíslason. Þórarinn Böðvarsson.
Einar Ásmundsson. E. B. Guðmundsson.
Stefán Stephensen. Grímur Thomsen.
Páll Ólafsson. Tryggvi Gunnarsson.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 24. fundi neðri deildarinnar, 30. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til þriðju umræðu frumvarp til laga um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi, eins og það var samþykkt við 2. umræðu. Frumvarpinu fylgdi breytingaruppástunga frá 8 þingmönnum.

Framsögumaður (*Einar Ásmundsson*) kvaðst fáu hafa að bæta við það, sem hann hefði áður sagt um málið; hann vildi að eins geta þess, að nefndinni hefði ekki þótt ástæða til að breyta fyrirsögninni eptir bendingu landshöfðingja, því að það stæði seinast í fyrirsögninni þessi orð: «og fleira», og því væri það ekkert óeðlilegt, þótt frumvarpið innihjeldi «fleira» en hjeraðaskipunina, enda hefði frumvarp stjórnarinnar innihaldið fleira og þó haft þessa fyrirsögn. Nefndinni hefði aptur þótt ástæða til að gjöra þá breytingu við frumvarpið, að ákveða laun læknanna eptir meðaltali þeirra launa, er þeim væru ætluð eptir frumvarpinu, og sett þá upphæð fasta, án tillits til þess, hvort læknirinn væri ungur eða gamall í embættinu. Þetta hefði nefndin álitið notalegra fyrir lækninn, og engan skaða fyrir landssjóðinn.

Landshöfðingi sagði, að breytingaruppástungan við þriðju grein miðaði til þess að ákveða laun lækna eptir öðrum reglum, en hingað til. Þessi uppástunga væri þannig lögð, að hún eptir sínu áliti væri óheppileg, hvort sem litið væri til landssjóðsins, eða læknanna. Það væri víst, að þessi aðferð jyki í fyrstunni útgjöld landssjóðsins, hitt væri óvíst hvort spornaður sá, er hún seinna kynni að hafa í för með sjer, yrði honum til góðs. Ef gjört væri ráð fyrir 20 læknum, yrðu útgjöldin meiri 2 fyrstu árin um 20,000 krónur, í næstu 2 árin um 12,000 krónur. Að vísu bættist þetta upp, ef hver læknir væri í embætti 10 ár. En þetta væri óvíst, hitt víst. Þegar þar næst væri litið til læknanna sjálfra, þá væri þetta að vísu hagur fyrir hina ungu lækna, en óhagur fyrir hina, og sjerstakar kringumstæður gætu að vísu gjört þessa ákvörðun haganlegri í bráðina. En þegar á allt væri litið, mundi það optast vera notalegra fyrir embættismanninn, að launin færu vaxandi, því að þarfirnar færu optast vaxandi, með því að börnum fjölgaði, og kostnaður þeim til uppfósturs og fræðslu færi að því skapi í vöxt. Hann vildi því biðja deildina að samþykkja ekki þessa breytingu, þar sem hún gæti orðið hinum eldri embættismönnum til meiri skaða, en landssjóðnum til ljettis, og gæti leitt til þess, að alþingi neyddist til að veita læknum fleiri eða færri launaviðbót eptir nokkur ár.

Því næst var gengið til atkvæða og fjellu þau þannig:

1. 1. grein samþykkt í einu hljóði.
2. 2. grein samþykkt í einu hljóði.
3. Breytingaruppástunga frá 8 þingmönnum við 1. lið 3. greinar samþykkt með 18 atkv.
4. Að annar liður fjelli burt, samþykkt með 14 atkv.
5. 3. grein með áorðnum breytingum samþykkt með 18 atkv.
6. 4. grein samþykkt með 21 atkv.
7. 5. grein samþykkt í einu hljóði.
8. Frumvarpið í heild sinni, með áorðnum breytingum, samþykkt með 19 atkv.
9. Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpið var þannig sent til efri deildarinnar.

FYRSTA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 26. fundi efri þingdeildarinnar 2. dag ágústmán. kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu frumvarp til laga um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi, og fleira, eins og það var samþykkt af neðri deild alþingis, og hafði því verið útbýtt meðal þingdeildarmanna 31. júlímán.

Jón Hjaltalín sagðist játa það, að neðri deildin hefði yfir höfuð tekið vel í þetta mál, og að margt væri fært til hins betra. En á hinn bóginn þættu sjer þó töluverðir gallar á hjer og hvar. Hann hefði nú að vísu, enn sem komið væri, litið lauslega á nefndarálitið. En hann hefði strax rekið sig á misfellu undir tölul. 4., þar sem einum lækni

væri ætlað að þjóna Snæfellsness-, Hnappadals- og Dalasýslum, og að auk Flateyjarsókn. Það væri varla þenkjandi, að nokkur læknir, hversu röskur sem væri, gæti að nokkru liði þjónað þessu víðlenda umdæmi; hann vildi nú ekki tala um, ef stórsóttir, kvefsótt eða þess konar gengju yfir landið. Undir slíkum kringumstæðum mundi varla veita af 3—4 læknum, er allir mundu hafa nóg að gjöra. Allir vissu, hve örðugt væri að ferðast hjer á landi, og þegar einn læknir ætti að ferðast um allt þetta umdæmi, þar hjá efst upp í Dalasýslu, þá sæju allir, hve fjarstætt það væri, að skipa einn lækni í það umdæmi, og yrði hann að segja, að slíkt væri að gefa mönnum steina í staðinn fyrir brauð. Það lægi langtum nær eptir því, sem hann þekkti til, að Dalasýslubúar hefðu einn lækni út af fyrir sig, og væri þá máske hugsandi, að hann gæti þjónað Flateyjarsókn að auki. Um hin nýju læknahjeruðin ætlaði hann ekki að tala að sinni. Hann sæi, að þar væri mörgu kippt í betra horf, þó ekki væri það fullnægjandi, sem eigi yrði heldur búizt við. Svo væri og annað í þessu frumvarpi, er hann eigi gæti fellt sig við, og það væri þessi taxti, sem settur væri upp fyrir aukaverk lækna. Sjer þætti stórt spursmál, hvort hann ætti hjer heima. Að minnsta kosti væri hann ekki of hár. Þegar maður liti til slíkra taxta í öðrum löndum, þá væri þar stór munur á. Prússneski taxtinn væri 4 sinnum hærri; hollenzki taxtinn 8 sinnum hærri, og hinn enski hjer um bil 4faldur, eins og hinn prússneski. Hann til færði eigi þessa taxta í því skyni, að hann ætlaðist til, að menn byndu sig nákvæmlega við þá. En menn yrðu á hinn bóginn líka að varast, að gjöra læknunum framtíðina óaðgengilega, og enginn gæti neitað því, að þarfirnar væru að aukast, allt væri orðið dýrara, er að lífsins viðurhaldi lyti. Mundi því ekki vera af vegi að hækka taxta þennan, svo að það gæti orðið hjer um bil sómasamleg þóknun; afarborgun vildi hann alls eigi fara fram á. Hann vildi taka til dæmis borgun þá, er læknirinn ætti að fá fyrir að yfirheyra mann og ráðleggja honum, að hún gæti álitizt optlega næsta hlægileg. Ef hann t. a. m. ætti að yfirheyra mann langt að, sem ekki væri í sínu umdæmi, þá mundi hann varla geta lokið þeirri yfirheyrslu á minna en 1 eða 2 tímum, og fyrir þetta ætti hann að fá 25 aura. Ef nú læknirinn enn fremur ætti að geta gætt skyldu sinnar, þá þyrfti hann að útvega sjer ýmisleg verkfæri, einkum þau, er heyrðu til handlæknisóperatiónum; og þessi verkfæri væru afardýr; þau gætu hæglega hlaupið upp í fleiri þúsund dali, þó eigi væru tekin nema hin nauðsynlegustu, þannig að læknirinn væri fær um í flestum tilfellum að geta látið hjálp sína í tje. Þessi kostnaður legðist allur á læknirinn fram yfir aðra embættismenn, og svo væri þessi verkfæri fyrir hann þar að auki dautt kapítal. Hann hefði heyrt sagt, að annar taxti væri á Færeyjum en erlendis, og jafnvel lægri en þessi, og gæti hann ímyndað sjer, að læknir sá, er nefndin hefði ráðgazt við í þessu efni, mundi máske hafa látið leiðast af því. En menn yrðu þó að gæta þess að gjöra læknunum mögulegt, að láta hjálpina verða sem fullkomnasta, að unnt væri. Að öðru leyti væri hann helzt á því, að þessi ákvörðun ætti að vera sjerstök, en ekki í þessu frumvarpi. Hann kvaðst nú ekki ætla að ræða um þetta frekar að sinni, en áskildi sjer að koma með breytingaratkvæði sín seinna.

Sighvatur Árnason sagðist ekki geta neitað því, að sjer hefði dottið sama í hug, að því er snerti tölulið 4.; en með því hann væri ókunnugur þar vestra, vildi hann síðar ráðfæra sig við þá, er þar þekktu betur til. Sömuleiðis hefði hann eigi getað fellt sig við þennan taxta, ekki af því, að sjer þætti borgun þessi í sjálfu sjer of há fyrir hvað eina. En maður yrði að hafa sjerstaklegt tillit til annara kringumstæða hjer á landi. Það dygði eigi að vitna til þess, að sams konar borgun væri 8falt hærri í öðrum löndum. Hjer á landi stæði allt öðruvísi á. Eins og allir vissu, væri fjarska-örðugt að leita hjer læknishjálpar og kostnaðarsamt. Sjer virtist því menn ættu heldur að hafa sjer það

hugfast, að hafa föstu launin að sínu leyti hærri, eins og hjer syndist vera allríflega í lagt með laun lækna, en fara varlega á hinn bóginn í að ákveða fyrir hvert smáviðvik þeirra. Allir yrðu að játa, að efnahagur hjer á landi væri minni en annarstaðar almennt, og yrði að sníða þannig stakk eptir vexti, og opt væru það þeir einir, sem ekki hefðu aflögum, er leita þyrftu læknisins opt langar leiðir. Hefði hann því heldur kosið, að þessari ákvörðun í 4. grein hefði eigi verið hreift. Þætti sjer líklegt, að hann síðar mundi vilja eiga þátt í að fella hann úr eða lækka taxtann að öðrum kosti. Viðvíkjandi öðrum atriðum málsins vildi hann geyma sjer að gjöra nokkrar athugasemdir þangað til við 2. umræðu.

Eiríkur Kúld sagði, að sjer þætti eigi eiga við að ræða einstakar greinir á þessu stigi málsins; mundi hann því eigi lengja umræðurnar að sinni, en áskilja sjer rjett til breytinga, ef til vildi, við 2. umræðu, að minnsta kosti mundi hann þá fara nokkrum orðum um málið í þess einstöku greinum.

Jón Hjaltalín sagði, að sjer þætti vel til fallið, að hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga og hann sameinuðu sig um breytingaratkvæði við tölul. 4, þar sem hann væri gagnkunnugur þar vestra. Hvað snerti ræðu þingmanns Rangæinga, þá vildi hann taka það aptur fram, að hann ætlaðist eigi til, að sett yrði upp nein afarborgun, heldur nokkurn veginn sómasamleg þóknun, sem varla gæti orðið nein sjerleg útgipt. Að öðru leyti vildi hann geta þess, að því er föstu launin snerti, að þau virtust að vísu vel viðunanleg á pappírnum; en menn gættu þess yfir höfuð eigi nægilega, hve þarfirnar væru orðnar miklu meiri og allt dýrara á seinni tímum. Áður hefði verið öðru máli að gegna, þar sem allt hefði þá verið ódýrara, og læknirinn hefði allajafna haft ábúðarjörð afgjaldslaust. Að öðru leyti ætlaði hann ekki að fara langt inn í málið að sinni, heldur, ef honum litist, að koma fram með breytingaratkvæði sín síðar meir.

Jón Pjetursson sagðist að eins vilja geta þess, að sjer þætti skiptingin undir 7. og 8. tölul. geta verið betri, en hann ætlaði sjer að geyma að tala um það ítarlegar þangað til við 2. umræðu.

Stefán Eiríksson sagðist þó verða að álíta, að vel ætti við að ráðgjöra breytingaratkvæði við þessa umræðu. En að sinni ætlaði hann einungis að benda til 4. greinar, er ákvæði aukaborgun handa læknum. Það væri að vísu satt, að hún í sjálfu sjer út af fyrir sig væri eigi há, en það væri eigi heldur af miklu að taka hjá almenningi. Sjer syndist raunar fyrir sitt leyti, þegar litið væri til hins sjerstaklega ásigkomulags lands þessa, að hún gæti verið nær sanni. Læknirinn ætti að hafa 4 krónur fyrir dag hvern, er hann væri á ferð til sjúkra, þá gæti það orðið allmikil borgun, þegar honum þar á ofan væri lagður hestur, og hestur fengist ekki til slíkrar ferðar fyrir minna en 2 kr. um dag hvern, og yrði þá hinn sjúki aumingi að borga um daginn 6 til 8 krónur fyrir utan meðul og aðrar aukaborganir, sem til færðar væru í 4. gr. Væri því næst sjer að koma með breytingaratkvæði í þá átt, að 4 krónur í þessu tilfelli yrðu settar niður í 3 krónur.

Jón Hjaltalín sagði, að það gæti aldrei talizt beinlínis sem borgun til læknisins, sem gengi í ferðakostnað. Menn yrðu að gá að því, að læknirinn eptir því sem hagaði til á þessu landi, og sem yrði að fara út í hvert forðsveður sem væri, yrði að vera vel útbúinn að fötum og öllu. Sá kostnaður, sem þar af flyti fyrir læknirn, væri meiri, en menn hugsuðu. Marga mundi eigi renna grun í, hvílíkt fataslit það væri, og svo mundu fáir vera svo skapi farnir, að þegar þeir þæðu næturgreiða eða þess konar, að þeir eigi greiddu meira eða minna fyrir sig. Hann gæti því vel ímyndað sjer, að borgun þessi væri of lág í staðinn fyrir of há. Hann mundi seinna koma með breytingaratkvæði sín í þessa stefnu, og vonaði hann, að þau mundu eigi hneyksla neinn sakir þess, að þau færu fram á nokkra óhæfu.

Þá tóku eigi fleiri til máls; var því geng-

ið til atkvæða, og var samþykkt með 10 atkvæðum, að málið gengi til 2. umræðu, en enginn stakk upp á, að nefnd yrði sett í því.

Breytingaruppástunga við frumvarp til laga um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi og fleira. (Frá Jóni Pjeturssyni, 4. konungkjörnum þingmanni).

Við 1. grein:

7. töluliður breytist þannig: «Strandasýsla, að Bæjarhrepp undanskildum, og Garpsdals- og Staðarprestaköll í Barðastrandarsýslu»;
8. töluliður þannig: «Húnavatnssýsla og Bæjarhreppur í Strandasýslu»;
9. töluliður þannig: «Skagafjarðarsýsla, að fráskildum Fells-, Barðs- og Knappstaðaprestaköllum».

ÖNNUR UMRÆÐA

í efri deild alþingis.

Á 28. fundi efri þingdeildarinnar 4. dag ágústmán. kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu frumvarp til laga um aðra skipun á læknahjeruðum á Íslandi og fleira.

Jón Hjaltalín sagðist hafa tekið það fram við fyrstu umræðu þessa máls, að sjer þætti mjög vel vera gengið frá því; hann sagðist einnig hafa tekið það fram, að hann mundi gjöra breytingaruppástungu við 1. gr. 4. tölulið og við 4. gr., hvað taxtann snerti, en við nákvæmari yfirvegun, og þegar hann hefði litið til þess, hve vel að neðri deildin hefði leyst þetta af hendi, og hversu mikil framför þetta væri í samanburði við það, sem hingað til hefði verið, þá hefði hann alveg fallið frá þessu — kvaðst hann einnig ætla, að bezt mundi vera að ræða sem minnst um frumvarpið, þar sem menn varla mundu bæta það mikið, og vildi hann því óska, að því strax yrði vísað til 3. umræðu.

Ólafur Pálsson sagði, að hann væri alveg samdóma hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni, að bezt mundi vera að fara sem fæstum orðum um frumvarp þetta, það væri mjög vel úr garði gjört af neðri deildinni og þessvegna ekki vert að gjöra miklar breytingar við það, þar sem með því væri unnið hið mesta framfarastig í einu af velferðarmálum landsins. Það væri að eins komin fram ein breytingaruppástunga um aðra skipun á einu af læknahjeruðunum, en þessi breyting væri eigi alveg eins nauðsynleg og máske sýndist, þar sem landshöfðingjanum væri veitt vald til að þoka til um læknahjeruðin, eptir því sem sýslunefndirnar kynnu að stinga upp á. — Það hefði verið talað um taxtann, og gæti það vel verið, að hann væri nokkuð óviðfelldinn og smágjörður, en hann vildi þó fallast á hann eins og hann væri, og og það meðfram af því, að reynslan hefði þegar sýnt, að mesta þörf væri á, að hann væri til, þar eð hinir efnalitlu annars gætu orðið fyrir gjörræði; en efnamennirnir þyrftu ekki að fylgja honum svo nákvæmlega, og mundu víst naumast gjöra það, þar sem við góðan lækni væri að eiga, er hefði ómak fyrir þeim.

Jón Pjetursson sagðist hafa gjört breytingu við 7., 8. og 9. gr. en þó að hann áliti, að læknaumdæmunum væri betur skipað á þá leið, vildi hann þó falla frá þeim, og með fram af því, að svo mörg mál væru eptir, og svo langt liðið á þingtímann.

Þórður Jónasson sagðist ekki ætla að vera margorður um þetta mál, sem þó væri mikils vert, og er því yrði framkvæmt, bætti kjör læknanna til mikilla muna. En það væri eitt í því, sem hann eigi gæti fellt sig við, og það væri, ef hann annars hefði skilið frumvarpið rjett, að sjer virtist, sem að laun læknanna skyldu vera ákveðin í eitt skipti fyrir öll; sjer fyndist þetta ekki vel hugsað, eða hagkvæmt, því að það kæmi sjer vel að eiga von á, þegar aldur færist yfir embættismanninn, og honum aukast útgjöld, að eiga von á viðbót í launum sínum. Svo væri og annað atriði, sem hann gæti ekki fallizt á, og það væri um taxta þann, er hjer er settur, því hann kvaðst ekki geta verið honum með nokkru móti meðmæltur, enda væri taxti ekki til í Danmörku nema frá gömlum tíðum, frá 1672 og 1833, en hvorugum væri þó fylgt.

Taxti væri reyndar til á Færeyjum frá sömu tíð, en þætti þar lítil bót eða framför; hann gæti og valdið misskilningi og misgrun, þegar að læknirinn t. a. m. væri sóttur til einhvers sjúklings, en kæmi um leið við hjá fleirum sjúklingum, að kostnaðurinn þá lenti allur á þeim, sem sótti læknirn, en það væri þó ekki sanngjarnt; svo ætti læknirinn sjálfur að meta, hvað opt hann þyrfti að koma til sjúklingsins, og gætu þá orðið deildar meiningar um málið, þegar í misklið kæmi. Það væru til læknataxtar annarstaðar t. d. í Hertogadæmunum, en þar af leiddi ekki, að hann væri nauðsynlegur, það væri líka til taxti fyrir prókúratóra, en þætti ekki til mikilla bóta; þegar nú á allt væri litið, þá virtist sjer margt vera, er fremur mælti móti en með læknataxta, enda mundi taxti annars vera kominn á í Danmörku fyrir löngu síðan.

Eiríkur Kúld sagðist vilja lýsa því yfir, að hann væri í flestu samdóma frumvarpi nefndar deildarinnar, og mundi hann að minnsta kosti láta sjer lynda það. Hann kvaðst einungis ætla að fara fáum orðum um 1. gr. 4. tölulið, og yrði hann þá að játa, að læknisumdæmi það væri fjarskalega stórt, og með öllu ókleyft fyrir einn lækni að gegna því, ef sóttir kæmu upp; það hefði maður úr neðri deildinni ráðfært sig við hann um þetta atriði, og hefði hann eigi sjeð annað ráð, en að tveir læknar væru settir í þessu umdæmi, en þetta hefði neðri deildin eigi sjeð sjer fært. Nú, sem stæði, væri duglegur og ötull læknir í Snæfellsnessýslu, og bætti það því heldur úr þessu, svo gæti og landshöfðingi með ráði þingsins breytt þessu í betra horf, þegar fram í sækti; neðri deildin hefði bætt Flateyjarhrepp við þetta umdæmi, og væri það kannske eptir sinni uppástungu, en sá galli væri þó þar við, að þegar þaðan yrði leitað læknis í Stykkishólm, gæti svo að borið, að hann eigi væri heima; en væru tveir læknar, annar í Dala- og hinn í Snæfellsness-sýslu, þá væri þetta mikla haganlegra, og hægra við að fást, en um það ætlaði hann ekki að gjöra neina uppástungu í þetta sinn, því sjer væri ljóst, að neðri deildin hefði gjört það, ef nokkur úrræði hefðu verið sjáanleg til að geta komið 2 læknum í þetta umdæmi, enda væri hjer nógur dagur til stefnu, og þá væri þingsins innanhandar, að breyta þessu til batnaðar. En það væri eitt óljóst fyrir sjer í frumvarpi þessu, og það væri helzt við 3. grein; sjer virtist nefnilega, að eigi væri hægt að sjá, hvort læknar þeir, er nefndir eru í 2. gr., og sem þegar hafa fengið föst embætti og loforð fyrir launaviðbót, eigi skuli fá hana, en ef svo væri, þá væri slíkt alveg ófært, þar sem líka laun þeirra eigi væru of mikil, og yrðu þeir því ver settir en aðrir læknar þar sem þeir byggju í kaupstað, er allt væri dýrara en annarstaðar; það væri t. a. m. tvennt ólíkt fyrir lækninn að búa í Stykkishólmi, eða eins og áður var, að hafa slíka kapítalsjörð sem Bjarnarhöfn til ábúðar, en nú í stað þess nokkra dali. — Viðvíkjandi 4. gr. gæti hann reyndar fundið ýmislegt að henni, svo sem það, að 12 sk. væri borgunin fyrir að rannsaka sjúkling, og þætti sjer það hneykslanlega lítið; en engu að síður væri það þó til mikilla bóta, að hafa fast tiltekna borgun, er lækninum bæri, og væri það líka til að koma í veg fyrir gjörræði frá læknisins hlið. Það væri sín sannfæring, að þessi taxti væri allur of lágur, en það væri til þess, að gjöra fátæklingnum hægra fyrir að leyta sjer læknishjálpar, og þess bæri og að gæta, að þetta væru eigi aðaltekjur lækna, því þeir væru á föstum launum. Hann kvaðst því álíta þetta betra í bráð, meðan ekki kæmi ný reglugjörð um aukatekjur lækna, sem hann teldi víst að hin seinni alþingi fyndu ástæðu til að setja á stofn, ef þar um kæmu uppástungur frá landsbúum eða læknum sjálfum. Hann kvaðst einnig vita af eigin reynslu, hve óþægilegt að það optlega væri að hafa eigi neitt fast að halda sjer til; hann gæti því eigi verið hinum háttvirta 1. konungkjörna þingmanni samdóma um það, að þessa þyrfti ekki með. En það væri eitt, sem vantaði, og það væri ákvörðun um, að læknum bæri engin þóknun fyrir sveitarómaga fremur en öðrum embættismönnum, að undanteknum ferðakostnaðinum.

Sighvatur Árnason sagði, að þó svo kynni að fara, að hann greiddi atkvæði fyrir frumvarpi þessu, þá væri hann ekki nærri ánægður með það. En af því hann játaði, að tími þingsins væri naumur, og mörg merk mál væru enn óafgreidd, og með því þetta mál væri í sjálfu sjer nauðsynjamál, þá væri máske rjettara að setja ekki fyrir sig þessa galla að svo komnu. Það væri vitaskuld, að nauðsyn bæri til að fjölga læknum, enda væri nú stórt stig stigið í því tilliti, og væri óskandi, að sá mikli læknaakur jafnkostbær yrði ekki arfakenndur. En þegar menn nú á hinn bóginn gættu kostnaðar þess, er af læknafjölguninni flyti, þá væri hann eigi smáræði. 7 læknisumdæmi kæmu þannig til að kosta landssjóðinn 10,000 krónur, og áliti hann slíkt eptir efnum hans of langt farið. Viðvíkjandi 4. grein, þar sem dagpeningar læknis væru reiknaðir 4 krónur, þá væri það að vísu eigi há borgun, en aptur væri hins að gæta, að þetta væru embættismenn með föstum launum, sem álíta mætti vel lífvænleg. Þætti sjer eiga við með lækna, sem aðra embættismenn, að farið væri vægilega í að ákveða borgun fyrir slíkar ferðir. Sýslumenn fengju t. a. m. eigi nema 3 kr. og sýslunefndarmenn 2 kr. um daginn. Í þessu væri engin samhljóðun. Gætu menn og átt það víst, ef þessu væri slegið föstu, að aðrir kæmu á eptir og vildu hafa sömu borgun. Hjer væri því eigi nægilega tekið tillit til kringumstæðanna. Þegar nú kæmi að 4. lið 4. greinar, þá þætti sjer sjer í lagi óhafandi þessi 25 aura borgun, ekki sakir upphæðarinnar, heldur þætti sjer óhafandi í lögum eptir kringumstæðum hjer á landi að ákvarða borgun fyrir það, þó einhver þyrfti að tala nokkur orð við lækni um ráð hans við sjúkdómi. Menn hlytu að sjá það, að þar sem væru víðlendar sveitir, væri næsta örðugt að leita læknis, og ef sú yrði nú reyndin á, að slíkt ætti að borga, auk heldur annað, þá mundi þetta, þó lítið væri, fæla menn frá því að leita læknisráða og snúa sjer heldur til skottulækna og homöopatanna, að minnsta kosti ef læknirinn hefði ekki öllu meira álit á sjer en þeir. (Jón Hjaltalín: »Þeir vilja líka hafa sitt«). Svo væri og annað, að undir eins og þetta yrði lögleitt, væri hann hræddur um, að læknum mundi jafnvel þykja þetta lítil borgun, og mundu vilja auka hana, og yrði með þessari ákvörðun gefið tilefni til þess. Enn væri það, að hann gæti eigi fellt sig við þennan taxta; þessi upptalning á borgun fyrir ýms aukaverk, sem væru smáræði, þætti sjer næsta óeðlileg hjer á landi með jafn-erfiðum kringumstæðum. Það mundu máske þykja öfgar, er hann hefði sagt um dagpeningana, en það væri auðveldlega hægt að reikna til 25—50 króna, er kosta þyrfti til að sækja lækni um lengri leið. Gæti slíkt orðið ærinn kostnaður fyrir efnalitla menn og jafnvel að kúgun, sem fældi menn frá að leita læknis; mætti slíkt ekki eiga sjer stað, þar sem um launaða embættismenn væri að tala, og þess utan borga þeim hvert smá-handarvik. Væri því eigi þetta mál komið svo langt sem það komið væri, og áhorfsmál, hvort vinnandi væri til, að það yrði fyrir löngum vafningum, mundi hann hafa viljað gjöra allmargar breytingar við það.

Stefán Eiríksson sagði, að þegar væri búið að ræða töluvert um þetta mál, og hefði hann litlu við það að bæta. Við fyrri umræðu máls þessa hefði hann vikið á 4. grein frumvarpsins, og ætlað, að hún mundi eigi vera sem heppilegust, og hún væri það sannarlega ekki. Það mundi verða allþungbært og rjett ókleyft fyrir fátæklinginn að borga læknunum þessa dagpeninga um lengri leið; þegar líka þar ofan á bættist, að hann yrði að leggja honum hesta, sem mundi kosta hann 3—4 krónur að auk. Líka þætti sjer það vel í lagt, að borga læknunum 4 krónur fyrir að fara snögga ferð fram á skip, er lægi rjett fyrir landi. Þessi grein hafði að sinni skoðun aldrei átt að vera til. Það væri auðvitað, að frumvarpið væri í sjálfu sjer nauðsynlegt, því ótal kvartanir hefðu opt komið frá þjóðinni um læknaleysi hjer á landi, en annað mál væri það, hve ljettbært það yrði fyrir landssjóðinn. Hvernig læknaumdæmunum væri skipt niður, gæti hann vel fellt sig við,

einkum þar sem neðri deildin hefði viljað gefa landshöfðingjanum vald til eptir uppástungu hlutaðeigandi sýslunefndar að gjöra þar á nauðsynlega breytingu, þá gæti sá galli á frumvarpinu allt af lagazt, og þess mundi eflaust þurfa við í sumum greinum. Aptur á móti hefði hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður tekið það fram — og því væri hann alveg samþykkur — hversu hæpið væri að ákveða vissa borgun fyrir ferðir lækna. Menn vissu það, að þegar læknirinn væri sóttur langa leið, þá væru ótal á leiðinni, sem vildu leita hans, og þá væri spursmálið, hvort þeir ættu ekkert að borga heldur að eins hinn, er fyrst hefði sótt hann. Þess vegna yrði hann að taka það upp aptur, að þessi taxti hefði aldrei átt að vera ákveðinn, og hann gæti því ekki gefið atkvæði sitt fyrir 4. gr. Sig furðaði á því, að neðri deildin skyldi eigi hafa heldur komið með reglugjörð um það, að þessir sýslulæknar mættu panta meðul sín beint frá Höfn, í staðinn fyrir að vera bundnir við að kaupa þau með 100–200% uppásetning hjá apótekurum hjer á landi; sjer hefði þótt það liggja eins nærri, og það hefði enda orðið læknunum ábatameira en þessi umrædda taxta-grein. En hvað sem nú þessu liði, mundi hann, eptir því sem á stæði, gefa frumvarpinu atkvæði sitt að undantekinni 4. gr.

Jón Hjaltalín kvaðst nú um hríð hafa heyrt á ræður manna, og hefðu ýmsar meiningar komið fram. Hinn háttvirti 1. konungkjörni þingmaður hefði álitið það óheppilegt, að laun lækna færu eigi vaxandi eptir aldrinum, heldur fengju þeir fullkomin laun sín þegar í stað. Við nákvæmari íhugun mundi þetta eigi reynast svo, og mundi hægt að sanna honum það. Ekkert væri skaðlegra fyrir hinn unga embættismann, en að komast þegar við byrjun embættisstarfa síns í skuldir, en þetta yrði þó opt ofan á, ef launin frá byrjun væru lág, og hefði hann nokkra reynslu fyrir því sjálfur. Og þó nú embættismaðurinn ætti von á einhverri launabót, kæmi hún optlega um seinan; afleiðingar hinna fyrstu skulda væru þá búnar að festa allt of djúpar rætur. Svo væri og aðgætandi, að þetta gæti gengið út yfir föðurlaus börnin, því að ekki væru læknar ódauðlegri en annað fólk, og sízt á þessu landi. Við þetta væri og sá kostur, að því hærri sem launin væru frá byrjun, því hærri yrði «pensíón» ekkjunnar. Hann yrði því að ætla, að neðri deildin ætti sjerlega miklar þakkir skildar einmitt fyrir þessa ákvörðun sína. Þar sem sami þingmaður hefði talað um taxtann, þá gæti hann eigi neitað því, að sjer hefði eigi þótt hann tala sem allra-skilmerkilegast. Taxtinn væri sannarlega lágt settur, og það lægsta sem hann vissi til í öllum heimi, nema máske á Færeyjum; en við nákvæmari yfirvegun ætlaði hann að betra væri þó að hafa þennan taxta, en engan. Hann vildi taka til dæmis, þegar læknirinn væri á ferð, þá væru það margir, er leituðu hans, og væri það þá eigi órýmilegt, að læknirinn fengi ekkert fyrir ómak sitt og tímatöf, sem optlega gæti verið mikil? Þingmanni Skaptfellinga hefði óað við, að borga skyldi lækninum 4 krónur í dagpeninga. En hann vildi þá spyrja hann, hvort honum þætti of mikið að fá sínar 6 krónur og ferðakostnað dag hvern. Svo hefði honum þótt ófært, að leggja lækninum hest að auk. Hann kvaðst þó eigi skilja annað, en flestir mundu eiga einhverja dróg, og ef þeir ættu enga, gætu þeir eflaust lánað hana hjá einhverjum góðum manni. Það væri undarlegt að vilja dyngja því upp á læknana, enda væri margur annar kostnaður, er legðist á lækninn í þessum erfiðu ferðalögum hjer á landi, og gætu þeir jafnvel eytt 4 króna ígildi á einum degi, þó ekki væri til tekið nema einbert fataslitið. Það mundi því vera alveg óhætt að lofa þessum 4 krónum að standa. Þessar og aðrar eins ástæður væru því næsta ljettvægar, nema til að lengja þingtímann, til þess væru þær góðar. Hann yrði að leiða athygli þessara heiðruðu þingdeildarmanna að því, að launin og aðrar inntektir lækna gætu orðið svo lág, að menn hættu að sækja um embættin, það væri mörg dæmi til þess, og þá væri eigi betra að fara að bjóða þau; ekki yrði það ódýrara. Eitt dæmið hefðum

vjer á Íslandi sjálfu, það væri prestaeklan. Af hverju mundi hún sprottin, nema af því, að mönnum hefði eigi verið gjört sem aðgengilegast að verða prestar. Að öðru leyti væri víst um það, eins og hann þegar hefði tekið fram, að það væri stór framför að fá 20 lækna, þó það í rauninni væri ónógt, en menn gætu heldur eigi ætlazt til, að á því yrði ráðin bót til fullnustu allt í einu. Neðri deildin ætti því lof skilið fyrir aðgjörðir sínar í þessu máli, og væri víst ekki vert fyrir þessa deild að fara að gjöra breytingar hjer á að sinni; líka hefðu menn nú heyrt fyrir skemmstu, hve langt væri eptir af þingtímanum, og þingmenn vissu líka, hver mál væru enn eptir óafgreidd.

Bergur Thorberg: Þar sem því hefði verið hreift, að hve miklu leyti þessi nýja ákvörðun um laun lækna mundi geta haft áhrif til hins verra á kjör þeirra lækna, er nú væru í embættum, þá yrði hann fyrir sitt leyti að ætla, að hún mundi engin áhrif hafa á þau í þá átt, eins og líka tilvitnunin til hinna almennu launalaga bæri vott um, þar væri sjálfsagt gjört ráð fyrir, að þessir læknar hjeldu þeim launum, er þeir hefðu og sem þeim hefði verið heitið, sem persónulegri viðbót, að því leyti þau væru hærri en hin nýju laun. Hitt væri líka mjög ósanngjarnt, ef ekki væri svo. Að því, er snerti frumvarp þetta í heild sinni, þá geðjaðist sjer það þolanlega vel, og mundi varla vert að fara að gjöra við það breytingar, og það meðfram af þeirri ástæðu, að slíkt kynni að spilla fyrir málinu í heild sinni, sem allir játuðu að væri nauðsynjamál. Hann gæti aptur á móti eigi neitað því, að sjer þætti launin hjer nokkuð lágt sett, svo og taxtinn. Í sambandi við þetta vildi hann geta þess, að ákvörðun sú um aukatekjur lækna, er hjer væri sett, mundi að vísu að mestu leyti byggð á sama konar reglum fyrir Færeyjar í lögum 8. jan. 1872, en þó í sumum greinum nokkuð lægri. En hvað sem nú þessu liði, mundi hann þó eptir ástæðum fallast á þessa grein; því að betra væri að hafa þennan taxta en engan; yrði það þægilegra bæði fyrir lækninn, og þá, er gjalda ættu, að hafa að einhverju vísu að ganga. Það væri sjálfsagt opt óþægilegt, að það kostaði nokkuð að afla sjer lífsins gæða; en slíkt væri nú einu sinni lögmál, er gengi yfir allan heim, og yrði eigi raskað; menn yrðu því að finna sig í því, þó þeir þyrftu að borga fyrir læknis-hjálpina. Aptur væri það skylda borgaralegra laga að reisa skorður við því, að borgunin væri sett of há.

Ásgeir Einarsson sagði, að sjer virtust ræður sumra þingdeildarmanna lýsa því, að þeir ætluðu sig sitja á ráðgjafarþingi, en ekki löggefandi þingi; það væri eins og þeir væru stöðugt að leitast við að gefa stjórninni bendingar um, hvernig hún ætti að laga þetta, sem þeim eigi líkaði. Hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður hefði sýnt fram á, að þessi ákvörðun um laun nýju læknanna, nl. að þau væru heldur há í byrjuninni, mundi eigi vera svo háskaleg, sem sumir þingmenn hefðu látið á sjer skilja, og væri hann honum alveg samdóma í því. Menn gætu máske fært það til, að ef það væri óspilunarmenn, er tækju við embættinu, mundu þeir sólunda laununum í einu vetfangi. En hvað væri þá betra að vera að bæta við þá? Máske til þess þeir gætu sem lengst hangið í óreglunni? En aptur á móti, ef maðurinn væri ráðdeildarmaður, mundi hann með forsjá sinni neyta þeirra efna, er í höndum væru, til þess að búa í haginn fyrir sig. (Nokkrir áheyrendur: Bravo! bravo!) Það ætti kannske að ganga til, eins og þegar væri verið að veita gömlu prestunum hvert brauðið öðru betra til að níða það niður, án þess að taka nokkurt tillit til þess, hvort maðurinn væri dugnaðarmaður, eða úttaugað fyllisvín. Þessi brauðaveiting eptir aldri líktist að sínu áliti nokkuð því, að verið væri að telja líðina á hornunum á útlifaðri gamalá. Sumum hefði þótt taxtinn orið hár fyrir aukaverk lækna. En sjer þætti það undarlegt skap, þegar um heilsu manna væri að ræða, þegar kona manns væri í barnsnauð eða því um líkt, að vera þá að meta lífið sem nákvæmast eptir koparauratali. Sjer virtist það bein vanvirða fyrir

þingið að láta það lesast út um land í alþingistíðindunum, að menn hefðu verið að þrátta hjer um slíka smámuni, eins og þetta væri. Það hefði að vísu komið fram breytingaruppástunga, er hefði snert kjördæmi sitt, og þó hann hefði máske viljað fara einhverjum orðum um hana, þá vildi hann eigi tefja fyrir málinu með því að sinni, einkum þar eð landshöfðingjanum væri gefið vald til að gjöra breytingu á umdæmunum seinna eptir uppástungum sýslunefndanna.

Stefán Eiríksson tók það fram, að hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður gáði eigi að því, að með því að slá þessum taxta föstum, þá gæti þetta orðið til mesta skaða fyrir lækninn, því það mundi eflaust margur ríkismaður og embættismaður borga lækninum miklu hærri aukaverk, en hjer væri tiltekið, en þegar þetta er ákveðið í lögunum, mundu þessir menn nota sjer það. Það lægi því í augum uppi, hversu slíkar reglur væru varúðarverðar. Þar sem sami þingmaður hefði stungið því að sjer, að hann mundi sjálfur þyggja sínar 6 krónur í dagpeninga á þingi, tæki hann sjer það ekki mjög nærri. Þingmaðurinn mundi vera með sama marki brenndur í því tilliti, enda þó hann stæði betur að vígi með sínar 6 krónur, þar sem hann gæti gengt öllum sínum störfum án þess að fella þau niður, og því gæti hann að miklu leyti stungið krónunum í vasa sinn, þar sem aðrir út um landið yrðu að gefa þær að miklu leyti út daglega.

Fyrst fleiri tóku eigi til máls, bar forseti frumvarpið upp til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. Breytingaruppástunga frá 4. konungkjörna þingmanni. Tekin aptur af honum sjálfum.
2. 1. gr. frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.
3. 2. gr. samþykkt í einu hljóði.
4. 3. gr. samþykkt með 10 atkv.
5. 4. gr. samþykkt með 9 atkv.
6. 5. gr. samþykkt með 8 atkv.
7. Að frumvarpið í heild sinni, þannig óbreytt, skyldi ganga til 3. umræðu, samþykkt í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 30. fundi efri þingdeildarinnar 6. dag ágústmán. kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu málið um frumvarp til laga um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi, og fleira.

Sighvatur Árnason sagðist einungis ætla að geta þess, út af því sem hann hefði hreift mótbárum gegn þessu frumvarpi við aðra umræðu þessa máls, að hann hefði fallið frá að koma með breytingaratkvæði af þeirri ástæðu, að hann hefði eigi viljað vera orsök í því, að málið veðdist fyrir á svo stuttum tíma til þingloka, en þó einkum af því, að hann hefði sjeð fram á það, að deildin mundi ekki ganga inn á breytingar sínar.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og var því gengið til atkvæða í málinu. Fjell atkvæðagreiðsla svo, að frumvarpið var óbreytt samþykkt í einu hljóði.

Lýsti forseti þá því yfir, að það yrði sent landshöfðingjanum sem lög, og var það nú svo látandi:

LÖG
um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi, og fleira.

1. gr.

Á Íslandi skulu vera 20 læknahjeruð þau, er nú skal greina:

1. Reykjavíkursókn, Kjósarsýsla og Garðaprestakall í Gullbringusýslu.
2. Hinn annar hluti Gullbringusýslu.
3. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla.
4. Snæfellsness-, Hnappadals- og Dalasýsla og Flateyjarsókn í Barðastrandarsýslu.
5. Barðastrandarsýsla, að undanskilinni Flateyjarsókn, Garpsdals- og Staðar-prestaköllum.
6. Ísafjarðarsýsla.
7. Strandasýsla og Garpsdals- og Staðarprestaköll í Barðastrandarsýslu.
8. Húnavatnssýsla fyrir vestan Blöndu.
9. Húnavatnssýsla fyrir austan Blöndu og Skagafjarðarsýsla, að fráskildum Fells-, Barðs og Knappstaða-prestaköllum.

10. Þau 3 prestaköll í Skagafjarðarsýslu, er nú voru nefnd, og Hvanneyrar-, Kvíabekkjar- og Miðgarða-prestaköll í Eyjafjarðarsýslu.
11. Hinn annar hluti Eyjafjarðarsýslu og Svalbarðssókn, Laufás-, Höfða- og Hálsprestaköll í Þingeyjarsýslu.
12. Hinn annar hluti Þingeyjarsýslu, að undanskildum Svalbarðs- og Sauðaness-prestaköllum.
13. Þau 2 prestaköll í Þingeyjarsýslu, sem nú voru talin, og Skeggjastaða- og Hofsprestaköll í Norður-Múlasýslu.
14. Öll önnur prestaköll í Norður-Múlasýslu og Vallaness- og Hallormsstaðar-prestaköll í Suður-Múlasýslu.
15. Hinn annar hluti Suður-Múlasýslu suður að Berufirði.
16. Hofs-prestakall í Suður-Múlasýslu og öll Austur-Skaptafellssýsla.
17. Vestur-Skaptafellssýsla.
18. Rangárvallasýsla.
19. Árnessýsla.
20. Vestmannaeyjar.

Landshöfðinginn getur gjört breytingar á takmörkunum milli hinna einstöku hjeraða, þegar hlutaðeigandi sýslunefndir hafa komið sjer saman um það.

2. gr.

Í sjerhvert læknaumdæmi skal skipa hjeraðslækni, sem er skyldur til að setjast að á þeim stað í hjeraðinu, sem landshöfðingi ákveður, eptir að búið er að leita álits hlutaðeigandi sýslunefndar um það.

Þeir hjeraðslæknar, sem nú skal telja, skulu vera búsettir á þeim stöðum, sem getið er við hvern þeirra út af fyrir sig:

1. hjeraðslæknirinn í 1. læknishjeraði: í Reykjavík;
2. hjeraðslæknirinn í 4. læknishjeraði: í Stykkishólmi;
3. hjeraðslæknirinn í 6. læknishjeraði: í Ísafjarðarkaupstað;
4. hjeraðslæknirinn í 11. læknishjeraði: í Akureyrarkaupstað;
5. hjeraðslæknirinn í 15. læknishjeraði: á Eskifirði.

Þessir læknar, svo og læknirinn á Vestmannaeyjum, eru skyldir til, þegar komið verður upp á þessum stöðum sjúkrahúsum, þar sem tekið er við mönnum, sem veikir eru af kóleru eða þess konar sóttum, að takast á hendur umsjónina með húsum þessum án sjerstakrar þóknunar.

3. gr.

Sjerhverjum af hjeraðslæknum þeim, sem nefndir eru í 2. gr. 1—5, skal veita í árleg laun 1900 kr., en hverjum hinna 1500 kr. Launin skulu greidd úr landssjóði.

Að svo miklu leyti hjeraðslæknar þeir, sem nú eru skipaðir í föst embætti, hafa meira í laun (að með töldum húsaleigustyrk og embættisjörð), en þeim bæri samkvæmt lögum þessum, skal fara eptir því, sem fyrir er mælt í hinum almennu launalögum

1., gr., þannig, að meðalupphæðin fyrir 5 síðustu árin verði lögð til grundvallar, þegar reikna skal út tekjurnar af embættisjörðinni.

Þegar læknisembætti losnar, skal embættisjörðin lögð til landssjóðsins.

Þangað til smásaman er búið að skipa hjeraðslækna í hin nýju embætti, skal læknahjeraðaskipting sú, sem nú er, haldast, að því leyti er snertir þau embætti.

4. gr.

Fyrir ferðalög og störf lækna í þarfir hins opinbera ber þeim endurgjald eptir reglum þeim, er gilt hafa hingað til.

Þegar læknis er vitjað, og hann þarf að takast ferð á hendur til einhvers sjúklings, ber að borga honum 4 krónur í fæðispeninga fyrir hvern heilan dag, sem hann er að heiman, og að því skapi fyrir part úr degi. Sömuleiðis skal sá, er hans vitjar, annaðhvort leggja honum til reiðhest, ef landveg skal farið, eða bát og menn, ef á sjó þarf að fara; en leggi læknirinn sjer sjálfur til hest eða ferju, skal endurgjalda honum það, eptir því sem tíðkast í hverju byggðarlagi.

Búi læknirinn í kaupstað eða hverfi, sem eigi nær lengra en 0,1 úr *mílu* frá heimili hans, ber honum fyrir hverja vitjun sjúkra þar á staðnum 35 aurar, nema öðruvísi hafi

verið um samið, t. d. viss þóknun á ári. Fyrir ferð læknis fram á hafskip, sem liggur á höfn, skal greiða 4 krónur.

Hver, sem leitar ráða til læknis heima hjá honum, án þess að sækja hann, skal greiða honum 25 aura.

Fyrir að skera í fingurmein og minni ígerðir, binda um á eptir og gefa varúðarreglur, ber að greiða lækni 75 aura; sje sjúklingurinn undir umsjón læknisins, verður borgunin að fara eptir því, sem þeim um semur.

Fyrir ýms önnur verk lækna skal borga eins og hjer segir:

Fyrir að kippa í lið	2 krónur.
— — binda um beinbrot . .	3 —
— — stinga á manni . . .	2 —
— — að ná þvagi af manni .	1 —
— — taka af fingur eða tá .	2 —
— — taka af stærri lim . .	4·8 —
— — ná barni með töngum .	4 —
— — hjálpa sængurkonu með eintómum höndum . .	2-4 —
— — draga út tönn . . .	0,60—

Fyrir önnur verk lækna skal borga eptir tiltölu meira eða minna, eptir því sem verkið er meira eða minna.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarmán. 1876.

IV.

FRUMVARP til laga um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur.

Um útflutningastjóra.

1. grein.

Enginn má koma fram sem útflutningastjóri, nema hann hafi fengið sjerstaklegt leyfi til þess. Sjerhver sá verður álitinn útflutningastjóri, sem á sjálfs síns eða annara kostnað tekst á hendur að annast um flutning útfara í aðrar heimsálfur. Engir aðrir en þeir, sem eru löggildir útflutningastjórar og umboðsmenn þeirra, mega gjöra samninga við útfara um slíkan flutning eða bjóða fram milligöngu sína, til þess að gjöra slíka samninga. Samt skulu þessi lög eigi eiga við flutninga beina leið frá höfnum á Íslandi, ef útfarar þeir, sem vilja fara þaðan með einhverju skipi, eru allir frá sama heimili og þar hjá eigi fleiri en 10.

2. grein.

Leyfi það, sem með þarf samkvæmt 1. gr., verður að eins veitt mönnum, sem hafa óflekkað mannorð, og eru orðnir fulltíða, og sem eru búsettir á Íslandi, og hafa haft þar fast heimili í 5 ár. Samt getur landshöfðingi veitt undanþágur frá því, sem ákveðið er um þá tímalengd, er þeir skuli hafa verið heimilisfastir á Íslandi. Sje leyfið vanbrúkað, einkanlega til þess að tæla menn til útflutninga með ósönnum fortölum, getur yfirvald það, sem hefur veitt leyfið, tekið það aptur, hvenær sem vera skal.

Umboð til þess að koma fram fyrir hönd útflutningastjóra verður eigi veitt neinum, sem ekki fullnægir skilyrðum þeim, sem eptir því, sem sagt er að framan, útheimtast að því leyti, er snertir útflutningastjórann sjálfan. Útflutningastjórinn hefur að öllu leyti ábyrgð á afbrotum umboðsmannsins gegn lögum þessum.

Um flutninga beina leið.

3. grein.

Landshöfðinginn einn getur veitt leyfi til þess að flytja útfara frá Íslandi beina leið í aðrar heimsálfur. Beiðninni um slíkt leyfi skal fylgja nákvæm skýrsla um nafn skipsins, sem á að hafa til flutningsins, tegund þess, stærð og fyrirkomulag, og um það, hvað marga útfara megi taka á skipið. Áður en leyfið er veitt, getur landshöfðingi sett þau skilyrði og heimtað það veð, sem hann álítur nauðsynlegt til tryggingar útförunum.

Landshöfðinginn skýrir lögreglustjóranum á þeim stað, er honum er sagt, að skipið eigi að leggja frá, frá leyfinu og þeim skilyrðum, sem það er bundið. Án skriflegs samþykkis lögreglustjórans má eigi afgreiða skipið til útsiglingar. Áður en leyfið er veitt, skal lögreglustjóri ganga úr skugga um, að skilyrðunum sje nákvæmlega fullnægt, og að

þeir útfarar, vem tekið er við á skipið, hafi löggilda samninga.

Um flutninga, sem eigi ganga beina leið.

4. grein.

Leyfi til þess að takast á hendur flutning útfara yfir hafnir í Norðurálfunni veitir lögreglustjórinn á þeim stað, þar sem sá er búsettur, er sækir um leyfið.

Sá, sem sækist eptir slíku leyfi, skal segja til, hvort hann ætli að reka erindi fyrir sjálfan sig eða í umboði annara; sje svo, skal hann sýna fram umboðsskrá sína frá útflutningafjelagi því eða skips-útgjörðarmönnum, sem hann kemur fram fyrir, og fá lögreglustjóra í hendur eitt exemplar af fjelagslögunum eða þeim reglum, er almenningi hefur verið skýrt frá að þeir ætli að fylgja.

5. grein.

Áður en leyfið er veitt, verður sá, sem í hlut á, að setja veð eptir nákvæmari ákvörðun lögreglustjóra, sem sje að minnsta kosti 6,000 kr. og allt að því 20,000 kr., annaðhvort á þá leið, að annar maður, sem þykir áreiðanlegur, ábyrgist eins og hann sjálfur ætti í hlut, eða með því að láta af hendi skuldabrjef sem geymslufje. Þegar tiltaka skal upphæðina, skal sjerstaklega tekið tillit til þess, hvort erindsrekinn ætli að fá leyfi til að flytja útfara lengra áleiðis en til þess staðar, þar sem lenda á skipinu í annari heimsálfu, og ef svo er, má eigi til taka minni upphæð en 14,000 kr. Veðið er til tryggingar fyrir öllum þeim skyldum, sem erindsrekinn bakar sjer gagnvart útförunum, eða ef brotið er gegn því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, og hvernig sem á stendur, verður veðið eigi heimtað aptur, fyr en eitt ár er liðið frá því, að erindsrekinn hætti við þessi störf.

Í hvert skipti sem lögreglustjóri veitir slíkt leyfi, skal hann skýra landshöfðingja frá því, og frá hvernig veði því, sem sett er, er varið, og svo upphæð þess, og má leggja undir úrskurð hans allar þær spurningar, sem snerta veiting á leyfi því, sem verið er að ræða um.

Bæði landshöfðingi og lögreglustjórinn geta, hvenær sem vera skal, krafizt þess, að veð það, sem sett er, verði fært upp í hina hæstu upphæð, sem getið var að framan.

6. grein.

Ætli útflutningastjóri að hafa um hönd störf þessi annarstaðar en þar, sem hann er búsettur, skal skýra þeim lögreglustjóra frá því, sem hefur veitt leyfið, og skal þar að auki sýna það lögreglustjórunum á þeim stöðum, þar sem áformað er að nota það.

Umboð handa öðrum til þess að koma fram fyrir hönd erindsrekans, skal vera skriflegt, og eptir að lögreglustjórinn, sem veitt hefur erindsrekanum leyfið, hefur ritað vottorð sitt á umboðsskrána, skal hún sýnd lögreglustjórunum á sjerhverjum þeim stað, þar sem hana á að nota.

7. grein.

Öll skip, að hinu konunglega póstgufuskipi einu undanteknu, er fluttir eru á útfarar frá höfnum í Íslandi til hafna í Norðurálfunni, skulu vera undirgefin umsjón lögreglustjórnarinnar, og má eigi taka útfara á skip, fyr en lögreglustjórinn á þeim stað, er skipið leggur út frá, hefir gefið skriflegt leyfi til þess.

Áður en leyfi þetta verður veitt, skal lögreglustjóri ganga úr skugga um, að skipið sje hentugt til þess augnamiðs, sem til er ætlazt, sumpart með því að láta menn, sem vit hafa á, undir sinni tilsögn halda skoðunargjörð, sumpart með því að rannsaka skoðunarskírteini þau, sem gefin eru út á þeim stað, þar sem skipið á heima, en skírteini þessi gilda þó eigi lengur en eitt ár frá því, að þau eru gefin út.

Í leyfinu skal nákvæmar til tekið, hvað marga útfara megi taka á skipið, og má setja þar þær nákvæmari reglur, sem nauðsyn þykir á að segja fyrir um að því leyti, er snertir tilhlýðilega meðferð á útförunum.

Landshöfðinginn ákveður borgun þá, sem skoðunarmönnunum ber, og greiðist hún af skipinu eins og hver annar kostnaður, sem hlýzt af rannsókninni á því.

Útflutningastjóri sá, er í hlut á, tekur þátt í ábyrgðinni á því, að enginn útfari, sem hann hefur tekið að sjer að flytja, verði

látinn ganga á nokkurt skip, sem ákvörðun sú, sem hjer er sett, á við, fyr en leyfi það, sem með þarf handa skipinu, er útvegað.

8. grein.

Útfarar, sem fluttir eru á skipum, sem samkvæmt næstu grein á undan eru undirgefin tilsjón, skulu áður en þeir ganga á skip í höfn á Íslandi, rannsakaðir af lækni, sem lögreglustjórnin fær til þess; skal hann ganga úr skugga um, að þeir eigi sjeu veikir af neinni næmri sótt, sem getur orðið að faraldri, eða svo sjúkir eða heilsutæpir, að álíta megi, að þeir eigi geti þolað ferðina. Útflutningastjórinn skal hafa ábyrgð á því, að útfarar þeir, sem hann hefur tekið að sjer til flutnings, gefi sig fram til læknis rannsóknar, og skal hann borga þóknun fyrir rannsóknina eptir því, sem landshöfðingi ákveður nákvæmar, og greiða allan annan kostnað, sem flýtur af því, í hendur hlutaðeigandi lögreglustjóra.

Almennar ákvarðanir.

9. grein.

Útflutningastjórinn skal gjöra skriflegan samning við sjerhvern útfara. Skal í samningi þessum skýrt frá því, frá hverjum stað og til hvers staðar útfarinn skuli fluttur, og svo frá kaupi því, sem greitt er eða greiða skal fyrir flutninginn; en auk þessa skal samningurinn hafa inni að halda nákvæma og ítarlega skýrslu:

1) um tölu þeirra manna, sem fluttir skulu samkvæmt samningi þessum, fullt nafn þeirra, aldur, heimili þeirra hingað til, svo og stjett þeirra;
2) um leiðina, fargögn, og nær útfarinn eigi að leggja af stað á leið til þeirrar hafnar, þaðan sem ferðin hefst til annarar heimsálfu, um hvort hann verði fluttur ofanskips eða undir þiljum, og um það, hvernig sjeð verði um, að útfaranum verði komið fyrir og um viðurværi hans á sjálfri ferðinni, á þeim stöðum, er koma skal við á á leiðinni, og þeim stað, er leggja skal út frá;
3) um skipsútgjörðarmenn þá eða fjelag það, sem tekur að sjer flutninginn frá Norðurálfunni, og að svo miklu leyti, sem unnt er, um nafn á skipi því, sem skal haft til flutningsins, en að minnsta kosti hvort það sje seglskip eða gufuskip, hvar í skipinu útfaranum skuli komið fyrir, og um hve nær leggja eigi af stað frá Norðurálfunni:
4) um það, hvort sá, sem tekur að sjer flutninginn, einnig takist á hendur að veita útfaranum fæði á leiðinni, og ef svo er, að hve miklu leyti; skal ávallt áskilið, að fæðið sje látið til tilbúið;
5) um það, hvort greiða skuli sjerstaka borgun fyrir flutning á munum útfarans bæði til þess staðar, er leggja skal út frá, og þaðan til hinnar heimsálfunnar, og
6) um það, hvernig sjeð sje um flutning útfarans lengra áleiðis, ef til þess skyldi koma, að skipinu hlekkist á, og komist ekki alla leiðina.

Verði útfari fluttur beina leið frá Íslandi til Englands, til þess hann verði fluttur þaðan lengra áleiðis, og verði eigi landsettur í þeirri höfn á Englandi, er hann að síðustu skal fara frá, skal í samningnum gjört þeim, sem flytur útfarann, að skyldu, að flytja hann lengra áleiðis til þeirrar hafnar, þar sem hann á að ganga á skip, áður en dægur sje liðið frá því, að tollrannsókn á útfaranum er lokið á þeim stað, þar sem hann var settur á land, eða að minnsta kosti með hinni fyrstu venjulegu járnbrautarferð, sem fellur til þaðan, eptir að tollrannsóknin er á enda.

Sje svo ákveðið í samningnum, að útfarar skuli vinna af sjer flutningskaup það, sem samið er um, allt eða að nokkru leyti, þegar þeir eru komnir í aðra heimsálfu, er samningurinn ógildur, og sjerhver samningur, sem gjörður er um þetta við útfarann á annan hátt, skal eigi vera skuldbindandi fyrir hann, og bakar útflutningastjóranum hina mestu sekt, sem til tekin er í 11. grein.

Erindsrekinn skal fá hlutaðeiganda lögreglustjóra í hendur samninginn, sem skal vera ritaður á íslenzku og út lagður á ensku, ásamt með endurriti af honum. Eptir að

lögreglustjórinn er genginn úr skugga um, að samningurinn fullnægi þeim ákvörðunum, sem þessi grein hefur inni að halda, sendir hann útfaranum frumritið, eptir að hann hefur ritað á það vottorð sitt.

Ákvörðununum í þessari grein má breyta, og setja ítarlegri reglur um innihald samninga þeirra, sem gjörðir eru milli útfara og erindsreka, með konunglegri tilskipun.

10. grein.

Hafi útfari nokkra kæru að fram bera yfir því, að samningurinn hafi verið rofinn, skal það tafarlaust tilkynnt hinum næsta danska verzlunarfulltrúa erlendis. Verði eigi sætzt á málið fyrir milligöngu verzlunarfulltrúans, skal hann, eptir að hafa leitað nákvæmra upplýsinga, senda skýrslu um það, og skal landshöfðinginn yfir Íslandi þar eptir gjöra út um málið, þannig að útflutningastjóri er bundinn við þann úrskurð innan takmarka veðs þess, sem sett er, og svo framarlega sem ákveðið er í úrskurðinum, að erindsrekinn skuli greiða skaðabætur, sjer landshöfðingi um, að þær einnig verði goldnar af veðinu, að svo miklu, sem það hrökkur til.

11. grein.

Mál út af afbrotum gegn því, sem mælt er fyrir um að framan, skal farið með sem opinber lögreglumál, og ef harðari hegning eigi liggur við samkvæmt almennum lögum, varðar það 20—2000 kr. sektum, samt má hækka hegninguna fyr afbrot gegn 1. grein þannig, að beitt verði einföldu fangelsi í 2 mánuði eða öðru fangelsi í samsvarandi tíma. Sektirnar renna í landssjóð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eptir skýrslum ýmsum, sem stjórnarráðinu eru komnar til handa, virðist það að vera orðið æði almennt á seinni árum, að menn flytji sig af Íslandi í aðrar heimsálfur, hefur því stjórnarráðinu fundizt ástæða til, eins og gjört hefur verið í nálega öllum löndum í norðurhluta Norðurálfunnar, að setja lög um tilsjón með útflutningum þeirra manna, sem þannig fara af landi, til þess, svo sem unnt er, að koma í veg fyrir svik þau og pretti, sem er hætt við að þeir verði fyrir. Samkvæmt þessu hefur stjórnarráðið látið semja frumvarp það, sem prentað er að framan, til þess að það verði lagt fyrir alþingi, og er það sniðið eptir lögum þeim, sem um þetta málefni gilda í Danmörku, 1. maí 1868 og 25. marz 1872. Jafnframt og þess skal getið, að lagaboðinu er skipt í kafla til þess að gjöra yfirlitið yfir efni þess greinilegra, skal að öðru leyti um hinar einstöku greinir þess gjöra eptirfylgjandi athugasemdir:

Um 1. og 2. gr.

Þar sem greinir þessar að öðru leyti eru samhljóða hinum samsvarandi ákvörðunum í lögum 1. maí 1868 og lögum 25. marz 1872, 3. gr., er samkvæmt uppástungu landshöfðingja sú breyting gjörð á niðurlagi 1. greinar í lögunum frá 1868, þar sem sagt er, að lögin ekki skuli eiga við flutninga beina leið, þegar farþegar eigi eru fleiri en 25, að einungis sá flutningur beina leið, þá er útfarar eigi eru fleiri en 10, og þar hjá allir frá sama heimili, er undan tekinn, en að öðrum kosti þykir eigi næg ástæða til, að leysa milligöngumann þann, sem útfararnir hafa haft, undan þeirri tilsjón, sem lagafrumvarpið fer fram á. Svo er og hjer stungið upp á, að valdið til þess að veita undanþágur frá þeirri reglu, að enginn megi koma fram sem útflutningastjóri, nema hann hafi verið heimilisfastur í landinu í 5 ár, — en það vald hefur hlutaðeigandi ráðgjafi samkvæmt 2. gr. í lögunum frá 1868 — skuli falið á hendur landshöfðingja, með því venjulega er komið undir kunnugleik á mönnum, og hvernig að öðru leyti tilhagar þar á staðnum, hvort undanþágan getur orðið leyfð.

Um 3. gr.

Í þessari grein, sem að öðru leyti er samhljóða 3. gr., í lögum 1. maí 1868, er það falið á hendur landshöfðingja, að veita leyfi til þess að flytja útfara beina leið, og skal hann um það, þegar að því kemur, setja nánari reglur samsvarandi dönsku reglugjörðinni 28 marz 1870.

Um 4. og 5. gr.

Þessar ákvarðanir eru í verulegum atriðum samsvarandi 4., 5. og 6. gr. í lögunum frá 1868. Í 5. gr. er samt stungið upp á því, að sá tími, er veð það, sem sett er, skuli standa, áður en því verður skilað aptur, skuli vera 1 ár frá því að erindsrekinn er hættur við störfin, sökum þess að Ísland er svo afskekkt og fremur lítið um póstferðir milli þess og annara landa, en það gæti hæglega viljað til einkanlega um vetrartíma, að skaðabótakröfum þeim, sem útfarar kynnu að hafa gagnvart erindsrekanum, eigi yrði komið fram innan þess missiristíma, sem ákveðinn er í hinum dönsku lögum. Enn fremur hefur þótt við eiga að leggja lögreglustjóra fyrir, að skýra landshöfðingja frá, í hvert skipti sem hann veitir leyfi það, sem hjer er rætt um, og frá ásigkomulagi og upphæð veðsins, til þess landshöfðingi geti haft tilsjón með því, hvernig lögreglustjórarnir beiti valdi því, sem þeim er veitt í þessu tilliti, og hefur það einnig þótt rjettast, að hið æðsta stjórnarvald í landinu sjálfu skeri úr öllum spurningum, er snerta veitingu á tjeðu leyfi.

Um 6. gr.

Þessi grein er í öllu verulegu samhljóða 7. gr. í lögunum 1868, en samt er ákvörðunin í niðurlaginu um ábyrgð útflutningastjóra að því leyti er snertir umboðsmann hans, eigi tekin í þessa grein, en aptur á móti í 2. gr.

Um 7. gr.

Það mun þykja eðlilegt, að hið konunglega póstgufuskip sje undantekið frá því, sem fyrir er mælt í þessari grein, sem að öðru leyti er samsvarandi því, sem ákveðið er í 1. gr. í lögunum 25. marz 1872 um tilsjón lögreglustjórnarinnar með því, að þau skip, sem flytja skal á útfara frá Íslandi til hafna í Norðurálfunni, sjeu hæfileg til þess flutnings, þar sem eigi verður gjört ráð fyrir því, að póstgufuskipið, á meðan það er í förum á kostnað þess opinbera og undir umsjón þess, taki fleiri farþega, — hvort sem þeir ætla að flytja sig í aðrar heimsálfur eða ekki —, en það geti flutt svo eigi verði neitt að fundið. Aptur á móti er álitið, að öll önnur skip, sem höfð eru til þess að flytja menn, sem ætla að flytja sig í aðrar heimsálfur, eigi að vera undirgefin þessari tilsjón, en með því naumast má við því búast á Íslandi, að hún verði tryggjandi í alla staði, sjer í lagi að því leyti er snertir gufuskip, er stungið upp á því, að jafnframt skuli rannsaka skoðunarskírteini þau, sem gefin eru út á þeim stað, þar sem skipið á heima, og er það þar að auki í ráði, að segja lögreglustjórum fyrir með umboðslegri skipun um það, sem mest ríður á að tekið verði til greina við rannsókn á útflutningsskipi. Að landshöfðingi ákveði endurgjald það, sem skoðunarmönnum ber, er í samhljóðun við það, sem að öðru leyti í frumvarpi þessu er falið hinu æðsta stjórnarvaldi í landinu að gjöra út um.

Um 8. gr.

Sökum þess að útförunum er svo mikil hætta og vandræði búin, ef næmar sóttir koma upp á leiðinni, er í samhljóðun við ákvarðanirnar í lögum 25. marz 1872 2. gr. álitið nauðsynlegt, að læknisrannsókn framfari á útförum. Með því gjöra má ráð fyrir því, að útfarar leggi venjulega af stað frá einhverri af þeim 6 höfnum, sem útlend skip samkvæmt lögum um siglingar og verzlun á Íslandi, 15. apríl 1854 5. gr. eiga að koma við á, og þar sem læknar eru, er læknisrannsókn þessi almennt eigi neinum örðugleikum bundin. En ef skipið á að leggja frá annari höfn, getur það að vísu viljað til, að læknisrannsóknin hafi í för með sjer nokkuð meiri kostnað, og ef til vill dvelji fyrir útförunum, en þetta verður eigi tekið til greina þar sem á hinn bóginn er um svo mikil vandræði að ræða fyrir útfarana, sem getið var að framan. Það er haldið, að fela megi landshöfðingja á hendur, að ákveða þóknunina fyrir læknisrannsóknina.

Um 9. til 11. gr.

Þar sem greinir þessar að öðru leyti eru samsvarandi 8.—10. gr. í lögum 1. maí 1868, smbr. 4. gr. í lögum 25. marz 1872, hefur það þótt bezt til fallið, að kærur, sem fram koma af hendi útfara yfir því, að samn-

ingurinn sje ekki haldinn, verði, ef sætt eigi kemst á fyrir milligöngu hlutaðeiganda verzlunarfulltrúa, lagðar undir úrskurð landshöfðingja, þannig að úrskurðurinn sje skuldbindandi fyrir erindsrekann innan takmarka þess veðs, sem sett er, og að landshöfðinginn sjái um, að skaðabætur þær, sem kynnu að lenda á erindsrekanum, verði goldnar að svo miklu leyti, sem veðið hrökkur til; þar að auki er upphæð sektanna í 11. gr., samkvæmt grundvallarreglu þeirri, sem fylgt er í hinum almennu hegningarlögum 25. júní 1869 31. gr., þar sem ákveðið er um sektir færð niður um helming við þær sektir, sem ákveðnar eru í lögum 1. maí 1868 10. gr., smbr. lögin frá 1872 4. gr.

Um leið og landshöfðingi lagði frumvarp þetta fyrir neðri deild þingsins, gat hann þess, að hingað til hefði vantað allar ákvarðanir um þetta efni; en slíkar ákvarðanir þættu í öðrum löndum alveg nauðsynlegar, þegar útflutningar væru byrjaðir. Lög þessi hefðu eigi þann tilgang, sagði hann, að banna mönnum brautferðir af landinu, því að þau ættu hjer sem annarstaðar að vernda frelsi manna, en það væri skylda löggjafans, að vernda menn fyrir svikum og prettum, sem menn jafnan gætu átt á hættu að verða fyrir. Þess vegna væri tilgangur lagafrumvarpsins, að ákveða eptirlit með útflutnings-agentum, og yfir höfuð að gefa útflutningsmönnum alla þá tryggingu, sem unnt væri.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 6. fundi neðri þingdeildarinnar, 8. dag júlímánaðar kom samkvæmt dagskránni til fyrstu umræðu frumvarp til laga um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum sagði, að þingdeildin hefði ekki verið upp lögð til að setja nefnd í stjórnarfrumvörp þau, er hefðu komið til þingsins, en sjer þætti varúðarvert, að fara mjög fljótlega yfir málin; væri það hyggilegra, að málin gengju til annarar umræðu, og það væri nauðsynlegt, að setja nefnd í öll hin stærri mál; því að nefndirnar ræddu og yfirveguðu málin jafnan betur og með meiri rósemi en í þinginu. Sum frumvörpin væru að vísu ekki margbrotin, og þyrfti eigi langan tíma til að átta sig á þeim. En eitt væri það, er væri að þeim öllum, þau væru nefnilega öll *óíslenzkuleg* og óbærilega langorð. Hann áliti því nauðsynlegt, að gætt væri að málinu á þeim; því að það væri mjög óheppilegt, ef þingið ljeti lög sín ganga út með mjög slæmu máli. Hann mælti með því, að nefnd væri sett í mál þetta, og stakk upp á þriggja manna nefnd.

Þórður Þórðarson sagði, að þegar litið væri til allrar þeirrar óreglu, sem átt hefði sjer stað um útflutning manna, þá væri þetta frumvarp alveg nauðsynlegt; hann vildi því láta setja nefnd í málið, og áliti hann þriggja manna nefnd nægja.

Forseti benti á, að hjer væri fyrst um um það að ræða, hvort málið skyldi ganga til annarar umræðu, en þá síðan það, hvort nefnd skyldi setja í það. Því næst leitaði forseti atkvæða um þetta, og var samþykkt í einu hljóði, að málið skyldi ganga til annarar umræðu.

Þar eptir var samþykkt, að þriggja manna nefnd skyldi kosin; hlutu þessir kosningu:

Páll Pálsson prestur með 15 atkv.
Guðmundur Ólafsson — 12 —
Einar Gíslason — 10 —

Í nefndinni var *Páll* prestur *Pálsson* kosinn formaður og framsögumaður, en *Guðmundur Ólafsson* skrifari.

NEFNDARÁLIT
í málinu um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur.

Hin heiðraða neðri deild alþingis hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd, til þess að íhuga og segja álit vort um frumvarp það til laga um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, er lagt var fyrir þingið í þetta sinn af

hendi ráðherrans. Vjer höfum nú vandlega íhugað frumvarp þetta og rætt það á 4 fundum, sem vjer höfum haldið vor á meðal.

Nefndin viðurkennir það, að mikil nauðsyn sje á að setja lög um það efni, er hjer ræðir um, til þess, svo sem unnt er, að koma í veg fyrir, að þeir menn, sem flytja af landi burt, verði fyrir svikum eða prettum af þeim, sem takast á hendur útflutninga þeirra. Á hinn bóginn þótti nefndinni það einnig eiga við, að taka engar þær ákvarðanir í lögin, er gætu valdið farartálma eða hindrun fyrir þá, sem vilja flytja af landi burt. En þegar vjer höfðum vandlega yfirvegað frumvarp stjórnarinnar, komumst vjer að þeirri sameiginlegu niðurstöðu, að eins og málið á stjórnarfrumvarpinu sje bæði óíslenzkulegt og ekki eins ljóst eins og æskilegt er, þannig sjeu ýmsar ákvarðanir þess of mjög óákveðnar og engan veginn nægilega tryggjandi fyrir útfarana. Vjer af rjeðum þess vegna að semja nýtt frumvarp til laga um þetta mál, þó með stöðugu tilliti til frumvarps stjórnarinnar, og með því að hafa hliðsjón af lögum þeim frá 23. maí 1863 og 22. maí 1869, er gilda í Noregi um útflutninga. Þess viljum vjer jafnframt geta, að oss þótti ekki nauðsyn á, að skipta lagafrumvarpinu í kafla eins og stjórnarfrumvarpið ætlast til, og það því síður, sem það, að vera áliti, er mikið varúðarverðara fyrir útfara, sem ætla að flytja í aðrar heimsálfur, ef þeir verða fluttir yfir aðrar hafnir eða önnur lönd í Norðurálfunni, heldur en ef þeir flytjast beina leið, eins og vjer einnig hljótum að álíta, að leyfi til útflutninga ætti hvervetna að geta fengizt hjá lögreglustjórunum á þeim stöðum, sem útflutningastjórinn er búsettur; því eins og hagar til hjer á landi, gæti það einatt valdið mjög mikilli tímatöf og óhagræði, að verða að sækja slíkt leyfi til landshöfðingjans, hvernig sem á stendur.

Með þessum almennu athugasemdum vill nefndin leyfa sjer að stinga upp á því, að í stað stjórnarfrumvarpsins verði gjört að lögum frumvarp það, er nefndin hefur samið og hjer með fylgir, og viljum vjer um leið fara fám orðum um hinar einstöku greinir þess.

Um 1. grein í frumvarpi nefndarinnar er þess eins að geta, að hún er alveg samkvæm fyrri hluta 1. gr. í frumvarpi stjórnarinnar, nema að eins hvað snertir þá ákvörðun, að útflutningastjórinn hafi aðsetur sitt á þeim stað, er hann fær leyfið, og er þetta samkvæmt stjórnarfrumvarpinu 4. gr. fyrsta lið.

2. gr. er með öllu, nema orðabreytingum, samhljóða síðari lið í 4. gr. frumvarpsins.

3. gr. er að mestu leyti samkvæm 5. gr. frumvarpsins fyrsta lið; það eina þótti nefndinni nauðsynlegt að ákveða, að veðið skuli ekki vera eingöngu bundið við skuldabrjef, heldur einnig, annaðhvort við peninga, eða þá fasteign; gjörði nefndin það til þess, að leggja sem minnsta hindrun, sem kostur er á, fyrir, að útflutningsleyfið geti fengizt. Auk þessa þótti nefndinni, af þeirri ástæðu, er þegar er tekin fram, nauðsyn á að láta veðið verða hærra, ef flutningarnir eiga jafnframt að fara fram á landi.

4. gr. er samhljóða 5. grein frumvarpsins síðari lið, nema ljósar til orða tekið.

5. gr. er sömuleiðis að mestu leyti samkvæm 6. gr. frumvarpsins, auk þess sem þar er tekin upp ákvörðun úr síðustu málsgrein í 2. gr. frumvarpsins.

6. gr. er samkvæm ákvörðun frumvarpsins í 2. gr., en þó virtist nefndinni rjettara að taka það fram, að þegar lögreglustjóri hefur tekið aptur það útflutningsleyfi, er hann þegar hefur veitt, skuli það að eins gilda um stundarsakir, unz úr því er skorið, hvort leyfið skuli veitast aptur eða eigi.

7. gr. er að mestu leyti samkvæm fyrsta lið í 7. gr. frumvarpsins, þó með þeirri ákvörðun, að lögreglustjóri skuli skyldur til að gefa tafarlaust leyfi til að flytja útfara á skip út, þegar hann hefur gengið úr skugga um, að skilyrðunum sje fullnægt, sem ákveðin eru í lögum þessum.

Í 8. gr. hefur nefndin tekið upp flestar þær ákvarðanir, sem teknar eru fram í 9.

gr. frumvarpsins, og þykir þess vegna eigi þörf að færa sjerstakar ástæður fyrir henni.

Nefndinni þótti það mjög áríðandi, að tiltaka í lagaboðinu nákvæmari ákvarðanir um rúm það og aðbúnað, er útförunum skal ætla á útflutningaskipum, til þess að hver lögreglustjóri geti haft þær fyrir sjer; með því einu móti geta menn verið vissir um, að hinni sömu reglu verði fylgt við öll útflutningaskip. Nefndin hefur því tekið upp 3 nýjar greinir nefnilega 9.—11. gr.. og eru þær samhljóða að mestu ákvörðunum í hinum norsku útflutningalögum. Ákvörðunin um hin sjerstöku svefnherbergi fyrir ógipta karlmenn og kvennmenn þótti nefndinni svo þýðingarmikil, að hún tók hana einnig upp í 9. gr.

Viðvíkjandi 12. gr. hefur nefndin það eina að athuga, að grein þessi er yfir höfuð samhljóða 8. gr. stjórnarfrumvarpsins, að því einu viðbættu, að ákvörðunin um, að skipverjar á útflutningaskipum skuli einnig rannsakaðir af lækni jafnframt útförunum, er tekin upp í frumvarp nefndarinnar, því nefndinni þótti ekki vanþörf að reyna að koma í veg fyrir, að farþegar kynnu að sýkjast af skipverjunum.

13. gr. í frumvarpi nefndarinnar er að mestu samhljóða 10. gr. frumvarpsins. Það eina þótti nefndinni ísjárvert, að binda kærandann við hinn n æ s t a danska verzlunarfulltrúa erlendis, þar sem ýmsar ástæður geta hugsazt fyrir því, að kærandinn hafi ekki traust á honum. Þess vegna þótti nefndinni vissara og frjálslegra að taka svo til orða: «e i n h v e r j u m o. s. frv., eða þá o. s. frv.». Nefndinni þótti það sem sje ekki ólíklegt, að áður en langir tímar líða, kunni svo að fara, að ýms ríki, svo sem Bandaríkin í Vesturheimi og England og fl. hafi einhvern verzlunarræðismann hjer á landi, og geti þá vel verið, að kærandi vildi helzt snúa sjer til hans með kæru sína.

Viðvíkjandi 14. gr. í frumvarpi nefndarinnar hefur nefndin ekkert að athuga, þar eð greinin er að mestu leyti samhljóða stjórnarfrumvarpinu: 7. gr. annari málsgrein.

Hvað 15. gr. í frumvarpi nefndarinnar snertir, þá þótti nefndinni það betur eiga við að fastákveða borgunina til lögreglustjóra, læknis og skoðunarmanna fyrir skoðun á skipi, og útförum, heldur en að verða að leita ákvarðana landshöfðingjans í hvert skipti. Áleit nefndin 20 kr. þóknun til lögreglustjóra og læknis, hvors um sig, auk daglauna þeirra, sem ákveðin eru í greininni, vera nokkurnveginn hæfilega.

Um 16. gr. í frumvarpi nefndarinnar skal vísað til hinna almennu ástæðna í nefndarálitinu, sem og ákvarðananna í stjórnarfrumvarpsins 1. gr.

17. gr. er, að lítilli orðabreytingu undantekinni, samhljóða 11. gr. í frumvarpi stjórnarinnar.

F r u m v a r p til laga um tilsjón með þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur.

1. gr.

Enginn má gjörast útflutningastjóri eða umboðsmaður útflutningafjelags, án þess hann hafi til þess skriflegt leyfi frá lögreglustjóranum á þeim stað, er hann hefur aðsetur sitt. Sá verður álitinn útflutningastjóri eða umboðsmaður útflutningafjelags, er á kostnað sjálfs sín eða annara tekst á hendur að sjá mönnum fyrir flutningi í aðrar heimsálfur. Engir aðrir en þeir, sem eru löggildir útflutningastjórar og umboðsmenn þeirra, mega gjöra samninga við útfara, eða bjóða fram milligöngu sína til þess að gjöra slíka samninga.

2. gr.

Sæki maður um útflutningaleyfi, skal hann segja til, hvort hann ætlar að reka erindi fyrir sjálfan sig, eður í umboði annars. Sje svo, skal hann sýna umboðsskrá sína frá útflutningafjelagi því eða skipsútgjörðarmönnum, er hann kemur fram fyrir, og fá í hendur lögreglustjóra 1 expl. af fjelagslögunum eður reglum þeim, er almenningi hefur verið skýrt frá, að þeir ætli að fylgja.

3. gr.

Áður en útflutningaleyfi er veitt, skal sá, er í hlut á, setja veð eptir því mik-

ið, sem lögreglustjóri ákveður nákvæmar. Eigi skal veð minna vera en 6000 krónur, og eigi meira en 20,000 kr. Setja skal veð þannig, að einn eða fleiri menn, er lögreglustjóra þykja áreiðanlegir, gangi í ábyrgð, eins og þeir ættu sjálfir hlut að máli, og skulu þeir selja í hendur lögreglustjóra skuldabrjef eða peninga, eða setja fasteign að veði, þá er lögreglustjóri álítur tryggjandi. Þá er ákveðið skal veðið, skal sjer í lagi hafa tillit til þess, hvort útflutningastjóri ætlar að annast um flutninginn að eins á sjó til lendingarstaðar í annari heimsálfu, eða einnig á landi frá lendingarstaðnum og lengra áleiðis. Sje svo, má veðið eigi minna vera en 10,000 kr. Einnig skal þess gætt, hvort flutningarnir eiga að ganga beina leið, eða yfir önnur lönd í Norðurálfunni fyrst; og skal veðið vera hærra, ef flutningarnir ganga yfir önnur lönd. Veðið skal vera til tryggingar fyrir öllum fjárgjöldum þeim, er útflutningastjóri kann að baka sjer, annaðhvort með aðferð sinni við útfara, eða með afbrotum gegn lögum þessum. Ekki má veð heimta aptur, fyr en eitt ár er liðið frá því, að erindsrekinn er hættur við útflutningastörf.

4. gr.

Í hvert skipti, sem lögreglustjóri veitir útflutningsleyfi, skýri hann landshöfðingja frá því sem fyrst, hverjum hann hafi veitt það, og með hvaða kjörum. Nú synjar lögreglustjóri um leyfi, eða tiltekur hærra veð, en sá, er leyfis beiðist, vill að ganga, og getur þá beiðandinn sótt um það til landshöfðingjans, er þá má veita leyfið, ef honum sýnist.

5. gr.

Nú vill útflutningastjóri nota leyfi sitt í öðru lögsagnarumdæmi, þá sýni hann fyrst lögreglustjóranum þar leyfisbrjef sitt. Vilji útflutningastjóri gefa öðrum manni umboð sitt, gjöri það skriflega, og láti lögreglustjóra skrifa á vottorð sitt. Skyldur skal hver umboðsmaður að sýna umboðsbrjef sitt lögreglustjóranum í því umdæmi, er hann vill þess neyta. Útflutningastjóri ber alla ábyrgð af því, er umboðsmaður hans gjörir í hans umboði, svo sem hefði hann það sjálfur gjört.

6. gr.

Nú fer útflutningastjóri illa með leyfi sitt, tælir menn til útflutninga með ósönnum fortölum, eða því um líkt, og bera menn sig upp undan því, og er þeim þá rjett, er veitt hefur leyfið, að taka það aptur um hríð, unz úr þeim málum er skorið.

7. gr.

Ekki má taka útfara á skip, fyr en lögreglustjóri hefur gefið leyfi til þess, en það er hann skyldur að gjöra, þá þegar er hann hefur gengið úr skugga um, að fullnægt er því, er fyrir er mælt í lögum þessum.

8. gr.

Útflutningastjóri skal gjöra skriflegan samning við hvern útfara; skal hann ritaður bæði á íslenzku og ensku; þar í skal skilmerkilega og nákvæmlega skýrt frá öllum þeim kostum og kjörum, sem um er samið, einkum hvert útfari skal fluttur og á hvern hátt; til skal greina aldur útfara, nafn hans og heimili, það er hann átti síðast, og svo stjett hans, einnig hve mikið farargjald hann skal borga, hvort hann fær fæði og hvernig, og hve mikinn farangur hann skal hafa. Það skal og tiltaka, hvort eður að hve miklu leyti útflutningastjóri tekst á hendur að flytja útfara áfram, ef skipinu, er hann fer með, hlekkist á, og um fæði hans, ef dvöl verður, og hvað hann skal greiða fyrir það. Samningur um, að útfari skuli að meiru eða minna leyti vinna af sjer farargjaldið í annari heimsálfu, skal að einu sem öllu ógildur, og að engu leyti skuldbindandi fyrir hann. Bakar slíkur samningur útflutningastjóra þá mestu sekt, er lög þessi ákveða. Útflutningastjóri skal rita samninginn í tveimur samhljóða exempl., og heldur lögreglustjóri öðru eptir en fær útfara hitt.

9. gr.

Rúm það, er hverjum farþega á útflutningaskipi er ætlað, má eigi minna vera en 12 teningsfet, ef það er á efri miðþiljum eða í lyptingu á efstu þiljum, og eigi minna en 30 teningsfet, sje það á neðri miðþiljum (Bangerdæk). Skal þetta rúm autt af öllu öðru, en rekkjum farþega, fötum þeirra og öðru, er þeir nauðsynlega þurfa að hafa við

hönd á ferðinni. Sjerstök svefnherbergi skulu höfð fyrir ógiptar konur, og önnur fyrir ókvænta menn, og skal það ekki haft saman. Sje skipið fermt kaupvöru jafnframt og það flytur fólk, skal að minnsta kosti vera 6 feta bil frá yfirborði farmsins til yfirþilja farþegarúmsins.

10. gr.

Rúm það, er farþegum er áskilið í næstu grein hjer á undan, skal vera svo, að það veiti farþega nóg lopt og birtu, svo og nóga hlífð fyrir vætu og kulda. Ekki má skip, er fólk flytur, taka til flutnings jafnframt neina þá vöru, er illur þefur er af, eða hættu getur valdið fyrir heilsu farþega, heldur ekki púður nje eldspýtur þær, er af brennisteini eru gjörvar, nema hið minnsta, sem þörf er á fyrir sjálfa skipverja.

11. gr.

Ekki skal á útfaraskipum búa til rekkjupalli fyrir fleiri en 3 fullorðna menn til að sofa, eður hvílast í. Rekkja handa hverjum fullorðnum manni skal eigi minni vera að innanrúmi en 5,75 fets á lengd og 1,5 fets á breidd. Eigi skal hafa rekkjupalla hvern nær öðrum, en svo, að í millum hverrar raðar sje tveggja feta breitt gangrúm. Ekki skal hafa fleiri en tvo rekkjupalla hvorn yfir öðrum, og skal tveggja feta bil vera frá botni hins neðri rekkjupalls upp að botni hins efra, og sömuleiðis frá botni hans upp undir þiljur tvö fet. Ætla skal $\frac{1}{8}$ af öllum rekkjum farþega fyrir sjúka menn, og skal bilið milli botnanna í þeim vera þrjú fet, og eins frá botni hinnar efri rekkjunnar upp undir þiljur; upp að botni þeirrar rekkjunnar, sem neðar er, skal vera 4 þuml. bil frá þiljum. Það segir sig sjálft, að jafnmörg þurfa rekkjustæði og fullorðnir menn eru með skipinu. Rjett er að telja hvern þann fullorðinn, sem er 14 ára og þaðan af eldri; tvö börn frá 1—14 ára jöfn einum fullorðnum. Börn yngri en ársgömul teljast ekki.

12. gr.

Áður en útflutningaskip leggur af stað frá Íslandi, skulu bæði skipverjar og farþegar rannsakaðir af lækni, er lögreglustjórinn fær til þess, skal hann ganga úr skugga um, að hvorugir sjeu veikir af neinni næmri sótt, er valda má faraldri, og enginn af farþegunum sve sjúkur eða heilsutæpur, að álíta megi, að hann sje ekki ferðafær. Útflutningastjóri skal ábyrgjast, að allir menn á skipinu gefi sig fram til læknis rannsóknar. Borga skal hann og fyrir rannsóknina samkvæmt 15. gr. í lögum þessum.

13. gr.

Nú hefur útfari kæru fram að bera yfir því, að samningurinn hafi verið rofinn við hann á einhvern hátt, skal hann þá hið fyrsta tilkynna slíkt einhverjum dönskum verzlunarræðismanni erlendis, er hann nær til, eða þá verzlunarræðismanni þeim á Íslandi, er það ríki, sem útfarinn er í, kann að hafa þar. Verði ekki sætt á málið fyrir umsýslu fulltrúans, skal hann, þá er hann hefur fengið nákvæma skýrslu um alla málavöxtu, senda það landshöfðingjanum yfir Íslandi, er leggur úrskurð á málið, og er útflutningastjóri bundinn við þann úrskurð innan takmarka veðs þess, sem sett er; og svo framarlega sem ákveðið er í úrskurðinum, að erindsrekinn skuli greiða skaðabætur, sjer landshöfðingi um, að þær verði goldnar af veðinu, að svo miklu leyti sem það hrökkur til.

14. gr.

Áður en lögreglustjóri veitir leyfi til útflutninga, skal hann ganga úr skugga um, að skipið sje vel sjófært og hentugt til þessa, sumpart með því að láta menn, sem vit hafa á, undir sinni tilsögn halda skoðunargjörð, sumpart með því, að rannsaka skoðunarskírteini þau, sem gefin eru út á þeim stað, er skipið á heima; en skírteini þessi gilda þó ekki lengur en 1 ár, frá því þau eru gefin út.

15. gr.

Fyrir tilsjón með útflutningum skal lögreglustjóra og lækni greiðast 20 krónur hvorum fyrir hvert útflutninga-skip, er þeir skoða, en þurfi þeir að verja lengri tíma en einum degi til þessa, þá skulu þeim þar að auki greiðast 6 krónur um hvern dag. Hin sömu daglaun bera skoðunarmönnum þeim, er lögreglustjóri kveður til að gjöra skoðunina með sjer, og skal útflutningastjóri greiða kostnað

þann allan, er af skoðunargjörðinni leiðir, og fá í hendur hlutaðeigandi lögreglustjóra.

16. gr.

Lög þessi gilda einnig um flutninga fólks til annara landa í Norðurálfunni, þó er undanskilið póstgufuskipið og hvert það skip, er eigi flytur fleiri útfara en 10.

17. gr.

Mál, sem rísa af því, að brotið er gegn lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál, og ef harðari hegning eigi liggur við samkvæmt almennum lögum, varðar það 20—2000 króna sektum, þó má hækka hegninguna fyrir afbrot gegn 1. gr. þannig, að beitt verði einföldu fangelsi í 2 mánuði eða öðru fangelsi í samsvarandi tíma. Sektirnar renna í landssjóð.

Alþingi, 15. júlí 1875.

Páll Pálsson, Einar Gíslason.
formaður og framsögumaður.

Guðmundur Ólafsson,
skrifari.

ÖNNUR UMRÆÐA

í neðri deild alþingis.

Á 25. fundi neðri þingdeildarinnar, 31. dag júlímánaðar, kom til annarar umræðu frumvarp til laga um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytjast úr landi í aðrar heimsálfur ásamt breytingaruppástungum nefndarinnar.

Framsögumaður (Páll Pálsson prestur, 1. þingmaður Skaptfellinga) sagðist eigi hafa margt að taka fram, frekar en gjört hefði verið í ástæðum nefndarinnar. Í einu aðalatriði hefði nefndin breytt stefnu sinni frá því, sem farið væri í stjórnarfrumvarpinu, því henni hefði eigi þótt nauðsyn að skipta frumvarpinu í kafla, eptir því hvort flutningar þeir, er um ræddi, væru beina leið eða ekki, og það því síður, sem henni þætti það mikla varúðarverðara fyrir útfara, sem ætluðu að flytja í aðrar heimsálfur, ef þeir yrðu fluttir yfir aðrar hafnir eða önnur lönd í Norðurálfunni, heldur en ef þeir flyttust beina leið, þannig hefði nefndin eigi getað áttað sig á frumvarpinu með eintómum breytingum, heldur komizt að þeirri niðurstöðu, að semja nýtt frumvarp. Eins og landshöfðingi hefði tekið fram, væri tilgangurinn með lögum þessum, eigi sá að leggja bönd á persónulegt frelsi manna, heldur til þess, svo sem unnt væri, að koma í veg fyrir, að þeir, er flyttu af landi brott, yrðu fyrir svikum og prettum af þeim, sem tækjust á hendur útflutninga þeirra. Þetta hefði nefndin stöðuglega haft fyrir augum. Enn væri önnur ákvörðun, sem nefndin hefði tekið upp í frumvarpið, sem gengi í aðra átt en frumvarpið, og væri það sú, að lögreglustjórarnir á þeim stöðum, sem útflutningsstjóri væri búsettur, skyldu veita útflutningsleyfi, en eigi landshöfðingi, svo sem stjórnarfrumvarpið ætlaðist til, því eins og hagaði til hjer á landi, gæti það einatt valdið mjög mikilli tímatöf og óhagræði. Hvað snerti hinar einstöku greinir nefndarfrumvarpsins, þá vildi hann við 3. gr. leiða athygli að því, að nefndinni hefði þótt nauðsynlegt að ákveða, að veðið skyldi eigi eingöngu vera bundið við skuldabrjef, heldur einnig annaðhvort við peninga, eða þá fasteign, til þess að leggja sem minnsta tálmun fyrir, að útflutningsleyfið geti fengizt. Það sem komið hefði nefndinni til þess að taka upp nýjar greinir nefnilega 9.—11. gr., hefði verið sannfæringin um, hversu áríðandi væri, að til taka nákvæmar ákvarðanir um rúm það og úlbúning, er útförum skyldi ætla á útflutningaskipum, til þess að lögreglustjóri gæti haft þær fyrir sjer; með því einu móti gætu menn verið vissir um, að hinni sömu reglu yrði fylgt við öll útflutningaskip; væru þessar ákvarðanir að mestu leyti samhljóða tilsvarandi atriði í hinum norsku útflutningalögum af 23. maí 1863 og 22. maí 1869. 16. gr. nefndarfrumvarpsins, er skipaði fyrir, að lög þessi skyldu einnig gilda um flutning fólks til annara landa í Norðurálfunni, væri orðin til á þann hátt, að það hefði vakað fyrir nefndinni, að slík ákvörðun væri nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir, að farið yrði í kringum þessi lög með því að látast eigi ætla sjer í aðrar heimsálfur, heldur einungis til nágrannalanda, þótt annað í raun rjettri væri fyrir ætlað. Hjer

væri þó athugandi, að nefndinni hefði í ógáti gleymzt að laga fyrirsögn frumvarpsins eptir þessari síðast töldu ákvörðun. Stjórnarfrumvarpsins 3. gr. hefði nefndin fellt saman við 4. gr. frumvarps síns, og hlyti sú grein því að falla úr stjórnarfrumvarpinu.

Landshöfðingi sagði, að þar sem tilgangur þessa frumvarps væri sá að útvega öllum, sem óskuðu útfarar, þá tryggingu á móti svikum og prettum, sem unnt væri, þá kvaðst hann eigi skyldi mæla á móti breytingum nefndarinnar, að svo miklu leyti, en aptur vildi hann mæla á móti því, er sjer þætti miða í gagnstæða átt. Að búa til nýtt frumvarp hefði eigi verið nauðsynlegt, því breytingar þær, sem nefndin hefði gjört, væru hvorki margar nje miklar, heldur eigi sje stefnu frumvarpsins breytt með því að fella úr 3. gr. Eigi heldur gæti hann verið því samdóma, að miklu varúðarverðara væri fyrir útfara, ef þeir yrðu fluttir yfir aðrar hafnir, því ætti það sjer stað, þá mundu þeir með því að verða landsettir á þeim eða þeim stað, ná þeirri tryggingu, sem þar væri veitt útförum, en nauðsynlegt væri í frumvarpinu að sjá um alla tryggingu fyrir þá, sem halda vilja beina leið í aðra álfu. Þess vegna væri rjett, að landshöfðingja einum skyldi veitt vald til þess að veita hið umgetna leyfi; mótbára nefndarinnar «eptir því sem hagar til hjer á landi» þætti sjer eigi takandi til greina á móti þeirri tryggingu, sem gjöra má ráð fyrir að vinnist með því að aðhyllast stjórnarfrumvarpið. Nefndin stingi upp á að fella 5. gr., en þessi uppástunga væri mjög óheppileg, sjer í lagi ef lögreglustjórunum skyldi veitt vald það, sem stungið væri upp á. Í 8. gr. nefndarinnar væru tekin upp nokkur samningsatriði af þeim, er ákveðin eru í 9. gr. frumvarpsins, en öðrum sleppt, en þetta væri óheppilegt, þar sem það vafalaust væri æskilegt, að um það atriði væri miklu nákvæmar fyrirskipað, svo sem gjört væri í 9. gr. stjórnarfrumvarpsins, sem hann sterklega vildi mæla fram með. Gegn 9., 10. og 11. gr. nefndarinnar skyldi hann eigi leggja, heldur að eins geta þess, að það hefði verið í húfi að koma líkum reglum á að umboðslegum vegi. Þessi orð í 13. gr. nefndarinnar »eður þá verzlunarræðismanni þeim á Íslandi, er það ríki, sem útfarinn er í, kann að hafa þar», fengi hann eigi skilið, því það væri auðsætt, að ef eigi kæmist sætt á, væri beinasti vegurinn sá, sem frumvarp stjórnarinnar visar til, nefnil. sá, að senda málið til landshöfðingja, enda væri það í augum uppi, að því, sem útfari eigi gæti náð fyrir milligöngu hins danska konsúls með aðstoð hlutaðeigandi stjórnenda erlendis, gæti hann ómögulega náð fyrir hjálp verzlunarræðismanns hins sama ríkis á Íslandi. Af framantöldum ástæðum vildi hann þannig mæla með því, að þingið fjellist á frumvarp stjórnarinnar, en við 3. umræðu mætti vel koma á orðabreytingum og efnisbreytingum þeim, sem þingdeildin áliti æskilegar.

Tryggvi Gunnarsson furðaði sig á, hversu flókið nefndin hefði gjört frumvarpið, sjer sýndist engin nauðsyn hefði verið að búa til nýtt frumvarp. Engin ástæða hefði verið til þess að fella 2. gr. tölul. a, að »leyfið skyldi einungis veitt mönnum, sem hefðu óflekkað mannorð, væru fulltíða» o. s. frv. Þessi ákvörðun væri sjálfsögð, hvað væri þá til fyrirstöðu fyrir því, að henni væri haldið. Hvað snerti það atriði, að eigi skyldi fela landshöfðingja að veita leyfið sökum þess, hversu örðugt væri að ná til hans, þá yrði þó að gæta þess, að líkindi væru til þess, að slíkt kæmi eigi opt fyrir, að útflutningsskip flytti hjeðan beina leið fólk til annara álfa, við það kæmist á meiri samkvæmni, ef einn skyldi veita leyfið, heldur en ef fleiri væru um það. Þegar hann aðhylltist frumvarp stjórnarinnar nú við 2. umræðu, væri hann þó eigi að síður á því, að það þyrfti bóta við, en sem bera mætti fram við 3. umræðu.

Framsögumaður tók það fram, að þetta nefndarálit hefði fengið ofanígjöf hjá 1. þingmanni Suður-Múlasýslu, því að þó landshöfðingi hefði fundið ýmislegt athugavert við tillögur nefndarinnar, þá hefði hann þó eigi gefið því neinar harðar ákúrur. Það gæti

vel verið satt, að eigi hefði verið nauðsynlegt að semja nýtt frumvarp, en þrátt fyrir það hefði það eigi verið tilgangur nefndarinnar að gjöra málið flókið. Landshöfðingi hefði tekið fram, að varúðarvert væri að sleppa muninum á beinum og óbeinum ferðum í aðrar heimsálfur, því þeir útfarar, sem fyrst færu til hafna í Norðurálfu, hefðu jafnan næga tryggingu í lögum þeim um útflutninga, sem þar hefðu gildi, en við þessa röksemdafærslu væri athugandi, að einnig í Vesturheimi væru þvílík lög til, sem verndað gætu útfarann, þegar þangað væri komið. Mjög óheppilegur þætti sjer seinni liður 3. greinar, og vildi hann í stað þess benda þinginu á 5. gr. nefndarinnar tölul. b, svo það sæi, að nefndin hefði eigi sleppt því sem þar ætti við. 1. þingmaður Suður-Múlasýslu hefði tekið fram, að einn skyldi veita leyfið til frekastrar tryggingar, en sjer sýndist eigi vera þörf á meiri tryggingu, heldur en í 4. gr. nefndarinnar tölul. a væri farið fram á, með því til þess væri ætlazt, að lögreglustjóri í hvert skipti skýrði landshöfðingja frá öllum atriðum, sem taka skyldi til greina við leyfisveitinguna, væri þetta töluverð trygging fyrir því, að leyfin frá lögreglustjórunum yrðu eigi misjöfnum kostum bundin. 9. gr. frumvarpsins væri að vísu færð í miklu styttra form hjá nefndinni, en hann hjelt eigi að síður, að nefndin hefði tekið fram öll atriði, sem varðaði, þó styttar hefði verið flestar ákvarðanirnar; en nefndin hefðu sjeð, að þyrfti að taka fram það, sem talið væri upp í 6. tölulið þessarar greinar frumvarpsins, og yfir höfuð hefði nefndinni fundizt, að þessa samninga mætti fá með styrk lögreglustjórnarinnar. Hvað snerti 10. gr. stjórnarfrumvarpsins, þá hefði nefndin tekið fram í ástæðunum fyrir áliti sínu, að ísjárvert þætti að binda kæranda við hinn n æ s t a danska verzlunarfulltrúa, þar sem ýmsar ástæður gætu hugsazt fyrir því, að kærandi hefði eigi traust á honum, þess vegna væri í grein nefndarinnar, sem við ætti, tekið svo til orða: »e i n h v e r j u m dönskum verzlunarræðismanni, eða þá verzlunarræðismanni þeim á Íslandi, er það ríki, sem útfarinn er í, kann að hafa þar«. Væri þessi seinni liður kominn til á þann hátt, að nefndinni þætti eigi ólíklegt, að ýms ríki, er í hlut ættu, hefðu, áður en langir tímar liðu, verzlunarræðismenn hjer á landi, og gæti þá verið, að kærandi vildi helzt snúa sjer til hans með kæru sína.

Grímur Thomsen kvað þessa seinastræddu ákvörðun nefndarinnar í 13. gr. hina lang-hættulegustu í frumvarpinu, enda hefðu verzlunarræðismenn framandi þjóða enga skyldu til þess að líta á hag Íslands, og þætti sjer það jafnvel undrum gegna, að Íslendingar, sem yrðu fyrir samningsrofum, skyldu vera látnir flýja í hendur þeim, er eigi ættu að gæta hags þeirra heldur einmitt mótpartsins; því þætti sjer sú ákvörðun óhafandi. Í öðru lagi hefði nefndin fært upphæð veðsins, sem í stjórnarfrumvarpsins 5. grein væri ákveðin til 14,000 kr., niður í 10,000 kr., og það þó nefndin, eins og sjá mætti af nefndarinnar 13. grein, eigi gjörði ráð fyrir, að veðið hrykki til; hann hefði því mjög á móti þessari niðurfærslu hjá nefndinni, ákvarðanir stjórnarfrumvarpsins um upphæð veðsins væru nógu harðar og því nógu góðar, en því harðari sem þær væru því betri væru þær.

Halldór Friðriksson sagði, að sjer þætti eigi vert, að gjöra rugling á frumvarpinu, ef eigi bæri brýna nauðsyn til, enda sæi hann eigi, að nefndin hefði bætt það, og yrði hann því að halla sjer að stjórnarfrumvarpinu. Hann skildi eigi, hvað 16. grein hjá nefndinni ætti að þýða, því ef ætlazt væri til þess, að hún skyldi koma í staðinn fyrir síðasta lið 1. greinar, þá væri hún alls annars efnis en endir fyrstu greinarinnar, og væri ein af þeim breytingum sem kæmi ruglingi á frumvarpið.

Framsögumaður: vildi svara þingmanni Gullbringu- og Kjósarsýslu út af því, er hann hefði tekið fram um, að verzlunarræðismenn ættu að sjá fyrir hag ríkis þess, er þeir væru nefndir til að vera fyrir, og

vildi benda honum á, að útfari, sem kominn væri til Vesturheims, gæti þar, áður langt væri um liðið, öðlazt rjett til þess að verða aðnjótandi verndar þeirra laga, sem þar giltu, og gæti þannig eins vel eins og hver annar amerikanskur borgari leitað verzlunarræðismanns hlutaðeigandi ríkis. En eigi skyldi hann hafa á móti að hækka veðið. Hvað viðvíki þingmanni Reykvíkinga, þá kvað hann það vera nýtt fyrir sínum eyrum, að h a n n skyldi vera fastur á því, að samþykkja frumvörp frá stjórninni óbreytt.

Grímur Thomsen vildi biðja þingmann Skaptfellinga um að kynna sjer betur lögin, áður en hann segði þvílíkt, að útfarar öðluðust undir eins rjett innlendra manna, er þeir væru á land komnir í Vesturheimi, enda mundi hið gagnstæða flestum kunnugt, er hefðu spurnir af meðferð þeirri, er útfarar yrðu jafnan fyrir, og sem kæmi einmitt til af því, að farið væri með þá, sem væru þeir rjettlausir.

Því næst var gengið til atkvæða og fjellu þau þannig:

1. 1. grein nefndarinnar felld með 11 atkv. gegn 7. Atkvæðagreiðslan þótti óglögg, og var því við haft nafnakall og sögðu

Já:

Benidikt Sveinsson,
Einar Gíslason,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Páll Ólafsson,
Páll Pálsson prestur,
Þorlákur Guðmundsson.

Nei sögðu:

Guðmundur Einarsson,
H. Kr. Friðriksson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Einar Guðmundsson,
Grímur Thomsen,
Ísleifur Gíslason,
Jón Sigurðsson,
Páll Pálsson bóndi,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorsteinn Jónsson;

og var greinin þannigfelld með 15 atkv. gegn 7.

2. 1. gr. frumvarpsins samþykkt með 17 atkv. gegn 3.
3. 6. gr. nefndarinnar felld með 14 atkv. gegn 7.
4. 2. gr. frumvarpsins samþykkt með 18 atkv. gegn 3.
5. 3. gr. frumvarpsins samþykkt með 17 atkv. gegn 3.
6. 2. gr. nefndarinnar felld með 12 atkv. gegn 6.
7. 4. gr. frumvarpsins samþykkt með 17 atkv. gegn 3.
8. 3. gr. nefndarinnar felld með 12 atkv. gegn 6.
9. 5. gr. frumvarpsins stafl. *a* samþykkt með 18 atkv. gegn 3.
10. 4. gr. nefndarinnar stafl. *a* felld með 14 atkv. gegn 6.
11. 4. gr. nefndarinnar stafl. *b* var fallinn af sjálfu sjer með fyrri atkvæðagreiðslu.
12. 5. gr. frumvarpsins *b* og *c* samþykkt með 17 atkv. gegn 3. Þar með var 5. grein frumvarpsins samþykkt í heild sinni.
13. 5. gr. nefndarinnar felld með 13 atkv. gegn 7.
14. 6. gr. frumv. samþ. með 17 atkv. gegn 3.
15. 7. gr. nefndarinnar felld með 13 atkv. gegn 5.
16. 14. gr. nefndarinnar; við þessa grein var haft nafnakall sökum óglögglar atkvæðagreiðslu og sögðu

Já:

Benidikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Gíslason,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Ólafsson,
Páll Ólafsson,
Páll Pálsson prestur,
Tryggvi Gunnarsson,
Þorlákur Guðmundsson.

Nei sögðu:
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Einar Ásmundsson,
Einar Guðmundsson,
Hjálmur Pjetursson,
Ísleifur Gíslason,
Jón Sigurðsson,
Páll bóndi Pálsson,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorsteinn Jónsson;
og var greinin þannig felld með 13 atkv. gegn 9.

17. 15. gr. nefndarinnar felld með 10 atkv. gegn 8; var því við haft nafnakall og sögðu já:
Benidikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Gíslason,
Einar Guðmundsson,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Ólafsson,
Ísleifur Gíslason,
Páll Ólafsson,
Páll prestur Pálsson,
Stefán Stephensen,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.
Nei sögðu:
Guðmundur Einarsson,
H. Kr. Friðriksson,
Einar Ásmundsson,
Hjálmur Pjetursson,
Jón Sigurðsson,
Páll bóndi Pálsson,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson;
og var greinin þannig samþykkt með 12 atkv. gegn 10.

18. 7. gr. frumvarpsins; úr þessari grein var 4. málsliður felldur eptir atkvæðagreiðslunni við 17. tölulið, en hinir málsliðirnir voru samþykktir með 17 atkv. gegn 3.

19. 12. gr. nefndarinnar (ný grein) samþykkt með 17 atkv.

20. 8. gr. frumvarpsins var þar með fallin við þessa atkvæðagreiðslu.

21. 9. gr. nefndarinnar (ný gr.) samþykkt í einu hljóði.

22. 10. gr. nefndarinnar (ný gr.) samþykkt í einu hljóði.

23. 11. gr. nefndarinnar (ný gr.) samþykkt í einu hljóði.

24. 8. gr. nefndarinnar felld með 12 atkv. gegn 8.

25. 9. gr. frumvarpsins samþykkt með 18 atkv. gegn 3.

26. 13. grein nefndarinnar felld með 14 atkv. gegn 5.

27. 10. gr. frumvarpsins samþykkt með 18 atkv. gegn 3.

28. 16. gr. nefndarinnar fallin við frumvarpsins 1. gr. (b).

29. 17. gr. nefndarinnar samþykkt með 15 atkv.

30. 11. gr. frumvarpsins var þannig fallin.

Atkvæðagreiðslunni um frumvarpið í heild sinni var frestað til þess að ræða hinum einstöku greinum niður; en að því búnu las forseti upp frumvarpið, og var það samþykkt með 17 atkvæðum. Fyrirsögnin fyrir frumvarpinu og köflum þess var samþykkt án atkvæðagreiðslu, og að málið gengi til þriðju umræðu, samþykkt með 17 atkv. gegn 4.

Frumvarp þetta, eins og það var samþykkt við aðra umræðu í neðri deild alþingis, hljóðar þannig:

FRUMVARP
til laga um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur.

Um útflutningstjóra.

1. grein.

Enginn má koma fram sem útflutningastjóri, nema hann hafi fengið sjerstaklegt leyfi til þess. Sjerhver sá verður álitinn útflutningastjóri, sem á sjálfs síns eða annara kostnað tekst á hendur að annast um flutning útfara í aðrar heimsálfur. Engir aðrir en

þeir, sem eru löggildir útflutningastjórar og umboðsmenn þeirra, mega gjöra samninga við útfara um slíkan flutning, eða bjóða fram milligöngu sína til þess að gjöra slíka samninga. Samt skulu þessi lög eigi eiga við flutninga beina leið frá höfnum á Íslandi, ef útfarar þeir, sem vilja fara þaðan með einhverju skipi, eru allir frá sama heimili og þar hjá eigi fleiri en 10.

2. grein.

Leyfi það, sem með þarf samkvæmt 1. gr., verður að eins veitt mönnum, sem hafa óflekkað mannorð og eru ordnir fulltíða og sem eru búsettir á Íslandi og hafa haft þar fast heimili í 5 ár. Samt getur landshöfðingi veitt undanþágur frá því, sem ákveðið er um þá tímalengd, er þeir skuli hafa verið heimilisfastir á Íslandi. Sje leyfið vanbrúkað, einkanlega til þess að tæla menn til útflutnings með ósönnum fortölum, getur yfirvald það, sem hefur veitt leyfið, tekið það aptur, hvenær sem vera skal.

Umboð til þess að koma fram fyrir hönd útflutningastjóra verður eigi veitt neinum, sem ekki fullnægir skilyrðum þeim, sem eptir því, sem sagt er að framan, útheimtast að því leyti, er snertir útflutningastjórann sjálfan. Útflutningastjóri hefur að öllu leyti ábyrgð á afbrotum umboðsmannsins gegn lögum þessum.

Um flutninga beina leið.

3. grein.

Landshöfðinginn einn getur veitt leyfi til þess að flytja útfara frá Íslandi beina leið í aðrar heimsálfur. Beiðninni um slíkt leyfi skal fylgja nákvæm skýrsla um nafn skipsins, sem á að hafa til flutningsins, tegund þess, stærð og fyrirkomulag, og um það, hve marga útfara megi taka á skipið. Áður en leyfið er veitt, getur landshöfðingi sett þau skilyrði og heimtað það veð, sem hann álítur nauðsynlegt til tryggingar útförunum.

Landshöfðinginn skýrir lögreglustjóranum á þeim stað, er honum er sagt að skipið eigi að leggja frá, frá leyfinu og þeim skilyrðum, sem það er bundið. Án skriflegs samþykkis lögreglustjórans má eigi afgreiða skipið til útsiglingar. Áður en leyfið er veitt, skal lögreglustjóri ganga úr skugga um, að skilyrðunum sje nákvæmlega fullnægt, og að þeir útfarar, sem tekið er við á skipið, hafi löggilda samninga.

Um flutninga, sem eigi ganga beina leið.

4. grein.

Leyfi til þess, að takast á hendur flutning útfara yfir hafnir í Norðurálfunni, veitir lögreglustjórinn á þeim stað, þar sem sá er búsettur, er sækir um leyfið.

Sá, sem sækist eptir slíku leyfi, skal segja til, hvort hann ætli að reka erindi fyrir sjálfan sig eða í umboði annara; sje svo, skal hann sýna fram umboðsskrá sína frá útflutningafjelagi því eða skipsútgjörðarmönnum, sem hann kemur fram fyrir, og fá lögreglustjóra í hendur eitt exemplar af fjelagslögunum eða þeim reglum, er almenningi hefur verið skýrt frá, að þeir ætli að fylgja.

5. grein.

Áður en leyfið er veitt, verður sá, sem í hlut á, að setja veð eptir nákvæmari ákvörðun lögreglustjóra, sem sje að minnsta kosti 6,000 kr. og allt að því 20,000 kr., annaðhvort á þá leið, að annar maður, sem þykir áreiðanlegur, ábyrgist eins og hann sjálfur ætti í hlut, eða með því að láta af hendi skuldabrjef sem geymslufje. Þegar til taka skal upphæðina, skal sjerstaklega tekið tillit til þess, hvort erindsrekinn ætlar að fá leyfi til að flytja útfara lengra áleiðis en til þess staðar, þar sem lenda á skipinu í annari heimsálfu, og ef svo er, má eigi til taka minni upphæð en 14,000 kr. Veðið er til tryggingar fyrir öllum þeim skyldum, sem erindsrekinn bakar sjer gagnvart útförunum, eða ef brotið er gegn því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, og hvernig sem á stendur verður veðið eigi heimtað aptur, fyr en eitt ár er liðið frá því, að erindsrekinn hætti við þessi störf.

Í hvert skipti, sem lögreglustjóri veitir slíkt leyfi, skal hann skýra landshöfðingja frá því og frá, hvernig veði því, sem sett er, er

varið, og svo upphæð þess, og má leggja undir úrskurð hans allar þær spurningar, sem snerta veiting á leyfi því, sem verið er að ræða um.

Bæði landshöfðingi og lögreglustjórinn geta hvenær sem vera skal krafizt þess, að við það, sem sett er, verði fært upp í hina hæstu upphæð, sem getið var að framan.

6. grein.

Ætli útflutningastjóri að hafa um hönd störf þessi annarstaðar en þar, sem hann er búsettur, skal skýra þeim lögreglustjóra frá því, sem hefur veitt leyfið, og skal þar að auki sýna það lögreglustjórunum á þeim stöðum, þar sem áformað er að nota það.

Umboð handa öðrum til þess að koma fram fyrir hönd erindsrekans skal vera skriflegt, og eptir að lögreglustjórinn, sem veitt hefur erindsrekanum leyfið, hefur ritað vottorð sitt á umboðsskrána, skal hún sýnd lögreglustjórunum á sjerhverjum þeim stað, þar sem hana á að nota.

7. grein.

Öll skip, að hinu konunglega póstgufuskipi einu undan teknu, er fluttir eru á útfarar frá höfnum á Íslandi til hafna í Norðurálfunni, skulu vera undirgefin umsjón lögreglustjórnarinnar, og má eigi taka útfara á skip, fyr en lögreglustjórinn á þeim stað, er skipið leggur út frá, hefur gefið skriflegt leyfi til þess.

Áður en leyfi þetta verður veitt, skal lögreglustjóri ganga úr skugga um, að skipið sje hentugt til þess augnamiðs, sem til er ætlazt, sumpart með því að láta menn, sem vit hafa á, undir sinni tilsögn halda skoðunargjörð, sumpart með því að rannsaka skoðunarskírteini þau, sem gefin eru út á þeim stað, þar sem skipið á heima, en skírteini þessi gilda þó eigi lengur en eitt ár frá því, að þau eru gefin út.

Í leyfinu skal nákvæmar tiltekið, hvað marga útfara megi taka á skipið, og má setja þar þær nákvæmari reglur, sem nauðsyn þykir á að segja fyrir um að því leyti, er snertir tilhlýðilega meðferð á útförunum.

Fyrir tilsjón með útflutningum skal lögreglustjóra og lækni greiðast 20 krónur hvorum fyrir hvert útflutningaskip, er þeir skoða, en þurfi þeir að verja lengri tíma en einum degi til þessa, þá skulu þeim þar að auki greiðast 6 krónur um hvern dag. Hin sömu daglaun bera skoðunarmönnum þeim, er lögreglustjóri kveður til að gjöra skoðunina með sjer, og skal útflutningastjóri greiða kostnað þann allan, er af skoðunargjörðinni leiðir, og fá í hendur hlutaðeigandi lögreglustjóra.

Útflutningastjóri sá, er í hlut á, tekur þátt í ábyrgðinni á því, að enginn útfari, sem hann hefur tekið að sjer að flytja, verði látinn ganga á nokkurt skip, sem ákvörðun sú, sem hjer er sett, á við, fyr en leyfi það, sem með þarf handa skipinu, er útvegað.

8. grein.

Áður en útflutningaskip leggur af stað frá Íslandi, skulu bæði skipverjar og farþegar rannsakaðir af lækni, er lögreglustjórinn fær til þess; skal hann ganga úr skugga um, að hvorugir sjeu veikir af neinni næmri sótt, er valda má faraldri, og enginn af farþegunum svo sjúkur eða heilsutæpur, að álíta megi, að hann sje ekki ferðafær. Útflutningastjóri skal ábyrgjast, að allir menn á skipinu gefi sig fram til læknisrannsóknar. Borga skal hann og fyrir rannsóknina samkvæmt 7. gr. í lögum þessum.

Almennar ákvarðanir.

9. grein.

Rúm það, er hverjum farþega á útflutningaskipi er ætlað, má eigi minna vera en 12 teningsfet, ef það er á efri miðþiljum eða í lypting á efstu þiljum, og eigi minna en 30 teningsfet, sje það á neðri meðþiljum (Banjerdæk). Skal þetta rúm autt af öllu öðru, en rekkjum farþega, fötum þeirra og öðru, er þeir nauðsynlega þurfa að hafa við hönd á ferðinni. Sjerstök svefnherbergi skulu höfð fyrir ógiptar konur, og önnur fyrir ókvænta menn, og skal það ekki haft saman. Sje skipið fermt kaupvöru jafnframt og það flytur fólk, skal að minnsta kosti vera 6 feta bil frá yfirborði farmsins til yfirþilja farþegarúmsins.

10. grein.

Rúm það, er farþegum er áskilið í næstu grein hjer á undan, skal vera svo, að það veiti farþega nóg lopt og birtu, svo og nóga hlífð fyrir vætu og kulda. Ekki má skip, er fólk flytur, taka til flutnings jafnframt neina þá vöru, er illur þefur er af, eða hættu getur valdið fyrir heilsu farþega, heldur ekki púður nje eldspýtur þær, er af brennisteini eru gjörvar, nema hið minnsta, sem þörf er á fyrir sjálfa skipverja.

11. grein.

Ekki skal á útfaraskipum búa til rekkjupall fyrir fleiri en 3 fullorðna menn til að sofa eður hvílast í. Rekkja handa hverjum fullorðnum manni skal eigi minni vera að innanrúmi en 5,75 fets á lengd og 1,5 fets á breidd; eigi skal hafa rekkjupalla hvern nær öðrum, en svo, að í millum hverrar raðar sje tveggja feta breitt gangrúm. Ekki skal hafa fleiri en tvo rekkjupalla hvorn yfir öðrum, og skal tveggja feta bil vera frá botni hins neðra rekkjupalls upp að botni hins efra, og sömuleiðis frá botni hans upp undir þiljur tvö fet. Ætla skal $^1/_8$ af öllum rekkjum farþega fyrir sjúka menn, og skal bilið milli botnanna í þeim vera þrjú fet, og eins frá botni hinnar efri rekkjunnar upp undir þiljur; upp að botni þeirrar rekkjunnar, sem neðar er, skal vera 4 þuml. bil frá þiljum. Það segir sig sjálft, að jafnmörg þurfa rekkjustæði og fullorðnir menn eru með skipinu. Rjett er að telja hvern þann fullorðinn, sem er 14 ára og þaðan af eldri; tvö börn frá 1—14 ára jöfn einum fullorðnum. Börn yngri en ársgömul teljast ekki.

12. grein.

Útflutningastjóri skal gjöra skriflegan samning við sjerhvern útfara. Skal í samningi þessum skýrt frá því, frá hverjum stað og til hvers staðar útfarinn skuli fluttur, og svo frá kaupi því, sem greitt er eða greiða skal fyrir flutninginn; en auk þessa skal samningurinn hafa inni að halda nákvæma og itarlega skýrslu:

1. um tölu þeirra manna, sem fluttir skulu samkvæmt samningi þessum, fullt nafn þeirra, aldur, heimili þeirra hingað til, svo og stjett þeirra;

2. um leiðina, fargögn, og nær útfarinn eigi að leggja af stað á leið til þeirrar hafnar, þaðan sem ferðin hefst til annarar heimsálfu, um hvort hann verði fluttur ofanskips eða undir þiljum, og um það, hvernig sjeð verði um, að útfaranum verði komið fyrir og um viðurværi hans á sjálfri ferðinni, á þeim stöðum, er koma skal við á á leiðinni, og þeim stað, er leggja skal út frá;

3. um skipsútgjörðarmenn þá eða fjelag það, sem tekur að sjer flutninginn frá Norðurálfunni, og að svo miklu leyti, sem unnt er, um nafn á skipi því, sem skal haft til flutningsins, en að minnsta kosti hvort það sje seglskip eða gufuskip, hvar í skipinu útfaranum skuli komið fyrir, og um hvenær leggja eigi af stað frá Norðurálfunni;

4. um það hvort sá, sem tekur að sjer flutninginn, einnig takist á hendur að veita útfaranum fæði á leiðinni, og ef svo er, að hve miklu leyti; skal ávallt áskilið, að fæðið sje látið til tilbúið;

5. um það, hvort greiða skuli sjerstaka borgun fyrir flutning á munum útfarans bæði til þess staðar, er leggja skal út frá, og þaðan til hinnar heimsálfunnar, og

6. um það, hvernig sjeð sje um flutning útfarans lengra áleiðis, ef til þess skyldi koma, að skipinu hlekkist á og komist ekki alla leiðina.

Verði útfari fluttur beina leið frá Íslandi til Englands, til þess hann verði fluttur þaðan lengra áleiðis, og verði eigi landsettur í þeirri höfn á Englandi, er hann að síðustu skal fara frá, skal í samningnum gjört þeim, sem flytur útfarann, að skyldu, að flytja hann lengra áleiðis til þeirrar hafnar, þar sem hann á að ganga á skip, áður en dægur sje liðið frá því, að tollrannsókn á útfaranum er lokið á þeim stað, þar sem hann var settur á land, eða að minnsta kosti með hinni fyrstu venjulegu járnbrautarferð, sem fellur til þaðan eptir að tollrannsóknin er á enda.

Sje svo ákveðið í samningnum, að útfarar skuli vinna af sjer flutningskaup það,

sem samið er um, allt eða að nokkru leyti, þegar þeir eru komnir í aðra heimsálfu, er samningurinn ógildur, og sjerhver samningur, sem gjörður er um þetta við útfarann á annan hátt, skal eigi vera skuldbindandi fyrir hann, og bakar útflutningastjóranum hina mestu sekt, sem tiltekin er í 14. grein.

Erindisrekinn skal fá hlutaðeigandi lögreglustjóra í hendur samninginn, sem skal vera ritaður á íslenzku, og útlagður á ensku, ásamt með endurriti af honum. Eptir að lögreglustjórinn er genginn úr skugga um, að samningurinn fullnægi þeim ákvörðunum, sem þessi grein hefur inni að halda, sendir hann útfaranum frumritið, eptir að hann hefur ritað á það vottorð sitt.

Ákvörðununum í þessari grein má breyta, og setja ítarlegari reglur um innihald samninga þeirra, sem gjörðir eru milli útfara og erindsreka með konunglegri tilskipun.

13. grein.

Hafi útfari nokkra kæru að fram bera yfir því, að samningurinn hafi verið rofinn, skal það tafarlaust tilkynnt hinum næsta danska verzlunarfulltrúa erlendis. Verði eigi sætzt á málið fyrir milligöngu verzlunarfulltrúans, skal hann, eptir að hafa leitað nákvæmra upplýsinga, senda skýrslu um það, og skal landshöfðinginn á Íslandi þar eptir gjöra út um málið, þannig að útflutningastjóri er bundinn við þann úrskurð innan takmarka veðs þess, sem sett er, og svo framarlega sem ákveðið er í úrskurðinum, að erindsrekinn skuli greiða skaðabætur, sjer landshöfðingi um, að þær einnig verði goldnar af veðinu, að svo miklu sem það hrökkur til.

14. grein.

Mál, sem rísa af því, að brotið er gegn lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál, og ef harðari hegning eigi liggur við samkvæmt almennum lögum, varðar það 20—2000 króna sektum; þó má hækka hegninguna fyrir afbrot gegn 1. gr. þannig, að beitt verði einföldu fangelsi í 2 mánuði eða öðru fangelsi í samsvarandi tíma. Sektirnar renna í landssjóð.

Breytingaruppástungur
við frumvarp til laga um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, eins og það var samþykkt við aðra umræðu í neðri deild alþingis.

1. Við 7. gr. Að 4. málsliður: «Fyrir tilsjón með útflutningum — hlutaðeigandi lögreglustjóra», verði tekið úr þessari grein, og sett í sjerstaka grein aptan við 8. gr., og verði þar hin 9., og að greinatalan þar á eptir breytist því samkvæmt.
2. Við 8. gr., að síðasti málsliður: «Borga skal hann og fyrir rannsóknina samkvæmt 7. gr. í lögum þessum», falli burt.
3. Fyrirsögnin fyrir 9. gr.; «almennar ákvarðanir» falli þar burt, en verði sett fyrir framan 11. gr. (eða 12., ef breytingin við 7. grein verður samþykkt).

Alþingi, 3. ágúst 1875.

H. Kr. Friðriksson. Grímur Thomsen.
Tryggvi Gunnarsson. Snorri Pálsson.
Einar Ásmundsson. G Einarsson.
Jón Sigurðsson. Hjálmur Pjetursson.
Páll Pálsson, bóndi.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 29. fundi neðri deildar alþingis, 5. dag ágústmánaðar kom til þriðju umræðu frumvarp til laga um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, ásamt breytingaruppástungum frá 9 þingmönnum.

Framsögumaður (Páll prestur Pálsson) sagði, að mál þetta væri orðið svo fjarlægt stefnu nefndarinnar, að hann gæti ekki lengur haldið framsögu í því, og hann yrði fyrir sitt leyti að lýsa því yfir, að hann greiddi ekki atkvæði í því.

Því næst var gengið til atkvæða, þar eð engin varð umræða, og fjellu þau þannig:

1. Breytingaruppástunga hinna 9 þingmanna við 7. gr. samþykkt með 13 atkv. samhljóða.
2. Breytingaruppástunga hinna sömu við 8. gr. samþykkt með 13 atkv.

3. Breytingaruppástunga hinna sömu um fyrirsögnina fyrir 9. gr., samþykkt án atkvæðagreiðslu, og sömuleiðis breyting á greinatölunni og greinaskipuninni.
4. Frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt með 16 atkv. samhljóða.
5. Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Skyldi frumvarpið því næst sent efri deildinni.

FYRSTA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 31. fundi efri þingdeildarinnar 7. dag ágústmánaðar kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu málið um frumvarp til laga um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur (samþykkt af neðri deild alþingis á fundi 5. ágúst 1875).

Eiríkur Kúld sagði, að frumvarp þetta væri vel úr garði gjört, og hefði hann ekkert út á það að setja nema það eitt, er tekið væri fram í 10. og 12. grein um rúm það, er ætlað væri hverjum farþega, og vildi hann skjóta því til hins háttvirta 5. konungkjörna þingmanns, hvort það yrði álitið nægilegt. Sagði hann, að sjer þætti það kostur við frumvarpið, að það væri strangt; og vonaði hann, að málið gengi strax til 2. umræðu.

Sighvatur Árnason sagðist ekkert hafa á móti því, að slík lög, sem hjer væri að ræða um, væru ströng og vel tryggjandi fyrir þá, sem hlut eiga að máli, en menn yrðu þó að gæta þess, að þau eigi yrðu of ströng, því að það mundi einungis leiða til þess, að menn reyndu með öllu móti að fara utan við þau; það væri verið, sem sjer fyndist vera heldur hátt og fráfælandi, og vildi hann setja það niður um þriðjung.

Ásgeir Einarsson sagðist eigi geta sjeð, að við þetta væri of hátt sett, þar sem hjer væri um líf og heilsu manna að gjöra, og hefði hann sjeð, hvernig gengið hefði til á Sauðárkróki, en það hefði verið ljót saga, hefðu ekki velviljaðir menn skorizt í leikinn, og útvegað fólkinu segl til skýlis, þar sem mæður hefðu verið með veinandi börn á brjóstum undir beru lopti; það væri því gott að hafa tryggjandi lög í þessu tilliti.

Jón Hjaltalín sagðist ætla að svara spurningu þingmanns Barðstrendinga um það, hvort rúm það, er til tekið væri í 10. og 12. gr. gæti skoðazt sem nægilegt; hann hefði sjálfur aldrei verið á útflutningaskipum, en auðvitað væri það, að mest væri komið undir því, hvernig ventílatíónin væri, hvort loptstraumurinn endurnýjaðist eða væri innibyrgður, og kvaðst hann ætla, að rúm það, er hjer ræddi um, væri hið minnsta, er mætti vera.

Ásgeir Einarsson sagðist efast um, hvort mál þetta gæti fengið framgang á þessu þingi, ef farið væri að gjöra miklar breytingar við það, en það yrði hann að telja mjög óhappalegt, ef mál þetta fjelli niður að þessu sinni.

Stefán Eiríksson sagðist kunna vel við frumvarpið, að því leyti sem að það væri mjög mikil trygging í því fyrir þá, er flyttu af landi burt, en hann væri þó hálfhræddur um, að rúm það, er til tekið væri í 10. og 12. gr., væri hræðilega lítið, þar sem það væri ákveðið, að að eins væru 2 fet frá botni neðra rúms til botns efra rúms; hann gæti því ekki sjeð, að fullorðinn maður gæti setzt upp í rúmi sínu, og væri slíkt mjög óhagkvæmt.

Ólafur Pálsson sagðist vilja mæla með því, að mál þetta fengi sem vafningsminnstan framgang; það væri helzt af þeirri ástæðu, að með því móti yrði sem fyrst komið í veg fyrir hinar samvizkulausu aðfarir umboðsmanna útflutningafjelaga og annara, sem eggjuðu aðra til utanferðar og fegruðu allt fyrir þeim, án þess að þekkja hið minnsta til, að hverju þeir ættu að hverfa; það hefði jafnvel kveðið svo rammt að þessu, að hann hefði fundið það skyldu sína sem prestur, að aðvara fólk um það, að láta eigi narra sig út í loptið, sjálfum þeim til mesta tjóns og ógagns.

Torfi Einarsson sagði, að varla mundi málið græða á því, ef farið væri að breyta því og láta það ganga aptur til neðri mál-

stofunnar, því að þar hefði það með mestu hörku fengið framgang, og væri það því illa farið, ef það gengi þangað á ný, því varla mundi það þá batna mikið, ef vesturfara-postular þeir, sem þar væru bæði á bak og fyrir, fengju að meðhöndla það enn þá einu sinni.

Forseti bar þá undir atkvæði, hvort mál þetta skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði.

ÖNNUR UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 33. fundi efri þingdeildarinnar 10. dag ágústmán. kom samkvæmt dagsskránni til annarar umræðu frumvarp til laga um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur.

Þórður Jónasson sagði, að það þyrfti ekki að fara mörgum orðum um frumvarp þetta, því það væri veruleg rjettarbót, og væri vel úr garði búið af stjórninni, bæði þarft og nauðsynlegt; þessir útflutningar hefðu verið bundnir mörgum annmörkum, þar sem þessi mál eigi hefðu legið undir umsjón hins opinbera, heldur hefðu einstakir menn gjört sjer það að atvinnu að laða útfara til ferðar og lofað þeim, er fara vildu, gulli og grænum skógum, og þó stundum kannske lítið hefði verið haldið af því, sem lofað hefði verið, hefði eigi verið hægt, að fá neina uppreisn á því, sem miður var, en nú væri komin góð bót á þetta mál, og hefðu lög þessi tekið fyrir alla þá óreglu, sem komin hefði verið á það, þar sem hið opinbera nú ætti og ætlaði að vaka yfir því, að útfarar eigi yrðu aflagabornir eða fyrir illri meðferð; það yrði nú að vísu eigi sagt, hve tíðar þessar ferðir yrðu eptirleiðis, en hvað um það, þá væri þetta þó góð og æskileg rjettarbót og trygging fyrir útfara, sem ekki mundu hætta eptirleiðis, þó þeir ef til vildi yrðu færri en hingað til, og ætti stjórnin því beztu þakkir fyrir það, að hún hefði lagt frumvarp þetta fyrir þingið, og tekið í strenginn eins röksamlega og hún hefði hjer gjört.

Eiríkur Kúld sagðist hafa tekið það fram við fyrstu umræðu, að sjer þættu gallar við 10. og 12. gr. frumvarpsins, og hefði hann þá skotið því til hins háttvirta 5. konungkjörna þingmanns, hvort að hann eigi fyndi ástæðu til að gjöra breytingaruppástungu við greinir þessar, en þar sem hann, er þó væri manna færastur til að skera úr þessu, eigi hefði gjört þetta, þá kvaðst hann ætla að sætta sig við ákvarðanir þessar, og það einna helzt af því, að hann hefði heyrt, að hið sama væri haft á norskum útflutningaskipum. Hvað veðið snerti, þá hefði hann helzt viljað hafa það enn þá hærra en tiltekið væri, því ekkert væri sjer nógu strangt í því tilliti.

Jón Hjaltalín sagði, að sjer hefði helzt gengið það til, er hann eigi hefði gjört neina breytingu við þessar greinir, að eigi væri gott að fara að káka við þau frumvörp, sem annars væru góð og vel brúkanleg. Það mætti einnig vel una við ákvarðanir þessar, ef að nægileg ventílatíón væri, og einkum þegar lítið væri til þess, að hjer væri varla um meira að gjöra en 10—11 daga ferð. Að setja veðið hærra, væri varla gjörandi, því að það væri fullt svo hátt sem í öðrum löndum.

Jón Pjetursson sagði, að íslenzkan væri ekki alstaðar greinileg á frumvarpinu; það væri t. a. m. í 3. grein að stæði »leyfið«, í stað þess að það víst ætti að vera »samþykkið«, og væri það svo í danska textanum, kvaðst hann halda, að þessu mætti líklega breyta, án þess frumvarpið fyrir það þyrfti að ganga aptur til neðri deildarinnar, því það væri víst ritvilla.

Eiríkur Kúld sagði, að þetta væri alveg rjett, er hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður hefði sagt, en því mætti líklega breyta í hendi sjer, ef eigi neinn þingmaður vildi gjöra breytingaruppástungu í þá átt.

Jón Pjetursson sagðist hafa getið um þetta af því, að hann hefði talað við mann utanþings, er hefði misskilið það, og kynni það jafnvel að vera á fleiri stöðum, að sumt mætti misskilja.

Forseti sagði, að ef svo væri á fleiri

stöðum, yrði varla komizt hjá því að koma fram með breytingaruppástungur. Var því næst gengið til atkvæða í málinu, og fjell atkvæðagreiðsla þannig:

1. 1. grein frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.
2. 2. grein samþykkt með 9 atkvæðum.
3. 3. — — — 10 —
4. 4. — — — 10 —
5. 5. — — — 9 —
6. 6. — — — 10 —
7. 7. — — — 10 —
8. 8. — — — 9 —
9. 9. — — — 9 —
10. 10. — — — 9 —
11. 11. — — í einu hljóði.
12. 12. — — með 8 atkvæðum.
13. 13. — — — 9 —
14. 14. — — — 10 —
15. 15. — — — 10 —

Að frumvarpið þannig óbreytt gangi til 3. umræðu, samþykkt í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA

í efri deild alþingis.

Á 35. fundi efri þingdeildarinnar 12. dag ágústmán. kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu frumvarp til laga um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur. Umræðulaust var gengið til atkvæða í því máli og frumvarpið samþykkt í einu hljóði. Lýsti forseti þá því yfir, að það yrði afgreitt til landshöfðingja sem lög, og var það nú svo látandi:

LØG

um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur.

Um útflutningastjóra.

1. grein.

Enginn má koma fram sem útflutningastjóri, nema hann hafi fengið sjerstaklegt leyfi til þess. Sjerhver sá verður álitinn útflutningastjóri, sem á sjálfs síns eða annara kostnað tekst á hendur að annast um flutning útfara í aðrar heimsálfur. Engir aðrir en þeir, sem eru löggildir útflutningastjórar og umboðsmenn þeirra, mega gjöra samninga við útfara um slíkan flutning, eða bjóða fram milligöngu sína til þess, að gjöra slíka samninga. Samt skulu þessi lög eigi eiga við flutninga beina leið frá höfnum á Íslandi, ef útfarar þeir, sem vilja fara þaðan með einhverju skipi, eru allir frá sama heimili og þar hjá eigi fleiri en 10.

2. grein.

Leyfi það, sem með þarf samkvæmt 1. gr., verður að eins veitt mönnum, sem hafa óflekkað mannorð og eru orðnir fulltíða og sem eru búsettir á Íslandi og hafa haft þar fast heimili í 5 ár. Samt getur landshöfðingi veitt undanþágur frá því, sem akveðið er um þá tímalengd, er þeir skuli hafa verið heimilisfastir á Íslandi. Sje leyfið vanbrúkað, einkanlega til þess að tæla menn til útflutnings með ósönnum fortölum, getur yfirvald það, sem hefur veitt leyfið, tekið það aptur, hve nær sem vera skal.

Umboð til þess að koma fram fyrir hönd útflutningastjóra verður eigi veitt neinum, sem ekki fullnægir skilyrðum þeim, sem eptir því, sem sagt er að framan, útheimtast að því leyti, er snertir útflutningastjórann sjálfan. Útflutningastjóri hefur að öllu leyti ábyrgð á afbrotum umboðsmannsins gegn lögum þessum.

Um flutninga bein leið.

3. grein.

Landshöfðinginn einn getur veitt leyfi til þess að flytja útfara frá Íslandi beina leið í aðrar heimsálfur. Beiðninni um slíkt leyfi skal fylgja nákvæm skýrsla um nafn skipsins, sem á að hafa til flutningsins, tegund þess, stærð og fyrirkomulag, og um það, hve marga útfara megi taka á skipið. Áður en leyfið er veitt, getur landshöfðingi sett þau skilyrði og heimtað það veð, sem hann álítur nauðsynlegt til tryggingar útförunum.

Landshöfðinginn skýrir lögreglustjóranum á þeim stað, er honum er sagt að skipið eigi að leggja frá, frá leyfinu og þeim skilyrðum, sem það er bundið. Án skriflegs samþykkis lögreglustjórans má eigi afgreiða

skipið til útsiglingar. Áður en samþykkið er veitt, skal lögreglustjóri ganga úr skugga um, að skilyrðunum sje nákvæmlega fullnægt, og að þeir útfarar, sem tekið er við á skipið, hafi löggilda samninga.

Um flutninga, sem eigi ganga beina leið.

4. grein.

Leyfi til þess, að takast á hendur flutning útfara yfir hafnir í Norðurálfunni, veitir lögreglustjórinn á þeim stað, þar sem sá er búsettur, er sækir um leyfið.

Sá, sem sækist eptir slíku leyfi, skal segja til, hvort hann ætli að reka erindi fyrir sjálfan sig eða í umboði annara; sje svo, skal hann sýna fram umboðsskrá sína frá útflutningsfjelagi því eða skipsútgjörðarmönnum, sem hann kemur fram fyrir, og fá lögreglustjóra í hendur eitt exemplar af fjelagslögunum eða þeim reglum, er almenningi hefur verið skýrt frá að þeir ætli að fylgja.

5. grein.

Áður en leyfið er veitt, verður sá, sem í hlut á, að setja veð eptir nákvæmari ákvörðun lögreglustjóra, sem sje að minnsta kosti 6,000 kr. og allt að því 20,000 kr., annaðhvort á þá leið, að annar maður, sem þykir áreiðanlegur, ábyrgist, eins og hann sjálfur ætti í hlut, eða með því að láta af hendi skuldabrjef sem geymslufje. Þegar til taka skal upphæðina, skal sjerstaklega tekið tillit til þess, hvort erindsrekinn ætlar að fá leyfi til að flytja útfara lengra áleiðis, en til þess staðar, þar sem lenda á skipinu í annari heimsálfu, og ef svo er, má eigi til taka minni upphæð en 14,000 kr. Veðið er til tryggingar fyrir öllum þeim skyldum, sem erindsrekinn hefur sjer gagnvart útförunum, eða ef brotið er gegn því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, og hvernig sem á stendur, verður veðið eigi heimtað aptur, fyr en eitt ár er liðið, frá því að erindsrekinn hætti við þessi störf.

Í hvert skipti, sem lögreglustjóri veitir slíkt leyfi, skal hann skýra landshöfðingja frá því og frá, hvernig veði því, sem sett er, er varið, og svo upphæð þess, og má leggja undir úrskurð hans allar þær spurningar, sem snerta veiting á leyfi því, sem verið er að ræða um.

Bæði landshöfðingi og lögreglustjórinn geta hvenær sem vera skal krafizt þess, að veð það, sem sett er, verði fært upp í hina hæstu upphæð, sem getið var að framan.

6. grein.

Ætli útflutningastjóri að hafa um hönd störf þessi annarstaðar en þar, sem hann er búsettur, skal skýra þeim lögreglustjóra frá því, sem hefur veitt leyfið, og skal þar að auki sýna það lögreglustjórunum á þeim stöðum, þar sem áformað er að nota það.

Umboð handa öðrum til þess að koma fram fyrir hönd erindsrekans skal vera skriflegt, og eptir að lögreglustjórinn, sem veitt hefur erindsrekanum leyfið, hefur ritað vottorð sitt á umboðsskrána, skal hún sýnd lögreglustjórunum á sjerhverjum þeim stað, þar sem hana á að nota.

7. grein.

Öll skip, að hinu konunglega póstgufuskipi einu undan teknu, er fluttir eru á útfarar frá höfnum á Íslandi til hafna í Norðurálfunni, skulu vera undirgefin umsjón lögreglustjórnarinnar, og má eigi taka útfara á skip, fyr en lögreglustjórinn á þeim stað, er skipið leggur út frá, hefur gefið skriflegt leyfi til þess.

Áður en leyfi þetta verður veitt, skal lögreglustjóri ganga úr skugga um, að skipið sje hentugt til þess augnamiðs, sem til er ætlazt, sumpart með því að láta menn, sem vit hafa á, undir sinni tilsögn halda skoðunargjörð, sumpart með því að rannsaka skoðunarskírteini þau, sem gefin eru út á þeim stað, þar sem skipið á heima, en skírteini þessi gilda þó eigi lengur en eitt ár frá því, að þau eru gefin út.

Í leyfinu skal nákvæmar til tekið, hve marga útfara megi taka á skipið, og má setja þar þær nákvæmari reglur, sem nauðsyn þykir á að segja fyrir um að því leyti, er snertir tilhlýðilega meðferð á útförunum.

Útflutningastjóri sá, er í hlut á, tekur

þátt í ábyrgðinni á því, að enginn útfari, sem hann hefur tekið að sjer að flytja, verði látinn ganga á nokkurt skip, sem ákvörðun sú, sem hjer er sett, á við, fyr en leyfi það, sem með þarf handa skipinu, er útvegað.

8. grein.

Áður en útflutningaskip leggur af stað frá Íslandi, skulu bæði skipverjar og farþegar rannsakaðir af lækni, er lögreglustjórinn fær til þess, skal hann ganga úr skugga um, að hvorugir sjeu veikir af neinni næmri sótt, er valda má faraldri; og enginn af farþegunum svo sjúkur eður heilsutæpur, að álíta megi, að hann sje ekki ferðafær. Útflutningastjóri skal ábyrgjast, að allir menn á skipinu gefi sig fram til læknis rannsóknar.

9. grein.

Fyrir tilsjón með útflutningum skal lögreglustjóra og lækni greiðast 20 krónur hvorum fyrir hvert útflutninga-skip, er þeir skoða, en þurfi þeir að verja lengri tíma en einum degi til þessa, þá skulu þeim þar að auki greiðast 6 krónur um hvern dag. Hin sömu daglaun bera skoðunarmönnum þeim, er lögreglustjóri kveður til að gjöra skoðunina með sjer, og skal útflutningastjóri greiða kostnað þann allan, er af skoðunargjörðinni leiðir, og fá í hendur hlutaðeigandi lögreglustjóra.

10. grein.

Rúm það, er hverjum farþega á útflutningaskipi er ætlað, má eigi minna vera en 12 □ fet, ef það er á efri miðþiljum, eða í lypting á efstu þiljum, og eigi minna en 30 □ fet, sje það á neðri miðþiljum (Banjerdæk). Skal þetta rúm ætt af öllu öðru, en rekkjum farþega, fötum þeirra og öðru, er þeir nauðsynlega þurfa að hafa við hönd á ferðinni. Sjerstök svefnherbergi skulu höfð fyrir ógiptar konur, og önnur fyrir ókvænta menn, og skal það ekki haft saman. Sje skipið fermt kaupvöru jafnframt og það flytur fólk, skal að minnsta kosti vera 6 feta bil frá yfirborði farmsins til yfirþilja farþegarúmsins.

11. grein.

Rúm það, er farþegum er áskilið í næstu grein hjer á undan, skal vera svo, að það veiti farþega nóg lopt og birtu, svo og nóga hlíf fyrir vætu og kulda. Ekki má skip, er fólk flytur, taka til flutnings jafnframt neina þá vöru, er illur þefur er af, eða hættu getur valdið fyrir heilsu farþega, heldur ekki púður nje eldspýtur þær, er af brennisteini eru gjörvar, nema hið minnsta, sem þörf er á fyrir sjálfa skipverja.

12. grein.

Ekki skal á útfaraskipum búa til rekkjupall fyrir fleiri en 3 fullorðna menn til að sofa eða hvílast í. Rekkja handa hverjum fullorðnum manni skal eigi minni vera að innanrúmi en 5,75 fets á lengd og 1,5 fets á breidd. Eigi skal hafa rekkjupalla hvern nær öðrum en svo, að í millum hverrar raðar sje tveggja feta breitt gangrúm. Ekki skal hafa fleiri en tvo rekkjupalla hvorn yfir öðrum, og skal tveggja feta bil vera frá botni hins neðri rekkjupalls upp að botni hins efra; og sömuleiðis frá botni hans upp undir þiljur tvö fet. Ætla skal $^1/_6$ af öllum rekkjum farþega fyrir sjúka menn, og skal bilið milli botnanna í þeim vera þrjú fet, og eins frá botni hinnar efri rekkjunnar upp undir þiljur; upp að botni þeirrar rekkjunnar, sem neðar er, skal vera 4 þuml. bil frá þiljum. Það segir sig sjálft, að jafnmörg þurfa rekkjustæði og fullorðnir menn eru með skipinu. Rjett er að telja hvern þann fullorðinn, sem er 14 ára og þaðan af eldri; tvö börn frá 1—14 ára jöfn einum fullorðnum. Börn yngri en ársgömul teljast ekki.

Almennar ákvarðanir.

13. grein.

Útflutningastjóri skal gjöra skriflegan samning við sjerhvern útfara. Skal í samningi þessum skýrt frá því, frá hverjum stað og til hvers staðar útfarinn skuli fluttur, og svo frá kaupi því, sem greitt er eða greiða skal fyrir flutninginn; en auk þessa skal samningurinn hafa inni að halda nákvæma og ítarlega skýrslu:

1. um tölu þeirra manna, sem fluttir skulu samkvæmt samningi þessum, fullt nafn þeirra, aldur, heimili þeirra hingað til, svo og stjett þeirra;

2. um leiðina, fargögn, og nær útfarinn eigi að leggja af stað á leið til þeirrar hafnar, þaðan sem ferðin hefst til annarar heimsálfu, um hvort hann verði fluttur ofanskips eða undir þiljum, og um það, hvernig sjeð verði um, að útfaranum verði komið fyrir og um viðurværi hans á sjálfri ferðinni, á þeim stöðum, er koma skal við á á leiðinni, og þeim stað, er leggja skal út frá;

3. um skipsútgjörðarmenn þá eða fjelag það, sem tekur að sjer flutninginn frá Norðurálfunni, og að svo miklu leyti, sem unnt er, um nafn á skipi því, sem skal haft til flutningsins, en að *minnsta kosti* hvort það sje seglskip eða gufuskip, hvar í skipinu útfaranum skuli komið fyrir, og um hvenær leggja eigi af stað frá Norðurálfunni;

4. um það, hvort sá, sem tekur að sjer flutninginn, einnig takist á hendur að veita útfaranum fæði á leiðinni, og ef svo er, að hve miklu leyti; skal ávallt áskilið, að fæðið sje látið til tilbúið;

5. um það, hvort greiða skuli sjerstaka borgun fyrir flutning á munum útfarans bæði til þess staðar, er leggja skal út frá, og þaðan til hinnar heimsálfunnar, og

6. um það, hvernig sjeð sje um flutning útfarans lengra áleiðis, ef til þess skyldi koma, að skipinu hlekkist á og komist ekki alla leiðina.

Verði útfari fluttur beina leið frá Íslandi til Englands, til þess hann verði fluttur þaðan lengra áleiðis, og verði eigi landsettur í þeirri höfn á Englandi, er hann að síðustu skal fara frá, skal í samningnum gjört þeim, sem flytur útfarann, að skyldu, að flytja hann lengra áleiðis til þeirrar hafnar, þar sem hann á að ganga á skip, áður en dægur sje liðið frá því, að tollrannsókn á útfaranum er lokið á þeim stað, þar sem hann var settur á land, eða að minnsta kosti með hinni fyrstu venjulegu járnbrautarferð, sem fellur til þaðan, eptir að tollrannsóknin er á enda.

Sje svo ákveðið í samningnum, að útfarar skuli vinna af sjer flutningskaup það, sem samið er um, allt eða að nokkru leyti, þegar þeir eru komnir í aðra heimsálfu, er samningurinn ógildur, og sjerhver samningur, sem gjörður er um þetta við útfarann á annan hátt, skal eigi vera skuldbindandi fyrir hann og bakar útflutningastjóranum hina mestu sekt, sem tiltekin er í 15. grein.

Erindsrekinn skal fá hlutaðeigandi lögreglustjóra í hendur samninginn, sem skal vera ritaður á íslenzku og útlagður á ensku, ásamt með endurriti af honum. Eptir að lögreglustjórinn er genginn úr skugga um, að samningurinn fullnægi þeim ákvörðunum, sem þessi grein hefur inni að halda, sendir hann *útfaranum frumritið, eptir* að hann hefur ritað á það vottorð sitt.

Ákvörðununum í þessari grein má breyta, og setja ítarlegri reglur um innihald samninga þeirra, sem gjörðir eru milli útfara og erindsreka með konunglegri tilskipun.

14. grein.

Hafi útfari nokkra kæru að fram bera yfir því, að samningurinn hafi verið rofinn, skal það tafarlaust tilkynnt hinum næsta danska verzlunarfulltrúa erlendis. Verði eigi sætzt á málið fyrir milligöngu verzlunarfulltrúans, skal hann, eptir að hafa leitað nákvæmra upplýsinga, senda skýrslu um það, og skal landshöfðinginn á Íslandi þar eptir gjöra út um málið, þannig, að útflutningastjóri er bundinn við þann úrskurð innan takmarka veðs þess, sem sett er, og svo frámarlega sem ákveðið er í úrskurðinum, að erindsrekinn skuli greiða skaðabætur, sjer landshöfðingi um, að þær einnig verði goldnar af veðinu, að svo miklu, sem það hrökkur til.

15. grein.

Mál, sem rísa af því, að brotið er gegn lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál, og ef harðari hegning eigi liggur við samkvæmt almennum lögum, varðar það 20—2000 króna sektum, þó má hækka hegninguna fyrir afbrot gegn 1. gr. þannig, að beitt verði einföldu fangelsi í 2 mánuði, eða öðru fangelsi í samsvarandi tíma. Sektirnar renna í landssjóð.

V.
FRUMVARP
til laga fyrir Ísland um skipaströnd.

1. grein.

Sjerhver af þegnum konungs, sem verður var við, að skip sje í hættu, eða að strandað góz reki upp á ströndina, er skyldur að gjöra allt það, sem í hans valdi stendur, til þess að bjarga mönnum og gózi, og skal hann sjer í lagi tafarlaust tilkynna hlutaðeiganda hreppstjóra ófarir þær, sem orðið hafa, eða óttast má.

2. grein.

Hreppstjórinn skal tilkynna hlutaðeiganda lögreglustjóra það tafarlaust, þegar strand hefur orðið, og má til þessa hafa skyndiboða, og greiða kostnaðinn við það af því, sem bjargað er af strandinu.

Á sama hátt skal lögreglustjórinn þegar í stað senda amtmanni skýrslu, ef ekki er meira en tveggja daga ferð milli heimilis hans og lögreglustjórans; að öðrum kosti skal slík tilkynning gjörð með fyrstu ferð, sem fyrir fellur.

3. grein.

Jafnskjótt og lögreglustjóri hefur fengið tilkynning þá, sem nefnd er í næstu grein á undan, um, að skip sje strandað, skal hann tafarlaust fara til þess staðar, þar sem strandið hefur orðið, og gjöra þar ráðstafanir þær, sem með þarf til þess bjargað verði á sem hagfellidastan hátt; skal hann og einlægt vera við, á meðan verið er að bjarga, og bóka allt það, sem þá fer fram.

Ef lögreglustjóri annaðhvort sökum annara starfa, sem eigi verður frestað, eða sjúkleika getur ekki viðstöðulaust farið til þess staðar, þar sem strandið hefur orðið, skal hann þegar í stað senda mann þangað í umboði sínu, sem á hans ábyrgð skal framkvæma störf þau, sem honum bar að leysa af hendi með tilliti til strandsins, þangað til hann sjálfur getur komið.

Þangað til lögreglustjóri eða umboðsmaður hans kemur til strandsins, skal hreppstjórinn fyrir hönd lögreglustjórans gjöra allar þær ráðstafanir, sem með þarf til þess að bjarga hinu strandaða skipi, mönnum eða gózi, og þar til hreppstjóri getur komið til strandsins, er hið sama skylda annara, sem þar eru við staddir; en þá skal samt ávallt þess gætt, að ekkert sje gjört, sem hindri yfirvaldið, þá er það kemur, í því að rannsaka málið og fá vissu fyrir, að engu sje stangið undir stól.

Ef aptur á móti parta af skipum, sem hafa orðið fyrir tjóni annarstaðar, eða nokkuð af farmi þeirra rekur upp á ströndina, ákveður lögreglustjórinn, jafnskjótt og honum hefur borizt tilkynning um það, hvort nauðsynlegt sje, að hann fari sjálfur til strandsins, og að öðrum kosti segir hann fyrir, eins og með þarf, hvernig fara skuli með hið strandaða góz. Á meðan ekki er sagt fyrir um það, skal ekki gjöra frekara við gózið, en brýn nauðsyn er til, til þess að bjarga því.

4. grein.

Á meðan skipstjórnarmaður eða annar, sem er í hans stað, er við, má enginn undir því yfirskyni, að veita honum hjálp, bjarga nokkru móti vilja hans; en ef hjálpar er leitað annaðhvort með merki eða á annan hátt, skal hún mótmælalaust látin honum í tje; samt verður það enn að vera undir honum komið, hvort hann vilji semja um það við einstaka menn (7. grein), eða fela yfirvaldinu, að annast um, að bjargað sje. Sömuleiðis geta þeir eigendur, sem hafa rjettar heimildir, hve nær sem vera skal látið afhenda sjer skip það og góz, sem bjargað er, þegar þeir sjálfir eða umboðsmenn þeirra krefjast þess, ef þeir annaðhvort ná samkomulagi við hlutaðeigendur um bjarglaun og kostnað, eða ef lögreglustjóri álítur, að nægilega sje boðið, og nægt veð verður sett til tryggingar því, að það verði goldið, jafnskjótt og hlutaðeigendur vilja taka við því.

5. grein.

Venjulega skulu allir karlmenn af alþýðu, sem til þess eru færir, vera skyldir að koma til þess að bjarga, þegar hreppstjóri eða aðrir, sem í hlut eiga, mælast til þess. Einnig skulu þeir, sem eiga báta, hesta og

áhöld, sem á þarf að halda við björgunina, láta það allt til, og, ef þess þarf, geta yfirvöldin (þar með og talinn hreppstjórinn) heimtað, að það sje látið til.

6. grein.

Sje hvorki skipstjórnarmaður nje stýrimaður með hinu strandaða skipi eða gózi, og hafi heldur enginn annar umboð eigenda til þess að sjá um hagsmuni þeirra, svo og ef hlutaðeigendur fela yfirvaldinu að annast um björgunina (sbr. 4. grein), skal lögreglustjóri ákveða borgun þá, sem eptir sanngirni ber þeim, sem björguðu, fyrir ómak þeirra og fyrirhöfn; samt skal þeim, sem hlut eiga í strandinu, og eru við eða koma að, heimilt að skjóta ákvörðun lögreglustjóra um þetta undir úrslit hlutaðeigandi amtmanns.

Þegar ákveða skal bjarglaun, verður að taka tillit til allra sjerstaklegra atvika við strandið, sem hafa getað gjört mönnum hægra eða örðugra fyrir að bjarga. Venjulega skal veita öllum bjargendum hæfileg daglaun, eptir því, hvernig á stendur, fyrir þann tíma, sem þeir eru við björgunina samkvæmt tilhluton yfirvaldsins eða annara, sem í hlut eiga; en eins og þar að auki má hækka hæfilega daglaun þeirra bjargenda, sem annaðhvort hafa sýnt sjerlegan dugnað og atorku, eða sem hefur verið stofnað í sjerstaklega hættu, þannig má og veita hreppstjórunum eða þeim, sem yfirvaldið kann að fela á hendur yfirumsjón við björgunina, hærri borgun, sem sje samsvarandi atorku þeirra og dugnaði, en samt eigi meira en tvöfalt við daglaun þau, sem venjulega eru veitt bjargendum. Auk daglaunanna skal einnig veita bjargendum endurgjald fyrir kostnað þann, sem þeir kunna að hafa haft við björgunina, og sömuleiðis skal greiða þeim, sem hafa látið til báta, hesta, kaðla og önnur áhöld til afnota við björgunina, hæfilega borgun, sem skal ákveðin á sama hátt og bjarglaunin. Það, sem skipbrotsmenn sjálfir eiga af bátum, köðlum og öðrum áhöldum, sem nota má við björgunina, skulu þeir ávallt láta af hendi til þessa.

Ef kringumstæðurnar leyfa, að gjörður verði samningur um björgun á skipi og gózi, án þess að miða borgunina við daglaun, er lögreglustjóra heimilt að gjöra slíkan samning; samt má í þessu tilfelli allur bjargkostnaðurinn eigi fara fram yfir þriðjung af andvirði þess, sem bjargað er, og má eigi gjöra samninginn án samþykkis skipstjórnarmanns, eigandans eða annara, sem eiga hlut í strandinu, að svo miklu leyti sem þeir eru við.

7. grein.

Þegar skipstjórnarmaður eða sá, sem er í hans stað, semur um björgun, skal gjöra samninginn eða gangast undir hann í viðurvist lögreglustjóra, og skal hann leiða athygli skipstjórnarmanns eða þess, sem er fyrir hans hönd, að því, að hann eigi þurfi að láta undan kröfum hlutaðeiganda, þar lög heimila honum kost á björgun fyrir sanngjarna borgun (6. grein); sömuleiðis skal lögreglustjóri með berum orðum vara þann við, sem í hlut á, þegar borgun sú, sem samið er um, ber með sjer, að hún sje ósanngjörn. Svo skal og leiða athygli skipstjórnarmanns að því, ef það ríki, sem hann er úr, hefur umboðsmann þar nálægt, sem strandið hefur orðið, að hann geti leitað ráða og leiðbeiningar hjá honum, áður en hann gjörir samninginn. Lögreglustjóri verður að sjá um, að samningurinn verði gjörður, og að samræðurnar við skipstjórnarmann fari fram á því tungumáli, sem hann skilur. Þegar skipstjórnarmaður eða sá, sem er í hans stað, síðan lýsir því yfir, að hann vilji að samningurinn verði staðfestur, og ef eigi er neitt það atvik, sem bendir til, að hann hafi breytt ófyrirsynju, og virðist heldur ekki vera nein ber ósanngirni í þeirri ákvörðun um borgun, sem hann hefur gengizt undir, skal gjöra samninginn að fullu og öllu, og rita á hann vottorð lögreglustjórans um það, sem þannig hefur fram farið, og verður samningurinn þar eptir skuldbindandi samkvæmt hinum almennu reglum laganna um gildi samninga. Sje björgunarsamningur gjörður, án þess að farið sje eptir því, sem þannig er fyrir mælt, getur skipstjórnarmaður eða hver annar, sem á að gæta hagsmuna eigandans, mótmælt borgun.

þeirri, sem ákveðin er í samningnum, og heimtað, að hún verði ákveðin á þann hátt, sem fyrir er mælt um í 6. gr. Aptur á móti eru bjargendur bundnir við samninginn, þótt tjeður annmarki sje á honum, ef eigendurnir eða fulltrúi þeirra vilja, að hann haldist. Að öðru leyti má eigi fresta björgun, þótt mönnum komi ekki saman um bjarglaunin, heldur skal samt sem áður tafarlaust láta í tje þá hjálp, sem með þarf, og skal þá, ef eigi síðan verður gjörður samningur, ákveða bjarglaunin samkvæmt 6. grein.

8. grein.

Nema því að eins að þess þurfi ekki, sökum þess að gjörður er löglegur samningur um björgun, skal yfirvaldið sjá um, að allt, sem gjört verður til þess að bjarga skipshöfninni, skipi og gózi, sje framkvæmt svo fljótt, sem unnt er, og á þann hátt, sem bezt á við eptir því, hvernig á stendur. Sjeu líkur til, að skipinu verði komið af grunninum, og að það verði gjört aptur haffært, skal yfirvaldið og bjargendur sjer í lagi kosta kapps um það. Verði þessu eigi við komið, skal fyrst og fremst bjarga öllum skipaskjölum og varðveita þau; af gózinu skal sjer í lagi fyrst bjarga því, sem mest er vert. Það, sem bjargað er, skal flytja þangað, þar sem eigi er hætt við að það taki út, og að öðru leyti skal gjöra þær ráðstafanir, til þess að bjarga gózinu og varðveita það, þangað til uppboð verður haldið, sem yfirvaldinu virðast hagfellidastar í hverju einstöku tilfelli eptir því, hvernig á stendur yfir höfuð. Til þess að varðveita gózið, getur yfirvaldið vísað mönnum á kirkjulopt, sem til þess verða höfð, eða auð hús einstakra manna, sem eigi geta skemmzt við það, og ef mönnum kemur ekki saman, skal ákveða geymsluhúsaleigu á sama hátt og annan bjargkostnað (6. gr.). Ef það, sem bjargað er, eigi verður varðveitt á þennan hátt, skal setja áreiðanlegan vörð, til þess því eigi verði stolið eða það dregið undan. Þegar ráða skal varðmenn, verður samt að sýna tilhlýðilega sparsemi eins og við sjerhverja aðra ráðstöfun, sem snertir björgun, og má því ekki setja fleiri varðmenn, en nauðsyn krefur.

9. grein.

Ef skipbrotsmenn eigi sjálfir geta útvegað sjer gegn sanngjarnri borgun húsnæði, mat og aðrar nauðsynjar, þar á meðal tilhærilega aðhjúkrun á sjúkum, skal yfirvaldið sjá um, að þeim verði komið fyrir, og útvegað það, sem þeir þurfa með, fyrir sanngjarnt verð, sem yfirvaldið ákveður. Sömuleiðis sjer yfirvaldið um greptrun dáinna manna af skipinu, og skal hún gjörð með svo mikilli sparsemi, sem verða má, ef ekki er annað fyrir höndum til þess, en það, sem bjargað hefur verið, og skipstjórnarmaður eða aðrir, sem í hlut eiga, ekki heimta, að útförin sje gjörð nokkuð viðhafnarmeiri, gegn því, að þeir sjálfir borgi kostnaðaraukann við þetta.

Svo skal og yfirvaldið sjá um, að skipbrotsmenn verði sendir heim, þegar eigi lengur er þörf á, að þeir sjeu viðstaddir við strandið, og þeir eigi sjálfir hafa fararbeina, en hjer skal einnig gæta hinnar mestu sparsemi. Verði skipbrotsmenn annaðhvort vegna árstímans eða fyrir aðrar sakir eigi þegar sendir heim, og ef eigi er þar í nánd umboðsmaður fyrir hina framandi þjóð, sem þeir eru af, eða neinn annar, sem getur tekið þá að sjer, skal lögreglustjóri sjá um, að þeim í bráð verði komið fyrir á hæfilegan hátt. Ef það, sem bjargað er, hrökkur eigi til kostnaðarins bæði við þetta og strandið yfir höfuð, skal lögreglustjóri leggja út í bráð það, sem á vantar gegn endurgjaldi úr landssjóðnum.

10. grein.

Strandbókin, sem lögreglustjóri skal færa samkvæmt 3. grein, skal bera með sjer dag og stund, er honum var tilkynnt strandið, hver hafi fært honum boðin um það, og dag og klukkustund, er hann samkvæmt þeim hafi komið til strandsins; svo skal og þar skýrt frá, hvar skipið og gózið var, og frá ástandi þess, þegar hann kom að, hvort skipstjórnarmaður, skipverjar eða farþegar hafi verið með skipinu, og nöfn þeirra tilgreind. Svo skal og halda próf yfir þeim, sem í hlut eiga,

og bóka það, hvenær og hvar fyrst varð vart við strandið, og af hverju það hafi orsakazt, og að öðru leyti allt annað, sem getur orðið til upplýsingar um aðgjörðir þeirra, sem hlut eiga að máli, eða um það, hver skipið eigi og hvað um mennina hafi orðið, sem á skipinu voru, o. s. frv. Enn fremur skal í bókina rita skýrslu um, hverjar ráðstafanir gjörðar hafi verið til þess að bjarga, áður en lögreglustjórinn kom að, t. a. m. hvað margir menn hafi verið fengnir til þess að bjarga og halda vörð, hverjir bátar og önnur áhöld hafi verið viðhöfð o. s. frv.; svo skal og bóka ályktanir þær, sem lögreglustjóri gjörir í þessu tilliti, til þess að koma björgun við eða halda henni áfram. Svo skal og skrifa upp allt það góz, sem bjargað er, og skýra frá því svo nákvæmlega, sem unnt er. Að endingu skal geta alls þess í strandbókinni, sem að öðru leyti fram fer, og sem annaðhvort getur haft áhrif á rjettindi eigandanna og bjarganda innbyrðis, eða orðið ábyrgðarhluti einhvers.

Lögreglustjórinn skal hafa svo nákvæma tilsjón, sem verður, með því, að flutt verði burt það, sem bjargað er, því komið fyrir og það varðveitt samkvæmt því, sem hann hefur af ráðið, og verði grunur um, að nokkru sje stungið undir stól af því, sem bjargað er, eða að einhver önnur óregla með tilliti til þess hafi átt sjer stað, skal rita rannsóknir þær, sem haldnar verða um þetta til bráðabyrgða, í strandbókina. Hún skal einnig hafa inni að halda þær umræður, sem fram hafa farið, til þess að fullnægja því, sem fyrir er mælt í 7. gr., og ef bjargsamningur hefur verið gjörður, skal geta þess.

11. grein.

Til gjörða þeirra, sem að framan eru nefndar, má hafa hina venjulegu lögreglubók; en sje hún eigi við, má búa til sjerstaka bók til afnota við einstakt strand; í bók þessa skal lögreglustjóri sjálfur rita blaðsíðutal, gegnumdraga hana og setja á innsigli, og skal síðan leggja hana fyrir amtmann, til þess hann rannsaki hana og riti á hana vottorð sitt.

Í hvert skipti, sem hætt er að bóka, skal eigi að eins lögreglustjóri rita nafn sitt í bókina, heldur einnig skipstjórnarmaður, hreppstjórinn og tveir hinir helztu af bjargendum; svo skulu og einnig vottar þeir skrifa undir, sem verið hafa til staðar við rannsóknir þær, sem hafa verið gjörðar, til þess að komast fyrir afbrot þau, sem orðið hafa. Ef lögreglustjóri og skipstjórnarmaður eða sá, sem er fyrir hans hönd, ekki geta skilið hvor annan, skal, ef því verður við komið, hafa tvo lögfasta votta, sem kunna málin svo nægir, til þess að koma þeim í rjettan skilning, og skulu þessir vottar þá einnig rita nöfn sín undir í bókina; skal hún, áður skrifað er undir, lesin upp greinilega, og öllum hlutaðeigendum gefinn kostur á að hlýða á það, sem lesið er upp.

Strandgjörðina má eigi leiða til lykta, fyr en búið er að spyrja alla, sem í hlut eiga, hvort þeir viti af nokkru, sem enn eigi að bjarga, og lögreglustjórinn sjálfur hefur ritað vottorð sitt í bókina um, að hann hafi ekki getað fundið neitt annað, sem bjarga skyldi, en það sem gjörðin hefur inni að halda.

12. grein.

Lögreglustjórinn skal sjá um, að öllum óviðriðnum mönnum, sem koma til strandsins, verði vísað burt; svo skal hann og vísa burt þeim bjargendum, sem gjöra sig óhæfa til þess starfs sökum ofdrykkju, ófriðar og ótrúmennsku. Svo skal hann og taka þá fasta, sem ekki vilja fara með góðu, þá er þeim er vísað burt, og skal hann draga þá fyrir dóm fyrir mótþróa þeirra (sbr. 28. gr. c). Hann sker einnig úr öllum þrætum, sem rísa af framkvæmdunum við björgunina, og úrskurð þann, sem hann kveður upp munnlega, skal síðar bóka.

13. grein.

Lögreglustjóri skal sjá um, að matvæli þau og drykkjarföng, sem eru skemmd af strandinu, þá er þeim verður bjargað, og sem ef til vill kynnu að vera skaðvæn fyrir heilsu manna, verði rannsökuð, annaðhvort af næsta hjeraðslækni, eða ef hann getur ekki komið, af tveimur mönnum, sem vit hafa á; skulu

þeir þá láta uppi álit sitt um, hvort nota megi vörurnar að eins með tilteknum sjerstaklegum skilyrðum, eða hafa þær til einhverra sjerstakra afnota, án þess að skaði hljótist af, og ef svo er, má að eins selja vörurnar með því skilyrði, að það verði gjört kaupendum að skyldu, að verja þeim ekki til annars; skal lögreglustjórnin sjá um, að þessu verði hlýtt, og sje brotið gegn því, skal hegna þeim, sem í hlut eiga, með því að gjöra vörurnar upptækar, og eptir því, sem á stendur, með hæfilegri sekt, er rennur í landssjóðinn. Verði vörurnar ekki gjörðar upptækar, skal dæma þann, sem í hlut á, í hærri sekt að tiltölu, og fellur hún til sama sjóðs. Verði vörurnar ekki notaðar, nema heilsu manna sje hætta búin, skal eyða þeim undir umsjón lögreglustjóra sjálfs eða eptir boði hans með umsjón tveggja áreiðanlegra manna, sem hann skipar til þess.

14. grein.

Þegar óttast má, að næmur eða pestkynjaður sjúkdómur kunni að koma í landið með skipbrotsmönnum eða strönduðu gózi, skal lögreglustjóri sjá um, að farið sje eptir reglum þeim, sem settar eru fyrir Ísland eða kunna að verða settar, til þess að stemma stigu fyrir útbreiðslu þess konar sjúkdóma.

15. grein.

Sje brennivín eða aðrar vörur, sem tollur skal greiða af samkvæmt tilsk. 26. febr. 1872, meðal þess, sem bjargað er, skal lögreglustjóri sjá um, að goldinn verði af þeim tollurinn.

16. grein.

Sje annaðhvort hætt við, að það góz, sem bjargað er, skemmist, ef það er geymt, eða líkindi sjeu til, að það að öðru leyti fyrir þá sök falli svo mjög í verði eða hafi svo mikinn kostnað í för með sjer, að það sje óhagur fyrir þá, sem í hlut eiga, að gózið sje látið liggja fyrir, skal selja það við opinbert uppboð, svo fljótt sem verða má.

Sömuleiðis má selja við bráðabyrgðaruppboð nokkurn hluta af því, sem bjargað er, til þess að útvega það fje, sem þarf til útgjalda, sem upp á koma og eigi verður frestað, ef ekki fæst fje til láns, eða að eins með svo þungum skilmálum, að öllum hlutaðeigendum sje það meiri hagur, að það verði fengið til með því að halda slíkt uppboð; skal þá venjulega helzt taka til þess þær vörur, sem mestur kostnaður yrði við, ef geyma skyldi.

Jafnskjótt og búið er að bjarga, skal enn fremur selja allt það, sem bjargað er, við opinbert uppboð, nema sá, sem hefur komið fram með heimildir sínar fyrir því, að hann að rjettu eigi hlut að máli, heimti, að sjer sje fengið í hendur það, sem bjargað er, með þeim skilyrðum, sem ákveðin eru í 4. gr., og skal hann ávallt beinlínis spurður að því.

17. grein.

Lögreglustjóri skal gjöra allar þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess að halda uppboðið, og skulu þær gjörðar þannig, að vænta megi, að sem mest fáist fyrir gózið, og jafnframt tekið tillit eins og vera ber til þess, hvernig ástatt er í hvert einstakt skipti. Hann skal þannig sjá um, að uppboðið verði birt þeim, sem í grennd búa, svo ítarlega, sem verður, og á þann hátt, að það að minnsta kosti tilkynnist þeim, sem eiga heima í þeim hrepp, þar sem strandið hefur orðið, og í tveimur hinum næstu hreppum, en sje um mikilsvert góz að ræða, skal birta mönnum uppboðið í öllum hreppum og verzlunarstöðum sýslunnar, og skal sjer í lagi aftakslaust gæta þessa, ef selja á strandað skip. Hann skal enn fremur semja uppboðsskilmálana, og má ekki setja neitt í þá, sem kynni að fæla menn frá að kaupa; sjer í lagi má ekki leggja neinn þann kostnað á kaupendur, sem eigi verður nákvæmlega skýrt frá, hvað mikill hann sje; svo skal og setja borgunarfrestinn samkvæmt því, sem venja er í hverju lögsagnarumdæmi, og má ekki í neinu tilfelli láta hann vera skemmri en 14 daga eptir uppboðið. Lögreglustjórinn getur tekið að sjer innköllunina, eða falið hana á hendur öðrum áreiðanlegum og skilvísum manni, nema eigandinn eða sá, sem er fyrir hans hönd, taki annan innköllunarmann. Innköllunarlaun má

eigi setja fram yfir 4% af því, sem ekki er borgað þegar í stað, og 2% af því, sem goldið er út í hönd við hamarshögg.

Bæði um það, hve nær uppboðið skuli haldið, um auglýsing uppboðsins og um uppboðsskilmálana skal lögreglustjóri leita álits skipstjórarmanns eða þess, sem að öðru leyti gefur sig fram við strandgjörðina fyrir hönd eigandans eða annara hlutaðeiganda, og skal hann taka álit þetta til greina svo sem verður, og kringumstæðurnar og sjer í lagi tillitið til hagsmuna annara hlutaðeiganda, t. a. m. þeirra, sem bjarga, leyfa. Yfir höfuð skal svo sem unnt er leita álits þeirra, sem í hlut eiga, þegar yfirvaldið ályktar eitthvað viðvíkjandi skipaströndum, og skal það tekið til greina svo sem verða má, án þess að skerða hagsmuni annara hlutaðeiganda.

18. grein.

Hafi það ríki, sem hið strandaða skip heyrir til, umboðsmann á Íslandi, skal tjeður embættismaður, ef enginn annar er við, sem hefur ótakmarkað umboð fyrir alla, sem í hlut eiga, hafa heimild til að vera sjálfur við eða láta fulltrúa sinn vera við, þegar verið er að bjarga, til þess að gæta þar gagns hlutaðeiganda, og láta í ljósi álit sitt um ráðstafanir þær, sem kynnu að vera hagfelldar í því tilliti.

Sama rjett hefur sá, sem sannar heimildir sínar til þess að vera erindsreki strandbótafjelags þess, sem tekið hefur hið strandaða skip eða góz í ábyrgð.

19. grein.

Jafnskjótt og búið er að halda uppboð á því, sem bjargað er, skal lögreglustjóri þegar semja reikning um strandið, og skal hann síðan tafarlaust, sjer í lagi án þess að bíða eptir innköllun á uppboðsandvirðinu, senda amtmanni tjeðan reikning í tvennu lagi með tilheyrandi fylgiskjölum til endurskoðunar og úrskurðar, ásamt með endurriti af sölubókinni, sjóferðaprófinu, gjörðabókinni viðvíkjandi strandinu og björguninni, og að endingu skipaskjöl þau, sem bjargað er, ög önnur þess konar skjöl.

Amtmaður skal þar á eptir, þegar búið er að leggja úrskurð á strandreikninginn, tafarlaust senda hlutaðeiganda umboðsmanni, ef skipið er frá ríki, sem hefur slíkan umboðsmann á Íslandi, eða útgjörðarmanninum eða öðrum, sem eptir löglega gjörðum skiptapajöfnuði verða álitnir sem rjettir hlutaðeigendur, ef hann eða þeir eiga heima á Íslandi eða í Danmörku, og að öðrum kosti landshöfðingja, tjeðan reikning beina leið ásamt með öllum skjölum viðvíkjandi strandinu, sem nefnd eru að framan, og skal hann jafnframt skýra frá, hve nær búast megi við, að hann geti sent andvirðið af strandinu, að frá dregnum kostnaðinum. Í þessu tilliti skal amtmaður setja hlutaðeiganda rjettarþjóni frest, til þess að gjöra skil samkvæmt reikningi þeim, sem hann hefur gjört, og skal venjulega veita tjeðum embættismanni til þessa fjögra vikna frest eptir að uppboðsandvirðið kemur í gjalddaga, og skal amtmaður jafnframt hafa gætur á, að eigi verði farið fram úr fresti þeim, sem þannig er ákveðinn.

20. grein.

Fyrir hvern dag, sem lögreglustjóri þarf að vera við strandið sökum björgunarinnar, og sömuleiðis fyrir þá daga, sem hann er á leiðinni fram og aptur, skal hann hafa í þóknunarskyni 6 kr. Borgun þessa skal auka með 50% fyrir þá daga, sem lögreglustjóri þarf að vera viðstaddur á sjálfri ströndinni sökum björgunarinnar lengur en 8 stundir daglega, en þar með má samt ekki telja þann tíma, sem kann að ganga til tilbúnings strandbókarinnar, o. fl. Tjeð þóknun fellur burt, jafnskjótt og búið er að bjarga af farminum og skipsreiðanum öllu því, sem verður, og getur lögreglustjórinn eigi talið sjer þóknun fyrir þann tíma, sem gengur til þess að höggva upp skipskrokkinn, nje fyrir þann tíma, er nærvist hans við strandið orsakast af öðrum atvikum, sem eigi snerta björgunina. Ef annar framkvæmir störf þessi í umboði lögreglustjórans, skal gjaldið að eins vera $^2/_3$ af því, sem tiltekið er að framan. Enn fremur skal endurgjalda lögreglustjóra ferðakostnað til strandsins og þaðan aptur

samkvæmt því, sem fyrir er mælt í reglugjörð 10. septbr. 1830, 16. gr.

Fyrir sjóferðapróf það, sem halda skal, þegar menn á lífi fylgja skipinu eða gózinu, til upplýsingar um, hvernig strandið hafi atvikazt og af hverju það hafi orsakazt, og sömuleiðis fyrir próf það, sem skal fram fara, þegar enginn hefur komizt af, til nákvæmari upplýsingar um atvik viðvíkjandi strandinu, og senda amtmanni, fær rjettarþjónninn 8 kr. Að öðru leyti skal lögreglustjórinn án sjerstaks gjalds framkvæma og bóka í strandbókinni aðrar gjörðir, sem skipbrotsmenn eða aðrir, er í hlut eiga, kunna að álíta nauðsynlegar út af strandinu, en jafnskjótt og bjarggjörðin er til lykta leidd og bókuð, og lögreglustjóri er farinn burt frá strandinu, skal greiða borgun fyrir gjörðir þær, sem síðar kunna að verða heimtaðar, samkvæmt reglugjörð 10. septbr. 1830. Þar að auki skal amtmaður hafa gætur á, að rjettarþjónninn eigi nauðsynjalaust haldi aukarjett í þessum málum, eða greini í sundur gjörðir þær, sem snerta sama strandið, ef þær á lögmætan hátt verða framkvæmdar í einu lagi.

Fyrir að halda uppboðið og búa til endurrit það, sem senda skal amtmanni, fær rjettarþjónninn þá borgun, sem ákveðin er í reglugjörð 10. septbr. 1830.

21. grein.

Verði skipi eða gózi bjargað, án þess að skipstjórnarmaður eða nokkur annar, sem gengur í hans stað, sje með, og ef heldur enginn hefur gefið sig fram, sem sannar til fulls heimildir sínar til þess, sem bjargað er, skal amtmaður tafarlaust birta strandið í fjettablöðum, og skýra jafnframt nákvæmlega frá, hvar og hve nær björgunin hafi fram farið, og frá þeim eiginlegleikum skipsins og gózins, sem geta gjört það einkennilegt, og frá sjerhverju öðru því atviki, sem getur stuðlað til þessa; þar að auki skal skora á eigendurna, að segja til sín innan árs og dags (eins árs og sex vikna) frá síðustu auglýsingu, til þess að sanna hæfilega heimildir sínar til þess, sem strandað er, og taka við því eptir ávísun hans, gegn því að borga kostnaðinn, eða við því fje, sem komið er inn fyrir það, sem selt er.

Auglýsingin skal birt þrisvar sinnum samfleytt í fjettablöðum þeim á Íslandi, sem opinberar auglýsingar á að birta í, og, ef andvirði þess, sem bjargað er, að frá dregnum kostnaði, nemur 400 kr. eða þar fram yfir, einnig í fjettablaði Berlinga, og enn fremur skal senda umboðsmönnum annara ríkja, sem settir eru á Íslandi, endurrit af auglýsingunni.

Þessi grein snertir að eins vogrek þau, sem fyrir er mælt um í opnu brjefi 4. maí 1778, 1. gr., en ekki þau vogrek, sem rætt er um í 2. og 3. gr. tjeðs opins brjefs (sbr. opið brjef 2. apríl 1853 og kansellibrjef 26. ágúst 1809).

22. gr.

Þegar einhver heimtar sjer það, sem bjargað er, skal amtmaður prófa röksemdir þær, sem hann leiðir að eignarrjetti sínum. Þegar málið er efasamt, má amtmaður bera það undir úrskurð landshöfðingja, og þó sönnuninni kunni að vera í einhverju ábótavant, má landshöfðingi samt, þegar sá tími er liðinn, er aðrir enn geti gefið sig fram, úrskurða, að gózið falli til þess, sem hefur gjört kröfur til þess, ef svo mikil líkindi eru til þess, að hann sje rjettur eigandi, að því nær sje vissa fyrir því, þótt einhver annmarki sje á sönnun hans; en sje sá tími eigi liðinn og trygging með því móti eigi fengin fyrir því, að aðrir eigi gjöri kröfur til gózins, verður ekki vilnað til í þessu, nema því að eins að minnsta kosti að sett sje alveg óyggjandi veð til tryggingar því, að gózinu verði skilað aptur, ef annar kemur fram og heimtar sjer það. Ef sá, sem gefur sig fram, álítur, að röksemdir hans, sem amtmaður hefur eigi tekið gildar, sjen nægar í sjálfu sjer, getur hann borið málið upp fyrir landshöfðingja, sem þá skal leggja úrskurð sinn á það. Sömuleiðis hefur sá, sem heimtar gózið fram selt, heimting á að láta prófa röksemdir sínar við dómstólana.

23. gr.

Góz það, sem enginn helgar sjer innan þess frests, sem settur er, fellur til landssjóðsins, og skal landshöfðingjum sjá um, að þessar tekjur landssjóðsins verði borgaðar til hans. Skyldi svo sjerstaklega atvikast, að ástæða sje til, að borga aptur út þá upphæð, sem þegar er greidd til landssjóðsins, má þetta veitt með konungsúrskurði.

24. grein.

Þegar skip finnst á sjó, án þess menn sjeu með, skal finnandi flytja það í land, og þegar í stað segja hreppstjóranum til, og skal síðan um björgun og sölu á skipinu o. s. frv. fara að á sama hátt og sagt er fyrir að framan um strandað skip og góz. Hafi skipið fundizt úti á reginhafi, ber finnendum, fyrir að flytja það í land, $^1/_2$ af andvirði þess, er bjargað er, að frádregnum öllum öðrum kostnaði við björgunina og sölu þess; en sje það fundið á ströndinni eða í fjörðum, víkum eða annarstaðar rjett við ströndina, skal þeim veittur $^1/_5$ partur í bjarglaun af andvirðinu, að frádregnum kostnaði eins og sagt var.

25. gr.

Auk þess sem amtmönnum er gjört að skyldu með tilliti til skipstranda samkvæmt því, sem sagt er að framan, skulu þeir yfirhöfuð hafa svo nákvæma yfirumsjón, sem unnt er, með meðferðinni á strandinu. Sje um talsvert strand að ræða eða sje að öðru leyti nokkur sjerstök ástæða til þess, og ef amtmaður er ekki svo langt burtu, að hann geti komið, skal hann sjálfur koma á ströndina, til þess að útvega sjer sem beztar upplýsingar um öll þau atvik, sem kunna að hafa áhrif á þá úrskurði, sem hann á að gefa samkvæmt lögum þessum, og skal hann að öðru leyti hafa gætur á meðferðinni á strandinu, og eptir því sem á stendur, sjálfur gjöra þær ráðstafanir og ályktanir, sem þörf er á. Eins og amtmaður við slík tækifæri beinlínis getur gjört ályktun um allt, sem að öðrum kosti er falið lögreglustjóranum á hendur, þannig liggja ályktanir lögreglustjórans ávallt undir rannsókn og nákvæmari úrskurð amtmannsins.

Þegar amtmaður samkvæmt þessari grein er við strandið, skal — auk ferðakostnaðar, sem landshöfðingi í hverju einstöku tilfelli ákveður, eptir því hvernig á stendur — veita honum 8 kr. í fæðispeninga fyrir hvern dag, sem hann er á leiðinni fram og aptur, og er viðstaddur við strandið. Þessi útgjöld skal greiða á sama hátt og annan kostnað við strandið.

26. gr.

Úrskurði amtmanna í strandmálum skal bera upp fyrir landshöfðingja, ef nokkur af málspörtum heimtar það. Aptur á móti geta úrskurðir þessir eigi almennt gengið til dóms og laga. En verði eiginleg rjettarþræta út úr skipstrandi, t. a. m. um hve mikil bjarglaun megi heimta samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 22. grein, eða um rjettargildi bjargsamningsins eða þýðing hans, má málið ganga til dóms og laga á venjulegan hátt.

27. gr.

Enginn, sem í embættisskyni á að sjá um hag skipbrotsmanna, má í sínu embættisumdæmi á nokkurn hátt eiga hlut í nokkrum bjargsamningi, eða hjá skipbrotsmönnum, bjargendum eða öðrum taka við nokkurri gjöf eða þóknun, sem á nokkurn hátt á skyt við embættisverk hans út af strandinu. Eigi heldur mega þessir embættismenn ráðast í önnur fyrirtæki einstakra manna, sem á nokkurn hátt standa í sambandi við strandmál og sem geta rýrt traust það á fullkominni óhlutdrægni, sem þeim ber að halda við. Jafnvel við opinbert uppboð má ekki neinn af fyrnefndum embættismönnum kaupa nokkurn hlut af hinu strandaða gózi. Fyrir afbrot gegn því, sem fyrir er mælt í þessari grein — sem einnig nær til hreppstjóranna, þegar þeir koma til strands í umboði lögreglustjórans — skal hlutaðeigandi embættismanni hegnt samkvæmt almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 13. kap.

28. gr.

a. Sá, sem vanrækir það, sem honum er gjört að skyldu í 1. og 2. grein þessarar tilskipunar viðvíkjandi ströndum, skal sæta sektum frá 10—100 kr., eða eptir því, sem atvik eru til, og ef hann hefur sýnt ófaúk-

anlegt skeytingarleysi fyrir lífi manna, fangelsishegningu eða stærri sektum.

b. Sama hegning liggur við, ef einhver gegn því, sem fyrir er mælt í 3. gr., bjargar sjálfræðislega, og hindrar með því yfirvaldið frá að hafa nauðsynlegt eptirlit með því, sem bjargað er.

c. Sýni nokkur af sjer við björgunina mótþróa, skeytingarleysi eða óhlýðni, skal hann eptir málavöxtum sæta sektum eða fangelsi, nema málinu sje svo varið, að þyngri hegning liggi við eptir öðrum lögum. Þar að auki má eptir kringumstæðunum færa niður þann hluta bjarglaunanna, sem að öðrum kosti ber hinum seka, eða jafnvel svipta hann bjarglaunum að öllu leyti.

Hafi hreppstjóri eða annar, sem sjerstakar skyldur hvíla á í því tilliti, gjörzt sekur í afbrotum þeim, sem fyrir er mælt um í a—c, skal hann þar að auki eptir málavöxtum hafa fyrirgjört sýslu sinni.

Með mál, er rísa út af afbrotum þeim, sem fyrir er mælt um í þessari grein, skal farið sem lögreglumál, að því leyti, sem afbrotið ekki heyrir undir ákvarðanir í hinum almennu hegningarlögum.

Sektirnar renna í landssjóðinn.

29. grein.

Lög þessi eiga ekki við ótilhöggvinn eða ótilskorinn rekavið eða hvali, sem rekur upp á ströndina; en um það skulu þau lög haldast, sem nú eru í gildi.

30. grein.

Lög þessi skal láta leggja út á ensku og frakknesku, og skal hver lögleglustjóri og hver hreppstjóri í þeim hjeruðum, þar sem skipaströnd venjulega falla til, hafa í vörzlum sínum nokkur exemplör bæði af lögunum sjálfum og útleggingunum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þó það sje alltítt, að skipbrot beri að við strendur Íslands, sem eru langar og að miklu leyti óbyggðar, hefur hin íslenzka löggjöf samt eigi að innihalda þær ákvarðanir, sem með þarf til þess, ef strand verður, að sjá um hlut landsmanna, skipbrotsmanna þeirra, sem skipið eiga, og þeirra, sem hafa tekið skipið í ábyrgð, með því hvorki D. L. 4—4 nje tilsk. 21. marz 1705 (sem þó er lauslega getið í opnu brjefi 4. maí 1778), nje heldur tilskipanir þær, sem síðar hafa komið út um þetta málefni, eru beinlínis leiddar í gildi á Íslandi.

Þá er tilsk. 28. desbr. 1836 um það, sem gæta ber, ef skip stranda, var útkomin fyrir Danmörku, leitaði hið fyrra konunglega kanselli álits embættismanna-fundar þess, sem haldinn var í Reykjavík samkvæmt konungsúrskurði 22. ágúst 1838, um, hvort nefnd tilskipun væri fallin til þess, að hún yrði leidd í gildi á Íslandi, annaðhvort með breytingum, eða eins og hún var. Fundurinn áleit það bæði æskilegt og nauðsynlegt, og samdi frumvarp til almennrar strand-tilskipunar fyrir Ísland, og var í því, jafnframt og það að öðru leyti var lagað eptir fyrnefndri tilskipun, tekið hæfilegt tillit til þess, hvernig hagar landslagi á Íslandi. Kansellíið leitaði síðan með brjefi 25. febr. 1840 álits rentukammersins um málið, og bæði stjórnarráðin viðurkenndu, að frumvarpið væri þess innihalds, að búa mætti til eptir því slíka tilskipun. Samt komst málið ekki lengra, sjer í lagi fyrir þá sök, að þá var um sama leyti af ráðið, að Ísland skyldi hafa fulltrúaþing sjer, sem var alþingi, og var því álitið rjettast, að fresta því, að koma málinu lengra áleiðis, þangað til það yrði lagt fyrir tjeð þing. Þetta fórst samt fyrir, þangað til dómsmálastjórnin út af bænarskrá frá amtmanninum yfir norður- og austurdæminu, í brjefi 6. oktbr. 1865 leitaði álits amtmannanna á Íslandi um fyrnefnt frumvarp, sem embættismannafundurinn hafði samið, og voru þeir allir á einu máli um, að æskilegt væri, að tjeðu málefni yrði komið í lag með lagaboði, sem byggt væri á frumvarpi því, er fyrnefnd samkoma hafði búið til, og því óbeinlínis á tilsk. 28 desbr. 1836, sem að miklu leyti á seinni tímum hefur verið höfð til eptirbreytni á Íslandi, þó þannig, að það var látið vera komið undir áliti hvers einstaks lögreglustjóra, hvort hinar

einstöku ákvarðunir tilskipunarinnar gætu átt við í þeim tilfellum, sem fyrir komu. En þó að dómsmálastjórnin endur og sinnum með umboðslegum skipunum hafi gefið reglur um ýmislegt, sem snertir strandmál, t. a. m. flutning skipbrotamanna heim til sín, greikningsskil viðvíkjandi skipaströndum o. s. frv., hafa menn samt orðið að játa, að fyrirkomulag það, sem nú er, væri eigi einhlítt, og að nauðsynlegt væri, að skipa fyrir með lögum um þá aðferð, sem ávallt skal viðhöfð, þegar strönd vilja til. Af þeirri sök var lagt fyrir alþingi árið 1873 lagafrumvarp um þetta efni, en með því álíta verður, að ástæður þær, sem alþingi hafði til þess að mæla á móti frumvarpinu, nú yfir höfuð sjeu horfnar, fannst stjórnarráðinu eigi nein ástæða til, að fresta jafnnytsamri endurbót á löggjöf Íslands í þessu efni, og hefur stjórnarráðið því fundið hvöt til að leggja lagafrumvarpið fyrir alþingi það, sem nú er nýkosið og kemur saman á þessu ári, eptir að búið er að breyta því að forminu til samkvæmt þeim breytingum, sem síðan hafa orðið á stjórnarskipun og peningareikningi, en eigi hefur þótt ástæða til að gjöra neinar efnisbreytingar.

Með því frumvarpið að svo miklu leyti, sem unnt er, eptir því, hvernig til hagar á Íslandi, og uppástungum þeim, sem embættismannasamkoman og amtmennirnir í því tilliti höfðu gjört, er sniðið eptir tilskipun 28. desbr. 1836, lúta athugasemdir þær, sem hjer koma, helzt til þess, sem þörf var á eptir kringumstæðunum að hafa öðruvísi.

Um 1. gr.

Í tilsk. 28. desbr. 1836 er svo fyrir mælt, að tilkynna skuli strandfógetanum eða þeim, sem er í hans stað, tafarlaust, þegar strand ber að, en á Íslandi verður eigi komið við neinni áreiðanlegri tilsjón með skipaströndum með því að skipta ströndinni í strandfógetaumdæmi eða með því, að skipa fasta strandfógeta eða bjargformenn, af því að strendurnar eru svo langar og svo lagaðar, og venjulega svo langt til byggða þaðan, að það væri óbærileg álaga að gjöra landsmönnum að skyldu, að koma jafnaðarlega ofan á ströndina. Þess vegna er stungið upp á því hjer, að skipaströnd skuli tafarlaust tilkynnt hreppstjóranum, sem er sá næsti lögreglu-umsjónarmaður.

Um 2. gr.

Sökum þess, að sem optast er svo langt til aðseturs amtmanns, að það mundi valda miklum kostnaði, að senda sjerstaklegan sendiboða til hans um skipstrand, og með því amtmaður, ef heimili hans er langt burtu frá þeim stað, þar sem strandið hefur orðið, gæti að öllum jafnaði ekki náð þangað, áður en strandgjörðin alveg er til lykta leidd, er stungið upp á því í þessari grein, að lögreglustjórinn að eins, þegar svo stendur á, að amtmaður býr ekki lengra frá honum, en 2 daga leið, skuli tafarlaust tilkynna honum strandið, en sje lengra á milli, senda honum tilkynning með fyrstu ferð, sem fyrir fellur. Embættismanna-samkoman hafði stungið upp á því, að tilkynning þegar í stað skyldi vera undir því komin, að eigi væri lengra milli bústaðar amtmanns og strandsins en 1 dagleið, eða hjer um bil 5 mílur, en þegar 1 dagleið eigi er talin lengri en 5 mílur, er það eigi álitið neitt ísjárvert, að láta það, eins og gjört er í frumvarpinu, vera bundið við 2 daga leið, og virðist einnig, hvernig sem á stendur, að telja eigi afstöðuna frá bústað sýslumanns, en eigi frá þeim stað, þar sem strandið hefur orðið.

Um 3. gr.

Í þessari grein er gjörður munur á, hvort skip strandi við land, eða einstaka parta af skipi eða af farmi þess reki upp laust. Í fyrra tilfellinu er það skilmálalaust gjört lögreglustjóranum að skyldu, að fara þegar í stað þangað, þar sem strandið hefur orðið, eða ef hann er löglega forfallaður senda mann í umboði sínu, sem á hans ábyrgð skal standa fyrir því, að bjargað verði, og bóka í strandbók þeirri, sem fyrirskipuð er, alla strandgjörðina. Í síðara tilfellinu er það aptur á móti látið vera komið undir lögreglustjóra sjálfum, að skera úr því, hvort nærvist hans við strandið verði álitin nauð-

synleg eða hagfeild, og verður þá sjálfsagt að taka sjerstakt tillit til, hvað mikils virði það er, sem rekið er. Þegar honum eigi finnst ástæða til að fara, skal hann segja hreppstjóra fyrir um það, sem með þarf, til þess að bjarga og koma því fyrir, sem rekið er, og unz hreppstjóri hefur fengið skipun þessa, er það hanmað, að gjöra aðrar ráðstafanir með tilliti til góz þess, sem strandað er, en sem brýna nauðsyn ber til, til þess að bjarga því.

Ákvörðun sú, að lögreglustjóri skuli fara þangað, sem strandið hefur orðið, jafnskjótt og honum er sagt til, að skip sje strandað, getur eigi komið í bága við 4. grein framvarpsins, þar sem er bannað, að nokkur megi bjarga að skipstjórnarmanni eða þeim nauðugum, sem en í hans stað, á meðan þeir eru við og leita eigi hjálpar, því svo verður fyrst sagt, að strand þá sje orðið, er skipstjórnarmaður eður sá, sem kemur fram fyrir hans hönd, þiggur hjálp, og jafnskjótt og komið er að því, skal senda lögreglustjóra boð, og hann fara til strandsins, til þess að standa fyrir því, að bjargað verði, og halda próf um það, sem fram en farið, og þessa þykir þurfa jafnvel þótt það takist, að koma skipinu af grunninum, en það mun sjaldnast heppnast, þegar skipið er orðið landfast, eptir því, hvernig til hagar á Íslandi.

Þar sem í 3. gr. í tilsk. frá 1836 að eins er átt við þau tilfelli, að strönduðu gózi sje bjargað, án þess menn sjeu með því, hefur það þótt hagfeldara, að ákveða í þessari grein aðferð þá, sem lögreglustjórinn skuli við hafa, hvort sem menn eru með hinu strandaða skipi eða ekki, því í báðum tilfellum virðist það jafnáríðandi fyrir alla, sem eiga hlut að strandinu, að yfirvaldið takist á hendur alla strandgjörðina.

Með því lögreglustjórinn getur verið löglega forfallaður, er svo fyrirskipað, að hann skuli senda *mann, sem hefur* umboð hans. Þar eð samt sem áður enginn íslenzkur lögreglustjóri mun hafa fullmektugan, sem er löggildur af amtinu, og því eigi yrði við komið, þegar eitthvað ber að höndum, að fá slíka löggilding í tækan tíma, er lögreglustjóra leyft, að velja umboðsmann sinn í þessu tilliti, til að framkvæma það, sem með þarf, upp á hans ábyrgð; það, sem hjer er mælt fyrir í þessu tilliti, kemur að öðru leyti í staðinn fyrir 19. gr. í tilsk. 28. desembr. 1836, sbr. 10. gr.

Um 4. gr.

Jafnvel þótt það sjaldan vilji til, eins og drepið er á að framan, þegar skip strandar við Ísland, að skipi eða gózi verði bjargað án aðstoðar landsmanna, virðist það samt rjett, eins og það einnig er samkvæmt hlutarins eðli, að ákveðið sje með berum orðum í þessari grein, eins og í 4. gr. tilskipunarinnar frá 1836, að eigi sje neitt strand orðið, fyr en skipstjórnarmaður eða sá, sem er í hans stað, hefur leitað aðstoðar yfirvaldsins eða landsmanna, en að það verði að vera komið undir hlutaðeigendum sjálfum að sjá um, að bjargað verði, og að þeim verði að vera leyfilegt, að taka við af hinum, sem farnir eru að bjarga, nær sem vera skal, ef þeir greiða allan kostnað, sem orðinn er, eða setja veð því til tryggingar, ef þeir, sem í hlut eiga, skorast undan, að taka við bjarglaunum sínum. Það skal koma undir lögreglustjóra að dæma um, hvort veðið sje nægilegt, með því úrskurður amtmanns að öllum jafnaði eigi verður fenginn, sökum þess að svo langt er til hans að sækja.

Um 5. gr.

Þessi grein er samsvarandi 5. gr. í tilskipun frá 1836, þó þannig, að því, sem þar er mælt fyrir um skiptingu í strandljen og skipun strandfógeta og bjargformanna, er sleppt, vegna þess það ekki á við á Íslandi.

Um 6. gr.

Í Danmörku eru bjarglaun venjulega ákveðin eptir verði þess, sem bjargað er, og þannig, að þau samkvæmt 6. gr. í tilsk. frá 1836 jafnaðarlega eru látin vera minni en þriðjungurinn af verði þess, sem bjargað er, og nær því eða fjær eptir því hlutfalli, sem er á milli þess, hvers virði það er, sem bjargað er, og hættu þeirrar og fyrirhafnar, sem hefur verið samfara því, að bjarga, og

geta bjarglaunin því sjaldnast náð þriðjungnum. En á Íslandi mundi þessi mælikvarði á bjarglaunum í flestum tilfellum verða óhagkvæmur. Bæði er langtum hættara við á Íslandi, að góz það, sem bjargað er, rýrni og eyðist, með því það sjaldnast er mögulegt að geyma það, þangað til uppboðið verður haldið, á annan hátt en undir berum himni og á óbyggðri sjávarströnd, og þar næst mun flutningurinn frá þeim stað, þar sem strandið hefur orðið, heim til kaupanda, venjulega vera samfara svo miklum kostnaði, að hið strandaða góz sökum þessa og efnahags kaupanda verður selt við uppboðið fyrir langtum minna verð að tiltölu en í Danmörku. Þar sem þar hefur orðið að takmarka bjarglaunin þannig, að þau eigi fari fram yfir $^1/_3$ part af verði þess, sem bjargað er, mundi þessi partur því á Íslandi jafnaðarlega ekki nægja til þess, að þeir, sem bjarga, fái hæfilega borgun fyrir þá hættu og fyrirhöfn, sem eru samfara björguninni. Þess vegna er stungið upp á því í þessari grein, að bjarglaunin venjulega skuli ákveðin í daglaunum, sem lögreglustjóri til tekur nákvæmar, og skal þá taka tillit til allra þeirra atvika, sem fyrir höndum eru, t. a. m. þeirra daglauna, sem venjulega eru á þeim stað, þar sem strandið hefur orðið, og til árstímans, o. s. frv.; þar að auki má veita þeim, sem bjarga, hæfilega viðbót við bjarglaunin, ef þeir hafa sýnt framúrskarandi kapp og atorku, eða þeim hefur verið búin sjerstök hætta, en viðbót þessi má samt eigi fara fram yfir tvöföld daglaun, sem venjulega eru veitt þeim, er bjarga. Með því það eptirsinnis mun vera örðugt eða jafnvel ógjörandi, að fá úrskurð amtmanns í tæka tíma um bjarglaunin, er það álitið nauðsynlegt, að láta lögreglustjóra ákveða bjarglaunin. Aptur á móti hefur það þótt rjettast, að gefa þeim, sem eiga hlut í strandinu, kost á, að skjóta til hlutaðeigandi amtmanns úrskurði lögreglustjóra um þetta.

Þar sem þessi grein hefur inni að halda það, sem fyrir mælt er í 6.—8. gr. í tilsk. frá 1836, að svo miklu leyti, sem það á við á Íslandi, er ákveðið í niðurlagi greinarinnar, að lögreglustjóri skuli hafa vald til, ef skipstjórnarmaðurinn eða sá, sem er í hans stað, gefur samþykki sitt til þess, að ákveða bjarglaunin með samningi við þá, sem bjarga, ef allur bjargkostnaðurinn eigi með þessu móti fer fram yfir $^1/_3$ af verði þess, sem bjargað er.

Um 7. gr.

Þessi grein er að mestu leyti í samhljóðun við 9. gr. í tilskipuninni frá 1836, þó með þeirri breytingu, sem leiðir af því, að hjer einnig er stungið upp á, að lögreglustjóri skuli sjálfur standa fyrir öllu, sem snertir strandgjörðina, en ekki amtmaður.

Um 8. gr.

Með því eigi er unnt eptir því, hvernig til hagar á Íslandi, að fylgja hinum sömu fast ákveðnu reglum um geymslu hins strandaða góz við hvert einstakt strand, hefur það eigi þótt nauðsynlegt eða hagkvæmt, að stinga upp á svo nákvæmum ákvörðunum um það í þessari grein, sem 10. og 11. gr. í tilskipuninni frá 1836 hafa inni að halda, en af þeim er að eins tekið það, sem virðist við eiga í flestum þeim tilfellum, sem geta komið fyrir á Íslandi, og er þessi grein að mestu leyti sniðin eptir 9. gr. í frumvarpi því, sem kom frá embættismanna-samkomunni.

Um 9. gr.

Þessi grein er að mestu leyti í samhljóðun við 12. gr. í tilskipuninni frá 1836; samt hefur það virzt rjettast, að taka í hana ákvörðun um, að lögreglustjóri skuli einnig annast um skipbrotsmenn, ef þeim v e r ð u r ekki komið heim til sín (t. a. m. af því, að siglingar eru hættar), og enginn annar er þar nálægt, sem getur tekið þá að sjer, og að hann, ef það, sem bjargað er, eigi hrökkur til kostnaðarins, skuli borga í bráð það, sem á vantar, gegn endurgjaldi af jarðabókarsjóðnum. Það hefur samsje eigi sjaldan viljað til, að kostnaðurinn við umönnun á þeim skipverjum, sem bjargað hefur verið af strandi, hafi verið langtum meiri, en verð þess, sem bjargað er, og þegar hlutaðeigandi amtmaður hefur mælzt til þess, hefur þá verið leyft, að greiða það, sem á vantaði, af jarðabókar-

sjóðnum gegn endurgjaldi síðar meir frá hálfu þess ríkis, þar sem skipshöfnin átti heima, en þar eð það eigi hefur verið öllum sýslumönnum kunnugt, að þeir þannig gætu fengið það, sem þeir höfðu lagt út, endurgoldið úr jarðabókarsjóðnum, hafa þeir stundum orðið að bíða langan tíma eptir því, að fá það endurgoldið frá hlutaðeigandi ríki, sem þeir hafa borgað í bráð, en á ósanngirni þessari verður ráðin bót með þessari ákvörðun.

Um 10. og 11. gr.

Í þessum greinum er allt það tekið fram, sem með þarf, um bókun alls þess, sem fram fer við strandgjörð, svo bæði haft verði eptirlit með henni, og sönnun sje til fyrir öllu því, sem getur haft áhrif á innbyrðis rjettindi þeirra, sem hlut eiga í strandinu. Þær ákvarðanir, sem stungið er upp á í því tilliti, mega virðast nægar og hagfelldar, og eru þær samsvarandi því, sem fyrir mælt er í 13., 15., 16., 17. og 18. gr. í tilskipuninni frá 1836 að svo miklu leyti, sem það getur átt við á Íslandi.

Um 12. gr.

Þessi grein er að mestu leyti samsvarandi 14. gr. í tilskipuninni frá 1836; því er að eins sleppt, að lögreglustjórinn «skuli taka þá fasta, sem að öðru leyti hafa orðið svo brotlegir, að það eigi við að setja þá í varðhald», bæði sökum þess, að það verður álitið óþarft, að setja sjerstaka reglu um það með lagaboði því, sem hjer er átt við, og af því það er mjög örðugt eptir því, hvernig til hagar á Íslandi, að setja menn í fangelsi sjer í lagi á þeim stöðum, þar sem skipstrand er orðið.

Um 13. gr.

Í þessa grein, sem er samsvarandi 23. gr. í tilskipuninni frá 1836, er samkvæmt frumvarpi embættismanna-samkomunnar tekið að mestu leyti innihald opins brjefs 29. marz 1814, sem eigi gildir á Íslandi. Sektirnar áttu eptir tjeðu opnu brjefi að falla til hlutaðeiganda fátækrasjóðs, en eptir að sú aðalregla er sett með hinum almennu hegningarlögum 25. júní 1869, 31. gr., að sektir í hegningarskyni skuli renna í landssjóðinn, er eigi fundin nein ástæða til í því tilfelli, sem hjer er verið að ræða um, að bregða út af þessari almennu reglu.

Um 14. gr.

Samkvæmt 24. gr. í tilskipunni frá 1836 er með þessari grein leitazt við, að gjöra ráðstafanir á móti því, að næmir eða pestkynjaðir sjúkdómar komist í landið með skipverjum eða gózi af strönduðum skipum.

Um 15. gr.

Í þessari grein er það yfir höfuð gjört lögreglustjóranum að skyldu, að sjá um, að gjald það á brennivíni o. fl., sem fyrir skipað er í tilskipun 26 febr. 1872, verði greitt, en aptur á móti hefur eigi þótt ástæða til, að setja hinar nákvæmari reglur um skyldur hans í þessu tilliti, með því þær ákvarðanir eiga að koma frá umboðsstjórninni.

Um 16. og 17. gr.

Í þessar greinir eru teknar allar þær reglur, sem hagfellt þykir að ákveðnar sjeu um opinbera uppboðssölu á því, sem bjargað er, og eru reglur þessar að mestu leyti samsvarandi 25., 26., og niðurlaginu á 11. gr. í tilskipuninni frá 1836, með þeim breytingum, sem leiðir af því, að sjerstaklega hagar til á Íslandi, og að taka verður tillit til þessa við tilhögunina á strandmálum. Aðalreglan er, að lögreglustjóri skuli haga uppboðinu til á þá leið, að búast megi við, að sem mest fáist fyrir það, sem bjargað er, og að hann skuli um allt, sem gjört er í þessu tilliti, t. a. m. um að ákveða uppboðið, auglýsing þess og um það að semja uppboðsskilmálana, leita álits skipstjórnarmannsins, eða þess, sem kemur fram við strandið fyrir hönd eigandans eða annara, sem eiga í hlut, og taka allt það tillit til álits þessa, sem kringumstæðurnar og sjer í lagi þarfir hinna, sem eiga hlut í strandinu, leyfa. Uppboðið skal láta birta öllum, sem búa í nánd, og sem eptir kringumstæðunum má búast við að muni sækja uppboðið, og skal í því efni taka tillit bæði til fjarlægðarinnar frá þeim stað, þar sem uppboðið er haldið og ásigkomulags og verðs þess, sem bjargað er, og til þessa lúta ákvarðanir þær, sem 17. gr. hefur inni að halda.

Um 18. gr.

Það, sem ákveðið er í 27. gr. í tilskipuninni frá 1836, að umboðsmaður þess ríkis, sem í hlut á, skuli, þegar enginn annar er við, hafa ótakmarkað umboð til þess að koma fram fyrir hönd hlutaðeiganda og vera við, á meðan bjargað er, til þess að annast um hag þeirra, er stungið upp á, að tekið verði í þessa grein, og virðist einnig, af því líkt stendur á, mega veita þeim heimild til hins sama, sem sannar, að hann sje fulltrúi eða erindsreki þess strandbótafjelags, sem hlut á í strandinu, og er því hjer að lútandi ákvörðun tekin í greinina.

Þó naumast sje ástæða til að neita fyrnefndum fulltrúum eða strandbóta-umboðsmönnum um, að fá endurgoldinn kostnaðinn við ferð þeirra til strandsins af því, sem bjargað er af strandinu, að svo miklu leyti, sem það hrökkur, virðist samt óþarft, að segja sjerstaklega fyrir í frumvarpinu um þetta, með því dæma verður um heimting þeirra á endurgjaldi fyrir tjeðan kostnað samkvæmt því umboði, sem þeir hafa frá þeim, sem hlut eiga í strandinu, en það kemur ekki undir úrskurð lögreglustjóra eða amtmanns, og af því leiðir, að ávísun til þess, að fá útborgað slíkt endurgjald af því, sem bjargað er af strandinu, verður skoðuð sem borgun í bráð, og kemur það undir þeim, sem þeir hafa umboð fyrir, hvort það verði samþykkt (sbr. tilsk. frá 1836, 32 gr.).

Um 19. gr.

Innihald þessarar greinar er að mestu leyti samsvarandi því, sem fyrir mælt er í umburðarbrjefi dómsmálastjórnarinnar 14. septbr. 1871 um strandreikninga, endurskoðun og úrskurð amtmanna á þeim o. s. frv. Aptur á móti hefur eigi þótt þurfa, að taka í frumvarpið sjerstaka ákvörðun um, að reikningurinn með fylgiskjölum skuli lagður fram við aukarjett, þar sem hlutaðeigendum skyldi gefinn kostur á, að gjöra athugasemdir sínar við reikninginn (sbr. tilsk. 1836, 32. gr.), með því þeir, sem það kynni að standa á nokkru, að gjöra slíkar athugasemdir við reikninginn, sumsje skipstjórnarmaðurinn eða umboðsmenn eigandans eða strandbótafjelagsins, venjulega eigi eru í landinu, þegar reikningurinn er gjörður, enda hafa þeir haft nægilegt tækifæri til við sjálfa strandgjörðina að koma fram með þess konar athugasemdir. Það leiðir að öðru leyti af því, sem fyrir mælt er í frumvarpinu, um að leita eigi álits hlutaðeiganda um hvað eina við strandgjörðina, að lögreglustjórinn einnig svo sem unnt er skuli gefa þeim kost á, að segja álit sitt um strandreikningana.

Um 20. gr.

Ákvörðunin um þóknun handa lögreglustjóra fyrir það, að standa fyrir bjarggjörðinni, er byggð á hinum sama grundvelli og ákvörðunin í 20. gr. í tilsk. frá 1836 um sama efni, þar sem það er til greina tekið, að starf þetta er mjög áreynslumikið og örðugt, ef leysa skal það vel af hendi. Samt hefur verið haldið, að hin venjulega þóknun ætti ekki að vera meiri en 6 kr., þegar lögreglustjórinn fær hið sama endurgjald fyrir þá daga, sem hann er á leiðinni fram og aptur, og hefur það eigi heldur virzt nauðsynlegt, að láta vera nokkurn mun á þóknunargjaldinu fyrsta daginn og hina dagana við gjörðina, eða eptir því, hvort hún fer fram um sumartíma eða vetrartíma. Eins og getið er í greininni, verður þóknun þessi að eins veitt fyrir þá daga, sem lögreglustjórinn er við á ströndinni, vegna þess að verið er að bjarga, og fyrir þá daga, sem hann er á leiðinni, en ekki fyrir þann tíma, sem hann fyrir aðrar sakir er í nánd við strandið, t. a. m. til þess að búa undir uppboðið eða bíða eptir því, o. s. frv. Auk þessarar þóknunar fær lögreglustjóri endurgoldinn ferðakostnað til strandsins og þaðan aptur, og önnur gjöld þau, sem hann á tilkall til, eptir reglum þeim, sem um það gilda.

Um 21. gr.

Reglur þær, sem stungið er upp á í þessari grein um það, hvernig lýsa skuli strönduðu gózi, sem menn eigi vita eiganda að, eru samhljóða 28. gr. í tilskipuninni frá 1836, og opnu brjefi 4. maí 1778, sbr. opið brjef 21. apríl 1819, að eins að því undan teknu, að það hefur þótt nægja, að láta frestinn vera ár og dag, eptir að póstsamgöngur við

Danmörku og útlönd eru komnar á það stig, sem nú er. Það hefur þótt nægja, að auglýsingin sje birt í frjettablaði því á Íslandi, sem opinberar auglýsingar eru látnar í, og ef andvirði strandsins, að frá dregnum kostnaði, er 400 kr. eða fram yfir það, einnig í Berlingatíðindum, og er jafnframt gengið út frá því, að auglýsingunni verði ekki eptirleiðis þinglýst við landsyfirrjettinn, en á hinn bóginn þykir það eiga vel við, að senda umboðsmönnum útlendra þjóða, sem skipaðir eru á Íslandi, eitt exemplar af auglýsingum þessum.

Í niðurlagi greinar þessarar hefur þótt rjettast að taka fram, að opið brjef 2. apríl 1853 framvegis skuli gilda um vogrek þau, sem þar er mælt fyrir um.

Um 22. gr.

Reglurnar í þessari grein eru í samhljóðun við hlutarins eðli og 29. gr. í tilskipuninni frá 1836, en þó er hjer eins og í 19., 23. og 26. gr. ákveðið, að vald það, sem í tilsk. frá 1836 er veitt kanselíinu og rentukammerinu að því leyti, er snertir strandmál, skuli falið á hendur landshöfðingja.

Um 23. gr.

Ákvarðanir þær, sem hjer er stungið upp á, eru samsvarandi 30. gr. í tilskipuninni frá 1836, með þeirri breyting, sem leiðir sumpart af því, sem getið er að framan, sumpart af því, að menn á Íslandi eigi hafa rekarjett til vogreks þess, sem frumvarpið á við, í þeirri merkingu, sem orð þetta er haft í tjeðu lagaboði.

Um 24. gr.

Í frumvarpi því, sem embættismannasamkoman samdi, þótti þess eigi þurfa, að taka upp ákvörðun, sem væri samsvarandi tilsk. 1836, 31. gr., bæði sökum þess að þessi grein gengur út frá því, að þeir, sem bjarga, fái borgun að tiltölu við það, sem bjargað er, og af því, að hún snertir málefni, sem eigi virtist geta orðið spursmál um að því leyti, er snertir Ísland. Samt sem áður þykir eigi vera næg ástæða til, að sleppa því í hinu fyrirhugaða lagaboði, að setja reglur um það, þegar skip finnst, sem rekur um haf, og sá, sem finnur, flytur það til lands. Þetta getur sumsje viljað til, og hefur átt sjer stað eins á Íslandi og í Danmörku, þótt munurinn sje jafnaðarlega sá að því leyti, er snertir aðferðina, að finnandi í Danmörku venjulega getur flutt slík rekaskip inn á einhverja höfn, svo þeim verður þannig bjargað, en á Íslandi geta finnendur venjulega eigi gjört annað, en flutt skipið að þeirri strönd, sem næst liggur, og verður þá að bjarga því eptir reglum þeim, sem frumvarpið hefur inni að halda. Þegar vart verður við, að skip reiði um haf innan, hlýtur það eigi síður á Íslandi en annarstaðar að vera mönnum skylt, sem sjá það af landi eða sjó, að veita því hjálp og rannsaka, hvort ekki sjeu menn á skipinu, og ef svo er, leitast við að bjarga þeim, og sömuleiðis hjálpa til þess, að skipið eða partar af því verði fluttir til lands, áður en það eyðist alveg af sjónum, en þeim, sem leggja sig í hættu og strit til þessa, skal veita þóknun, sem eptir atvikum má álíta annaðhvort sem fundarlaun eða bjarglaun. Það hefur því þótt nauðsynlegt og hagfellt, að taka upp í þessa grein ákvörðun um slík vogrek, sem finnast á sjó, og virðist það sanngjarnt, að stungið er upp á því, að þeir, sem flytja þau í land, skuli hafa $^1/_3$ part, ef þau eru fundin á reginhafi, en sjeu þau fundin í víkum, fjörðum eða á rekafjöru, $^1/_5$ part af andvirði þess, sem bjargað verður, að frá dregnum öllum kostnaði við björgunina og sölu á því, sem bjargað er.

Um 25. gr.

Ákvarðanirnar í þessari grein, sem að svo miklu leyti, sem því verður við komið, eptir því hvernig til hagar á Íslandi, eru samsvarandi 33. gr. í tilskipuninni 1836, er haldið að eigi vel við. Svo virðist og, að kostnaðinn við ferðir amtmanna út af strandmálum eigi eins og annan kostnað við strandið að greiða af því, sem bjargað er.

Um 26. gr.

Þykir eigi vera ástæða til að gjöra neina athugasemd.

Um 27. gr.

Í þessari grein er tekið fram það, sem

með þarf, um, að öllum þeim, sem í embættisskyni eiga að sjá um hagsmuni skipbrotsmanna, sje fyrirmunað, að gefa sig út í nokkuð, sem þeir annaðhvort geti beinlínis ábatazt á, eða það líti svo út, til þess menn eigi missi traust það á óhlutdrægni þeirra í alla staði, sem nauðsynlegt er að varðveita. Að öðru leyti er frumvarpið í þessu tilliti samhljóða 39. gr. í tilskipuninni frá 1836, nema í því, að hegningum þeim, sem þar er mælt fyrir um, er sleppt, og vísað til hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, sem í 13. kap. um afbrot í embættisfærslu hafa inni að halda þær ákvarðanir, sem með þarf í þessu tilliti.

Um 28. gr.

Þar sem hin almennu hegningarlög 29. júní 1869 nú hafa inni að halda hegningarákvarðanir þær, sem með þarf, um sum af afbrotum þeim, sem nefnd eru í tilskipun 28. desbr. 1836, 37. gr., á þetta sjer samt eptir hlutarins eðli eigi stað um þau afbrot gegn lögum um skipaströnd, sem eigi verður hegnt eptir almennum rjetti, en að eins sökum þess, að beinlínis er sagt svo fyrir í lagaboðinu. Það er þannig eigi ástæða til að taka í frumvarp þetta ákvarðanir um hegningar fyrir afbrot þau, sem nefnd eru í tilsk. 1836, 37. gr. IV.—IX., með því þau koma undir hin almennu hegningarlög; aptur á móti eru í frumvarpið teknar ákvarðanir samsvarandi I.—III. í nefndri grein, og ákvörðun samhljóða því, sem fyrir er mælt í 38. gr. tilskipunarinnar, að fara skuli með mál út af slíkum afbrotum sem lögreglumál.

Eptir hinni almennu reglu á Íslandi er ákveðið, að hegningarsektir skuli vera hálfu minni en ákveðið er í tilskipuninni frá 1836, og samkvæmt hinum almennu hegningarlögum er þar að auki í stað þess, sem ákveðið er í tilskipuninni frá 1836, að fangelsi við vatn og brauð nokkra daga skuli koma fyrir afbrot þau, sem við er átt, þegar nærmar sakir eru til, hjer stungið upp á, að hegningin sje látin vera hærri sektir eða fangelsi. Þótt niðurlagið á staf. a., um ófyrirsynju fyrir líf skipbrotsmanna, komi undir hin almennu hegningarlög 201. gr., hefur samt þótt við eiga, að taka í frumvarpið ákvörðun beinlínis um þetta.

Að sektirnar renni í landssjóð, er í samhljóðun við grundvallarreglurnar í hinum almennu hegningarlögum 25. júní 1869.

Um 29. gr.

Þótt lagafrumvarpið að eins eigi við vogrek það, sem er strönduð skip eða partur af þeim eða farmi þeirra, og því hvorki snerti vogrek það, sem fyrir er mælt um í opnu brjefi 4. maí 1778, 2. og 3. gr. (tilhöggvið og til skorið timbur eða einstaka smápörtu af strönduðum skipum og bátum, sem eru lítils virði, en eptir kanselíbrjefi 26. ágúst 1809 er það að skilja um 15 rd. virði, sbr. brjef dómsmálastjórnarinnar 27. júní 1864), og eigi heldur hvali nje ótilhöggvinn rekavið, sem rekur á land, hefur samt þótt við eiga, að segja beinlínis fyrir um þetta, og er það gjört sumpart í 20. gr. um vogrek það, sem getið er um í opnu brjefi 4. maí 1778, 2. og 3. gr., og í opnu brjefi 2. apríl 1853, sumpart í þessari grein um rekavið í eiginlegri merkingu og um hvali.

FYRSTA UMRÆÐA

í efri deild alþingis.

Á 3. fundi efri þingdeildarinnar 3. dag júlímán. kom frumvarp til laga fyrir Ísland um skipaströnd samkvæmt dagskránni til fyrstu umræðu, og gat forseti þess, að ef þingmenn óskuðu þess, mætti nú þegar kjósa nefnd í málið.

Ólafur Pálsson óskaði, að nefnd yrði þegar sett í málið, og stakk upp á þriggja manna nefnd.

Eiríkur Kúld gat þess, að hann skyldi þingsköpin svo, að á hverju stigi málsins mætti setja nefnd í það; vildi hann því, til að stytta umræðurnar, stinga upp á, að nú þegar væri sett nefnd, og mundi þriggja manna nefnd nægja.

Stefán Eiríksson kvað mál þetta vera nokkuð umfangsmikið og væri ýmislegt að athuga við það; benti hann einkum til 6. og 20. gr., þar sem í hinni fyr nefndu væri tal-

að um laun björgunarmanna, án þess þó nákvæmar að ákveða þau (*Forseti* kvað eigi eptir þingsköpunum eiga við að ræða hinar einstöku greinir málsins); sjer fyndist þó verða að benda á gallana, til að sýna, að nauðsynlegt væri að setja nefnd, og það vonaði hann að yrði gjört.

Forseti tók þá fram, að fyrst ekki tækju fleiri til máls, vildi hann leita atkvæða þingmanna um það, hvort nefnd skyldi setja í málið, og var það samþykkt í einu hljóði; var þá og samþykkt, að þriggja manna nefnd skyldi kjósa. Voru síðan í nefndina kosnir:

Ásgeir Einarsson með 10 atkv.
Bergur Thorberg — 9 —
Stefán Eiríksson — 9 —

Var síðan málið afhent þingmanni Húnvetninga, er flest atkvæði hafði hlotið.

Í nefndinni var Ásgeir Einarsson kosinn formaður, og Bergur Thorberg skrifari og framsögumaður.

NEFNDARÁLIT

um frumvarp til laga fyrir Ísland um skipaströnd.

Efri deild alþingis hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að segja álit vort um frumvarp til laga fyrir Ísland um skipaströnd, er landshöfðinginn yfir Íslandi hefur lagt fyrir þingið.

Eptir að vjer höfum rætt frumvarp þetta á nokkrum nefndarfundum, leyfum vjer oss að skýra frá áliti voru um það á þessa leið.

Vjer álítum, að frumvarp þetta geti orðið gagnleg rjettarbót fyrir landið, og muni bæta úr þeim tilfinnanlega skorti, sem er á gildandi lagaákvörðunum um skipaströnd, og vjer ráðum þess vegna hinni heiðruðu þingdeild til, að aðhyllast það í heild sinni með fáeinum breytingum, sem vjer stingum upp á, og sem sumar að eins eru orðabreytingar, en að öðru leyti sumpart miða til þess, að ákvarðanirnar verði ljósari, og sumpart til þess, að þær verði betur sniðnar eptir, hvernig hjer hagar til.

Í upphafi 1. greinar stingum vjer upp á þeirri orðabreyting, að í staðinn fyrir orðin: «sjerhver af þegnum konungs, sem verður var við» verði sett: «Hver sem verður var við», og ætlum vjer, að þetta tákni fullkomlega það, sem ákvörðunin á að fyrirskipa, nefnilega að hin hjer um rædda skylda hvíli á hverjum þeim, sem íslenzk lög annars verða heimfærð upp á.

Eptir ákvörðununum í 2. og 3. gr. virðist liggja næst að álíta, að ein og hin sama regla sje sett um tilkynningu til lögreglustjóra og amtmanns, hvort sem er að ræða um eiginleg skipströnd eða um parta af skipum eða skipsförmum, sem rekur upp á land, og að minnsta kosti virðist ekki mismunurinn á þessum tveim tilfellum koma svo skýrt fram, sem æskilegt væri. Í hinu síðara tilfelli getur verið um mjög lítið að gjöra, þar sem öll vogrek, sem eru meir en 30 króna virði, heyra undir ákvarðanir frumvarpsins, og önnur vogrek, sem eru minna virði, einnig geta komizt þar undir, þegar þau að eins ekki heyra til þeirrar tegundar af vogrekum, sem um er rætt í 2. og 3. grein í opnu brjefi 4. maí 1778; sjá brjef dómsmálastjórnarinnar 27. júní 1864. Þegar þannig er ástatt, getur ekki verið umtalsmál, að kosta skuli skyndiboð til lögreglustjóra eða gagngjörða sendiferð til amtmanns, enda mundi slíkt opt og einatt meir en vinna upp andvirði vogreksins. Vjer stingum því upp á breytingu við upphaf 2. greinar, er beri með sjer, að hún einungis hljóði um eiginleg skipströnd. Þar eð vjer ætlum, að amtmenn mjög sjaldan muni geta komið því við eða álíta það nauðsynlegt að koma á skipströnd, álítum vjer, að ekki eigi að kosta upp á gagngjörða sendiferð til amtmanns, nema þegar hann býr skammt burtu, og viljum vjer takmarka þessa ákvörðun við eina dagleið á sumardag.

Þrír fyrstu kaflarnir af 3. grein stingum vjer upp á að sjeu greinir út af fyrir sig, og hljóðar þá sú grein um sömu tilfelli og 2. grein, það er: um hin eiginlegu skipaströnd.

Síðasti kafli 3. greinar leggjum vjer til að sje grein út af fyrir sig, 4. gr., og hljóð-

ar þá sú grein eingöngu um hið annað aðaltilfelli, að parta af skipum eða skipsförmum reki á land. Í þessu tilfelli álítum vjer nauðsynlegt að taka fram, að ekki megi senda skyndiboð til sýslumanns nema svo sje, að um mikil vogrek sje að gjöra, er geti borið kostnaðinn. Í slíkum tilfellum álítum vjer eigi heldur nauðsynlegt, að vogrekið sje tilkynnt amtmanni fyrri en með næstu póstferð.

Við 5. gr., sem nú verður 6. gr., stingum vjer upp á nokkrum breytingum, sem miða til að skýra efni greinarinnar, en eigi til að breyta.

Við 6. (7.) gr. stingum vjer upp á, að skotið sje inn í 2. kafla beinni ákvörðun um, að við ákvörðun daglaunanna skuli hafa tillit til þess, ef hlutaðeigendur verða að missa af arðsamri atvinnu, svo sem sjóróðrum eða heyvinnu, jafnvel þó vjer játum, að þetta einnig kunni að liggja í orðum greinarinnar, eins og hún er.

Í upphafi 8. (9.) greinar stingum vjer upp á orðabreytingu, er eigi hefur nein áhrif á efnið. Þar eð vjer álítum, að ákvörðunin síðar í greininni um, að hafa megi kirkjulopt til geymslu fyrir strandað góz, hafi mjög litla þýðingu, og þar að auki álítum hana ekki eiga vel við, þá leggjum vjer það til, að hún sje felld burt, og þar að auki höfum vjer vikið þessum kafla greinarinnar lítið eitt við, án þess að breyta að öðru leyti efni hans.

Í niðurlagi 9. (10.) greinar er svo fyrirmælt, að ef gózið ekki brökkur fyrir kostnaði, þá skuli lögreglustjóri leggja út í bráð það, sem á vantar, gegn endurgjaldi úr landssjóði; en þar eð opt mundi standa svo á, að lögreglustjóranum væri þetta ómögulegt, álítum vjer hagfelldara, að þessari ákvörðun um, að lögreglustjórinn skuli greiða hið vantandi, sje sleppt, en honum þar á móti veitt heimild til, að geta til bráðabyrgða fengið kostnaðinn greiddan úr landssjóði, til þess síðan að greiða hlutaðeigendum sitt, ef þeir eigi vilja bíða eptir því, að fjeð fáist frá átthögum skipsins.

Í niðurlagi 10. (11.) og upphafi 12. (13.) greinar stingum vjer upp á orðabreytingum, sem ekki breyta efni greina þessara.

Ákvörðunin í 17. (18.) grein um það, hvar uppboðið skuli birt, virðist oss eigi alls kostar hagfelld, og einkum álítum vjer, að það geti komið fyrir, að það sje öldungis ónóg, að uppboðið sje auglýst í öllum hreppum og verzlunarstöðum þeirrar sýslu, þar sem strandið kemur fyrir, en greinin fyrirskipar eigi, að það nokkru sinni skuli birt víðar, það er þó auðsætt, að uppboð, sem t. a. m. ætti að haldast yfir strönduðu skipi á Akranesi, ætti að kunngjörast í Reykjavík; uppboð yfir skipi, sem framfæri út með Eyjafirði austanverðum, ætti að kunngjörast á Akureyri, o. s. frv. Vjer stingum því upp á, að ákvörðun um birtingu uppboðsins sje gjörð almennari þannig, að það skuli birtast svo víða, sem eptir kringumstæðunum megi álítast að hafa þýðingu með tilliti til þess, að menn komi þaðan á uppboðsstaðinn. Í síðasta kafla greinarinnar er orðaskipun lítið eitt vikið við, og gjörð orðabreyting.

20. (21.) grein inniheldur ákvarðanir um borgun þá, er lögreglustjóra og umboðsmanni hans ber fyrir aðgjörðir við skipaströnd m. m. þar sem ákveðið er, að borgun þessi að eins sje greidd fyrir þann tíma, sem gengur til ferðarinnar fram og aptur, og fyrir þann tíma, sem hlutaðeigandi verður að dvelja við strandið vegna björgunarinnar, þá virðist oss þessi ákvörðun, eins og hjer á landi er ástatt, geta orðið næsta ósanngjörn; því það getur hæglega komið fyrir, að björguninni sje að mestu lokið, þegar lögreglustjórinn kemur á strandið, en að hann samt sem áður verði að bíða þar viku eða lengur, áður en uppboðið getur farið fram, og virðist oss þá sanngjarnt, að hann fái hina sömu borgun (sem vjer viljum kalla fæðispeninga, en ekki þóknun) fyrir allan þann tíma, sem hann strandsins vegna verður að vera burtu frá heimili sínu, einungis að þeim dögum undanskildum, sem uppboðið stendur yfir. Þegar fæðispeningarnir eru 6 krónur, sem vjer að öðru leyti álítum vera hæfilega upp-

hæð, þá eru þeir eigi heldur svo háir, að eigendum gózins geti álitizt íþyngt um of með þessu.

Því næst álítum vjer, að eigi sje næg ástæða til, að gjöra mun á fæðispeningum lögreglustjórans sjálfs og umboðsmanns þess, er hann kann að senda í sinn stað, því þar eð þær kröfur verða að gjörast til lögreglustjóranna, að þeir ekki kjósi til þessa aðra en hina áreiðanlegustu menn, sem varla munu fást nema fyrir sæmilega borgun, eins og það einnig eptir því, sem hjer er ástatt, einungis mun verða sjaldgæf undantekning, að umboðsmaður sje sendur í stað lögreglustjóra, þá virðist ekki vera ráðlegt, að ákveða lægri dagpeninga handa umboðsmanninum en lögreglustjóranum sjálfum.

Í þeim tilfellum, sem um er rætt í 24. (25.) grein, ætlum vjer, að það geti hæglega komið fyrir, að finnendur verði ekki íhaldnir af því, að fá $^1/_2$ eða $^1/_5$ af andvirði þess, sem bjargað er, að öðrum kostnaði frádregnum, fyrir að flytja skipið eða skipsbrotið til lands, þar eð verið getur, að það seljist fyrir mjög lítið, en björgunarkostnaður, eptir það að landi kemur, getur orðið allmikill. Þegar svo er, virðist oss nauðsynlegt, að finnendur eigi kost á, að fá ómakslaun sín endurgoldin eptir reikningi, og að öðru leyti eptir þeim reglum, sem gilda um björgunarkostnaðinn, eins og oss einnig virðist, að þeir ekki eigi að komast hjá, að missa nokkurn part af því endurgjaldi, sem þeim annars bæri í sama hlutfalli og aðrir björgunarmenn, þegar andvirði vogreksins eigi hrökkur fyrir kostnaðinum; því í þeim tilfellum, sem hjer er um rætt, þegar engir menn eru með hinu strandaða skipi, verður ekki við því búizt, að hið vantandi fáist frá eigendum eða ábyrgðarmönnum skipsins. Þar sem meðal annars er gjört ráð fyrir, að vogrekið finnist á ströndinni, sem verður að skiljast um það, að það sje komið upp í flæðarmál, þá virðist slíkt tilfelli ekki eiga að heyra undir ákvarðanirnar í þessari grein, því þegar þannig er ástatt, virðist eiginlega ekki geta verið spursmál um, að flytja það til lands, heldur einungis að bjarga því sem strönduðu skipi eða gózi. Að öðru leyti virðist grein þessi eiga að heimfærast ekki einungis upp á heil skip, heldur einnig parta af skipinu.

Í 26. (27.) gr. virðist tilvitnunin til 22. greinar ekki rjett, og mun vera átt við 24. grein, sem nú verður 25. grein.

Í 27. (28.) gr. stingum vjer á tveim stöðum upp á orðabreytingum.

29. grein virðist oss mega falla burt sem óþörf.

Í 30. (31.) grein stingum vjer upp á orðabreytingu.

Samkvæmt þessum athugasemdum leyfum vjer oss að leggja það til, að þingdeildin aðhyllist frumvarpið með eptirfylgjandi breytingum:

1. Að upphaf 1. greinar orðist þannig: «Hver sem verður var við» o. s. frv.
2. Að upphaf 2. greinar verði þannig: «Nú verður skipreki, og skal hreppstjóri tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra, og má til þess hafa» o. s. frv.
3. Að í síðari kafla 2. greinar, verði í staðinn fyrir: «tveggja daga ferð» sett: ein dagleið á sumardag».
4. Að í staðinn fyrir síðasta kafla 3. greinar komi ný grein (4. gr.) þannig hljóðandi: «Nú rekur parta af skipum, sem hafa orðið fyrir tjóni annarstaðar, eða nokkuð af farmi þeirra, þá skal hreppstjóri einnig tilkynna það lögreglustjóra hið fyrsta, en eigi má hann hafa til þess skyndiboð, nema um stórt vogrek sje að gjöra, sem auðsætt sje að geti borið kostnað þann, er þar af leiði. Jafnskjótt og lögreglustjórinn hefur fengið þessa tilkynningu, ákveður hann, hvort nauðsynlegt sje, að hann fari sjálfur til rekastaðarins, en að öðrum kosti segir hann fyrir, eins og með þarf, hvernig fara skuli með vogrekið. Þangað til sýslumaður kemur eða tilkynnir fyrirskipanir sínar, skal hreppstjóri gjöra þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að bjarga vogrekunum og gæta þeirra. Sýslumaður skal með næstu póstferð senda amtmanni tilkynningu um vogrekið».

5. Að tölunum við eptirfylgjandi greinir frumvarpsins verði breytt þannig, að 4. grein þess verði 5. grein, 5. grein verði 6. grein o. s. frv.

6. Að 5. grein frumvarpsins (6. gr.) verði þannig orðuð:
»Það skal vera almenn skylda karlmanna af alþýðu, sem til þess eru færir, að koma til að bjarga, þegar hreppstjóri eða lögreglustjóri skorar á þá sjálfa þar um, ef þeir eiga með sig sjálfir, eða skorar á húsbændur þeirra, í hverri stjett sem eru, eða aðra forráðamenn, að ljá þá, ef þeir eru vinnumenn, hásetar, eða á annan hátt öðrum háðir. Einnig skulu þeir, sem eiga báta, hesta og áhöld, sem á þarf að halda við björgunina, láta það allt í tje eptir áskorun hinna sömu».

7. Að í 6. grein frumvarpsins (7. grein) 2. kafla, sje á eptir orðunum: «eptir því hvernig á stendur, fyrir þann tíma, sem þeir eru við björgunina samkvæmt tilhlutun yfirvaldsins eða annara, sem í hlut eiga», verði bætt þessum orðum:
«þannig skal hafa tillit til þess, ef þeir verða að missa af arðsamri atvinnu, svo sem sjóróðrum eða heyvinnu».

8. Að upphaf 8. greinar frumvarpsins (9. gr.) verði þannig:
«Nú hefur eigi verið gjörður neinn löglegur samningur um björgunina, og skal þá yfirvaldið sjá um, að allt, sem gjört verður», o. s. frv.

9. Að málsgrein sú seint í sömu grein, er byrjar með orðunum: «Til þess að varðveita gózið», og endar með orðunum: «og annan bjargkostnað», verði þannig: «Til þess að varðveita gózið, getur yfirvaldið heimtað, að látin sjeu í tje hús einstakra manna, sem annaðhvort eru auð, eða þeir mega án vera, og sem eigi geta skemmzt við slíka notkun, og ef mönnum kemur eigi saman um húsaleiguna, skal ákveða hana sem annan björgunarkostnað».

10. Að niðurlag 9. (10.) greinar verði þannig:
«Ef það, sem bjargað er, hrökkur ekki fyrir öllum kostnaði, má, eptir ósk lögreglustjórans, greiða það, sem á vantar, úr landssjóði til bráðabyrgða, móti endurgjaldi frá rjettum hlutaðeigendum».

11. Að niðurlag 10. (11.) greinar verði þannig orðað:
«Hún skal einnig innihalda skýrslu um það, sem fram hefur farið til að fullnægja því, sem fyrir skipað er í 7. (8.) grein, og ef gjörður hefur verið björgunarsamningur, þá skal geta þess».

12. Að upphaf 12. (13.) greinar verði þannig:
«Lögreglustjóri hefur rjett til, að vísa burt öllum þeim mönnum, sem enga hlutdeild eiga í björgun eða gæzlu á hinu strandaða gózi, og að öðru leyti eru óviðriðnir strandið; svo skal hann og vísa burt þeim bjargendum» o. s. frv.

13. Að 2. málsgrein í 17. grein (18. gr.) verði þannig:
«Hann skal þannig sjá um, að uppboðið verði í tarlega birt þeim, sem í grennd búa og eigi fjær en svo, að líkindi eru til, að birtingin hafi þýðingu með tilliti til þess, að lysthafendur þaðan komi til uppboðsins; sjerstaklega ber að auglýsa uppboðið á öllum verzlunarstöðum, sem í grennd eru, og skal sjer í lagi taka það fram, ef selja á strandað skip».

14. Að í síðara kafla sömu greinar sje gjörð þessi orðabreyting:
»og skal hann taka álit þetta til greina, svo sem verður og kringumstæðurnar leyfa, og sjer í lagi gæta þess, hvernig það geti samrýmzt við hagsmuni annara hlutaðeigenda, t. a. m. þeirra, er bjarga».

15. Að í staðinn fyrir 1. kafla 20. (21.) greinar: »Fyrir hvern dag . . . . . 10. sept. 1830, 16. gr.» komi:
»Lögreglustjóri eða umboðsmaður hans skal hafa 6 krónur í fæðispeninga fyrir hvern þann dag, sem hann strandsins vegna þarf að vera fjærverandi frá heimili sínu, að uppboðsdögunum einum undanskildum. Borgun þessi skal vera þriðjungi hærri (9 krónur) fyrir þá daga, sem hann verður að vera viðstaddur á

sjálfri ströndinni sökum björgunarinnar, lengur en 8 stundir, en þar með má samt eigi telja þann tíma, sem kann að ganga til tilbúnings strandbókarinnar m. m. Enn fremur skal auk fæðispeninganna greiða lögreglustjóra eða umboðsmanni hans ferðakostnað til strandsins og þaðan aptur, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í reglugj. 10. sept. 1830, 16. gr.».

16. Að upphaf 24. (25.) greinar verði þannig orðað:
»Þegar skip finnst á sjó, án þess menn sjeu með, eða partur af skipi, skal finnandi« o. s. frv.

17. Að síðar í sömu grein í staðinn fyrir: »að flytja það í land« sje sett: »að flytja það til lands«.

18. Að síðar í sömu grein í staðinn fyrir orðin: »en sje það fundið á ströndinni eða í fjörðum, víkum eða annarstaðar rjett við ströndina«, komi:
»en sje það fundið í fjörðum eða víkum, eða annarstaðar nálægt landi«.

19. Að síðast í sömu grein »í bjarglaun« falli burt.

20. Að bætt sje við sömu grein þessum viðauka: »Nú þykir finnendum eigi hin umræddu laun vera nægilegt endurgjald fyrir fyrirhöfn sína, og eiga þeir þá kost á að fá í þeirra stað endurgjald eptir reikningi, sem lögreglustjóri úrskurðar. En ef andvirði hins bjargaða eigi hrökkur fyrir öllum kostnaði, verða finnendur að líða halla af því með björgunarmönnum í rjettu hlutfalli við hinar úrskurðuðu upphæðir reikninganna«.

21. Að í 26. (27.) grein verði »í 22. gr.» leiðrjett til »í 24. grein«, eða, ef 4. og 5. töluliðir hjer að framan verða samþykktir, til »í 25. gr.«.

22. Að upphaf 27. greinar verði þannig: »Enginn embættismaður, sem á að sjá um«, o. s. frv.

23. Að síðar í sömu grein verði í staðinn fyrir: »Eigi heldur mega þessir embættismenn ráðast í önnur fyrirtæki einstakra manna«, sett:
»Eigi heldur mega þessir embættismenn eiga þátt í öðrum fyrirtækjum einstakra manna«.

24. Að 29. grein frumvarpsins falli burt, og að tölunni við 30. grein verði breytt samkvæmt því.

25. Að orðið »láta« í 30. grein frumvarpsins falli burt.

Efri deild alþingis, 9. dag júlímán. 1875.

Á. Einarsson, formaður. Bergur Thorberg, skrifari og framsögum.
St. Eiríksson.

Á 12. fundi efri þingdeildarinnar, 16. dag júlímán. var samkvæmt dagskránni haldið áfram fyrstu umræðu um þetta mál, og hafði nefndarálitinu verið út býtt meðal þingdeildarmanna hinn 13. næst á undan.

Framsögumaður (Bergur Thorberg) tók það fram, að nefndin hefði, eins og nefndarálitið sýndi, ráðið til að löggilda frumvarpið í heild sinni. Eins og ástæðurnar við frumvarpið bæru með sjer, væri það byggt á sams konar lögum, er gilt hefðu í Danmörku nú í 40 ár, og þættu þar góð og hagfelld lög, og ekki einungis þar, heldur og erlendis hefðu þau fengið þann vitnisburð, að þau einkar-vel næðu aðaltilgangi sínum, er væri sá, að vernda rjettindi erlendra skipbrotsmanna. Það væru því að eins einstaka breytingar við frumvarpið, er nefndinni hefði þótt þörf að stinga upp á; sumar þeirra væru að eins orðabreytingar, *er miðuðu til að gjöra ýmsar ákvarðanir ljósari*, og það, er máske mætti virðast tvírætt í meiningunni, skýrara; sumstaðar hefði nefndin aptur gjört fáeinar breytingar, er henni hefði þótt þörf á eptir sjerstaklegu ásigkomulagi þessa lands, þar sem mörgu væri hjer öðruvísi háttað en í Danmörku, en á hinn bóginn hlyti þó eptir hlutarins eðli, flest að vera sameiginlegt í slíkum lögum, fyrir hvaða land sem þau svo væru gefin. Frumvarp stjórnarinnar væri í flestu tilliti byggt á tilskipun 28. desbr. 1836, þó með breytingum þeim, er stjórninni hefði þótt hið sjerstaklega ásigkomulag Íslands útheimta. Þar sem nú þó nefndinni hefði

þótt nokkuð á skorta í því efni, hefði hún viljað gjöra frekari uppástungur í þá átt. Að öðru leyti ætlaði hann eigi á þessu stigi málsins að fara inn í einstök atriði þess, en að eins bæta því við, að nefndin hefði eigi álitið það ætlunarverk sitt, að skrifa frumvarpið upp í nýju formi. Frumvarpið væri að vísu nokkuð langort og hefði inni að halda ýmsar ákvarðanir, er beinlínis þyrftu eigi að standa í lagafrumvarpi, en væri þó gott og hagfellt að einhverstaðar væru til, og gætu eigi spillt, þótt þær væru teknar inn í lagaboð. Fleira ætlaði hann eigi að ræða um nefndarálitið að sinni, en kvaðst vona, að þingdeildin aðhylltist frumvarpið með breytingum nefndarinnar.

Benidikt Kristjánsson kvaðst að sinni eigi ætla að fara mörgum orðum um frumvarpið, enda hefði hann enn eigi haft tækifæri til að kynna sjer það til hlítar. En hann vildi þó geta þess, að eptir því sem sjer hefði komið frumvarpið fyrir sjónir, sýndist sjer það mjög óíslenzkulegt að málfæri og hugsun. Hann kvaðst játa, að, að því er breytingar nefndarinnar næðu til, hefðu þær bætt nokkuð úr. En óíslenzkuleg hugsun lægi í því að því leyti, sem ýmsar ákvarðanir þess væru öðruvísi, en hjer á landi ætti við. Og einn aðalgallinn fyndist sjer sá, að rjettur landsmanna gagnvart útlendum væri eigi nægilega tryggður. Í frumvarpinu væri það gjört að aðalatriði að verndа rjett strandmanna, sem í sjálfu sjer væri allsendis rjettlátt, en björgunarmenn yrðu engu síður að hafa sinn rjett, þar sem þeir legðu optlega líf og heilsu í sölurnar; þessa kvað hann eigi nægilega gætt í frumvarpinu og áliti því, að nauðsyn bæri til, að tryggja það frekar. Mundi hann því síðar stinga upp á fleiri breytingum við frumvarpið, en ætlaði eigi að tala fleira að sinni.

Þórður Jónasson kvaðst vilja lýsa því yfir, að hann fellди sig vel við nefndarálitið, og þætti það vel af hendi leyst, eins og hann líka í sjálfu frumvarpinu sæi verulega rjettarbót, með því að engin almenn lög áður hefðu verið um þetta efni, sem stjórninni væri þó eigi um að kenna; því að hún hefði optar en einu sinni borið það mál upp, en ekki komið því fram. Mætti því geta því nærri, að það mál hefði farið í meðferðinni ekki alls kostar eins og skyldi, og kvartanir komið fram, sem víst mætti kenna því um, að engin almenn lög hefðu verið til að fara eptir. Í frumvarpinu virtist sjer vera tekið hæfilegt tillit bæði til rjettar innlendra og útlendra og annara kringumstæða; þetta hefði nefndin sjeð, og farið því um það sem fæstum orðum, og gjört við frumvarpið litlar breytingar, og væri hann þeirri stefnu nefndarinnar alveg samþykkur, enda mundi málið eigi græða mikið á miklum orðalengingum, og hann aðhylltist þau ráð nefndarinnar, að aðhyllast málið yfir höfuð í heild sinni.

Eiríkur Kúld sagðist hljóta að lúka lofsorði á nefndina fyrir breytingar þær, er nefndin hefði gjört við frumvarpið, er allar miðuðu til mikilla bóta. En á hinn bóginn kvaðst hann eigi geta neitað því, að hann mundi hafa óskað, að hún hefði gjört við það langtum fleiri breytingar, er hann þó ætlaði eigi að tala sjerstaklega um að sinni. Hann vildi að eins benda til einnar misfellu, er að sinni skoðun væri á 6. grein frumvarpsins. Sjer virtist koma þar fram töluvert misrjetti. Hann ætlaði það að vísu alveg rjett, að hlynna að skipbrotsmönnum, en þó því að eins, að rjettar landsmanna um leið væri gætt. Nú væri hjer ætlazt til, að lögreglustjóri skyldi ákveða borgun björgunarmanna fyrir ómak þeirra og fyrirhöfn; en það liti svo út, sem þeir hlytu að sæta þessari úrlausn lögreglustjóra, enda þótt þeim fyndist borgunin eigi viðunandi, þar sem aptur á hinn bóginn skipbrotsmönnum væri gjört heimilt, að skjóta ákvörðun lögreglustjóra til æðri úrskurðar. Þetta fyndist sjer því þyrfti að laga, og mundi hann áskilja sjer breytingaruppástungu í þá átt eða sameina sig við þá, er sömu meiningar kynnu að vera. Í annan stað þættu sjer talsverðir gallar á málinu á frumvarpi þessu, og þætti sjer sárt, að nefndin hefði eigi leiðrjett það. Svo væri og ýms orða-

tiltæki í frumvarpinu lítt hafandi, og meiningin yrði við það jafnvel röng, þar sem t. a. m. stæði í 2. lið 6. greinar: «en eins og þar að auki má hækka hæfilega daglaun þeirra bjarganda . . . . sem hefur verið stofnað í sjerstaklega hættu». Ekkert yfirvald hefði heimild til að stofna neinum í hættu, nema hann sjálfur vildi. Enn væru ýmsir nýgjörvingar, er hann ekki gæti fellt sig við, og aldrei hefði heyrt, svo sem þetta orð: «aftakslaust», þetta tæki hann að eins, sem dæmi. Það hefði verið tekið fram, að lög þau, er þetta frumvarp væri byggt á, hefðu öðlazt mikið hrós í Danmörku, en hjer væri öðru máli að gegna, og þess vegna þyrfti margt í lögunum að sníðast eptir sjerstaklegu ásigkomulagi lands þessa, eins og þingmaður Þingeyinga hefði tekið fram.

Jón Hjaltalín kvaðst hafa lesið nefndarálit það, er hjer lægi fyrir, grandgæfilega, og þætti sjer það að flestu leyti, ef ekki að öllu leyti mjög vel af hendi leyst. Lög þessi væru og í alla staði nauðsynleg. Menn yrðu að gæta þess, að nú um langan aldur væri komið óorð á Íslendinga fyrir óreglu þá og ójöfnuð, er optlega hefði komið fram við útlenda skipsbrotsmenn hjer á landi. Gæti hann fært til þess dæmi bæði gömul og ný. Eitt dæmi væri eigi svo gamalt austan undan Eyjafjöllum, og hefðu farið þungar sögur af því, þó þær raunar gætu hafa verið orðum auknar; hann væri því ekki svo kunnugur, en það sýndi þó, hve áríðandi væri, að landsmenn gættu allrar sanngirni gagnvart útlendum nauðstöddum skipbrotsmönnum, ef Íslendingum annars væri annt um, hversu um þá væri dæmt í öðrum «civiliseruðum» löndum. Annað dæmi gæti hann og tilfært, þótt það væri nú orðið gamalt; hefðu farið af því ófagrar sögur, að skipstjóri hefði meðal annars verið flettur klæðum, og hefði legið við, að afleiðingarnar hefðu eigi orðið betri, en tilverknaðurinn, því að nokkrum árum seinna hefðu rekið nokkrir kútar; einn þeirra hefði verið opnaður og hefði í honum verið flaska, sem menn hefðu ætlað að vera mundi meðalaflaska, en við nákvæmari aðgæzlu reynzt að vera blásýra. Mundi þetta hafa verið gjört í hefndarskyni. Þætti sjer skylt að geta þessa, til að sýna, hve brýna nauðsyn bæri til, að ströng og hagfelld lög væru til um þetta efni. Frumvarp þetta bætti nú úr þessum annmarka, og væri það samið í kristilegum anda og ætti í alla staði meðhald skilið. Að öðru leyti mundi ekkert á móti því, að gjörðar væru orðabreytingar, þar sem þess þætti þurfa.

Sighvatur Árnason kvaðst finna sig knúðan til að svara hinum 5. konungkjörna þingmanni nokkrum orðum. Ímyndaði hann sjer, að hann mundi vera eins kunnugur skipstrandinu undir Eyjafjöllunum, eins og hann, og yrði hann, eptir því sem hann vissi til fyrir guði og samvizku sinni, að lýsa það lygi, að skipbrotsmenn hefðu orðið fyrir nokkru öðru, en vinsemd. Hreppstjórinn og annar maður, báðir valinkunnir menn, hefðu þegar farið á strandstaðinn til að taka á móti þeim. Hefði þeim síðan verið komið til næsta bæjar og fengið þar alla þá hjúkrun, er unnt hefði verið að láta þeim í tje. Því næst hefðu þeir verið fluttir að Holti, og fengið þar hinar beztu viðtökur og meðferð til lykta. Hvernig síðan hefði verið farið með þá, vissi hann ekki um, enda kæmi það ekki þessu máli við; kvað hann það óverðugt fyrir hinn háttvirta þingmann að bera slíkar sögur fram á þingi. En hvað sjálft málið snerti, virtist sjer nefndinni yfir höfuð hafa tekizt vel, og frumvarpið væri í heild sinni vel úr garði gjört, þó má ske mundi betra að víkja sumu lítið eitt við.

Framsögumaður kvaðst ætla með tilliti til mótbára þeirra, er komið hefðu fram af hálfu tveggja þingmanna gegn nefndarálitinu, að geta þess í sambandi við það, er hann áður hefði sagt, að, þar sem þeim hefði þótt málið á frumvarpinu óíslenzkulegt, þá hefði nefndin eigi álitið það vera skyldu sína, að leiðrjetta stýlinn, að öðru leyti en því, er henni hefði virzt þörf, til að gjöra ákvarðanir frumvarpsins á einstöku stað ljósari og skiljanlegri,

en ef þeir vildu gjöra fleiri leiðrjettingar á málinu, mundi það þeim innan handar. Aptur hefði af hálfu hinna sömu þingmanna komið fram önnur mótbára, og hún væri þýðingarmeiri, ef hún væri á rökum byggð, nefnilega sú, að rjettar landsmanna væri eigi nægilega gætt í frumvarpinu eða nefndarálitinu. Gæti hann eigi sjeð að svo væri. Að vísu væri það allsendis eðlilegt, að tilgangur slíkra laga, sem þessara, einkum væri sá, að vernda rjett skipbrotsmanna, en á hinn bóginn líka sjálfsagt, að eigi mættu þau innihalda neitt, er hallaði rjetti annara. Vonaði hann, að þingmenn sæju, að nefndin hefði einmitt haft sjer þetta hugfast, þar sem hún á ýmsum stöðum hefði viljað tryggja rjett bjarganda enn ítarlegar, en í frumvarpinu sjálfu; þannig hefði nefndin í 7. niðurlagsatriði nefndarálitsins gjört ráð fyrir því, er helzt gæti komið fyrir, að eigi yrði tekið nægilegt tillit til allra kringumstæða hlutaðeigandi bjarganda; þess vegna hefði hún með berum orðum viljað taka fram, að haft væri tillit til þess, ef þeir yrðu að missa af arðsamri vinnu, svo sem sjóróðrum eða heyvinnu. Svo væri og bæði í frumvarpinu og enn ítarlegar í nefndarálitinu undir 14. tölul. beinlínis tekið fram, að þegar yfirvöldin ályktuðu eitthvað viðvíkjandi skipströndum, skyldu þau sjer í lagi taka tillit til, hvernig hagur beggja hlutaðeiganda gæti samrýmzt sem bezt. En þeim, sem eigi þætti nægileg trygging í því, að í 6. grein væri eigi beinlínis tekið fram, að björgunarmenn skyldu mega skjóta ákvörðunum lögreglustjóra til æðri úrskurðar, þá yrði hann að benda þeim á, að í 25. grein frumvarpsins stæði almenn ákvörðun um, að ályktun lögreglustjóra ávallt heyrði undir æðri úrskurð. Hverja aðra tryggingu þessir þingmenn hefðu hugsað sjer, vissi hann eigi. En hins vegar virtist það þó bezt eiga við, að lögreglustjóri ályktaði um borgun bjarganda, með því hann hlyti að þekkja bezt til á hverjum stað, og gæti tekið tillit til alls, er með þyrfti.

Jón Hjaltalín sagðist vilja, ef hann skyldi hafa talað óljóst, leiðrjetta orð sín; en hann væri hræddur um, að hinn heiðraði þingmaður Rangæinga hefði misskilið sig. Hann hefði aldrei sagt, að illa hefði verið farið með fólkið, þvert á móti hefði hann heyrt sjálfur, að það hefði orðið fyrir hinum beztu viðtökum og meðferð í alla staði. En hitt hefði það verið, að sjálfur skipseigandinn í Lundúnum hefði kvartað yfir því við sig, að sljólega hefði verið bjargað, og uppboðið gefið lítið af sjer. Meining sín hefði verið sú með dæmum þessum, að sýna fram á, að nauðsynlegt væri að hafa strangar reglur og skýr lög að fara eptir í þessu efni.

Sighvatur Árnason kvaðst ánægður að heyra þetta svar hins háttvirta 5. konungkjörna þingmanns. Sjer hefði fyrst ekki getað skilizt betur, en að meining hans hefði verið, að skipbrotsmenn hefðu orðið fyrir illri meðferð undir Eyjafjöllum. En fyrst að hinn háttvirti þingmaður hefði aftekið, að sú hefði meining sín verið, gæti hann að nokkru leyti unað betur slíkum sögum.

Stefán Eiríksson kvað nú yfir höfuð hafa verið vægilega tekið á nefndarálitinu. Þó hefðu 2 heiðraðir þingmenn fundið þann aðalgalla á nefndarálitinu, að innlendir yrðu fyrir hallanum gagnvart skipbrotsmönnum. Kvað hann hinn háttvirta framsögumann þegar hafa sýnt fram á, að slík mótbára væri eigi á rökum byggð; enda virtist svo eptir hlutarins eðli, sem skipseigandanum væri einna mest áríðandi í slíkum tilfellum, að rjettar hans væri sem fyllilegast gætt; þar sem hann væri kominn að ókunnu landi í hættulegum kringumstæðum. Hinn háttvirti varaforseti hefði sagt, að ekkert yfirvald hefði heimild til að stofna öðrum í sjerstaklega hættu. Hann gæti þó sagt þingmanninum það, að hann væri svo kunnugur ströndum, að hann vissi til, að slík tilfelli gætu optlega komið fyrir, að óumflýjanlegt væri, að stofna mönnum í lífshættu, t. a. m. þegar bjarga yrði við sanda fyrir opnu hafi, annaðhvort mönnum eða einhverju mjög svo áríðandi frá skipinu. Þess vegna væri það tekið fram í 6. gr., að slíkir menn fengju jafnvel tvöföld björgunarlaun, og sú ákvörð-

un væri mjög eðlileg, og geti hinir heiðruðu þingmenn ekki fundið annað að nefndarálitinu en það, að nefndin ekki hafi útilokað orðið «sjerstaklega hættu», þá sýnist það vera tilgangslaust að finna að nefndarálitinu.

Eirikur Kúld kvað engan mega ætla sjer það, að hann vildi fella frumvarp þetta, þótt hann vildi rýma burt göllum þeim, er á því væru. Hann yrði að ætla enn sem fyr, að orðaskipunin í 6. grein væri mjög óheppileg, og hvað sem þingmaður Skaptfellinga segði um það, þá gæti hann eigi skilið, eptir hvaða lögum lögreglustjóri gæti skipað nokkrum manni, að stofna sjer í lífsháska, enda þótt tunna eða annað því um líkt flyti fyrir landi.

Torfi Einarsson sagðist ætla að hverfa að því, er þingmaður Þingeyinga hefði tekið fram, að eigi væri jafnrjetti gjört landsmönnum og skipbrotsmönnum, væri hann honum að vísu samþykkur í því, en hætt væri við, ef á annan væri hallað, að hann þá eigi næði rjetti sínum. Hvað samningana snertir, þegar t. a. m. skip strandaði langt frá mannabyggðum, þá kynni ef til vill að fara svo, að þeir yrðu misjafnt haldnir, þar sem þá gæti dregizt, að náð yrði í hlutaðeigandi yfirvöld. Væri þá og hætt við, að afleiðingin yrði sú, að menn færu að draga sig í hlje með að koma til björgunar, ef eigi væri haft hæfilegt tillit til vinnu þeirra, enda lægi það í eðli Íslendinga, að öll samningsrof væru þeim næsta ógeðfelld.

Jón Pjetursson kvað hinn heiðraða þingmann Barðstrendinga hafa tekið það fram, að hið opinbera hefði eigi neina heimild til að stofna mönnum í lífsháska, en þingmaður Skaptfellinga hefði eigi haft neitt á móti því. Í sambandi við þetta vildi hann benda á, að í danska textanum væri öðruvísi að orði komizt, því að þar stæði: «have været udsatte for særlig Fare», þ. e.: hefðu stofnað sjer í sjerstaklega hættu, en eigi hefði verið stofnað í hættu af öðrum. Þetta væri sjálfsagt að leiðrjetta í íslenzka textanum, og svo væri ef til vildi um fleira, er kynni að geta misskilizt.

Ásgeir Einarsson kvaðst eigi þurfa að mæla mikið fram með frumvarpinu, það væri þegar búið. Þar sem hinn heiðraði þingmaður Barðstrendinga hefði talað um, að yfirvöldin hefðu eigi heimild til að stofna mönnum í lífshættu, þá hefði nú hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður sýnt fram á, í hverju sá misskilningur lægi. En í framhaldi af því, er hinn heiðraði þingmaður Skaptfellinga hefði sagt, þá mundi optast vera svo, að menn gerðu það af frjálsum vilja, að leggja sig fram við slík tækifæri; vissi hann til, að svo hefði verið á Skagaströnd. Að öðru leyti mundi nefndin fús, að breyta orðaskipun, ef þurfa þætti. En þar sem hinn heiðraði þingmaður Strandasýslu hefði minnzt á, að svo gæti farið, að samningar eigi yrðu haldnir, þá ættu þó björgunarmenn æfinlega aðgang að daglaunanum, og, ef einhverjir hefðu sýnt af sjer sjerlegan dugnað, væri það á valdi lögreglustjóra, að ákveða þeim ríflegri laun.

Fyrst fleiri tóku eigi til máls, kvaðst forseti bera það undir atkvæði deildarmanna, hvort mál þetta skyldi ganga til 2. umræðu. Var það samþykkt í einu hljóði.

ÖNNUR UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 18. fundi efri þingdeildarinnar 23. dag júlímán. kom mál þetta samkvæmt dagskránni til annarar umræðu.

Benidikt Kristjánssnn sagðist enn sem fyr verða að geta þess, að sjer þætti frumvarp þetta mjög óíslenzkulegt; svo virtist og nokkrum fleirum heiðruðum þingmönnum, er hann hefði borið sig saman við. Nú kvaðst hann hafa gjört nokkra tilraun til að bæta úr þessu, en það væri verk býsna-örðugt, enda hlyti hann að játa, að hann væri því heldur illa vaxinn. Kvaðst hann hafa yfirfarið frumvarpið í þessu skyni, án þess þó að gjöra nokkrar efnisbreytingar. En með því nú þessar breytingar sínar á málinu væru orðnar seint fyrir af áðurtöldum orsökum, hefði sjer komið til hugar, að nefndin mundi máske vera tilleiðanleg til að taka að sjer breyt-

ingarnar, eða að einhverjir 4 þingmanna hlutuðust þá til um það, því að hann yrði að álíta æskilegt, að slíkar breytingar á málfæri frumvarpsins kæmust að, áður en það yrði samþykkt og sent frá efri deildinni. Vildi hann svo leyfa sjer síðar að skýra hinum háttvirta forseta frá, hver niðurstaðan yrði með breytingar þessar.

Framsögumaður sagðist fyrir nefndarinnar hönd vilja lýsa því yfir, að hún mundi fús á að skoða þessar breytingar hins háttvirta þingmanns þingeyinga og íhuga þær, en að hve miklu leyti nefndin mundi geta gjört þær að sínum eigin uppástungum, gæti hann ekkert sagt um að sinni.

Eiríkur Kúld sagðist fella sig vel við breytingar hins heiðraða þingmanns þingeyinga, og ímyndaði hann sjer, að nefndinni mundi það kært, að taka þær til meðferðar, þar sem hann hlyti að ætla, að hún mundi brátt sannfærast um, að þeirra væri sannarlega þörf. Því yrði ekki neitað, að margt í frumvarpinu væri óljóst orðað og jafnvel sumstaðar misskilningi undirorpið, því útleggingin væri á einstaka stað ekki alveg eptir dönskunni.

Sighvatur Árnason vildi sjer í lagi vekja máls á einu atriði í frumvarpinu, af því hann hefði ekki sjeð enn neinar breytingar komnar fram um það. Væri það við 24. grein frumvarpsins. þar sje talað um það tilfelli, þegar skip finnist úti á hafi, en ekkert gjört ráð fyrir um það, hvort skipið sje sjófært eða ekki, og að eins sagt að fara með það sem strandað skip. Nú gæti mikið vel borið að, að heilt skip og sjófært fyndist úti á sjó, og virtist sjer þá athugavert, hvort það skyldi setja í strand. Um þetta efni fyndist sjer vanta greinilega ákvörðun í frumvarpinu.

Framsögumaður sagðist ekki vita, hvernig hinn heiðraði þingmaður Rangæinga hefði hugsað sjer það, er honum þætti hjer á vanta. Í 24. greininni standi ákvörðun um, að þegar skip finnist á sjó, skuli það flutt til lands. Síðan verði það að vera komið undir úrskurði hlutaðeigandi yfirvalda og sjerstökum kringumstæðum, hvað gjört skuli við skipið, eins og líka frumvarpið gjörði ráð fyrir. Að skipa öðruvísi fyrir um þetta efni, ætlaði hann að mundi talsverðum annmörkum bundið. Að öðru leyti mætti sjálfsagt gjöra ráð fyrir, að yfirvöldin eigi hröpuðu að því, að selja slík skip, svo rjettir eigendur mundu fá tækifæri til að gefa sig fram og leiða sig að eign sinni, ef þeir væru svo nálægt, að hjer um gæti orðið spursmál. Með tilliti til þess, er hinn háttvirti varaforseti hefði sagt um málið á frumvarpinu, þá yrði hann að gjöra minna úr því, en þeir þingmenn, er legðu mesta áherzlu á það atriði. Sjálfsagt væri það, að hann legði mikla áherzlu á, að málið væri skiljanlegt á lögunum, þannig að þau yrðu eigi fyrir þá sök misskilin; en þingið hefði, að sinni skoðun, engan veg nje vanda af stýlfæri á frumvarpi þessu — það hefði eigi samið frumvarpið — enda virtist sjer slíkt liggja fyrir utan verksvið þingsins; ætlunarverk þess væri annað og meira.

Sighvatur Árnason sagðist að vísu geta fellt sig við svar hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns; hann hefði að eins vakið máls á því, af því sjer hefði ekki þótt í frumvarpinu nógu vel sjeð um, að sjófær skip yrðu ekki sett í strand, en í samanburði við það, er hann hefði áður sagt, vildi hann þá benda á annað atriði, í 18. grein frumvarpsins; þar segði, að umboðsmanni hlutaðeigandi ríkis skyldi *heimilt* að vera viðstaddur strandið, en sjer virtist, að nauðsynlegt væri, að hafa ákvörðun um, að honum væri beinlínis gjört að vart, svo að honum með því gæfist kostur á að gæta skyldu sinnar, og gagns þeirra, er hann væri umboðsmaður fyrir. Kvaðst hann geta þessa, af því að hann vissi eigi til, að ákvörðun um þetta stæði í frumvarpinu, og þegar væri orðinn naumur tíminn að koma með breytingaruppástungur.

Benidikt Kristjánsson sagðist ekki geta verið samdóma hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni um það, að það væri eigi á ábyrgð þingsins, hvernig væri frá málinu gengið á frumvörpum þeim, er það hefði til meðferðar. Slíkt hefði máske mátt segja, meðan þingið hefði að eins verið ráðgefandi,

en nú væri það löggefandi þing, þ. e. gæfi sjálft lög, og stæði því engum nær en því, að lagfæra það sem annað; og ef menn játnuðu, að þingið væri samsett af íslenzkum mönnum, hlytu menn og að játa, að bein óvirðing væri fyrir þingið, að gefa út frá sjer lög jafnilla orðuð, og þetta lagafrumvarp væri. Hlyti mönnum að finnast enn meira til um þetta, er litið væri til þess, hve fögur íslenzka væri á hinum fornu íslenzku lögum. Raunar væri það eigi meining sín, að þau skyldi beinlínis stæla, en hafa mætti hliðsjón af þeim. Hin fornu lög hefðu verið stutt og fáorð, en þó tekið greinilega fram það allt, er með hefði þurft. Þetta frumvarp væri alveg á gagnstæðu horni við það. Í frumvarpinu gengju hálfar síður til að skipa fyrir um það, er taka mætti fram með nokkrum línum. Það væri og aðgætandi, að formið væri mikilsvarðandi, því að, ef það væri ófugt og afkáralegt, væri hætt við, að efnið yrði um leið miður skiljanlegt.

Ásgeir Einarsson sagði, að hinn heiðraði þingmaður Rangæinga hefði talað um breyting á 18. gr., en hann ætlaði, að hún mundi verða ærið þýðingarlítil, ef ekki væri nema einn ábyrgðar-«Agent» á öllu landinu, og sæti í Reykjavík; væri óvíst, hvort hlutaðeigendum mundi þykja ábati að senda til þeirra, enda væri það á valdi skipstjóra sjálfs að ákveða, hvað honum þætti haganlegast í því efni, eins og í fyrra hefði verið á Skagaströnd, þegar af skipi hefði verið höggvið siglutrjeð, en skipið sjálft óbrotið. Mótbára hins heiðraða þingmanns þingeyinga viðvíkjandi málinu á frumvarpinu hefði verið yfirgripsmeiri, en henni væri ekki gott að svara, þar sem enginn nefndarmanna hefði haft færi á að kynna sjer þessar breytingar; annars mundi hún (nefndin) máske hafa verið búin að taka þær til greina. Þessi þingmaður hefði sagt, að engin íslenzka væri á frumvarpinu. Það væri nú skáldlega mælt. Sami þingmaður hefði vitnað til hinna fornu laga, hve stutt og vel orðuð þau væru. Satt mundi það hafa verið á þeim tíma, sem þau hefðu verið samin, en hann vissi þó eigi betur, en seinni tíma mönnum hefði veitt fullerfitt að skilja þau. Nýlega hefðu menn sjeð í Vikverja dæmi upp á stælingu hins fornu máls á yfirrjettardómum þeim, er þar hefðu birtir verið, en hann vissi þó til þess, að fáfróðir almúgamenn hefðu komizt að fullkeyptu með að skilja það mál. Enn fremur sagði hann, að nefndin hefði að vísu fundið til lengdar frumvarpsins, en hefði þó eigi þótt fært að gjöra þar á breytingu, þar sem henni líka á hinn bóginn hefði sýnzt nauðsynlegt, að allt væri sem ítarlegast tekið fram, þar sem útlendir menn ættu í hlut. Að öðru leyti ímyndaði hann sjer, að nefndin mundi ekki gjöra þetta að kappsmáli, og mundi hún taka þakklátlega smáorðabreytingum, ef uppástungumenn bæru sig saman við hana.

Framsögumaður sagðist ætla að taka það fram í sambandi við það, sem þingmaður Húnvetninga hefði sagt, og í tilliti til þess, sem þingmaður Rangæinga hefði talað um, að í 7. grein frumvarpsins stæði sú ákvörðun, að lögreglustjóri væri skyldur til að leiða athygli skipstjórnarmanns að því, er um strand væri að ræða, ef umboðsmaður ríkis þess, er hann væri úr, byggi þar nálægt; þannig væri undir skipstjóra sjálfum komið, hvort hann vildi leita hans eða eigi. Viðvíkjandi hinu atriðinu, um málfærið, skyldi hann fúslega játa, að fagurt mál væri til prýðis, en hann yrði að ætla, að þingið ætti að verja tíma sínum til annars, en að leiðrjetta stýla; þinginu væri engin vanvirða að samþykkja frumvarpið, ef ákvarðanir þess væru í sjálfu sjer hagkvæmar, og ættu vel við, því að það teldi hann aðalatriðið.

Sighvatur Árnason sagðist að vísu sætta sig vel við bendingar þær, er hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hefði gefið sjer; en þá væri að gá að því, ef engi skipstjórnarmaður væri á skipinu, og þá gæti sjer eigi sýnzt betur, en ákvörðun vantaði um, að leita skyldi umboðsmanns þess ríkis, er skipið væri frá. Hann yrði að ætla það mikinn ábyrgðarhluta fyrir lögreglustjóra upp á sitt eigið eindæmi að afráða, hvað gjöra skyldi við skipið, eða dæma um, hvort skipið væri

sjófært eða ekki, enda mundu margir eigi svo færir í því efni, sem vera skyldi.

Stefán Eiríksson sagði, að nú þegar væri töluvert búið að ræða mál þetta, og hefði hann litlu við að bæta. Einkum hefði það verið hinn heiðraði þingmaður Þingeyinga, er nú hefði fundið sjerlega mikið að málfærinu á frumvarpinu; en meinið væri, að þær breytingar væru allt of seint fram bornar; annars hefði nefndin getað verið búin að taka þessar breytingar til greina. Raunar vissi hann, að þær gætu komizt að við 3. umræðu, en slíkur dráttur á breytingunum hlyti þó að tefja töluvert fyrir málinu. Að öðru leyti virtist sjer, að málið á þessu frumvarpi væri eigi verra en á mörgum öðrum frumvörpum. Hinn heiðraði þingmaður Rangæinga hefði fundið annmarka á 24. grein, en sjer virtist það enginn sjerlegur galli, sem hann hefði tekið fram. Í grein þessari væri gjört ráð fyrir því tilfelli, ef mannlaust skip fyndist úti á hafi; yrði hann að ætla, að slíkt skip hefði eigi verið yfirgefið af mönnum, nema því að eins, að það hefði eigi þótt sjófært. Að senda til umboðsmanna í slíkum tilfellum, mundi opt og einatt verða æríð dýrt; vildi hann taka til dæmis, ef slíkt skip fyndist fyrir Austur-Skaptafellssýslu, og umboðsmaður þess ríkis, er skipið væri frá, byggi í Reykjavík. Gæti hann naumlega ætlað, að umboðsmanninum mundi þá þykja tilvinnandi að kosta til slíkrar ferðar. Mundi því bezt, eins og frumvarpið færi fram á, að lögreglustjóri gjörði nauðsynlegar ákvarðanir hjer að lútandi.

Eiríkur Kúld sagðist vel geta verið samdóma hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni, að ætlunarverk hins löggefandi þings væri eigi beinlínis það, að leiðrjetta stýla, en engu að síður hlyti hann að álíta það sorglegt, ef málið á því, er frá þinginu færi, væri mjög illa vandað. Reyndar ætlaði hann þess enga þörf hjer, að vitna til hinna fornu laga, eins og þingmaður Húnvetninga hefði fyrir skemmstu gjört; enda virtist sjer allbúið, að hvorugur þeirra skyldi þau til hlítar. Bezt mundi að fara meðalveginn í þessu sem öðru, og virtist sjer þá ekkert of mikið heimtað, þó málið væri eins vandað, og nú tíðkaðist almennt í ritum og ræðum. Sjer í lagi yrði hann að leggja áherzlu á það, að svo væri vandaður frágangur málsins, að textum laganna bæri saman, eða með öðrum orðum, að rjett væri útlagt úr dönskunni. Mundi hann, ef til vildi, geta leitt rök að því, að svo hefði eigi ávallt verið með frumvörp þau, er komið hefðu frá stjórninni. Sagðist hann því vera samdóma þingmanni Þingeyinga í því, að frágangur málsins væri verulegt atriði í löggjöf Íslendinga. Hann yrði að telja það sannarlega óheppilegt, ef með nokkrum rökum mætti líkja málinu á lögum hins löggefandi alþingis Íslendinga, við íslenzkuna hans Önundar í Ármanni á alþingi forðum daga.

Ásgeir Einarsson sagði, að nokkrir þingmenn hefðu talað um, að málið á frumvarpinu væri mjög svo óíslenzkulegt, og að nefndin hefði átt að breyta þessu — en hann kvaðst halda, að sama hefði þá mátt segja um ýms önnur frumvörp, t. a. m. um brunabótafrumvarpið, sem þó enginn hefði fundið að, og fyndi hann því enga ástæðu til, að ráðast á eitt, en sleppa öllum hinum.

Landshöfðingi: Að sínu áliti hefði hin heiðraða nefnd tekið vel í mál þetta, og gæti hann í rauninni fallizt á allar breytingar þær, er hún hefði gjört við frumvarpið, enda þótt sumar þeirra kynnu að vera miður nauðsynlegar. Nú ætlaði hann sjer í lagi að víkja máli sínu að einni mótbáru gegn frumvarpinu, er komið hefði fram við 1. umræðu máls þessa, hún hefði þá verið sú, að lagafrumvarp þetta verndaði fremur rjettindi útlendra manna en sjálfra landsmanna. Þessi mótbára ætlaði hann að væri eigi á neinum rökum byggð. Fyrst væri það, að menn ættu ekki að leita hinna almennu ákvarðana um rjettindi landsmanna í lögum þeim, er sett væru um skipaströnd, því að þessi lög ættu einmitt að setja reglur þær, er við hafa ætti til tryggingar mönnum þeim, sem yrðu fyrir tjóni á ströndum landsins, og sem optast mundu vera útlendir menn, en einnig gæti

verið innlendir. Sjálfsagt væri það, að slík lög ættu einnig að innihalda reglur um viðskipti milli björgunarmanna og strandmanna, þannig að á hvoruga yrði hallað, og væri það misskilningur hinna heiðruðu deildarmanna, ef þeir ætluðu, að svo væri eigi hjer í þessu frumvarpi. Hann yrði að gjöra ráð fyrir, að hinir heiðruðu þingmenn hefðu lesið frumvarpið, og vildi hann þá benda þeim á 6., 7., 9., 13., 14., 15. og 24. gr. frumvarpsins. Meðal þessara greina vildi hann sjer í lagi leiða athygli deildarmanna að 9. grein; væri hún landsmönnum miklu meir í hag en fyrirkomulag það, sem nú væri. Þessi grein styngi nefnilega upp á því, að ef það, sem strandað hefði og bjargað væri, hrykki eigi til borgunar bjargendum og annars kostnaðar þar að lútandi, þá skyldi lögreglustjóri borga það í bráð, er á vantaði, gegn endurgjaldi úr landssjóði, og nú hefði nefndin stungið upp á, að þetta skyldi mega greiðast úr landssjóði til bráðabyrgða móti endurgjaldi frá rjettum hlutaðeigendum. Þessi ákvörðun væri vissulega miklu hagfelldari landsmönnum, en hið núverandi fyrirkomulag, þar sem hann þekkti vel til þess, að hlutaðeigendur hefðu opt orðið að bíða eptir borgun sinni um langan tíma og jafnvel fleiri ár. Frumvarp þetta legði enga nýja byrði á landsmenn, því að allar þær skyldur, sem það á kvæði, hvíldu eptir lögmáli náttúrunnar á manninum; en það kæmi miklu betra fyrirkomulagi á, með því að setja þær reglur, er vernduðu rjett beggja málsparta. Að öðru leyti hefði þetta frumvarp inni að halda reglur fyrir þá embættismenn, sem ættu að stjórna þessum málefnum, er skipstrand beri að höndum, og væru þær hinar sömu, er hingað til hefði verið beitt hjer á landi analogice; væri það mikill kostur á frumvarpinu, að það tæki nú af allan þann vafa, er leitt hefði af því, að reglurnar hefðu verið ákveðnar í lögum, en að eins gilti fyrir Danmörku, en ekki fyrir Ísland, og hefði því verið mjög misjafnt fylgt í ýmsum hjeruðum landsins. Ákvarðanir frumvarpsins með tilliti til starfa sýslumanna og annara embættismanna væru einnig hagfelldari en hið eldra ástand, bæði fyrir þá sök, að þær væru ljósari og greinilegri, og í annan stað hækkuðu þóknun hlutaðeigandi embættismanna. Hann kvaðst varla þurfa að bæta því við, er allir þingmenn mundu sjer samdóma um, að sjerhvert það lagaboð, er miðaði til þess, að gjöra löggjöf landsins eins mannúðlega og góða, og í öðrum menntuðum löndum, væri landi og lýð til sóma og gagns. Hin dönsku skipstrandalög, er þetta frumvarp væri byggt á, væru meðal allra menntaðra þjóða, er til þekktu, álitin mjög mannúðleg og góð.

Fyrst fleiri tóku eigi til máls, bar forseti málið undir atkvæði deildarmanna og fjell atkvæðagreiðsla þannig:

1. grein frumvarpsins.

1. Uppástunga nefndarinnar samþykkt án atkvæðagreiðslu.
2. 1. grein með áorðinni breytingu samþykkt í einu hljóði.

2. grein frumvarpsins.

3. 1. uppástunga nefndarinnar samþykkt með 10 atkvæðum.
4. 2. uppástunga nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
5. 2. grein frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt með 10 atkvæðum.

3. grein.

6. Uppástunga nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
7. 3. grein frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt í einu hljóði.

4. grein frumvarpsins.

8. Uppástunga nefndarinnar samþykkt án atkvæðagreiðslu.
9. 4. grein frumvarpsins að öðru leyti óbreytt samþykkt í einu hljóði.

5. grein frumvarpsins.

10. Uppástunga nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.

6. grein frumvarpsins.

11. Uppástunga nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
12. 6. grein með áorðinni breytingu samþykkt með 10 atkvæðum.

7. grein.

13. 7. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt í einu hljóði.

8. grein.

14. 1. uppástunga nefndarinnar samþykkt með 10 atkvæðum.

15. 2. uppástunga nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.

16. 8. grein frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt í einu hljóði.

9. grein.

17. Uppástunga nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.

18. 9. grein samþykkt með 10 atkv.

10. grein.

19. Uppástunga nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.

20. 10. grein með áorðinni breytingu samþykkt með 9 atkv.

11. grein.

21. 11. grein óbreytt samþykkt í einu hljóði.

12. grein.

22. Uppástunga nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.

23. 12. grein frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 10 atkvæðum.

13. grein.

24. 13. grein óbreytt samþykkt með 10 atkvæðum.

14. grein.

25. 14. grein óbreytt samþykkt með 10 atkvæðum.

15. grein.

26. 15. grein óbreytt samþykkt með 10 atkvæðum.

16. grein.

27. 16. gr. óbreytt samþykkt í einu hljóði.

17. grein.

28. 1. uppástunga nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.

29. 2. uppástunga nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.

30. 17. grein með áorðnum breytingum samþykkt með 10 atkvæðum.

18. grein.

31. 18. grein óbreytt samþykkt með 9 atkvæðum.

19. grein.

32. 19. gr. óbreytt samþykkt í einu hljóði.

20. grein.

33. Uppástunga nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.

34. 20. grein með áorðinni breytingu samþykkt í einu hljóði.

21. grein.

35. 21. gr. óbreytt samþykkt í einu hljóði.

22. grein.

36. 22. gr. óbreytt samþykkt í einu hljóði.

23. grein.

37. 23. gr. óbreytt samþykkt með 10 atkv.

24. grein.

38. 1. uppástunga nefndarinnar samþykkt með 10 atkvæðum.

39. 2. uppástunga nefndarinnar samþykkt án atkvæðagreiðslu.

40. 3. uppástunga nefndarinnar samþykkt með 10 atkvæðum.

41. 4. uppástunga nefndarinnar samþykkt með 10 atkvæðum.

42. 5. uppástunga nefndarinnar samþykkt með 10 atkvæðum.

43. 24. grein með áorðnum breytingum samþykkt með 8 atkvæðum.

25. grein.

44. 25. gr. óbreytt samþykkt í einu hljóði.

26. grein.

45. Uppástunga nefndarinnar samþykkt án atkvæðagreiðslu.

46. 26. grein með áorðinni breytingu samþykkt með 10 atkvæðum.

27. grein.

47. 1. uppástunga nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.

48. 2. uppástunga nefndarinnar samþykkt með 9 atkvæðum.

49. 27. grein með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

28. grein.

50. 28. gr. óbreytt samþykkt í einu hljóði.

29. grein.

51. Að 29. gr. falli burt samþ. með 9 atkv.

30. grein.

52. Uppástunga nefndarinnar samþykkt með 9 atkvæðum.

53. 30. grein með áorðinni breytingu, samþykkt með 9 atkvæðum.
54. Að frumvarpið þannig breytt skuli ganga til 3. umræðu samþykkt í einu hljóði.

FRUMVARP
til laga fyrir Ísland um skipaströnd.
(Samþykkt við 2. umræðu í efri deild alþingis).

1. grein.

Hver, sem verður var við, að skip sje í hættu, eða að strandað góz reki upp á ströndina, er skyldur að gjöra allt það, sem í hans valdi stendur, til þess að bjarga mönnum og gózi, og skal hann sjer í lagi tafarlaust tilkynna hlutaðeiganda hreppstjóra ófarir þær, sem orðið hafa eða óttast má.

2. grein.

Nú verður skipreki, og skal hreppstjóri tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra, og má til þessa hafa skyndiboða, og greiða kostnaðinn við það af því, sem bjargað er af strandinu.

Á sama hátt skal lögreglustjórinn þegar í stað senda amtmanni skýrslu, ef ekki er meira en ein dagleið á sumardag milli heimilis hans og lögreglustjórans; að öðrum kosti skal slík tilkynning gjörð með fyrstu ferð, sem fyrir fellur.

3. grein.

Jafnskjótt og lögreglustjóri hefur fengið tilkynning þá, sem nefnd er í næstu grein á undan, um, að skip sje strandað, skal hann tafarlaust fara til þess staðar, þar sem strandið hefur orðið, og gjöra þar ráðstafanir þær, sem með þarf til þess, að bjargað verði á sem hagfelldastan hátt; skal hann og einlægt vera við, á meðan verið er að bjarga og bóka allt það, sem þá fer fram.

Ef lögreglustjóri annaðhvort sökum annara starfa, sem eigi verður frestað, eða sjúkleika getur ekki viðstöðulaust farið til þess staðar, þar sem strandið hefur orðið, skal hann þegar í stað senda mann þangað í umboði sínu, sem á hans ábyrgð skal framkvæma störf þau, sem honum bar að leysa af hendi með tilliti til strandsins, þangað til hann sjálfur getur komið.

Þangað til lögreglustjóri eða umboðsmaður hans kemur til strandsins, skal hreppstjórinn fyrir hönd lögreglustjórans gjöra allar þær ráðstafanir, sem með þarf til þess að bjarga hinu strandaða skipi, mönnum eða gózi, og þar til hreppstjóri getur komið til strandsins, er hið sama skylda annara, sem þar eru við staddir, en þá skal samt ávallt þess gætt, að ekkert sje gjört, sem hindri yfirvaldið, þá er það kemur, í því að rannsaka málið, og fá vissu fyrir, að engu sje stungið undir stól.

4. grein.

Nú rekur part af skipum, sem hafa orðið fyrir tjóni annarstaðar, eða nokkuð af farmi þeirra, þá skal hreppstjóri einnig tilkynna það lögreglustjóra hið fyrsta, en eigi má hann hafa til þess skyndiboð, nema um stórt vogrek sje að gjöra, sem auðsætt sje, að geti borið kostnað þann, er þar af leiði. Jafnskjótt og lögreglustjórinn hefur fengið þessa tilkynningu, ákveður hann, hvort nauðsynlegt sje, að hann fari sjálfur til rekastaðarins, en að öðrum kosti segir hann fyrir, eins og með þarf, hvernig fara skuli með vogrekið. Þangað til sýslumaður kemur eða tilkynnir fyrirskipanir sínar, skal hreppstjóri gjöra þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að bjarga vogrekunum og gæta þeirra. Sýslumaður skal með næstu póstferð senda amtmanni tilkynningu um vogrekið.

5. grein.

Á meðan skipstjórnarmaður eða annar, sem er í hans stað, er við, má enginn undir því yfirskyni, að veita honum hjálp, bjarga nokkru móti vilja hans; en ef hjálpar er leitað annaðhvort með merki eða á annan hátt, skal hún mótmælalaust látin honum í tje; samt verður það enn að vera undir honum komið, hvort hann vilji semja um það við einstaka menn (8. grein), eða fela yfirvaldinu að annast um, að bjargað sje. Sömuleiðis geta þeir eigendur, sem hafa rjettar heimildir, hve nær sem vera skal látið afhenda sjer skip það og góz, sem bjargað er, þegar þeir

sjálfir eða umboðsmenn þeirra krefjast þess, ef þeir annaðhvort ná samkomulagi við hlutaðeigendur um bjarglaun og kostnað, eða ef lögreglustjóri álítur, að nægilega sje boðið og nægt veð verður sett til tryggingar því, að það verði goldið, jafnskjótt og hlutaðeigendur vilja taka við því.

6. grein.

Það skal vera almenn skylda karlmanna af alþýðu, sem til þess eru færir, að koma til að bjarga, þegar hreppstjóri eða lögreglustjóri skorar á þá sjálfa þar um, ef þeir eiga með sig sjálfir, eða skorar á húsbændur þeirra, í hverri stjett sem eru, eða aðra forráðamenn, að ljá þá, ef þeir eru vinnumenn, hásetar eða á annan hátt öðrum háðir. Einnig skulu þeir, sem eiga báta, hesta og áhöld, sem á þarf að halda við björgunina, láta það allt í tje eptir áskorun hinna sömu.

7. grein.

Sje hvorki skipstjórnarmaður nje stýrimaður með hinu strandaða skipi eða gózi, og hafi heldur enginn annar umboð eiganda til þess að sjá um hagsmuni þeirra, svo og ef hlutaðeigendur fela yfirvaldinu að annast um björgunina (smbr. 5. grein), skal lögreglustjóri ákveða borgun þá, sem eptir sanngirni ber þeim, sem björguðu, fyrir ómak þeirra og fyrirhöfn; samt skal þeim, sem hlut eiga í strandinu, og eru við eða koma að, heimilt að skjóta ákvörðun lögreglustjóra um þetta undir úrslit hlutaðeiganda amtmanns.

Þegar ákveða skal bjarglaun, verður að taka tillit til allra sjerstaklegra atvika við strandið, sem hafa getað gjört mönnum hægra eða örðugra fyrir að bjarga. Venjulega skal veita öllum bjargendum hæfileg daglaun, eptir því, hvernig á stendur, fyrir þann tíma, sem þeir eru við björgunina samkvæmt tilhlutun yfirvaldsins eða annara, sem í hlut eiga; þannig skal hafa tillit til þess, ef þeir verða að missa af arðsamri atvinnu, svo sem sjóróðrum eða heyvinnu. En eins og þar að auki má hækka hæfilega daglaun þeirra bjarganda, sem annaðhvort hafa sýnt sjerlegan dugnað og atorku, eða sem hefur verið stofnað í sjerstaklega hættu, þannig má og veita hreppstjórunum eða þeim, sem yfirvaldið kann að fela á hendur yfirumsjón við björgunina, hærri borgun, sem sje samsvarandi atorku þeirra og dugnaði, en samt eigi meira en tvöfalt við daglaun þau, sem venjulega eru veitt bjargendum. Auk daglaunanna skal einnig veita bjargendum endurgjald fyrir kostnað þann, sem þeir kunna að hafa haft við björgunina, og sömuleiðis skal greiða þeim, sem hafa látið til báta, hesta, kaðla og önnur áhöld til afnota við björgunina, hæfilega borgun, sem skal ákveðin á sama hátt og bjarglaunin. Það, sem skipsbrotsmenn sjálfir eiga af bátum, köðlum og öðrum áhöldum, sem nota má við björgunina, skulu þeir ávallt láta af hendi til þessa.

Ef kringumstæðurnar leyfa, að gjörður verði samningur um björgun á skipi og gózi, án þess að miða borgunina við daglaun, er lögreglustjóra heimilt að gjöra slíkan samning; samt má í þessu tilfelli allur bjargkostnaðurinn eigi fara fram yfir þriðjung af andvirði þess, sem bjargað er, og má eigi gjöra samninginn án samþykkis skipstjórnarmanns, eigandans eða annara, sem eiga hlut í strandinu, að svo miklu leyti sem þeir eru við.

8. grein.

Þegar skipstjórnarmaður eða sá, sem er í hans stað, semur um björgun, skal gjöra samninginn eða gangast undir hann í viðurvist lögreglustjóra, og skal hann leiða athygli skipstjórnarmanns eða þess, sem er fyrir hans hönd, að því, að hann eigi þurfi að láta undan kröfu hlutaðeiganda, þar lög heimila honum kost á björgun fyrir sanngjarna borgun (7. grein); sömuleiðis skal lögreglustjóri með berum orðum vara þann við, sem í hlut á, þegar borgun sú, sem samið er um, ber með sjer, að hún sje ósanngjörn. Svo skal og leiða athygli skipstjórnarmanns að því, ef það ríki, sem hann er úr, hefur umboðsmann þar nálægt, sem strandið hefur orðið, að hann geti leitað ráða og leiðbeiningar hjá honum, áður en hann gjörir samninginn. Lögreglustjóri verður að sjá um, að samningurinn verði gjörður, og að samræðurnar við skipstjórnarmann fari fram á því tungu-

máli, sem hann skilur. Þegar skipstjórnarmaður eða sá, sem er í hans stað, síðan lýsir því yfir, að hann vilji, að samningurinn verði staðfestur, og ef eigi er neitt það atvik, sem bendir til, að hann hafi breytt ófyrirsynju, og virðist ekki heldur vera nein her ósanngirni í þeirri ákvörðun um borgun, sem hann hefur gengizt undir, skal gjöra samninginn að fullu og öllu, og rita á hann vottorð lögreglustjórans um það, sem þannig hefur fram farið, og verður samningurinn þar eptir skuldbindandi samkvæmt hinum almennu reglum laganna um gildi samninga. Sje björgunarsamningur gjörður, án þess að farið sje eptir því, sem þannig er fyrir mælt, getur skipstjórnarmaður eða hver annar, sem á að gæta hagsmuna eigandans, mótmælt borgun þeirri, sem ákveðin er í samningnum, og heimtað, að hún verði ákveðin á þann hátt, sem fyrir er mælt um í 7. gr. Aptur á móti eru bjargendur bundnir við samninginn, þótt tjeður annmarki sje á honum, ef eigendurnir eða fulltrúi þeirra vilja, að hann haldist. Að öðru leyti má eigi fresta björgun, þótt mönnum komi ekki saman um bjarglaunin, heldur skal samt sem áður tafarlaust láta í tje þá hjálp, sem með þarf, og skal þá, ef eigi síðan verður gjörður samningur, ákveða bjarglaunin samkvæmt 7. grein.

9. grein.

Nú hefur eigi verið gjörður neinn löglegur samningur um björgunina, og skal þá yfirvaldið sjá um, að allt, sem gjört verður til þess að bjarga skipshöfninni, skipi og gózi, sje framkvæmt svo fljótt, sem unnt er, og á þann hátt, sem bezt á við eptir því, hvernig á stendur. Sjeu líkur til, að skipinu verði komið af grunninu, og að það verði gjört aptur haffært, skal yfirvaldið og bjargendur sjer í lagi kosta kapps um það. Verði þessu eigi við komið, skal fyrst og fremst bjarga öllum skipaskjölum og varðveita þau; af gózinu skal sjer í lagi fyrst bjarga því, sem mest er vert. Það, sem bjargað er, skal flytja þangað, sem eigi er hætt við að það taki út, og að öðru leyti skal gjöra þær ráðstafanir, til þess að bjarga gózinu og varðveita það, þangað til uppboð verður haldið, sem yfirvaldinu virðast hagfelldastar í hverju einstöku tilfelli eptir því, hvernig á stendur yfir höfuð. Til þess að varðveita gózið, getur yfirvaldið heimtað, að látin sjeu í tje hús einstakra manna, sem annaðhvort eru auð, eða þeir mega án vera, og sem eigi geta skemmzt við slíka notkun, og ef mönnum kemur eigi saman um húsaleiguna, skal ákveða hana sem annan björgunarkostnað (7. grein). Ef það, sem bjargað er, eigi verður varðveitt á þennan hátt, skal setja áreiðanlegan vörð, til þess því eigi verði stolið eða það dregið undan. Þegar ráða skal varðmenn, verður samt að sýna tilhlýðilega sparsemi, eins og við sjerhverja aðra ráðstöfun, sem snertir björgun, og má því ekki setja fleiri varðmenn, en nauðsyn krefur.

10. grein.

Ef skipbrotsmenn eigi sjálfir geta útvegað sjer gegn sanngjarnri borgun húsnæði, mat og aðrar nauðsynjar, þar á meðal tilbærilega aðhjúkrun á sjúkum, skal yfirvaldið sjá um, að þeim verði komið fyrir, og útvegað það, sem þeir þurfa með, fyrir sanngjarnt verð, sem yfirvaldið ákveður. Sömuleiðis sjer yfirvaldið um greptrun dáinna manna af skipinu, og skal hún gjörð með svo mikilli sparsemi, sem verða má, ef ekki er annað fyrir höndum til þess, en það, sem bjargað hefur verið, og skipstjórnarmaður eða aðrir, sem í hlut eiga, ekki heimta, að útförin sje gjörð nokkuð viðhafnarmeiri, gegn því, að þeir sjálfir borgi kostnaðaraukann við þetta.

Svo skal og yfirvaldið sjá um, að skipbrotsmenn verði sendir heim, þegar eigi lengur er þörf á, að þeir sjeu viðstaddir við strandið, og þeir eigi sjálfir hafa fararbeina, en hjer skal einnig gæta hinnar mestu sparsemi. Verði skipbrotsmenn annaðhvort vegna árstímans eða fyrir aðrar sakir eigi þegar sendir heim, og ef eigi er þar í nánd umboðsmaður fyrir hina framandi þjóð, sem þeir eru af, eða neinn annar, sem getur tekið þá að sjer, skal lögreglustjóri sjá um, að þeim í bráð verði komið fyrir á hæfileg-

an hátt. Ef það, sem bjargað er, hrökkur eigi fyrir öllum kostnaði, má eptir ósk lögreglustjórans greiða það, sem á vantar, úr landssjóði til bráðabyrgða, mót endurgjaldi frá rjettum hlutaðeigendum.

11. grein.

Strandbókin, sem lögreglustjóri skal færa samkvæmt 3. grein, skal bera með sjer dag og stund, er honum var tilkynnt strandið, hver hafi fært honum boðin um það, og dag og klukkustund, er hann samkvæmt þeim hafi komið til strandsins; svo skal og þar skýrt frá, hvar skipið og gózið var, og frá ástandi þess, þegar hann kom að, hvort skipstjórnarmaður, skipverjar eða farþegar hafi verið með skipinu, og nöfn þeirra tilgreind. Svo skal og halda próf yfir þeim, sem í hlut eiga, og bóka það, hve nær og hvar fyrst varð vart við strandið, og af hverju það hafi orsakazt, og að öðru leyti allt annað, sem getur orðið til upplýsingar um aðgjörðir þeirra, sem hlut eiga að máli, eða um það, hver skipið eigi og hvað um mennina hafi orðið, sem á skipinu voru, o. s. frv. Enn fremur skal í bókina rita skýrslu um, hverjar ráðstafanir gjörðar hafi verið til þess að bjarga, áður en lögreglustjórinn kom að, t. a. m. hve margir menn hafi verið fengnir til þess að bjarga og hvílda vörð, hverjir bátar og önnur áhöld hafi verið við höfð o. s. frv.; svo skal og bóka ályktanir þær, sem lögreglustjóri gjörir í þessu tilliti, til þess að koma björgun við eða halda henni áfram. Svo skal og skrifa upp allt það góz, sem bjargað er, og skýra frá því svo nákvæmlega, sem unnt er. Að endingu skal geta alls þess í strandbókinni, sem að öðru leyti fram fer, og sem annaðhvort getur haft áhrif á rjettindi eigandanna og bjarganda innbyrðis, eða orðið ábyrgðarhluti einhvers.

Lögreglustjórinn skal hafa svo nákvæma tilsjón, sem verður, með því, að flutt verði burt það, sem bjargað er, því komið fyrir og það varðveitt samkvæmt því, sem hann hefur af ráðið, og verði grunur um, að nokkru sje stungið undir stól af því, sem bjargað er, eða að einhver önnur óregla með tilliti til þess hafi átt sjer stað, skal rita rannsóknir þær, sem haldnar verða um þetta til bráðabyrgða, í strandbókina. Hún skal einnig innihalda skýrslu um það, sem fram hefur farið, til að fullnægja því, sem fyrir skipað er í 8. grein, og ef gjörður hefur verið björgunarsamningur, þá skal geta þess.

12. grein.

Til gjörða þeirra, sem að framan eru nefndar, má hafa hina venjulegu lögreglubók; en sje hún eigi við, má búa til sjerstaka bók til afnota við einstakt strand; í bók þessa skal lögreglustjóri sjálfur rita blaðsíðutal, gegnumdraga hana og setja á innsigli, og skal síðan leggja hana fyrir amtmann, til þess hann rannsaki hana og riti á hana vottorð sitt.

Í hvert skipti, sem hætt er að bóka, skal eigi að eins lögreglustjóri rita nafn sitt í bókina, heldur einnig skipstjórnarmaður, hreppstjórinn og tveir hinir helztu af bjargendum; svo skulu og einnig vottar þeir skrifa undir, sem verið hafa til staðar við rannsóknir þær, sem hafa verið gjörðar, til þess að komast fyrir afbrot þau, sem orðið hafa. Ef lögreglustjóri og skipstjórnarmaður eða sá, sem er fyrir hans hönd, ekki geta skilið hver annan, skal, ef því verður við komið, hafa tvo lögfasta votta, sem kunna málin svo nægir, til þess að koma þeim í rjettan skilning, og skulu þessir vottar þá einnig rita nöfn sín undir í bókina; skal hún, áður en skrifað er undir, lesin upp greinilega, og öllum hlutaðeigendum gefinn kostur á að hlýða á það, sem lesið er upp.

Strandgjörðina má eigi leiða til lykta, fyr en búið er að spyrja alla, sem í hlut eiga, hvort þeir viti af nokkru, sem enn eigi að bjarga, og lögreglustjórinn sjálfur hefur ritað vottorð sitt í bókina um, að hann hafi ekki getað fundið neitt annað, sem bjarga skyldi, en það, sem gjörðin hefur inni að halda.

13. grein.

Lögreglustjóri hefur rjett til að vísa burt öllum þeim mönnum, sem enga hlutdeild eiga í björgun eða gæzlu á hinu strandaða

gózi, og að öðru leyti eru óviðriðnir strandið; svo skal hann og vísa burt þeim bjargendum, sem gjöra sig óhæfa til þess starfs sökum ofdrykkju, ófriðar og ótrúmennsku. Svo skal hann og taka þá fasta, sem ekki vilja fara með góðu, þá er þeim er vísað burt, og skal hann draga þá fyrir dóm fyrir mótþróa þeirra (sbr. 29. gr. c.). Hann sker einnig úr öllum þrætum, sem rísa af framkvæmdunum við björgunina, og úrskurð þann, sem hann kveður upp munnlega, skal síðar bóka.

14. grein.

Lögreglustjóri skal sjá um, að matvæli þau og drykkjarföng, sem eru skemmd af strandinu, þá er þeim verður bjargað, og sem ef til vill kynnu að vera skaðvæn fyrir heilsu manna, verði rannsökuð, annaðhvort af næsta hjeraðslækni, eða ef hann getur ekki komið, af tveimur mönnum, sem vit hafa á; skulu þeir þá láta uppi álit sitt um, hvort nota megi vörurnar að eins með tilteknum sjerstaklegum skilyrðum, eða hafa þær til einhverra sjerstakra afnota, án þess að skaði hljótist af, og ef svo er, má að eins selja vörurnar með því skilyrði, að það verði gjört kaupendum að skyldu, að verja þeim ekki til annars; skal lögreglustjórnin sjá um, að þessu verði hlýtt, og sje brotið gegn því, skal hegna þeim, sem í hlut eiga, með því að gjöra vörurnar upptækar, og, eptir því sem á stendur, með hæfilegri sekt, er rennur í landssjóðinn. Verði vörurnar ekki gjörðar upptækar, skal dæma þann, sem í hlut á, í hærri sekt að tiltölu, og fellur hún til sama sjóðs. Verði vörurnar ekki notaðar, nema heilsu manna sje hætta búin, skal eyða þeim undir umsjón lögreglustjóra sjálfs eða, eptir boði hans með umsjón tveggja áreiðanlegra manna, sem hann skipar til þess.

15. grein.

Þegar óttast má, að næmur og pestkynjaður sjúkdómur kunni að koma í landið með skipbrotsmönnum eða stronduðu gózi, skal lögreglustjóri sjá um, að farið sje eptir reglum þeim, sem settar eru fyrir Ísland eða kunna að verða settar, til þess að stemma stigu fyrir útbreiðslu þess konar sjúkdóma.

16. grein.

Sje brennivín eða aðrar vörur, sem toll skal greiða af samkvæmt tilsk. 26. febr. 1872, meðal þess, sem bjargað er, skal lögreglustjóri sjá um, að goldinn verði af þeim tollurinn.

17. grein.

Sje annaðhvort hætt við, að það góz, sem bjargað er, skemmist, ef það er geymt, eða líkindi sjeu til, að það að öðru leyti fyrir þá sök falli svo mjög í verði eða hafi svo mikinn kostnað í för með sjer, að það sje óhagur fyrir þá, sem í hlut eiga, að gózið sje látið liggja fyrir, skal selja það við opinbert uppboð svo fljótt sem verða má.

Sömuleiðis má selja við bráðabyrgðaruppboð nokkurn hluta af því, sem bjargað er, til þess að útvega það fje, sem þarf til útgjalda, sem upp á koma og eigi verður frestað, ef ekki fæst fje til láns, eða að eins með svo þungum skilmálum, að öllum hlutaðeigendum sje það meiri hagur, að það verði fengið til með því að halda slíkt uppboð; skal þá venjulega helzt taka til þess þær vörur, sem mestur kostnaður yrði við, ef geyma skyldi.

Jafnskjótt og búið er að bjarga, skal enn fremur selja allt það, sem bjargað er, við opinbert uppboð, nema sá, sem hefur komið fram með heimildir sínar fyrir því, að hann að rjettu eigi hlut að máli, heimti, að sjer sje fengið í hendur það, sem bjargað er, með þeim skilyrðum, sem ákveðin eru í 5. grein, og skal hann ávallt beinlínis spurður að því.

18. grein.

Lögreglustjóri skal gjöra allar þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess að halda uppboðið, og skulu þær gjörðar þannig, að vænta megi, að sem mest fáist fyrir gózið, og jafnframt tekið tillit eins og vera ber til þess, hvernig ástatt er í hvert einstakt skipti. Hann skal þannig sjá um, að uppboðið verði ítarlega birt þeim, sem í grennd búa og eigi fjær en svo, að líkindi eru til, að birtingin

hafi þýðingu með tilliti til þess, að lysthafendur þaðan komi til uppboðsins; sjerstaklega ber að auglýsa uppboðið á öllum verzlunarstöðum, sem í grennd eru, og skal sjer í lagi taka það fram í auglýsingunni, ef selja á strandað skip. Hann skal enn fremur semja uppboðsskilmálana, og má ekki setja neitt í þá, sem kynni að fæla menn frá að kaupa; sjer í lagi má ekki leggja neinn þann kostnað á kaupendur, sem eigi verður nákvæmlega skýrt frá, hve mikill hann sje; svo skal og setja borgunarfrestinn samkvæmt því, sem venja er í hverju lögsagnarumdæmi, og má ekki í neinu tilfelli láta hann vera skemmri en 14 daga eptir uppboðið. Lögreglustjórinn getur tekið að sjer innköllunina, eða falið hana á hendur öðrum áreiðanlegum og skilvísum manni, nema eigandinn eða sá, sem er fyrir hans hönd, taki annan innköllunarmann. Innköllunarlaun má eigi setja fram yfir 4% af því, sem ekki er borgað þegar í stað, og 2% af því, sem goldið er út í hönd við hamarshögg.

Bæði um það, hve nær uppboðið skuli haldið, um auglýsing uppboðsins og um uppboðsskilmálana skal lögreglustjóri leita álits skipstjórnarmanns eða þess, sem að öðru leyti gefur sig fram við strandgjörðina fyrir hönd eigandans eða annara hlutaðeiganda, og skal hann taka álit þetta til greina, svo sem verður og kringumstæðurnar leyfa, og sjer í lagi gæta þess, hvernig það geti samrýmzt við hagsmuni annara hlutaðeiganda, t. a. m. þeirra er bjarga. Yfir höfuð skal svo sem unnt er leita álits þeirra, sem í hlut eiga, þegar yfirvaldið ályktar eitthvað viðvíkjandi skipströndum, og skal það tekið til greina svo sem verða má, án þess að skerða hagsmuni annara hlutaðeiganda.

19. grein.

Hafi það ríki, sem hið strandaða skip heyrir til, umboðsmann á Íslandi, skal tjeður embættismaður, ef enginn annar er við, sem hefur ótakmarkað umboð fyrir alla, sem í hlut eiga, hafa heimild til að vera sjálfur við eða láta fulltrúa sinn vera við, þegar verið er að bjarga, til þess að gæta þar gagns hlutaðeiganda, og láta í ljósi álit sitt um ráðstafanir þær, sem kynnu að vera hagfelldar í því tilliti.

Sama rjett hefur sá, sem sannar heimildir sínar til þess, að vera erindsreki strandbótafjelags þess, sem tekið hefur hið strandaða skip eða góz í ábyrgð.

20. grein.

Jafnskjótt og búið er að halda uppboð á því, sem bjargað er, skal lögreglustjóri þegar semja reikning um strandið, og skal hann síðan tafarlaust, sjer í lagi án þess að bíða eptir innköllun á uppboðsandvirðinu, senda amtmanni tjeðan reikning í tvennu lagi með tilheyrandi fylgiskjölum til endurskoðunar og úrskurðar, ásamt með endurriti af sölubókinni, sjóferðaprófinu, gjörðabókinni viðvíkjandi strandinu og björguninni, og að endingu skipaskjöl þau, sem bjargað er, og önnur þess konar skjöl.

Amtmaður skal þar á eptir, þegar búið er að leggja úrskurð á strandreikninginn, tafarlaust senda hlutaðeigandi umboðsmanni, ef skipið er frá ríki, sem hefur slíkan umboðsmann á Íslandi, eða útgjörðarmanninum, eða öðrum, sem eptir löglega gjörðum skiptapajöfnuði verða álitnir sem rjettir hlutaðeigendur, ef hann eða þeir eiga heima á Íslandi eða í Danmörku, og að öðrum kosti landshöfðingja, tjeðan reikning beina leið ásamt með öllum skjölum viðvíkjandi strandinu, sem nefnd eru að framan, og skal hann jafnframt skýra frá, hve nær búast megi við, að hann geti sent andvirðið af strandinu, að frá dregnum kostnaðinum. Í þessu tilliti skal amtmaður setja hlutaðeiganda rjettarþjóni frest, til þess að gjöra skil samkvæmt reikningi þeim, sem hann hefur gjört, og skal venjulega veita tjeðum embættismanni til þessa fjögra vikna frest eptir að uppboðsandvirðið kemur í gjalddaga, og skal amtmaður jafnframt hafa gætur á, að eigi verði farið fram úr fresti þeim, sem þannig er ákveðinn.

21. grein.

Lögreglustjóri eða umboðsmaður hans skal hafa 6 krónur í fæðispeninga fyrir hvern

þann dag, sem hann strandsins vegna þarf að vera fjærverandi frá heimili sínu, að uppboðsdögunum einum undanskildum. Borgun þessi skal vera þriðjungi hærri (9 krónur) fyrir þá daga, sem hann verður að vera viðstaddur á sjálfri ströndinni sökum björgunarinnar lengur en 8 stundir, en þar með má samt eigi telja þann tíma, sem kann að ganga til tilbúnings strandbókarinnar m. m. Enn fremur skal auk fæðispeninganna greiða lögreglustjóra eða umboðsmanni hans ferðakostnað til strandsins og þaðan aptur, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í reglugjörð 10. sept. 1830, 16. grein.

Fyrir sjóferðapróf það, sem halda skal, þegar menn á lífi fylgja skipinu eða gózinu, til upplýsingar um, hvernig strandið hafi atvikazt og af hverju það hafi orsakazt, og sömuleiðis fyrir próf það, sem skal fram fara, þegar enginn hefur komizt af, til nákvæmari upplýsingar um atvik viðvíkjandi strandinu, og senda amtmanni, fær rjettarþjónninn 8 kr. Að öðru leyti skal lögreglustjórinn án sjerstaks gjalds framkvæma og bóka í strandbókinni aðrar gjörðir, sem skipbrotsmenn eða aðrir, er í hlut eiga, kunna að álíta nauðsynlegar út af strandinu, en jafnskjótt og bjarggjörðin er til lykta leidd og bókuð, og lögreglustjóri er farinn burt frá strandinu, skal greiða borgun fyrir gjörðir þær, sem síðar kunna að verða heimtaðar, samkvæmt reglugjörð 10. sept. 1830. Þar að auki skal amtmaður hafa gætur á, að rjettarþjónninn eigi nauðsynjalaust haldi aukarjett í þessum málum, eða greini í sundur gjörðir þær, sem snerta sama strandið, ef þær á lögmætan hátt verða framkvæmdar í einu lagi.

Fyrir að halda uppboð og búa til endurrit þau, sem senda skal amtmanni, fær rjettarþjónninn þá borgun, sem ákveðin er í reglugjörð 10. sept. 1830.

22. grein.

Verði skipi eða gózi bjargað, án þess að skipstjórnarmaður eða nokkur annar, sem gengur í hans stað, sje með, og ef heldur enginn hefur gefið sig fram, sem sannar til fulls heimildir sínar til þess, sem bjargað er, skal amtmaður tafarlaust birta strandið í fjelagsblöðum og skýra jafnframt nákvæmlega frá, hvar og hve nær björgunin hafi fram farið, og frá þeim eiginleglegikum skipsins og gózins, sem geta gjört það einkennilegt, og frá sjerhverju öðru því atviki, sem getur stuðlað til þess; þar að auki skal skora á eigendurna, að segja til sín innan árs og dags (eins árs og sex vikna) frá síðustu auglýsingu, til þess að sanna hæfilega heimildir sínar til þess, sem strandað er, og taka við því eptir ávísun hans, gegn því, að borga kostnaðinn, eða við því fje, sem komið er inn fyrir það, sem selt er.

Auglýsingin skal birt þrisvar sinnum samfleytt í fjelagsblöðum þeim á Íslandi, sem opinberar auglýsingar á að birta í, og, ef andvirði þess, sem bjargað er, að frá dregnum kostnaði, nemur 400 kr. eða þar fram yfir, einnig í fjelagsblaði Berlinga, og enn fremur skal senda umboðsmönnum annara ríkja, sem settir eru á Íslandi, endurrit af auglýsingunni.

Þessi grein snertir að eins vogrek þau, sem fyrir er mælt um í opnu brjefi 4. maí 1778, 1. grein, en ekki þau vogrek, sem rætt er um í 2. og 3. grein tjeðs opins brjefs (sbr. opið brjef 2. apríl 1853 og kanselíbrjef 26. ágúst 1809).

23. grein.

Þegar einhver heilgar sjer það, sem bjargað er, skal amtmaðurinn prófa röksemdir þær, sem hann leiðir að eignarrjetti sínum. Þegar málið er efasamt, má amtmaður bera það undir úrskurð landshöfðingja, og þó sönnuninni kunni að vera í einhverju ábótavant, má landshöfðingi samt, þegar sá tími er liðinn, er aðrir enn geti gefið sig fram, úrskurða, að gózið falli til þess, sem hefur gjört kröfur til þess, ef svo mikil líkindi eru til þess, að hann sje rjettur eigandi, að því nær sje vissa fyrir því, þótt einhver ómerki sje á sönnun hans; en sje sá tími eigi liðinn og trygging með því móti eigi fengin fyrir því, að aðrir eigi gjöri kröfur til gózins, verður ekki vilnað til í þessu, nema því að eins að minnsta kosti, að sett sje alveg óyggjandi veð til tryggingar því, að gózinu

verði skilað aptur, ef annar kemur fram og helgar sjer það. Ef sá, sem gefur sig fram, álítur, að röksemdir hans, sem amtmaður hefur eigi tekið gildar, sjeu nægar í sjálfu sjer, getur hann borið málið upp fyrir landshöfðingja, sem þá skal leggja úrskurð sinn á það. Sömleiðis hefur sá, sem heimtar gózið framselt, heimting á að láta prófa röksemdir sínar við dómstólana.

24. grein.

Góz það, sem enginn helgar sjer innan þess frests, sem settur er, fellur til landssjóðsins, og skal landshöfðinginn sjá um, að þessar tekjur landssjóðsins verði borgaðar til hans. Skyldi svo sjerstaklega atvikast, að ástæða sje til að borga aptur út þá upphæð, sem þegar er greidd til landssjóðsins, má þetta veitt með konungsúrskurði.

25. grein.

Þegar skip finnast á sjó, án þess menn sjeu með, eða partur af skipi, skal finnandi flytja það til lands og þegar í stað segja hreppstjóranum til, og skal síðan um björgun og sölu á skipinu o. s. frv. fara að á sama hátt og sagt er fyrir að framan um strandað skip og góz. Hafi skipið fundizt úti á reginhafi, ber finnendum, fyrir að flytja það til lands, $^1/_3$ af andvirði þess, er bjargað er, að frá dregnum öllum öðrum kostnaði við björgunina og sölu þess; en sje það fundið á fjörðum eða víkum eða annarstaðar nálægt landi, skal þeim veittur $^1/_5$ partur af andvirðinu, að frá dregnum kostnaði, eins og sagt var.

Nú þykir finnendum eigi hin umræddu laun vera nægilegt endurgjald fyrir fyrirhöfn sína, og eiga þeir þá kost á að fá í þeirra stað endurgjald eptir reikningi, sem lögreglustjóri úrskurðar. En ef andvirði hins bjargaða eigi hrökkur fyrir öllum kostnaði, verða finnendur að líða halla af því með björgunarmönnum í rjettu hlutfalli við hinar úrskurðuðu upphæðir reikninganna.

26. grein.

Auk þess, sem amtmönnum ergjört að skyldu með tilliti til skipstranda samkvæmt því, sem sagt er að framan, skulu þeir yfir höfuð hafa svo nákvæma yfirumsjón, sem unnt er, með meðferðinni á strandinu. Sje um talsvert strand að ræða eða sje að öðru leyti nokkur sjerstök ástæða til þess, og ef amtmaður er ekki svo langt í burtu, að hann geti komið, skal hann sjálfur koma á strandina, til þess að útvega sjer sem beztar upplýsingar um öll þau atvik, sem kunna að hafa áhrif á þá úrskurði, sem hann á að gefa samkvæmt lögum þessum, og skal hann að öðru leyti hafa gætur á meðferðinni á strandinu, og eptir því sem á stendur sjálfur gjöra þær ráðstafanir og ályktanir, sem þörf er á. Eins og amtmaður við slík tækifæri beinlínis getur gjört ályktun um allt, sem að öðrum kosti er falið lögreglustjóranum á hendur, þannig liggja ályktanir lögreglustjórans ávallt undir rannsókn og nákvæmari úrskurði amtmannsins.

Þegar amtmaður samkvæmt þessari grein er við strandið, skal — auk ferðakostnaðar, sem landshöfðingi í hverju einstöku tilfelli ákveður eptir því hvernig á stendur — veita honum 8 kr. í fæðispeninga fyrir hvern dag, sem hann er á leiðinni fram og aptur, og er viðstaddur við strandið. Þessi útgjöld skal greiða á sama hátt og annan kostnað við strandið.

27. grein.

Úrskurði amtmanna í strandmálum skal bera upp fyrir landshöfðingja, ef nokkur af málspörtum heimtar það. Aptur á móti geta úrskurðir þessir eigi almennt gengið til dóms og laga. En verði eiginleg rjettarþræta út úr skipstrandi, t. a, m. um hve mikil bjarglaun megi heimta samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 25. grein, eða um rjettargildi bjargsamnings eða þýðing hans, má málið ganga til dóms og laga á venjulegan hátt.

28. grein.

Enginn embættismaður, sem á að sjá um hag skipbrotsmanna, má í sínu embættisumdæmi á nokkurn hátt eiga hlut í nokkrum bjargsamningi, eða hjá skipbrotsmönnum, bjargendum eða öðrum taka við nokkurri gjöf eða þóknun, sem á nokkurn hátt á skylt við embættisverk hans út af strandinu. Eigi heldur mega þessir embættismenn eiga

þátt í öðrum fyrirtækjum einstakra manna, sem á nokkurn hátt standa í sambandi við strandmál, og sem geta rýrt traust það á fullkominni óhlutdrægni, sem þeim ber að halda við. Jafnvel við opinbert uppboð má ekki neinn af fyrnefndum embættismönnum kaupa nokkurn hlut af hinu strandaða gózi. Fyrir afbrot gegn því, sem fyrir er mælt í þessari grein — sem einnig nær til hreppstjóranna, þegar þeir koma til strands í umboði lögreglustjórans — skal hlutaðeigandi embættismanni hegnt samkvæmt almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 13. kap.

29. grein,

a. Sá, sem vanrækir það, sem honum er gjört að skyldu í 1. og 2. grein þessarar tilskipunar viðvíkjandi ströndum, skal sæta sektum frá 10—1000 kr., eða eptir því, sem atvik eru til, og ef hann hefur sýnt óafsakanlegt skeytingarleysi fyrir lífi manna, fangelsishegningu eða stærri sektum.

b. Sama hegning liggur við, ef einhver gegn því, sem fyrir er mælt í 3. grein, bjargar sjálfræðislega, og hindrar með því yfirvaldið frá að hafa nauðsynlegt eptirlit með því, sem bjargað er.

a. Sýni nokkur af sjer við björgunina mótþróa, skeytingarleysi eða óhlýðni, skal hann eptir málavöxtum sæta sektum eða fangelsi, nema málinu sje svo varið, að þyngri hegning liggi við eptir öðrum lögum. Þar að auki má eptir kringumstæðunum færa niður þann hluta bjarglaunanna, sem að öðrum kosti ber hinum seka, eða jafnvel svipta hann bjarglaunum að öllu leyti.

Hafi hreppstjóri eða annar, sem sjerstakar skyldur hvíla á í því tilliti, gjörzt sekur í afbrotum þeim, sem fyrir er mælt um í a—c, skal hann þar að auki eptir málavöxtum hafa fyrirgjört sýslu sinni.

Með mál, sem rísa út af afbrotum þeim, sem fyrir er mælt um í þessari grein, skal farið sem lögreglumál, að því leyti, sem afbrotið ekki heyrir undir ákvarðanir í hinum almennu hegningarlögum.

Sektirnar renna í landssjóðinn.

30. grein.

Lög þessi skal leggja út á ensku og frakknesku, og skal hver lögreglustjóri og hver hreppstjóri í þeim hjeruðum, þar sem skipaströnd venjulega falla til, hafa í vörzlum sínum nokkur exemplör bæði af lögunum sjálfum og útleggingunum.

Breytingaruppástungur
við frumvarp til laga fyrir Ísland um skipaströnd, eins og það var samþykkt við aðra umræðu í efri deild alþingis.

I. Breytingaruppástunga frá nefndinni.

Í fyrirsögn frumvarpsins falli orðin: «fyrir Ísland» burtu.

II. Breytingaruppástungur frá 4 þingdeildarmönnum.

1. grein orðist þannig:

Hver, sem verður var við, að hafskip sje í hættu, eða að strandað góz reki á land, er skyldur að gjöra allt það, sem í hans valdi stendur, til þess að bjarga mönnum og gózi, enda skal hann tafarlaust skýra hreppstjóra frá öförum þeim, sem orðið hafa eða óttast má.

2. grein breytist á þessa leið:

Nú verður skipreiki, og skal hreppstjóri tafarlaust skýra lögreglustjóra frá. Til þess má hafa skyndiboða, og greiðist honum borgun af gózi því, sem bjargað verður. Lögreglustjóri skal skýra amtmanni frá skipbroti með fyrstu ferð.

3. grein orðist á þessa leið:

Skyldur er lögreglustjóri að fara þegar í stað þangað, sem skipreiki hefur orðið, og skipa fyrir um björgun; skal hann og vera einlægt við, meðan verið er að bjarga, og bóki hann allt það, er gjörist.

Nú getur lögreglustjóri eigi farið vegna sjúkleika eða embættisanna, og skal hann þegar í stað senda mann í umboði sínu, er framkvæmi störf þau, er honum ber að leysa af hendi, þangað til hann sjálfur getur komið,

enda ábyrgist hann það, er umboðsmaður hans gjörir.

Hreppstjóri er skyldur að gjöra, fyrir hönd lögreglustjóra, allar þær ráðstafanir, sem þörf er á, til þess að bjarga hinu strandaða skipi, mönnum eða gózi, þangað til lögreglustjóri eða umboðsmaður hans kemur til. Slíkt er og skylda annara, sem við eru staddir, þar til hreppstjóri kemur; en ávallt skal gæta þess, að ekkert sje gjört, er varni valdsmanni, þá er hann kemur, að rannsaka málið og fá vissu fyrir, að engu sje spillt eða týnt.

4. grein orðist á þessa leið:

Nú rekur flak af skipi, sem brotnað hefur annarstaðar, eða nokkuð af farmi þess, og skal hreppstjóri skýra lögreglustjóra frá því hið fyrsta, en eigi má hafa skyndiboð til þess, nema stórt vogrek sje á land rekið, svo auðsætt sje, að það geti borið kostnað þann, er þar af leiði. Lögreglustjóri ákveður, hvort nauðsyn beri til, að hann fari sjálfur á rekafjöru, en að öðrum kosti segir hann fyrir um það, hvernig fara skuli með vogrekið. Hreppstjóri skal gjöra þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, til að bjarga vogrekunum, þangað til sýslumaður kemur, eða tilkynnir fyrirskipanir sínar. Sýslumaður skal með næstu póstferð skýra amtmanni frá vogrekum.

5. grein orðist á þessa leið:

Nú er skipstjóri eða annar, sem er í hans stað, viðstaddur, og má enginn undir því yfirskyni, að veita honum hjálp, bjarga nokkru móti vilja hans. En ef hjálpar er leitað, annaðhvort með merki, eða á annan hátt, skal hún mótmælalaust í tje látin. Þó verður það enn að vera undir skipstjóra komið, hvort hann vilji semja um björgun við einstaka menn (8. gr.), eða fela valdsmanni að annast um hana. Sömuleiðis geta rjettir eigendur, hve nær sem vera skal, látið afhenda sjer skip það og góz, sem bjargað er, ef þeir eða umboðsmenn þeirra annaðhvort ná samkomulagi við hlutaðeigendur um bjarglaun og kostnað, eða ef lögreglustjóri álítur, að nægilegt sje boðið, og nægt veð verður sett til tryggingar því, að það verði goldið, jafnskjótt sem hlutaðeigendur vilja taka við því.

6. grein orðist svo:

Skyldir eru allir verkfærir alþýðumenn að vinna að björgun, þegar hreppstjóri eða lögreglustjóri kveður þá til þess. Nú er maður hjú annars manns, og skal húsbóndi skyldur að ljá hann, er hann er þar til kvaddur. Svo skulu og þeir, sem eiga báta, hesta og áhöld, sem á þarf að halda við björgunina, vera skyldir að láta það allt í tje, er þeir eru kvaddir til þess.

7. grein orðist þannig:

Lögreglustjóri skal ákveða borgun þá, sem eptir sannsgirni ber bjargendum fyrir starfa þeirra, ef hvorki skipstjóri nje stýrimaður eru með hinu strandaða skipi eða gózi, og enginn annar hafi umboð eiganda til þess, að sjá um hagsmuni þeirra, svo og ef þeir hafa falið lögreglustjóra að annast um björgunina (sbr. 4. grein).

Þegar ákveða skal bjarglaun, skal líta á sjerstök atvik, sem hafa gjört mönnum hægra eða örðugra fyrir að bjarga. Veita skal öllum bjargendum hæfileg daglaun eptir atvikum fyrir þann tíma, sem þeir eru við björgun samkvæmt tilhlutun valdsmanns eða annara, sem hlut eiga að máli. Þannig skal líta á það, ef þeir verða að missa arðsamrar atvinnu, svo sem sjóróðra eða heyvinnu. Hækka má daglaun þeirra bjarganda, sem annaðhvort hafa gengið mjög vel fram, eða stofnað sjer í hættu; enda má og veita hreppstjórum, eða þeim, sem valdsmaður felur á hendur umsjón við björgun, hærri laun, er sambjóði atorku þeirra og dugnaði, en þó eigi meiri en tvöföld við daglaun þau, sem vant er veita bjargendum. Auk daglauna skal einnig veita bjargendum endurgjald fyrir kostnað þann, sem þeir hafa haft við björgunina; svo skal og greiða þeim, er ljeð hafa báta, hesta, kaðla og önnur áhöld til björgunar, hæfilega borgun, og skal ákveða hana á sama hátt sem bjarglaunin. Skipbrotsmenn sjálfir skulu ávallt láta af hendi til björgunar báta þá, kaðla og önnur áhöld, sem skipinu fylgja.

Lögreglustjóra er heimilt að semja um björgun á skipi og gózi án þess að miða borgunina við daglaun; þó mega bjarglaunin eigi vera meiri en þriðjungur andvirðis þess, er bjargað er. Eigi má gjöra samninginn án samþykkis skipstjóra, eiganda eða annara, sem að rjettu eiga hlut að máli, ef þeir eru við.

8. grein breytist á þessa leið:

Þegar skipstjóri, eða umboðsmaður hans semur um björgun, skal gjöra samninginn eða gangast undir hann í viðurvist lögreglustjóra, og skal lögreglustjóri leiða athygli skipstjóra eða umboðsmanns hans að því, að hann eigi þurfi að ganga að afarkostum, með því að lög geti kost á björgun fyrir sanngjörn laun. Svo og skal lögreglustjóri með berum orðum vara þann við, sem hlut á að máli, þegar laun, sem samið er um, eru ósanngjörn. Nú á það ríki, sem skipstjóri er úr, eða ábyrgðarfjelag umboðsmann í grennd við strandið, og skal skýra skipstjóra frá því, svo hann geti sótt hann að ráðum, áður en samningur er gjörður.

Þegar skipstjóri eða sá, sem er í hans stað, síðan lýsir yfir því, að hann vilji, að samningurinn verði staðfestur, skal gjöra samninginn að fullu og öllu, og rita á hann vottorð lögreglustjóra um það, sem þannig hefur fram farið, og verður þá samningurinn skuldbindandi að lögum. Sje björgunarsamningur gjörður, og þessa eigi gætt, getur skipstjóri, eða hver annar, sem á að gæta hagsmuna eiganda, mótmælt borgun þeirri, sem ákveðin er í samningnum og heimtað, að hún verði ákveðin á þann hátt, sem fyrir er mælt í 7. grein.

Eigi má fresta björgun, þótt mönnum komi eigi saman um bjarglaun, og skal tafarlaust láta í tje þá hjálp, sem þörf er á, enda skal þá ákveða bjarglaunin samkvæmt 7. gr., ef eigi verði síðan gjörður samningur.

9. grein orðist þannig:

Nú hefur eigi verið gjörður neinn löglegur samningur um björgun, og skal þá valdsmaður sjá um, að allt, sem gjört verður til að bjarga skipshöfninni, skipi og gózi, sje unnið svo fljótt, sem verða má, og á þann hátt, sem bezt hentar eptir atvikum. Sjeu líkur til, að skipinu verði komið af grunni, og það gjört haffært, skal valdsmaður og bjargendur kosta kapps um, að svo megi verða. Verði þessu eigi við komið, skal fyrst og fremst bjarga öllum skipaskjölum og varðveita þau. Af gózi skal einkum fyrst bjarga því, sem mest er vert. Muni þá, sem bjargað verður, skal flytja þangað, er eigi sje hætt við, að þá taki út. Til þess að varðveita gózið, getur valdsmaður heimtað, að látin sjeu í tje hús einstakra manna, sem annaðhvort eru auð eða þeir mega án vera og eigi geta skemmzt við slíka notkun. Ef mönnum semur eigi um húsaleigu, skal ákveða hana á sama hátt, sem annan bjargkostnað (7. gr.). Ef bjargað góz eigi verður varðveitt á þennan hátt, skal setja áreiðanlegan vörð, til þess því eigi verði stolið eða spillt. Þegar ráða skal varðmenn, verður þó að sýna tilhlýðilega sparsemi, eins og við sjerhverja aðra ráðstöfun, sem til björgunar kemur.

10. grein sje þannig orðuð:

Ef skipbrotsmenn geta eigi sjálfir útvegað sjer við sanngjörnu verði húsnæði, mat og aðrar nauðsynjar, þar á meðal hæfilega aðhjúkrun á sjúkum, skal valdsmaður hlutast til, að þeim verði komið fyrir og útvegað það, sem þeir við þurfa, við sanngjörnu verði, og kveður valdsmaður á um það. Valdsmaður sjer um greptrun dáinna skipverja, og skal gjöra hana með svo mikilli sparsemi, sem verða má, ef ekki er annað fyrir höndum til þess, en það, sem bjargað hefur verið, og skipstjóri og aðrir, sem hlut eiga að máli, ekki heimta, að útförin sje gjörð nokkuð viðhafnarmeiri, enda greiði þeir sjálfir kostnaðaraukann við hana.

Svo skal og valdsmaður sjá um, að skipbrotsmönnum veitist fararbeini heimleiðis, er þeir mega frá strandi hverfa og þeir hafa eigi sjálfir fararbeina. Geti skipbrotsmenn eigi þegar komizt heim, annaðhvort vegna árstíma, eða fyrir aðrar sakir, og eigi er þar í nánd umboðsmaður hinnar útlendu þjóðar, sem þeir eru af, nje nokkur sá, er geti tekið þá að sjer, skal lögreglustjóri sjá um, að

þeim verði komið fyrir í bráð. Ef það, sem bjargað er, hrökkur eigi fyrir öllum kostnaði, má eptir ósk lögreglustjóra greiða það, sem á vantar, úr landssjóði til bráðabyrgða mót endurgjaldi frá rjettum hlutaðeigendum.

11. grein orðist á þessa leið:

Strandbókin, sem lögreglustjóri skal rita í samkvæmt 3. gr., skal bera með sjer dag og stund, er honum var skýrt frá strandinu, hver hafi fært honum fregn um það, og dag og klukkustund, er hann samkvæmt henni hafi komið til strandsins. Svo skal og þar skýra frá, hvar skipið og gózið var, og frá ásigkomulagi þess, þegar hann kom að, hvort skipstjóri, skipverjar eða farþegar hafi verið á skipi, og skal greina nöfn þeirra. Próf skal og halda yfir þeim, sem hlut eiga að máli, og bóka, hve nær og hvar fyrst varð vart við strandið, og hvað því hafi valdið; og enn allt annað, sem getur leitt í ljós aðgjörðir þeirra, sem hlut eiga að máli, eða það, hver skipið eigi og hvað um mennina hafi orðið, sem á skipinu voru, o. s. frv. Enn skal í bókina rita skýrslu um, hverjar ráðstafanir gjörðar hafi verið, til þess að bjarga, áður en lögreglustjóri kom til, t. a. m. hve margir menn hafi verið fengnir til að bjarga og halda vörð, hverjir bátar og önnur áhöld hafi verið við höfð o. s. frv. Svo skal og bóka ályktanir þær, sem lögreglustjóri gjörir, til þess að koma björgun við eða halda henni áfram. Skrifa skal og upp allt það góz, sem bjargað er, og skýra frá því svo nákvæmlega, sem unnt er. Að endingu skal getið alls þess í strandbókinni, sem fram fer og annaðhvort getur haft áhrif á rjettindi eiganda og bjarganda sín á milli, eða orðið ábyrgðarhluti einhvers.

Lögreglustjóri skal hafa svo nákvæmt eptirlit, sem verða má, með því, að flutt verði burt það, sem bjargað er, því fengin geymsla og það varðveitt eptir ráðstöfun hans. Leiki grunur á, að nokkuð hafi glatazt af því, sem bjargað er, eða sætt illri meðferð, skal rita bráðabyrgðarrannsóknir um þetta í strandbókina. Í hana skal einnig rita skýrslu um það, sem fram hefur farið til fullnustu því, sem fyrir skipað er í 8. grein, og, ef gjörður er björgunarsamningur, skal geta þess.

12. grein sje þannig orðuð:

Hafa má hina venjulegu lögreglubók til gjörða þeirra, sem að framan eru nefndar; en sje hún eigi við, má búa til sjerstaka bók til afnota við einstakt strand. Í bók þessa skal lögreglustjóri sjálfur rita blaðsíðutal, gegnumdraga hana og innsigla, og skal síðan senda amtmanni hana, til þess hann rannsaki hana og riti á hana vottorð sitt.

Í hvert skipti, sem hætt er að bóka, skal eigi að eins lögreglustjóri rita nafn sitt undir hið bókaða, heldur einnig skipstjóri, hreppstjóri og tveir hinir helztu af bjargendum. Svo skulu og einnig vottar þeir skrifa undir, sem verið hafa viðstaddir við rannsóknir þær, sem gjörðar hafa verið, til þess að komast fyrir afbrot þau, sem orðið hafa. Ef lögreglustjóri og skipstjóri, eða sá, sem er fyrir hans hönd, ekki geta skilið hvor annan, skal, ef því verður við komið, hafa tvo lögfasta votta, sem kunni mál þeirra, og skulu þeir vera túlkar, enda riti þeir nöfn sín undir bókina. Bókina skal lesa upp greinilega, svo öllum hlutaðeigendum gefist kostur á að heyra, áður en skrifað er undir hana.

Strandgjörðina má eigi leiða til lykta, fyr en búið er að spyrja alla, sem hlut eiga að máli, hvort þeir viti af nokkru, sem óbjargað sje, og lögreglustjórinn sjálfur hefur ritað vottorð sitt í bókina um, að hann hafi ekki getað fundið neitt annað, sem bjarga skyldi, en það, sem nefnt er í gjörðinni.

13. grein orðist á þessa leið:

Lögreglustjóri hefur rjett til, að vísa burt öllum þeim mönnum, sem enga hlutdeild eiga í björgun eða gæzlu á hinu strandaða gózi, og að öðru leyti eru óviðriðnir við strandið. Svo skal hann og vísa burtu þeim bjargendum, sem gjöra sig óhæfa til þess starfs sökum ofdrykkju, óspekta eða ótrúmennsku. Taka skal þá fasta, sem eigi vilja fara með góðu, er þeim er vísað burt, enda skal slíkur mótþróa varða þeim ábyrgð (sbr. 29. gr. c). Lögreglustjóri sker úr öllum

þrætum, sem rísa af framkvæmdunum við björgunina, og skal hann síðan bóka úrskurð þann, sem hann kveður upp munnlega.

14. grein sje orðuð á þessa leið:

Lögreglustjóri skal sjá um, að matvæli þau og drykkjarföng, sem skemmzt hafa, og, ef til vill, kynnu að vera skaðvæn fyirr heilsu manna, verði rannsökuð annaðhvort af næsta hjeraðslækni, eða, ef hann getur ekki komið, af tveimur mönnum, sem vit hafa á. Skulu þeir þá láta uppi álit sitt um, hvort nota megi vörurnar að eins með tilteknum sjerstaklegum skilyrðum, eða hafa þær til einhverra sjerstakra afnota, án þess að skaði hljótist af; og, ef svo er, má að eins selja vörurnar með því skilyrði, að það verði gjört kaupendum að skyldu, að verja þeim ekki til annars. Skal lögreglustjóri sjá um, að þessu verði hlýtt, og sje brotið gegn því, skal hegna þeim, sem hlut eiga að máli, með því, að gjöra vörurnar upptækar, og eptir atvikum með hæfilegri sekt, sem rennur í landssjóð. Verði vörurnar ekki gjörðar upptækar, skal dæma þann, sem hlut á að máli, í sekt, er að því skapi sje meiri, og fellur hún til landssjóðs. Nú eru vörur svo spilltar, að heilsu manna sje hætta búin, ef nýttar eru, og skal ónýta þær undir umsjón lögreglustjóra sjálfs, eða eptir boði hans með umsjón tveggja áreiðanlegra manna, sem hann skipar til þess.

15. gr. orðist þannig:

Nú er grunsemd um, að næm sótt flytjist inn í landið með skipbrotsmönnum, eða strönduðu gózi, og skal lögreglustjóri sjá um, að farið sje eptir lögum þeim og reglum, sem sett eru um sóttvarnir.

16. gr. orðist þannig:

Sje vínföng eða aðrar vörur, sem toll skal af greiða að lögum, meðal þess, sem bjargað er, skal lögreglustjóri sjá um, að tollur verði goldinn af þeim.

17. gr.

Sje annaðhvort, að góz, sem bjargað er, skemmist, ef það er geymt, eða líkindi sjeu til, að það annara hluta vegna falli svo mjög í verði, ef geymt er, eða geymslan hafi svo mikinn kostnað í för með sjer, að það sje óhagur fyrir þá, sem hlut eiga að máli, að gózið sje geymt, skal selja það við opinbert uppboð svo fljótt sem verða má.

Svo má og selja við aukauppboð nokkurn hluta af því, sem bjargað er, til þess að útvega það fje, sem til útgjalda þarf, er eigi verður frestað, ef eigi fæst fje að láni, eða að eins með svo miklum afarkostum, að öllum hlutaðeigendum sje það meiri hagur, að fjeð verði útvegað með slíku uppboði. Skal helzt taka til þess þær vörur, sem mestur kostnaður yrði við að geyma.

Jafnskjótt sem búið er að bjarga, skal selja allt bjargað góz á uppboðsþingi, nema sá, sem komið hefur fram með heimildir sínar fyrir því, að hann að rjettu eigi hlut að máli, heimti, að sjer sje fengið það í hendur með þeim skilyrðum, sem ákveðin eru í 5. gr., og skal ávallt leita atkvæða hans um það.

18. gr. breytist þannig að orðfæri:

Lögreglustjóri skal gjöra allar þær ráðstafanir, sem þörf er á, til þess að halda uppboðið, og skal gjöra þær þannig, að vænta megi, að gózið verði selt við sem mestu verði, enda skal líta á atvik öll í hvert skipti. Hann skal þannig sjá um, að uppboðið verði vandlega birt þeim, sem í grennd búa, og í sveitum þeim, sem vænta má, að uppboðsþingið verði sótt frá. Sje um mikið góz eða skip að ræða, skal birta uppboðið á verzlunarstöðum þeim, sem í grennd eru. Lögreglustjóri skal enn fremur semja uppboðsskilmálana, og skulu þeir vera svo, að þeir fæli engan frá kaupi. Eigi má leggja neinn þann kostnað á kaupendur, að ekki sje nákvæmlega skýrt frá, hve mikill sje. Svo skal og setja gjaldfrestinn eins og venja er í hverju lögsagnarumdæmi, og má hann eigi vera skemmri, en 14 dagar. Rjett er að lögreglustjóri annist um gjaldheimtu, ella feli hana öðrum skilvísum manni, nema eigandi eða umboðsmaður hans kjósi annan gjaldheimtumann. Eigi má gjaldheimtumaður heimta meir en 4% að launum, en hálfu minna, ef goldið er þegar við hamarshögg.

Lögreglustjóri skal leita atkvæðis skip-

stjóra, eða umboðsmanns eiganda eður annara hlutaðeiganda um það, hve nær uppboð skuli halda, um birtingu uppboðsins og uppboðsskilmála. Skal lögreglustjóri taka atkvæði þetta til greina, sem mest má verða eptir atvikum, og einkum gæta þess, hvernig það geti farið saman við hag hlutaðeiganda, t. a. m. þeirra, er bjarga.

Þessa skal og valdsmaðar gæta ávallt í úrskurðum sínum sem framast má verða, þegar skipbrot verða.

19. grein orðist á þessa leið:

Eigi það ríki, sem hið brotna skip er frá, umboðsmann á landi hjer, skal hann, ef enginn annar er við, sem hefur fullt umboð fyrir alla, sem hlut eiga að máli, hafa heimild til að vera sjálfur viðstaddur, eða fulltrúi hans, þegar verið er að bjarga, til þess að gæta þar gagns hlutaðeiganda, og láta í ljósi álit sitt um ráðstafanir þær, sem kynnu að vera hagfelldar í því efni.

Sama rjett á sá, sem sannar heimildir sínar til þess, að vera erindsreki strandbótafjelags þess, sem tekið hefur hið brotna skip eða góz í ábyrgð.

20. grein.

Jafnskjótt og uppboð er haldið á því, sem bjargað er, skal lögreglustjóri þegar semja reikning um strandið, og leggja hann fram í aukarjetti, svo hlutaðeigendum gjörist kostur á, að kveða upp álit sitt um hann. Skal síðan reikning þennan tafarlaust, og áður uppboðsandvirði sje greitt, senda amtmanni tvírítaðan með fylgiskjölum til endurskoðunar og úrskurðar. Senda skal og eptirrit af sölubókinni, sjóferðaprófinu, gjörðabókinni um strandið og björgunina, svo og skipaskjöl þau, sem bjargað er, og önnur þess konar skjöl.

Amtmaður skal, er hann hefur lagt úrskurð á strandreikninginn, senda hlutaðeigandi umboðsmanni, ef skipið er frá ríki því, er á slíkan umboðsmann hjer á landi, eða útgjörðarmanninum, eða öðrum, sem eptir löglega gjörðum skiptapajöfnuði verða álitnir rjettir aðilar, og eigi þeir heimili á Íslandi, eða í Danmörku, en landshöfðingja ella beina leið ásamt öllum skjölum um strandið, sem nefnd eru að framan, og skal amtmaður jafnframt skýra frá, hve nær vænta megi, að hann geti sent andvirði skipbrotsgózins að kostnaði frá dregnum. Skal amtmaður setja sýslumanni frest til þess að gjöra skil eptir reikningi þeim, er hann hefur gjört. Sje frestur sá að öllum jafnaði eigi lengri en 4 vikur frá eindaga uppboðsgjaldsins, og skal amtmaður hafa gætur á, að eigi dragist greiðslan lengur, en hann hefur ákveðið.

21. grein sje þannig orðuð:

Lögreglustjóri eða umboðsmaður hans skal hafa 6 krónur í fæðispeninga hvern þann dag, sem hann strandsins vegna þarf að vera fjærverandi frá heimili sínu að uppboðsdögunum einum undanskildum. Borgun þessi skal vera þriðjungi hærri þá daga, sem hann verður að vera viðstaddur á fjörunni, til þess að skipa fyrir um björgunina, lengur en 8 stundir; en þar með má þó eigi telja þann tíma, er hann ver til undirbúnings strandbókarinnar, o. s. frv. Þar að auki skal greiða lögreglustjóra, eða umboðsmanni hans, ferðakostnað að heiman og heim, eins og fyrir er mælt í reglug. 10. sept. 1830, 16. grein.

Sýslumaður fær 8 krónur fyrir sjóferðapróf það, sem halda skal, þegar lifandi menn fylgja skipi eða gózi, til skýrslu um, hvernig strandið hafi að borið og hvað því hafi valdið, svo og fyrir próf það, er taka skal og senda amtmanni, þegar allir skipverjar hafa týnzt, til nákvæmari skýrslu um atvik við skipbrotið. Lögreglustjóri skal án sjerstaks gjalds framkvæma og rita í strandbókina aðrar gjörðir, er að strandinu lúta, og skipbrotsmenn eða aðrir, sem hlut eiga að máli, álíta nauðsynlegar; en jafnskjótt sem bjarggjörðin er til lykta leidd og bókuð, og lögreglustjóri er farinn frá strandinu, skal greiða borgun fyrir gjörðir þær, sem síðar kunna að verða heimtaðar samkvæmt reglug. 10. sept. 1830. Þar að auki skal amtmaður hafa gætur á, að rjettarþjónninn haldi eigi að nauðsynjalausu aukarjett í þessum málum, eða greini í sundur gjörðir þær, sem snerta sama strand-

ið, ef þær að lögum verða framkvæmdar í einu lagi.

Rjettarþjónninn á gjald það, sem ákveðið er í reglugjörð 10. sept. 1830 fyrir uppboð og eptirrit þau, sem senda skal amtmanni.

22. grein orðist á þessa leið:

Verði skipi eða gózi bjargað, án þess skipstjóri eða nokkur annar, er gengur í hans stað, sje með, og ef enginn hefur gefið sig fram, sá er sannar fyllilega heimildir sínar til þess, sem bjargað er, skal amtmaður tafarlaust birta strandið í frjettablöðum, og skýra jafnframt nákvæmlega frá, hvar og hve nær björgunin hafi orðið, og frá einkennum skipsins og gózins og því öðru, er geti gjört það einkennilegt. Þar að auk skal amtmaður skora á eigendur að segja til sín innan árs og dags frá síðustu auglýsingu, sanna heimildir sínar til þess, sem strandað er, og taka við því eða andvirði þess eptir ávísun hans, móti því að borga kostnaðinn.

Auglýsinguna skal birta þrisvar sinnum samfleytt í frjettablöðum þeim á Íslandi, sem opinberar auglýsingar á að birta í, og ef andvirði þess, sem bjargað er, að frádregnum kostnaði, nemur 400 kr. eða meira, einnig í frjettablaði Berlinga. Svo skal og senda umboðsmönnum annara ríkja, sem settir eru á Íslandi, eptirrit af auglýsingunni.

Þessi grein tekur að eins til vogreka þeirra, sem 1. gr. í opnu brjefi 4. maí 1778 ræðir um, en ekki þeirra vogreka, sem getið er um í 2. og 3. gr. sama brjefs (sbr. opið brjef 2. apríl 1853, og kanselíbrjef 26. ágúst 1809).

23. grein breytist á þessa leið:

Þegar einhver helgar sjer það, sem bjargað er, skal amtmaður prófa sannanir þær, er hann leiðir að eignarrjetti sínum. Rjett er, að amtaður skjóti máli til úrskurðar landshöfðingja, ef vafasamt er, og má landshöfðingi, þó sönnuninni sje í einhverju ábótavant, leggja þann úrskurð á eptir ár og dag, að gózið komi í eigu þess, sem kallað hefur til þess; enda sjeu mjög mikil líkindi til þess, að hann sje rjettur eigandi. Fyr má eigi selja gózið í hendur tilkallsmanni þeim, er lögsönnun vantar fyrir eign sinni, nema hann setji fullt veð fyrir því, að gózinu verði skilað aptur, ef annar kemur, er helgi sjer það að lögum. Ef tilkallsmanni þykir, sem amtmaður hafi borið rjett sinn fyrir borð, má hann skjóta málinu fyrir landshöfðingja, og skal hann leggja úrskurð á það. Rjett er og að tilkallsmaður skjóti máli sínu til dóms.

24. grein orðist þannig:

Góz það, sem enginn helgar sjer innan þess frests, sem nú var greindur, rennur í landssjóð, og skal landshöfðingi sjá um, að fje það greiðist. Nú ber það að, að ástæða sje til að greiða aptur fje þetta úr landssjóði og leggur þá konungur úrskurð á málið.

25. grein orðist þannig:

Nú finnur maður mannlaust skip á sjó eða skipsflak, og skal hann flytja það til lands, og þegar í stað segja hreppstjóra til. Fer þá um björgun og sölu á skipi og gózi, sem fyr var sagt. Finnist skip á hafi úti, ber finnendum fyrir flutning þess til lands þriðjungur andvirðis að frádregnum öllum kostnaði við björgun og sölu; en finnist það á fjörðum, víkum eða skammt frá landi, einn fimmtung. Nú þykir finnendum eigi laun þessi nægilegt endurgjald fyrir starf sitt, og eiga þeir kost á að gjöra reikning fyrir það, sem lögreglustjóri úrskurðar. Ef andvirði vogreka hrökkur eigi fyrir kostnaði öllum, taka finnendur og bjargendur hlut í þeim halla að rjettri tiltölu.

26. grein breytist þannig:

Ályktanir lögreglustjóra liggja undir rannsókn og úrskurð amtmanns, og skal hann sjálfur, ef sjerleg þörf gjörist, koma á strandið.

Amtmaður skal, auk ferðakostnaðar, sem landshöfðingi ákveður í hvert skipti eptir atvikum, fá að fæðispeningum 8 krónur hvern dag, sem hann dvelst við strand og fer heiman og heim. Þetta gjald greiðist á sama hátt sem annar kostnaður við strönd.

27. grein sje þannig orðuð:

Rjett er að bera úrskurði amtmanns í

strandmálum undir landshöfðingja, ef nokkur þeirra, er hlut eiga að máli, heimta það; en verði veruleg rjettarþræta af skipstrandi t. d. um það, hve mikil bjarglaun megi heimta samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 25. grein, eða um rjettargildi bjargsamninga, eða á þýðingu þeirra, megu slík mál ganga til dóms og laga.

28. grein orðist þannig:

Enginn embættismaður, sem gæta á hags skipbrotsmanna, má í sínu umdæmi eiga hlut í nokkrum bjargsamningi, eða þiggja gjafir eða þóknun af skipbrotsmönnum, bjargendum eða öðrum viðkomendum, að launum fyrir frammistöðu sína í strandmálum. Þessir embættismenn mega eigi heldur eiga þátt í öðrum fyrirtækjum einstakra manna, sem eru í sambandi við strandmál, að þeir verði grunaðir um hlutdrægni. Enginn nefndra embættismanna má kaupa á uppboðsþingum strandað góz. Embættismenn, og þar á meðal hreppstjórar, sem hafa umboð lögreglustjóra, sæti hegningu samkvæmt hegningarlögum 25. júní 1869, 13. kap. fyrir afbrot gegn því, sem fyrir er mælt í grein þessari.

29. grein.

a, Sá, sem vanrækir það, sem honum er gjört að skyldu í 1. og 2. grein laga þessara, skal sæta 10 til 100 króna sektum eða fangelsishegningu eða meiri sektum eptir atvikum, ef hann hefur gjört sig valdan að óafsakanlegu hirðuleysi um líf og heilsu manna.

b, Sama hegning liggur við, ef einhver gegn því, sem fyrir er mælt í 3. grein, beitir einræði við björgun og varnar valdsmanni með því, að hafa nauðsynlegt eptirlit á því, sem bjargað er.

c, Nú sýnir maður mótþróa, hirðuleysi eða óhlýðni við björgun, og skal hann eptir málavöxtum sæta sektum eða fangelsi, nema önnur lög leggi meiri hegningu við. Enda er rjett að færa niður eptir atvikum bjarglaun þau, sem hinum seka ella hefðu borið, eða svipta hann þeim að öllu.

Hafi hreppstjóri, eða annar, sem sjerstökum skyldum á að gegna við björgun, gjörzt sekur í afbrotum þeim, sem nefnd eru í a—c, skal hann þar að auki hafa fyrirgjört sýslu sinni eptir málavöxtum.

Mál, sem rísa af afbrotum þeim, sem þessi grein ræðir um, eru lögreglumál, ef afbrot heyra ekki undir ákvarðanir hinna almennu hegningarlaga.

Sektir renna í landssjóð.

30. grein orðist þannig:

Lög þessi, er leggja skal út á enska og frakkneska tungu, skal hver lögreglustjóri og hreppstjóri í þeim hjeruðum, þar sem skipströnd geta að borið, hafa í vörzlum sínum, bæði nokkur exemplör af lögunum sjálfum og þýðingum þeirra.

Á alþingi, 24. júlí 1875.

B. Kristjánsson. E. Kúld. Jón Pjetursson. Sighvatur Árnason.

ÞRIÐJA UMRÆÐA

í efri deildinni.

Á 26. fundi efri þingdeildarinnar 2. dag ágústmán. kom mál þetta samkvæmt dagskránni til þriðju umræðu.

Framsögumaður (Bergur Thorberg) sagði, að hjer væri eigi eitt, heldur tvö frumvörp; hvað hið nýja frumvarp snerti, gæti verið spursmál um það, hvort það af formlegum ástæðum gæti komizt að, þar sem breytingarnar eigi kæmu sjerstaklega fram, heldur lægi fyrir heilt frumvarp, sem í ýmsu væri öðruvísi, en þó að mestu leyti eins og hitt, enda þótt fyrirsögnin kallaði það breytingaruppástungur. En hann kvaðst þó ekki ætla að halda þessu fast fram, heldur einungis hreifa því, þar sem efasamt væri, hvort þetta væri rjett aðferð, samkvæmt því, sem þingsköpin fyrir skipuðu. Þegar nú frumvörpin væru borin saman, þá virtist sjer, að enginn mundi geta sagt, að annað væri betra en hitt, og mundu víst flestir hlutaðeigendur segja, að það væri að lífa undir sömu lögum, því það mætti varla heita annað en smásmuglegar stýlaleiðrjettingar, sem kannske frá málfræðislegu sjónarmiði væru heldur til

batnaðar; hann ætlaði eigi að taka sjerstaklega fram nema fáeinar af þessum breytingum, og væri þá fyrst breytingin í 1. grein, að «hafskip» hefði verið sett í stað «skips», en hann kvaðst eigi muna til, að það orð hefði hingað til verið haft í lagamálinu, og svo væri það nokkuð óákveðið, hvað meintist með því, hvort það ætti að vera sama sem þilskip, eða sama sem skip, er færi milli landa; sama mætti segja um orðabreytinguna í 4. grein, þar sem orðunum «part af skipi» hefði verið breytt í «flak af skipi», að það mundi varla vera heppilegar orðað en hitt; að setja «valdsmenn» í stað «yfirvalda», áleit hann heldur ekki neitt bæta, og væri það orð naumast brúkað í nýrri tilskipunum; breytingin á 6. grein fyndist sjer vera til hins lakara; þar sem í 7. grein væri vitnað til 4. gr., þá mundi það líklega vera misprentun. Hvað þótt hefði að ákvörðuninni í 8. grein um, að samræðurnar við skipstjórann skyldu fara fram á því máli, er hann skildi, það væri sjer eigi ljóst, því það væri þó víst eigi meining uppástungumanna, að þetta ætti ekki svo að vera. Þar sem í 18. gr. hins nýja frumvarps hefði þótt óþarft að birta uppboð á verzlunarstöðum, nema því að eins að um mikið væri að ræða, þá virtist sjer þetta lakara en í gamla frumvarpinu, því að það væri góð regla, að birta uppboð ávallt á verzlunarstöðum án tillits til, um hve mikið væri að ræða. Í 21. grein væri sleppt út orðum þeim, er stæðu á milli sviga í gamla frumvarpinu, nefnilega 9 krónur, en það gæti hann ekki gengið inn á, þar sem það gæti valdið misskilningi. Í 27. grein hins nýja frumvarps væri felld úr ákvörðunin um, að úrskurðum þeim, sem þar væri talað um, yrði eigi vísað til dóms og laga, og mundi það kannske hafa komið til af því, að uppástungumönnum hefði þótt það óþarft, að til taka svo; í næst síðustu línu sömu greinar væri líka villa, þar sem stæði «á» fyrir «um». Yfir höfuð kvaðst hann eigi geta sjeð, hvað unnið væri við breytingarnar, þar sem það væri komið undir smekk hvers eins, hvort þetta þætti betur orðað en hitt, en fyrst að nú á annað borð væri búið að hafa svo mikið fyrir þessu, þá mundi hann þó fallast á sumar af þessum breytingum, t. a. m. á 26. grein, því að hún væri miklu styttri en hin eldri grein frumvarpsins.

Benidikt Kristjánsson sagði, að þar sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hefði látið þá skoðun í ljósi, að vafasamt væri, hvort breytingar þessar gætu komizt að, er þær væru á öllu frumvarpinu, og að þær væru því komnar of seint fram, þá kvaðst hann, ef svo væri, eigi geta sjeð betur, en það hefði verið gjört ófyrirsynju að prenta þessar breytingar, sem ekki mætti ætla eins og á stæði, þar eð forseti og skrifstofustjóri hefði átt þar hlut að máli. En hann kvaðst álíta, að skoða mætti breytingarnar sem eins margar breytingaruppástungur og greinarnar væri í frumvarpinu, og þó að þær að mestu leyti eigi væru annað en orðabreytingar, þá gæti það ekki spillt fyrir þeim, enda væri þær engu að síður góðar og æskilegar, þar sem þær miðuðu til þess, að gjöra málið betra, og gæti hann eigi sjeð, að það væri neinar smásmuglegar stýlæfingar, því þá væri allt hið sama að segja um hitt, að snúa lagafrumvörpum úr dönsku, er þau líklega væru rituð upprunalega á. Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hefði tekið fram allar misfellurnar á breytingaruppástungunum, en eigi talað um kostina, er hið nýja frumvarp, sem hann svo kallaði, hefði fram yfir hið gamla. Hvað þá frumvarpið sjálft snerti, þá vildi hann taka fram ýmsar þær breytingar, er gjörðar hefðu verið til nauðsynlegra bóta, og væri þá t. a. m. breyting sú, er gjörð hefði verið á 16. gr., þar sem «vínföng» hefði verið sett í staðinn fyrir «brennivín», og «að lögum» fyrir: «samkvæmt tilsk. 26. febr. 1872», að sinni ætlum ljósara, því það gæti litið svo út eptir gamla frumvarpinu, sem einungis ætti að taka toll af brennivíni, en eigi hverri helzt vöru, sem tollur yrði lagður á með nýjum lögum. Sama væri að segja um 15. gr., eptir því sem hún væri orðuð, liti svo út, eins og lögreglustjóri ætti ekki að láta sjer lynda að fara eptir gildandi lög-

um í hvert skipti, heldur eptir þeim, sem í vændum væru á allri ókominni tíð. Þar sem í 21. grein hefðu verið felld úr orð þau, er stæðu milli sviga, þá hefði það komið til af því, að hann hefði aldrei heyrt orðatiltæki brúkað þannig, að vafi gæti verið á, hvað það þýddi; ef það væri rjett í frumvarpinu, þá væri það líka í breytingunum, og þá hefði sjer sýnzt, að setningin milli sviga væri óþörf, þó hann annars hefði ekkert á móti henni og áliti hana að eins óþarfa. Hvað breytinguna við 15. grein snerti, væri það auðvitað, að ef eigi væru lög um sóttvarnir til, þá væri til lítils að tala um lög í því efni, en lögreglustjóra yrði eigi gjört að skyldu að fara eptir öðru en því, sem fyrirskipað væri, svo lengi sem það stæði óbreytt. Þá væri sú ákvörðunin í 8. grein hins gamla frumvarps, að lögreglustjóri skyldi sjá um það, að viðræðurnar færu fram á því máli, er skipstjóri skildi, en sjer virtist að það væri ómögulegt, að gjöra lögreglustjóra þetta að skyldu, þar sem það opt gæti komið fyrir, að það væri alveg ómögulegt, að fullnægja henni; henni hefði þess vegna verið sleppt út úr 8. gr., enda væri samkynja ákvörðun sett annarstaðar (12. gr.) nokkuð öðruvísi og betur orðuð, og gæti hún heimfærzt upp á þá grein, sem hjer ræddi um. Kvaðst hann vilja stinga upp á því, hvort eigi mætti eptir þingsköpunum ræða hinar einstöku greinir fyrir sig og þannig taka frumvarpið í köflum.

Ásgeir Einarsson sagði, að hann hefði aldrei verið skólameistari, og mundi því enginn lá sjer, þó að hann eigi vildi hætta sjer út á hinn málfræðislega rúmsjó hins heiðraða þingmanns Þingeyinga, enda væri þá og kannske hætt við talsverðum ágjöfum. Hann kvaðst því einungis ætla að benda á hið helzta, er sjer eigi hefði líkað; það væri þá í 1. grein, þar sem h a f s k i p hefði verið sett í staðinn fyrir s k i p, er hefði staðið í gamla frumvarpinu, þetta gæti hann eigi fallizt á, því það mætti misskilja, t. a. m. ef einhver fyndi íslenzkt þilskip, að hann þá eigi þættist skyldur að bjarga því, eða segja til þess. Orðið f l a k fyrir part af skipi gæti hann heldur ekki fallizt á, því rekið gæti: stefni, kjölur eða stýri, en sú breyting gjörði þó allt minna til. Að fella út úr 6. grein orðið h á s e t i, yrði hann að álíta rangt, og gæti hann því eigi gefið atkvæði sitt með því. Svo væri líka sleppt út úr 8. gr., að lögreglustjóri skyldi vera skyldur til þess, að láta viðræðurnar fara fram á því máli, er skipstjórnarmaður skildi; auðvitað væri, að opt gæti þetta verið ómögulegt, en hitt gæti líka orðið, að lögreglustjóri af einhverju skeytingarleysi eigi ljeti sjer annt um þetta, og vantaði þá alla ákvörðun um það (Benidikt Kristjánsson: það stendur í 12. gr.); nú, jæja, en þetta hefði þingmaðurinn getað sagt strax. Þá kæmi nú aðalatriðið, og það væri, að orðinu »skipstjórnarmaður« hefði verið breytt í s k i p s t j ó r a, en þetta kynni hann með engu móti við, því að það gæti valdið mjög miklum og háskalegum misskilningi, og mundi hinn heiðraði þingmaður af Ströndunum geta borið um það, að þar væri t r j e s t j ó r i líka kallaður s k i p s t j ó r i; eða það, sem stjórað væri með; hjer gæti því orðið sú afleiðingin, að stundum yrði fullörðugt, að gjöra greinarmun á því, hvort um dauðan skynlausan hlut væri að ræða, eða þá það, sem menn á útlendra máli kölluðu k a p t e i n. Þessi breyting væri því alls ekki heppileg, og gæti það orðið okkur til mestu vanvirðingar, að láta framandi þjóðir sjá slíkt sem þetta á prenti; og virtist sjer yfir höfuð, að þetta eigi væri annað en ástæðulausar tiktúrur. Annars vildi hann þó fallast á 16. gr., því að sjer virtist hún til bóta, og þá væri hann ætíð tilleiðanlegur.

Stefán Eiríksson sagði, að hinn háttvirti framsögumaður hefði þegar tekið það fram, að engin nauðsyn væri, að breyta þannig frá hinu upprunalega frumvarpi að öðru leyti en nefndin hefði gjört, og hann kvaðst heldur eigi geta sjeð, hvernig menn nú ættu að kasta því, sem samþykkt hefði verið við 2. umræðu og koma í stað þess með alveg nýtt frumvarp nú við þriðju umræðu; sú aðferð væri að sínu áliti gagnstæð þingsköpunum

og virtist sjer því þessi aðferð óhafandi; hann kvaðst einnig hafa lesið hið nýja frumvarp, og gæti hann eigi fundið neina betri meiningu í því en þá, sem komið hefði frá nefndinni; það gæti máske verið, að það væri betra orðfæri á því á einstöku stað, en það virtist sjer eigi vera aðalatriðið, heldur hitt að þráðurinn í lögunum hjeldi sjer og yrði ekki misskilinn.

Breyting sú, er gjörð hefði verið á 10. gr., virtist sjer alls eigi eiga betur við, sem sje þessi orð: «er þeir mega frá strandi hverfa», í stað þess hjá nefndinni: «þegar eigi lengur er þörf á, að þeir sjeu viðstaddir við strandið». Heldur ekki kvaðst hann sjá ástæðu til að breyta 6. grein, því að hún tæki glögglega fram það, er til væri ætlazt. Þar sem í 20. gr. væri breyting uppástungumanna, að sýslumenn skyldu halda aukarjett til að leggja fram strandreikninga, þá væri það varla til annars, en að tefja fyrir og gjöra enn þá meiri kostnað strandinu. Slík ákvörðun væri aldeilis ónauðsynleg, þar sem sýslumenn væru búnir áður að ákveða daglaun björgunarmanna, hestlán o. fl.. Að setja *valdsmann* í stað «yfirvalda» virtist sjer heldur ekki nauðsynleg breyting, þar sem nú hið síðara orð væri orðið almennt brúkað nú á tímum, og mundi því hvergi verða misskilið nema hjá þessum nýju frumvarps-höfundum.

Jón Pjetursson sagði, að hið nýja frumvarp væri mestmegnis orðabreytingar, og það gæti ekki spillt fyrir lögunum, þó gott mál væri á þeim. Það hefði verið haft á móti orðinu *hafskip*. Í stjórnarfrumvarpinu stæði *skip*, en þar sem Danir skildu við orðið *Skib* engan veginn hið sama sem Íslendingar, heldur að eins hafskip, þá væri þetta í hinu nýja frumvarpi einungis nákvæmari útlegging, því varla mundi það hafa verið meining löggjafans, að fara ætti að taka t. d. fjögra manna far hjer undir. Á móti 6. grein hefði það verið haft, að viðaukanum um formennina og hásetana hefði verið sleppt út úr í hinu nýja frumvarpi, en hann ætlaði, að það væri gjört með fullri ástæðu, þar sem formennirnir eigi gætu tekið háseta til annarar vinnu en að róa, og yrði því að til segja hásetunum sjálfum. Á móti 8. grein hefði það verið haft, að ákvörðun inni um það hefði verið sleppt, að lögreglustjórar væru skyldugir að sjá um, að samræðurnar færu fram á því máli, er skipstjórnarmenn skildu, en þetta gæti nú opt verið ómögulegt, og þar sem ákvörðun um líkt efni væri tekin fram í 12. grein og þar orðuð nákvæmar og langtum betur, virtist sjer eigi ástæða til að hafa nokkra nýja ákvörðun um það hjer.

Ásgeir Einarsson sagðist eigi ætla að hafa svar sitt langt, en hann kvaðst geta fært dæmi upp á það, að illa hefði farið um íslenzk þilskip, sem hefðu strandað hjer við land, af því að engin lög hefðu verið til um þau; sjer virtist einnig vera margt á milli hafskips og fjögramannafars, sem sá 4. konungkjörni hefði talað um. Það væri auðsjeð, að lögfræðingar vissu, að ekki væri við bláa menn að berjast, þegar þeir bæru slíkt vopn á móti bændum, til að hræða þá. Að því hefði verið sleppt út úr 8. gr., að lögreglustjórar skyldu hafa umræðurnar á því máli, er skipstjórnarmaður skildi, fyndist sjer eigi ástæða til, enda þótt það líka stæði í 12. grein í annari merkingu.

Sighvatur Árnason sagði, að hann eigi ætlaði að fara út í sjerstaklegar greinir málsins, en hann vildi þó lýsa því yfir, hvað sjer hefði gengið til, að vera með breytingum þessum; það hefði verið það, að sjer hefði fundizt málið mjög óíslenzkulegt, og það væri líka viðurkennt af hinum, sem væru á móti breytingunum, en auðvitað væri þó, að málfærið ætti eins að vanda á lagaboðum sem öðru, og það því heldur, sem menn yrðu að skoða bæði efni og málið sem þingsins, en eigi annara verk, og því væri það ekki einkis virði, að þingið væri vandvirkt í því tilliti. Yrði hann því heldur að hallast að hinu nýja frumvarpi, þar sem sjer í heild sinni fyndist það betur úr garði gjört en hitt.

Framsögumaður sagði, að úr því að hjer væri um lítið annað að ræða en mestmegnis orðabreytingar, þá ætlaði hann lítið að tala með eða móti þeim. Hann kvaðst þó

vilja játa með þingmanni þingeyinga, að 16. gr. væri breytt til batnaðar, og gæti hann því fallizt á hana. En hann kvaðst eigi geta fallizt á það, að úr 8. gr. hefði verið sleppt ákvörðuninni um, að samræðurnar ættu að fara fram á því máli, er skipstjórnarmaður skildi, enda þó að í 12. gr. væri tekin inn áþekk ákvörðun, en hún væri þó um nokkuð annað. Heldur ekki virtist sjer það rjett skoðað hjá hinum háttvirta 4. konungkjörna þingmanni, að ákvörðunin í 6. gr. um formennina sje röng, þar sem formenn, ef þetta eigi væri skýrt tekið fram, gætu látið háseta fara í róður í stað þess að bjarga, ef á þyrfti að halda. Loks vildi hann þá lýsa því yfir, að sjer fyndist frumvarp stjórnarinnar, eins og nefndin hefði skilið við það og þingdeildin fallizt á það við aðra umræðu, fullgott að því er málið snerti, þó að það vel gæti verið, að sumt færi betur í hinu nýja að forminu til.

Benidikt Kristjánsson sagði, að vel gæti verið, að óþarft hefði verið að stytta 6. greinina, en varla mundi lagamanni, ef hann læsi hana, virðast svo. Þar sem talað væri um húsbændur og hjú, þar væri einnig um yfirráð og undirgefni að ræða, og þar sem húsbændurnir væru skyldugir að fara, þá hlyti einnig að vera hið sama tilfellið með hjú þeirra, ef nokkur væru, og sama væri um þá, sem sjálfs sín væru ráðandi, ef á þá væri skorað; hann gæti eigi betur sjeð, en að þetta væri ljóslega tekið fram í ákvörðun hins nýja frumvarps.

Ásgeir Einarsson kvaðst eigi geta skilið, hvað mönnum gæti gengið til þess að vilja koma misskilningi inn í lögin, en deildin gæti nú gjört, hvað henni sýndist.

Torfi Einarsson sagðist ekki ætla að vera margorður um háseta greinina, en hann gæti þó ekki skilið, hvernig hægt væri að sekta þá, ef þeir eigi væru nefndir á nafn, þó að þeir færu í róður, og formaðurinn kallaði þá. Hvað málið snerti, þá tæki það mikinn tíma fyrir þingið að leiðrjetta það, ef þess þyrfti með, og yrði hann fyrir sitt leyti að segja það, að hann hefði fullkomlega vel skilið stjórnarfrumvarpið með breytingum nefndarinnar og hitt líka. Hann yrði því að halda, að bezt til fallið væri, að hafa nefnd til þess að leggja frumvörpin út, heldur en að taka hvert frumvarpið af öðru svona úr garði gjört. Þar sem hann nú hefði áður aðhyllzt hið fyrra, þá vildi hann heldur halda sjer til þess, enda þótt honn skoðaði þau bæði sem fullbrúkanleg.

Ásgeir Einarsson kvaðst gefa atkvæði sitt fyrir 26., 27. og 16. gr., en hitt gæti hann ekki álitið neina bót.

Jón Pjetursson kvaðst einnig halda, að þingmaðurinn mundi gefa atkvæði fyrir 2. grein, að segja þegar hann læsi hana betur; hann vildi taka það fram, að *skipreki* og *skipreiki* væri sitt hvað.

Jón Hjaltalín sagðist raunar eigi vera neinn lagagarpur, en sjer hefði þegar þótt og þætti enn frumvarp stjórnarinnar vera mikið gott, eins og það lægi nú fyrir. Að því er málfærið eða orðfærið snerti, þá yrði hann að játa, að hann hefði aldrei verið sá »púristi« eður málskrúðsmaður, að hann hefði fundið köllun hjá sjer til að fara að leiðrjetta stýla. Sjer virtist mest væri komið undir því, að lögin hefðu góðar og hagkvæmar reglur inni að halda, sem hverjum manni gætu verið ljósar. Hann kvaðst þó alls ekki neita því, að sjer þætti málið á þessum breytingaruppástungum eitthvað liðlegra og snotrara. En hitt væri það, að sjer virtist þingið hafa annað að starfa, en eyða tíma sínum við slíka smámuni, sem þetta þó óneitanlega væri. Hjer á þingi væri annað að starfa en að halda málfræðislega fyrirlestra. Hann væri sannfærður um, að hver sá, sem á annað borð skildi íslenzku, hann hlyti líka að skilja þetta frumvarp. Aðrar þjóðir, sem þó varla mundu standa svo mjög á baki oss með löggjöf sína, væru ekki svo fjarska-sýtingssamar með málið, ef að eins ákvarðanirnar sjálfar væru heppilegar og samsvöruðu tilgangi sínum. Þess vegna vonaði hann, að þingdeildin ljeti ekki þetta og annað eins tefja fyrir málinu.

Benidikt Kristjánsson kvaðst þó vona, að flestum mundi þykja æskilegt, að málið

væri hreint og óbjagað á hverju sem væri. Að því, er snerti það, er þingmaður Strandasýslu hefði stungið upp á, þá skyldi hann játa fúslega, að það væri fyrirhafnarminnst, að frumvörpin kæmu með góðu máli til þingsins. En þar sem sú væri eigi reyndin á, þá væri þinginu nauðugur einn kostur að leiðrjetta það sjálft. Enda væri ekkert á móti því, að stjórnin fengi einu sinni að vita, að vjer vildum heldur hafa gott mál en bjagað mál, og þá mundi þingið að líkindum geta losazt við þetta ómak. Nú væri einu sinni búið að eyða tíma og töluverðri fyrirhöfn til að lagfæra málið á þessu frumvarpi, og sýndist sjer því skynsamlegra af þingdeildinni, að hún tæki þær til greina; annars væri það eins og bending til stjórnarinnar, að hún gæti róleg boðið oss hvert afskræmismál, sem henni þóknaðist.

Ásgeir Einarsson tók það fram, að hinn 4. konungkjörni þingmaður hefði gjört svo náinn greinarmun á «skipreki» og «skipreiki», að hann yrði að játa, að það væri sínum skilningi líklega ofvaxið að grípa það, því fremur sem hann aldrei hefði heyrt þetta orð: «skipreiki», en hann væri nú enginn málfræðingur, svo sem væri hinn 4. konungkjörni þingmaður; gæti það máske komið til af því. Samt sem áður vildi hann eigi leggja mjög mikla áherzlu á þetta atriði. En af því uppástungumenn hefðu líka stytt greinina, þá væri hún eigi eins skýr, og grein frumvarpsins, og tæki eigi eins greinilega fram skyldur hlutaðeigandi í þessu tilliti. Þess vegna vildi hann heldur halda krapti frumvarpsgreinarinnar, en fegurð stýlsins á hinni nýju grein.

Benidikt Kristjánsson sagði, að það væri alveg satt, að meiningamunur væri orðinn á 2. grein við breytingaruppástungurnar, en hann yrði einmitt að telja þá breytingu vera til bóta, því að, ef ekki væri þörf á að senda hraðboða til hlutaðeigandi yfirvalda, þegar leiðin væri lengri en 1 dagleið, þá væri því síður ástæða til þess, ef leiðin væri styttri.

Landshöfðingi sagði, að, þó hann væri hinum heiðruðu uppástungumönnum samdóma um, að æskilegt væri að málið á hverju sem væri yrði vandað sem bezt, þá hlyti hann engu að síður að láta þá skoðun sína í ljósi, að þegar hin heiðraða deild væri einu sinni búin með atkvæðafjölda að samþykkja allmargar orðabreytingar við frumvarpið, þá mundi það eigi vera samkvæmt tilgangi þingskapanna, að koma á eptir fram með nýtt frumvarp. Að öðru leyti hefði hann ekkert sjerlegt að setja út á þessar breytingar í sjálfu sjer.

Forseti kvaðst, fyrst eigi tækju fleiri til máls, vilja bera breytingaruppástungurnar og frumvarpið, eins og það hefði verið samþykkt við aðra umræðu, undir atkvæði, og fór atkvæðagreiðslan þannig fram:

1. grein frumvarpsins.

1. Breytingaruppástunga frá Benidikt Kristjánssyni, Jóni Pjeturssyni, Sighvati Árnasyni og Eiríki Kúld felld með 7 atkv. gegn 3.
2. 1. gr. frumv. óbreytt samþykkt í einu hljóði.

2. grein frumvarpsins.

3. Breytingaruppástunga áður nefndra 4 þingmanna, sem óskuðu, að við haft væri nafnakall: Já sögðu:
   Benidikt Kristjánsson,
   Eiríkur Kúld,
   Jón Pjetursson,
   Sighvatur Árnason.
   Nei sögðu:
   Bergur Thorberg,
   Ólafur Pálsson,
   Ásgeir Einarsson,
   Jón Hjaltalín,
   Stefán Eiríksson,
   Torfi Einarsson,
   Þórður Jónasson.
   Breytingaruppástungan þannig felld með 7 atkv. gegn 4.
4. 2. gr. frumv. óbreytt samþykkt með 7 atkvæðum gegn 3.

3. grein frumvarpsins.

5. Breytingaruppástungan felld með 7 atkvæðum gegn 4.
6. 3. gr. frumv. óbreytt samþykkt með 7 atkvæðum.

4. grein frumvarpsins.

7. Breytingaruppástungan felld með 6 atkvæðum gegn 4.
8. 4. gr. frumv. óbreytt samþykkt með 7 atkvæðum.
   5. grein frumvarpsins.
9. Breytingaruppástungan felld með 6 atkvæðum gegn 5.
10. 5. gr. frumv. óbreytt samþykkt með 6 atkvæðum.
    6. grein frumvarpsins.
11. Breytingaruppástungan felld með 6 atkvæðum gegn 3.
12. 6. gr. frumv. óbreytt samþykkt með 8 atkvæðum.
    7. grein frumvarpsins.
13. Breytingaruppástungan, með nafnakalli:
    Já sögðu:
    Benidikt Kristjánsson,
    Eiríkur Kúld,
    Jón Pjetursson,
    Sighvatur Árnason.
    Nei sögðu:
    Bergur Thorberg,
    Ólafur Pálsson,
    Ásgeir Einarsson,
    Jón Hjaltalín,
    Stefán Eiríksson,
    Torfi Einarsson,
    Þórður Jónasson.
    Breytingaruppástungan þannig felld með 7 atkvæðum gegn 4.
14. 7. gr. frumv. óbreytt samþykkt með 7 atkvæðum.
    8. grein frumvarpsins.
15. Breytingaruppástungan felld með 7 atkvæðum gegn 4.
16. 8. gr. frumv. samþykkt með 7 atkvæðum.
    9. grein frumvarpsins.
17. Breytingaruppástungan felld með 6 atkvæðum gegn 4.
18. 9. gr. frumv. samþykkt með 7 atkvæðum.
    10. grein frumvarpsins.
19. Breytingaruppástungan felld með 6 atkvæðum gegn 4.
20. 10. gr. frumv. óbreytt samþykkt með 7 atkvæðum.
    11. grein frumvarpsins.
21. Breytingaruppástungan felld með 7 atatkvæðum gegn 4.
22. 11. gr. frumv. samþykkt með 8 atkvæðum.
    12. grein frumvarpsins.
23. Breytingaruppástungan; hjer ljet forseti við hafa nafnakall.
    Já sögðu:
    Benidikt Kristjánsson,
    Eiríkur Kúld,
    Jón Pjetursson,
    Sighvatur Árnason.
    Nei sögðu:
    Bergur Thorberg,
    Ólafur Pálsson,
    Ásgeir Einarsson,
    Jón Hjaltalín,
    Stefán Eiríksson,
    Torfi Einarsson,
    Þórður Jónasson.
    Breytingaruppástungan þannig felld með 7 atkvæðum gegn 4.
24. 12. gr. frumv. óbreytt samþykkt með 7 atkvæðum.
    13. grein frumvarpsins.
25. Breytingaruppástungan felld með 6 atkvæðum gegn 4.
26. 13. gr. frumv. óbreytt samþykkt með 7 atkvæðum.
    14. grein frumvarpsins.
27. Breytingaruppástungan felld með 7 atkvæðum gegn 4.
28. 14. gr. frumv. samþykkt með 8 atkvæðum.
    15. grein frumvarpsins.
29. Breytingaruppástungan felld með 6 atkvæðum gegn 4.
30. 15. gr. frumv. óbreytt samþykkt með 8 atkvæðum.
    16. grein frumvarpsins.
31. Breytingarupppástungan samþykkt með 10 atkvæðum.
32. 16. gr. frumv. fallin við atkvæðagreiðslu um 31. tölulið.
    17. grein frumvarpsins.
33. Breytingaruppástungan felld með 6 atkvæðum gegn 5.
34. 17. gr. frumv. óbreytt samþykkt með 6 atkvæðum.

18. grein frumvarpsins.

35. Breytingaruppástungan felld með 7 atkvæðum gegn 4.

36. 18. grein frumvarpsins samþykkt með 7 atkvæðum.

19. grein frumvarpsins.

37. Breytingaruppástungan felld með 6 atkvæðum gegn 3.

38. 19. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 7 atkvæðum.

20. grein frumvarpsins.

39. Breytingaruppástungan felld með 6 atkvæðum gegn 4.

40. 20. grein frumvarpsins samþykkt með 7 atkvæðum.

21. grein frumvarpsins.

41. Breytingaruppástungan felld með 7 atkvæðum gegn 4.

42. 21. grein óbreytt samþykkt með 7 atkvæðum.

22. grein frumvarpsins.

43. Breytingaruppástunga 4 þingmanna felld með 6 atkvæðum gegn 4.

44. 22. gr. óbreytt samþykkt með 7 atkvæðum.

23. grein frumvarpsins.

45. Breytingaruppástunga 4 þingmanna felld með 6 atkvæðum gegn 4.

46. 23. grein óbreytt samþykkt með 7 atkvæðum.

24. grein frumvarpsins.

47. Breytingaruppástunga 4 þingmanna felld með 6 atkvæðum gegn 4.

48. 24. grein óbreytt samþykkt með 8 atkvæðum.

25. grein frumvarpsins.

49. Breytingaruppástunga 4 þingmanna felld með 6 atkvæðum gegn 4.

50. 25. gr. óbreytt samþykkt með 8 atkvæðum.

26. grein frumvarpsins.

51. Breytingaruppástunga 4 þingmanna samþykkt með 10 atkvæðum.

52. 26. grein frumvarpsins fallin við atkvæðagreiðslu um 51. tölulið.

27. grein frumvarpsins.

53. Breytingaruppástunga 4 þingmanna felld með 6 atkvæðum gegn 4.

54. 27. gr. óbreytt samþykkt með 8 atkvæðum.

28. grein frumvarpsins.

55. Breytingaruppástunga 4 þingmanna felld með 6 atkvæðum gegn 4.

56. 28. grein óbreytt samþykkt með 8 atkvæðum.

29. grein frumvarpsins.

57. Breytingaruppástunga 4 þingmanna felld með 6 atkvæðum gegn 4.

58. 29. gr. óbreytt samþykkt með 8 atkvæðum.

30. grein frumvarpsins.

59. Breytingaruppástunga 4 þingmanna felld með 6 atkvæðum gegn 4.

60. 30. grein óbreytt samþykkt með 8 atkvæðum.

61. Breytingaruppástunga (frá nefndinni): Í fyrirsögn frumvarpsins falli orðin: »fyrir Ísland« burtu, samþykkt í einu hljóði.

63. Frumvarpið í heild sinni í því formi, sem það þannig er í, samþykkt með 8 atkvæðum.

Var málið síðan afgreitt til neðri þingdeildarinnar.

FYRSTA UMRÆÐA

í neðri deild alþingis.

Á 34. fundi neðri deildar alþingis, 10. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til fyrstu umræðu frumvarp til laga um skipaströnd, eins og það var samþykkt af efri deild þingsins.

Páll Pálsson, 1. þingmaður Skapfellinga sagði, að þegar hann hefði farið að lesa frumvarp þetta, hefði hann sjeð, að málið var stirt og óíslenzkulegt, og sumstaðar vafa undirorpið, hvernig ætti að skilja það. Hann stakk því upp á, að nefnd væri sett til þess að rannsaka frumvarpið.

Þórarinn Böðvarsson sagði, að þetta væri áríðandi frumvarp og þyrfti því að ganga vel frá því. Þetta frumvarp væri illa úr garði gjört; málið óvandað og jafnvel ýmsar ákvarðanir, sem nauðsynlegt væri að breyta. Hann mælti því með þriggja manna nefnd.

Snorri Pálsson sagði, að frumvarp þetta væri svo yfirgripsmikið, að eigi veitti af fimm manna nefnd.

Síðan var gengið til atkvæða, og var samþykkt, að málið gengi til 2. umræðu, með öllum atkvæðum. Því næst var gengið til atkvæða um, hvort nefnd skyldi kjósa, og var það samþykkt með 13 atkvæðum gegn 6. Var stungið upp á 3 manna og 5 manna nefnd. 3 manna nefnd fjekk einungis 4 atkvæði. Um 5 manna nefnd var sökum óglöggrar atkvæðagreiðslu við haft nafnakall og sögðu

«já:»
Benidikt Sveinsson,
Einar Ásmundsson,
Einar Gíslason,
Einar Guðmundsson,
Hjálmur Pjetursson,
Jón Sigurðsson,
Páll Pálsson, þingm. Skaptfellinga,
Snorri Pálsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

«nei:»
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Eggert Gunnarsson,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Ólafsson,
Ísleifur Gíslason,
Páll Ólafsson,
Páll Pálsson, þingm. Húnvetninga,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson,

og var 5 manna nefnd þannig felld með 11 atkv. gegn 11. Þá var aptur 3 manna nefnd samþykkt með 14 atkvæðum, og urðu fyrir kosningu:

Snorri Pálsson með 14 atkv.
Páll prestur Pálsson — 10 —
Grímur Thomsen — 7 —

Í nefndinni var Snorri Pálsson kosinn formaður og framsögumaður, en Páll prestur Pálsson skrifari.

NEFNDARÁLIT

í málinu um frumvarp til laga um skipaströnd.

Nefnd þeirri, er hin heiðraða deild hefur kosið til að íhuga frumvarp til laga um skipaströnd, virðist frumvarpið víðast hvar ekki svo ljóslega eða heppilega orðað, sem æskilegt væri, án þess þó að ástæða hafi þótt til að gjöra neinar verulegar efnisbreytingar; þótti það því hlýða, að gjöra tilraun til að lagfæra það, sem ábótavant virtist, og viljum vjer því leyfa oss að leggja fyrir hina heiðruðu deild svo látandi frumvarp.

Snorri Pálsson, form. og framsögumaður. Páll Pálsson, skrifari.
Grímur Thomsen.

FRUMVARP

til laga um skipaströnd.

1. grein.

Hver, sem verður var við, að hafskip sje í hættu, eða að strandað góz reki á land, er skyldur að gjöra allt það, sem í hans valdi stendur, til þess að bjarga mönnum og gózi, enda skal hann tafarlaust skýra hreppstjóra frá öförum þeim, sem orðið hafa eða óttast má.

2. grein.

Nú verður skipreiki, og skal hreppstjóri tafarlaust skýra lögreglustjóra frá. Til þess má hafa skyndiboða, og greiðist honum borgun af gózi því, sem bjargað verður. Lögreglustjóri skal skýra amtmanni frá skipbroti með fyrstu ferð.

3. grein.

Skyldur er lögreglustjóri að fara þegar í stað þangað, sem skipreiki hefur orðið, og skipa fyrir um björgun; skal hann og vera einlægt við, meðan verið er að bjarga, og bóki hann allt það, er gjörist.

Nú getur lögreglustjóri eigi farið vegna sjúkleika eða embættisanna, og skal hann þegar í stað senda mann í umboði sínu, er framkvæmi störf þau, er honum ber að leysa af hendi, þangað til hann sjálfur getur komið, enda ábyrgist hann það, er umboðsmaður hans gjörir.

Hreppstjóri er skyldur að gjöra, fyrir

hönd lögreglustjóra, allar þær ráðstafanir, sem þörf er á, til þess að bjarga hinu strandaða skipi, mönnum eða gózi, þangað til lögreglustjóri eða umboðsmaður hans kemur til. Slíkt er og skylda annara, sem við eru staddir, þar til hreppstjóri kemur; en ávallt skal gæta þess, að ekkert sje gjört, er varni valdsmanni, þá er hann kemur, að rannsaka málið og fá vissu fyrir, að engu sje spillt eða týnt.

4. grein.

Nú rekur brot af skipi, sem orðið hefur fyrir tjóni annarstaðar, eða nokkuð af farmi þess, og skal hreppstjóri skýra lögreglustjóra frá því hið fyrsta, en eigi má hafa skyndiboð til þess, nema stórt vogrek sje á land rekið, svo auðsætt sje, að það geti borið kostnað þann, er þar af leiði. Lögreglustjóri ákveður, hvort nauðsyn beri til, að hann fari sjálfur á rekafjöru, en að öðrum kosti segir hann fyrir um það, hvernig fara skuli með vogrekið. Hreppstjóri skal gjöra þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, til að bjarga vogrekunum, þangað til sýslumaður kemur, eða tilkynnir fyrirskipanir sínar. Sýslumaður skal með næstu póstferð skýra amtmanni frá vogrekum.

5. grein.

Nú er skipstjóri eða annar, sem er í hans stað, viðstaddur, og má enginn undir því yfirskyni, að veita honum hjálp, bjarga nokkru móti vilja hans. En ef hjálpar er leitað, annaðhvort með merki, eða á annan hátt, skal hún mótmælalaust í tje látin. Þó verður það enn að vera undir skipstjóra komið, hvort hann vilji semja um björgun við einstaka menn (8. gr.), eða fela valdsmanni að annast um hana. Sömuleiðis geta rjettir eigendur, hve nær sem vera skal, látið afhenda sjer skip það og góz, sem bjargað er, ef þeir eða umboðsmenn þeirra annaðhvort ná samkomulagi við hlutaðeigendur um bjarglaun og kostnað, eða ef lögreglustjóri álítur, að nægilegt sje boðið, og nægt veð verður sett til tryggingar því, að það verði goldið, jafnskjótt sem hlutaðeigendur vilja taka við því.

6. grein.

Skyldir eru allir verkfærir alþýðumenn að vinna að björgun, þegar hreppstjóri eða lögreglustjóri kveður þá til þess. Nú er maður hjú annars manns, og skal húsbóndi skyldur að ljá hann, er hann er þar til kvaddur. Svo skulu og þeir, sem eiga báta, hesta og áhöld, sem á þarf að halda við björgunina, vera skyldir að láta það allt í tje, er þeir eru kvaddir til þess.

7. grein.

Sje hvorki skipstjórnarmaður nje stýrimaður með hinu strandaða skipi eða gózi, og hafi heldur enginn annar umboð eiganda til þess að sjá um hagsmuni þeirra, svo og ef hlutaðeigendur fela yfirvaldinu að annast um björgunina (sbr. 5. grein), skal lögreglustjóri ákveða borgun þá, sem eptir sanngirni ber þeim, sem björguðu, fyrir ómak þeirra og fyrirhöfn; samt skal þeim, sem hlut eiga í strandinu, og eru við eða koma að, heimilt að skjóta ákvörðun lögreglustjóra um þetta undir úrslit hlutaðeigandi amtmanns.

Þegar ákveða skal bjarglaun, skal líta á sjerstök atvik, sem hafa gjört mönnum hægra eða örðugra fyrir að bjarga. Veita skal öllum bjargendum hæfileg daglaun eptir atvikum fyrir þann tíma, sem þeir eru við björgun samkvæmt tilhlutun valdsmanns eða annara, sem hlut eiga að máli. Þannig skal líta á það, ef þeir verða að missa arðsamrar atvinnu, svo sem sjóróðra eða heyvinnu. Hækka má daglaun þeirra bjarganda, sem annaðhvort hafa gengið mjög vel fram, eða stofnað sjer í hættu; enda má og veita hreppstjórum, eða þeim, sem valdsmaður felur á hendur umsjón við björgun, hærri laun, er sambjóði atorku þeirra og dugnaði, en þó eigi meiri en tvöföld við daglaun þau, sem vant er veita bjargendum. Auk daglauna skal einnig veita bjargendum endurgjald fyrir kostnað þann, sem þeir hafa haft við björgunina; svo skal og greiða þeim, er ljeð hafa báta, hesta, kaðla og önnur áhöld til björgunar, hæfilega borgun, og skal ákveða hana á sama hátt sem bjarglaunin. Skipbrotsmenn sjálfir skulu ávallt láta af hendi til björgunar báta þá, kaðla og önnur áhöld, sem skipinu fylgja.

Lögreglustjóra er heimilt að semja um

björgun á skipi og gózi án þess að miða borgunina við daglaun; þó mega bjarglaunin eigi vera meiri en þriðjungur andvirðis þess, er bjargað er. Eigi má gjöra samningiun án samþykkis skipstjóra, eiganda eða annara, sem að rjettu eiga hlut að máli, ef þeir eru við.

8. grein.

Þegar skipstjóri, eða umboðsmaður hans semur um björgun, skal gjöra samninginn eða gangast undir hann í viðurvist lögreglustjóra, og skal lögreglustjóri leiða athygli skipstjóra eða umboðsmanns hans að því, að hann eigi þurfi að ganga að afarkostum, með því að lög geti kost á björgun fyrir sanngjörn laun. Svo og skal lögreglustjóri með berum orðum vara þann við, sem hlut á að máli, þegar laun, sem samið er um, eru ósanngjörn. Nú á það ríki, sem skipstjóri er úr, eða ábyrgðarfjelag umboðsmann í grennd við strandið, og skal skýra skipstjóra frá því, svo hann geti sótt hann að ráðum, áður en samningur er gjörður.

Þegar skipstjóri eða sá, sem er í hans stað, síðan lýsir yfir því, að hann vilji, að samningurinn verði staðfestur, skal gjöra samninginn að fullu og öllu, og rita á hann vottorð lögreglustjóra um það, sem þannig hefur fram farið, og verður þá samningurinn skuldbindandi að lögum. Sje björgunarsamningur gjörður, og þessa eigi gætt, getur skipstjóri, eða hver annar, sem á að gæta hagsmuna eiganda, mótmælt borgun þeirri, sem ákveðin er í samningnum, og heimtað, að hún verði ákveðin á þann hátt, sem fyrir er mælt í 7. grein.

Eigi má fresta björgun, þótt mönnum komi eigi saman um bjarglaunin, og skal tafarlaust láta í tje þá hjálp, sem kostur er á, enda skal þá ákveða bjarglaunin samkvæmt 7. gr., ef eigi verði síðan gjörður samningur.

9. grein.

Nú hefur eigi verið gjörður neinn löglegur samningur um björgun, og skal þá valdsmaður sjá um, að allt, sem gjört verður til að bjarga skipshöfninni, skipi og gózi, sje unnið svo fljótt, sem verða má, og á þann hátt, sem bezt hentar eptir atvikum. Sjeu líkur til, að skipinu verði komið af grunni, og það gjört haffært, skal valdsmaður og bjargendur kosta kapps um, að svo megi verða. Verði þessu eigi við komið, skal fyrst og fremst bjarga öllum skipaskjölum og varðveita þau. Af gózi skal einkum fyrst bjarga því, sem mest er vert. Muni þá, sem bjargað verður, skal flytja þangað, er eigi sje hætt við, að þá taki út. Til þess að varðveita gózið, getur valdsmaður heimtað, að látin sjeu í tje hús einstakra manna, sem annaðhvort eru auð eða þeir mega án vera og eigi geta skemmzt við slíka notkun. Ef mönnum semur eigi um húsaleigu, skal ákveða hana á sama hátt, sem annan bjargkostnað (7. gr.). Ef bjargað góz eigi verður varðveitt á þennan hátt, skal setja áreiðanlegan vörð, til þess því eigi verði stolið eða spillt. Þegar ráða skal varðmenn, verður þó að sýna tilhlýðilega sparsemi, eins og við sjerhverja aðra ráðstöfun, sem til björgunar kemur.

10. grein.

Ef skipbrotsmenn geta eigi sjálfir útvegað sjer við sanngjörnu verði húsnæði, mat og aðrar nauðsynjar, þar á meðal hæfilega aðhjúkrun á sjúkum, skal valdsmaður hlutast til um, að þeim verði komið fyrir og útvegað það, sem þeir við þurfa, við sanngjörnu verði, og kveður hann á um það. Valdsmaður sjer um greptrun dáinna skipverja, og skal gjöra hana með svo mikilli sparsemi, sem verða má, ef ekki er annað fyrir höndum til þess, en það, sem bjargað hefur verið, og skipstjóri og aðrir, sem hlut eiga að máli, ekki heimta, að útförin sje gjörð nokkuð viðhafnarmeiri, enda greiði þeir sjálfir kostnaðaraukann við hana.

Svo skal og valdsmaður sjá um, að skipbrotsmönnum veitist fararbeini heimleiðis, er þeir mega frá strandi hverfa, og þeir hafa eigi sjálfir fararbeina. Geti skipbrotsmenn eigi þegar komizt heim, annaðhvort vegna árstima, eða fyrir aðrar sakir, og eigi er þar í nánd umboðsmaður hinnar útlendu þjóðar, sem þeir eru af, nje nokkur sá, er geti tekið þá að sjer, skal lögreglustjóri sjá um, að þeim verði komið fyrir í bráð. Ef það, sem

bjargað er, hrökkur eigi fyrir öllum kostnaði, má eptir ósk lögreglustjóra greiða það, sem á vantar, úr landssjóði til bráðabyrgða mót endurgjaldi frá rjettum hlutaðeigendum.

11. grein.

Strandbókin, sem lögreglustjóri skal rita í samkvæmt 3. gr., skal bera með sjer dag og stund, er honum var skýrt frá strandinu, hver hafi fært honum fregn um það, og dag og klukkustund, er hann samkvæmt henni hafi komið til strandsins. Svo skal og þar skýra frá, hvar skipið og gózið var, og frá ásigkomulagi þess, þegar hann kom að, hvort skipstjóri, skipverjar eða farþegar hafi verið á skipi, og skal greina nöfn þeirra. Próf skal og halda yfir þeim, sem hlut eiga að máli, og bóka, hve nær og hvar fyrst varð vart við strandið, og hvað því hafi valdið; og enn allt annað, sem getur leitt í ljós aðgjörðir þeirra, sem hlut eiga að máli, eða það, hver skipið eigi og hvað um mennina hafi orðið, sem á skipinu voru, o. s. frv. Enn skal bóka skýrslu um, hverjar ráðstafanir gjörðar hafi verið til þess að bjarga, áður en lögreglustjóri kom til, t. a. m. hve margir menn hafi verið fengnir til að bjarga og halda vörð, hverjir bátar og önnur áhöld hafi verið við höfð o. s. frv. Svo skal og bóka ályktanir þær, sem lögreglustjóri gjörir, til þess að koma björgun við eða halda henni áfram. Skrifa skal og upp allt það góz, sem bjargað er, og skýra frá því svo nákvæmlega, sem unnt er. Að endingu skal getið alls þess í strandbókinni, sem fram fer og annaðhvort getur haft áhrif á rjettindi eiganda og bjarganda sín á milli, eða orðið ábyrgðarhluti einhvers.

Lögreglustjóri skal hafa svo nákvæmt eptirlit, sem verða má, með því, að flutt verði burt það, sem bjargað er, því fengin geymsla og það varðveitt eptir ráðstöfun hans. Leiki grunur á, að nokkuð hafi glatazt af því, sem bjargað er, eða sætt illri meðferð, skal rita bráðabyrgðarrannsóknir um þetta í strandbókina. Í hana skal einnig rita skýrslu um það, sem fram hefur farið til fullnustu því, sem fyrir skipað er í 8. grein, og, ef gjörður er björgunarsamningur, skal geta þess.

12. grein.

Hafa má hina venjulegu lögreglubók til gjörða þeirra, sem að framan eru nefndar; en sje hún eigi við, má búa til sjerstaka bók til afnota við einstakt strand. Í bók þessa skal lögreglustjóri sjálfur rita blaðsíðutal, gegnum draga hana og innsigla, og skal síðan senda amtmanni hana, til þess hann rannsaki hana og riti á hana vottorð sitt.

Í hvert skipti, sem hætt er að bóka, skal eigi að eins lögreglustjóri rita nafn sitt undir hið bókaða, heldur einnig skipstjóri, hreppstjóri og tveir hinir helztu af bjargendum. Svo skulu og einnig vottar þeir skrifa undir, sem verið hafa viðstaddir við rannsóknir þær, sem gjörðar hafa verið, til þess að komast fyrir afbrot þau, sem orðið hafa. Ef lögreglustjóri og skipstjóri, eða sá, sem er fyrir hans hönd, ekki geta skilið hvor annan, skal, ef því verður við komið, hafa tvo lögfasta votta, sem kunni mál þeirra, og skulu þeir vera túlkar, enda riti þeir nöfn sín undir bókina. Bókina skal lesa upp greinilega, svo öllum hlutaðeigendum gefist kostur á að heyra, áður en skrifað er undir hana.

Strandgjörðina má eigi leiða til lykta, fyr en búið er að spyrja alla, sem hlut eiga að máli, hvort þeir viti af nokkru, sem óbjargað sje, og lögreglustjórinn sjálfur hefur ritað vottorð sitt í bókina um, að hann hafi ekki getað fundið neitt annað, sem bjarga skyldi, en það, sem nefnt er í gjörðinni.

13. grein.

Lögreglustjóri hefur rjett til að vísa burt öllum þeim mönnum, sem enga hlutdeild eiga í björgun eða gæzlu á hinu strandaða gózi, og að öðru leyti eru óviðriðnir strandið. Svo skal hann og vísa burtu þeim bjargendum, sem gjöra sig óhæfa til þess starfs sökum ofdrykkju, óspekta eða ótrúmennsku. Taka skal þá fasta, sem eigi vilja fara með góðu, er þeim er vísað burt, enda skal slíkur mótþróa varða þeim ábyrgð (sbr. 29. gr. c). Lögreglustjóri sker úr öllum

þrætum, sem rísa af framkvæmdunum við björgunina, og skal hann síðan bóka úrskurð þann, sem hann kveður upp munnlega.

14. grein.

Lögreglustjóri skal sjá um, að matvæli þau og drykkjarföng, sem skemmzt hafa, og, ef til vill, kynnu að vera skaðvæn fyrir heilsu manna, verði rannsökuð annaðhvort af næsta hjeraðslækni, eða, ef hann getur ekki komið, af tveimur mönnum, sem vit hafa á. Skulu þeir þá láta uppi álit sitt um, hvort nota megi vörurnar að eins með tilteknum sjerstaklegum skilyrðum, eða hafa þær til einhverra sjerstakra afnota, án þess að skaði hljótist af; og, ef svo er, má að eins selja vörurnar með því skilyrði, að það verði gjört kaupendum að skyldu, að verja þeim ekki til annars. Skal lögreglustjóri sjá um, að þessu verði hlýtt, og sje brotið gegn því, skal hegna þeim, sem hlut eiga að máli, með því, að gjöra vörurnar upptækar, og eptir atvikum með hæfilegri sekt, sem rennur í landssjóð. Verði vörurnar ekki gjörðar upptækar, skal dæma þann, sem hlut á að máli, í sekt, er að því skapi sje meiri, og fellur hún til landssjóðs. Nú eru vörur svo spilltar, að heilsu manna sje hætta búin, ef nýttar eru, og skal ónýta þær undir umsjón lögreglustjóra sjálfs, eða eptir boði hans með umsjón tveggja áreiðanlegra manna, sem hann skipar til þess.

15. grein.

Nú er grunsemd um, að næm sótt flytjist inn í landið með skipbrotsmönnum, eða strönduðu gózi, og skal lögreglustjóri sjá um, að farið sje eptir lögum þeim og reglum, sem sett eru um sóttvarnir.

16. grein.

Sje vínföng eða aðrar vörur, sem tollur skal af greiða að lögum, meðal þess, sem bjargað er, skal lögreglustjóri sjá um, að tollur verði goldinn af þeim.

17. grein.

Sje annaðhvort, að góz, sem bjargað er, skemmist, ef það er geymt, eða líkindi sjeu til, að það annara hluta vegna falli svo mjög í verði, ef geymt er, eða geymslan hafi svo mikinn kostnað í för með sjer, að það sje óhagur fyrir þá, sem hlut eiga að máli, að gózið sje geymt, skal selja það við opinbert uppboð svo fljótt sem verða má.

Svo má og selja við aukauppboð nokkurn hluta af því, sem bjargað er, til þess að útvega það fje, sem til útgjalda þarf, er eigi verður frestað, ef eigi fæst fje að láni, eða að eins með svo miklum afarkostum, að öllum hlutaðeigendum sje það meiri hagur, að fjeð verði útvegað með slíku uppboði. Skal helzt taka til þess þær vörur, sem mestur kostnaður yrði við að geyma.

Jafnskjótt sem búið er að bjarga, skal selja allt bjargað góz á uppboðsþingi, nema sá, sem komið hefur fram með heimildir sínar fyrir því, að hann að rjettu eigi hlut að máli, heimti, að sjer sje fengið það í hendur með þeim skilyrðum, sem ákveðin eru í 5. gr., og skal ávallt leita atkvæða hans um það.

18. grein.

Lögreglustjóri skal gjöra allar þær ráðstafanir, sem þörf er á, til þess að halda uppboðið, og skal gjöra þær þannig, að vænta megi, að gózið verði selt við sem mestu verði, enda skal líta á atvik öll í hvert skipti. Hann skal þannig sjá um, að uppboðið verði vandlega birt þeim, sem í grennd búa, og í sveitum þeim, sem vænta má að uppboðsþingið verði sótt frá. Sje um mikið góz eða skip að ræða, skal birta uppboðið á verzlunarstöðum þeim, sem í grennd eru. Lögreglustjóri skal enn fremur semja uppboðsskilmálana, og skulu þeir vera svo, að þeir fæli engan frá kaupi. Eigi má leggja neinn þann kostnað á kaupendur, að ekki sje nákvæmlega skýrt frá, hve mikill sje. Svo skal og setja gjaldfrestinn, eins og venja er í hverju lögsagnarumdæmi, og má hann eigi vera skemmri en 14 dagar. Rjett er, að lögreglustjóri annist um gjaldheimtu, ella feli hana öðrum skilvísum manni, nema eigandi eða umboðsmaður hans kjósi annan gjaldheimtumann. Eigi má gjaldheimtumaður heimta meir en 4% að launum, en hálfu minna, ef goldið er þegar við hamarshögg.

Lögreglustjóri skal leita atkvæðis skip-

stjóra, eða umboðsmanns eiganda eður annara hlutaðeiganda um það, hve nær uppboð skuli halda, um birtingu uppboðsins og uppboðsskilmála. Skal lögreglustjóri taka atkvæði þetta til greina, sem mest má verða eptir atvikum, og einkum gæta þess, hvernig það geti farið saman við hag hlutaðeiganda, t. a. m. þeirra, er bjarga.

Þessa skal og valdsmaður gæta ávallt í úrskurðum sínum sem framast má verða, þegar skipbrot verða.

19. grein.

Eigi það riki, sem hið strandaða skip er frá, umboðsmann á landi hjer, skal hann, ef enginn annar er við, sem hefur fullt umboð fyrir alla, sem hlut eiga að máli, hafa heimild til að vera sjálfur viðstaddur, eða fulltrúi hans, þegar verið er að bjarga, til þess að gæta þar gagns hlutaðeiganda, og láta í ljósi álit sitt um ráðstafanir þær, sem kynnu að vera hagfelldar í því efni.

Sama rjett á sá, sem sannar heimildir sínar til þess, að vera erindsreki strandbótafjelags þess, sem tekið hefur hið strandaða skip eða góz í ábyrgð.

20. grein.

Jafnskjótt og uppboð er haldið á því, sem bjargað er, skal lögreglustjóri þegar semja reikning um strandið, og leggja hann fram í aukarjetti, svo hlutaðeigendum gjörist kostur á, að kveða upp álit sitt um hann. Skal síðan tafarlaust, og áður uppboðsandvirði sje greitt, senda amtmanni reikning þennan tvíritaðan með fylgiskjölum til endurskoðunar og úrskurðar. Senda skal og eptirrit af sölubókinni, sjóferðaprófinu, gjörðabókinni um strandið og bjórgunina, svo og skipaskjöl þau, sem bjargað er, og önnur þess konar skjöl.

Amtmaður skal, er hann hefur lagt úrskurð á strandreikninginn, senda hlutaðeigandi umboðsmanni, ef skipið er frá ríki því, er á slíkan umboðsmann hjer á landi, eða útgjörðarmanninum, eða öðrum, sem eptir löglega gjörðum skiptapajöfnuði verða álitnir rjettir aðilar, og eigi þeir heimili á Íslandi, eða í Danmörku, en landshöfðingja ella beina leið ásamt öllum skjölum um strandið, sem nefnd eru að framan, og skal amtmaður jafnframt skýra frá, hve nær vænta megi, að hann geti sent andvirði skipbrotsgózins að kostnaði frá dregnum. Skal amtmaður setja lögreglustjóra frest til þess að gjöra skil eptir reikningi þeim, er hann hefur gjört. Sje frestur sá að öllum jafnaði eigi lengri en 4 vikur frá eindaga uppboðsgjaldsins, og skal amtmaður hafa gætur á, að eigi dragist greiðslan lengur, en hann hefur ákveðið.

21. grein.

Lögreglustjóri eða umboðsmaður hans skal hafa 6 krónur í fæðispeninga hvern þann dag, sem hann strandsins vegna þarf að vera fjærverandi frá heimili sínu að uppboðsdögunum einum undanskildum. Borgun þessi skal vera þriðjungi hærri (9 kr.) þá daga, sem hann verður að vera viðstaddur á fjörunni, til þess að skipa fyrir um björgun, lengur en 8 stundir; en þar með má þó eigi telja þann tíma, er hann ver til undirbúnings strandbókarinnar, o. s. frv. Þar að auki skal greiða lögreglustjóra, eða umboðsmanni hans, ferðakostnað að heiman og heim, eins og fyrir er mælt í reglug. 10. sept. 1830, 16. grein.

Lögreglustjóri fær 8 krónur fyrir sjóferðapróf það, sem halda skal, þegar lifandi menn fylgja skipi eða gózi, til skýrslu um, hvernig strandið hafi að borið og hvað því hafi valdið, svo og fyrir próf það, er taka skal, og senda amtmanni, þegar allir skipverjar hafa týnzt, til nákvæmari skýrslu um atvik við skipbrotið. Lögreglustjóri skal án sjerstaks gjalds framkvæma og rita í strandbókina aðrar gjörðir, er að strandinu lúta, og skipbrotsmenn eða aðrir, sem hlut eiga að máli, álíta nauðsynlegar; en jafnskjótt sem bjarggjörðin er til lykta leidd og bókuð, og lögreglustjóri er farinn frá strandinu, skal greiða borgun fyrir gjörðir þær, sem síðar kunna að verða heimtaðar samkvæmt reglug. 10. sept. 1830. Þar að auki skal amtmaður hafa gætur á, að lögreglustjórinn haldi eigi að nauðsynjalausu aukarjett í þessum málum, eða greini í sundur gjörðir þær, sem snerta sama strand-

ið, ef þær að lögum verða framkvæmdar í einu lagi.

Lögreglustjórinn á gjald það, sem ákveðið er í reglugjörð 10. sept. 1830, fyrir uppboð og eptirrit þau, sem senda skal amtmanni.

22. grein.

Verði skipi eða gózi bjargað, án þess skipstjóri eða nokkur annar, er gengur í hans stað, sje með, og ef enginn hefur gefið sig fram, sá er sannar fyllilega heimildir sínar til þess, sem bjargað er, skal amtmaður tafarlaust birta strandið í frjettablöðum, og skýra jafnframt nákvæmlega frá, hvar og hve nær björgunin hafi orðið, og frá einkennum skipsins og gózins og því öðru, er geti gjört það einkennilegt. Þar að auk skal amtmaður skora á eigendur að segja til sín innan árs og dags frá síðustu auglýsingu, sanna heimildir sínar til þess, sem strandað er, og taka við því eða andvirði þess eptir ávísun hans, gegn því að borga kostnaðinn.

Auglýsinguna skal birta þrisvar sinnum samfleytt í frjettablöðum þeim á Íslandi, sem opinberar auglýsingar á að birta í, og ef andvirði þess, sem bjargað er, að frá dregnum kostnaði, nemur 400 kr. eða meira, einnig í frjettablaði Berlinga. Svo skal og senda umboðsmönnum annara ríkja, sem settir eru á Íslandi, eptirrit af auglýsingunni.

Þessi grein tekur að eins til vogreka þeirra, sem 1. gr. í opnu brjefi 4. maí 1778 ræðir um, en ekki þeirra vogreka, sem getið er um í 2. og 3. gr. sama brjefs (sbr. opið brjef 2. apríl 1853, og kanselíbrjef 26. ágúst 1809).

23. grein.

Þegar einhver helgar sjer það, sem bjargað er, skal amtmaður prófa sannanir þær, er hann leiðir að eignarrjetti sínum. Rjett er, að amtaður skjóti máli til úrskurðar landshöfðingja, ef vafasamt er, og má landshöfðingi, þó sönnunum sje í einhverju ábótavant, leggja þann úrskurð á eptir ár og dag, að gózið komi í eigu þess, sem kallað hefur til þess; enda sjeu mjög mikil líkindi til þess, að hann sje rjettur eigandi. Fyr má eigi selja gózið í hendur tilkallsmanni þeim, er lögsönnun vantar fyrir eign sinni, nema hann setji fullt veð fyrir því, að gózinu verði skilað aptur, ef annar kemur, er helgi sjer það að lögum. Ef tilkallsmanni þykir, sem amtmaður hafi borið rjett sinn fyrir borð, má hann skjóta málinu fyrir landshöfðingja, og skal hann leggja úrskurð á það. Rjett er og að tilkallsmaður skjóti máli sínu til dóms.

24. grein.

Góz það, sem enginn helgar sjer innan þess frests, sem nú var greindur, rennur í landssjóð, og skal landshöfðingi sjá um, að fje það greiðist. Nú ber það að, að ástæða sje til að greiða aptur fje þetta úr landssjóði og leggur þá konungur úrskurð á málið.

25. grein.

Nú finnur maður mannlaust skip á sjó eða skipsbrot, og skal hann flytja það til lands, og þegar í stað segja hreppstjóra til. Fer þá um björgun og sölu á skipi og gózi, sem fyr var sagt. Finnist skip á hafi úti, ber finnendum fyrir flutning þess til lands þriðjungur andvirðis að frádregnum öllum kostnaði við björgun og sölu; en finnist það á fjörðum, víkum eða skammt frá landi, einn fimmtungur. Nú þykir finnendum eigi laun þessi nægilegt endurgjald fyrir starf sitt, og eiga þeir kost á að gefa reikning fyrir það, sem lögreglustjóri úrskurðar. Ef andvirði vogreka hrökkur eigi fyrir kostnaði öllum, taka finnendur og bjargendur hlut í þeim halla að rjettri tiltölu.

26. grein.

Ályktanir lögreglustjóra liggja undir rannsókn og úrskurð amtmanns, og skal hann sjálfur, ef sjerleg þörf gjörist, koma á strandið.

Amtmaður skal, auk ferðakostnaðar, sem landshöfðingi ákveður í hvert skipti eptir atvikum, fá að fæðispeningum 8 krónur hvern dag, sem hann dvelst við strand og fer heiman og heim. Þetta gjald greiðist á sama hátt sem annar kostnaður við strönd.

27. grein.

Rjett er að bera úrskurði amtmanna í

strandmálum undir landshöfðingja, ef nokkur þeirra, er hlut eiga að máli, heimta það; en verði veruleg rjettarþræta af skipstrandi t. d. um það, hve mikil bjarglaun megi heimta samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 25. grein, eða um rjettargildi bjargsamninga, eða á þýðingu þeirra, mega slík mál ganga til dóms og laga.

28. grein.

Enginn embættismaður, sem gæta á hags skipbrotsmanna, má í sínu umdæmi eiga hlut í nokkrum bjargsamningi, eða þiggja gjafir eða þóknun af skipbrotsmönnum, bjargendum eða öðrum viðkomendum að launum fyrir frammistöðu sína í strandmálum. Þessir embættismenn mega eigi heldur eiga þátt í öðrum fyrirtækjum einstakra manna, sem eru í sambandi við strandmál, að þeir verði grunaðir um hlutdrægni. Enginn nefndra embættismanna má kaupa á uppboðsþingum strandað góz. Embættismenn, og þar á meðal hreppstjórar, sem hafa umboð lögreglustjóra, sæti hegningu samkvæmt hegningarlögum 25. júní 1869, 13. kap., fyrir afbrot gegn því, sem fyrir er mælt í grein þessari.

29. grein.

a, Sá, sem vanrækir það, sem honum er gjört að skyldu í 1. og 2. grein laga þessara, skal sæta 10 til 100 króna sektum eða fangelsishegningu eða meiri sektum eptir atvikum, ef hann hefur gjört sig valdan að óafsakanlegu hirðuleysi um líf og heilsu manna.

b, Sama hegning liggur við, ef einhver gegn því, sem fyrir er mælt í 3. grein, beitir einræði við björgun og varnar valdsmanni með því, að hafa nauðsynlegt eptirlit á því, sem bjargað er.

c, Nú sýnir maður mótþróa, hirðuleysi eða óhlýðni við björgun, og skal hann eptir málavöxtum sæta sektum eða fangelsi, nema önnur lög leggi meiri hegningu við. Enda er rjett að færa niður eptir atvikum bjarglaun þau, sem hinum seka ella hefðu borið, eða svipta hann þeim að öllu.

Hafi hreppstjóri, eða annar, sem sjerstökum skyldum á að gegna við björgun, gjörzt sekur í afbrotum þeim, sem nefnd eru í a—c, skal hann þar að auki hafa fyrirgjört sýslu sinni eptir málavöxtum.

Mál, sem rísa af afbrotum þeim, sem þessi grein ræðir um, eru lögreglumál, ef afbrot heyra ekki undir ákvarðanir hinna almennu hegningarlaga.

Sektir renna í landssjóð.

30. grein.

Lög þessi, er leggja skal út á enska og frakkneska tungu, skal hver lögreglustjóri og hreppstjóri í þeim hjeruðum, þar sem skipströnd geta að borið, hafa í vörzlum sínum, bæði nokkur exemplör af lögunum sjálfum og þýðingum þeirra.

ÖNNUR UMRÆÐA
í neðri þingdeildinni.

Á 45. fundi neðri þingdeildarinnar, 20. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til annarar umræðu frumvarp til laga um skipströnd með breytingum nefndarinnar. Framsögumaður var annar þingmaður Eyfirðinga.

Framsögumaður (Snorri Pálsson) sagði, að eins og deildinni væri kunnugt, ættu Íslendingar engin lög um skipströnd, því að ákvarðanirnar í Jónsbókar rekabálki 12. kap. væru varla teljandi með, þar eð þar væri ekki talað um annað en vogrek og góz, sem ræki í land mannlaust. Sýslumenn hefðu því verið neyddir til að fara eptir tilsk. 28. des. 1836, en sú tilskipun væri einungis gefin fyrir Danmörku, en aldrei þinglesin hjer, og væri því eigi gildandi hjer á landi. Tilskipun þessi væri að vísu mannúðleg, en allir yrðu þó að játa, að betra væri að hafa lög, sem væru gild hjer á landi, heldur en ógild lög, sem þar að auki ekki gætu átt við í öllum greinum. Þess vegna hefði stjórnin lagt frumvarp þetta fyrir þingið; efri deildin hefði samþykkt það nær því óbreytt. En nefnd þeirri, sem neðri deildin hefði sett í þetta mál, hefði þótt orðfærið miður ljóst og heppilegt á mörgum stöðum, og því reynt

til að bæta það, þótt tíminn til þess hafi verið helzt til of naumur. Hann vildi því í umboði nefndarinnar fela deildinni mál þetta, og vonaði hann, að hún samþykkti það þannig orðað, og kvaðst hann hafa ástæðu til að vona, að efri deildin samþykkti frumvarpið, er það kæmi aptur til hennar.

Því næst var frumvarp nefndarinnar lagt til atkvæða og fjellu þau þannig:

1. grein samþykkt í einu hljóði.
2. — —— - — —
3. — —— - — —
4. — —— - — —
5. — —— með 21 atkv.
6. — —— - einu hljóði.
7. — —— - — —
8. — —— með 20 atkv.
9. — —— - einu hljóði.
10. — —— - — —
11. — —— með 21 atkv.
12. — —— í einu hljóði.
13. — —— - — —
14. — —— - — —
15. — —— - — —
16. — —— - — —
17. — —— - — —
18. — —— - — —
19. — —— - — —
20. — —— - — —
21. — —— - — —
22. — —— - — —
23. — —— - — —
24. — —— - — —
25. — —— - — —
26. — —— - — —
27. — —— - — —
28. — —— með 21 atkv.
29. — —— — 21 —
30. — —— — 21 —

Frumvarpið í heild sinni samþykkt í einu hljóði.

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Að frumvarpið þannig lagað gengi til 3. umræðu, samþykkt í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 27. fundi neðri deildar alþingis, 23. dag ágústmánaðar kom samkvæmt dagskránni til þriðju umræðu frumvarp til laga um skipströnd. Engin umræða varð um málið og var því gengið til atkvæða, og var frumvarpið í heild sinni samþykkt með 21 atkvæði, og var það nú aptur sent til efri deildarinnar, sökum þess að það var breytt orðið.

Á 43. fundi efri þingdeildarinnar 25. dag ágústmán, var frumvarpi til laga um skipströnd, eins og það hafði verið samþykkt í neðri deild alþingis, út býtt meðal þingmanna í efri þingdeildinni, og skoraði forseti á nefnd þá, sem áður hafði fjallað um málið, að láta uppi álit sitt um það.

ÁLIT
nefndarinnar í efri deild alþingis um frumvarp til laga um skipströnd, eins og það var samþykkt í neðri deild þingsins.

Undirskrifuð nefnd, sem skipuð var í efri deild alþingis í málinu um frumvarp til laga um skipaströnd, hefur fengið frumvarp þetta á ný til umsagnar, eptir að neðri deild þingsins hefur haft það til meðferðar og samþykkt ýmsar breytingar við það.

Breytingar þessar eru að vísu allmargar, en svo að segja allar einungis orðabreytingar; virðast sumar þeirra að vísu fremur bæta málið á frumvarpinu, en margar þeirra eru jafnvel í þessu tilliti þýðingarlausar, og fáeinar fremur til hins lakara. Við 6. og 18. gr. eru gjörðar lítilfjörlegar efnisbreytingar, sem nefndinni að vísu virðast óþarfar og fremur til að spilla en bæta, en á hinn bóginn standa þær ekki á miklu.

Með þessum athugasemdum leyfir nefndin sjer að ráða hinni heiðruðu þingdeild til, að fallast á frumvarpið, eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 24. ágústm. 1875.

Bergur Thorberg. Á. Einarsson. St. Eiríksson.

EIN UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 47. fundi efri þingdeildarinnar, 25. dag ágústmán., kom mál þetta samkvæmt dagskránni til einnar umræðu. Hinu prentaða áliti nefndarinnar hafði verið út býtt meðal þingmanna daginn áður, og hafði það þannig ekki legið fyrir þingmönnum lögboðinn tíma, en landshöfðingi hafði gefið leyfi til, að umræðan mætti þegar fara fram, og af þingdeildinni var, nú samþykkt með 10 atkvæðum, að svo mætti vera.

Bergur Thorberg kvað þingdeildina hafa fyrir sjer álit nefndar þeirrar, er kosin hefði verið í málið. Frumvarpið væri að efninu til óbreytt, eins og þessi deild hefði fallizt á það. Þær breytingar, sem gjörðar hefðu verið við frumvarpið, væru að eins orðabreytingar, og væru þær sumar til bóta, þar sem málið væri víða liðugra; en sumar aptur á móti væru eigi alveg sjálfum sjer samkvæmar, og væru eigi til bóta; en það stæði nú á litlu, og væri ekki vert að ræða um það. Svo væri t. a. m. þar sem v a l d s m a ð u r, l ö g r e g l u s t j ó r i og y f i r v a l d væri haft hvað í staðinn fyrir annað jöfnum höndum; en það gæti reyndar ekki verið misskilningi undirorpið. 2 efnisbreytingar hefðu verið gjörðar, sem nefndinni hefði þótt til bins lakara. Viðvíkjandi 6. grein frumvarpsins þá væri sú breyting gjörð við hana, að eigi væri beinlínis tekið fram, að hásetar og formenn skyldu skyldir til hjálpar, en það kynni að vera, að greinin gæti einnig heimfærzt upp á þá, og þannig innihjeldi það, sem nauðsynlegt væri í þessu tilliti, og að skyldu þeirra manna mætti heimfæra undir upphaf greinarinnar. Breytingarnar við 18. gr. væru eiginlega tvær breytingar. Í 18. grein frumvarpsins, eins og það hefði komið frá efri deildinni, stæði, að birta skyldi uppboðið á verzlunarstöðum þeim, er í grennd væru; sjer fyndist auglýsingin á verzlunarstöðum tæpast vert þýðingarmikil, því að þangað kæmu margir menn; hann ætlaði reyndar, að líklegt væri, að hver lögreglustjóri áliti það skyldu sína, að birta uppboðið á verzlunarstöðum, en þó væri það víssara, að þeim væri boðið það skýlaust. Eins virtist honum sú ákvörðun eðlileg, að þess skyldi geta í uppboðsauglýsingunni, ef selja ætti skip; því að optast væru þeir fáir, er skip vildu kaupa, en þeirra væri hvað helzt von frá verzlunarstöðunum, og þangað kæmu líka flestir. Ýms orðatiltæki væru það og, sem sjer þættu eigi viðkunnanleg, en hann ætlaði ekki að leggja mikla áherzlu á það, heldur mæla fram með frumvarpinu, af því að málið væri þýðingarmikið og hefði í för með sjer mikla rjettarbót fyrir landið.

Ásgeir Einarsson kvað framsögumann hafa tekið fram flesta galla á frumvarpinu, eins og það nú lægi fyrir; þó að frumvarpið hefði áður verið vandskilið, þá yrði það nú eigi skiljanlegra. Það, er helzt gæti valdið misskilningi, væri það, að s k i p s t j ó r i og s k i p s t j ó r n a r m a ð u r væri haft um sama mann, og það hefði hann tekið fram áður, en hann kvaðst reyndar ekki halda, að það gæti valdið misskilningi, þegar menn sæju í þingtíðindunum, hvernig það ætti að skiljast.

Eiríkur Kúld kvað þetta aldrei geta valdið miklum misskilningi; það væri ómögulegt, að allir vissu eigi, hvað meint væri með þessum orðum; gætu jafnvel valdið miklu meiri misskilningi orðin «valdsmaður» og «lögreglustjóri». Teldi hann það kost við frumvarpið, eins og það nú lægi fyrir, að málið væri miklu betra, þó sumar breytingarnar væru næsta lítilvægar; gæfi hann frumvarpinu fyrir því atkvæði sitt.

Ásgeir Einarsson kvað það geta vel verið, að málið væri betra, en meiri ósamkvæmni væri aptur í því.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og var frumvarpið borið upp til atkvæða, og samþykkt í einu hljóði. Kvaðst forseti mundu afgreiða það til landshöfðingja sem lög.

Voru þau nú svo látandi.

LÖG
um skipströnd.

1. grein.

Hver, sem verður var við, að hafskip sje í hættu, eða að strandað góz reki á land, er skyldur að gjöra allt það, sem í hans valdi stendur, til þess að bjarga mönnum og gózi, enda skal hann tafarlaust skýra hreppstjóra frá óförum þeim, sem orðið hafa eða óttast má.

2. grein.

Nú verður skipreiki, og skal hreppstjóri tafarlaust skýra lögreglustjóra frá. Til þess má hafa skyndiboða, og greiðist honum borgun af gózi því, sem bjargað verður. Lögreglustjóri skal skýra amtmanni frá skipbroti með fyrstu ferð.

3. grein.

Skyldur er lögreglustjóri að fara þegar í stað þangað, sem skipreiki hefur orðið, og skipa fyrir um björgun; skal hann og vera einlægt við, meðan verið er að bjarga, og bóki hann allt það, er gjörist.

Nú getur lögreglustjóri eigi farið vegna sjúkleika eða embættisanna, og skal hann þegar í stað senda mann í umboði sínu, er framkvæmi störf þau, er honum ber að leysa af hendi, þangað til hann sjálfur getur komið, enda ábyrgist hann það, er umboðsmaður hans gjörir.

Hreppstjóri er skyldur að gjöra, fyrir hönd lögreglustjóra, allar þær ráðstafanir, sem þörf er á, til þess að bjarga hinu strandaða skipi, mönnum eða gózi, þangað til lögreglustjóri eða umboðsmaður hans kemur til. Slíkt er og skylda annara, sem við eru staddir, þar til hreppstjóri kemur; en ávallt skal gæta þess, að ekkert sje gjört, er varni valdsmanni, þá er hann kemur, að rannsaka málið og fá vissu fyrir, að engu sje spillt eða týnt.

4. grein.

Nú rekur brot af skipi, sem orðið hefur fyrir tjóni annarstaðar, eða nokkuð af farmi þess, og skal hreppstjóri skýra lögreglustjóra frá því hið fyrsta, en eigi má hafa skyndiboð til þess, nema stórt vogrek sje á land rekið, svo auðsætt sje, að það geti borið kostnað þann, er þar af leiði. Lögreglustjóri ákveður, hvort nauðsyn beri til, að hann fari sjálfur á rekafjöru, en að öðrum kosti segir hann fyrir um það, hvernig fara skuli með vogrekið. Hreppstjóri skal gjöra þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, til að bjarga vogrekunum, þangað til sýslumaður kemur, eða tilkynnir fyrirskipanir sínar. Sýslumaður skal með næstu póstferð skýra amtmanni frá vogrekum.

5. grein.

Nú er skipstjóri eða annar, sem er í hans stað, viðstaddur, og má enginn undir því yfirskyni, að veita honum hjálp, bjarga nokkru móti vilja hans. En ef hjálpar er leitað, annaðhvort með merki, eða á annan hátt, skal hún mótmælalaust í tje látin. Þó verður það enn að vera undir skipstjóra komið, hvort hann vilji semja um björgun við einstaka menn (8. gr.), eða fela valdsmanni að annast um hana. Sömuleiðis geta rjettir eigendur, hve nær sem vera skal, látið afhenda sjer skip það og góz, sem bjargað er, ef þeir eða umboðsmenn þeirra annaðhvort ná samkomulagi við hlutaðeigendur um bjarglaun og kostnað, eða ef lögreglustjóri álítur, að nægilegt sje boðið, og nægt veð verður sett til tryggingar því, að það verði goldið, jafnskjótt sem hlutaðeigendur vilja taka við því.

6. grein.

Skyldir eru allir verkfærir alþýðumenn að vinna að björgun, þegar hreppstjóri eða lögreglustjóri kveður þá til þess. Nú er maður hjú annars manns, og skal húsbóndi skyldur að ljá hann, er hann er þar til kvaddur. Svo skulu og þeir, sem eiga báta, hesta og áhöld, sem á þarf að halda við björgunina, vera skyldir að láta það allt í tje, er þeir eru kvaddir til þess.

7. grein.

Sje hvorki skipstjórnarmaður nje stýrimaður með hinu strandaða skipi eða gózi, og hafi heldur enginn annar umboð eiganda til þess að sjá um hagsmuni þeirra, svo og ef hlutaðeigendur fela yfirvaldinu að annast um björgunina (sbr. 5. grein), skal lögreglustjóri ákveða borgun þá, sem eptir sanngirni

ber þeim, sem björguðu, fyrir ómak þeirra og fyrirhöfn; samt skal þeim, sem hlut eiga í strandinu, og eru við eða koma að, heimilt að skjóta ákvörðun lögreglustjóra um þetta undir úrslit hlutaðeigandi amtmanns.

Þegar ákveða skal bjarglaun, skal líta á sjerstök atvik, sem hafa gjört mönnum hægra eða örðugra fyrir að bjarga. Veita skal öllum bjargendum hæfileg daglaun eptir atvikum fyrir þann tíma, sem þeir eru við björgun samkvæmt tilhlutun valdsmanns eða annara, sem hlut eiga að máli. Þannig skal líta á það, ef þeir verða að missa arðsamrar atvinnu, svo sem sjóróðra eða heyvinnu. Hækka má daglaun þeirra bjarganda, sem annaðhvort hafa gengið mjög vel fram, eða stofnað sjer í hættu; enda má og veita hreppstjórum, eða þeim, sem valdsmaður felur á hendur umsjón við björgun, hærri laun, er sambjóði atorku þeirra og dugnaði, en þó eigi meiri en tvöföld við daglaun þau, sem vant er veita bjargendum. Auk daglauna skal einnig veita bjargendum endurgjald fyrir kostnað þann, sem þeir hafa haft við björgunina; svo skal og greiða þeim, er ljeð hafa báta, hesta, kaðla og önnur áhöld til björgunar, hæfilega borgun, og skal ákveða hana á sama hátt sem bjarglaunin. Skipbrotsmenn sjálfir skulu ávallt láta af hendi til björgunar báta þá, kaðla og önnur áhöld, sem skipinu fylgja.

Lögreglustjóra er heimilt að semja um björgun á skipi og gózi án þess að miða borgunina við daglaun; þó mega bjarglaunin eigi vera meiri en þriðjungur andvirðis þess, er bjargað er. Eigi má gjöra samninginn án samþykkis skipstjóra, eiganda eða annara, sem að rjettu eiga hlut að máli, ef þeir eru við.

8. grein.

Þegar skipstjóri, eða umboðsmaður hans semur um björgun, skal gjöra samninginn eða gangast undir hann í viðurvist lögreglustjóra, og skal lögreglustjóri leiða athygli skipstjóra eða umboðsmanns hans að því, að hann eigi þurfi að ganga að afarkostum, með því að lög gefi kost á björgun fyrir sanngjörn laun. Svo og skal lögreglustjóri með berum orðum vara þann við, sem hlut á að máli, þegar laun, sem samið er um, eru ósanngjörn. Nú á það ríki, sem skipstjóri er úr, eða ábyrgðarfjelag umboðsmann í grennd við strandið, og skal skýra skipstjóra frá því, svo hann geti sótt hann að ráðum, áður en samningur er gjörður.

Þegar skipstjóri eða sá, sem er í hans stað, síðan lýsir yfir því, að hann vilji, að samningurinn verði staðfestur, skal gjöra samninginn að fullu og öllu, og rita á hann vottorð lögreglustjóra um það, sem þannig hefur fram farið, og verður þá samningurinn skuldbindandi að lögum. Sje björgunarsamningur gjörður, og þessa eigi gætt, getur skipstjóri, eða hver annar, sem á að gæta hagsmuna eiganda, mótmælt borgun þeirri, sem ákveðin er í samningnum, og heimtað, að hún verði ákveðin á þann hátt, sem fyrir er mælt í 7. grein.

Eigi má fresta björgun, þótt mönnum komi eigi saman um bjarglaunin, og skal tafarlaust láta í tje þá hjálp, sem kostur er á, enda skal þá ákveða bjarglaunin samkvæmt 7. gr., ef eigi verði síðan gjörður samningur.

9. grein.

Nú hefur eigi verið gjörður neinn löglegur samningur um björgun, og skal þá valdsmaður sjá um, að allt, sem gjört verður til að bjarga skipshöfninni, skipi og gózi, sje unnið svo fljótt, sem verða má, og á þann hátt, sem bezt hentar eptir atvikum. Sjeu líkur til, að skipinu verði komið af grunni, og það gjört haffært, skal valdsmaður og bjargendur kosta kapps um, að svo megi verða. Verði þessu eigi við komið, skal fyrst og fremst bjarga öllum skipaskjölum og varðveita þau. Af gózi skal einkum fyrst bjarga því, sem mest er vert. Muni þá, sem bjargað verður, skal flytja þangað, er eigi sje hætt við, að þá taki út. Til þess að varðveita gózið, getur valdsmaður heimtað, að látin sjeu í tje hús einstakra manna, sem annaðhvort eru auð eða þeir mega án vera og eigi geta skemmzt við slíka notkun. Ef mönnum semur eigi um húsaleigu, skal ákveða hana á sama hátt, sem annan bjargkostnað (7. gr.). Ef bjargað góz eigi verður varð-

veitt á þennan hátt, skal setja áreiðanlegan vörð, til þess því eigi verði stolið eða spillt. Þegar ráða skal varðmenn, verður þó að sýna tilhlýðilega sparsemi, eins og við sjerhverja aðra ráðstöfun, sem til björgunar kemur.

10. grein.

Ef skipbrotsmenn geta eigi sjálfir útvegað sjer við sanngjörnu verði húsnæði, mat og aðrar nauðsynjar, þar á meðal hæfilega aðhjúkrun á sjúkum, skal valdsmaður hlutast til um, að þeim verði komið fyrir og útvegað það, sem þeir við þurfa, við sanngjörnu verði, og kveður hann á um það. Valdsmaður sjer um greptrun dáinna skipverja, og skal gjöra hana með svo mikilli sparsemi, sem verða má, ef ekki er annað fyrir höndum til þess, en það, sem bjargað hefur verið, og skipstjóri og aðrir, sem hlut eiga að máli, ekki heimta, að útförin sje gjörð nokkuð viðhafnarmeiri, enda greiði þeir sjálfir kostnaðaraukann við hana.

Svo skal og valdsmaður sjá um, að skipbrotsmönnum veitist fararbeini heimleiðis, er þeir mega frá strandi hverfa, og þeir hafa eigi sjálfir fararbeina. Geti skipbrotsmenn eigi þegar komizt heim, annaðhvort vegna árstima, eða fyrir aðrar sakir, og eigi er þar í nánd umboðsmaður hinnar útlendu þjóðar, sem þeir eru af, nje nokkur sá, er geti tekið þá að sjer, skal lögreglustjóri sjá um, að þeim verði komið fyrir í bráð. Ef það, sem bjargað er, hrökkur eigi fyrir öllum kostnaði, má eptir ósk lögreglustjóra greiða það, sem á vantar, úr landssjóði til bráðabyrgða mót endurgjaldi frá rjettum hlutaðeigendum.

11. grein.

Strandbókin, sem lögreglustjóri skal rita í samkvæmt 3. gr., skal bera með sjer dag og stund, er honum var skýrt frá strandinu, hver hafi fært honum fregn um það, og dag og klukkustund, er hann samkvæmt henni hafi komið til strandsins. Svo skal og þar skýra frá, hvar skipið og gózið var, og frá ásigkomulagi þess, þegar hann kom að, hvort skipstjóri, skipverjar eða farþegar hafi verið á skipi, og skal greina nöfn þeirra. Próf skal og halda yfir þeim, sem hlut eiga að máli, og bóka, hve nær og hvar fyrst varð vart við strandið, og hvað því hafi valdið; og enn allt annað, sem getur leitt í ljós aðgjörðir þeirra, sem hlut eiga að máli, eða það, hver skipið eigi og hvað um mennina hafi orðið, sem á skipinu voru, o. s. frv. Enn skal bóka skýrslu um, hverjar ráðstafanir gjörðar hafi verið til þess að bjarga, áður en lögreglustjóri kom til, t. a. m. hve margir menn hafi verið fengnir til að bjarga og halda vörð, hverjir bátar og önnur áhöld hafi verið við höfð o. s. frv. Svo skal og bóka ályktanir þær, sem lögreglustjóri gjörir, til þess að koma björgun við eða halda henni áfram. Skrifa skal og upp allt það góz, sem bjargað er, og skýra frá því svo nákvæmlega, sem unnt er. Að endingu skal getið alls þess í strandbókinni, sem fram fer og annaðhvort getur haft ábrif á rjettindi eiganda og bjarganda sín á milli, eða orðið ábyrgðarhluti einhvers.

Lögreglustjóri skal hafa svo nákvæmt eptirlit, sem verða má, með því, að flutt verði burt það, sem bjargað er, því fengin geymsla og það varðveitt eptir ráðstöfun hans. Leiki grunur á, að nokkuð hafi glatazt af því, sem bjargað er, eða sætt illri meðferð, skal rita bráðabyrgðarrannsóknir um þetta í strandbókina. Í hana skal einnig rita skýrslu um það, sem fram hefur farið til fullnustu því, sem fyrir skipað er í 8. grein, og, ef gjörður er björgunarsamningur, skal geta þess.

12. grein.

Hafa má hina venjulegu lögreglubók til gjörða þeirra, sem að framan eru nefndar; en sje hún eigi við, má búa til sjerstaka bók til afnota við einstakt strand. Í bók þessa skal lögreglustjóri sjálfur rita blaðsíðutal, gegnum draga hana og innsigla, og skal síðan senda amtmanni hana, til þess hann rannsaki hana og riti á hana vottorð sitt.

Í hvert skipti, sem hætt er að bóka, skal eigi að eins lögreglustjóri rita nafn sitt undir hið bókaða, heldur einnig skipstjóri, hreppstjóri og tveir hinir helztu af bjargendum. Svo skulu og einnig vottar þeir skrifa undir, sem verið hafa viðstaddir við rann-

sóknir þær, sem gjörðar hafa verið, til þess að komast fyrir afbrot þau, sem orðið hafa. Ef lögreglustjóri og skipstjóri, eða sá, sem er fyrir hans hönd, ekki geta skilið hvor annan, skal, ef því verður við komið, hafa tvo lögfasta votta, sem kunni mál þeirra, og skulu þeir vera túlkar, enda riti þeir nöfn sín undir bókina. Bókina skal lesa upp greinilega, svo öllum hlutaðeigendum gefist kostur á að heyra, áður en skrifað er undir hana.

Strandgjörðina má eigi leiða til lykta, fyr en búið er að spyrja alla, sem hlut eiga að máli, hvort þeir viti af nokkru, sem óbjargað sje, og lögreglustjórinn sjálfur hefur ritað vottorð sitt í bókina um, að hann hafi ekki getað fundið neitt annað, sem bjarga skyldi, en það, sem nefnt er í gjörðinni.

13. grein.

Lögreglustjóri hefur rjett til að vísa burt öllum þeim mönnum, sem enga hlutdeild eiga í björgun eða gæzlu á hinu strandaða gózi, og að öðru leyti eru óviðriðnir strandið. Svo skal hann og vísa burtu þeim bjargendum, sem gjöra sig óhæfa til þess starfs sökum ofdrykkju, óspekta eða ótrúmennsku. Taka skal þá fasta, sem eigi vilja fara með góðu, er þeim er vísað burt, enda skal slíkur mótþrói varða þeim ábyrgð (sbr. 29. gr. c). Lögreglustjóri sker úr öllum þrætum, sem rísa af framkvæmdunum við björgunina, og skal hann síðan bóka úrskurð þann, sem hann kveður upp munnlega.

14. grein.

Lögreglustjóri skal sjá um, að matvæli þau og drykkjarföng, sem skemmzt hafa, og, ef til vill, kynnu að vera skaðvæn fyrir heilsu manna, verði rannsökuð annaðhvort af næsta hjeraðslækni, eða, ef hann getur ekki komið, af tveimur mönnum, sem vit hafa á. Skulu þeir þá láta uppi álit sitt um, hvort nota megi vörurnar að eins með tilteknum sjerstaklegum skilyrðum, eða hafa þær til einhverra sjerstakra afnota, án þess að skaði hljótist af; og, ef svo er, má að eins selja vörurnar með því skilyrði, að það verði gjört kaupendum að skyldu, að verja þeim ekki til annars. Skal lögreglustjóri sjá um, að þessu verði hlýtt, og sje brotið gegn því, skal hegna þeim, sem hlut eiga að máli, með því, að gjöra vörurnar upptækar, og eptir atvikum með hæfilegri sekt, sem rennur í landssjóð. Verði vörurnar ekki gjörðar upptækar, skal dæma þann, sem hlut á að máli, í sekt, er að því skapi sje meiri, og fellur hún til landssjóðs. Nú eru vörur svo spilltar, að heilsu manna sje hætta búin, ef nýttar eru, og skal ónýta þær undir umsjón lögreglustjóra sjálfs, eða eptir boði hans með umsjón tveggja áreiðanlegra manna, sem hann skipar til þess.

15. grein.

Nú er grunsemd um, að næm sótt flytjist inn í landið með skipbrotsmönnum, eða strönduðu gózi, og skal lögreglustjóri sjá um, að farið sje eptir lögum þeim og reglum, sem sett eru um sóttvarnir.

16. grein.

Sje vínföng eða aðrar vörur, sem toll skal af greiða að lögum, meðal þess, sem bjargað er, skal lögreglustjóri sjá um, að tollur verði goldinn af þeim.

17. grein.

Sje annaðhvort, að góz, sem bjargað er, skemmist, ef það er geymt, eða líkindi sjeu til, að það annara hluta vegna falli svo mjög í verði, ef geymt er, eða geymslan hafi svo mikinn kostnað í för með sjer, að það sje óhagur fyrir þá, sem hlut eiga að máli, að gózið sje geymt, skal selja það við opinbert uppboð svo fljótt sem verða má.

Svo má og selja við aukauppboð nokkurn hluta af því, sem bjargað er, til þess að útvega það fje, sem til útgjalda þarf, er eigi verður frestað, ef eigi fæst fje að láni, eða að eins með svo miklum afarkostum, að öllum hlutaðeigendum sje það meiri hagur, að fjeð verði útvegað með slíku uppboði. Skal helzt taka til þess þær vörur, sem mestur kostnaður yrði við að geyma.

Jafnskjótt sem búið er að bjarga, skal selja allt bjargað góz á uppboðsþingi, nema sá, sem komið hefur fram með heimildir sínar fyrir því, að hann að rjettu eigi hlut að máli, heimti, að sjer sje fengið það í hend-

ur með þeim skilyrðum, sem ákveðin eru í 5. gr., og skal ávallt leita atkvæða hans um það.

18. grein.

Lögreglustjóri skal gjöra allar þær ráðstafanir, sem þörf er á, til þess að halda uppboðið, og skal gjöra þær þannig, að vænta megi, að gózið verði selt við sem mestu verði, enda skal líta á atvik öll í hvert skipti. Hann skal þannig sjá um, að uppboðið verði vandlega birt þeim, sem í grennd búa, og í sveitum þeim, sem vænta má að uppboðsþingið verði sótt frá. Sje um mikið góz eða skip að ræða, skal birta uppboðið á verzlunarstöðum þeim, sem í grennd eru. Lögreglustjóri skal enn fremur semja uppboðsskilmálana, og skulu þeir vera svo, að þeir fæli engan frá kaupi. Eigi má leggja neinn þann kostnað á kaupendur, að ekki sje nákvæmlega skýrt frá, hve mikill sje. Svo skal og setja gjaldfrestinn, eins og venja er í hverju lögsagnarumdæmi, og má hann eigi vera skemmri en 14 dagar. Rjett er, að lögreglustjóri annist um gjaldheimtu, ella feli hana öðrum skilvísum manni, nema eigandi eða umboðsmaður hans kjósi annan gjaldheimtumann. Eigi má gjaldheimtumaður heimta meir en 4% að launum, en hálfu minna, ef goldið er þegar við hamarshögg.

Lögreglustjóri skal leita atkvæðis skipstjóra, eða umboðsmanns eiganda eður annara hlutaðeigenda um það, hve nær uppboð skuli halda, um birtingu uppboðsins og uppboðsskilmála. Skal lögreglustjóri taka atkvæði þetta til greina, sem mest má verða eptir atvikum, og einkum gæta þess, hvernig það geti farið saman við hag hlutaðeigenda, t. a. m. þeirra, er bjarga.

Þessa skal og valdsmaður gæta ávallt í úrskurðum sínum sem framast má verða, þegar skipbrot verða.

19. grein.

Eigi það ríki, sem hið strandaða skip er frá, umboðsmann á landi hjer, skal hann, ef enginn annar er við, sem hefur fullt umboð fyrir alla, sem hlut eiga að máli, hafa heimild til að vera sjálfur viðstaddur, eða fulltrúi hans, þegar verið er að bjarga, til þess að gæta þar gagns hlutaðeigenda, og láta í ljósi álit sitt um ráðstafanir þær, sem kynnu að vera hagfelldar í því efni.

Sama rjett á sá, sem sannar heimildir sínar til þess, að vera erindsreki strandbótafjelags þess, sem tekið hefur hið strandaða skip eða góz í ábyrgð.

20. grein.

Jafnskjótt og uppboð er haldið á því, sem bjargað er, skal lögreglustjóri þegar semja reikning um strandið, og leggja hann fram í aukarjetti, svo hlutaðeigendum gjörist kostur á, að kveða upp álit sitt um hann. Skal síðan tafarlaust, og áður uppboðsandvirði sje greitt, senda amtmanni reikning þennan tvírítaðan með fylgiskjölum til endurskoðunar og úrskurðar. Senda skal og eptirrit af sölubókinni, sjóferðaprófinu, gjörðabókinni um strandið og björgunina, svo og skipaskjöl þau, sem bjargað er, og önnur þess konar skjöl.

Amtmaður skal, er hann hefur lagt úrskurð á strandreikninginn, senda hann hlutaðeigandi umboðsmanni, ef skipið er frá ríki því, er á slíkan umboðsmann hjer á landi, eða útgjörðarmönnunum, eða öðrum, sem eptir löglega gjörðum skiptapajöfnuði verða álitnir rjettir aðilar, og eigi þeir heimili á Íslandi, eða í Danmörku, en landshöfðingja ella beina leið ásamt öllum skjölum um strandið, sem nefnd eru að framan, og skal amtmaður jafnframt skýra frá, hve nær vænta megi, að hann geti sent andvirði skipbrotsgózins að kostnaði frá dregnum. Skal amtmaður setja lögreglustjóra frest til þess að gjöra skil eptir reikningi þeim, er hann hefur gjört. Sje frestur sá að öllum jafnaði eigi lengri en 4 vikur frá eindaga uppboðsgjaldsins, og skal amtmaður hafa gætur á, að eigi dragist greiðslan lengur, en hann hefur ákveðið.

21. grein.

Lögreglustjóri eða umboðsmaður hans skal hafa 6 krónur í fæðispeninga hvern þann dag, sem hann strandsins vegna þarf að vera fjærverandi frá heimili sínu að uppboðsdögunum einum undanskildum. Borgun þessi

skal vera þriðjungi hærri (9 kr.) þá daga, sem hann verður að vera viðstaddur á fjörunni, til þess að skipa fyrir um björgun, lengur en 8 stundir; en þar með má þó eigi telja þann tíma, er hann ver til undirbúnings strandbókarinnar, o. s. frv. Þar að auki skal greiða lögreglustjóra, eða umboðsmanni hans, ferðakostnað að heiman og heim, eins og fyrir er mælt í reglug. 10. sept. 1830, 16. grein.

Lögreglustjóri fær 8 krónur fyrir sjóferðapróf það, sem halda skal, þegar lifandi menn fylgja skipi eða gózi, til skýrslu um, hvernig strandið hafi að borið og hvað því hafi valdið, svo og fyrir próf það, er taka skal, og senda amtmanni, þegar allir skipverjar hafa týnzt, til nákvæmari skýrslu um atvik við skipbrotið. Lögreglustjóri skal án sjerstaks gjalds framkvæma og rita í strandbókina aðrar gjörðir, er að strandinu lúta, og skipbrotsmenn eða aðrir, sem hlut eiga að máli, álíta nauðsynlegar; en jafnskjótt sem bjarggjörðin er til lykta leidd og bókuð, og lögreglustjóri er farinn frá strandinu, skal greiða borgun fyrir gjörðir þær, sem síðar kunna að verða heimtaðar samkvæmt reglug. 10. sept. 1830. Þar að auki skal amtmaður hafa gætur á, að lögreglustjórinn haldi eigi að nauðsynjalausu aukarjett í þessum málum, eða greini í sundur gjörðir þær, sem snerta sama strandið, ef þær að lögum verða framkvæmdar í einu lagi.

Lögreglustjórinn á gjald það, sem ákveðið er í reglugjörð 10. sept. 1830, fyrir uppboð og eptirrit þau, sem senda skal amtmanni.

22. grein.

Verði skipi eða gózi bjargað, án þess skipstjóri eða nokkur annar, er gengur í hans stað, sje með, og ef enginn hefur gefið sig fram, sá er sannar fyllilega heimildir sínar til þess, sem bjargað er, skal amtmaður tafarlaust birta strandið í frjettablöðum, og skýra jafnframt nákvæmlega frá, hvar og hve nær björgunin hafi orðið, og frá einkennum skipsins og gózins og því öðru, er geti gjört það einkennilegt. Þar að auk skal amtmaður skora á eigendur að segja til sín innan árs og dags frá síðustu auglýsingu, sanna heimildir sínar til þess, sem strandað er, og taka við því eða andvirði þess eptir ávísun hans, gegn því að borga kostnaðinn.

Auglýsinguna skal birta þrisvar sinnum samfleytt í frjettablöðum þeim á Íslandi, sem opinberar auglýsingar á að birta í, og ef andvirði þess, sem bjargað er, að frá dregnum kostnaði, nemur 400 kr. eða meira, einnig í frjettablaði Berlinga. Svo skal og senda umboðsmönnum annara ríkja, sem settir eru á Íslandi, eptirrit af auglýsingunni.

Þessi grein tekur að eins til vogreka þeirra, sem 1. gr. í opnu brjefi 4. maí 1778 ræðir um, en ekki þeirra vogreka, sem getið er um í 2. og 3. gr. sama brjefs (sbr. opið brjef 2. apríl 1853, og kanselíbrjef 26. ágúst 1809).

23. grein.

Þegar einhver helgar sjer það, sem bjargað er, skal amtmaður prófa sannanir þær, er hann leiðir að eignarrjetti sínum. Rjett er, að amtaður skjóti máli til úrskurðar landshöfðingja, ef vafasamt er, og má landshöfðingi, þó sönnuninni sje í einhverju ábótavant, leggja þann úrskurð á eptir ár og dag, að gózið komi í eigu þess, sem kallað hefur til þess; enda sjeu mjög mikil líkindi til þess, að hann sje rjettur eigandi. Fyr má eigi selja gózið í hendur tilkallsmanni þeim, er lögsönnun vantar fyrir eign sinni, nema hann setji fullt veð fyrir því, að gózinu verði skilað aptur, ef annar kemur, er helgi sjer það að lögum. Ef tilkallsmanni þykir, sem amtmaður hafi borið rjett sinn fyrir borð, má hann skjóta málinu fyrir landshöfðingja, og skal hann leggja úrskurð á það. Rjett er og að tilkallsmaður skjóti máli sínu til dóms.

24. grein.

Góz það, sem enginn helgar sjer innan þess frests, sem nú var greindur, rennur í landssjóð, og skal landshöfðingi sjá um, að fje það greiðist. Nú ber það að, að ástæða sje til að greiða aptur fje þetta úr landssjóði og leggur þá konungur úrskurð á málið.

25. grein.

Nú finnur maður mannlaust skip á sjó eða skipsbrot, og skal hann flytja það til lands, og þegar í stað segja hreppstjóra til. Fer þá um björgun og sölu á skipi og gózi, sem fyr var sagt. Finnist skip á hafi úti, ber finnendum fyrir flutning þess til lands þriðjungur andvirðis að frádregnum öllum kostnaði við björgun og sölu; en finnist það á fjörðum, víkum eða skammt frá landi, einn fimmtungur. Nú þykir finnendum eigi laun þessi nægilegt endurgjald fyrir starf sitt, og eiga þeir kost á að gefa reikning fyrir það, sem lögreglustjóri úrskurðar. Ef andvirði vogreka hrökkur eigi fyrir kostnaði öllum, taka finnendur og bjargendur hlut í þeim halla að rjettri tiltölu.

26. grein.

Ályktanir lögreglustjóra liggja undir rannsókn og úrskurð amtmanns, og skal hann sjálfur, ef sjerleg þörf gjörist, koma á strandið.

Amtmaður skal, auk ferðakostnaðar, sem landshöfðingi ákveður í hvert skipti eptir atvikum, fá að fæðispeningum 8 krónur hvern dag, sem hann dvelst við strand og fer heiman og heim. Þetta gjald greiðist á sama hátt sem annar kostnaður við strönd.

27. grein.

Rjett er að bera úrskurði amtmanna í strandmálum undir landshöfðingja, ef nokkur þeirra, er hlut eiga að máli, heimta það; en verði veruleg rjettarþræta af skipstrandi, t. d. um það, hve mikil bjarglaun megi heimta samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 25. grein, eða um rjettargildi bjargsamninga, eða um þýðingu þeirra, mega slík mál ganga til dóms og laga.

28. grein.

Enginn embættismaður, sem gæta á hags skipbrotsmanna, má í sínu umdæmi eiga hlut í nokkrum bjargsamningi, eða þiggja gjafir eða þóknun af skipbrotsmönnum, bjargendum eða öðrum viðkomendum að launum fyrir frammistöðu sína í strandmálum. Þessir embættismenn mega eigi heldur eiga þátt í öðrum fyrirtækjum einstakra manna, sem eru í sambandi við strandmál, að þeir verði grunaðir um hlutdrægni. Enginn nefndra embættismanna má kaupa á uppboðsþingum strandað góz. Embættismenn, og þar á meðal hreppstjórar, sem hafa umboð lögreglustjóra, sæti hegningu samkvæmt hegningarlögum 25. júní 1869, 13. kap., fyrir afbrot gegn því, sem fyrir er mælt í grein þessari.

29. grein.

a, Sá, sem vanrækir það, sem honum er gjört að skyldu í 1. og 2. grein laga þessara, skal sæta 10 til 100 króna sektum eða fangelsishegningu eða meiri sektum eptir atvikum, ef hann hefur gjört sig valdan að óafsakanlegu hirðuleysi um líf og heilsu manna.

b, Sama hegning liggur við, ef einhver gegn því, sem fyrir er mælt í 3. grein, beitir einræði við björgun og varnar þannig valdsmanni, að hafa nauðsynlegt eptirlit á því, sem bjargað er.

c, Nú sýnir maður mótþróa, hirðuleysi eða óhlýðni við björgun, og skal hann eptir málavöxtum sæta sektum eða fangelsi, nema önnur lög leggi meiri hegningu við. Enda er rjett að færa niður eptir atvikum bjarglaun þau, sem hinum seka ella hefðu borið, eða svipta hann þeim að öllu.

Hafi hreppstjóri, eða annar, sem sjerstökum skyldum á að gegna við björgun, gjörzt sekur í afbrotum þeim, sem nefnd eru í a—c, skal hann þar að auki hafa fyrirgjört sýslu sinni eptir málavöxtum.

Mál, sem rísa af afbrotum þeim, sem þessi grein ræðir um, eru lögreglumál, ef afbrot heyra ekki undir ákvarðanir hinna almennu hegningarlaga.

Sektir renna í landssjóð.

30. grein.

Lög þessi, er leggja skal út á enska og frakkneska tungu, skal hver lögreglustjóri og hreppstjóri í þeim hjeruðum, þar sem skipströnd geta að borið, hafa í vörzlum sínum bæði nokkur exemplör af lögunum sjálfum og þýðingum þeirra.

VI.

FRUMVARP

til laga um ljósmæðraskipun á Íslandi.

1. grein.

Sjerhverri sýslu landsins skal skipta í ljósmæðrahjeruð; hversu mörg þau skuli vera í hverri sýslu, og hvað stór ummáls, ákveður amtsráðið eptir uppástungu hlutaðeigandi sýslunefndar.

Sjerhver hinna íslenzku kaupstaða skal vera ljósmæðra-umdæmi út af fyrir sig, og ákveður hlutaðeigandi bæjarstjórn eða bæjarráð, hvað margar ljósmæður skuli vera í kaupstaðnum.

2. grein.

Svo fljótt sem verða má skal í hvert ljósmæðraumdæmi setja eina ljósmóður, eða, ef svo kann að verða ákveðið um kaupstaðina, fleiri ljósmæður, og skulu þær hafa tekið próf í yfirsetufræði. Ljósmæðurnar skulu hafa bústað í umdæminu, og í sveitahjeruðunum þar, sem sýslunefndinni þykir henta.

Amtmaður skipar ljósmæðurnar.

3. grein.

Í Reykjavíkurumdæmi skulu ljósmæðurnar, hver um sig, hafa 100 kr. í laun á ári; í hinum kaupstöðunum og sömuleiðis á Vestmannaeyjum 60 kr., og í sveitahjeruðunum 40 kr. Eptir 10 ára góða þjónustu í sveitahjeraði skal þar að auki veita 20 kr. viðbót, og skal þessi ákvörðun einnig ná til þeirra ljósmæðra, sem nú eru. Álíti sýslunefndin, að eigi sje næg ástæða til að veita launaviðbót eptir aldri, skal bera málið upp fyrir amtsráðinu, og leggur það þá málið undir úrskurð landshöfðingja. Þegar ljósmæður fá lausn sökum aldurs eða heilsubrests, má veita þeim eptirlaun, sem sjeu miðuð við þann tíma, er þær hafa verið við, og dugnað þeirra, en samt mega eptirlaunin ekki fara fram yfir það, sem ljósmæðurnar hafa haft í laun á ári, að aldurstillaginu með töldu.

4. grein.

Kostnað þann, sem gengur til launa og eptirlauna ljósmæðrannaa, svo og til að útvega þeim verkfæri þau, sem þörf er á, skal hlutaðeigandi kaupstaður eða sýslufjelag greiða. Samt skal fyrst um sinn, eins og gjört hefur verið hingað til, borga laun tveggja ljósmæðra í Reykjavík úr landssjóðnum, og laun ljósmóðurinnar á Vestmannaeyjum úr læknasjóðnum íslenzka. Kostnaðinn við kennslu ljósmæðra skal greiða úr hlutaðeigandi amtsjafnaðarsjóði; samt skal Reykjavíkurkaupstaður fyrir sitt leyti sjálfur greiða þessi útgjöld.

5. grein.

Engin getur orðið ljósmóðir, nema hún hafi notið kennslu og gengið undir próf annaðhvort á hinni konunglegu fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn eða hjá landlæknunum á Íslandi, og fengið skírteini um, að hún hafi tekið prófið. Ljósmæðurnar í Reykjavík skulu hafa notið kennslu á hinni konunglegu fæðingarstofnun.

6. grein.

Ljósmæðurnar eru skyldar til, tafarlaust að láta í tje sjerhverri sængurkonu í umdæmi þeirra, sem æskir þess, aðstoð sína. Ljósmóðirin hefur rjett til, auk fararbeina ókeypis fram og aptur, að fá sanngjarna þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun hjá sjerhverjum þeim, sem notar aðstoð hennar. Þyggi sængurkonan styrk úr sveitarsjóð, skal sveitin skyld til að greiða þeirri ljósmóður, sem situr yfir konunni, auk fararbeina ókeypis, í þóknun 8 áln. eptir meðalverði verðlagsskrárinnar. Í forföllum hjeraðsljósmóðurinnar er ljósmóðirin í því umdæmi, sem næst er, skyld til, ef hún getur komið því við án þess að vanrækja sitt eigið umdæmi, að sitja yfir konum þeim, sem leita aðstoðar hennar.

7. grein.

Að því leyti, er snertir framkvæmdir á skylduverkum þeirra, eru ljósmæðurnar undir umsjón landlæknis og hjeraðslækna, og skulu þær samvizkusamlega breyta eptir hinni almennu reglugjörð fyrir ljósmæður, sem landlæknirinn býr til og stjórnarráðið fyrir Ísland samþykkir.

8. grein.

Brjóti nokkur ljósmóðir gegn því, sem henni er gjört að skyldu með lögum þessum og reglugjörðinni fyrir ljósmæður, skal hún, að því leyti þyngri hegning ekki liggur við

afbroti hennar eptir gildandi lögum, sæta sektum, sem renna í landssjóð, og verði hún sek á ný og sjeu mjög miklar sakir til, og sjer í lagi ef hún óptar en einu sinni hefur skorazt undan að vitja sængurkonu tafarlaust, skal henni vikið frá. Ef nokkur ljósmóðir ljóstrar því upp, sem kona, er orðin er barnshafandi í lausaleik, hefur trúað henni fyrir, skal henni þegar vikið frá sýslu sinni.

Athugasemdir
við lagafrumvarp þetta.

Það hefur lengi verið viðurkennt, að brýn nauðsyn sje til, að gjöra verulega breyting á ljósmæðraskipun á Íslandi. Auk tveggja ljósmæðra í Reykjavík, sem fá laun úr landssjóðnum, og ljósmóðir á Vestmannaeyjum, sem hefur laun af læknasjóðnum íslenzka, eru nú á Íslandi að eins skipaðar 65 ljósmæður, og til launa handa þeim eru samkvæmt konungsbrjefi 20. júní 1766 að eins veittir 100 rd. eða 200 kr. alls, sem skipt er milli þeirra á ári hverju. En auk þess, að ljósmæðrum þessum er mjög ójafnt skipt niður á landið, þar sem nú sem stendur, eru alls 37 í suðurumdæminu eða hjer um bil 1 ljósmóðir fyrir hverja 650 manns og hverjar 12 fæðingar, en í vesturumdæminu 8 ljósmæður eða að tiltölu 1 fyrir hverja 2,125 manns og hverjar 69 fæðingar, og í norður- og austurumdæminu 23 ljósmæður eða að tiltölu 1 fyrir hverja 1,200 manns og fyrir hverjar 39 fæðingar, þá er það hvorttveggja, að ljósmæðurnar eru ekki svo margar, sem vera skyldi, sökum viðáttu landsins, til þess að verða mönnum að nægu liði, enda verður eigi við því búizt, að svo margar hæfar konur, sem nægir, sækist eptir því, að verða ljósmæður, þegar þeim eigi verður boðin nokkurn veginn hæfileg borgun fyrir starfa þeirra, sem optsinnis er miklum örðugleik bundinn. Sökum þessa hafa og af og til komið til stjórnarinnar uppástungur um endurbætur á ljósmæðraskipun á Íslandi, bæði frá hinum fyrra landlækni J. Thorstensen og Schleisner justizráði og frá landlæknunum, sem nú er, justizráði J. Hjaltalín; síðan var leitað álita um málið bæði hjá hjeraðslæknum á Íslandi og yfir völdunum þar, en með því embættismenn þessa greindi svo mjög á um, hvernig þessu málefni yrði sem bezt fyrir komið, og vegna þess, að það fje, sem með þurfti, eigi var fyrir höndum, varð að fresta, að koma málinu lengra áleiðis, þangað til búið var að koma þeirri lögun á sveitastjórnarmálefni Íslands, sem um svo langan tíma hafði verið í vændum. Eptir að komin var út tilskipun um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872, var lagt fyrir alþingi 1873 frumvarp til tilskipunar um ljósmæðraskipun á Íslandi, sem byggt var á álitsskjölum þeim, sem fengizt höfðu frá stjórnarvöldum á Íslandi og sjer í lagi á uppástungu frá stiptamtmanninum yfir Íslandi, sem þá var; en með því alþingi, enda þótt það viðurkenndi, að nauðsyn væri á, að komið yrði haganlegra skipulagi á um þetta mál, óskaði, að því væri frestað, hefur stjórnarráðið, þar sem álitið verður, að þær tálmanir, sem þá voru því til fyrirstöðu, að málinu yrði framgengt, nú sjeu horfnar í öllum verulegum greinum, fundið ástæðu til, að leggja tjeð lagafrumvarp fyrir á ný; frumvarpið er óbreytt að efninu til, en breytingar þær, sem gjörðar eru á því að forminu til, eru afleiðingar af því, að stjórnarskrá fyrir Ísland síðan er komin út.

Um hinar einstöku greinir frumvarpsins skal þess getið, sem hjer segir.

Um 1. og 2. gr.

Með því að kostnaðarins vegna mun ógjörandi, að setja ljósmóður í hvern hrepp, verður að skipta sýslunum í svo mörg ljósmæðrahjeruð, sem henta þykir eptir því, hvernig til hagar á hverjum stað, og þar eð eigi verður álitið hagfellt, að ákveða í lögunum tölu og stærð hjeraðanna, með því það kann að þykja æskilegt sökum þess að fólksfjöldinn eykst eigi jafnt alstaðar og vegna annara kringumstæða, að gjöra við og við breytingu á hjeruðunum, er það samkvæmt tilskipun 4. maí 1872, 39. gr., 4., sbr. 52. gr., 1., falið amtsráðunum á hendur, að á-

kveða tölu og stærð hjeraðanna eptir uppástungum sýslunefndanna.

Eins og Reykjavík hingað til hefur verið ljósmæðra-umdæmi sjer, hefur þótt rjettast, að einnig hinir kaupstaðirnir eptirleiðis skyldu vera ljósmæðra-umdæmi út af fyrir sig.

Um 3. gr.

Í einu af fyrnefndum álitsskjölum, sem komið hafa frá stjórnarvöldunum á Íslandi, var stungið upp á, að laun ljósmæðranna skyldu vera 40—60 kr. eptir stærð umdæmisins, fólksfjölda og efnahag o. s. frv., og mun það vera svo að skilja, að ljósmæðurnar í hinum stærri og fjölmennari hjeruðum skyldu hafa meiri laun, og ljósmæðurnar í hinum minni hjeruðum minni laun. En bæði gæti þetta hæglega leitt til, að launin kæmu ójafnt niður, enda verður að geta þess, að ljósmæðurnar í minni hjeruðunum að öllum jafnaði þurfa að fá hærri föst laun, en ljósmæðurnar í hinum stærri umdæmum, af því þær hjer geta unnið sjer langtum meira inn en hinar. Það hefur því þótt rjettast, að veita öllum hjeraðsljósmæðrum í sveitunum sömu laun og láta þau vera 40 kr., og að veita þeim í viðbót 20 kr. eptir 10 ára góða þjónustu; skyldi viðbót þessi einnig veitt þeim ljósmæðrum, sem eru við, þegar lögin öðlast gildi, ef þær verða skipaðar hjeraðsljósmæður samkvæmt þeim, þannig að þau ár verði talin með, sem þær eru búnar að vera ljósmæður.

Með því samt sem áður sjerstök atvik geta verið til þess, að veita ekki launaviðbót eptir aldri í stöku tilfellum, er ákvörðun þeirri bætt við, að sýslunefndin geti borið málið upp fyrir amtsráðinu, til þess það verði lagt undir úrskurð landshöfðingja.

Það þykir hæfilegt, að ljósmæðurnar í Reykjavík fái 100 kr. laun, og ljósmæðurnar í hinum kaupstöðunum og á Vestmannaeyjum 60 kr., en eigi er það álitið nauðsynlegt, að veita þeim launaviðbót eptir aldri, og má geta þess um ljósmæðurnar í Reykjavík, að svo er ráð fyrir gjört, að þeim verði gjört að skyldu að taka við kvennmönnum til kennslu undir umsjón og tilsögn landlæknis.

Að endingu hefur þótt sanngjarnt, að gefa öllum ljósmæðrum vonir um hæfileg eptirlaun, þegar þær fá lausn sökum aldurs eða heilsubrests, eins og til þessa hefur átt sjer stað um ljósmæðurnar í Reykjavík, er þær hafa farið frá.

Um 4. gr.

Með því að álíta verður, að ljósmæðraskipunin sje sveitarmálefni, getur það eigi orðið umtalsmál, að veita tillag til þessa, sem meira nemi, úr landssjóðnum eða læknasjóðnum, og það því síður, sem verja verður talsvert meira fje en áður af sjóðum þessum til þess að bæta læknaskipun á Íslandi samkvæmt lagafrumvarpi því, sem nú verður lagt fyrir alþingi um það efni; og þó nokkur ástæða kunni að hafa verið til þess fyr meir, þá er ekkert reglulegt skipulag var á sveitastjórnarmálefnum á Íslandi, að veita tillag úr ríkissjóðnum til ljósmæðraskipunar, er þessu nú allt öðruvísi varið, eptir að búið er að leggja málefni þetta undir sveitastjórnirnar með tilskipun 4. maí 1872. Sökum þessa er álitið hæfa, að útgjöldin til launa og eptirlauna ljósmæðranna venjulega verði greidd af hlutaðeigandi sýslufjelagi eða kaupstað, og hið sama er um kostnaðinn við að útvega verkfæri þau, sem þörf er á.

Vegna þess, að það er í ráði, eins og getið var um að framan, að gjöra ljósmæðrunum í Reykjavík að skyldu, að taka kvennmenn til kennslu hefur þótt vera ástæða til, að láta laun þeirra fyrst um sinn, eins og hingað til hefur verið gjört, verða borguð úr landssjóðnum, og sömuleiðis er álitið rjett, að laun þau upp á 60 kr., sem veitt eru ljósmóðurinni á Vestmannaeyjum með opnu brjefi 24. marz 1863, framvegis skuli greidd úr læknasjóðnum íslenzka; samt er það vitaskuld, að gjald þetta lendir á landssjóðnum, ef læknasjóðurinn verður lagður saman við hann.

En að því leyti, er snertir kostnaðinn við kennslu ljósmæðranna, sem kann að verða býsna-mikill, þegar þær, eins og fyrir er

mælt í 5. gr., eptirleiðis eiga að fá kennslu annaðhvort á fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn eða hjá landlækni, þá hefur svo virzt, að það gæti orðið of þungbært fyrir sýslufjelögin og kaupstaðina, að greiða einnig þennan kostnað auk þeirra útgjalda, sem nefnd eru að framan. Það hefur því verið álitið rjettast, að láta greiða kostnað þennan, á sama hátt og hingað til, af jafnaðarsjóði amts þess, sem í hlut á — þó með því móti, að Reykjavík, sem eigi hefur nokkurn þátt í jafnaðarsjóði suðuramtsins, sbr. tilskipun 4. maí 1872, 60. gr., sjálf greiði kostnaðinn við kennslu ljósmæðra þaðan.

Um 5. gr.

Þar sem það hingað til hefur verið venjulegt, að íslenzkar ljósmæður hafa notið kennslu hjá hlutaðeiganda hjeraðslækni, — en kennsla þessi hefur að líkindum eptir því, hvernig til hagar, opt verið miður fullkomin en skyldi, sökum þess að þær sjaldan hafa haft tækifæri til að vera við fæðingar, — er hjer svo fyrir mælt, samkvæmt uppástungu landlæknis, að allar ljósmæður eptirleiðis skuli njóta kennslu annaðhvort á hinni konunglegu fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn eða hjá landlæknirum. Sjer í lagi fyrir þá sök, að það er í ráði, eins og getið er að framan, að ljósmæðurnar í Reykjavík skuli taka kvennmenn til kennslu, skulu þær ávallt sjálfar hafa notið kennslu á hinni konunglegu fæðingarstofnun.

Um 6.—8. gr.

Ákvarðanirnar í 6. gr. eru að mestu leyti hafðar eptir uppástungu stiptamtmanns, og er jafnframt bætt við ákvörðun samsvarandi því, sem fyrir er mælt í reglugjörð um ljósmæðraskipun o. fl. 21. nóvbr. 1810 35. gr., að ljósmóðirin í næsta hjeraði sje skyld til í forföllum hjeraðsljósmóðurinnar, að svo miklu leyti sem hún getur komið því við, án þess að vanrækja sitt eigið umdæmi, að láta í tje aðstoð sína, þegar þess verður krafizt.

Reglugjörð sú fyrir ljósmæður, sem nefnd er í 7. gr., skal hafa inni að halda nákvæmari reglur um skyldur þeirra, en það hefur eigi þótt við eiga að segja fyrir um þetta efni í lögum þessum.

Niðurlagið á 8. gr. er tekið eptir reglugjörð 21. nóvember 1810, 42. gr.

FYRSTA UMRÆÐA

í efri deild alþingis.

Á 3. fundi efri þingdeildarinnar, 3. dag júlímán., kom frumvarp til laga um ljósmæðraskipun á Íslandi samkvæmt dagskránni til fyrstu umræðu.

Benidikt Kristjánsson áleit, að úr því nefnd hefði verið kosin í hin 2 málin, þá væri eigi ástæða til að láta þetta verða út undan; gat hann þess, að þótt frumvarpið væri stutt, væri það engu að síður efnismikið; rjeð hann til, að þriggja manna nefnd væri kosin.

Eiríkur Kúld gat þess, að mál þetta hefði og komið fyrir á þingi 1873, og hefði þá þótt á því ýmsir agnúar, og málið þá verið fellt; en þar sem það hins vegar væri mikið nauðsynjamál, vildi hann stinga upp á, að nefnd yrði kosin þegar.

Forseti gat þess þá, að 2 þingmenn hefðu stungið upp á, að nefnd yrði kosin, og með því fleiri tækju eigi til máls, vildi hann skjóta því til atkvæða þingmanna. Var það samþykkt í einu hljóði. Var því næst kosin þriggja manna nefnd, og urðu fyrir kosningu þessir:

Jón Hjaltalín með 8 atkv.
Torfi Einarsson — 8 —
Eiríkur Kúld — 8 —

Var málið þá afhent hinum elzta þeirra, Jóni Hjaltalín.

Í nefndinni var Jón Hjaltalín kosinn formaður, og Eiríkur Kúld skrifari og framsögumaður.

NEFNDARÁLIT

í málinu um kgl. frumvarp til laga um ljósmæðraskipun á Íslandi.

Hin heiðraða efri deild alþingis hefur 3. þ. mán. kosið oss, sem hjer ritum nöfn vor undir, í nefnd, til að segja álit vort um of-

angreint frumvarp, og verður það, eptir að vjer höfum rætt það með oss á fundum nefndarinnar, á þá leið:

Eins og það er alkunnugt um allt land, hve aum kjör hinna íslenzku ljósmæðra hjer á landi hafa verið, eins efumst vjer ekki um, að það mundi gleðja landsbúa, ef á þeim yrði ráðin nokkurn veginn viðunanleg bót. Oss virðist frumvarpið sjálft bæði frjálslegt yfir höfuð og sanngirnislegt, og óskum því helzt, að hið heiðraða alþingi vildi sem fyrst gjöra það að lögum, með þeim breytingum, er vjer leyfum oss að stinga upp á við einstakar greinir þess, nefnilega:

1. grein óbreytt.
2. grein óbreytt.
3. grein óbreytt.
4. grein óbreytt.
5. grein óbreytt.
6. grein. Hjer virðist nefndinni ástæða til að breyta 8 áln., sem í þeim kringumstæðum, sem þar ræðir um, virðist of mikið gjald á sveitarsjóðina, og leyfir nefndin sjer að stinga upp á, að í stað: «8 áln. eptir meðalverði verðlagsskrárinnar» sje sett: «3 krónur».
7. grein. Viðvíkjandi þessari grein virðist nefndinni nægilegt, að landshöfðinginn yfir Íslandi samþykki ljósmæðra-reglugjörðina, og stingur því upp á, að í staðinn fyrir: «og stjórnarráðið fyrir Ísland», verði sett: «landshöfðinginn yfir Íslandi».
8. grein. Hjer stingur nefndin upp á, að orðin: «í lausaleik» falli burt.

Með þessum breytingum ræður nefndin til, að frumvarpið sje gjört að lögum.

Alþingi, 5. júlí 1875.

Jón Hjaltalín, formaður. E. Kúld, skrifari og framsögum.

Torfi Einarsson.

Á 6. fundi efri þingdeildarinnar, 9. dag júlímán., var samkvæmt dagskránni haldið áfram 1. umræðu um frumvarp til laga um ljósmæðraskipun á Íslandi, og var varaforseti framsögumaður í því máli.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld) skaut því til forseta, hvort lesa skyldi upp nefndarálitið, og gat forseti þess, að þess mundi eigi þörf gjörast.

Framsögumaður kvaðst eigi ætla að fjölyrða um breytingar þær, er nefndarálitið færi fram á, fyr en hann heyrði tillögur deildarmanna um þær. Að eins vildi hann minnast á breytingar nefndarinnar við 6., 7. og 8. gr. 6. gr. bæri það með sjer, að meiri hluti nefndarinnar vildi hafa nokkra þóknun af sveitarsjóðnum, þá er konan þægi styrk af sveit; en að sínu leyti væri hann lítið fyrir það, þar sem þetta gæti orðið talsvert gjald fyrir sveitarsjóðina. Því til sönnunar vildi hann taka það fram, að hann þekkti þá hreppa, er svo væri ástatt fyrir, að þeim mundi þungbært að greiða fje þetta, vildi hann taka til dæmis, ef 10 konur í einum hrepp ættu að fá slíkan styrk, er frumvarpið til tekur, sem þá yrði 80 álnir, þá yrði þetta næsta mikið gjald; hefði nefndin því orðið ásátt um að fara fram á, að í stað 8 álna yrði sett 3 kr.

Stefán Eiríksson gat þess, að hann hefði tekið svo eptir, að þetta væri framhald af 1. umræðu, og gæti hann því eigi álitið það rjett, að ræða nú þegar nefndarálitið eða frumvarpið í hinum einstöku greinum þess, en að öðru leyti vildi hann geta þess, að hann við næstu umræðu ætlaði að koma fram með breytingaratkvæði við 2. og 4. gr.

Sighvatur Árnason gat þess, að hann hefði þegar við byrjun umræðu þessarar álitið nefnd nauðsynlega; en hefði fyrir sitt leyti haldið, að hún mundi gjöra fleiri breytingar við frumvarpið, er sjer hefðu fundizt nauðsynlegar; vildi hann því koma fram með breytingaruppástungur við 2., 3. og 4. gr., og til vara (ef breyting sín á 4. gr. yrði felld), að koma fram með aðra breytingu við hana. En ástæður fyrir þessum breytingum mundi hann taka fram við síðari umræður málsins.

Jón Hjaltalín vildi geta þess, að hann við 9. gr. í breytingaruppástungu við frumvarpið og nefndarálitið vildi gjöra þá breytingu, að í stað orðanna: «eptir uppástungu sýslunefndar», yrðisett: «landlæknis eða hjeraðslæknis».

Sighvatur Árnason vildi gjöra þá breytingu við 5. gr., að á eptir: «landlæknunum», yrði sett: «eða hjeraðslæknunum».

Forseti bar þá undir atkvæði deildarmanna, hvort frumvarpið skyldi ganga til 2. umræðu. Var það samþykkt með 10 atkvæðum.

ATKVÆÐASKRÁ

i málinu: konunglegt frumvarp til laga um ljósmæðraskipun á Íslandi.

1. grein frumvarpsins.

1, 1. grein frumvarpsins (óbreytt).

2. grein frumvarpsins.

2, 2. grein frumvarpsins (óbreytt).

3, Benidikt Kristjánsson, Jón Pjetursson, Sighvatur Árnason og Stefán Eiríksson: að aptan við greinina á eptir orðunum: «Amtmaður skipar ljósmæður» verði bætt þessum orðum: «eptir uppástungu sýslunefndar þeirrar, sem hlut á að máli, eða bæjarstjórnar».

3. grein frumvarpsins.

4, Sighvatur Árnason: að «20 krónur» sje breytt í «10 krónur».

5. Sami: að niðurlag greinarinnar frá orðunum: «þegar ljósmæður fá lausn» til enda greinarinnar falli burt.

6, Benidikt Kristjánsson og Jón Pjetursson: að í niðurlagi greinarinnar orðin: «en samt mega eptirlaun» o. s. frv. til enda greinarinnar falli burtu.

7, 3. grein frumvarpsins (óbreytt eða með breytingum).

4. grein frumvarpsins.

8, Sighvatur Árnason: að í stað 4 greinar frumvarpsins komi ný grein þannig hljóðandi: «Kostnað þann, sem gengur til launa» ([til vara ef breytingaratkvæðið nr. 5 á atkvæðaskránni verður felt] «og eptirlauna») «ljósmæðranna og til kennslu þeirra, svo og til að útvega þeim verkfæri þau, sem þörf er á, skal greiða úr landssjóði».

9, Stefán Eiríksson: að á eptir orðunum: «eða sýslufjelag greiða» komi: «að helmingi, en hinn helmingurinn greiðist úr landssjóði», og að næsta málsgrein: «Samt skal . . . . læknasjóðnum íslenzka» falli burtu.

10, Benidikt Kristjánsson og Jón Pjetursson, og Sighvatur Árnason til vara, ef breytingaratkvæðið nr. 8 verður felt: að önnur málsgrein: «Samt skal . . . úr læknasjóðnum íslenzka» fellist úr.

11, Sömu: að í stað orðanna «úr hlutaðeigandi amts-jafnaðarsjóði» komi: «úr landssjóði».

12, Benidikt Kristjánsson og Jón Pjetursson: að niðurlag greinarinnar: «samt skal Reykjavíkurkaupstaður» o. s. frv. falli burt.

13, 4. grein frumvarpsins (óbreytt eða með breytingum).

5. grein frumvarpsins.

14, Sighvatur Árnason: að á eptir: «landlæknisins á Íslandi» verði sett: «eða hjeraðslæknunum».

15, Benidikt Kristjánsson og Jón Pjetursson: að niðurlag greinarinnar: «ljósmæðurnar í Reykjavík» o. s. frv. falli burt.

16, 5. grein frumvarpsins (óbreytt eða með breytingum).

6. grein frumvarpsins.

17, Nefndin: að í stað: «8 áln. eptir meðalverði verðlagsskrárinnar» komi: «3 kr.».

18, 6. grein frumvarpsins (óbreytt eða með breytingum).

7. grein frumvarpsins.

19. Benidikt Kristjánsson og Jón Pjetursson (orðabreyting): að í staðinn fyrir: «skyldu verkum þeirra, eru ljósmæðurnar», komi: «skyldu verkum ljósmæðra, eru þær».

20. Nefndin: að í staðinn fyrir: «og að stjórnarráðið fyrir Ísland» komi: «landshöfðingjinn yfir Íslandi».

21. 7. grein frumvarpsins (óbreytt eða með breytingum).

8. grein frumvarpsins.

22. Nefndin: að orðin «í lausaleik» falli burt.

23. 8. grein frumvarpsins (óbreytt eða með breytingum).

9. grein (ný grein).

24. Jón Hjaltalín: að í stað orðanna í hinni

nýju grein: «eptir uppástungu sýslunefndar» komi: «eptir uppástungu landlæknis eða hjeraðslæknisins».

25. Benidikt Kristjánsson og Jón Pjetursson, að aptan við frumvarpið verði bætti nýrri grein, er verður 9. grein svo hljóðandi:

«Þegar lærð ljósmóðir eigi fæst í einhvert ljósmæðraumdæmi, má amtmaður eptir uppástungu sýslunefndar skipa í það ólærða ljósmóður, sem reynd er að dugnaði, með sömu kjörum og fyrir er mælt í þessum lögum».

26. fyrirsögn frumvarpsins.

ÖNNUR UMRÆÐA.

í efri deild alþingis.

Á 10. fundi efri þingdeildarinnar, 14. dag júlímán., kom frumvarp þetta samkvæmt dagsskránni til 2. umræðu.

Sighvatur Árnason skaut því til forseta, hvort eigi mundi hægra að ræða frumvarpið í köflum, en forseti áleit, að þess mundi eigi þurfa, og mundi fullgreinilegt að taka hvern lið af öðrum, eptir því sem stæði á atkvæðaskránni.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld) kvaðst eigi ætla að verða langorður um breytingaruppástungur þær, er komnar væru fram á atkvæðaskránni í máli þessu. Sumar þeirra gæti hann fellt sig allvel við, svo sem við 3. tölulið í 2. grein frumvarpsins, og hvað snerti breytinguna við 3. grein tölul. 4., þá stæði sjer það á litlu, hvort 20 kr. yrði breytt í 10 krónur eða ekki. Breytinguna undir tölulið 5. kvaðst hann þar á móti eigi geta fellt sig við; þar til bæri enga brýna nauðsyn, þegar litið væri til 3. greinar, því að þar væri eigi talað um, að skylda bæri til að veita ljósmæðrum eptirlaun, heldur að það að eins mætti. Að því, er snerti tölulið 6., gæti hann að vísu aðhyllzt hann, þótt sjer reyndar þætti óþarft að taka það fram, að eptirlaunin eigi skyldu fara fram úr sjálfum laununum, því að slíkt væri undantekning frá eptirlaunalögum embættismanna. Viðvíkjandi tölulið 8. kvaðst hann geta verið honum meðmæltur, ef hann eigi væri hræddur um, að hann mundi spilla fyrir málinu yfir höfuð. Laun ljósmæðranna væru að vísu eigi há, og yrði því eigi svo tilfinnanleg fyrir landssjóðinn. En þó yrðu menn að fara varlega í það, því að hann væri hræddur um, að svo mundi þykja, sem nógu mikið væri lagt á landssjóðinn. Tölulið 9. gæti hann eigi fallizt á. Tölulið 10. gæti hann eigi aðhyllzt; hann væri að vísu saklaus, en óþarfur væri hann, þar sem í ástæðunum væri tekið fram, að í ráði væri að sameina læknasjóðinn og landssjóðinn. Aptur gæti hann sætt sig við breytingaratkvæðið undir tölulið 11., en sjer hefði þótt betur eiga við, að verkfærin hefðu verið tekin með; þó vildi hann ekki gjöra slíkt að kappsmáli, þar sem kunnugur maður hefði sagt sjer, að þau mundu ekki kosta nema hjer um bil 14 krónur fyrir hverja ljósmóður. En hann áliti æskilegt, að landssjóðurinn borgaði kennslukaupið, því að með því væri að því leyti öllum hreppum gjört jafnhægt fyrir að fá lærða ljósmóður; þar sem allir vissu, að kostnaðurinn að öðru leyti yrði ærið misjafn eptir hinni mismunandi vegalengd úr hreppunum til Reykjavíkur. Breytingaruppástunguna undir tölulið 12. gæti hann þar á móti eigi aðhyllzt, og væri hún meir að segja alveg ófær, ef breytingaruppástungan undir tölul. 11. kæmist eigi að, því að sjer væri alls eigi kunnugt um, að Reykjavík gildi nokkuð til jafnaðarsjóðs, enda fyndist sjer engin ástæða til, að eigi skyldi gilda hið sama um Reykjavík og önnur hjeruð á landinu. Tölulið 14. við 5. grein gæti hann heldur eigi fallizt á, þar sem hjeraðslæknar stæðu að öllu leyti vér að vígi til að kenna ljósmæðra-efnum svo sem með þyrfti, en landlæknirinn. Tölulið 15. gæti hann heldur eigi gefið samþykki sitt, þar sem hann yrði að ætla það mjög áríðandi, að ljósmæðurnar í Reykjavík væru svo vel að sjer, sem kostur væri á, einkum í hinu praktiska; mundi enginn geta neitað því, að betri væri kostur á að afla sjer þeirrar þekkingar á fæðingarstiptuninni í Kaupmannahöfn, en hjer á landi; svo væri og það, að ætlazt væri til, að ljósmæðurnar í

Reykjavík skyldu hafa á hendi að nokkru leyti kennslu ljósmæðra-efnanna undir tilsjón landlæknis. Orðabreytinguna við 7. grein hefði hann ekkert að athuga við; ekki mundi heldur neinn hafa á móti hinni litlu orðabreytingu við 8. grein. Hvað hina nýju 9. grein snerti, væri hann henni allsendis mótfallinn; fyrst væri hún óþörf, og eigi hugsanlegt, að henni yrði komið við; amtmaður hefði eigi leyfi til að setja neina ljósmóður móti vilja hennar, og þá væri slík ákvörðun þýðingarlaus. Þar að auki væri uppástunga þessi mjög varúðarverð, þar sem eptir henni væri eins og farið fram á, að gefin væru ljósmæðrum laun, til þess þær gerðu sjer eigi far um að verða lærðar. En ef nú grein þessi mót von sinni næði fram að ganga, þá væri að minnsta kosti alveg nauðsynlegt, að haldið væri uppástungu hins 5. konungkjörna þingmanns, nfl. að hin ólærða ljósmóðir yrði skipuð eptir uppástungu landlæknis eða hjeraðslæknis. Meira kvaðst hann eigi ætla að tala um mál þetta að sinni.

Sigfvatur Árnason kvaðst nú eigi þurfa að vera langorður um breytinguna við 3. tölulið 2. grein, því að henni hefði framsögumaður verið heldur meðmæltur. En við breytinguna undir tölul. 4., nefnilega að lækka 20 krónur niður í 10 kr., hefði hann farið þeim orðum, að sjer lagi hún í ljettu rúmi. Því gæti hann ómögulega verið samþykkur, því að þetta gæti orðið mörgum sinnum 10 eða 20 krónur, sem þá lenti á sveitar- eða sýslusjóðnum, því að mörg ljósmóðir mundi ná þeim árafjölda í þjónustunni, að hún hefði tilkall til slíkrar viðbótar. Hann kvaðst þekkja svo mikið til sýslufjelaga og sveitarsjóða, að hann vissi, hve þungbærir skattar og álögur þegar væru fyrir, og væri því lítt hugsandi að bæta miklu ofan á það. Yrðu menn sannarlega að fara gætilega í því efni, þótt hann hins vegar hefði ekkert á móti, að ljósmæður væru launaðar; fyr væri linun en albati. Hvað tölul. 5. í sömu grein snerti, þá hefði hann gjört þá breytingu einmitt af sömu ástæðu, og hann hefði áður tekið fram, að kostnaðurinn yrði sem minnstur, og kvaðst hann mega spyrja, hvort þetta mundi ekki gefa ljósmæðrunum tilefni til að sækja um eptirlaun, úr því lögin bentu til þess. En viðvíkjandi 6. tölulið, þá ætlaði hann að leiða hann hjá sjer í von um, að hinn 5. tölulíður yrði tekinn. Framsögumaður hefði látið á sjer skilja, að breytingaruppástunga sín undir tölul. 8. mundi spilla fyrir málinu. Þar yrði hann að vera á gagnstæðri skoðun, því það mundi einmitt spilla fyrir þess konar málum yfir höfuð, ef hún yrði ekki tekin til greina. Kvað hann þingið verða alvarlega að hugsa sig um, hverja grundvallarreglu hafa ætti hugfasta, þá er ræða væri um að leggja á nýja skatta og tolla. Menn yrðu að játa, að sú tilhögun, sem til hefði verið á því, hefði bæði verið ójafnrjettisleg og ópraktisk. Væri nú kominn tími til að snúa við blaðinu í því efni, þegar nú gæfist kostur á því. Sjer gæti eigi skilizt, að það stæði á sama, hvort þyngt væri á gjaldstofnum nefndra sjóða eða á landssjóðnum; því hann væri sannfærður um, að hægt væri að finna gjaldstofna fyrir mörgum tugum þúsund dala inn í landssjóðinn, án þess landsmenn fyndu til þess, og að því yrðu menn að gá, að það stæðist alls eigi lengur að bæta útgjöldum á sveitarsjóðina eða sýslufjelögin; allir vissu, sem til þekktu, að á þeim lægju ærin útgjöld og meiri en þeir gætu risið undir. Viðvíkjandi breytingaruppástungunni undir tölul. 8., þá væri það vitaskuld, að ef hún yrði felld, þá yrði hann að halda fram tölul. 10. og þá líka tölul. 12., því að í þeim væri jafnrjettishugsun fólgin, og þar með nokkuð unnið í sömu stefnu. Framsögumaður hefði haft á móti 14. tölulið. En hann yrði að taka það enn fram, að ekki mætti gjöra sveitunum kostnað að óþörfu; það mætti ekki og þyrfti ekki að gjöra þeim að skyldu að fara til Reykjavíkur að læra, þar sem þær að sinni ætlan gætu fengið nægilega tilsögn hjá hjeraðslæknunum, enda hefðu ólærðar ljósmæður opt fullkomlega reynzt á við sumar hinar lærðu. Breytingu nefndarinnar undir 17. tölulið gæti hann eigi aðhyllzt, en orðabreytinguna undir 19. og 20. tölulið gæti hann fallizt á, og sömu-

leiðis tölul. 22. En hina nýju gr. (9. gr.) kvaðst hann eigi ætla að tala um að sinni; sjer virtist margt með henni og móti.

Stefán Eiríksson kvað engan mundu neita því, að grundvallarregla sú, er í frumvarpinu væri fólgin, nefnilega að fjölga ljósmæðrum, væri í sjálfu sjer rjett, enda þó nú virtist minni ástæða til þess, þegar setja ætti lækni í hverja sýslu, þótt hann væri hræddur um, að málið strandaði í peningalegu tilliti; það væri ljóst, að það hlyti að verða töluverður kostnaður fyrir sýslusjelögin. Sjer væri t. a. m. kunnugt, að í Skaptafellssýslu mætti eigi vera færri en 12 ljósmæður, og, ef hver þeirra ætti að fá 60 krónur, yrði það til samans 720 krónur, sem á sýslusjóðnum lenti. Þetta lægi í augum uppi að er ókljúfandi kostnaður fyrir sýslusjelögin, þegar hjer við bættist sýslufundarkostnaður 120—140 krónur árlega; þegar nú þetta allt bættist ofan á, mundi sýslan eigi lengur standast útgjöld þau, sem á henni hvíla, og slíkar byrðar yrðu eflaust til, að sýslurnar yrðu alveg gjaldþrota. Ofan á þetta bættist enn hið háa jafnaðarsjóðsgjald, er nú væru orðnir 40 aurar af hverju lausafjárhundraði. Af því, sem sagt, að gjald þetta eyðileggur sýslusjelögin með öllu, kvaðst hann hafa gjört breytingaruppástunguna undir tölulið 9., þar sem sjer hefði þótt vera í því meira jafnrjetti, að helmingur kostnaðarins legðist á landssjóð, og hinn helmingurinn á hlutaðeigandi sýslusjelag eða kaupstað. Það mundi og hafa vakað fyrir stjórninni sjálfri, að kostnaðurinn við ljósmæðraskipun yrði óbærileg byrði á hreppana, þar sem hún í ástæðunum fyrir 1. og 2. gr. kemst svo að orði, að ógjörningur sje að setja ljósmóður í hvern hrepp kostnaðarins vegna, en það þarf ekki einungis 1 ljósmóður í hvern hrepp, heldur eru sumir hreppar, sem jafnvel þurfa 3 ljósmæður, og þannig er það með Leiðvallahrepp í Skaptafellssýslu. Mörgum af hinum breytingaruppástungunum kvaðst hann geta gefið atkvæði sitt, svo sem tölul. 4. og 5. og tölul. 11. Breytingaruppástungan undir tölul. 25. þætti sjer ekki fráleit, með því að taka þá til greina breytinguna undir tölul. 24. Kvaðst hann þá eigi ætla að orðlengja þetta meira að sinni, en vara hina háttvirtu deildarmenn við að drepa ekki sýslusjelögin úr hor og hungri með álögum þessum.

Landshöfðingi kvaðst sjer í lagi vilja mæla á móti þeim breytingaruppástungum á atkvæðaskránni, er færu fram á, að kostnaðinn við laun og eptirlaun ljósmæðra skyldi greiða úr landssjóði, þar sem ljósmæðraskipunin eptir hlutarins eðli væri sveitamálefni, og væri það samkvæmt góðum stjórnar- og löggjafarreglum, að leggja ekki á einn sjóðinn það, sem á öðrum bæri að hvíla. Landssjóðnum mundi nægja það, sem honum bæri að rjettu að borga. Þessi stefna mundi vera «Reminiscens» eða apturganga frá hinu ráðgefanda þingi, að slengja öllum útgjöldum saman; og kvaðst hann vona, að hið löggefanda þing mundi taka þá stefnu, að vísa til sveitarsjóðanna því, er þeim heyrði, og til landssjóðsins því, er hans væri. Kvaðst hann og ætla, að kostnaður sá, er hjer ræddi um, væri eigi amtssjóðunum eða sýslusjóðunum of vaxinn.

Hvað snerti laun þau handa ljósmæðrunum, er frumvarpið styngi upp á, þá væri þau svo lág, að hann gæti eigi lagt það til, að þau yrðu lækkuð; gæti hann því eigi fallizt á breytingar þær undir tölul. 4., 5., 6., og 17., er farið væri fram á í atkvæðaskránni. Að því, er kennsluna snerti, yrði hann að taka það fram, að augljóst væri, að í Reykjavík gæfist miklu betra færi á fyrir ljósmæður að öðlast hina nauðsynlegu þekkingu, en hjá hjeraðslæknum uppi í sveit, einkum í öllu hinu praktiska. Þá væri það og eðlilegt, að ljósmæður í Reykjavík hefðu hærri laun, þar sem þær bæði ættu að aðstoða landlæknirinn í kennslunni, og ætlu að hafa tekið próf við fæðingarstiptunina í Kaupmannahöfn. Að öðru leyti væri sjálfsagt, að hinar núverandi ljósmæður hjeldu sömu launum og hingað til. Hvað hinn 20. tölulið snerti, vildi hann ekki leggja svo mikla áherzlu á hann, og mundi landshöfðingjanum trúandi fyrir að samþykkja reglugjörð þá, er landlæknirinn byggi til, þó vanalegast væri, að slíkar reglu-

gjörðir væru samþykktar af hinu æðsta stjórnarráði, og hann því vildi ráða frá þeirri breytingu. Móti hinni nýju grein (9.) hefði hann eigi neitt verulegt, ef nægileg trygging fengist fyrir nauðsynlegum dugnaði ljósmóðurinnar, sem hann væri þó hræddur um að hæpið væri, þá er um ólærðar ljósmæður væri að tala; reyndar bætti breytingaruppástungan undir tölul. 24. nokkuð úr, sem ljeti það komið undir uppástungu landlæknis eða hjeraðslæknis, hver yrði skipuð ljósmóðir, þegar svo stæði á, að enga lærða væri að fá.

Benidikt Kristjánsson kvaðst, af því hann væri við riðinn sumar af þeim breytingum, er stæðu á atkvæðaskránni, vilja tala nokkur orð fyrir þeim. Hinn heiðraði framsögumaður hefði fallizt á helming þeirra. Kvaðst hann því eigi ætla að tala neitt um þær. Það væru þá að eins hinar, er hann vildi drepa á. Það væri þá fyrst breytingaruppástungurnar við 4. gr. tölul. 11., að í stað orðanna: «úr hlutaðeigandi amtsjafnaðarsjóði», kæmi: «úr landssjóði», og að við tölul. 12. falli burtu: «Samt skal Reykjavíkurkaupstaður fyrir sitt leyti sjálfur greiða þessi útgjöld». Gæti hann eigi efazt um, að menn hlytu að sjá, að breytingar þessar horfðu í þá átt að gjöra öllum jafnt undir höfði. Það hlyti að vera sanngjarnt, að styrkurinn fyrir lærdómsiðkanir ljósmæðra kæmi jafnt niður á allt landið; því að öðrum kosti væru þær bundnar við það fjelag eitt, er þær hefðu notið styrksins frá, væri slíkt að misbjóða mannlegum rjettindum, og ófrjálslegt eptir eðli sínu. Annað mál væri það, að ljósmóðirin fengi laun sín, þar sem hún starfaði, og að Reykjavíkur-kaupstaður væri undanþeginn þeirri reglu, sæi hann ekki ástæðu til. Þar hefðu ljósmæður miklu meira að gjöra, og þar væru þeir líka fleiri, sem borguðu launa þeirra kæmi niður á; en í sveitunum hefðu þær opt lítið að gjöra, og þá einnig færri, sem borguðu þeim laun þeirra. Þar sem í 5. gr. væri talað um, að einkum ljósmæðurnar í Reykjavík skyldu hafa notið kennslu á hinni konunglegu fæðingarstofnun, þá væri það að vísu æskilegt, að ljósmæður yfir höfuð fengju sem bezta kennslu, en hann sæi eigi, því ljósmæðurnar í Reykjavík þyrftu að vera lærðari, en hinar, þar sem bæði landlæknirinn sjálfur, og aðrir læknar væru við höndina; en í sveitum væri opt ómögulegt að ná í lækni. Það hefði verið tekið fram, að ljósmæðurnar í Reykjavík ættu að fást við kennslu hinna ljósmæðranna, en hann hefði haldið, að landlæknirinn ætti einkum að gjöra það. Þar sem nefndin hefði viljað breyta 8 álnum í 3 krónur, þá ætlaði hann ekki að tala um, hvort sú þóknun væri of há, eða of lág, en sjer þætti óheppileg breytingin, þar eð þó álnatalið væri eðlilegra og fylgdi tímanum, en peningarnir eigi. Áliti hann, að heppilegra hefði verið, að reikna laun ljósmæðra eptir álnum, en ekki krónum. Framsögumaður hefði talið hina nýju viðaukagrein óheppilega; en hann gæti eigi sjeð, að hún gæti haft þær afleiðingar, er hann hefði bent til. Þar sem sami þingmaður hefði tekið það fram, að amtmaður hefði ekki heimild til að skipa ólærða ljósmóður í eitthvert ljósmæðraumdæmi, þá yrði hann þó að ætla, að hann mætti það, nema hann hefði skilið orðið «skipa» beinlínis sama sem að «bjóða». Að öðru leyti kvaðst hann mundi máske hallast að viðaukabreytingu hins 5. konungkjörna þingmanns við þessa grein, þar eð hann ætlaði, að hún, ef til vildi, mundi gefa betri tryggingu, þótt hann raunar legði aðaláherzluna á, að ljósmóðirin væri reynd að dugnaði.

Torfi Einarsson kvað breytingaruppástungurnar undir 8. tölulið hafa orðið einna harðast úti. Hinn háttvirti landshöfðingi hefði tekið fram, að ljósmæðraskipunin væri beinlínis sveitamálefni, og kostnaðurinn ætti því að borgast af sveitunum. En hann sæi eigi betur á frumvarpinu, en að stjórnin hefði eigi álitið neina óhæfu, að nokkuð af kostnaðinum legðist á landssjóðinn; annars mundi hún naumlega hafa gjört þá ákvörðun með Reykjavík, að kostnaðurinn skyldi borgast af landssjóði; og þar sem ljósmóðirin í Vestmannaeyjum ætti að launast af læknasjóðnum, þá sýndist sjer alveg eins eðlilegt, að lækna-

sjóðurinn launaði ljósmæðrum í sveit eins og hjeraðslækninum. Þingmaður Rangæinga hefði talað um hinn mikla kostnað, er þegar lægi á sveitasjóðunum, en framsögumaður hefði verið hræddur um, að nóg mundi þykja lagt á landssjóðinn; kvaðst hann að vísu eigi ætla að fara langt út í það; en hann vissi þó, að allt of mikið mundi hæft í því, að sveitasjóðirnir hefðu nóg með sig, og varlega yrði að fara í það, að ofþyngja þeim eigi svo, að þeim yrði óvinnandi að borga.

Framsögumaður kvaðst eigi ætla að dæma um, hvort svo mundi vera, sem hinn háttvirti landshöfðingi hefði látið í ljósi, að það mundu leiðar frá hinu ráðgefanda þingi, að slengja öllum útgjöldum saman á landssjóðinn. En meining sín með að mæla með tölul. 11. hefði verið sú, að gjöra öllum hreppum landsins sem jafnast undir höfði, að því er kennsluna snerti; allt væri örðugra og þyngra fyrir hinar fjarlægari sveitir; þætti sjer því rjettlátt, að landssjóðurinn borgaði kennslu ljósmæðranna jafnt fyrir alla hluti landsins. Þingmaður Rangæinga og Skaptfellinga hefðu talað mikið um kostnað þann í tilliti til launa ljósmæðranna, er eptir frumvarpinu ætti að hvíla á sveitar- og sýslusjelögunum, en þeim mundi hafa gleymzt máltækið: það skal dýrt kaupa, sem kostar mikið. Hinir heiðruðu þingmenn yrðu að gá að, hvað hjer væri í húfi; það væri um líf og heilsu að ræða; við hverja fæðingu væri líf tveggggja í veði; gætu uppbyggilegustu konurnar, sem mest stoð væri í fyrir sveitirnar, eins átt líf sitt á hættu eins og aðrar; væri því vel til vinnandi fyrir sveitasjóðinn að stuðla til að lífi þeirra og barna þeirra væri borgið. Þingmaður Rangæinga og Þingeyinga hefðu verið á móti breytingu nefndarinnar, að breyta 8 álna gjaldinu í 3 krónur. Reyndar hefði nú eigi komið ljóst fram hjá þingmanni Rangæinga, hvort honum hefði þótt 8 álnirnar of mikið, eða of lágt gjald. Ef hann hefði meint hið fyrra, þá væri hann honum alveg samdóma; nefndin hefði því einmitt sýnt hjer tilslökun með því að setja 3 krónur í staðinn fyrir 8 álnir. Það væri í rauninni ekki svo lítið gjald. Í mörgum sveitum væru margar öreiga-konur, og tæki maður hrepp, þar sem 10 konur fæðju af sveit, yrði það 30 krónur; en eptir álnatalinu yrði það talsvert meira; eptir verðlagsskránni í Snæfellsnessýslu í ár 48 kr. 80 aurar, og væri þetta tilfinnanlegt fyrir þá hreppa þar, sem ekki gætu unu sinni lagt með ómögum sínum. Það hefði verið talað um, að ljósmæðrunum í Reykjavík væri gjört hærra undir höfði, en öðrum ljósmæðrum, en menn yrðu að gæta þess, að þær einnig ynnu fyrir aðra hreppa út um landið, þar sem þær auk hins reglulega starfa síns fengjust við kennslu ljósmæðraefna, og ættu því að vera rjettarhærri. Hinn heiðraði þingmaður Þingeyinga hefði sagt, að amtmaður gæti sett ólærða ljósmóður til starfa; en slík uppástunga væri þýðingarlaus, þar sem hún hefði alls enga lagaskyldu til að hlýða þeirri köllun. En, eins og hann hefði áður tekið fram, yrði hann að mæla fram með 24. tölul., ef þessi grein næði fram að ganga.

Sighvatur Árnason kvaðst í þetta sinn hafa verið óheppnari með breytingaruppástungur sínar, en áður, þar sem hinn háttvirti landshöfðingi hefði þá verið þeim meðmæltur. Nú væri eigi því að fagna, þar sem um breytingaruppástungu sína undir 8. tölulið væri að ræða. Hann hefði sagt, að uppástunga sú færi í öfuga átt með tilliti til gjalda yfir höfuð. En eins og hann hefði áður tekið fram, hefði hann aðra skoðun á því máli. En ef að einhver gæti sýnt sjer fram á annað, og sannfært sig, þá væri öðru máli að gegna, eða að einhverju yrði ljett á þeim gjaldstofnum, sem hingað til hefði verið lagt á, og enn ætti eptir frumvarpinu að leggja nú á, þá skyldi hann fús til, að láta undan með það, að laun ljósmæðra yrðu borguð úr landssjóði. En hann yrði að efast um, að það mundi koma fram. Nú yrðu menn yfir höfuð að játa, að útgjaldalög ættu að vera svo úr garði gjörð, að þau gætu orðið vinsæl, en aptur væri það eðlilegt, að þau yrðu óvinsæl, þegar þau væru ójafnrjettisleg og á skökkum grundvelli byggð.

Eins og útgjaldalögunum nú hagaði, þá yrði afleiðingin, að beztu kraptarnir í sveitunum tvístruðust í óendanlegt og óvinsælt innheimtuvastur. Ójafnaðurinn lægi í því, að sumir yrðu að borga meira en þeim bæri að rjettu lagi, hinir efnuðu opt að tiltölu minna en hinir fátækari, sem von væri, þegar grundvöllurinn fyrir gjöldunum væri skakkur sýslna og sveita í millum. Þar af leiddi aptur, að lögin yrðu miklu fremur fótum troðin, og þjóðin óvinveittari við þingið og alla yfirboðara *sína*, sem tollana eigi að taka. Að þessu mætti þingið ekki stuðla. En viðvíkjandi því, er hann hefði ráðið til, að launin borguðust af landssjóði, og það þætti óhæfa, kvaðst hann vilja spyrja, hví þá ekki væri sömu reglu beitt með Reykjavíkurkaupstað og Vestmannaeyjar.

Jón Hjaltalín kvaðst eigi ætla að tala sjerstaklega um hinar einstöku mörgu breytingaruppástungur á atkvæðaskránni; sjer og nefndinni hefði þótt frumvarpið í heild sinni mikið gott, og hefði nefndinni því ekki þótt nein ástæða til að gjöra við það breytingar, að fáum orðabreytingum undanteknum, sem hann vonaði að *minnsta kosti* gætu ekkert skemmt. Þar sem mikið hefur verið talað um, að of mikið gjald yrði með þessu fyrirkomulagi lagt á sveitarsjóðina og talað hefur verið um að slengja öllu upp á landssjóðinn, þá væri hann hræddur um, að slíkar mótbárur væru sprottnar af því, að menn væru engan veginn sannfærðir um nytsemi lærðra ljósmæðra, og væri það illa farið. Menn hlytu að játa, að sú skoðun væri mjög iskyggileg, að á sama stæði, hvort ljósmóðir væri lærð eða eigi; hefði hann næga reynslu fyrir sjer í því efni; hann hefði þrávalt rekið sig á það, að þessar ólærðu ljósmæður hefðu hvorki vitað upp nje niður, þegar þær hefðu verið spurðar af læknunum um hin nánari atvik við ástand sængurkonunnar, og þegar þær svo senda læknunum lýsingu, væri hún svo ógreinilega samin, að ómögulegt væri að ráða af henni, hvað ráðleggja skyldi. Hvað kennsluna snerti, gæti hann að vísu vel játað, að ýmsir læknar í hjeruðum gætu hana í tje látið, að því er til bókarinnar kæmi, en það lægi þó í augum uppi, að hvergi annarstaðar á landinu en hjer í Reykjavík gæfist ljósmæðraefnum jafngott færi á að afla sjer hinnar praktisku þekkingar, er ljósmæðrum væri svo áríðandi, því að hjer fæddust c. 80 börn á ári. Kostnaður sá, er til þess gengi, mundi borga sig margfalt seinna; gæti hann eigi orðið heldur svo hræðilegur. Kennslan yrði þeim ljettbær, þar sem hann hefði ávallt álitið það skyldu sína eptir stöðu sinni, að kenna þeim án alls endurgjalds. Það yrði þá alleina að liggja í ferðakostnaðinum, sem þó gæti eigi heldur orðið svo tilfinnanlegur. Að öðru leyti yrðu menn og að vara sig á, að horfa í kostnaðinn, þar sem um fólksfjölgunina væri að ræða; það væri eptir eðli sínu þýðingarmikið atriði fyrir hvert land. Allir vissu, hve stórsóttirnar hefðu strádrepið fólkið, en það væri eigi að eins þær, heldur og hinn mikli barnadauði. Hann hefði veitt þessu atriði eptirtekt um allmörg ár, og komizt þá að þeirri niðurstöðu, að út um landið hefðu dáið 36—40 af hverjum 100 fæddum börnum, en í Reykjavík að eins 19 af hundraði. Þetta yrði hann að þakka læknunum og betri uppfræðingu ljósmæðra í Reykjavík. Kvaðst hann annars ætla, að Íslendingar mundu ekki vera svo fjarskalega sýtingssamir, er þeir væru sannfærðir um nauðsyn einhvers hlutar. Hver velþenkjandi maður hlyti að vera sannfærður um, að sá kostnaður, sem yrði við slíka kennslu ljósmæðra, mundi margborga sig. Að öðru leyti sagði hann, að hinn heiðraði framsögumaður hefði tekið greinilega fram aðalatriðin í þessu máli. Að endingu hefði hann þá föstu von til þingsins, að það færi skynsamlega með þetta mál, sem varðaði svo mikið land og lýð. Það væri sannarlega ekkert spaug, að konur misstu heilsu sína máske æfilangt, og ættu þær fulla heimting á að fá þá aðstoð, er landstjórnin gæti frekast látið í tje. Vildi hann því mæla fast fram með frumvarpinu og þeim litlu breytingum, er nefndin hefði gjört við það. Annara breytinga virtist sjer engin þörf vera.

Bergur Thorberg kvað sjálfsagt, að þingdeildarmenn mundu hafa sjer það hugfast, að leggja ekkert það til í þessu máli, er gæti orðið því til tálmunar, að lagaboðið kæmi út. Hinn háttvirti landshöfðingi hefði ráðið frá því og talið það óeðlilegt, að laun ljósmæðra yrðu greidd úr landssjóði. Því kvaðst hann vera alveg samþykkur. En sjer virtist öðru máli að gegna um kostnað þann, er af kennslu þeirra leiddi, hann gæti eigi verið svo mjög óviðkomandi landssjóðnum, því að, eins og þingmaður Þingeyinga hefði tekið fram, væri kennsla einnar ljósmóður ekki einungis einu hjeraði í hag, þar sem ljósmæður gætu flutt úr einu hjeraði í annað; ef stofnaður væri einn ljósmæðraskóli fyrir allt landið með ölmusum, þá gæti það ekki álitizt óeðlilegt, að sá kostnaður yrði greiddur úr landssjóði. Þar sem því breytingaruppástungan undir tölul. 11. færi því fram, að kennslukaupið yrði greitt úr landssjóði, en eigi tekið af hlutaðeigandi amtsjafnaðarsjóði, vildi hann mæla með því, að hún yrði tekin til greina, þar að auki hvíldu þegar á jafnaðarsjóðunum mjög þung gjöld, og þegar gjaldið færi að verða allt að 1 krónu af hverju lausafjárhundraði, eða meir en ein króna, gætu varla verið tiltök, að hækka það enn meir. Reyndar vissi hann til þess, að áður hefðu legið á sjóði þessum gjöld, er hann eptir eðli sínu ekki hefði átt að bera, en þá hefði eigi legið á honum mörg önnur há gjöld, er hann nú hefði að bera, og hefði þetta því þá ekki verið tilfinnanlegt. Um hinar einstöku greinir ætlaði hann eigi að tala, en hjeldi sjer til þess, er nefndin og framsögumaður hefði tekið fram. Hina nýju grein gæti hann eigi fallizt á, þó það væri af öðrum ástæðum en framsögumaður hefði tekið fram; sjer virtist nefnil. meining greinarinnar vera sú, að amtmaður hefði heimild til að skipa ólærðar ljósmæður, ef þær gæfu kost á sjer og annars vildu það.

Ásgeir Einarsson sagði, að hinn 3. konungkjörni þingmaður hefði tekið að miklu leyti ómakið af sjer. Þó vildi hann tala fá orð um það, er hinn 5. konungkjörni þingmaður hefði sagt, nefnil., að Íslendingar mundu ekki svo sýtingssamir, ef þeir legðu kapp á eitthvað, en þeir hefðu þá líka sýnt það, sagði hann, að þeir vildu hafa sanngirni og jöfnuð. Nú væru umræðurnar í þessu máli orðnar svo langar, og ýmsar meiningar fram komnar; þar á meðal hefði verið farið fram á, að borga kennslukostnaðinn úr landssjóði, og hefðu sumir sagt, hann mundi ekki verða svo mikill. Hinn 5. konungkjörni þingmaður hefði eigi talið svo mikinn kostnað við að senda ljósmæður til kennslu til Reykjavíkur, og hefði eigi talið þar til annað en ferðakostnaðinn, en honum hefði líklega gleymzt að líta til þess, að eigi mundi lifað fyrir ekki neitt í Reykjavík, þar sem hann þvert á móti hefði heyrt, að það væri all-dýrt. Hann væri samþykkur hinum 3. konungkjörna þingmanni, að ósanngjarnt væri að leggja kennslukostnaðinn á jafnaðarsjóðina, en hann vildi ekki heldur, að allur annar kostnaður lenti á sýslu- eða sveitasjóðunum, til að launa með ljósmæðrunum. Hvað ljósmæðurnar í Reykjavík og Vestmannaeyjum snerti, þá fyndist sjer eigi vera á því jöfnuður, að ljósmæður í Reykjavík fengju laun sín úr landssjóði, en ljósmæður út um landið úr sýslusjóði, sem reyndar væri sama og úr sveitarsjóði; sama væri að segja um ljósmæðurina í Vestmannaeyjum, ef hún ætti að fá laun úr læknasjóði, sem nú ætti að leggja saman við landssjóð. Viðvíkjandi því, að ljósmæður í Reykjavík fengju laun úr landssjóði af þeirri ástæðu, að þær segðu til ljósmæðraefnum, þá væri hann því mótfallinn, og vildi hann hafa þá borgun sjerskilda, ef það annars væri borgunarvert. Kvað hann þessi misrjettindi óvinsæl hjá alþýðu, enda hvorki sanngjörn nje rjett hugsuð og gagnstæð langvarandi hugsunarhætti þjóðarinnar.

Stefán Eiríksson kvað hinn háttvirta landshöfðingja og hinn 3. konungkjörna þingmann hafa sagt, að laun ljósmæðra væru landssjóðnum alveg óviðkomandi; hann kvaðst þá vilja spyrja, hvers vegna væru þá launaðar úr landssjóði ljósmæður í Reykjavík og

á Vestmannaeyjum úr læknasjóði; sjer virtist þó, að sama regla ætti að gilda um þessi ljósmæðrahjeruð og hin önnur á landinu; það hefðu víst verið borguð útgjöld af landssjóði, sem miður hefði átt við, heldur en þó ljósmæðrum væri borgaður helmingur launa þeirra, sem frumvarpið fer fram á. Að öðru leyti væri hann samþykkur hinum 5. konungkjörna þingmanni og öðrum í því, að þetta mál væri nauðsynjamál, en því að eins, að kostnaðurinn ekki lenti nema að helmingi á sýslufjelögunum.

Sighvatur Árnason kvaðst að eins ætla að tala fáein orð út af ræðu hins háttvirta 3. konungkjörna þingmanns, þar sem hann hefði minnzt á jafnaðarsjóðina, og væri hann honum samþykkur í því, að ekki væri á þá bætandi; en á honum sannaðist máltækið: «hver er sínum hnútum kunnugastur», þar sem hann hefði þó ekki viljað ljetta neinu á sýslu eða sveitarsjóðunum, sem hefðu jafnmiklar kvaðir og gjöld, og það vissu allir, sem nokkuð þekktu til, að grundvöllurinn væri hinn sami, nefnilega lausafjeð. Framsögumaður hefði beint því að sjer, að hann hefði kastað steini á breytingu nefndarinnar á 8 álna gjaldinu í 3 krónur. Meining sín hefði aldrei verið, að 3 krónur væri of mikið heldur of lítið gjald í samanburði við það, sem hlutaðeigendur sjálfir borguðu ljósmæðrum úr sínum eigin vasa. Að öðru leyti kvað hann það fjarri sjer, að ætla að spilla fyrir máli þessu, sem hann játaði vera mikið nauðsynjamál.

Fyrst eigi tóku fleiri til máls, kvaðst forseti vilja bera undir atkvæði deildarmanna frumvarp þetta samkvæmt hinni prentuðu atkvæðaskrá:

1. grein.

1. gr. frumvarpsins samþykkt í einu hljóði óbreytt.

2. grein.

Tölul. 3. samþykktur með 9 atkv.
— 2. —— í einu hljóði.

3. grein.

— 4. felldur með 6 atkv. gegn 5.
— 5. — — 9 — — 2.
Tölul. 6. samþykktur með 9 atkv.
— 7. —— — 9 —

4. grein.

— 8. felldur með 8 atkv. gegn 3.
— 9. — — 8 — — 2.
— 10. samþykktur með 6 atkv. gegn 5.
— 11. —— — 9 —
— 12. —— — 7 —
— 19. —— — 9 —

5. grein.

— 14. felldur með 7 atkv. gegn 4.
— 15. — — 8 — — 2.
— 16. samþykktur með 9 atkv.

6. grein.

— 17. samþykktur með 6 atkv. gegn 5.
— 18. —— í einu hljóði.

7. grein.

— 19. samþykktur án atkvæðagreiðslu.
— 20. —— í einu hljóði.
— 21. —— - — —

8. grein.

— 22. samþykktur með 9 atkv.
— 23. —— í einu hljóði.

9. grein (ný grein).

— 24. samþykktur með 10 atkv.
— 25. felldur með 6 atkv. gegn 5.
— 26. fyrirsögn frumvarpsins samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Var síðan borið undir atkvæði deildarmanna, hvort frumvarpið þannig lagað skyldi ganga til 3. umræðu, og var það samþykkt með 10 atkvæðum.

Frumvarpið var nú svo hljóðandi:

FRUMVARP

til laga um ljósmæðraskipun á Íslandi.

1. grein.

Sjerhverri sýslu landsins skal skipt í ljósmæðrahjeruð; hversu mörg þau skuli vera í hverri sýslu, og hvað stór umdæmi, ákveður amtsráðið eptir uppástungu hlutaðeigandi sýslunefndar.

Sjerhver hinna íslenzku kaupstaða skal vera ljósmæðra-umdæmi út af fyrir sig, og ákveður hlutaðeigandi bæjarstjórn eða bæjarráð, hvað margar ljósmæður skuli vera í kaupstaðnum.

2. grein.

Svo fljótt, sem verða má, skal í hvert ljósmæðra-umdæmi setja eina ljósmóður eða, ef svo kann að verða ákveðið um kaupstaðina, fleiri ljósmæður, og skulu þær hafa tekið próf í yfirsetufræði. Ljósmæðurnar skulu hafa bústað í umdæminu, og í sveitahjeruðunum þar, sem sýslunefndinni þykir henta.

Amtmaður skipar ljósmæðurnar eptir uppástungu sýslunefndar þeirrar, sem hlut á að máli, eða bæjarstjórnar.

3. grein.

Í Reykjavíkur-umdæmi skulu ljósmæðurnar, hver um sig, hafa 100 kr. í laun á ári; í hinum kaupstöðunum og sömuleiðis á Vestmannaeyjum 60 kr., og í sveitahjeruðunum 40 kr. Eptir 10 ára góða þjónustu í sveitahjeraði skal þar að auki veita 20 kr. viðbót, og skal þessi ákvörðun einnig ná til þeirra ljósmæðra, sem nú eru. Álíti sýslunefndin, að eigi sje næg ástæða til að veita launaviðbót eptir aldri, skal bera málið upp fyrir amtsráðinu og leggur það þá málið undir úrskurð landshöfðingja. Þegar ljósmæður fá lausn sökum aldurs eða heilsubrests, má veita þeim eptirlaun, sem sjeu miðuð við þann tíma, er þær hafa verið við, og dugnað þeirra.

4. grein.

Kostnað þann, sem gengur til launa og eptirlauna ljósmæðranna, svo og til að útvega þeim verkfæri þau, sem þörf er á, skal hlutaðeigandi kaupstaður eða sýslufjelag greiða. Kostnaðinn við kennslu ljósmæðra skal greiða úr landssjóði.

5. grein.

Engin getur orðið ljósmóðir, nema hún hafi notið kennslu og gengið undir próf annaðhvort á hinni konunglegu fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn eða hjá landlækninum á Íslandi, og fengið skírteini um, að hún hafi tekið prófið. Ljósmæðurnar í Reykjavík skulu hafa notið kennslu á hinni konunglegu fæðingarstofnun.

6. grein.

Ljósmæðurnar eru skyldar til tafarlaust að láta í tje sjerhverri sængurkonu í umdæmi þeirra, sem æskir þess, aðstoð sína. Ljósmóðirin hefur rjett til, auk fararbeina ókeypis fram og aptur, að fá sanngjarna þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun hjá sjerhverjum þeim, sem notar aðstoð hennar. Þiggi sængurkonan styrk úr sveitarsjóði, skal sveitin skyld til að greiða þeirri ljósmóður, sem situr yfir konunni, auk fararbeina ókeypis, í þóknun 3 krónur. Í forföllum hjeraðsljósmóðurinnar er ljósmóðirin í því umdæmi, sem næst er, skyld til, ef hún getur komið því við án þess að vanrækja sitt eigið umdæmi, að sitja yfir konum þeim, sem leita aðstoðar hennar.

7. grein.

Að því leyti, sem snertir framkvæmdir á skylduverkum ljósmæðra, eru þær undir umsjón landlæknis og hjeraðslækna, og skulu þær samvizkusamlega breyta eptir hinni almennu reglugjörð fyrir ljósmæður, sem landlæknirinn býr til, og landshöfðinginn yfir Íslandi samþykkir.

8. grein.

Brjóti nokkur ljósmóðir gegn því, sem henni er gjört að skyldu með lögum þessum og reglugjörðinni fyrir ljósmæður, skal hún, að því leyti þyngri hegning ekki liggur við afbroti hennar eptir gildandi lögum, sæta sektum, sem renna í landssjóð, og verði hún sek á ný og sjeu mjög miklar sakir til, og sjer í lagi ef hún optar en einu sinni hefur skorazt undan að vitja sængurkonu tafarlaust, skal henni vikið frá. Ef nokkur ljósmóðir ljóstrar því upp, sem kona, er orðin er barnshafandi, hefur trúað henni fyrir, skal henni þegar vikið frá sýslu sinni.

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR

við frumvarp til laga um ljósmæðraskipun á Íslandi, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild alþingis.

1. Breytingaruppástungur landshöfðingjans.

Við 4. grein, að bætt verði aptan við orðin: «sýslufjelag greiði» þessum orðum: «Samt skal fyrst um sinn, eins og gjört hefur

verið hingað til, borga laun tveggja ljósmæðra í Reykjavík úr landssjóðnum, og laun ljósmóðurinnar á Vestmannaeyjum úr læknasjóðnum íslenzka».

Við sömu gr.: að í stað orðanna: «úr landssjóði» komi: «úr hlutaðeigandi amtsjafnaðarsjóði», og aptan við þau verði bætt þessum orðum: «samt skal Reykjavíkurkaupstaður fyrir sitt leyti sjálfur greiða þessi útgjöld».

---

2. Breytingaruppástunga frá Ásgeiri Einarssyni, Bergi Thorberg, Sighvati Árnasyni og Torfa Einarssyni.

Að í niðurlagi 4. greinar: Í staðinn fyrir orðin: «Kostnaðinn við kennslu ljósmæðra skal greiða úr landssjóði» komi: «allan kostnað, er leiðir af kennslu ljósmæðra, þar á meðal kostnaðinn við ferðir þeirra til kennslustaðarins, og þaðan aptur til átthaga þeirra, og við dvöl þeirra á kennslustaðnum, skal greiða úr landssjóði, með þeirri upphæð, er landshöfðingi samþykkir».

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 15. fundi efri þingdeildarinnar, 20. dag júlímán., kom frumvarp þetta samkvæmt dagskránni til þriðju umræðu.

Framsögumaður sagðist ekki ætla að verða margorður um breytingaruppástungur þær, er komnar væru fram síðan við 2. umræðu máls þessa. Breytingaruppástungur hins hæstvirta landshöfðingja virtust sjer fremur óheppilega orðaðar; þær væru kallaðar breytingaruppástungur við konunglegt frumvarp, en ættu víst heldur að hallast að breytingaruppástungum við frumvarpið, eins og það síðast hafði verið samþykkt af deild þessari; eins væri ekki rjett: «sýslufjelag greiði», heldur «greiða». En hvað efni breytingaruppástungunnar snerti, gæti hann nú eigi fremur aðhyllzt hana en áður frumvarpsgreinina í því atriði. Hinn hæstvirti landshöfðingi hefði við 2. umræðu máls þessa látið þá skoðun sína í ljósi, að breytingar þær, er þá hefðu verið gjörðar við 4. grein, mundu spilla fyrir málinu, en nú mundi eigi álit hans batna á 3. grein, þegar komin væri fram breytingaruppástunga hinna 4 heiðruðu þingmanna, hins 3. konungkjörna, þingmanns Rangæinga, þingmanns Strandasýslu, og 1. þingmanns Húnavatnssýslu, sem færi fram á ,að eigi að eins kennslan, heldur og ferðakostnaðurinn og kostnaðurinn af dvöl þeirra hjer í Reykjavík skyldi borgast úr landssjóði. Þegar hinn hæstvirti landshöfðingi hefði við 2. umræðu málsins haldið fram ákvörðunum frumvarpsins í þessu efni, hefði hann fært það máli sínu til sönnunar, að ljósmæðraskipunin væri sveitamál. Í þessu væri hann honum samþykkur að nokkru leyti; en ekki þó að því, er kennsluna snerti, því að um hana væri, sem hverja aðra opinbera kennslu, að hún væri landsmál, mál, er snerti allt landið. Sín skoðun væri því, að breytingaruppástunga hinna 4 háttvirtu þingmanna væri á góðum rökum byggð og væri til bóta, svo væri og um síðustu ákvörðunina í breytingaruppástungu þessari, um að landshöfðingi samþykki upphæðina á kostnaði þeim, er leiddi af kennslu ljósmæðra, ferðum og dvöl hjer í bænum, að sjer geðjaðist vel að henni. Ef nú aptur á móti uppástunga hins hæstvirta landshöfðingja næði fram að ganga, lægi í augum uppi, hve misjafnt kostnaður þessi kæmi niður á hinum ýmsu hjeruðum landsins. Það væri þó sannarlega mikill munur, hvort sækja ætti til Reykjavíkur úr nærsveitunum þar í kring eða af yztu útkjálkum landsins. Þannig gæti kostnaðurinn, er lenti á hinum fjærstu sveitum, orðið óbærilega þungur, þar sem nærsveitirnar aptur þyrftu mjög lítlu til að kosta.

Sighvatur Árnason sagði, að hinn háttvirti framsögumaður hefði þegar gefið breytingaruppástungu sinni og hinna 3 heiðruðu þingmanna meðmæli sín. En viðvíkjandi því, er hinn hæstvirti landshöfðingi færi fram, vildi hann enn lýsa því yfir, að það væri sín óbifanleg sannfæring, þegar um almenn lög væri að ræða, að eitt af aðalskilyrðum fyrir lögunum ætti að vera það, að þau væru byggð á almennri jafnrjettishugsun, nema því að

eins að sjerstaklegar og mikilvægar orsakir væru til undantekningar, en þær kringumstæður, er ættu að heimila þá undantekningu, væru að sinni skoðun eigi hjer til staðar viðvíkjandi Reykjavík og Vestmannaeyjum, eða þá að þær væru eigi svo ljóslega skýrðar fyrir sjer, að sjer virtist að gjöra mætti hjer undantekningu undan lagareglunni. En væri aðalástæðan á móti málinu sú, að óttast mætti fyrir, að það fengi eigi staðfestingu, þá virtist sjer það sama sem engin ástæða væri, því að hann hlyti að vera sannfærður um, að löggjafinn geymdi í brjósti sjer þá hina sömu jafnrjettishugsun, er ætti að vera hin sanna undirstaða og grundvöllur laganna.

Benidikt Kristjánsson kvaðst eigi skilja, hvernig breytingaruppástunga hins hæstvirta landshöfðingja yrði borin upp undir atkvæði deildarmanna, því hún væri að efni og útvortis formi identisk við það, sem hún ætti að vera breyting við. Í henni væru sömu orðin og í hinu upprunalega konunglega frumvarpi tekin upp aptur. Kvaðst hann því verða að ætla, að hjer hefði mjög misprentazt í prentsmiðjunni, þar sem allt annað hefði verið prentað, en skrifað hefði verið. Breytingaruppástungu gætu menn kallað svo því að eins, að hún breytti einhverju, annars ekki.

Landshöfðingi sagðist vera sannfærður um, að breytingaruppástungur sínar væru alveg samkvæmar þingsköpunum, sem heimiluðu honum að koma fram með breytingaruppástungur við 3. umræðu málanna. Nú vildi hann þá enn einu sinni bera undir álit hinnar heiðruðu deildar ákvarðanir stjórnarframvarpsins í 4. grein, og vildi hann í því skyni fara fáum orðum um þessa breytingaruppástungu sína. Hann vildi þá fyrst taka það fram enn aptur, að sjer virtist mjög ísjárvert, að leggja á landssjóðinn kostnað þann, sem eptir hlutarins eðli ætti að hvíla á hlutaðeigandi sveitarsjóð. Að sínu áliti væri það sprottið af nokkur skonar misskilningi, þegar hin heiðraða deild hefði skoðað ljósmæðrakennsluna sem álíka (analog) þeirri menntun, er embætti landsins heimtuðu, eða þá skoðað ljósmæðurnar — þó að áríðandi sýslan væri falin þeim á hendur — sem nokkurs konar embættismenn. Reynslan mundi sýna og sanna, að engin kona mundi fara að iðka yfirsetukvennafræði í því skyni að sækja um ljósmæðrastöðu hjer og hvar í landinu, heldur mundi fara hjer sem annarstaðar, að hlutaðeigandi sveitarstjórn, ef á ljósmóður þyrfti að halda, mundi hlutast til um og annast, að kosta til kennslu og annars einhverja þá konu, er hæfileg þætti til þess starfa, móti því hún skuldbyndi sig til að gegna ljósmæðrastörfum í því hjeraði og ekki neinu öðru. Hingað til hefði og kostnaðurinn til þessarar kennslu verið borgaður af amtsjafnaðarsjóðnum og aldrei numið miklu, en hætt væri við, að hann færi mjög vaxandi, ef hann ætti að borgast úr landssjóði. Jöfnuður sá, er í því tilliti væri ætlazt til að koma skyldi á fyrir allt landið, mundi og vera meiri í orði kveðnu en í raun rjettri, því að það mundi sýna sig, að beztur jöfnuður yrði á, þegar hvert fjelag annaðist sín útgjöld, án þess að fá styrk hjá öðru fjelagi. Og skyldi í fyrstu eitthvert amt gjalda meira í þessu tilliti en annað, þá væri það komið af því, að það amt hefði þegar borgað þennan kostnað, en hitt verið laust við hann; þessi mismunur mundi brátt hverfa af sjálfum sjer. Útgjöldin til ljósmæðrakennslunnar væru engu síður en kostnaðurinn við laun þeirra og eptirlaun, svo og til að útvega þeim verkfæri, eptir hlutarins eðli sveitarmálefni; ætti því allur þessi kostnaður jafnt að borgast úr hlutaðeigandi sveitarsjóðum, eða samkvæmt ákvörðunum frumvarpsins, og eins og hingað til hefði tíðkazt, úr amtssjóðnum. Hins vegar ætti landssjóðurinn að borga þann kostnað, sem væri því samfara, að ljósmæðrum gæfist kostur á fullkomnari kennslu, fyrir því ætti hann að launa kennaranum og aðstoðarmönnum hans, enda hefði hinn háttvirti landlæknir um daginn skýrt deildinni frá, að hann aldrei hefði reiknað sjer kennslukaup í þessu tilliti. Eins og nú laun landlæknisins væru borguð úr

landssjóðnum, eins ætti það og vel við, að styrkur veittist ljósmæðrunum í Reykjavík, sem ættu að aðstoða hann við kennsluna í hinu praktiska, úr landssjóði. Auk þeirra 100 króna, sem hingað til hefðu verið borgaðar ljósmæðrunum í Reykjavík, hvorri um sig úr landssjóði, þá hefði kaupstaðurinn og borgað þeim laun úr bæjarsjóðnum, og mundi þetta fyrirkomulag að öllum líkindum við haldast, þó að ákvörðun stjórnarfrumvarpsins yrði samþykkt, og mætti skoða þessar 200 krónur, er hjer ræddi um, sem þóknun einmitt fyrir þátt þann, er ljósmæðurnar í Reykjavík ættu að taka í kennslunni. Viðvíkjandi launum ljósmóðurinnar á Vestmannaeyjum, kvaðst hann skýrskota til Plakats 27. marz 1863, sem ákvæði, að spítalalutirinn bæði af fugli og fiski á þessum eyjum, er hingað til, samkvæmt konungsbrjefi 20. febrúar 1750 hefði verið tekjur fátækrasjóðs eyjanna, skyldi frá 1. jan. 1865 renna inn í læknasjóðinn með því skilyrði, að af þessum sjóði skyldi fyrst um sinn greiddir 30 ríkisdalir til launa handa yfirsetukonu á Vestmannaeyjum, og mundi varla vera ástæða til fyrst um sinn að nema þetta skilyrði úr gildi, þegar litið væri til hins bága ástands þessara eyja.

Stefán Eiríksson kvað mál þetta hafa verið ítarlega rætt við aðra umræðu; nú væri komin fram breytingaruppástunga við 4. grein frá 4 heiðruðum þingmönnum, og gæti hann vel sætt sig við hana, þar ákvörðun greinarinnar við það yrði skýrari; en viðvíkjandi því, er hinn hæstvirti landshöfðingi færi fram á í breytingaruppástungu sinni, þá væri þegar nægilega búið að taka fram, hverjir annmarkar væru á því, að kostnaðurinn við laun ljósmæðra væri látinn falla á sveitar- og sýslufjelögin, þeim til óbærilegs tjóns og eyðileggingar. Hann gæti fullvissað menn um það, að þegar ljósmæðraskipunin kæmist á, mundi sú verða niðurstaðan, að sýslufjelögin yrðu alveg gjaldþrota, og þá gæti þó þingið ekki glatt sig við það, að það hefði unnið landi og lýð þarft verk. Þar sem hinn hæstvirti landshöfðingi hefði sagt, að kostnaðurinn við kennslu ljósmæðra ætti að skoðast sem sveitarmálefni, þá gæti hann engan veginn verið honum samþykkur í því; hinn háttvirti landshöfðingi vissi þó, að jafnaðarsjóðsgjöld í suðuramtinu eru orðin svo há, að vart muni nokkurri valdstjórn koma til hugar að hækka þau upp úr 40 aurum af lausafjárhundraði hverju, en með því að leggja kostnaðinn við kennslu ljósmæðra á jafnaðarsjóðina, mundu gjöld þau geta á endanum eyðilagt amtsbúa. Þar sem hinn háttvirti landshöfðingi vildi láta ljósmæður í Reykjavík fá laun sín úr landssjóði, þá gæti hver maður sjeð, að slíkt er ekki jafnrjetti við sýslufjelögin. Reykjavík væri ekki fátækari til að kosta 10 til 12 ljósmæður; hann sæi því eigi heldur að Vestmannaeyingum væri ofvaxið að kosta eina ljósmóður í samanburði við sýslufjelögin. Af þessum ástæðum yrði hann að vera alveg mótfallinn breytingaruppástungum landshöfðingjans.

Fyrst fleiri tóku eigi til máls, var gengið til atkvæða í málinu, og fjell atkvæðagreiðslan þannig:

1. Breytingaruppástunga frá landshöfðingja við 4. grein felld með 9 atkv.
2. Breytingaruppástunga frá sama við sömu grein felld með 9 atkvæðum.
3. Breytingaruppástunga frá Ásgeiri Einarssyni, Bergi Thorberg, Sighvati Árnasyni og Torfa Einarssyni við niðurlag 4. greinar samþykkt með 9 atkvæðum.
4. 4. grein með áorðinni breytingu samþykkt með 10 atkvæðum.
5. Frumvarpið í heild sinni með áorðinni breytingu samþykkt með 10 atkvæðum, og lýsti forseti því yfir, að frumvarpið yrði sent forseta hinnar neðri deildar þingsins, til þess að það yrði lagt fyrir þá deild.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 21. fundi neðri deildar alþingis, 27. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til fyrstu umræðu frumvarp til laga um ljós-

mæðraskipan á Íslandi, eins og það var samþykkt í efri deild þingsins 20. dag s. m.

Hjálmur Pjetursson kvaðst ekki vilja að óþörfu gjöra breytingar við frumvörp frá efri deild þingsins, en frumvarp það, er hjer lægi fyrir, sýndist sjer samt athugavert í sumum greinum. Hjer væri nýr skattur lagður á sýslusjóðina, ofan á hin þungu sveitargjöld, og væri það varúðarvert. Aðalaugnamiðið væri að bæta sem fyrst úr ljósmæðraskortinum, en því mundi betur verða framgengt með því að launa þeim úr landssjóði. En því mundi nú verða svarað þannig, að þetta mál væri sýslumál, og að rjettindum þeim, er fjelögin fengju með þessu, ættu að fylgja skyldur. Annað atriði væri það, að hann áliti, að launin mættu til að vera mjög lág, að eins þóknun, án eptirlauna og launaviðbótar, nema ef vera skyldi fyrir sjerstakan dugnað og árvekni; enda væri það viðtekin regla við allt það, sem hefur aukinn eða nýjan kostnað í för með sjer, að launa einungis með litilli þóknun, og skyldi hann í því tilliti vitna til sveitarstjórnarlaganna. Þar sem ljósmæðraefnum er gjört að skyldu, að læra einungis hjá landlæknirum, þá sýndist sjer það ekki heppileg ákvörðun. Það mætti þó fullkomlega gjöra ráð fyrir, að hjeraðslæknarnir, að minnsta kosti í 5 hinum bæst launuðu læknaembættum, væru færir um að kenna yfirsetufræði; en það gæti verið stór hægðarmunur og jafnframt peningasparnaður, að mega læra hjá þeim lækni, er næstur væri, heldur en að verða jafnan að fara til Reykjavíkur. Þetta atriði beiddi hann þingdeildina vel að athuga.

Því næst var í einu hljóði samþykkt, að málið gengi til annarar umræðu.

Breytingaruppástunga
við frumvarp til laga um ljósmæðraskipun á Íslandi.

(Frá Hjálmi Pjeturssyni, þingmanni Mýramanna, og Jóni Sigurðssyni, 2. þingmanni Þingeyinga).

Við 3. grein.

Að síðari hluti greinarinnar: «eptir 10 ára góða þjónustu» o. s. frv. til enda greinarinnar, falli burt, en í þess stað komi: «sýni ljósmóðir framúrskarandi dugnað og árvekni í þessari stöðu sinni, skal enn fremur veita henni allt að 20 kr. viðbót, annaðhvort í eitt skipti, eða árlega, eptir uppástungu hlutaðeigandi sýslunefndar, og eptir meðmælum viðkomandi hjeraðslæknis».

Við 4. grein.

Orðin: «og eptirlaun» falli burt; í staðinn fyrir: «sýslufjelag» komi: «ljósmóðurumdæmi».

Við 5. grein.

Á eptir orðunum: «hjá landlæknirum á Íslandi» bætist inn í: «eða hjeraðslæknum á Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri og Eskifirði».

ÖNNUR UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 21. fundi neðri deildar alþingis, 30. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til annarar umræðu frumvarp til laga um ljósmæðraskipun á Íslandi, eins og það var samþykkt í efri deildinni, ásamt breytingaruppástungu frá 2 þingmönnum.

Páll prestur *Pálsson* sagði, að í þessu frumvarpi efri deildarinnar væru ýms atriði svo íhugunarverð, að hann áliti nauðsynlegt að setja nefnd í málið, og stakk hann upp á 3 manna nefnd.

Einar Ásmundsson kvaðst vilja styðja þá uppástungu, að nefnd væri sett. Sjer sýndist frumvarp þetta vera að mörgu leyti ver úr garði gjört, en búast mætti við, þar sem það væri búið að ganga í gegnum hreinsunareld efri deildarinnar. Einkum væri margt athugavert við málið, svo sem þar sem væri verið að tala um hina íslenzku kaupstaði; þetta orð «íslenzkur» í þessu sambandi sýndi það, að lögin væru upphaflega ekki hugsuð á íslenzku eða á Íslandi, heldur einhverstaðar annarstaðar. Þar sem orðið «ljósmóðir» væri hjer haft alstaðar í sömu merking sem «yfirsetukona», þá væri það ekki alls kostar rjett eða nákvæmt, því að það

væri nokkur munur á merking þeirra tveggja orða. Ljósmóðir þýddi að eins þá konu, er tæki við barni án tillits til þess, hvort hún væri regluleg eða lögskipuð yfirsetukona eða eigi. Aptur þýddi «yfirsetukona» þá konu, er til þess væri skipuð, að sitja yfir sængurkonum, án nokkurs tillits til þess, hvort hun væri ljósa eða ljósmóðir nokkurra barna. Þannig væri líkur munur á þessum tveim orðum, sem á orðunum móðir og kona, og ef það yrði rjett, að kalla allar yfirsetukonur ljósmæður, eins og frumvarpið gjörði, þá væri líka rjett að kalla allar gjafvaxta konur «mæður», og eptir því gæti þá t. a. m. kvennaskólinn í Reykjavík kallast «mæðraskóli». Þetta og annað eins í frumvarpinu væri hálfvegis hneykslanlegt, og þyrfti lagfæringar við. Seinasta ákvörðun frumvarpsins væri ófullkomin mjög, og misskilningi undirorpin, og væri nauðsynlegt að breyta henni. Hann kvaðst vilja mæla með því, að þriggja manna nefnd væri sett.

Þá var hætt umræðunni, og leitað atkvæða um, hvort setja skyldi nefnd í málið, og var það samþykkt með 18 atkvæðum, að kjósa þriggja manna nefnd.

Fyrir kosningu urðu:

Einar Ásmundsson með 10 atkv.
Hjálmur Pjetursson — 10 —
Páll Pálsson prestur — 10 —

var þannig annari umræðu frestað, þangað til nefndin hefði lokið starfa sínum.

Í nefndinni var formaður kosinn Páll Pálsson, og Einar Ásmundsson skrifari og framsögumaður.

NEFNDARÁLIT
um frumvarp til laga um ljósmæðraskipun á Íslandi.

Nefnd sú, er hin heiðraða neðri deild alþingis hefur kosið til að hugleiða frumvarp til laga um ljósmæðraskipun á Íslandi, hefur sameiginlega komizt til þeirrar niðurstöðu, að frumvarp þetta, eins og það er komið frá efri deild þingsins, sje að mestu leyti vel lagað eptir þörfum lands vors. Þó vill nefndin leyfa sjer að leggja það til, að hin háttvirta neðri deild samþykki eigi frumvarpið með öllu óbreytt, heldur gjöri við það nokkrar breytingar að efninu til og jafnframt að málinu.

Þær efnisbreytingar, sem nefndin hefur leyft sjer að stinga upp á, miða einkum til þess, að landið geti fyrri fengið nægilega margar yfirsetukonur, sem nú er svo mikill skortur á. Þannig leggjum vjer það til, að hjeraðslæknarnir á Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri og Eskifirði megi kenna yfirsetukonum og yfirheyra þær eins og landlæknirinn. Því að öðrum kosti erum vjer hræddir um, að of fáar konur úr hinum fjarlægari landsfjórðungum geti gefið sig fram til að nema í Reykjavík, og nær þetta einkum til hinna giptu og búsettu, sem jafnaðarlega eru þó betur kjörnar til að verða yfirsetukonur en hinar yngri og minna reyndu. Í annan stað höfum vjer álitið það til verulegra bóta, að sýslunefndirnar hefðu heimild til að setja ólærðar yfirsetukonur til bráðabyrgða og launa þeim, meðan eigi er nógar lærðar að fá, því með þessu móti mundi síður verða hætt við, að nokkur sveit yrði til langframa yfirsetukonulaus. Hinar aðrar efnisbreytingar eru að eins lítilfjörlegar.

Úr því vjer eigi þóttumst geta aðhyllzt frumvarpið óbreytt, eins og það var komið frá efri deildinni, þá virtist oss vel hlýða að lagfæra um leið á því máli, sem er mjög óíslenzkulegt. Vjer höfum því ritað frumvarpið upp í heild sinni með breytingum þeim, er oss sýndust vera til bóta, og leyfum vjer oss að leggja það til, að hin heiðraða þingdeild samþykki frumvarpið þannig lagað.

Alþingi, 5. ágúst 1875.

Páll Pálsson, formaður. Einar Ásmundsson, skrifari og framsögumaður.
Hjálmur Pjetursson.

FRUMVARP
til yfirsetukvennalaga.

1. grein.

Sjerhverri sýslu landsins skal skipt

í yfirsetukvenna-umdæmi; ákveður amtsráðið, hversu mörg þau skuli vera í hverri sýslu, og hvað stór ummáls eptir tillögum sýslunefndarinnar.

Í hvert slíkt umdæmi skal, svo fljótt sem verða má, setja eina yfirsetukonu, og skal hún hafa bústað í því umdæmi þar, sem sýslunefndinni þykir henta.

Hver kaupstaður skal þar að auki hafa eina eða fleiri yfirsetukonur út af fyrir sig, eptir því sem bæjarstjórnin ákveður.

2. grein.

Yfirsetukonur þessar skulu hafa tekið próf í yfirsetufræði, og skipar amtmaður þær eptir tillögum sýslunefndar eða bæjarstjórnar þeirrar, er hlut á að máli.

3. grein.

Í Reykjavík skulu yfirsetukonurnar, hver fyrir sig, hafa 100 krónur í laun á ári; í hinum kaupstöðunum og í Vestmannaeyjum 60 kr., en í sveitum 40 kr.

Eptir 10 ára góða þjónustu í sveit má sýslunefndin þar að auki veita allt að 20 kr. viðbót á ári, og skal þessi ákvörðun einnig ná til þeirra yfirsetukvenna, sem nú eru.

Áliti sýslunefndin, að eigi sje næg ástæða til að veita launaviðbót eptir aldri, skal bera málið upp fyrir amtsráðinu, og leggur það þá málið undir úrskurð landshöfðingja.

Sýslunefndin má, ef henni þykir ástæða vera til þess, veita hæfileg eptirlaun þeirri yfirsetukonu, sem fengið hefur lausn frá starfa sínum fyrir sakir elli eða sjúkleika.

4. grein.

Kostnað þann, sem gengur til launa og eptirlauna handa yfirsetukonum, skal greiða úr sýslusjóði, eða bæjarsjóði þeim, er hlut á að máli. Kostnaðinn við kennslu yfirsetukvenna að meðtöldum ferðakostnaði þeirra til kennslustaðarins og þaðan aptur til átthaga þeirra, og sömuleiðis kostnaðinn til að útvega þeim einu sinni nauðsynleg áhöld, skal greiða úr landssjóði, með þeirri upphæð, er landshöfðingi samþykkir.

5. grein.

Engin getur orðið skipuð yfirsetukona, nema hún hafi notið kennslu og gengið undir próf, annaðhvort á hinni konunglegu fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn, eða hjá landlækninum í Reykjavík, eða hjeraðslækninum á Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri eða Eskifirði, og skal hún hafa fengið skírteini um, að hún hafi tekið prófið.

Yfirsetukonurnar í Reykjavík skulu hafa notið kennslu á hinni konunglegu fæðingarstofnun.

6. grein.

Yfirsetukonurnar eru skyldar til að láta tafarlaust aðstoð sína í tje hverri sængurkonu, er æskir þess í umdæmi þeirra. Yfirsetukonan hefur rjett til að fá sanngjarna þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun hjá hverjum þeim, sem notar aðstoð hennar, og að auki fararbeina ókeypis að heiman frá sjer og heim aptur. Þiggi sængurkonan styrk af sveit eða sje svo fátæk, að hún geti eigi borgað yfirsetukonu þeirri, er yfir henni situr, skal sveitin skyld til að greiða yfirsetukonunni, auk ókeypis fararbeina, 3 kr. í þóknun.

Nú hefur einhver yfirsetukona forföll, og er þá yfirsetukonan í næstu sveit eða umdæmi skyld til að sitja yfir sængurkonum þeim, sem leita aðstoðar hennar, ef hún má því við koma án þess að vanrækja sitt eigið umdæmi.

7. grein.

Yfirsetukonurnar eru undir umsjón landlæknis og hjeraðslækna að því, er snertir framkvæmdir skylduverka þeirra, og skulu þær samvizkusamlega breyta eptir hinni almennu yfirsetukvennareglugjörð, sem landlæknirinn býr til og landshöfðinginn samþykkir.

8. grein.

Brjóti nokkur yfirsetukona gegn því, sem henni er gjört að skyldu með lögum þessum og yfirsetukvennareglugjörðinni, skal hún sæta sektum, sem renna í landssjóð, nema þyngri hegning liggi við afbroti hennar að lögum. Verði hún sek af nýju, og eru miklar sakir til, einkum ef hún optar en einu sinni hefur skorazt undan að vitja sængurkonu tafarlaust, og að forfallalausu, skal henni vikið

frá. Ef einhver yfirsetukona ljóstar upp því, sem einhver kona hefur trúað henni fyrir, sem yfirsetukonu, um hagi sína, skal henni þegar vikið frá sýslu sinni.

9. grein.

Þegar lærð yfirsetukona eigi fæst í eitthvert umdæmi, má sýslunefndin með læknisráði setja þar til bráðabyrgða yfirsetukonu, þó ólærð sje, ef hún er reynd að dugnaði, og veita henni laun, eins og fyrir er mælt í lögum þessum.

10. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. dag ágústmánaðar 1876.

Páll Pálsson, formaður. Einar Ásmundsson, skrifari og framsögum.

Hjálmur Pjetursson.

FRAMHALD ANNARAR UMRÆÐU
í neðri deild alþingis

Á 36. fundi neðri deildar alþingis, 11. dag ágústmánaðar, var haldið áfram annari umræðu um frumvarp til laga um ljósmæðraskipun (yfirsetukvennalög) á Íslandi, ásamt nefndaráliti um frumvarpið.

Framsögumaður (*Einar Ásmundsson*) kvaðst fáu hafa að bæta við það, sem stæði í nefndarálitinu sjálfu. Flestar breytingar þær, er nefndin hefði gjört við frumvarpið, væru að eins orðabreytingar. 1. og 2. gr. væru að efni alveg óbreyttar. En efninu hefði verið raðað nokkuð öðruvísi eptir því, sem nefndinni hefði sýnzt eðilegast, og til þess að greinarnar yrðu ljósari. Í 3. gr. væri að eins lítil efnisbreyting, þar sem stungið væri upp á, að sýslunefndin *mætti* veita launaviðbót, en í frumvarpi efri deildarinnar væri sagt, að launaviðbótina *skyldi* veita eptir 10 ára þjónustu. Með þessari breytingu yrði greinin samkvæmari sjálfri sjer, þegar lítið væri á orðatiltækin í seinni hluta greinarinnar. Í 4. gr. væri sú efnisbreyting, að hjer væri gjört ráð fyrir, að landssjóðurinn annaðist kostnaðinn til að kaupa áhöld handa yfirsetukonum, en efri deildin stungi upp á, að sýslufjelagið keypti verkfærin; hann kvaðst vona, að þessi breyting væri heldur til bóta, enda væri það bæði sanngjarnt og samkvæmt, að ef ættjörðin sæi um kennslu þessara dætra sinna, þá gjörði hún þær einnig úr garði og gæfi þeim nauðsynleg áhöld í heimanmund, þegar þær færu úr skólanum. Í 5. gr. væri mesta efnisbreytingin, því að þar væri gjört ráð fyrir, að konur, er ætluðu að verða yfirsetukonur, væru eigi bundnar við það, að læra hjá landlæknirnum einum, eða í Kaupmannahöfn, heldur gætu einnig lært hjá 4 öðrum læknum í landinu. Ástæða sú, er nefndin hefði haft fyrir sjer til þessarar breytingar, væri sú, að það sýndist bundið nálega ókljúfandi erfiðleikum fyrir konur, að ferðast hingað til Reykjavíkur úr sumum fjórðungum landsins, og í sambandi við þetta stæði *aðalástæða* nefndarinnar til breytingarinnar, en hún væri sú, að hvervetna bæði í öðrum löndum og einnig hjer þætti miklu heppilegra, að yfirsetukonur væru giptar konur, en síður ógiptar stúlkur. En ef þetta væri eigi ástæðulaust, þá yrðu menn einnig að játa það, að svo illt og erfitt sem það væri fyrir ógiptar stúlkur, að komast úr fjarlægum hjeruðum landsins til Reykjavíkur til kennslu, þá væri þetta þó enn óhugsanlegra fyrir giptar konur. En aptur gæti þeim verið síður tilfinnanlegt, að komast til einhverra hinna 4 kaupstaða, er nefndar væru í greininni. Það sýndist líka alveg óþarft að gjöra ráð fyrir því, að læknar þeir, er sætu í þessum kaupstöðum, gætu eigi kennt yfirsetufræði, og það því fremur, sem þessi læknisumdæmi yrðu, eptir því sem til væri ætlazt, bezt launuð, og hefðu því að öllum líkindum optastnær bezta lækna. Í 6. gr. væri að eins lítil breyting. Nefndin hefði við þá breytingu haft það fyrir augum, sem opt ber við, að þótt kona þægi eigi af sveit, þá gæti hún verið svo fátæk, að hún gæti eigi borgað yfirsetukonu, og stundum gæti hún jafnvel verið fátækari en þær, er af sveit þægju. 7. og 8. gr. væru að efni alveg samhljóða frumvarpi efri deildarinnar. 9. gr. nefndarinnar væri til þess sett, að koma í veg fyrir, að nokkur sveit kæmist í vandræði, ef lang-

an tíma væri enga lærða yfirsetukonu að fá. Að svo mæltu kvaðst hann í nafni nefndarinnar skila þessu starfi, og gæti hann sagt deildinni það með sanni, að hversu mikið sem að frumvarpinu yrði fundið, þá hefði nefndin gjört sjer allt far um, að leysa verk sitt sem trúlegast af hendi.

Landshöfðingi sagði, að aðalbreyting sú sem nefndin hefði stungið upp á, væri, eins og tekið væri fram, við 3. gr. frumvarpsins, að hjeraðslæknarnir á Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri og Eskifirði mættu kenna yfirsetukonum og yfirheyra þær eins og landlæknirinn, og mætti síðan skipa þær yfirsetukonur jafnt þeim, sem notið hefðu kennslu erlendis eða í Reykjavík; tilgangurinn með þessu væri — eins og nefndin einnig hefði tekið fram — sá, að útvega landinu nægilega margar yfirsetukonur, en gæti að hans áliti leitt til þess, að þær, sem fengjust, yrðu eigi nægilega duglegar, en þetta væri eins áríðandi eins og hitt, enda virtist sjer aðalbreyting þessi alveg óþörf, þar sem frumvarpið sjálft í 9. gr. heimilaði sýslunefndinni með læknisráði vald til þess að setja ólærðar yfirsetukonur til bráðabyrgða, og þannig sjálft benti á annan veg, er miðaði til þess að sjá við skortinum, og væri breyting þessi því ísjárverðari, sem hjeraðslæknar eigi gætu útvegað mikla praktiska kennslu, sem væri hjer svo áríðandi, þar eð svo fáar fæðingar kæmu fyrir á tjeðum stöðum að tiltölu við Reykjavík, þar sem fæðingar reiknuðust að meðaltölu 100 á ári. Þess vegna gæti hann eigi fallizt á 5. gr. nefndarinnar. Stjórnarfrumvarpið hefði í 4. gr. stungið upp á að greiða kostnað þann, er gengi til kennslu, úr amtssjóði, og væri þetta að hans áliti alveg eðlilegt, af því málið snerti sveitina, og virtist sjer mjög óheppilegt að leggja þessi útgjöld á landssjóð, eins og efri deildin hefði lagt til, og nefndin, sem skipuð hefði verið í þessari deild, einnig aðhyllzt. En hann skyldi bæta því við, að kostnaðinn til hinna nauðsynlegu áhalda skyldi þó eptir ákvörðun efri deildar greiða úr hlutaðeigandi kaupstaðar- eða sýslusjóði, eigi eins og nefndin í þessari deild hefði stungið upp á, einnig úr landssjóði. Að öðru leyti miðuðu breytingar nefndarinnar mestmegnis til þess að laga málið, en það væri álit sitt, að í sjálfu sjer væri þvílíkar breytingar eigi æskilegar, þegar málið í lagaboðinu væri skiljanlegt og eigi annmörkum bundið, heldur væri það tímaeyðsla að gjöra tilraun til þess að laga málið í samstemmu við málfræðislegar reglur sjerhvers þingmanns, allrasízt þegar hjer væri eigi málfræðingar fyrir, enda sæti þá þar við, að «hverjum þætti sinn fugl fagur».

Guðmundur Einarsson sagðist vera sannfærður um, að mótmæli landshöfðingja væru sprottin af ókunnugleika hans á því, hvernig ástatt væri hjer á landi. Ef allt það, sem hann hefði haft á móti, væri tekið úr frumvarpinu, þá væri eigi til neins að gjöra það að lögum, því að þá yrðu þau lög þýðingarlaus. Ef hvergi mætti læra yfirsetufræði nema í Reykjavík, þá mundi þess, ef til vildi, aldrei að vænta, að nógu margar lærðar yfirsetukonur fengjust. Það væru þeir erfiðleikar á að ferðast til Reykjavíkur úr ýmsum hjeruðum landsins, og ef sveitar- eða sýslusjóðirnir ættu að borga allan kostnaðinn af kennslu þeirra, eins og landshöfðingi færi fram á, þá mundi víða verða hikað við, að leggja í þann kostnað. En hið versta af öllu væri þó, ef aldrei mætti setja ólærða konu til að sitja yfir, ef eigi væri kostur á lærðri. Fyrst væri nú það, að af því gætu beinlínis hlotizt vandræði. Og svo væri það aðgætandi, að sumar hverjar ólærðar yfirsetukonur væru margopt allt eins góðar og jafnvel langtum betri, en sumar lærðar. Landshöfðingi hefði og sjálfur talað um, að ekki ætti að eins að leggja áherzlu á hina «theoretisku» þekkingu, heldur öllu fremur á hina «practisku» þekkingu yfirsetukvenna. En sú kona, sem væri búin að sitja yfir konum í mörg ár og taka á móti hundruðum barna, hún hefði svo góða praktiska þekkingu, að varla yrði búizt við henni betri af nýútskrifuðum yfirsetukvennaefnum. Það mundi og mega trúa sýslunefndinni fyrir að mæla ekki með nema nýtum yfirsetukonum.

Páll prestur *Pálsson* sagði, að það hefði eigi verið hið einasta augnamið með ákvörðun nefndarinnar í 5. gr. frumvarpsins, að fjölga yfirsetukonum, heldur einnig að þær útvegnðust duglegar; því hefði það vakað fyrir nefndinni, að sjá einkum giptum og húsettum konum fyrir kennslu, er þessi ákvörðun einmitt miðaði til. Viðvíkjandi kostnaðinum til kennslu væri það vafalaust rjettara, að hann greiddist úr landssjóði, heldur en úr sveitar- eða amtssjóði, því það væri eigi gjört að skilyrði fyrir veitingu á kennslustyrk, að yfirsetukonan settist að í sveitarfjelagi því, er veitt hefði, enda virtist slík ákvörðun eigi samboðin frjálsræði manna til þess að neyta krapta sinna í fjelagsins þjónustu; einnig virtist sjer fyrir hina sömu ástæðu, að kostnaður til nauðsynlegra áhalda skyldi greiddur úr landssjóði, enda væri þetta ekkert verulegt peningaspursmál fyrir landið. Þó engum þingmanna þeirra, er sæti í neðri deildinni væri málfræðingur, þætti henni fugl sinn fegri, heldur en fuglinn, sem flogið hefði hingað frá efri deildinni.

Benidikt Sveinsson vildi benda landshöfðingja að því, að tillögur hans við 5. gr. frumvarpsins væru eigi á sem bestum rökum byggðar, enda kæmi þar alveg í mótsögn við það, hvernig hann hefði snúizt á móti nefndinni í læknaskipunarmálinu um daginn; athugasemdir hans hjer væru þannig bein mótsögn og viðbára ein. Viðvíkjandi 4. gr. hefði landshöfðingi tekið fram, að kostnaðurinn ætti eigi að lenda á landssjóði, því málið væri sveitamál. Það væri að vísu nokkuð til í þessu, en því að eins að sveitirnar hefðu fengið það frelsi, sem þær hefðu fullan rjett til, en sem þær hefðu eigi enn fengið, því sveitastjórnarlögin væru hálfverk eitt, og væri á meðan rangt að leggja byrðar á þær.

Guðmundur Einarsson sagðist vilja bæta því við, að spyrja, hvað ætti að gjöra, ef engin lærð yfirsetukona fengist? Ætti þá hin jóðsjúka að eiga sig sjálf? En fyrst að mesta nauðsyn væri á því, að leita aðstoðar hjá hinum svonefndu ólærðu yfirsetukonum, og njóta hennar, þá væri líka sjálfsögð skylda að láta þær njóta jafnrjettis með hinum yfirbeyrðu yfirsetukonum, þegar þær fyrnefndu reyndust eins góðar. Hann kvaðst fyrir sitt leyti álíta, að nefndin hefði breytt frumvarpinu til stórra bóta, og sjer blandaðist ekki hugur um, að hvetja til, að þingdeildin samþykkti það, eins og það lægi hjer fyrir.

Því næst var gengið til atkvæða. Forseti gat þess, að hann teldi sjálfsagt, að breytingaruppástungur þingmanns Mýramanna og varaforseta væru aptur teknar, þar eð þingmaður Mýramanna hefði verið í nefndinni, og sumt væri komið í nefndarfrumvarpið af uppástungum þessara þingmanna; en varaforseti var eigi við staddur, og skýrði þingmaður Mýramanna frá, að breytingaratkvæði þeirra væru aptur tekin. Forseti gat þá þess, að þótt breytingar nefndarinnar væru mest orðabreytingar, þá ætlaði hann þó að bera hverja grein af frumvarpi hennar undir atkvæði, þannig sem hún hefði orðað það, en frumvarpið þá fyrst, ef nefndarfrumvarpið fjelli.

Atkvæðin fjellu þannig:

1. grein samþykkt í einu hljóði.
2. — — - — —
3. — — - — —
4. — — - — —
5. — — með 19 atkv.
6. — — í einu hljóði.
7. — — - — —
8. — — - — —
9. — — - — —
10. — — - — —

Fyrirsögn nefndarinnar samþykkt án atkvæðagreiðslu. Að þetta frumvarp kæmi í stað frumvarps efri deildarinnar og frumvarps stjórnarinnar, var samþykkt í einu hljóði. Lokeins var samþykkt í einu hljóði, að frumvarp þetta gengi til þriðju umræðu.

ÞRIÐJA UMRÆÐA

í neðri deild alþingis.

Á 38. fundi neðri deildar alþingis, 13. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til þriðju umræðu frumvarp til yfirsetukvenna-

laga; engar voru breytingaruppástungur komnar fram við það, svo sem það var samþykkt við aðra umræðu.

Guðmundur Einarsson sagði, að mál þetta hefði fengið svo ágætar undirtektir hjá þingdeildinni við 2. umræðu, að eigi væri þörf fleiri orða, enda vonaðist hann eptir, að málið lenti í mjúkum og góðum móðurhöndum, þar sem efri deildin væri fyrir, sú deild mundi nú sjá fram á, þegar málið kæmi til hennar aptur, að það hefði mjög mikið lagazt í neðri deildinni. Eptir því sem málið hefði komið frá efri deildinni, þá hefði verið betra að fá um sinn engin ljósmæðralög, en önnur eins, því að eins kaupstaðarbúar og Sunnlendingar hefðu haft gott af þeim, en sveitabúendur og útkjálkamenn þyrftu líka ljósmæðra við. Hann tók það fram, að ef efri deildin ekki fjellist á frumvarpið eins og það kæmi nú frá neðri deildinni, og það kæmi til þessarar deildar aptur breytt eins og áður, þá væri það að sínu áliti sjálfsagt, að breyta yrði því aptur á sama hátt og láta «afl ráða», því sjer væri það sannarlegt áhugamál, að ljósmæðralögin yrðu svo úr garði gjörð, að menn alstaðar um landið gætu haft gott af þeim; gæti slík stefna ekki fengið framgang, þá væri bezt að láta málið falla að sinni.

Einar Ásmundsson sagði, að undirtektir þingmanna í þessu máli hefðu verið mjög góðar við 2. umræðu, er frumvarpið hefði verið samþykkt í einu hljóði, og enginn lokið upp sínum munni á móti, nema landshöfðinginn. Hinum hæstvirta landshöfðingja líkaði sjálfsagt allt vel í frumvarpinu, það sem frá stjórninni væri komið í fyrstu, því «hverjum þætti sinn fugl fagur», eins og hinn hæstvirti landshöfðingi hefði sagt við aðra umræðu; en honum þætti einkum óhæf breytingin við 5. grein, að hjeraðslæknar þeir, sem til eru teknir í frumvarpinu, megi kenna yfirsetukonum, en hann kvaðst eigi þurfa að taka það fram að nýju, hvers vegna þessu hefði verið bætt inn í frumvarpið, því þetta hefði verið ítarlega gjört við aðra umræðu, og allir kömnuðust við, að það væri nauðsynlegt. Því neitaði að vísu enginn, að það væri gott, ef hver yfirsetukona gæti lært hjá landlæknirum í Reykjavík eða á fæðingarstofnuninni í Höfn. En á þessu afskekkta og strjálbyggða landi tjáði þó eigi að binda sig eingöngu við þessa kennara; það gæti töluvert bætt úr, að fjórum helztu hjeraðslæknum yrði líka veitt heimild til að kenna yfirsetukonum og yfirheyra þær. Aðrir kennendur væru einnig til, sem notaðir hefðu verið að undanförnu, þeir væru guð og náttúran; og þegar áríðandi væri að hafa yfirsetukonur í öllum sveitum, þá gætu aldrei allar lært hjá landlæknirum eða á fæðingarstofnuninni, heldur yrðu sumar, einkum fyrst um sinn, að læra af guði og náttúrunni, og því yrði hann að álíta 9. grein nauðsynlega. Breytingar á málinu hefði landshöfðingi álitið óverulegt atriði, og skyldi hann játa, að það væri víðlíka verulegt atriði eins og það, hvort maður væri búinn fallegum fötum eða ótilhlýðilegum og bættum lörfum. Hann skyldi taka til dæmis, að sjer þætti viðunanlegra, að lagaboð þetta, sem nú væri í smíðum, væri nefnt yfirsetukvennalög, heldur en það, sem stjórnin vildi kalla þau. Hann áliti eðlilegra og íslenzkulegra, að kalla einn þáttinn í Jónsbók «farmannalög», heldur en ef hann væri kallaður «lög sem hafa inni að halda ákvarðanir viðvíkjandi siglingum og sjóferðum». Hann kvaðst vilja kalla «þjófabálk» þjófabálk, heldur en «lög sem hafa inni að halda ákvarðanir viðvíkjandi hegningu fyrir þjófnað o. fl. o. s. frv.

Benidikt Sveinsson hjelt, að landshöfðingi hefði breytt skoðun sinni viðvíkjandi breytingu nefndarinnar við 5. gr., síðan þingdeildin hefði samþykkt læknaskóla með föstum kennara, enda ættu þá mótmæli eigi lengur við gegn þessari ákvörðun.

Landshöfðingi sagði, að þó hann áliti eigi breytinguna við 5. gr. heppilega, þá kvaðst hann þó eigi ætla sjer að bera upp breytingaruppástungu, hvorki í þessari deild nje heldur þegar frumvarpið gengi þannig samþykkt aptur til efri deildarinnar.

Halldór Kr. Friðriksson sagði, að nefndin hefði gjört breytingar við 5. gr., er hann

kvaðst eigi meta svo mikils, en hann vildi taka fram þá almennu athugasemd, hversu óheppilegt það væri, að verða að setja mál í nefnd eingöngu málsins vegna. Hann skyldi eigi ræða endurbætur þær, sem orðið hefðu á málinu fyrir aðgjörðir nefndarinnar, enda þótt sjer þættu þær sumar hverjar lítilfjörlegar, og sumar þeirra til lítilla bóta, en hann vildi skora á landshöfðingja að sjá um það framvegis, að málið á frumvörpunum væri svo viðunanlegt, að þingið neyddist eigi til þess að tefja fyrir sjer með nefndarsetningum fyrir þá einu sök.

Þá var gengið til atkvæða um frumvarpið, og var það í heild sinni samþykkt í einu hljóði. Verður nú frumvarpið aptur sent til efri deildarinnar.

EIN UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 38. fundi efri þingdeildarinnar, 16. dag ágústmán., kom frumvarp til yfirsetukvennalaga samkvæmt dagskránni til einnar umræðu, og birti forseti álit nefndar þeirrar, er áður hafði verið skipuð í þessu máli hjer í deildinni, dagsett 14. þ. m., og fjellst nefndin þar í á frumvarp þetta, eins og það nú er komið frá neðri deildinni.

Ólafur Pálsson gat þess, að þetta frumvarp væri nú aptur komið frá neðri deildinni, sem hefði fundið ástæða til að gjöra töluverðar breytingar við það. Hann yrði nú fyrir sitt leyti raunar að ætla, að þess hefði eigi þörf gjörzt, enda virtist sjer eigi vera breytt til batnaðar. Samt sem áður skoðaði hann þetta frumvarp í sjálfu sjer svo mikla rjettarbót, að hann vildi eigi með því að ráða enn til breytinga, verða þess ollandi ef til vildi, að málið færist fyrir á þessu þingi, og mundi hann því fallast á það, eins og það lægi fyrir.

Jón Hjaltalín sagðist vera samdóma hinum háttvirta 6. konungkjörna þingmanni, og ætlaði hann, að breytingar þær, er neðri deildin hefði gjört við frumvarpið, væru eigi svo verulegar eða saknæmar, að slíkt gæti eða ætti að verða málinu til fyrirstöðu.

Sighvatur Árnason kvað mega sjá á þessu frumvarpi, að margar af breytingum þeim, er neðri deildin hefði gjört við það, færu í sömu stefnu, sem hann og nokkrir aðrir deildarmenn hefðu í upphafi verið meðmæltir, en sem þá ekki hefðu náð fram að ganga. Um orðabreytingar þær, er gjörðar hefðu verið á frumvarpinu, ætlaði hann aðra færari en sig að dæma um, þótt þær sumar að sinni ætlun væru að minnsta kosti óþarfar. Nú mætti t. a. m. ekki nefna «ljósmæður», eins og menn í pápiskunni ekki hefðu mátt nefna «kjöt» á föstunni. Að því er snerti ólærðu ljósmæðurnar, þá hefði hann nú í byrjun verið meðmæltur því, að til þeirra mætti grípa, og mundi hann að vísu fallast á þá ákvörðun, er að því lyti, þótt hann á hinn bóginn væri hræddur um, að sú ákvörðun mundi draga úr því, að menn gjörðu sjer far um, að hugsa um menntun þeirra, eins og vera bæri, og að máske yrði gripið til þeirra ólærðu um skör fram. Samt sem áður mundi nú bezt að fallast rakleiðis á frumvarpið.

Eiríkur Kúld sagði, að þó hann að líkindum fjellist á frumvarpið svona lagað, þá gjörði hann það *alveg nauðugur*. Það hefði verið hreinn óþarfi fyrir hina heiðruðu neðri deild, að breyta frá frumvarpinu, eins og það hefði verið samþykkt í þessari deild, og sent henni. Ekki hefði hún heldur að sinni byggju bætt sig á málfærinu, enda hefði það áður verið vel viðunandi, og mundi neðri deildin hafa sleppt frá sjer mörgum frumvörpum með lakara máli. Einna vestar þættu sjer þó breytingarnar við 5. og 9. grein. Hann vildi enn lýsa þeirri skoðun sinni yfir, að enda þótt kennslan til bókarinnar gæti máske verið fullt eins góð hjá hjeraðslæknunum, eins og í Reykjavík, þá vantaði þó yfirsetukonuefnin annað, er væri öldungis ómissandi fyrir þær, þ. e. tækifæri til að nema og fullkomna sig í hinu verklega (praktiska); en það gætu þær að eins hjer átti kost á að nokkru ráði. Ákvörðun 9. greinarinnar virtist sjer og óheppileg, því að hún mundi leiða til þess eins, að draga úr því, að yfirsetukonuefni gjörðu sjer far um að

fræðast og menntast, sem þeim væri þó næsta nauðsynlegt, ef þær ættu að verða annað, en yfirsetukonur að nafninu. Kostnaðurinn, er til þess útheimtist, hefði eigi heldur verið svo geigvænlegur. En með því nú hann þættist sjá fyrir forlög þessa máls, ef frumvarpinu yrði enn breytt, kvaðst hann mundu gefa því atkvæði sitt, en alveg nauðugur, einungis í því skyni, að þessu nauðsynjamáli yrði komið í betra horf, en nú væri.

Stefán Eiríksson sagði, að, ef deildin vildi, að mál þetta gengi klakklaust fram, þá mundi ráðlegast að fallast nú á það, eins og það væri. Eins og deildarmenn mundu muna, hefði hann verið þeirrar skoðunar við fyrri umræður málsins, að of mikið væri lagt á sýslufjelögin í þessu tilliti, og því mætti málið gjarnan falla sín vegna, en nú væri þeirri ákvörðun, er að því lyti, haldið, og mundi víst eigi duga þar um að þrátta. En 9. grein virtist sjer þar á móti engin gryla vera. Hann vildi raunar eigi segja, að ólærðu ljósmæðurnar væru eins góðar og hinar; en að mörgu tilliti gætu þær staðið þeim jafnfætis margar hverjar. En hinn háttvirti varaforseti yrði líka að gá að því, að þær væru eigi settar nema um stund og tíma, því að í greininni stæði: má setja «til bráðabyrgða» yfirsetukonu, þó ólærð sje, o. s. frv. Að öðru leyti vildi hann eigi orðlengja frekar um þetta mál, og mundi hann gefa því atkvæði sitt.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og var því gengið til atkvæða.

Fór atkvæðagreiðsla þannig, að frumvarpið var samþykkt í heild sinni í einu hljóði.

Kvaðst forseti mundi senda frumvarpið svo búið landshöfðingjanum sem lög.

Var það nú þannig látandi:

YFIRSETUKVENNALÖG.

1. grein.

Sjerhverri sýslu landsins skal skipt í yfirsetukvenna-umdæmi; ákveður amtsráðið, hversu mörg þau skuli vera í hverri sýslu, og hvað stór ummáls eptir tillögum sýslunefndarinnar.

Í hvert slíkt umdæmi skal, svo fljótt sem verða má, setja eina yfirsetukonu, og skal hún hafa bústað í því umdæmi þar, sem sýslunefndinni þykir henta.

Hver kaupstaður skal þar að auki hafa eina eða fleiri yfirsetukonur út af fyrir sig, eptir því sem bæjarstjórnin ákveður.

2. grein.

Yfirsetukonur þessar skulu hafa tekið próf í yfirsetufræði, og skipar amtmaður þær eptir tillögum sýslunefndar eða bæjarstjórnar þeirrar, er hlut á að máli.

3. grein.

Í Reykjavík skulu yfirsetukonurnar, hver fyrir sig, hafa 100 krónur í laun á ári; í hinum kaupstöðunum og í Vestmannaeyjum 60 kr., en í sveitum 40 kr.

Eptir 10 ára góða þjónustu í sveit má sýslunefndin þar að auki veita allt að 20 kr. viðbót á ári, og skal þessi ákvörðun einnig ná til þeirra yfirsetukvenna, sem nú eru.

Áliti sýslunefndin, að eigi sje næg ástæða til að veita launaviðbót eptir aldri, skal bera málið upp fyrir amtsráðinu, og leggur það þá málið undir úrskurð landshöfðingja.

Sýslunefndin má, ef henni þykir ástæða vera til þess, veita hæfileg eptirlaun þeirri yfirsetukonu, sem fengið hefur lausn frá starfa sínum fyrir sakir elli eða sjúkleika.

4. grein.

Kostnað þann, sem gengur til launa og eptirlauna handa yfirsetukonum, skal greiða úr sýslusjóði, eða bæjarsjóði þeim, er hlut á að máli. Kostnaðinn við kennslu yfirsetukvenna að meðtöldum ferðakostnaði þeirra til kennslustaðarins og þaðan aptur til átthaga þeirra, og sömuleiðis kostnaðinn til að útvega þeim einu sinni nauðsynleg áhöld, skal greiða úr landssjóði, með þeirri upphæð, er landshöfðingi samþykkir.

5. grein.

Engin getur orðið skipuð yfirsetukona, nema hún hafi notið kennslu og gengið undir próf, annaðhvort á hinni konunglegu fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn, eða hjá landlækninum í Reykjavík, eða hjeraðslæknunum á Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri eða Eskifirði,

og skal hún hafa fengið skírteini um, að hún hafi tekið prófið.

Yfirsetukonurnar í Reykjavík skulu hafa notið kennslu á hinni konunglegu fæðingarstofnun.

6. grein.

Yfirsetukonurnar eru skyldar til að láta tafarlaust aðstoð sína í tje hverri sængurkonu, er æskir þess í umdæmi þeirra. Yfirsetukonan hefur rjett til að fá sanngjarna þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun hjá hverjum þeim, sem notar aðstoð hennar, og að auki fararbeina ókeypis að heiman frá sjer og heim aptur. Þiggi sængurkonan styrk af sveit eða sje svo fátæk, að hún geti eigi borgað yfirsetukonu þeirri, er yfir henni situr, skal sveitin skyld til að greiða yfirsetukonunni, auk ókeypis fararbeina, 3 kr. í þóknun.

Nú hefur einhver yfirsetukona forföll, og er þá yfirsetukonan í næstu sveit eða umdæmi skyld til að sitja yfir sængurkonum þeim, sem leita aðstoðar hennar, ef hún má því við koma án þess að vanrækja sitt eigið umdæmi.

7. grein.

Yfirsetukonurnar eru undir umsjón landlæknis og hjeraðslækna að því, er snertir framkvæmdir skylduverka þeirra, og skulu þær samvizkusamlega breyta eptir hinni almennu yfirsetukvennareglugjörð, sem landlæknirinn býr til og landshöfðinginn samþykkir.

8. grein.

Brjóti nokkur yfirsetukona gegn því, sem henni er gjört að skyldu með lögum þessum og yfirsetukvennareglugjörðinni, skal hún sæta sektum, sem renna í landssjóð, nema þyngri hegning liggi við afbroti hennar að lögum. Verði hún sek af nýju, og eru miklar sakir til, einkum ef hún optar en einu sinni hefur skorazt undan að vitja sængurkonu tafarlaust, og að forfallalausu, skal henni vikið frá. Ef einhver yfirsetukona ljóstar upp því, sem einhver kona hefur trúað henni fyrir, sem yfirsetukonu, um hagi sína, skal henni þegar vikið frá sýslu sinni.

9. grein.

Þegar lærð yfirsetukona eigi fæst í einhvert umdæmi, má sýslunefndin með læknisráði setja þar til bráðabyrgða yfirsetukonu, þó ólærð sje, ef hún er reynd að dugnaði, og veita henni laun, eins og fyrir er mælt í lögum þessum.

10. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. dag ágústmánaðar 1876.

VII.

FRUMVARP

til laga um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands.

1. grein.

Þegar skip kemur til Íslands frá einhverjum þeim stað, sem samkvæmt auglýsing ráðgjafans fyrir Ísland er álitinn sýktur annaðhvort af bólusótt eða hinni austurlenzku kólerusótt, þá má eigi setja neinn mann (hvorki farþega eða skipverja) í land af því skipi, fyr en hlutaðeigandi hjeraðslæknir eða einhver annar löggildur læknir hefur rannsakað það eptir tilhlutun heilbrigðisstjórnarinnar. Öll skip, sem koma til Íslands frá slíkum stöðum, skulu, áður en hafðar eru samgöngur við land á öðrum stöðum, koma við á einhverri af þeim höfnum, sem hjer skulu nefndar: Reykjavík, Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri eða Eskifirði, til þess þau verði rannsökuð, eins og sagt er.

Hið sama er og um skip — þar með einnig talin fiskiskip —, sem koma frá öðrum stöðum, ef á þeim eru menn, sem eru veikir af bólusótt eða kóleru, eða hafa verið það einhvern tíma á leiðinni, eða lík manna, sem dáið eru af sóttum þessum.

2. grein.

Fái landshöfðinginn yfir Íslandi, áður en

slík auglýsing ráðgjafans fyrir Ísland, sem nefnd er í greininni á undan, er komin til hans, með öðru móti áreiðanlega vitneskju um, að einhver höfn í útlöndum sje sýkt annaðhvort af bólusótt eða hinni austurlenzku kóleru, skal hann hafa vald til að gefa út fyrir hönd ráðgjafans samsvarandi auglýsing, sem hafi sama gildi, og væri hún komin frá ráðgjafanum. Á sama hátt skal honum heimilt að gefa út auglýsing um, að landfarsóttin sje hætt, ef hann hefur áreiðanlega vitneskju um, að það sje álitið, að tjeðar landfarsóttir gangi eigi lengur í höfnum þeim, sem sagðar voru áður sýktar. Í hvert skipti, sem landshöfðinginn notar vald það, sem honum er veitt samkvæmt því, sem sagt er að framan, skal hann þegar í stað senda skýrslu um það til ráðgjafans.

3. grein.

Á skipum þeim, sem nefnd eru í 1. gr., skal, áður en þau sigla inn á höfnina, draga grænt flagg upp í topp á stóru siglunni, eða hvítt, ef grænt flagg ekki er til á skipinu.

4. grein.

Verði sú raun á við læknisrannsóknina, að á skipinu sjeu grunsöm veikindi (menn veikir eða dánir), eða að þau hafi gjört vart við sig á leiðinni, eða að heilbrigðisástand skipsins yfir höfuð sje svo, að hætt sje við, að sýkin flytjist í land, skal heilbrigðisstjórnin, áður en nokkrum verði leyft að fara í land af skipinu, gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, til umönnunar þeim sjúku og til þess, að þeir dánu verði fluttir úr skipinu, og það verði hreinsað, og skal skipið látið vera aðskilið frá öðrum skipum, þangað til þessar ráðstafanir eru gjörðar.

5. grein.

Í hvert skipti og um svo langan tíma, sem ráðgjafinn fyrir Ísland, eða fyrir hans hönd landshöfðinginn álítur það nauðsynlegt, skal í fyrnefndum kaupstöðum og verzlunarstöðum vera til reiðu hæfilegt hús, þar sem tekið verður við mönnum, sem komnir eru að sjóleiðis og eru veikir af bólusótt eða kóleru, og hjúkrað að þeim á haganlegan hátt. Hlutaðeigandi amtmaður skal sjá um, að hús þetta verði útvegað og svo húsgögn þau, sem með þarf, og skal hann á undan semja um það við sveitastjórnir þær, sem í hlut eiga, og stjórn læknasjóðsins íslenzka (eða ef til kemur við landshöfðingja), nema kringumstæðurnar heimti, að ráð verði tekin þegar í stað.

6. grein.

Fyrir rannsókn þá, sem nefnd er í 1. grein, skal greiða lækninum í þóknun 4 kr. fyrir skip, sem að rúmmáli eru allt að 60 tons, 6 kr. fyrir skip allt að 100 tons, og 10 kr. fyrir skip yfir 100 tons. Þóknun til læknis og borgunin fyrir flutning hans út á skipið og í land aptur, og kostnaðurinn við lækningar á þeim sjúklingum, sem fluttir voru í land, greptrunarkostnaður, ef svo stendur á, og útgjöld við að hreinsa skipið skal allt greitt af skipinu, og skal skipið vera að veði fyrir borguninni, og áður en nokkur af þeim, sem á því eru, verður settur í land, setja trygging fyrir því, að gjöld þau, sem hvíla á skipinu, verði greidd. Að því leyti, er snertir herskip, skal greiða gjaldið til læknisins af landssjóðnum.

Öll önnur útgjöld, til þess að setja lög þessi í verk, og sjer í lagi kostnaðinn við að útvega hús það, sem nefnt er í 5. grein, og þau húsgögn, sem til þess þarf, skal greiða á þann hátt, að $^1/_3$ borgist af læknasjóðnum íslenzka (eða ef til kemur af landssjóðnum), $^1/_3$ af hlutaðeigandi sýslufjelagi eða kaupstað, og $^1/_3$ af jafnaðarsjóði þess amts, sem í hlut á.

7. grein.

Fyrir afbrot gegn 1. og 3. grein og ákvörðunum þeim, sem heilbrigðisstjórnin gjörir samkvæmt 4. grein, skulu koma sektir, sem sjeu allt að 200 kr., að svo miklu leyti sem þyngri hegning ekki liggur við samkvæmt almennum lögum. Sektir þessar renna í landssjóð. Með mál, sem rísa af afbrotum gegn lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál.

8. grein.

Ráðgjafinn fyrir Ísland getur ákveðið, að lögum þessum megi beita við aðrar hættu-

legar landfarsóttir en þær, sem nefndar eru í 1. grein, og má hann leyfa, að skip þau, sem getið er um í tjeðri grein, sigli inn á aðrar hafnir, en þær, sem þar eru taldar.

Enn fremur getur ráðgjafinn, þegar kringumstæður leyfa það, veitt tilslökun á því, sem fyrir er mælt í 1. grein, og ákveðið þóknun læknisins fyrir rannsóknir, sem fram fara á landi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og lög þau, sem út komu 1. maí 1868 fyrir hina parta konungsríkisins, um mótvarnir gegn því, að hin austurlenzka kólerusótt flytjist til landsins sjóleiðis, eru leidd í gildi á Færeyjum með lögum 8. jan. 1872, með þeim breytingum, sem nauðsynlegar eða hagfelldar voru eptir því, hvernig til hagar þar, þannig hefur stjórnarráðið álitið, að ástæða væri til, að líkar ráðstafanir yrðu gjörðar af því leyti, er snertir Ísland, með þessu lagafrumvarpi, sem að öllu leyti er sama innihalds og frumvarp það, sem lagt var fyrir alþingi árið 1873 um hið sama efni, en að forminu til er því breytt samkvæmt því fyrirkomulagi, sem nú er komið á. Þar sem álitið verður, að sóttvarnarlög þau, sem nú eru í gildi (tilsk. 8. febr. 1805), eigi nægi til þess að afstýra yfirvofandi hættu fyrir því, að þær hinar skaðvænlegu landfarsóttir, sem getið er um í lagafrumvarpinu, flytjist til landsins, hefur stjórnarráðinu eigi fundizt, að mótbárur alþingis gegn fyrnefndu lagafrumvarpi væru svo þýðingarmiklar, að það yrði afsakað, fyrir þá sök að hætta við tilraunina til, að koma á þeim tryggingarráðstöfunum, sem með þarf í þessu tilliti, en mótbárur alþingis gegn frumvarpinu voru helzt byggðar á því, að kostnaðurinn yrði svo mikill við að koma þessum ráðstöfunum fram, og sjer í lagi við að byggja sjúkrahús þau, sem með þyrfti. Í lögum þeim, sem nú gilda, vantar sjer í lagi ákvarðanir um, að gjört sje skipum, sem koma frá stað, sem sýktur er af kóleru, að skyldu, áður en hafðar verði samgöngur við land á öðrum stöðum, að sigla fyrst inn á höfn, þar sem læknisrannsókn sú, sem með þarf, geti fram farið, og ráðstafanir verði gjörðar til aðhjúkrunar á sjúkum mönnum í landi, hreinsunar skipsins o. fl., en þessar ákvarðanir verður að álíta svo áríðandi, að engin áreiðanleg trygging er gegn því, að sýkin komist í landið, nema þær sjeu. Með lögum 15. apríl 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi er reyndar öllum útlendum verzlunarskipum gjört að skyldu, áður en þeim leyfist að sigla til annara löggildra verzlunarstaða, að hleypa inn á einhverja þeirra 6 hafna, sem nefndar eru í lögunum, þar sem settur er hjer hjeraðslæknir, og góðri heilbrigðisstjórn því verður komið við; en þar eð ákvörðun þessi að eins nær til útlendra skipa, og þó ekki nema til verzlunarskipa, nægir hún eigi, til þess að við verði hafðar nákvæmar gætur á því, að næmar landfarsóttir flytjist eigi til Íslands, en á hinn bóginn bendir hún mönnum á þá stefnu, sem fara skal í þessu tilliti.

Þar sem lögin 1. maí 1868 og lögin fyrir Færeyjar 8. janúar 1872 að eins ræða um hina austurlenzku kóleru, og dómsmálaráðgjafanum jafnframt í 7. gr. er veitt vald til að gefa út tilskipun um, að lögin skuli ná til annara landfarsótta, hefur það þótt hagfellt, að láta frumvarp það, sem prentað er að framan, þegar gilda um bólusótt jafnt og um hina austurlenzku kóleru. Hættan við, að bólusótt flytjist til Íslands er hin sama, og þótt það, sem fyrir er mælt um bólusóttina í opnu brjefi 20. júní 1838, í verulegum atriðum sje samhljóða því, sem ákveðið er í lögum 1. maí 1868 til mótvarnar gegn kóleru um, að tekið verði við veikum mönnum í landi, um að hreinsa skuli skipið og halda því sjer, þangað til því er lokið af, vantar hjer samt aptur hina áríðandi ákvörðun, sem getið er að framan, að skip, sem komi frá einhverjum stað, sem álitinn er sýktur af nefndum sjúkdómi, skuli sigla inn á einhverja af höfnum þeim, þar sem hægt er að hafa heilbrigðisstjórn, áður en þeim leyfist að koma við annarstaðar, enda vantar og ákvörðun um, að útvega skuli hæfilegt hús, til þess þar verði tekið við sjúk-

lingum, og um borgun kostnaðarins við þetta og lækningarnar. Með tilliti til annara sótta, sem eigi eru svo næmar sem bólusótt og kólera, virðist nægja, að ráðgjafanum fyrir Ísland veitist vald til, að gefa út tilskipun um, að lagaboð það, sem út kann að koma, skuli gilda um þær.

Að öðru leyti skal um hinar einstöku greinir lagafrumvarpsins þess getið, sem hjer segir.

Um 1. gr.

Þótt það sje beinlínis tekið fram, að öll skip, er svo stendur á fyrir, sem sagt er í greininni, skuli, áður en samgöngur eru hafðar við land á öðrum stöðum, hleypa inn á einhverja af höfnum þeim, sem nefndar eru í lögum 15. apríl 1854, þar sem bæði lögreglustjórinn og hjeraðslæknirinn hafa aðsetur, til þess heilbrigðisstjórnin rannsaki þau þar, hefur samt þótt hæfa, að nefna sjerstaklega í 2. lið greinarinnar fiskiskip, til þess að koma í veg fyrir misskilning um, að lögin eigi nái til annara skipa, en þeirra, sem koma beina leið frá einhverjum af þeim stöðum, sem álitnir eru sýktir.

Um 2. gr.

Þar eð það getur viljað til sökum fjarlægðar Íslands og þess, að póstferðirnar milli Kaupmannahafnar og landsins eru fáar, að áreiðanlegar fregnir um, að kólera eða bólusótt hafi gjört vart við sig, eða sje hætt á einhverjum stað í útlöndum, sem skip koma frá til Íslands, berist fyr þangað beina leið en með auglýsing þeirri frá ráðgjafanum fyrir Ísland, sem útheimtist til þess lögunum verði beitt, er svo fyrir mælt í 2. grein, að landshöfðingjanum veitist vald til að gefa út, þegar svo stendur á, fyrir hönd ráðgjafans auglýsing þá, sem með þarf.

3. og 4. gr.

eru samhljóða 2. og 3. grein í lögum 1. maí 1868 og 8. janúar 1872.

Um 5. gr.

Þar sem það hefur þótt ráðlegt, að landshöfðinginn fái vald til, þegar þörf er á því, að ákveða fyrir hönd ráðgjafans, hve nær og fyrir hvað langan tíma sjúkrahúsið skuli vera til reiðu, hefur virzt rjettast, að gjöra hlutaðeigandi amtmanni að skyldu, að sjá um, að tjeð hús verði útvegað, og láta hann, nema kringumstæðurnar heimti, að ákvörðun sje tekin þegar í stað, á undan semja um það við hlutaðeigandi sveitastjórnir og stjórn hins íslenzka læknasjóðs, eða landshöfðingjann, ef svo fer, að sjóður þessi verði lagður saman við landssjóðinn.

Um 6. gr.

Í þessari grein er þeim kostnaði, sem eigi verður greiddur af skipinu, — en viðvíkjandi honum er farið eptir lögunum 1. maí 1868, að því við bættu, að greptrunarkostnað skuli greiða á sama hátt, — skipt í 3 jafna parta þannig, að læknasjóðurinn íslenzki, hlutaðeigandi sýslufjelag eða kaupstaður og jafnaðarsjóður þess amts, sem í hlut á, greiði sinn þriðjunginn hver, af því það virðist sanngjarnt, að eigi að eins það sveitarfjelag, þangað sem sóttin flyzt að, heldur einnig hlutaðeigandi amt, sem á mjög mikið í hættunni, ef sóttin breiðist út frá þeim stað, þar sem hún er komin, og að endingu allt landið (að því leyti gjaldið er lagt á læknasjóðinn, eða ef til kemur á landssjóðinn), taki þátt í, að stemma stigu fyrir því, að fárið útbreiðist. Að því leyti, sem ákveðið er í niðurlaginu á 1. lið þessarar greinar, að gjaldið til læknisins skuli greitt af landssjóðnum, skal þess getið, að þar sem herskip að vísu hvervetna eru álitin skyld til að haga sjer eptir gildandi sóttvarnarboðum, er það aptur á móti regla eptir hernaðarsið og því, sem við gengst þjóða á milli, að eigi verði lagt á þau nokkurt gjald í því skyni.

Um 7. gr.

Samhljóða því, sem ákveðið er í lögum 1. maí 1868, 6. gr., og í lögum fyrir Færeyjar 8. janúar 1872, 6. gr., er svo fyrir mælt í greininni hjer, að sektir fyrir afbrot gegn lögum þessum og ákvörðunum þeim, sem heilbrigðisstjórnin gjörir samkvæmt 4. grein, skuli renna í sjóð þann, sem sektir venjulega falla til samkvæmt hinum almennu hegningarlögum 25. júní 1869.

Um 8. gr.

Þar sem svo er fyrir mælt í 1. lið þessarar greinar, að ráðgjafinn fyrir Ísland geti leyft, að skip þau, sem nefnd eru í 1. grein, hleypi inn á aðrar hafnir, en þær, sem þar eru nefndar, er það byggt á því, að þegar fleiri læknisembætti verða stofnuð á Íslandi, og bæði hjeraðslæknirinn og lögreglustjórinn hafa aðsetur á sama verzlunarstað, gæti verið ástæða til að setja hann í flokk þeirra hafna, sem skip eigi að hleypa inn á samkvæmt 1. grein, áður en samgöngur verði hafðar við land á öðrum stöðum.

Annar liður greinarinnar er samhljóða því, sem í þessu tilliti er fyrir mælt í fyr nefndum lögum frá 1868 og 1872.

FYRSTA UMRÆÐA

í efri deild alþingis.

Á 3. fundi efri þingdeildarinnar, 3. dag júlímán. kom frumvarp til laga um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands, samkvæmt dagskránni til fyrstu umræðu.

Eiríkur Kúld kvað þetta frumvarp hafa komið til alþingis áður; vildi hann að sinni ekki fjölyrða um það, þó að vísu væru nokkrar greinir, er hann gæti eigi fallizt á; væri því sú tillaga sín, að þriggja manna nefnd væri þegar sett í málið.

Benidikt Kristjánsson áleit, að frumvarp þetta þyrfti ýmissa breytinga við; kvaðst hann eigi vilja ræða þær að sinni, en heppilegast mundi að leggja málið í nefnd, og vildi hann stinga upp á þriggja manna nefnd.

Torfi Einarsson gat þess, að mál þetta hefði komið fyrir á þingi í hitt eð fyrra og hefði þá þótt vandasamt. Áleit hann nú engan annan veg greiðari, en strax að kjósa nefnd.

Forseti kvaðst þá, fyrst ekki tækju fleiri til máls, vilja leita atkvæða þingmanna um það, hvort nefnd skyldi kjósa í málið, og var það samþykkt í einu hljóði; var síðan í einu hljóði samþykkt þriggja manna nefnd, og voru þessir kosnir í nefndina:

Jón Hjaltalín með 9 atkvæðum,
Jón Pjetursson — 7 —
Benidikt Kristjánsson — 7 —

Var málið því næst afhent hinum 5. konungkjörna þingmanni, sem hafði flest atkvæði.

Í nefndinni var Jón Hjaltalín kosinn formaður og Benidikt Kristjánsson skrifari og framsögumaður.

NEFNDARÁLIT

í málinu um konunglegt frumvarp til laga um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands.

—

Hin heiðraða efri deild alþingis hefur kosið oss í nefnd, til að segja álit vort um ofangreint frumvarp, og er það þá á þá leið, er nú skal greina.

Oss virðist frumvarp þetta lúta að því efni, sem hin mesta nauðsyn ber til að lög sjeu sem fyrst sett um, og með því oss virðist frumvarpið í heild sinni vera vel úr garði gjört, verðum vjer að ráða þingdeildinni til að aðhyllast það. Þó finnst oss, að betra væri að gjöra við það litlar breytingar.

Að landshöfðinginn hafi vald það, sem honum er gefið í annari grein frumvarpsins, álítum vjer vel til fallið og jafnvel nauðsynlegt; en oss virðist, að það hljóti að liggja í augum uppi, að hann eigi þurfi að hafa eins áreiðanlega vissu fyrir því, að einhver höfn í útlöndum sje sýkt, til þess að gefa út auglýsingu þá, sem nefnd er í fyrri hluta greinarinnar, og sem á að miða til þess að fyrirbyggja, að bólusótt og kólerusótt flytjist hingað til landsins — eins og hann verður að hafa fyrir því, að tjeðar sóttir gangi þar eigi lengur, til þess að gefa út auglýsingu um það, og með henni upp hefja sóttvarnirnar.

Af því að Íslandi getur verið hætta búin af fleirum næmum sóttum, en þeim, er þegar eru nefndar, t. a. m. meslingum og skarlagssótt, álítum vjer vel til fallið, að ákvarðanirnar í 3. gr. frumvarpsins einnig sjeu látnar ná til þeirra, til að koma í veg fyrir, að þær flytjist til landsins.

Í fyrri hluta 6. greinar, þar sem rætt er um útgjöld þau, er hvíli á skipi því, sem sóttvarnir eru hafðar við, finnst oss vel við eiga, að til greina með berum orðum, að borgun fyrir fæði og aðhjúkrun hinna sjúku eigi einnig að greiðast af skipinu. Seinni hluti greinar þessarar segir fyrir um, hvernig borga skuli útgjöld þau, sem sóttvarnirnar að öðru leyti hafa í för með sjer, og ekki verða lögð á skip þau, er sóttvörnum er beitt við, og eru þau lögð að $^1/_3$ á læknasjóðinn, að $^1/_3$ á jafnaðarsjóð hlutaðeigandi amts, og að $^1/_3$ á hlutaðeigandi sýslufjelag eða kaupstað. En oss virðist kostnaður þessi ætti að öllu leyti að koma niður á landssjóðnum; því það er hvorttveggja, að sóttvarnirnar eru fyrirskipaðar jafnt í hag öllu landinu, enda yrði það nokkuð óviðurkvæmilegt, að leggja sjerstakan kostnað á eitt sýslufjelag eða kaupstað fyrir þá skuld, að lögin bjóða, að skip með sjúkum mönnum á skuli fyrst koma þar á höfn, og er það auðsjáanlegt, að það er slíkum stöðum fremur til ógagns en nokkurs gagns. Að útgjöld þessi greiðist úr landssjóði, kemur líka með öllu heim við þá ákvörðun 7. greinar, að sektir fyrir afbrot móti lögum þessum renni í landssjóð.

Í upphafi 8. greinar er sagt, að ráðgjafinn fyrir Ísland geti ákveðið, að lögum þessum megi beita við aðrar hættulegar landfarsóttir en þær, sem nefndar eru í 1. grein; en samkvæmt því, er vjer höfum sagt um 3. grein frumvarpsins, virðist ákvörðun þessi mega falla burt. Og þegar greinin því næst leyfir ráðgjafanum að heimila skipum þeim, sem nefnd eru í 1. grein, að sigla inn á aðrar hafnir, en þær, sem þar eru taldar, þá álítum vjer þvílíkt leyfi óþarft, meðan læknaskipun hjá oss er eigi komin í betra horf, en hún er. Eins virðist oss alls enga nauðsyn bera til þess, að veita ráðherranum vald til að gjöra nokkra tilslökun á því, sem fyrir er mælt í 1. grein.

Samkvæmt fyr sögðu ráðum vjer þingdeildinni til að aðhyllast frumvarpið með breytingum þeim, er nú skal greina:

1. Inn í fyrirsögn frumvarpsins bætist eptir orðið: «kólerusótt» «og aðrar næmar sóttir».
2. Við 2. grein: Eptir orðin: «með öðru móti» falli orðið «áreiðanlega» í burt, og síðar í greininni breytist orðin «vitneskju um, að það sje álitið» í «vissu um». Síðast í greininni komi í staðinn fyrir: «þegar í stað» «svo fljótt, sem auðið er».
3. Við 3. grein: Í stað orðanna: «í stóru siglunni» komi: «á stóru siglunni. Aptan við þessa grein bætist: «Hið sama skal og gjört, ef á skipi eru menn, sem veikzt hafa í hafi af meslingasótt, eða skarlagssótt, eða öðrum næmum sóttum».
4. Við 6. grein; Eptir orðin: «í land» bætist inn í: «fæði þeirra og aðhjúkrun». Orðin: «til þess að setja lög þessi í verk» breytist í «til framkvæmdar lögum þessum». Eptir orðin: «skal greiða» skal endir greinarinnar falla í burt, en í hans stað komi: «úr landssjóði».
5. 8. grein falli burt.

Reykjavík, 9. júlím. 1875.

J. Hjaltalín, Jón Pjetursson.
formaður.

B. Kristjánsson,
skrifari og framsögumaður.

Á 9. fundi efri þingdeildarinnar, 13. dag júlímán., var samkvæmt dagskránni haldið áfram 1. umræðu um frumvarp til laga um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands. Framsögumaður í nefnd þeirri, er sett hafði verið í þessu máli, var 1. þingmaður Þingeyinga (Benidikt Kristjánsson), og skoraði forseti á hann að taka til máls.

Framsögumaður (*Benidikt Kristjánsson*) kvaðst vilja leyfa sjer að bera undir hinn háttvirta forseta, hvort lesa skyldi upp nefndarálitið. (Forseti kvað þess mundu eigi þörf gjörast). Að sinni kvaðst framsögumaður eigi ætla að fara mörgum orðum um nefndarálitið, meðan engar mótbárur væru komnar á móti því, þar sem líka ástæðurnar fyrir hinum

litlu breytingum frá frumvarpinu væru þar stuttlega teknar fram.

Eiríkur Kúld kvaðst vilja biðja hinn heiðraða framsögumann að skýra fyrir sjer, hvernig nefndin hefði hugsað sjer eitt atriði þessa máls, þar sem hann annars, ef til vildi, yrði að taka sjer breytingaratkvæði þar að lútandi. Það væri nefnil. í 6. gr. frumvarpsins farið fram á, að byggja skyldi sjerstök hús til að taka á móti sjúklingum. Þetta væri hann hræddur um, að yrði helzt of mikill kostnaður; kvað hann bygging fangahúsanna vera þess ljósust dæmi, hvílíkan kostnað slíkt hefði í för með sjer. Hann kvaðst að vísu játa, að nauðsynlegt væri, að slík hús væru til, er menn gætu lagt sjúklinga inn á, og hefði sjer þá komið til hugar, hvort eigi mundi mega nota fangahúsin til þess; þau mundu varla verða að jafnaði svo fjölskipuð. Vildi hann nú biðja hinn heiðraða framsögumann að skýra frá, hvernig nefndin hefði hugsað sjer þetta atriði málsins.

Benidikt Kristjánsson kvaðst eigi vilja skorast undan, að svara hinum heiðraða þingmanni Barðstrendinga upp á spurningu hans. Vildi hann í því skyni taka það fram, að nefndin hefði alls eigi gengið inn á nauðsynina á að byggja hús fyrir sjúklingana, þar sem slíkt að hennar áliti væri komið undir framkvæmdarstjórninni, og lægi undir hennar ákvarðanir. Hins vegar hefði þó nefndinni þótt hagfellt, að hús væru fyrir, ef á þyrfti að halda, og mætti þá má ske fá einstakra manna hús, ef önnur væru eigi fyrir hendi, því að byggja spítala væri of mikill kostnaður og óráðlegt á öllum 6 höfnum, þar sem hvert hús mundi kosta um 6000 krónur, og ef til vildi meira; í annan stað yrði það beinlínis tjón fyrir landið, þar sem slíkir sjúkdómar svo sjaldan bæru að, og mundu þau því lengst um standa tóm og gagnslaus. En hann kvaðst vilja taka það fram, að landssjóðurinn mundi eigi eiga hjer mikið í hættunni, þar sem slík opinber hús, ef til þess þyrfti að taka, að líkindum eigi yrðu byggð án samþykkis alþingis. Þannig hefði nefndin leitt þetta atriði fram hjá sjer, þar sem hún hefði ætlað, að í því efni væri mest komið undir hagsýni heilbrigðisstjórnarinnar og viðkomandi yfirvalda.

Forseti kvaðst þá, fyrst eigi fleiri tækju til máls, vilja bera undir atkvæði deildarmanna, hvort frumvarp þetta skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði.

Breytingaruppástunga
við frumvarp til laga um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands.

(Frá Sighvati Árnasyni, 1. þingmanni Rangæinga).

1. orðabreyting við 5. gr.: að í staðinn fyrir: »hæfilegt hús» verði sett: «hæfilegt húsrúm»; og í sömu grein, í staðinn fyrir: «hús þetta» verði sett: «húsrúm þetta»;
2. orðabreyting við 6. gr.: að í staðinn fyrir: «að útvega hús það» verði sett: «að útvega húsrúm það».

ÖNNUR UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 12. fundi efri þingdeildarinnar, 16. dag júlímán., kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu frumvarp til laga um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands. Framsögumaður var Benidikt Kristjánsson.

Framsögumaður sagði, að breytingar þær, sem nefndin hefði gjört við frumvarp þetta, hefðu orðið fyrir því láni, að þær hefðu að mestu leyti verið látnar óáreittar. Að eins hefði komið fram ein orðabreyting frá þingmanni Rangæinga, og væri hún sú, að í staðinn fyrir orðið: «hús» yrði sett «húsrúm». Hann vissi eigi, hvað þingmanninum hefði gengið til þessarar breytingar, nema ef vera skyldi, að honum þætti það orð fara nær danska orðinu «Locale»; eða hann hefði verið að forðast yfirvofandi hættu, er hann svo hjeldi, að tekið yrði til þeirra ráða, að byggja sjúkrahús á hinum sex tilnefndu stöð-

um, en, eins og hann áður hefði tekið fram, þyrfti eigi að óttast það, því að eigi væri hægt að byggja slík hús, nema því að eins, að fjárlögin veittu fje það, er til þess þyrfti. Svo væri og orðabreyting þessi óheppileg; með húsrúmi ætti líklega að meinast herbergi, en það næði engri átt að ætlast til, að slíkum sjúklingum, er hjer ræddi um, væri skotið inn í herbergi innan um annað heilbrigt fólk; og þó maður hugsaði, að þingmaðurinn hefði meint úthýsi, þá mundi slíkt hvorki hæfilegur staður sjúkum mönnum, nje hættulaust, ef þar væru geymdar vörubyrgðir, er tekið gætu á móti sóttnæminu. Kvaðst hann því álíta heppilegra, að þessu orði frumvarpsins væri haldið óbreyttu.

Sighvatur Árnason kvað breytingaruppástungu sína hafa fengið harðan dóm. Það, sem hefði vakað fyrir sjer, hefði verið það, að hugsanlegt væri, að tekið yrði til þeirra ráða, að byggja sjerstök hús, sem, ef til vildi, stæðu óbrúkuð um aldur og æfi, og yrði því kostnaðurinn einn, og ekkert annað. En hvað hitt snerti, að gripið yrði til að láta bólu- eða kólerusjúka menn inn í herbergi, er heilbrigðir menn væru fyrir, þá vissi hann mikið vel, að slíkt væri alls eigi hættulaust, enda hefði sjer aldrei komið slíkt til hugar, væri þetta undarleg tortryggni, þar sem læknar og heilbrigðisnefnd ættu að sjá um slíkt, ef til þess kæmi; til hvers annars væru heilbrigðisráð sett. Meining sín hefði verið, eins og auðvitað væri, að í slíkum tilfellum yrði að útvega sjerstakt húsrúm.

Landshöfðingi kvaðst ætla að fara fáum orðum um nefndarálit þetta í heild sinni; hefði nefndin yfir höfuð tekið vel í þetta mál; en hann yrði þó að vera á nokkuð annari skoðun í nokkrum atriðum. Það væri fyrst í tilliti til kostnaðarins, er eptir frumvarpinu skyldi borgast að eins að einum þriðja hluta úr hinum íslenzka læknasjóði, eða, ef til kæmi, úr landssjóðnum, en nefndin færi fram á, að allur kostnaðurinn legðist á landssjóðinn; þessi ákvörðun nefndarinnar virtist sjer óheppilegri, en frumvarpsins. Eins og hinum háttvirtu þingmönnum væri kunnugt, hvíldi nú sem stæði allur kostnaður við sóttvarnir á amtsjafnaðarsjóðunum; stefna frumvarpsins væri þá sú, að ljetta undir með þessum sjóðum. Læknasjóðurinn (landssjóðurinn) tæki þegar mikinn þátt í kostnaðinum í þessu tilliti, þar sem laun lækna væru borguð úr honum, og nú ætti eptir frumvarpinu kostnaðurinn við byggingu sjúkrahúsanna að leggjast á hann að einum þriðjungi. Að öðru leyti yrði hann að taka fram, að allar ráðstafanir heilbrigðisstjórnarinnar væru eptir hinum gildandi lögum sveitamálefni; mætti því eigi fara lengra í þessu efni, en frumvarpið gjörði, ef menn vildu gæta þarfa landssjóðsins, og það ætti alþingi að vera áhugamál.

Hvað því næst snerti kostnaðinn við byggingu sjúkrahúsa þeirra, er hjer ræddi um, þá mundi hann varla geta orðið sveitarsjóðunum of vaxinn, þar sem hann að undan teknum Reykjavíkur-kaupstað naumlega mundi fara fram úr 2000—3000 krónum fyrir hús hvert; þriðji hluti þess væri að eins 600—1000 krónur, og það í eitt skipti fyrir öll. Líka vildi hann benda á, að amtsráðin gætu fengið leyfi til að fá lán móti 6% til vaxta og endurborgunar, og yrði þá allur kostnaðurinn 40—60 kr. árlega. Slíkt gæti eigi orðið neinn tilfinnanlegur kostnaður. Á hinn bóginn gætu slík sjúkrahús komið hlutaðeigandi hjeraði að mestu notum, þar sem þau mætti nota sem sjúkrahús fyrir aðra sjúklinga, þegar hin hjer um ræddu sóttnæmu veikindi eigi bæru að höndum; og það því heldur, sem læknar væru við höndina á öllum þessum stöðum. Hvað viðaukauppástungu nefndarinnar við 3. grein frumvarpsins snerti, hefði nefndin líklega hugsað sjer, að öll skip einnig með öðrum næmum sjúkdómum, en þeim, er hjer ræddi um, skyldu vera háð ákvörðuninni í 1. grein um, að sigla inn á hinar 6 tilteknu hafnir; en það væri þó ekki; því að eptir því sem 3. grein lægi fyrir, væri þeim einungis gjört að skyldu að draga upp grænt flagg; þess vegna mundi heppilegra að láta 8. grein frumvarpsins, er nefndin hefði viljað fella úr, standa, sem innihjeldi ákvörðun um, að ráðgjafinn fyrir

Ísland gæti ákveðið, að lögum þessum í heild sinni yrði beitt við aðrar hættulegar (epidemiskar) sóttir. Hvað breytinguna við 2. grein snerti, væri hún að vísu eigi þýðingarmikil; af landshöfðingjanum væri naumlega hægt að heimta aðra áreiðanlegri vissu en þá, er hafa mætti af útlendum blöðum.

Framsögumaður kvaðst þó verða að ætla, þrátt fyrir ummæli hins hæstvirta landshöfðingja, að viðauki sá við 3. grein, er nefndin hefði stungið upp á, væri í alla staði nauðsynlegur. Fyrir sitt leyti skyldi hann raunar játa, að beina ákvörðun vantaði um, að skip þessi, er væru á veikir menn af skarlagssótt eða meslingum eða öðrum næmum sóttum, skyldu vera skyld til, að fara inn á hinar 6 ákveðnu hafnir, og mundi nefndin fús til að gjöra breytingu í þá átt. Það sem nefndinni hefði gengið til að fella burtu 8. grein, væri það, að henni hefði þótt ógjörningur að leyfa slíkum skipum að koma inn á fleiri en hinar 6 tilteknu hafnir. Öllum hlyti að liggja í augum uppi, hvílíkan kostnað og ómak sóttvarnir hefðu í för með sjer, og hvílík hætta það væri fyrir svo fámennt land, ef slíkar pestnæmar sóttir kæmust inn í það, sem gætu decímerað og aptur decímerað þjóðina á skömmum tíma, þar sem engin meðul væru fyrir hendi til að stemma stigu fyrir pestinni, nema ef vera skyldi í Reykjavík, ef til alvörunnar kæmi. Yrði hann því að ætla, að nefndin hefði einmitt sýnt helzt til mikla tilslökun í því, að halda ákvörðuninni um hina 6 sóttvarnarstaði. Hinum hæstvirta landshöfðingja gæti hann heldur eigi verið samdóma um, að kostnaðurinn við sóttvarnirnar mundi eigi ofvaxinn sveitar- og amtssjóðum. Nefndinni hefði þótt ósanngjarnt að leggja nokkurn kostnað í því tilliti á slíka sjóði, og það af þeim ástæðum, er hún hefði ljóslega tekið fram í nefndarálitinu. Hvers vegna væri t. a. m. Akureyrarkaupstaður tiltekinn sem komustaður fyrir skip, sem bólusótt eða kólera væri á? Einmitt til þess, að hið opinbera eigi hægra með að stemma stigu fyrir útbreiðslu sýkinnar. Slíkir sóttvarnarstaðir hefðu sannarlega eigi unnið neitt við það, að slíkum skipum væri stefnt þangað fyrst að landi, heldur væri það gjört fyrir allt landið; að hver einstök sýsla eða amt tæki fyrst á móti sóttnæminu, það væri gjört fyrir hið opinbera, fyrir allt landið; fyrir því væri það að bæta gráu ofan á svart, að á hvert hlutaðeigandi amt eða sýslufjelag yrði lagður sá kostnaður, er af sóttvörnum leiddi. Nefndinni hefði því þótt sanngjarnast og bezt við eiga, að allur kostnaður sá væri greiddur úr landssjóði. Að öðru leyti kvaðst hann ítreka það aptur, að nefndin mundi þakklátlega taka þeirri bendingu við 3. grein, er hinn hæstvirti landshöfðingi hefði komið með.

Sighvatur Árnason kvaðst játa, að nefndinni hefði tekizt ætlunarverk sitt mikið vel, enda þótt hinn hæstvirti landshöfðingi hefði eigi getað gefið henni alls kostar samþykki sitt. Sjer í lagi virti hann mjög þann hugsunarhátt nefndarinnar, er kæmi fram í breytingu hennar undir 4. tölulið, þar sem hún hefði rjettilega ráðið til, að leggja sóttvarnarkostnaðinn á landssjóð, því að í því væri þó jafnrjettishugsun, en í frumvarpinu ekki. Það dygði ekki heldur að ofhlaða á smásjóðina, það væri að spara skildinginn en sóa dalnum. Með því móti yrðu gjöldin að kúgun, dalurinn yrði að lokum tekinn af einskildingnum eða ef til vildi af alls engu með því lagi; hann væri svo mikið kunnugur ástandinu í sveitunum, að hann gæti vel borið um slíkt. Kvaðst hann vona, að þingmenn yrðu að játa þetta með sjer.

Eiríkur Kúld kvað það óheppilegt, að hinn hæstvirti landshöfðingi væri genginn af fundi, með því að hann gjarnan hefði viljað fá hjá honum nákvæmari upplýsingar; því að ef reikningsyfirlit það, er hann hefði gefið yfir kostnaðinn við byggingu sjúkrahúsa væri áreiðanlegt, mundi hann eigi ófús á, að aðhyllast ákvörðunina þar að lútandi í 6. grein frumvarpsins. Eigi gæti hann að vísu verið samdóma þingmanni Rangæinga í því að hlífa um of sveitar- og jafnaðarsjóðum einkum í þessu tilfelli, þar sem hann yrði að gefa hinum hæstvirta landshöfðingja rjett í

því, að þetta mál væri sveitarfjelögunum viðkomandi. Hann vissi raunar mjög vel, að sveitarsjóðirnir hefðu ærin gjöld, en svo væri og um landssjóðinn engu síður, og yrðu menn að gæta þess, að ofþyngja honum ekki. En hvað byggingu sjúkrahúsa snerti, þá virtist sjer brýn nauðsyn bera til, að þeim yrði komið upp. Hann vissi það af eigin reynslu, hve óþægilegt og örðugt væri að annast sjúklinga, er þyrftu daglega hjúkrun og nákvæma læknisumönnun, ef engin viss hús væru fyrir hendi handa þeim. En hins vegar óttaðist hann, að hið áður umgetna reikningsyfirlit væri eigi nákvæmt, þar sem litið væri til þess, hversu mikið fangahúsin hefðu kostað.

Framsögumaður sagði, að með því í frumvarpinu stæði engin beinlínis ákvörðun um, að byggja skyldi sjúkrahús, þá hefði nefndinni eigi virzt nauðsyn, að ræða um það. En þótt farið yrði fram á slíkt, mundi það ekki hafa neina verkun á skoðun nefndarinnar á því, hvar kostnaðurinn skyldi lenda. Það gæti máske álitizt sanngjarnt, að sýslufjelögin tækju þátt í kostnaði þeim, er bygging slíkra húsa hefði í för með sjer, ef þau gætu notað sama húsið um leið fyrir aðra sjúklinga; þó mundi það kosta landið ærna peninga. Í því efni virtist sjer því eigi annað tiltækilegra, en að útvegað yrði eitthvert afskekkt hús, svo sem geymsluhús, sem stæði sjerstakt og með litlum tilkostnaði mundi mega laga eptir þörfum. Ef aptur á hinn bóginn sjúkrahúsin ættu að vera bæði fyrir almenning og bólu- og kólerusjúka menn, þá fyndist sjer slíkt óhugsandi, og einkarhættulegt, því að bæði væri það, að hæglega gætu hinar næmu sóttir borið svo brátt að, að flytja yrði burt alla sjúklinga, er þar væru fyrir, svo hefði hann og heyrt lækna segja, að mjög örðugt væri að hreinsa aptur þau hús, er bólu- og kólerusjúkir menn hefðu legið í.

Jón Hjaltalín sagði, að það hefði verið haft á móti nefndinni, að hún vildi leggja kostnaðinn við sóttvarnir á landssjóðinn. En kvaðst fyrir sitt leyti eigi geta sjeð annað, en að það væri í alla staði rjettlátt, því í slíkum tilfellum væri voði fyrir dyrum, er eigi snerti fremur eitt einstakt hjerað en allt landið; enda mundu hinir sjerstöku sjóðir hafa nóg að bera; það vissu bæði amtmenn og sýslumenn. Landssjóðnum mundi og innanhandar að leggja á einhver sjerstök útgjöld, er kæmu niður á öllu landinu jafnt. En hvað það snerti, að byggð yrðu sjúkrahús, yrði hann að vera því alveg mótfallinn; menn grunaði sízt, hve dýr slík hús munda verða með öllu tilheyrandi. Mundi því snjallara ráð, að fara að eins og sjer væri kunnugt um, að erlendis væri gjört, t. a. m. í Danmörku, þar hefði hann sjálfur verið sóttvarnarlæknir, að leigja hús; mundi það reynast miklu kostnaðarminna. Að hafa slík hús fyrir almenna spítala um leið, væri allsendis ógjörningur, því að það væri eigi allra meðfæri að hreinsa hús, er bólusóttnæmið hefði læst sig í.

Fyrst eigi fleiri tóku til máls, ljet forseti ganga til atkvæða í málinu, og fjell atkvæðagreiðsla þannig:

1. grein frumvarpsins.
1. óbreytt samþykkt í einu hljóði.

2. grein frumvarpsins.
2. fyrsta uppást. nefndarinnar samþ. með 8 atkv.
3. önnur — — samþ. með 8 atkv.
4. þriðja — — samþ. með 9 atkv.
5. önnur grein frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

3. grein frumvarpsins.
6. orðabreytingin samþ. án atkvæðagreiðslu.
7. viðaukinn samþykktur með 8 atkvæðum.
8. 3. grein frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

4. grein frumvarpsins.
9. óbreytt samþykkt í einu hljóði.
10. 5. grein frumvarpsins.

Við breytingaruppástungu þingmanns Rangæinga var við haft nafnakall og fjellu atkvæði þannig: Já sögðu:

Sighvatur Árnason.
Stefán Eiríksson.
Torfi Einarsson.

Nei sögðu:
Bergur Thorberg.
Ólafur Pálsson.
Ásgeir Einarsson.
Benidikt Kristjánsson.
Eiríkur Kúld.
Jón Hjaltalín.
Jón Pjetursson.
Þórður Jónasson.

11. Hin orðabreytingin fallin við atkvæðagreiðslu undir 10. tölul.
12. 5. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt í einu hljóði.
6. grein frumvarpsins.
13. breytingaruppást. nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
14. orðabreytingin samþ. án atkvæðagreiðslu.
15. orðabreyting þingmanns Rangæinga fallin við atkvæðagreiðslu undir tölul. 10.
16. breytingaruppástunga nefndarinnar samþykkt með 9 atkvæðum.
17. 6. grein frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.
7. grein frumvarpsins
18. óbreytt samþykkt í einu hljóði.
19. 8. grein frumvarpsins falli burt, samþykkt með 8 atkvæðum.
20. Fyrirsögn frumvarpsins aukin samþykkt með 9 atkvæðum.

Var þá samþykkt í einu hljóði, að frumvarpið þannig lagað skyldi ganga til 3. umræðu, og var það nú svo látandi.

FRUMVARP

til laga um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands.

1. grein.

Þegar skip kemur til Íslands frá einhverjum þeim stað, sem samkvæmt auglýsing ráðgjafans fyrir Ísland er álitinn sýktur annaðhvort af bólusótt eða hinni austurlenzku kólerusótt, þá má eigi setja neinn mann (hvorki farþega eða skipverja) í land af því skipi, fyr en hlutaðeigandi hjeraðslæknir eða einhver annar löggildur læknir hefur rannsakað það eptir tilhlutun heilbrigðisstjórnarinnar. Öll skip, sem koma til Íslands frá slíkum stöðum, skulu, áður en hafðar eru samgöngur við land á öðrum stöðum, koma við á einhverri af þeim höfnum, sem nú skulu nefndar: Reykjavík, Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri eða Eskifirði, til þess þau verði rannsökuð, eins og sagt er.

Hið sama er og um skip — þar með einnig talin fiskiskip —, sem koma frá öðrum stöðum, ef á þeim eru menn, sem eru veikir af bólusótt eða kóleru, eða hafa verið það einhvern tíma á leiðinni, eða lík manna, sem dánir eru af sóttum þessum.

2. gein.

Fái landshöfðinginn yfir Íslandi, áður en slík auglýsing ráðgjafans fyrir Ísland, sem nefnd er í greininni á undan, er komin til hans, með öðru móti vitneskju um, að einhver höfn í útlöndum sje sýkt annaðhvort af bólusótt eða hinni austurlenzku kóleru, skal hann hafa vald til að gefa út fyrir hönd ráðgjafans samsvarandi auglýsing, sem hafi sama gildi, og væri hún komin frá ráðgjafanum. Á sama hátt skal honum heimilt að gefa út auglýsing um, að landfarsóttin sje hætt, ef hann hefur áreiðanlega vissu um, að tjeðar landfarsóttir gangi eigi lengur í höfnum þeim, sem sagðar voru áður sýktar. Í hvert skipti, sem landshöfðinginn notar vald það, sem honum er veitt samkvæmt því, sem sagt er að framan, skal hann svo fljótt sem auðið er senda skýrslu um það til ráðgjafans.

3. grein.

Á skipum þeim, sem nefnd eru í 1. grein, skal, áður en þau sigla inn á höfnina, draga grænt flagg upp í topp á stóru siglunni, eða hvítt, ef grænt flagg ekki er til á skipinu. Hið sama skal og gjört, ef á skipi eru menn, sem veikzt hafa í hafi af meslingasótt eða skarlagssótt eða öðrum næmum sóttum.

4. grein.

Verði sú raun á við læknisrannsóknina, að á skipinu sjeu grunsöm veikindi (menn veikir eða dánir), eða að þau hafi gjört vart við sig á leiðinni, eða að heilbrigðisástand

skipsins yfir höfuð sje svo, að hætt sje við, að sýkin flytjist í land, skal heilbrigðisstjórnin, áður en nokkrum verði leyft að fara í land af skipinu, gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, til umönnunar þeim sjúku og til þess að þeir dánu verði fluttir úr skipinu, og það verði hreinsað, og skal skipið látið vera aðskilið frá öðrum skipum þangað til þessar ráðstafanir eru gjörðar.

5. grein.

Í hvert skipti og um svo langan tíma, sem ráðgjafinn fyrir Ísland, eða fyrir hans hönd landshöfðinginn álítur það nauðsynlegt, skal í fyrnefndum kaupstöðum og verzlunarstöðum vera til reiðu hæfilegt hús, þar sem tekið verður við mönnum, sem komnir eru að sjóleiðis og eru veikir af bólusótt eða kólera, og hjúkrað að þeim á haganlegan hátt. Hlutaðeigandi amtmaður skal sjá um, að hús þetta verði útvegað og svo húsgögn þau, sem með þarf, og skal hann á undan semja um það við sveitastjórnir þær, sem í hlut eiga, og stjórn læknasjóðsins íslenzka (eða ef til kemur við landshöfðingja) nema kringumstæðurnar heimti, að ráð verði tekin þegar í stað.

6. grein.

Fyrir rannsókn þá, sem nefnd er í 1. grein, skal greiða lækninum í þóknun 4 kr. fyrir skip, sem að rúmmáli eru allt að 60 tons, 6 kr. fyrir skip allt að 100 tons, og 10 kr. fyrir skip yfir 100 tons. Þóknunin til læknis og borgunin fyrir flutning hans út á skipið og í land aptur, og kostnaðurinn við lækningar á þeim sjúklingum, sem fluttir voru í land, fæði þeirra og aðhjúkrun, greptrunarkostnaður, ef svo stendur á, og útgjöld við að hreinsa skipið, skal allt greitt af skipinu, og skal skipið vera að veði fyrir borguninni, og áður en nokkur af þeim, sem á því eru, verður settur í land, setja trygging fyrir því, að gjöld þau, sem hvíla á skipinu, verði greidd. Að því leyti, er snertir herskip, skal greiða gjaldið til læknisins af landssjóðnum.

Öll önnur útgjöld til framkvæmdar lögum þessum, og sjer í lagi kostnaðinn við að útvega hús það, sem nefnt er í 5. grein, og þau húsgögn, sem til þess þarf, skal greiða úr landssjóði.

7. grein.

Fyrir afbrot gegn 1. og 3. grein og ákvörðunum þeim, sem heilbrigðisstjórnin gjörir samkvæmt 4. grein, skulu koma sektir, sem sjeu allt að 200 kr., að svo miklu leyti sem þyngri hegning ekki liggur við samkvæmt almennum lögum. Sektir þessar renna í landssjóð. Með mál, sem rísa af afbrotum gegn lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál.

Breytingaruppástunga
við frumvarp til laga um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands, eins og það var samþykkt af efri þingdeildinni við aðra umræðu.

(frá nefndinni).

1. Aptan við 1. grein bætist: »Nú kemur meslingasótt, eða skarlagssótt, eða aðrar næmar sóttir upp á skipi á ferð þess til Íslands, og skal það fyrst leita hafnar á einhverjum hinna 6 ofangreindu staða.
2. Niðurlag 3. greinar: »Hið sama og skal gjört . . . . . öðrum næmum sóttum« falli burt.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 16. fundi efri þingdeildarinnar, 21. dag júlímán. var samkvæmt dagskránni tekið fyrir til 3. umræðu frumvarp til laga um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands. (Samkvæmt frumvarpi samþykktu við 2. umræðu í deildinni 16. júlí 1875).

Framsögumaður sagðist að eins ætla að taka það fram viðvíkjandi breytingaruppástungu þeirri, er nú væri komin frá nefndinni, að hún miðaði einungis til þess að gjöra það ljóst, sem ekki hefði áður verið tekið skýlaust fram, nefnilega það, að þau skip, er

á væru menn veikir af skarlagssótt eða meslingum, skyldu vera skyld til að koma fyrst inn á hafnir þær, er tilteknar væru í 1. gr. frumvarpsins. Hefði þetta upprunalega verið meining nefndarinnar, en nefndin hefði þá ekki athugað það nógu vel, og því sett þessa nýju ákvörðun aptan við 3. grein, er nú, eins og breytingaruppástungan benti til, væri færð inn í 1. grein. Kvaðst hann ætla, að hin háttvirta deild mundi álíta þetta nauðsynlega breytingu, og meðan enginn hreifði mótmælum gegn henni, ætlaði hann eigi að tala framar með henni.

Fyrst fleiri tóku eigi til máls, var frumvarpið borið upp til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. grein frumvarpsins.

1. Breytingaruppástunga nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
2. 1. grein, með áorðinni breytingu, samþykkt í einu hljóði.

3. grein frumvarpsins.

3. Breytingaruppástunga nefndarinnar við niðurlag þessarar greinar samþykkt í einu hljóði.
4. 3. grein, með áorðinni breytingu, samþykkt í einu hljóði.
5. Frumvarpið, með áorðnum breytingum, samþykkt í einu hljóði.

Skyldi það síðan sendast forseta neðri deildarinnar, til þess að það yrði lagt fyrir þá deild.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 23. fundi neðri deildar alþingis, 29. dag júlímán., kom samkvæmt dagskránni til fyrstu umræðu frumvarp til laga um mótvarnir gegn því, að bólusótt og kólerusótt flytjist til Íslands, eins og það var samþykkt í efri deildinni. Engin umræða varð um málið og var samþykkt í einu hljóði, að frumvarp þetta skyldi ganga til annarar umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

—

Á 26. fundi neðri deildar alþingis, 2. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu frumvarp til laga um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt, o. s. frv., flytjist til Íslands. Varð engin umræða um málið, og var því gengið til atkvæða; þau fjellu þannig:

1. grein	samþykkt	með	21	atkv.
2. —	—	—	20	—
3. —	—	—	21	—
4. —	—	—	21	—
5. —	—	—	18	—
6. —	—	—	15	—
7. —	—	—	18	—

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu. Frumvarpið í heild sinni samþykkt með 19 atkv., og sömuleiðis, að frumvarpið þannig orðað gengi til þriðju umræðu, samþykkt með 19 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

—

Á 28. fundi neðri deildar alþingis, 4. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til þriðju umræðu frumvarp um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólera flytjist til Íslands. Engin umræða varð um málið, og var frumvarpið samþykkt í heild sinni í einu hljóði, og fyrirsögnin án atkvæðagreiðslu; er það nú fullbúið frá þinginu, og verður sent landshöfðingja; var það þannig látandi:

LÖG
um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands.

1. grein.

Þegar skip kemur til Íslands frá einhverjum þeim stað, sem samkvæmt auglýsing ráðgjafans fyrir Ísland er álitinn sýktur annaðhvort af bólusótt eða hinni austurlenzku kól-

erusótt, þá má eigi setja neinn mann (hvorki farþega eða skipverja) í land af því skipi, fyr en hlutaðeigandi hjeraðslæknir eða einhver annar löggildur læknir hefur rannsakað það eptir tilhlutun heilbrigðisstjórnarinnar. Öll skip, sem koma til Íslands frá slíkum stöðum, skulu, áður en hafðar eru samgöngur við land á öðrum stöðum, koma við á einhverri af þeim höfnum, sem hjer skulu nefndar: Reykjavík, Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri eða Eskifirði, til þess þau verði rannsökuð, eins og sagt er.

Hið sama er og um skip — þar með einnig talin fiskiskip — sem koma frá öðrum stöðum, ef á þeim eru menn, sem eru veikir af bólusótt eða kóleru, eða hafa verið það einhvern tíma á leiðinni, eða lík manna, sem dánir eru af sóttum þessum.

Nú kemur meslingasótt eða skarlagssótt eða aðrar næmar sóttir upp á skipi á ferð þess til Íslands, og skal það fyrst leita hafnar á einhverjum hinna 6 ofangreindu staða.

2. grein.

Fái landshöfðinginn yfir Íslandi, áður en slík auglýsing ráðgjafans fyrir Ísland, sem nefnd er í greininni á undan, er komin til hans, með öðru móti vitneskju um, að einhver höfn í útlöndum sje sýkt annaðhvort af bólusótt eða hinni austurlenzku kóleru, skal hann hafa vald til að gefa út fyrir hönd ráðgjafans samsvarandi auglýsing, sem hafi sama gildi, og væri hún komin frá ráðgjafanum. Á sama hátt skal honum heimilt að gefa út auglýsing um, að landfarsóttin sje hætt, ef hann hefur áreiðanlega vissu um, að tjeðar landfarsóttir gangi eigi lengur í höfnum þeim, sem sagðar voru áður sýktar. Í hvert skipti, sem landshöfðinginn notar vald það, sem honum er veitt samkvæmt því, ssm sagt er að framan, skal hann svo fljótt, sem auðið er, senda skýrslu um það til ráðgjafans.

3. grein.

Á skipum þeim, sem nefnd eru í 1. grein, skal, áður en þau sigla inn á höfnina, draga grænt flagg upp í topp á stóru siglunni, eða hvítt, ef grænt flagg ekki er til á skipinu.

4. grein.

Verði sú raun á við læknisrannsóknina, að á skipinu sjeu grunsöm veikindi (menn veikir eða dánir), eða að þau hafi gjört vart við sig á leiðinni, eða að heilbrigðisástand skipsins yfir höfuð sje svo, að hætt sje við, að sýkin flytjist í land, skal heilbrigðisstjórnin, áður en nokkrum verði leyft að fara í land af skipinu, gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, til umönnunar þeim sjúku og til þess að þeir dánu verði fluttir úr skipinu, og það verði hreinsað, og skal skipið látið vera aðskilið frá öðrum skipum, þangað til þessar ráðstafanir eru gjörðar.

5. grein.

Í hvert skipti og um svo langan tíma, sem ráðgjafinn fyrir Ísland, eða fyrir hans hönd landshöfðinginn álítur það nauðsynlegt, skal í fyrnefndum kaupstöðum og verzlunarstöðum vera til reiðu hæfilegt hús, þar sem tekið verður við mönnum, sem komnir eru að sjóleiðis og eru veikir af bólusótt eða kóleru, og hjúkrað að þeim á haganlegan hátt. Hlutaðeigandi amtmaður skal sjá um, að hús þetta verði útvegað og svo húsgögn þau, sem með þarf, og skal hann á undan semja um það við sveitastjórnir þær, sem í hlut eiga, og stjórn læknasjóðsins íslenzka (eða ef til kemur við landshöfðingja), nema kringumstæðurnar heimti, að ráð verði tekin þegar í stað.

6. grein.

Fyrir rannsókn þá, sem nefnd er í 1. grein, skal greiða lækninum í þóknun 4 kr. fyrir skip, sem að rúmmáli eru allt að 60 tons, 6 kr. fyrir skip allt að 100 tons, og 10 kr. fyrir skip yfir 100 tons. Þóknunin til læknis og borgunin fyrir flutning hans út á skipið og í land aptur, og kostnaðurinn við lækningar á þeim sjúklingum, sem fluttir voru í land, fæði þeirra og aðhjúkrun, greptrunarkostnaður, ef svo stendur á, og útgjöld við að hreinsa skipið, skal allt greitt af skipinu, og skal skipið vera að veði fyrir borguninni, og áður en nokkur af þeim, sem á því eru, verður settur í land, setja trygging fyrir því, að gjöld þau, sem hvíla á skipinu, verði greidd.

Að því leyti, er snertir herskip, skal greiða gjaldið til læknisins af landssjóðnum.

Öll önnur útgjöld til framkvæmdar lögum þessum, og sjer í lagi kostnaðinn við að útvega hús það, sem nefnt er í 5. grein, og þau húsgögn, sem til þess þarf, skal greiða úr landssjóði.

7. grein.

Fyrir afbrot gegn 1. og 3. grein og ákvörðunum þeim, sem heilbrigðisstjórnin gjörir samkvæmt 4. grein, skulu koma sektir, sem sjeu allt að 200 kr., að svo miklu leyti sem þyngri hegning ekki liggur við samkvæmt almennum lögum. Sektir þessar renna í landssjóð. Með mál, sem rísa af afbrotum gegn lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál.

VIII.

FRUMVARP

til laga um þingsköp handa alþingi Íslendinga.

1. Prófun kjörbrjefa, eiður, forsetar, varaforsetar, skrifarar, kosning þjóðkjörinna alþingismanna í efri þingdeildinni, setning þingdeildanna.

1. grein.

Jafnskjótt og alþingi kemur saman eptir nýjar kosningar, skal elzti þingmaðurinn gangast fyrir því, að kosinn sje forseti um stundar sakir, sem stjórni umræðum þingsins, þangað til hin fyrsta almenna prófun kjörbrjefanna er fram farin. Til þess að prófa kjörbrjefin ganga þingmenn eptir hlutkesti í 3 deildir, sem, að svo miklu leyti sem unnt er, sjeu jafnstórar. Fyrsta deildin fær annari deildinni, önnur deild þriðju deild, og þriðja deild fyrstu deild kjörbrjef þeirra þingmanna, sem eru í hverri þeirra um sig. Sjerhver deild rannsakar kjörbrjef þau, sem hún þannig hefur tekið við, gjörir uppástungur sínar til þingsins um kosningar þær, sem kjörbrjefin hljóða um, og kýs framsögumann. Uppástungurnar má bera upp án nokkurs fyrirvara og munnlega; þingið getur með atkvæðagreiðslu um þær gjört ályktun um kosningarnar á sama fundi, og uppástungurnar eru bornar upp. Ályktun um gildi eða ógildi kosninga skal gjörð með því að greiða atkvæði með og á móti því, að hún sje viðurkennd sem gild. (29. gr. stjórnarskrárinnar).

2. grein.

Eptir að hinir nýju þingmenn þar næst hafa unnið eið að stjórnarskránni (30. grein stjórnarskrárinnar), skal kjósa forseta og undir stjórn hans varaforseta og 2 skrifara fyrir hið sameinaða alþingi. Kosningin gildir fyrir allan þingtímann það ár.

Til þess að verða kosinn forseti útheimtist meir en helmingur atkvæða; verði þessum atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu atkvæðagreiðslu, skal kosið á ný óbundnum kosningum. Verði þá heldur eigi náð þeim atkvæðafjölda, sem með þarf, skal að eins kjósa um þá tvo þingmenn, sem flest höfðu atkvæði við aðra kosningu; hafi fleiri hlotið jafnmörg atkvæði við þá kosningu, skal hlutkesti ráða, um hverja tvo skuli kjósa. Fái þeir báðir við hina bundnu kosningu jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti sömuleiðis ráða, hvor þeirra eigi að vera forseti. Eptir sömu reglu skal farið, þegar kjósa á varaforseta, en er skrifararnir verða kosnir, skal atkvæðafjöldi ráða.

Þegar nýjar almennar kosningar hafa átt sjer stað, skal forseti sá, sem kosinn er um stundarsakir, gangast fyrir forsetakosningunni, en þegar alþingi endrarnær kemur saman, skal elzti þingmaðurinn standa fyrir henni.

3. grein.

Síðan skal kjósa hina 6 þjóðkjörnu alþingismenn, sem eiga að hafa sæti í efri deild þingsins (16. gr. stjórnarskrárinnar). Allir alþingismennirnir taka þátt í kosningunni; til þess að kosning sje gild, útheimtist meir en helmingur þeirra atkvæða, sem

greidd eru, og skal fylgja hinni sömu aðferð við þessa kosningu og fyrirskipuð er í 2. gr. um forsetakosninguna. Sömuleiðis skal kjósa nefnd til þess að prófa þau kjörbrjef, sem fyrst koma fram, eptir að hinni almennu prófun er lokið (1. gr.), og svo til þess að rannsaka kosningar, sem þingið hefur frestað að viðurkenna gildar, eða kærur, sem snerta kosningar, sem þegar eru teknar gildar. Í nefnd þessari sitja 5 menn, 3 kjörnir af hinu sameinaða alþingi eptir þeim reglum, sem gilda um nefndarkosningar, og forsetar beggja deildanna. Láti nefndin uppi skriflega uppástungu, eða leggi hún til, að kosningin verði álitin ógild, skulu uppástungur nefndar þessarar ræddar eptir reglunum fyrir 2. umræðu lagafrumvarpa (sbr. 13. gr.); en að öðrum kosti gildir hið sama og ákveðið er í 1. gr. um uppástungur deildanna.

4. grein.

Þar á eptir eru settar hinar tvær deildir þingsins. Í hvorri deildinni fyrir sig gengst elzti þingmaðurinn fyrir kosningu forseta deildarinnar, og skal hann þar næst standa fyrir kosningu varaforseta og 2 skrifara í hvorri deild.

Við kosningar þessar skal fylgja reglum þeim, sem settar eru í 2. gr. um hinar samsvarandi kosningar í hinu sameinaða alþingi, og gilda þær sömuleiðis fyrir allan þingtímann í það skipti.

5. grein.

Forsetinn stjórnar umræðunum í hlutaðeigandi deild, og sjer um, að allt fari fram í góðri reglu. Hann tekur við öllum skýrslum til deildarinnar, og stendur fyrir afgreiðslum hennar. Vilji hann taka nokkurn frekari þátt í umræðunum, en fylgir af stöðu hans sem forseta, verður hann á meðan að víkja úr forsetasæti fyrir varaforsetanum. Forsetinn tekur eigi þátt í neinni atkvæðagreiðslu.

Forsetar beggja deildanna standa í sameiningu fyrir reikningum alþingis, en samt getur forseti þeirrar deildarinnar, sem í hlut á, ávísað því fje, sem þingmönnum ber í daglaun og ferðakostnað. Þeir ráða menn, sem þörf er á, til þingstarfa, og ákveða laun þeirra. Sömuleiðis standa þeir í sameiningu fyrir útgáfu alþingistíðindanna, ráða útsölumann þeirra og annast um tilsjónina með skjalasafni alþingis, bókasafni þess og geymslu á alþingistíðindunum.

Að endingu hafa báðir deildarforsetar milli þinga vald til fyrir hönd deildanna, að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, viðvíkjandi hinni innri skipun deildarinnar.

6. grein.

Í forföllum forseta gengur varaforseti í öllu tilliti í hans stað.

7. grein.

Skrifararnir halda undir tilsjón forsetans stutta bók, þar sem ritað er efni umræðanna, og úrslit þeirra; hún skal lesin upp við byrjun næsta fundar á eptir, og skulu síðan forsetinn og annar skrifarinn rita nöfn sín undir hana. Enn fremur telja þeir saman atkvæði við atkvæðagreiðslurnar, eptir að þeir sjálfir fyrst hafa greitt atkvæði sín. Sömuleiðis sjá þeir undir tilsjón forsetans um skrásetning ályktana deildarinnar, og ritar forsetinn og annar skrifarinn nöfn sín undir þær. Störfum skal skipt milli þeirra eptir samkomulagi við forsetann.

8. grein.

Reglurnar að framan (5.—7. gr.) gilda einnig um forsetann, varaforsetann og skrifarana í hinu sameinaða alþingi, þegar deildirnar ganga saman í eina málstofu annaðhvort samkvæmt 16. og 29. gr. stjórnarskrárinnar, eða til þess að prófa kjörbrjef, smbr. 3. gr. að framan.

II. Nefndir.

9. grein.

Hvor þingdeildin fyrir sig getur sett bæði stöðugar nefndir, sem málum af einhverri tiltekinni tegund skal vísað til, og nefndir í einstökum málum, sem þó einnig seinna má vísa til nýjum málum, þegar efni þeirra stendur í sambandi við eða er skylt fyrra málinu. Nefndin getur sjálf kvatt til einn eða fleiri þingmenn, þegar deildin samþykkir það. Á hverju stigi, sem málið er

til umræðu, má setja nefnd, eða vísa málinu til rannsóknar nefndar, sem þegar er sett. Verði þetta gjört, þá er umræður þegar eru byrjaðar, skal síðan fresta þeim. Tala nefndarmanna skal ávallt standa á stöku.

10. grein.

Nefndin kýs, jafnskjótt og hún er komin saman, forseta og skrifara, og á þeim tíma, er henni þykir það hentugt, framsögumann. Nefndin lætur uppi álit, sem skal prentað og útbýtt, og má eigi ræða það í deildinni, fyr en 2 dagar eru liðnir frá því það var gjört.

III. Lagafrumvörp.

11. grein.

Lagafrumvörp skulu vera samin í lagaformi. Þau skulu, hvort heldur sem þau koma frá stjórninni eða frá þingmanni í deildinni eða frá hinni deildinni, lögð fyrir á fundi og vera prentuð, og þeim útbýtt í degi fyr en þau verða tekin til fyrstu umræðu. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeildinni um sig (27. gr. stjórnarskrárinnar).

12. grein.

Við fyrstu umræðu skal ræða frumvarpið í heild sinni. Enginn má við þessa umræðu tala optar en tvisvar sinnum, nema deildin leyfi það, samt skal undan taka landshöfðingja, framsögumannsinn og, sje um lagafrumvarp að ræða, sem ekki er komið frá stjórninni, þann, sem hefur borið það upp, eða sjeu þeir fleiri, framsögumann þeirra. Eptir að búið er að ræða frumvarpið á þennan hátt, skal leita atkvæða um, hvort það skuli ganga til annarar umræðu.

13. grein.

Við aðra umræðu, sem eigi má eiga sjer stað fyr en 2 dagar eru liðnir frá því, að fyrstu umræðu var lokið, skal ræða hinar einstöku greinir lagafrumvarpsins með þar til heyrandi breytingaruppástungum í þeim köflum, sem forseta þykja við eiga. Jafnskjótt og búið er að ræða hvern kafla, skal gengið til atkvæða um greinirnar í honum og þar til heyrandi breytingaruppástungur. Að endingu skal gjört út um það með atkvæðagreiðslu, hvort frumvarpið í því formi, sem það nú er í, skuli koma til þriðju umræðu.

14. grein.

Við þriðju umræðu, sem ekki má fram fara fyr en 2 dagar eru liðnir frá því, að lokið er annari umræðu, og eigi gjöra við hana breytingaruppástungur af öðrum en nefndinni, meiri eða minni hluta í nefndinni, landshöfðingja eða að minnsta kosti af $^1/_3$ parti af þingmönnum deildarinnar í sameiningu (í efri deildinni 4, í neðri deildinni 8), skal ræða *breytingaruppástungurnar*, þær greinir, er breytingaruppástungurnar eru gjörðar við, og lagafrumvarpið sem heild í einu lagi eða í köflum eptir ákvörðun forseta og láta greiða atkvæði um breytingaruppástungurnar. Eptir að því næst annar skrifarinn með tilsjón forsetans hefur skrásett lagafrumvarpið samkvæmt öllum þeim atkvæðagreiðslum, sem fram hafa farið áður, skal lesa það upp, að svo miklu leyti sem forseta þykir þörf á, og að endingu setja það undir atkvæði í heild sinni.

15. grein.

Þegar lagafrumvarp er samþykkt á þennan hátt í þeirri deild, þar sem það fyrst er borið upp, sendir deildarforsetinn það í því formi, er það er samþykkt í, forseta hinnar deildarinnar, og mælist til, að hann leggi það fyrir deildina (28. gr. stjórnarskrárinnar).

Við umræðurnar um frumvarpið í þessari deild skal fylgja hinum sömu reglum og settar eru að framan viðvíkjandi umræðunum um það í þeirri deild, þar sem það fyrst er borið upp.

16. grein.

Verði frumvarpið á þennan hátt óbreytt samþykkt í hinni þingdeildinni, sendir forseti deildarinnar það landshöfðingja.

17. grein.

Ef deildin aptur á móti gjörir breytingar á frumvarpi því, sem henni hefur verið sent, skal senda það aptur, eins og því hefur verið breytt, til þeirrar deildar, þar sem það fyrst er borið upp (28. gr. stjórnarskrár-

innar). Ef málið áður hefur verið rætt í nefnd, sendir forsetinn í þessari deild nefndinni þegar í stað frumvarp það, sem hann hefur tekið við. Eptir að frumvarpið í því formi, sem það hefur fengið í hinni deildinni og álit nefndarinnar um það er prentað, og því hefur verið útbýtt 2 dögum áður, skal taka það til umræðu á þann hátt, sem fyrirskipaður er um 3. umræðu lagafrumvarps (14. gr.), en þó er hverjum þingmanni heimilt að gjöra breytingaruppástungur. Ef deildin fellst á frumvarpið í því formi, sem samþykkt er í hinni deildinni, sendir forseti deildarinnar landshöfðingja það. En gjöri deildin breytingar á því, sendir forsetinn það í hinu nýja formi þess hinni deildinni (28. gr. stjórnarskrárinnar).

18. grein.

Fallist þessi deild eptir umræðu, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í 17. gr., á frumvarpið í því formi, sem það nú hefur, skal forsetinn senda landshöfðingja það. En verði því breytt, sendir forseti deildarinnar forseta hins sameinaða alþingis frumvarpið og mælist til, að hann leggi það fyrir hið sameinaða alþingi (28. gr. stjórnarskrárinnar).

19. grein.

Forseti hins sameinaða alþingis kallar síðan saman báðar deildir þingsins og leggur frumvarpið fyrir til einnar umræðu í hinu sameinaða þingi í því formi, sem það hefur fengið við síðustu atkvæðagreiðslu, eptir að búið er að prenta það, og því hefur verið útbýtt 2 dögum áður. Við þessa umræðu er hverjum þingmanni heimilt, að gjöra breytingaruppástungur, og skal með tilliti til þeirra fylgja þeim reglum, sem settar eru í 24. gr. Eptir að búið er að ræða þær og frumvarpið sjálft í heild sinni, lætur forseti ganga til atkvæða. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deildinni um sig sjeu á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti, að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu. Til þess að frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga verði samþykkt, útheimtist samt að eins atkvæðafjöldi (28. gr. stjórnarskrárinnar).

Verði frumvarpið samþykkt, skal forseti hins sameinaða alþingis senda landshöfðingja það, að öðrum kosti fellur það niður.

20. grein.

Þegar lagafrumvarp er samþykkt af alþingi, sjá forsetar beggja deildanna og landshöfðingi í sameiningu um, að danski textinn sje saminn, þannig að málið verður lagt fyrir hið sameinaða alþingi, ef þeim kemur ekki saman.

IV. Frumvörp til stjórnarskipunarlaga.

21. grein.

Lagafrumvörp, sem hafa inni að halda breytingar á stjórnarskránni eða viðbót við hana, skulu í fyrirsögninni vera nefnd sem frumvörp til stjórnarskipunarlaga; sjeu þau eigi nefnd svo, vísar forseti þeim frá. Breytingaruppástungur, sem hafa inni að halda breytingar á stjórnarskránni eða viðbót við hana, verða að eins gjörðar við frumvörp til stjórnarskipunarlaga; verði þær gjörðar við önnur frumvörp, vísar forseti þeim frá.

V. Álit yfirskoðunarmanna.

22. grein.

Til þess að ræða álit yfirskoðunarmannanna, sem skal lagt fyrir neðri deildina fyrst, skal í deildinni setja nefnd, sem 3 þingmenn verða kosnir í.

Uppástungur frá þessari nefnd skulu koma tvisvar sinnum til umræðu eptir reglunum um aðra og þriðju umræðu. Hið sama gildir, ef efri deildin setur nefnd í málinu um álit yfirskoðunarmannanna.

VI. Aðrar sjerstakar uppástungur.

23. grein.

Aðrar sjerstakar uppástungur en lagafrumvörp skulu vera samdar í ályktunarformi

og skal sagt til þeirra á fundi. Þingdeildin ályktar þá á fundi þar á eptir, eptir uppástungu forsetans, hvernig ræða skuli uppástunguna. Samt má eigi samþykkja neina uppástungu á sama fundi, og gjörð er ályktun um, hvernig skuli ræða hana.

VII. Breytingaruppástungur, aukabreytingaruppástungur.

24. grein.

Breytingaruppástungur við þær uppástungur, sem eru til umræðu, skulu vera prentaðar og þeim útbýtt í degi fyr en þær koma til umræðu. Ef stungið er upp á að skipta atkvæðagreiðslu um lagagrein, er það skoðað sem breytingaruppástunga (smbr. 37. gr.). Aukabreytingaruppástungur (uppástungur um breytingar á breytingaruppástungu) má bera upp við byrjun þess fundar, þá er þær eru teknar til umræðu; samt verða þær að vera komnar fram svo tímanlega, að þær sjeu prentaðar, og þeim útbýtt, þegar atkvæðagreiðsla fer fram. Nefndin getur einnig borið upp breytingaruppástungur með jafnstuttum fresti, en aðrir einungis þegar þingdeildin samþykkir það. Til þess að bera upp aukabreytingaruppástungur, þarf aldrei fleiri en einn mann (smbr. 14. gr.).

VIII. Fyrirspurnir.

25. grein.

Æski einhver alþingismaður að bera upp í annarihvorri þingdeildinni opinbert málefni, og beiðast þar um skýrslu landshöfðingja (37. gr. stjórnarskrárinnar), skal þetta gjört með fyrirspurn, sem fengin sje forseta, og skal hún vera skriflega og greinilega samin. Skýrir forseti síðan frá fyrirspurninni á fundi, og sker deildin á fundi þar á eptir úr, hvort gjöra megi fyrirspurnina. Verði það samþykkt, en það verður gjört umræðulaust, sendir forseti landshöfðingjanum fyrirspurnina, og verður hún svo borin upp og rædd á fundi þar á eptir. Við þessa umræðu má eigi gjöra neina ályktun.

IX. Aptrkölluu, frávísun, um að taka fyrir næsta málið á dagskránni.

26. grein.

Bæði stjórnarfrumvörp og frumvörp frá þingmönnum deildarinnar má kalla aptur á hverju stigi sem umræðurnar eru, en hver annar þingmaður, sem vill, getur þá jafnskjótt tekið þau upp aptur.

27. grein.

Þegar fyrirspurn, uppástunga eða breytingaruppástunga er borin upp og útlistuð, er sjerhverjum þingmanni heimilt að krefjast þess, að henni sje vísað frá. Kröfuna skal koma fram með, áður en nokkur annar en sá, sem gjörir uppástungona eða ber upp fyrirspurnina, hefur talað. Þingdeildin sker þá umræðulaust úr því, hvort henni skuli vísað frá. Meðan á umræðunum stendur, má einnig gjöra uppástungu, sem byggð sje á ástæðum, um að taka skuli fyrir það næsta mál á dagskránni, en samt skal þessi uppástunga vera skriflega tilkynnt forsetanum fyrir fram.

X. Utanþings-málefni.

28. grein.

Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings (38. gr. stjórnarskrárinnar).

Hjer með skulu taldar bæuarskrár, ávörp, kærur og þess konar málaleitanir frá utanþingsmönnum. Sje þess konar málefni stýlað til þingsins í heild þess, skal það afhent þeirri deildinni, er sá þingmaður á sæti í, sem hefur tekið það að sjer til flutnings. Sjerhvert málefni skal eptir að forseti hefur á fundi skýrt frá því, afhent nefnd þeirri, sem sá, er tekið hefur málefnið að sjer til flutnings, heimtar að það sje fengið, svo framarlega sem slík nefnd er sett. Um sjerhvert málefni, sem vísað er til nefndar, skal út af fyrir sig eða í sambandi við önnur málefni, sem vísað er til hlutaðeigandi nefndar, látið uppi álit og skýrt frá, hvort nefndin finni ástæðu til að gjöra uppástungu um það til þingdeildarinnar eða ekki. Uppástungurnar verða

ræddar í eitt skipti eptir þeim reglum, sem gilda um aðra umræðu lagafrumvarps. Um þau málefni, sem nefndin eigi finnur ástæðu til að gjöra uppástungu um, svo og um málefni, sem eigi er vísað til neinnar nefndar, má bera upp uppástungur í þingdeildinni, og verða þær ræddar á sama hátt og nefndaruppástungur um málefni. Frá ávörpum eða þess konar málaleitunum skal sagt á fundi í þingdeildinni, og annast síðan forseti um, að þær verði lagðar fram á lestrarsalinn undir tilsjón skrifaranna. Ef forsetinn eða sá, sem tekið hefur þær að sjer til flutnings, æskir, að þær verði lesnar upp, skal umræðulaust leita atkvæða um það á öðrum fundi seinna, en samt má að eins leyfa að lesa þær upp, ef $^3/_4$ partar af þeim þingmönnum, sem eru við, eru ásáttir um það.

Þyki þingdeildinni ekki ástæða til, að gjöra ályktun um eitthvert málefni, getur hún vísað því til landshöfðingjans eða ráðgjafans (39. gr. stjórnarskrárinnar).

XI. Umræðurnar, dagskráin.

29. grein.

Sjerhver þingmaður, sem hefur óskað að taka til máls, og fengið leyfi til þess, skal standa upp frá sæti sínu og mæla þaðan, og skal hann ávallt víkja ræðu sinni til forsetans. Enginn má ávarpa annan þingmann eða nefna hann nafni.

30. grein.

Enga ræðu má halda á þann hátt, að skrifað mál sje lesið upp. Þessi regla gildir samt eigi um forsetann nje fulltrúa stjórnarinnar.

31. grein.

Forseti gefur venjulega þingmönnum færi á að taka til máls í þeirri röð, er þeir beiðast þess; samt getur hann gjört undantekning frá þessu með tillíti til framsögumannsins, svo og, til þess að ræður með og á móti þeirri uppástungu, sem verið er að ræða, skiptist á, eða til þess að láta þingmann gjöra stutta leiðrjettingu eða athugasemd, sem snertir sjálfan hann.

Landshöfðinginn eða aðstoðarmaður hans eiga rjett á að biðja sjer hljóðs eins opt og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa (34. gr. stjórnarskrárinnar).

32. grein.

Sjerhver þingmaður er skyldur til að gefa sig undir úrskurð forsetans að því leyti, er snertir viðhald á góðri reglu. Ef þingmaður tvisvar á sama fundi hefur verið áminntur, getur forseti stungið upp á því við þingið, að honum sje alveg synjað þess, að taka til máls á þeim fundi. Skyldi almennari óregla koma upp, er það skylda forsetans að gjöra hlje á fundarhaldinu um stund, eða, ef nauðsyn er til, slíta fundinum alveg.

33. grein.

Það þykir koma í bága við góða reglu, að þingmenn gjöri góðan eða illan róm að einhverju.

34. grein.

Þyki forseta, að umræðurnar dragist úr hófi fram, getur hann stungið upp á, að þeim verði lokið, og gjörir þingið út um það umræðulaust. Sömuleiðis getur einn þriðjungur þingdeildarmanna (í efri deildinni 4 og í neðri deildinni 8) krafizt þess, að greidd sjeu atkvæði um það, hvort umræðum skuli lokið. Nöfn þessara þingmanna skulu rituð í bókina og lesin upp.

35. grein.

Forsetinn ákveður við lok hvers fundar dagskrá fyrir næsta fund deildarinnar. Þó má ákveða hana eptir ályktun deildarinnar, þegar einn þriðjungur hennar krefst þess skriflega, og gjörir uppástungu um tiltekna dagskrá. Slíka kröfu og uppástungu skal, ef farið er fram á, að tiltekið mál sje látið ganga út af dagskránni, afhenda forsetanum sama dag, og dagskráin er sett; að svo miklu leyti, sem farið er fram á, að tiltekið mál skuli tekið á dagskrána, skal það tilkynnt þinginu við lok þess fundar, innan hvers eða á hverjum uppástungan er afhent. Um uppástunguna skal, án þess að umræður fari fram, greiða atkvæði við byrjun næsta fundar. Sje hún felld, er þar með samþykkt dagskrá sú, sem forsetinn hefur sett. Þegar dagskrá eigi er sett með ályktun þingsins, getur forseti

breytt röðinni á þeim málum, sem eru á dagskránni, og látið mál, sem er á dagskránni, ganga úr, ef hann skýrir þinginu frá þeim ástæðum, sem hann hefur til þess; en hann getur að eins látið taka fyrir mál, sem eigi er sett á dagskrána, þegar það er samþykkt samkvæmt 44. gr.

XII. Atkvæðagreiðsla.

36. grein.

Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði (36. gr. stjórnarskrárinnar). Ályktun er gjörð, þegar meir en helmingur þeirra, sem greiða atkvæði, hefur greitt atkvæði með uppástungunni, að þeim tilfellum samt undan teknum, sem nefnd eru í 19., 28. og 44. gr. Ályktun má eigi breyta við sömu umræðu og hún er gjörð.

37. grein.

Forseti ákveður yfirgrip, röð og innbyrðissamband atkvæðagreiðslanna, eða þingdeildin, ef einn þriðjungur þingmanna krefst þess, eptir að einn af þeim, sem komið hafa fram með uppástunguna, og forsetinn einu sinni hver, hafa talað. Samt má þingmaður heimta, að atkvæðagreiðslunni um breytingaruppástungu sje skipt. Tilmæli um það skulu vera komin fram, áður en umræðurnar byrja (sbr. 24. gr.).

38. grein.

Forseti hefur í öllum tilfellum, er hann hefur ástæðu til að halda, að allir sjeu á einu máli, vald til að lýsa því yfir, að gjört sje út um eitthvert atriði, sem kemur undir atkvæði án atkvæðagreiðslu, ef enginn krefst þess, að hún fari fram, — þó skal undantekið, er lagafrumvarp eða önnur sjerstök uppástunga verður samþykkt til fullnaðar. Að öðru leyti fer atkvæðagreiðsla jafnaðarlega fram á þann hátt, að þeir þingmenn, sem sitja í sætum þeim, sem ákveðin eru handa þingmönnum, standi upp; á þennan hátt skal atkvæði greiða bæði með og á móti; skrifararnir telja atkvæðin. Forseta er samt heimilt að láta atkvæðagreiðslu fram fara með nafnakalli, annaðhvort þegar í stað eða eptir að atkvæðagreiðsla hefur fram farið á venjulegan hátt, ef honum virðist efasamt, samkvæmt skýrslu skrifaranna, hvernig hún hafi fallið. Sömuleiðis getur $^1/_4$ partur af þingmönnum (í efri deildinni 3 og í neðri deildinni 6) krafizt þess, áður en atkvæðagreiðsla byrjar, að greidd sjeu atkvæði um eitt eða fleiri atriði með nafnakalli. Nöfn þeirra þingmanna, sem heimta nafnakall, skulu lesin upp.

XIII. Kosningar.

39. grein.

Kosningar fara fram annaðhvort eptir atkvæðafjölda eða eptir hlutfalls-tölu. Kosningaraðferð eptir atkvæðafjölda skal við höfð, þegar eigi er krafizt, að kosið sje eptir hlutfalls-tölu; kosningin fer fram á þann hátt, sem ákveðið er í 2. gr.; samt nægir einn þriðjungur þeirra atkvæða, sem greidd eru, til þess, að verða kosinn í nefndir þær, sem deildirnar setja. Sjerhver kjör-miði, sem fleiri eða færri nöfn standa á, en greiða skal atkvæði um, eða sem hefur inni að halda nafn, sem eigi er nógu greinilega til tekið eða ekki á við, er ógildur.

Kosningaraðferðin eptir hlutfallstölu skal við höfð, þegar $^1/_4$ partur þingmanna (í efri deildinni 3 og í neðri deildinni 6) krefst þess skriflega, áður en kosningin fer fram; kosningin fer fram á þann hátt, sem hjer skal skýrt frá. Tölu þeirra kjörmiða, sem gefnir eru fram, skal skipt með tölu þeirra þingmanna, sem kjósa skal, og hlutfallstala sú, sem með því kemur út, þá er brotum er sleppt, skal lögð til grundvallar við kosninguna. Eptir að búið er að láta kjörmiðana í krukku og blanda þeim saman, tekur forseti þá síðan upp einn og einn, og les upp það nafn, sem stendur efst á hverjum þeirra, og skulu skrifararnir skrifa það upp. Þeir miðar, er sama nafnið stendur á efst, skulu taldir saman, og jafnskjótt og eitthvert nafn hefur komið svo opt fyrir, að þau atkvæði, sem eru greidd með því, hafa náð hinni ákveðnu hlutfallstölu, skal um sinn hætt að lesa upp. Þegar búið er að telja upp aptur

kjörmiðana, og sannazt hefur með því, að atkvæðatala sú, sem skrifuð er upp, sje rjett, skal því lýst yfir, að sá sje kosinn, sem í hlut á. Síðan er haldið á fram að lesa upp þá kjörmiða, sem eptir eru, þannig, að ef nafn þess, sem þegar er kosinn, kemur fyrir fyrst á nokkrum þeirra, þá er það dregið út, og næsta nafnið er þá skoðað, sem væri það ritað fyrst á miðann. Þegar fyrnefnd hlutfallstala kemur fyrir á ný fyrir einhvern, verður aptur farið að, eins og nú var sagt, og þegar gjört er með því út um þessa kosningu, er aptur haldið á fram að lesa upp, og sú aðferð við höfð, sem skýrt er frá að framan, þannig að nöfn þeirra, sem þegar eru kosnir, verða strykuð út, þar sem þau standa fyrst, þangað til búið er að fara yfir alla miðana, eða allir þeir, sem kjósa átti, eru kosnir. Sje tilfært nafn, sem eigi á við eða er nógu greinilega táknað, gengur það úr, en kjörmiðinn verður eigi fyrir það ógildur. Heldur ekki er kjörmiði ógildur, þegar kosið er eptir hlutfallstölu, þótt á hann sjeu ritud fleiri eða færri nöfn, en kjósa skal um. Sjeu eigi enn með þessu móti kosnir svo margir, sem kjósa átti, verður kosið á ný á venjulegan hátt um þá, sem vantar, og útheimtist til þeirra kosninga meir en helmingur þeirra atkvæða, sem greidd eru.

XIV. Um það, hvort fundir skuli fram fara í heyranda hljóði, prentun umræðanna.

40. grein.

Fundir beggja þingdeildanna og hins sameinaða alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði, þó getur hlutaðeigandi forseti eða einn þriðjungur þingmanna (í efri deildinni 4 og í neðri deildinni 8) krafizt, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þing það, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða á heimulegum fundi. (40. gr. stjórnarskrárinnar).

41. grein.

Hlutaðeigandi forseti skipar fyrir um það, hvernig mönnum verði gefinn kostur á að koma á fundi þá, sem haldnir eru í heyranda hljóði. Áheyrendurnir eru skyldir að vera kyrrir og hljóðir. Sje þessa eigi gætt, getur forseti látið vísa þeim burt, sem gjöra óspektir, og ef þörf er á því, öllum áheyrendum.

42. grein.

Bæði umræður þingdeildanna og hins sameinaða alþingis verða prentaðar í tíðindum, sem til þess eru ætluð.

XV. Burtfararleyfi.

43. grein.

Sje þingmaður forfallaður að koma annaðhvort á fundi hins sameinaða alþingis eða þingdeildanna, er hann skyldur til að skýra hlutaðeiganda forseta frá forföllum sínum í tæka tíma. Burtfararleyfi af þingi getur hlutaðeigandi forseti veitt um 4 daga; fyrir lengri tíma þarf til þess samþykkis hlutaðeigandi þingdeildar.

XVI. Afbrigði frá þingsköpunum.

44. grein.

Þegar mjög brýna nauðsyn ber til, má eptir uppástungu forsetans eða skriflegri uppástungu frá einum þriðjungi af þingmönnunum í hlutaðeigandi deild (4 í efri deildinni og 8 í neðri deildinni), svo framarlega sem landshöfðingi aðhyllist uppástunguna, bregða út af því, sem mælt er fyrir að framan, nema því að eins að það sje komið undir ákvörðunum í stjórnarskránni, ef $^3/_4$ partar af þeim, sem greiða atkvæði, eru ásáttir um það.

45. grein.

Það, sem fyrir er mælt í 27., 29., 30., 31., 32., 33., 34., 37., 38., 39., 40., 41., 43, og 44. gr. að framan um þingdeildirnar, gildir einnig um hið sameinaða alþingi, þegar það gengur í eina málstofu í þeim tilfellum, sem getið er í 8. gr. að framan, að svo miklu leyti, sem það getur átt við um umræður þess. Þar sem í tjeðum greinum útheimtist ákveðinn hluti af tölu þingmannanna í deildinni, skal hann að því leyti, er snertir hið sameinaða alþingi, reiknaður þannig, að þriðjungur sje 12 og $^1/_4$ partur 9 þingmenn.

Athugasemdir
við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, 5. janúar 1874, 41. gr. skulu þingsköpin handa hinu sameinaða alþingi og báðum deildum þess sett með lagaboði. Samkvæmt þessu er samið frumvarp það, sem prentað er að framan, til þess það verði lagt fyrir alþingi, og skal um innihald þess, sem að undantekinni 22. greininni er samhljóða þingsköpum þeim til bráðabyrgða, sem samkvæmt 3. ákvörðun um stundar-sakir eru ákveðin með allrahæstum úrskurði 24. maí 1875, geta þess, sem hjer segir.

Með því setja má að fleiri verulegum atriðum til eptir eðli málsins hinar sömu reglur um hið sameinaða alþingi og báðar deildir þess, hefur það þótt henta, að ákveða þingsköpin í einu lagi bæði handa þinginu og deildunum. Eins og þetta fyrirkomulag virðist vera samkvæmt 41. gr. stjórnarskrárinnar, þannig verður við það komizt hjá því að taka hið sama upp aptur og aptur, og fengið hægra yfirlit yfir innihald þingskapanna. Að því leyti, er snertir hvora deildina um sig, er það einungis sá munur; sem er á tölu þingdeildarmanna, sem gæti haft í för með sjer, að setja yrði sjerstaklegar reglur um hvora deild í þeim tilfellum, er til taka skal ákveðna tölu af þingdeildarmönnum til einhverra framkvæmda, en til þess eigi að síður megi fylgja hinum sömu þingskapa-reglum um báðar deildirnar, er stungið upp á, að tala þingmanna í hverju einstöku tilfelli eigi skuli vera ákveðin tala, en heldur tiltekinn partur af tölu þeirra þingmanna, sem sitja í hvorri deildinni.

Að því leyti, er snertir hið sameinaða alþingi, er það eigi að eins vegna þess, sem getið var um muninn á tölu þingmannanna, að setja verður sjerstaklegar reglur, heldur enn fremur sökum þess, sem fyrir er mælt í 16. og 28. gr. stjórnarskrárinnar. Af þeirri sök, að hið sameinaða alþingi samkvæmt 16. gr. stjórnarskrárinnar, sem nú var getið, skal kjósa 6 þjóðkjörna þingmenn í efri deild þingsins, er það þar að auki nauðsynlegt, að prófun kjörbrjefanna fari þegar fram á hinu sameinaða alþingi, jafnskjótt og þingið er komið saman, og þykir það sömuleiðis bezt til fallið, að þingmenn á hinu sameinaða alþingi vinni eið þann að stjórnarskránni, sem fyrir er mælt um í 30. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt þessu ná ákvarðanirnar í I. kafla frumvarpsins 1.—3. gr., sbr. 8. gr., og III. kafla, 19. gr. einungis til hins sameinaða alþingis.

Innihald frumvarpsins er að öðru leyti í öllum verulegum atriðum sniðið eptir þingsköpum þjóðþingsins á ríkisþinginu, en samt eru þar breytingar gjörðar, sem fljóta af hinum sjerstaklegu ákvörðunum stjórnarskrárinnar, og af því, að sjerstaklega til hagar á Íslandi. Af þess konar breytingum skal þeirra getið, sem hjer verður sagt frá.

Þar sem kosningar embættismanna þingsins samkvæmt þingsköpum þjóðþingsins gilda fyrir 4 vikur, er í 2. og 4. gr. stungið upp á, að kosningar embættismanna alþingis skuli gilda fyrir allan þingtímann, og skal í því tilliti þess getið, að þingið samkvæmt 5. gr. stjórnarskrárinnar venjulega eigi á setu lengur en 6 vikur. Í 5. grein (frumvarpsins) eru reikningamál þingsins og fl. falin á hendur forsetum beggja deildanna í sameiningu, þar sem með því verður sjeð fyrir því, að báðar deildir eigi jafnan þátt í að skipa fyrir um ýmisleg störf og ráða menn til starfa við þingið og fl., en það hefur samt jafnframt þótt hagfelldast, að forseti þeirrar deildar, sem í hlut á, geti út af fyrir sig getið ávísun til þess fjár, sem alþingismönnum ber í fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað; sbr. 37. gr. í frumvarpi til laga um kosningar til alþingis. Með því eigi nú sem stendur er fundin ástæða til að stinga upp á, að stofnuð sje skrifstofa fyrir alþingi, er gjört ráð fyrir því, að ritstjórn á alþingistíðindum og útgáfa þeirra sje falin á hendur forsetum deildanna, sem munu geta fengið þá aðstoð, sem með þarf, hjá nefnd þeirri, sem sett verður til þess samkvæmt 9. gr. frumvarpsins.

Eptir því hvernig tilhagar á Íslandi, hefur eigi þótt nauðsyn á, að skipa svo fyrir

í þingsköpunum, að setja skuli stöðugar nefndir, þar sem það verður að vera komið undir hlutaðeigandi þingdeild, að ákveða, hverjar nefndir skuli settar, og eru ekki í frumvarp þetta teknar upp sjerstakar ákvarðanir um meðferð á lögum til bráðabyrgða, sem eigi eru lögð fyrir, til þess um þau verði gjörð fullnaðar-ályktun, þar sem þingið sömuleiðis, ef til þess kemur, mun geta gjört út um það.

Jafnframt og vísað er til 27. og 28. gr. stjórnarskrárinnar að því leyti, er snertir ákvarðanirnar um umræður um lagafrumvörp, skal þess getið um tilbúning á hinum danska texta lagafrumvarpanna, að stjórnarráðið hefur fundið ástæðu til, að fela umsjónina með því á hendur forsetum beggja deildanna og landshöfðingja í sameiningu, þannig, að það kemur undir úrskurð hins sameinaða alþingis, ef þeir geta ekki orðið á eitt sáttir (20. gr.).

Í 22. gr. eru teknar ákvarðanir um meðferð á reikningum fyrir tveggja ára fjárhagstímabilið og áliti yfirskoðunarmanna, og gjört ráð fyrir því, að það verði fyrst lagt fyrir neðri deild þingsins, þannig að sett verði sjerstök nefnd í því máli, jafnskjótt og neðri deildin er mynduð, og koma uppástungur nefndarinnar til umræðu, eins og sagt er í greininni, þegar efri deildin setur nefnd í yfirskoðunarmálinu, er byggt á því, að hinni sömu reglu verði fylgt.

Í 30. gr. er samkvæmt tilsk. 8. marz 1843, 72. gr. stungið upp á, að gjöra megi undantekning um forsetana og fulltrúa stjórnarinnar (34. gr. stjórnarskrárinnar) frá þeirri almennu reglu, að eigi megi halda neina ræðu með því að lesa upp skrifað mál, með því opt getur verið ástæða til, að þeir taki nákvæmlega og greinilega fram það, sem þeir eiga að skýra alþingi frá.

Með því þingsköpin verða ákveðin með lagaboði, hefur stjórnarráðinu virzt ástæða til, í 44. gr. frumvarpsins að láta það vera undir því komið, hvort bregða megi út af þingsköpunum, þegar brýn nauðsyn er til, að landshöfðingi samþykki uppástungu þá, sem gjörð verður í því tilliti.

Þegar landshöfðinginn lagði frumvarp þetta fyrir efri þingdeildina, gat hann þess, að það væri samhljóða þingsköpum þeim til bráðabyrgða, sem ákveðin eru með konungsúrskurði 24. maí 1875, að undantekinni 22. grein.

FYRSTA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á fjórða fundi efri þingdeildarinnar, 7. dag júlímán., kom samkvæmt dagskránni til fyrstu umræðu og nefndarkosningar frumvarp til laga um þingsköp handa alþingi Íslendinga.

Forseti gat þess, að eptir fengnum upplýsingum þætti það jafnvel eiga betur við og greiðari vegur, að lúka við 1. umræðu, þegar nefnd er kosin í málinu, en að fresta henni, eins og kveðið er að orði í 9. gr. þingskapanna, og yrði nú leitað atkvæða um, hvort málið skyldi ganga til annarar umræðu og nefnd skyldi kjósa.

Eiríkur Kúld kvað mál þetta vera nokkuð umfangsmikið, enda væri sjer það eigi enn til hlítar ljóst, og mundi svo vera um fleiri þingmenn; vildi hann því eigi að svo stöddu stinga upp á neinum breytingum við frumvarpið heldur ráða til, að nefnd yrði sett. Mætti svo við aðra umræðu ræða málið ítarlega. Stakk hann upp á 5 manna nefnd.

Benidikt Kristjánsson spurði, hvort fyrsta umræðu væri lokið í dag, ef nefnd yrði kosin í málið.

Forseti kvaðst hafa skilið þingsköpin svo, og styddist sú skoðun sín við áreiðanlegar upplýsingar.

Landshöfðingi benti til 12. gr. í þingsköpum til bráðabyrgða. Eptir henni ætti við fyrstu umræðu einungis að ræða málið í heild sinni, og skyldi því næst leita atkvæða um, hvort það skyldi ganga til annarar umræðu, kæmi þá fyrst til tals, hvort setja skyldi nefnd í málið, en á þessu stigi málsins ætti ekki við að ræða einstök atriði þess. Að öðru leyti væri hann samþykkur hinum heiðr-

aða þingmanni Barðstrendinga í því, að nefnd yrði þegar sett í málið.

Bergi Thorberg virtist 9 gr. í þingsköpum til bráðabyrgða hjer eiga við; en eptir henni skyldi fresta umræðunum, ef nefnd yrði kosin; í 12. gr. væri einungis almennt talað um, hvernig ræða skyldi málið, en eigi um nefndarkosningar.

Landshöfðingi áleit sjálfsagt leyfilegt að setja nefnd í málið á hverju stigi, sem væri, eptir því, sem 9. gr. tiltæki, en annað mál væri það, hvort það í öllum tilfellum væri heppilegt; en í þessu máli væri, að sínu áliti, bezt tilfallið þegar að setja nefnd; en við 2. eða 3. umræðu mætti ræða málið ítarlegar.

Forseti: Með því eigi fleiri tækju til máls, kvaðst hann vilja leita atkvæða um, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt; þá var leitað atkvæða um, hvort nefnd skyldi setja í málið; var það og samþykkt, og fyrst enginn hafði mælt á móti uppástungunni um 5 manna nefnd, skoraði forseti á deildarmenn, að kjósa 5 menn í nefndina.

Voru síðan í nefndina kosnir:

Þórður Jónasson	með	11	atkvæðum.
Bergur Thorberg	—	10	—
Ólafur Pálsson	—	8	—
Ásgeir Einarsson	—	7	—
Eiríkur Kúld	—	7	—

Var málið síðan afhent hinum 1. konungkjörna þingmanni.

Í nefndinni var Bergur Thorberg kosinn formaður, og Eiríkur Kúld skrifari og framsögumaður.

NEFNDARÁLIT

í málinu um frumvarp til laga um þingsköp handa alþingi Íslendinga.

Efri deild alþingis hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd til að segja álit vort um «konunglegt frumvarp til laga um þingsköp handa alþingi Íslendinga».

Eptir að vjer á nefndarfundum höfum ítarlega rætt þetta mál, leyfir nefndin sjer að skýra þingdeildinni frá áliti sínu um frumvarpið á þessa leið:

Frumvarp þetta virðist nefndinni yfir höfuð aðgengilegt, og ræður hún því þinginu til að aðhyllast það með þeim breytingum, er nefndin hefur leyft sjer að gjöra við einstakar greinir þess, og sem allflestar eru fremur orða- en efnis-breytingar; að því leyti sem nefndin hefur stungið upp á efnisbreytingum, skal hún taka þær helztu fram.

Við 1. grein virtist nefndinni það greiða fyrir, ef elzti þingmaður, sem gengst fyrir forseta-kosningu um stundarsakir, stjórnar umræðum þingsins, þangað til forseti hins sameinaða alþingis er valinn. Hjer af leiðir, að nefndin einnig hefur stungið upp á, að í 3. lið 2. greinar falli burtu orðin: «þegar nýjar — forseta-kosningunni».

Við 3. grein: Nefndinni fannst rjettara, að hinir 6 þjóðkjörnu þingmenn í efri deildina væru kosnir skilyrðislaust óbundnum kosningum, og óþarft að binda kosningu þeirra við *meira en helming* hinna greiddu atkvæða; enda virðist það meiningin í 16. gr. stjórnarskrárinnar.

Við 9. grein, þar sem gjört er ráð fyrir, að bæta þurfi mönnum í nefnd, fannst nefndinni nauðsynlegt að tiltaka tvo, sem fasta tölu, því þar með væri og fengin trygging fyrir því, að tala nefndarmanna ætíð standi á stöku.

Við 10. grein: Nefndinni virtist, að í sumum smærri málum mundi nægja að miða tímann við 1 dag, og væri nauðsyn til, að hafa eigi þann frest lengri en þörf væri, svo málin yrðu sem fyrst útkljáð.

Við 14. grein: þar sem tekið er fram $^1/_3$ af þingdeildarmönnum, og jafnframt tiltekin talan, virtist nefndinni rjettara, að miða ætíð við fasta tölu, því opt gæti svo að borið, að eigi væru allir þingdeildarmenn á fundi, og hefur því nefndin bæði í þessari og fleirum greinum breytt þessu á tjeðan hátt.

Við 22. grein: Hjer hefur nefndin stungið upp á viðauka, til að stytta fyrir úrgreiðslu málsins.

Við 24. grein er breyting nefndarinnar

mestmegnis orða- og redaktions-breyting til skýringar.

Við 25. grein: orðabreyting.

Við 26. grein: Nefndinni virtist, að uppástungur og breytingaratkvæði mætti kalla aptur á hverju stigi sem umræðurnar væru, eins og um stjórnarfrumvörp og frumvörp frá þingmönnum.

Við 27. grein: orðabreyting.

Við 28. grein: orðabreyting.

Við 24. grein: Nefndinni fannst grein þessi betur orðuð á þann hátt, sem hún stingur upp á, sbr. 14. grein.

Við 35. grein: sbr. 24. grein.

Við 36. grein: Nefndinni virtist nauðsynlegt, að í svo fámennu þingi sem hjer væri hverjum þingmanni gjört að skyldu yfir höfuð að greiða atkvæði í hverju máli, nema hann færi gildar ástæður fyrir neitun sinni, og hefur í því skyni þótt hjer að lútandi ákvörðun inn í þessa grein.

Við 37. grein: orðabreyting.

Við 38. grein: sbr. 14. grein.

Við 39. grein: Nefndinni virðist kosningaraðferðin eptir hlutfallstölu óþörf og enda óviðkunnanleg í svo fámennu þingi, sem hjer ræðir um.

Við 40. grein: sbr. 14. grein.

Við 41. grein: orðabreyting.

Við 43. grein: Nefndin var á þeirri skoðun, að burtfararleyfi af þingi hlyti, ef til vill, að tefja fyrir úrslitum þingstarfanna, og áleit, að það ætti ekki að eiga sjer stað, nema brýna nauðsyn bæri til, og áleit því rjettara, að miða hjer heldur við 2 daga en 4 daga.

Við 44. grein er meira orða- en efnisbreyting.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sjer að leggja það til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum breytingum.

Við 1. grein.

Að í staðinn fyrir orðin: «hin fyrsta — framfarin» komi: «forseti er valinn fyrir hið sameinaða alþingi».

Við 2. grein.

Í staðinn fyrir 3. lið greinarinnar komi: «þegar alþingi endrarnær kemur saman, skal elzti þingmaður gangast fyrir forsetakosningunni».

Við 3. grein.

Upphaf greinarinnar orðist þannig:

«Síðan skal kjósa óbundnum kosningum hina 6 þjóðkjörnu alþingismenn, sem eiga að hafa sæti í efri deild þingsins (16. grein stjórnarskrárinnar). Allir alþingismenn taka þátt í þeirri kosningu. Þeir eru rjettkjörnir í efri deild þingsins, sem flest fá atkvæði. Hafi tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða. Sömuleiðis» o. s. frv.

Við 4. grein.

Í staðinn fyrir: «gegnst» komi: «gengst» og í staðinn fyrir: «og skal — standa fyrir» komi: «sem síðan skal sjá um», og orðin: «í hvorri deild» falli burt.

Við 5. grein.

Í upphafi greinarinnar: «forsetinn — í hlutaðeigandi deild» komi: «forseti stjórnar umræðunum í hvorri deild».

Í staðinn fyrir orðin: «stendur fyrir afgreiðslum hennar» komi: «annast um afgreiðslu þeirra mála, er frá deildinni eiga að fara».

6. grein óbreytt.

7. grein óbreytt.

8. grein óbreytt.

Við 9. grein.

Að í staðinn fyrir orðin: «kvatt til — þegar» komi: «bætt tveimur þingmönnum við tölu nefndarmanna, ef».

Við 10. grein.

Að í staðinn fyrir: «2 dagar eru» komi: «að minnsta kosti einn dagur».

11. grein óbreytt.

12. grein óbreytt.

13. grein óbreytt.

Við 14. grein.

«1/3 parti af þingmönnum deildarinnar í sameiningu« falli burt; og að «breytingaruppástungur» þar sem það kemur fyrir, sje breytt í: «breytingaratkvæði».

15. grein óbreytt.

16. grein óbreytt.

17. grein óbreytt.

18. grein óbreytt.
19. grein óbreytt.
20. grein óbreytt.
21. grein óbreytt.
22. grein orðist þannig:

»Til þess að ræða álit yfirskoðunarmanna, sem skal lagt fyrir neðri deildina fyrst, skal í deildinni setja þriggja manna nefnd (26. gr. stjórnarskrárinnar).

Uppástungur frá þessari nefnd skulu koma tvisvar sinnum til umræðu eptir reglunum um aðra og þriðju umræðu. Hið sama gildir, ef efri deildin setur nefnd í málinu um álit yfirskoðunarmannanna; að öðrum kosti skal deildin útkljá málið í einni umræðu.

Við 23. grein.

»Á fundi þar á eptir« komi: »á öðrum fundi«, og í staðinn fyrir: »samþykkja« komi: »útkljá«.

Í staðinn fyrir: »VII. Breytingaruppástungur, aukabreytingaruppástungur« komi: »VII. Breytingaratkvæði og breytingar við þau«.

24. grein orðist þannig:

»Breytingaratkvæði við þau lagafrumvörp og þær uppástungur, sem eru til umræðu, skulu vera prentuð og þeim útbýtt daginn áður, en þau eru rædd á fundi. Ef stungið er upp á að skipta atkvæðagreiðslu um lagagrein, er það skoðað sem breytingaratkvæði (sbr. 37. gr.). Breytingar við breytingaratkvæði má hver bera upp við byrjun þess fundar, þá er þau skulu tekin til umræðu. Þó skulu þær þá vera prentaðar, og þeim þegar útbýtt. Nefndin getur einnig borið upp breytingaratkvæði með jafnstuttum fresti, en aðrir einungis, þegar þingdeildin samþykkir það. Til þess að bera upp breytingar við breytingaratkvæði þarf aldrei fleiri en einn þingmann (sbr. 14. grein).

Við 25. grein.

Í staðinn fyrir: »sker deildin á öðrum fundi þar á eptir« komi: »sker deildin umræðulaust á öðrum fundi«. Orðin í sömu grein: »en það verður gjört umræðulaust« falli burt.

Við 26. grein.

Við enda greinarinnar bætist: »Hið sama gildir og um uppástungur og breytingaratkvæði«.

Við 27. grein.

Í staðinn fyrir: »breytingaruppástunga er« komi: »breytingaratkvæði eru«.

Við 28. grein.

Í staðinn fyrir: »$^3/_4$ partar« komi: »$^3/_4$ hlutir«, og í staðinn fyrir: »eru ásáttir um« komi: »samþykkja«.

29. grein óbreytt.
30. grein óbreytt.
31. grein óbreytt.
32. grein óbreytt.
33. grein óbreytt.

Við 34. grein.

Í staðinn fyrir: »getur« komi: »geta« og: »einn þriðjungur þingdeildarmanna« falli burt, og fyrir: »rituð bókina« komi: »rituð í gjörðabókina«.

Við 35. grein.

Í staðinn fyrir: »einn þriðjungur hennar krefst« komi: »4 í efri, en 8 í neðri deild krefjast«.

Við 36. grein.

Í staðinn fyrir þessa grein komi önnur grein svo látandi:

»Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt mál, nema að minnsta kosti 2 þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði atkvæði; en skyldur skal hver þingmaður, sem er á fundi, þegar atkvæði eru greidd, en greiðir ekki atkvæði, að leiða rök að því, hvers vegna hann ekki greiðir atkvæði, og skal forseti því næst bera undir þingdeild sína, hvort hún tekur þessar ástæður gildar. Ef deildin ógildir ástæður þingmannsins, skal svo álítast, sem hann hafi greitt atkvæði með meiri hlutanum. Sama á sjer stað, ef þingmaðurinn neitar að gefa ástæður fyrir aðferð sinni. Þá er ályktun gild, þegar meir en helmingur þeirra, sem greiða atkvæði, hefur greitt atkvæði með uppástungunni, að undanteknum þeim tilfellum, sem nefnd eru í 19., 28. og 44. grein. Ályktun má eigi breyta við sömu umræðu og hún er gjörð«.

Við 37. grein.

Þessi grein orðist þannig:

»Það er á valdi forseta, hvernig hann skiptir atkvæðagreiðslunni og í hverri röð og innbyrðis sambandi hún fer fram; þó getur þingdeildin, ef 4 í efri og 8 í neðri krefjast þess, breytt ákvörðun forseta, eptir að einn af uppástungumönnum og forseti, hvor um sig, hafa tekið einu sinni til máls. Þó má þingmaður heimta, að atkvæðagreiðslunni um breytingaratkvæði sje skipt. Tilmæli um það skulu vera komin fram, áður en umræðurnar byrja (shr. 24. grein)«.

Við 38. grein.

Í staðinn fyrir: »¼ partur af þingmönnum« standi: »í efri deildinni 3 og í neðri deildinni 6 þingmenn«.

Við 39. grein.

Upphaf greinarinnar orðist þannig:

»Kosningar fara fram eptir atkvæðafjölda á þann hátt, sem ákveðið er í 2. grein. Þó nægir ⅓« o. s. frv.

Seinni hluti greinarinnar frá: »Kosningaraðferðin — greidd eru« falli burt.

Við 40. grein.

»Einn þriðjungur þingmanna» falli burt.

Við 41. grein.

Í staðinn fyrir: »sje þessa — áheyrendum« komi: »Brjóti nokkur á móti þessu, getur forseti látið vísa þeim burt, og ef þörf er á, öllum áheyrendum«.

Við 43. grein.

Í staðinn fyrir: »4 daga« komi: »2 daga, ef nauðsyn krefur».

Við 44. grein.

»Þegar — má« falli burt. Í staðinn fyrir: »þriðjungi — deildinni« komi: »4 í efri deild og 8 í neðri deild, má«. Í staðinn fyrir: »út af því, sem mælt er fyrir að framan« komi: »út af þingsköpum þessum». Í staðinn fyrir »partar« komi »hlutar«.

Við 45. grein.

Síðari hluti greinarinnar orðist þannig:

»Þar sem í tjeðum greinum er miðað við ákveðna tölu þingdeildarmanna, skal í hinu sameinaða alþingi koma 12 í staðinn fyrir 8 í neðri og 4 í efri deildinni, og 9 í staðinn fyrir 6 og 3.

Alþingi 29. júlí 1875.

Bergur Thorberg,	Ó. Pálsson.
formaður.	Th. Jónassen.
Eiríkur Kúld,	Á Einarsson.
skrifari og framsögumaður.	

ÖNNUR UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 27. fundi efri þingdeildarinnar, 3. dag ágústmán., kom frumvarp þetta samkvæmt dagskránni til annarar umræðu.

Eptir uppástungu þingmanns þingeyinga var samþykkt að ræða mál þetta í köflum, þannig, að fyrst yrði ræddur kaflinn frá 1. grein — 22. greinar, og síðan frá 23. grein, — 45. greinar.

Framsögumaður (Eiríkur Kúld) sagðist ekki finna sjerlega ástæðu til að fara mörgum orðum um nefndarálit þetta nú í upphafi. Reyndar væri nú opt sú raunin á, að »sá fengi sjaldnast lofið, sem á ljósinu hjeldi». En hann vonaði, að hjer mundi eigi fara svo, því að nefndin hefði gjört sjer allt far um að íhuga þetta mál vel og vandlega, og leyfði hann sjer að ætla, að með breytingum nefndarinnar væri töluvert unnið og töluvert bætt. Raunar væri mikið af þessum breytingum orðabreytingar einar, en allir mundu sjá, að þær væru til bóta. Þó hefði nefndin og gjört fáeinar efnisbreytingar, og vildi hann drepa á hinar helztu þeirra stuttlega Að því, er snerti breytinguna við 1. og 2. grein, þá hefði nefndinni þótt það greiða fyrir, ef elzti þingmaður stjórnaði umræðunum allt þar til er forseti hins sameinaða alþingis væri valinn. Efnisbreytinguna við 3. grein hefði nefndin gjört meðfram af því, að hún hefði eigi treyst sjer til samkvæmt 16. grein stjórnarskrárinnar að halda ákvörðun frumvarpsgreinarinnar, enda hefði henni þótt eðlilegra í svo fámennu þingi, að þessir hinir 6 þjóðkjörnu þingmenn, er hafa ættu sæti í efri deildinni, væru kosnir ó b u n d n u m kosningum. Ein efnisbreyting gengi í gegnum allt frumvarpið,

þar sem miðað væri við ⅓ hluta þingmanna. Nefndinni hefði þar virzt rjettara að miða við vissa tölu, því að hæglega gæti það borið, að ekki væru ávallt allir á fundi. Nefndin hefði stungið upp á viðauka við 22. grein, sem miðaði einungis til að flýta fyrir úrgreiðslu málanna. Þar sem í 9. grein frumvarpsins væri talað um að bæta mönnum í nefnd einum eða fleirum, þá hefði nefndinni þótt betur við eiga að til taka 2 menn, því að með því væri líka fengin trygging fyrir því, að tala nefndarmanna stæði jafnan á stöku. Þar sem nefndin í 10. gr. hefði sett »einn dagur« í staðinn fyrir »tveir dagar«, þá mundu allir sjá, að það miðaði eigi til annars, en að greiða fyrir rekstri málanna. Viðaukinn við 26. grein ætlaði hann að væri til bóta, því að hann skildi eigi, hvers vegna breytingaratkvæði ættu að vera rjettarhærri, en stjórnarfrumvörp. Nú kæmi töluverð efnisbreyting í 36. grein, þar sem öllum væri gjört að skyldu að greiða atkvæði, ella færa gildar ástæður fyrir því, hvers vegna það eigi væri gjört. En nefndinni hefði þótt nauðsyn bera til að setja þessa ákvörðun. Menn vissu, að þar sem svo fámennar þingdeildir væru, sem hjer, þá gæti það mjög spillt fyrir málunum og jafnvel orðið til að ónýta þau, ef allir deildarmenn greiddu eigi atkvæði, og því heldur ef margir tækju upp á því, að neita að greiða atkvæði, sem vel gæti hugsazt. Það væri heldur eigi eins dæmi, að allir væru skuldbundnir til að gjöra grein fyrir atkvæði sínu. Slíkt ætti sjer stað í öðrum löndum. Við 39. gr. hefði nefndin stungið upp á töluverðri efnisbreytingu, þar sem hún hefði ráðið til að fella burtu seinni lið greinarinnar, er ræddi um kosningu eptir hlutfallstölu, en stungið upp á, að kosningarnar færu eingöngu fram eptir atkvæðafjöldq. Þessi kosningaraðferð eptir hlutfallstölu virtist líka vera óþörf, og jafnvel mjög svo óviðkunnanleg á svo fámennu þingi. Breytingin við 43. grein ætlaði hann að greiddi fyrir. Sjer virtist það alls ekki eiga við, að þingmenn mættu fá burtfararleyfi um svo langan tíma, sem grein þessi til tæki. Menn yrðu að gæta þess, að hver dagurinn, er vjer sætum hjer á þingi, kostaði ærna peninga, enda gæti það hæglega leitt til þess, að tefja fyrir afgreiðslu málanna, ef þingmenn notuðu sjer freklega leyfi þetta. Fleirum orðum ætlaði hann ekki að fara um breytingar nefndarinnar að sinni, en skjóta því til hinnar heiðruðu deildar, að segja álit sitt um þær.

Landshöfðinginn sagðist ætla að fara nokkrum orðum um nefndarálit þetta og breytingar þær, er þar væru gjörðar frá því, sem í stjórnarfrumvarpinu stæði. Vildi hann fyrst benda á breytingu nefndarinnar við 3. grein, þar sem hún styngi upp á, að kosning hinna 6 þjóðkjörnu þingmanna, er hafa skyldu setu í efri deild þingsins, skyldi vera óbundin. Þessi ákvörðun virtist sjer miður heppileg; því að sjer virtist þessi kosning svo þýðingarmikil, að um hana væri farið eptir þeim reglum, sem frumvarpið styngi upp á, enda mundi slík aðferð ekki valda neinni tímatöf. Heldur mundi ekki meiningin í grein stjórnarskrárinnar hjer að lútandi mæla með því; hún miðaði ekki til annars en að ákveða, að ekki útheimtist nein sjerstakleg »qualification« til að ná kosningu þessari, hvorki aldur eða annað. Við 36. grein hefði nefndin stungið upp á að herða skyldu þá, er eptir hlutarins eðli hvíldi á öllum þingmönnum til þess að greiða atkvæði í hverju máli, sem lagt væri fyrir þingið, með því að gjöra hverjum þingmanni að skyldu að greiða atkvæði, nema hann færði nægileg rök fyrir því, hvers vegna hann eigi gjörði það. Þessari uppástungu kvaðst hann geta verið samþykkur. Kosningaraðferðin eptir hlutfallstölu, er 39. grein gæfi reglur um, væri eptir skoðun nefndarinnar óþörf og óviðkunnanleg á svo fámennu þingi, sem þetta væri, og hefði hún því viljað fella burtu seinni lið greinar þessarar. Að víkja frá þessari ákvörðun frumvarpsins þætti sjer varúðarvert; því að, þótt kosning eptir hlutfallstölu hefði eigi verið við höfð á þessu þingi, og þó að máske eigi þyrfti á henni að halda fyrst um sinn, þá gæti hún síðan

meir komið í góðar þarfir. Það væri nefnilega auðsjeð, að tilgangurinn með þessari kosningaraðferð væri sá, að tryggja rjett minni hlutans, og það, að málin yrðu sem bezt undirbúin, og þó að nú sem stæði eigi væri meiri eða minni hluti á þingi, þá gæti skeð, að slíkt kæmi fyrir, og þá mundi ákvörðun þessi reynast hentug. Um þetta hefðu menn fyrir sjer dæmi frá öðrum þingum erlendis. Að vísu virtist svo í fljótu bragði, sem aðferð þessi væri örðug viðfangs, en ef betur væri að gáð, væri alls eigi svo, enda hefði reynslan sannað, að þar sem hún væri við höfð, hefði hún reynzt mjög einföld og óbrotin. Á fámennu þingi mundi heldur ekki síður ástæða til að vernda rjett minni hlutans, en á fjölskipaðri þingum, og til þess að tryggja það, að málin yrðu sem bezt búin undir umræðu. Kvaðst hann því ráða hinni heiðruðu deild að fallast eigi á þessa uppástungu.

Framsögumaður sagði, að hinn hæstvirti landshöfðingi hefði nú skýrt frá skoðun sinni á þessu máli skýrt og skorinort. Hann kvaðst alls eigi ætla að deila um það við hann, hvort nefndin hefði skilið rjett 16. grein stjórnarskrárinnar. En hann sagðist eigi geta neitað því, að sjer þætti það kynlegt, ef þar væri meint, þar sem um óbundnar kosningar væri að ræða, að það skyldi útheimtast nokkur sjerstakleg qualification til að ná kosningu, eða hvort að sú mundi hafa verið meiningin með ákvörðun 3. greinar frumvarpsins í þessu efni. Og enda þótt hann gæti játað, að áríðandi væri, að vel tækist að velja þessa 6 menn, þá mundi eigi slíkrar kosningaraðferðar við þurfa, svo mundu og þingmenn optastnær hugsa sig um kosninguna fyrirfram. Hinum hæstvirta landshöfðingja hefði þar á móti geðjazt vel að breytingunni við 36. grein, og gæti það eigi annað en glatt sig. Aptur á móti hefði hann með engu móti viljað sleppa kosningaraðferðinni eptir hlutfallstölu. Viðvíkjandi þessu atriði yrði hann að taka það fram, að nefndinni hefði verið fullljós tilgangur þessarar ákvörðunar, en að hún væri hjer naudsynleg, hefði hún eigi getað sjeð. Ef endilega væri gjört ráð fyrir meiri og minni hluta á þinginu, væri máske öðru máli að gegna; en svo væri fyrir að þakka, að þessi greinarmunur ætti sjer nú eigi stað. En ef svo færi, að slíkt kæmi fyrir, gæti þingið ávallt fengið bætt þeirri ákvörðun inn í á sínum tíma. Hinn hæstvirti landshöfðingi hefði líka ætlað, að það mundi eiga sjer langan aldur, að á þessari kosningaraðferð þyrfti að halda, og væri þá því síður ástæða til að slá þessari ákvörðun nú þegar fastri.

Jón Pjetursson sagði, að breytingar nefndarinnar mundu víst mest lúta að því að prýða málið. Viðvíkjandi breytingu nefndarinnar við 1. grein, þá virtist sjer málsgrein sú, er breytingin lyti að, ekki verða sem skiljanlegust við hana. Það yrði nefnilega alls eigi sjeð, hvort hjer væri meint, að forsetinn um stundarsakir skyldi stjórna umræðum þangað til forseti hins sameinaða alþingis væri valinn, eða elzti þingmaður. Líklega yrði þó að vera meintur elzti þingmaðurinn; en það yrði eigi sjeð eptir því, sem orðin lægju. Þar sem við 14. grein væri stungið upp á, að orðin: »1/3 parti af þingmönnum» etc. fjellu í burtu, þá ætti víst »parenthesinn» á eptir líka að falla burt; annars yrði það eitthvað ópægilegt álitum. Þar sem nefndin hefði stungið upp á að setja breytingaratkvæði í staðinn fyrir »breytingaruppástungu», þá þætti sjer það alls eigi til batnaðar, þó það orð hefði verið brúkað áður, enda kæmi merking orðsins í bága við þá brúkun á því, því að eigi væri strax búið að gefa atkvæði fyrir breytingum, er þær væru frambornar. Við 9. grein hefði nefndin stungið upp á, að bætt væri 2 við töluna nefndarmanna, en það mundi betur fara eptir setningarskipuninni: »bætt við tölu sína». Efnisbreytingin við 3. grein þætti sjer alls eigi til batnaðar, því að sjer virtist þörf á meiri tryggingu við þá kosningu, er þar ræddi um, en »simpel Majoritet», og fellst hann sig betur við grein frumvarpsins.

Framsögumaður sagðist vona, að hinn hæstvirti 4. konungkjörni þingmaður mundi skilja 1. grein, ef hann legði sig til. Það

væri auðvitað, að meiningin væri, að elzti þingmaður skyldi stjórna umræðunum þangað til forseti hins sameinaða alþingis væri valinn. Sami þingmaður hefði eigi getað fellt sig við «breytingaratkvæði». Hann kvaðst nú eigi leggja svo sjerlega mikla áherzlu á það, en þetta orð hefði ávallt verið brúkað og ekki bneykslað neinn, enda væri sama meining í orðunum. Það, sem sami þingmaður hefði fundið að 9. gr., væri eitthvað smásmuglegt að sínum dómi, að minnsta kosti væri ekkert vanhugsað við breytinguna.

Benidikt Kristjánsson kvaðst að eins vilja benda á breytinguna við 14. grein. Hann gæti eigi sjeð, að það yrði rjett mál, ef að eins væri bleypt úr þessum orðum: «⅓ parti . . . í sameiningu», og ekki lagfært frekara.

Sighvatur Árnason sagðist fella sig yfir höfuð vel við breytingar nefndarinnar, þó sumstaðar máske ekki að öllu leyti, og sumstaðar, sem sjer þætti vanta breytingar. Breytinguna við 1. grein felldi hann sig vel við, og svo breytingarnar fram eptir þangað til við 9. grein. Nefndin hefði að vísu gjört breytingu við hana, en sjer hefði og fundizt æskilegt, að gjöra þar aðra breytingu. Það hefði nefnilega komið fyrir, að mönnum hefði eigi komið saman um skilning á þessari grein í sambandi við 12. grein. Þingið hefði haldið, að ekki ætti við að setja nefnd í mál fyr en við fyrstu umræðu. En hann skildi greinina svo, þar sem hún segir, að setja megi nefnd á hverju stigi málsins sem er, og þá áliti hann, að eins mætti setja nefnd á fyrsta stigi málsins, þegar það væri lagt fram á þingfundi. Ef að þessi skilningur væri rjettur, gæti hann vel fellt sig við frumvarpsgreinina. En af því þetta hefði verið skilið á annan veg, þá vildi hann vekja athygli deildarinnar á þessu atriði.

Jón Pjetursson sagðist verða að biðja betri skýringar við 1. grein, því að eptir því sem fyrsta málsgrein lægi fyrir, væri ómögulegt að sjá, hvort meintur væri forsetinn um standarsakir, eða elzti þingmaður, er stjórna skyldi umræðunum, þangað til forseti hins sameinuða alþingis væri valinn.

Framsögumaður sagðist játa, að fyrsta málsgrein væri máske eigi nógu nákvæmt orðuð, og mundi nefndin áskilja sjer rjett til að víkja henni við seinna, svo að hún gæti orðið hverjum og einum skiljanleg. En þingmanni Rangæinga gæti hann eigi verið samdóma um, að 9. og 12. gr. kæmust hið minnsta í bága hvor við aðra. 9. grein gjörði strax ráð fyrir að setja mætti nefnd á hverju stigi málsins sem væri, og raskaði 12. grein þeirri ákvörðun í engu tilliti. En ef honum sýndist á annan veg, gæti hann tekið sjer breytingaratkvæði í þá átt.

Sighvatur Árnason sagðist að eins hafa tekið fram, að sjer virtist annar skilningur liggja í greinum þessum í sambandi hvorrar við aðra, en þingdeildin hefði hingað til lagt í þær, og þess vegna hefði hann vakið máls á því.

Torfi Einarsson sagði, að það væri breytingin við 36. grein, sem hann eigi gæti fellt sig sem bezt við, og kæmi það kannske til af því, að hann skildi hana ekki fullkomlega. Það væri nefnilega ákvörðun sú, er þar væri, að gjöra mönnum að skyldu að greiða atkvæði; sjer virtist hún nú ekki svo þýðingarmikil, ef meiri hluti atkvæða væri fyrir, en hann gæti ekki skilið, hvernig ætti að telja þann, er neitaði að gefa atkvæði, með meiri hlutanum, ef jöfn atkvæði væru fyrir; svo virtist sjer það líka vera gjörræði, að vilja dæma um ástæður þær, er þingmaðurinn kynni að tilfæra fyrir því, að hann eigi greiddi atkvæði. Af þessum ástæðum kvaðst hann heldur gefa atkvæði með stjórnarfrumvarpinu, en þessari nýju grein.

Jón Hjaltalín sagði, að þessi ákvörðun í 36. gr. væri alveg óhafandi, því það væri að tyrannisera fólk og mundi þingið alls ekki vera fært um að dæma um þær ástæður, er viðkomandi þingmaður kynni að tilfæra fyrir því, að hann ekki vildi greiða atkvæði. En þar sem þingið ætlaði að segja: «þú skalt gjöra það» þá væri slíkt með öllu óhafandi; sama væri að segja um ákvörðunina í 43. grein, að hún væri í alla staði inhuman og illiberal, og það því heldur sem

slík beiðni sjaldan bæri að, enda gæti það komið sjer mjög illa fyrir þá, sem eigi væru langt að, t. a. m. úr Gullbringu- og Kjósarsýslu, Borgarfirði, Árnessýslu, eða Rangárvallasýslu, ef svo vildi til, að þeir vildu standa yfir gröf konu sinnar, barna eða sjerstakra vina, og auðvitað væri, að það eigi yrði gjört á minna en 4 dögum, hann gæti því fyrir sitt leyti hvorki fallizt á 36. nje 43. grein.

Framsögumaður sagði, að hann ætlaði ekki að keppa um það, hvort breytingin á 36. grein væri hafandi eða óhafandi, en hann kvaðst þó vilja benda hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni á það, að hún væri þó eigi svo ófrjálsleg, sem honum virtist, þar sem hlutaðeigandi þingmanni væri gefinn kostur á því, að gjöra grein fyrir þeim ástæðum, er hann hefði til þess eigi að greiða atkvæði sitt. Þetta gæti því alls ekki verið að «tyrannisera» neinn mann. Það, sem þingmaður Strandasýslu hefði tekið fram viðvíkjandi 36. grein, virtist kannske í fljótu bragði að hafa meira til síns máls, en væri þó næsta ljettvægt, þegar betur væri skoðað; hann hefði nefnilega tekið það dæmi, að ef meiri hluti væri fyrir, að þá spillti þetta kannske eigi neitt, en hitt væri eigi rjett hugsað hjá honum, sem hann hefði sagt, að þegar jöfn tala væri undir, að þá eigi væri neinn meiri hluti til, því þegar svo bæri að, yrði þetta eina atkvæði að ráða. Hvað snerti mótbárur hins háttvirta 5. konungkjörna þingmanns móti 43. gr., þá gæti hann ekki verið honum samdóma, og dæmi það, er hann hefði til fært, sannaði reyndar alls ekkert, og virtist sjer engin ástæða vera til þess að gjöra einum rjettarbærra en öðrum í þessu tilliti.

Sighvatur Árnason sagði, að sjer hefði dottið sama í hug, og þingmanni Strandasýslu, viðvíkjandi breytingunni við 36. grein, enda virtist sjer hún óþörf, því þegar einhver drægi sig í hlje við atkvæðagreiðslu, væri hægt að viðhafa nafnakall (nei, nei, nei). Það kynni nú vel að vera, að þetta væri nokkuð betra, en sjer virtist það þó gjöra vafninga og tímatöf. Hvað snerti 39. grein, vildi hann hreifa því um hlutfallskosninguna, að sjer væri ekki ljóst, hvað það skaðaði þó að hún stæði kyr, því það gæti þó komið fyrir að hafa gagn af henni, og væri hann þar samdóma hinum hæstvirta landshöfðingja, og mundi hann því gefa atkvæði sitt fyrir að halda henni, meðan eigi skýrðist það atriði betur fyrir sjer, að sá hluti greinarinnar skaðaði.

Jón Hjaltalín sagði, að hann hefði alls ekkert sannfærzt af því, er þingmaður Barðstrendinga hefði sagt, því að það væri engin ástæða að segja, að af því ekki allir gætu notað þetta, að þá skyldi heldur enginn geta fengið þetta leyfi. Það gæti svo opt komið fyrir, að menn yrðu að vera á burtu 4—5 daga, t. d. læknar, og gæti hann tilfært mörg dæmi upp á það. Hann gæti því fyrir sitt leyti ómögulega skoðað þetta öðru vísi en sem mjög «inhumant» og ófrjálslegt.

Framsögumaður sagðist halda, að hann gæti þegar strax sætt sig við hinn háttvirta 5. konungkjörna þingmann, með því að biðja hann að lesa alveg út 43. gr. þingskapanna, en þar stæði, að burtfararleyfi fyrir lengri tíma mætti veita með samþykki hlutaðeigandi deildar.

Sighvatur Árnason sagði, að hinn 5. konungkjörni þingmaður hefði fundið að breytingu nefndarinnar við 43. gr.; hann fyrir sitt leyti kvaðst fella sig vel við hana, því að með henni væri girt fyrir það, að menn að óþörfu væru að hlaupa af þingi, en á hinn bóginn stæði leyfið í þingsins valdi ef nauðsyn krefði.

Stefán Eiríksson sagði, að hann ætlaði ekki að lengja umræðurnar mikið í þetta sinn; það væri einungis viðvíkjandi breytingunni við 36. gr., og væri hann með þeirri breytingu, því það væri ætíð óheppilegt, ef menn eigi greiddu atkvæði, því sú aðferð að greiða ekki atkvæði gæti leitt til þess, að málið færist fyrir; því áliti hann breyting nefndarinnar við umrædda grein í alla staði vel til fallna. Hvað snerti 43. gr., þá hefðu bæði varaforseti og þingmaður Rangæinga tekið það fram, að

menn ekki væru undir vissum kringumstæðum útilokaðir frá að fá burtfararleyfi af þingi, með því það stæði með beinum orðum í greininni, að þingdeildin gæti veitt leyfi þetta; hann kvaðst helzt vilja, að nefndin hefði alveg fellt burt úr greininni þetta 4 daga takmark, því að gefa þetta leyfi, væri til þess, að menn hlypu burt frá þingstörfum án nauðsynja, og því væri yfirgnæfandi ástæða fyrir því, að þingdeildin veitti leyfi þetta, eins og tekið hefur verið fram.

Jón Hjaltalín sagði, að þetta væri alstaðar venja, t. d. í parlamentinu, að menn gætu verið um lengri tíma burtu; það gæti t. d. verið, að menn eigi væru heilsusterkir eða þyldu eigi kyrrsetu, og yrðu því við og við að ljetta sjer upp, og væri þá hart að banna slíkt.

Torfi Einarsson sagði, að hinn háttvirti varaforseti hefði eigi svarað því, sem hann hefði viljað fá upplýsingu um, nefnilega í hvorn flokkinn ætti að dæma þann, sem ekki greiddi atkvæði, þegar þau væru jöfn, sem ekki hefði verið von, því það hefði verið ómögulegt.

Framsögumaður sagði, að það stæði í ástæðum nefndarinnar, og ef atkvæði væru jöfn, að þá rjeði þetta eina úrslitunum.

Bergur Thorberg sagði, að þegar greidd hefðu verið jafn mörg atkvæði með og móti, að þá ætti ákvörðunin ekki við, og væri þetta rjett hjá þingmanni Strandasýslu. Sjer virtist eigi heldur neitt ófrjálst í því, að gjöra mönnum að skyldu að greiða atkvæði, eða þá að gjöra grein fyrir, hvers vegna menn eigi vildu greiða atkvæði, því auðvitað væri, að menn ættu þó að hafa meiningu um hvert það mál, er fyrir kæmi. Hann sagði, að hinn 5. konungkjörni þingmaður hefði sagt, að ákvörðun sú, er sett hefði verið inn í 43. gr., að breyta 4 dögum í 2, væri mjög ófrjálslegt, en þetta kvaðst hann eigi geta sjeð að svo væri, þegar um lækna væri að ræða, er þyrftu að vitja sjúkra, þá væri slíkt forföll, er hann að eins yrði að tilkynna forseta, en þyrfti hvorki að eiga burtfararleyfi undir náð forseta nje þingdeildar.

Jón Hjaltalín sagði, að mörg mál kynnu að koma fyrir, sem fjöldi þingmanna eigi hefði neina meiningu um nje vit á, og væri þá það hið sama sem að neita mönnum um samvizkufrelsi, ef skylda skyldi þá til að greiða atkvæði.

Bergur Thorberg spurði hinn háttvirta 5. konungkjörna þingmann, hvort að hann þá áliti, að öll þingdeildin gæti látið vera að greiða atkvæði, og látið málið svo þess vegna falla, því ef einn hefði slíkt leyfi, þá gætu líka 11 haft það.

Jón Hjaltalín sagðist halda fast við það, að þetta væri að neyða menn til þess, að dæma um það, sem þeir ekkert vit hefðu á.

Jón Pjetursson sagði, að í 25. gr. virtist sjer vera efnisbreyting. Hann kvaðst og verða að vera á móti breytingunni við 36. gr., því að hún kæmi í bága við stjórnarskrána.

Framsögumaður sagði, að hann vissi eigi til, að breytingin við 36. gr. væri á móti stjórnarskránni.

Forseti kvaðst, fyrst eigi fleiri tækju til orða, vilja bera málið upp til atkvæða, og fjell atkvæðagreiðslan þannig:

1. grein.

1., fráfallið af nefndinni.
2., 1. grein frumv. samþykkt í einu hljóði.

2. grein.

3., fráfallið af nefndinni.
4., 2. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt í einu hljóði.

3. grein.

5., nefndin: samþykkt með 9 atkvæðum.
6., 3. grein frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 10 atkvæðum.

4. grein.

7., nefndin: samþykkt án atkvæðagreiðslu.
8., nefndin: samþykkt með 10 atkvæðum.
9., 4. grein frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 10 atkvæðum.

5. grein.

10., nefndin: samþykkt án atkvæðagreiðslu.
11., 5. grein með áorðinni breytingu samþykkt með 10 atkvæðum.

6. grein.

12., 6. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 10 atkvæðum.

7. grein.

13., 7. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 10 atkvæðum.

8. grein.

14., 8. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 10 atkvæðum.

9. grein.

15., nefndin: samþykkt með 9 atkvæðum.

16., 9. grein með áorðinni breytingu samþykkt í einu hljóði.

10. grein.

17., nefndin: samþykkt með 9 atkv.

18., 10. gr. með áorðinni breytingu samþykkt með 9 atkv.

11. grein.

19., 11. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt í einu hljóði.

12. grein.

20., 12. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt í einu hljóði.

13. grein.

21., 13. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt í einu hljóði.

14. grein.

22., nefndin: samþykkt með 10 atkv.

15. grein.

23., nefndin: samþykkt án atkvæðagreiðslu.

24., 14. gr. frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt í einu hljóði.

15. grein.

25., 15. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt í einu hljóði.

16. grein.

26., 16. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt í einu hljóði.

17. grein.

27., 17. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt í einu hljóði.

18. grein.

28., 18. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 10 atkv.

19. grein.

29., 19. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt í einu hljóði.

20. grein.

30., 20. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt í einu hljóði.

21. grein.

31., 21. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 10 atkv.

22. grein.

32., nefndin: samþykkt í einu hljóði.

33., 22. gr. með áorðinni breytingu samþykkt í einu hljóði.

23. grein.

34., nefndin: samþykkt án atkvæðagreiðslu.

35., 23. grein frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

36., nefndin: samþykkt með 9 atkvæðum.

24. grein.

37., nefndin: samþykkt í einu hljóði.

38., 24. grein frumvarpsins fallin við atkvæðagreiðslu undir tölulið 37.

25. grein.

39., nefndin: samþykkt með 10 atkvæðum.

40., sama: samþykkt við atkvæðagreiðslu undir 39. tölulið.

41., 25. gr. frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt í einu hljóði.

26. grein.

42., nefndin: samþykkt í einu hljóði.

43., 26. gr. frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt í einu hljóði.

27. grein.

44., 27. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt í einu hljóði.

28. grein.

45., nefndin samþykkt án atkvæðagreiðslu.

46., 28. gr. frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt í einu hljóði.

47., 29., 30., 31., 32. og 33. gr. frumvarpsins óbreyttar samþykktar í einu hljóði.

34. grein.

48., nefndin: samþykkt í einu hljóði.

49., 34. gr. frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

35. grein.

50., nefndin: samþykkt með 10 atkv.

51., 35. gr. frumvarpsins með áorðnum breytingum samþykkt með 10 atkv.

36. grein.

52., nefndin: samþykkt með 7 atkvæðum.

53., 36. grein frumvarpsins fallin við atkvæðagreiðslu undir 52. tölulið.

37. grein.

54., orðabreyting samþykkt með 10 atkvæðum.

55., 37. grein frumvarpsins fallin við atkvæðagreiðslu undir 54. tölulið.

38. grein.

56., nefndin: samþykkt með 10 atkvæðum.

57., 38. grein frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 10 atkvæðum.

39. grein.

58., nefndin: samþykkt með 9 atkvæðum.

59., nefndin: samþykkt með 7 atkvæðum.

60., fallinn seinni hluti greinarinnar.

40. grein.

61., nefndin: samþykkt án atkvæðagreiðslu.

62., 40. grein frumvarpsins samþykkt með 10 atkvæðum.

41. grein.

63., nefndin: samþykkt með 9 atkvæðum.

64., 41. gr. frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 10 atkv.

42. grein.

65., 42. gr. frumvarpsins óbreytt samþykkt með 9 atkv.

43. grein.

66., nefndin: samþykkt með 10 atkv.

67., 43. gr. frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 8 atkv.

44. grein.

68., nefndin: samþykkt með 10 atkv.

45. grein.

69., nefndin: samþykkt með 10 atkv.

70., 45. gr. frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt með 10 atkv.

71., að frumvarpið svo lagað skuli ganga til 3. umræðu samþykkt með 9 atkv.

Frumvarpið var nú þannig orðað:

FRUMVARP

til laga um þingsköp handa alþingi Íslendinga.

—

I. Prófun kjörbrjefa, eiður, forsetar, varaforsetar, skrifarar, kosning þjóðkjörinna alþingismanna í efri þingdeildina, setning þingdeildanna.

1. grein.

Jafnskjótt og alþingi kemur saman eptir nýjar kosningar, skal elzti þingmaðurinn gangast fyrir því, að kosinn sje forseti um stundarsakir, sem stjórni umræðum þingsins, þangað til hin fyrsta almenna prófun kjörbrjefanna er fram farin. Til þess að prófa kjörbrjefin ganga þingmenn eptir hlutkesti í 3 deildir, sem, að svo miklu leyti sem unnt er, sjeu jafnstórar. Fyrsta deildin fær annari deildinni, önnur deild þriðju deild, og þriðja deild fyrstu deild, kjörbrjef þeirra þingmanna, sem eru í hverri þeirra um sig. Sjerhver deild rannsakar kjörbrjef þau, sem hún þannig hefur tekið við, gjörir uppástungur sínar til þingsins um kosningar þær, sem kjörbrjefin hljóða um, og kýs framsögumann. Uppástungurnar má bera upp án nokkurs fyrirvara og munnlega; þingið getur með atkvæðagreiðslu um þær gjört ályktun um kosningarnar á sama fundi og uppástungurnar eru bornar upp. Ályktun um gildi eða ógildi kosningar skal gjörð með því að greiða atkvæði með og á móti því, að hún sje viðurkennd sem gild. (29. gr. stjórnarskrárinnar).

2. grein.

Eptir að hinir nýju þingmenn þar næst hafa unnið eið að stjórnarskránni (30. gr. stjórnarskrárinnar), skal kjósa forseta og undir stjórn hans varaforseta og 2 skrifara fyrir hið sameinaða alþingi. Kosningin gildir fyrir allann þingtímann það ár.

Til þess að verða kosinn forseti útheimtist meir en helmingur atkvæða; verði þessum atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu atkvæðagreiðslu, skal kosið á ný óbundnum kosningum. Verði þá heldur eigi náð þeim atkvæðafjölda, sem með þarf, skal að eins kjósa um þá tvo þingmenn, sem flest höfðu atkvæði við aðra kosningu; hafi fleiri hlotið jafnmörg atkvæði við þá kosningu, skal hlutkesti ráða, um hverja tvo skuli kjósa. Fái þeir báðir við hina bundnu kosningu jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti sömuleiðis ráða, hvor þeirra eigi að vera forseti. Eptir sömu reglu skal farið, þegar kjósa á varaforseta, en er

skrifararnir verða kosnir, skal atkvæðafjöldi ráða.

Þegar nýjar almennar kosningar hafa átt sjer stað, skal forseti sá, sem kosinn er um stundarsakir, gangast fyrir forseta-kosningunni, en þegar alþingi endranær kemur saman, skal elzti þingmaðurinn standa fyrir henni.

3. grein.

Síðan skal kjósa óbundnum kosningum hina 6 þjóðkjörnu alþingismenn, sem eiga að hafa sæti í efri deild þingsins (16. gr. stjórnarskrárinnar). Allir alþingismennirnir taka þátt í þeirri kosningu. Þeir eru rjett kjörnir í efri deild þingsins, sem flest fá atkvæði. Hafi tveir eður fleiri jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða. Sömuleiðis skal kjósa nefnd til þess að prófa þau kjörbrjef, sem fyrst koma fram, eptir að hinni almennu prófun er lokið (1. gr.), og svo til þess að rannsaka kosningar, sem þingið hefur frestað að viðurkenna gildar, eða kærur, sem snerta kosningar, sem þegar eru teknar gildar. Í nefnd þessari sitja 5 menn, 3 kjörnir af hinu sameinaða alþingi eptir þeim reglum, sem gilda um nefndarkosningar, og forsetar beggja deildanna. Láti nefndin uppi skriflega uppástungu, eða leggi hún til, að kosningin verði álitin ógild, skulu uppástungur nefndar þessarar ræddar eptir reglunum fyrir 2. umræðu lagafrumvarpa (sbr. 13. gr.); en að öðrum kosti gildir hið sama og ákveðið er í 1. gr. um uppástungur deildanna.

4. grein.

Þar á eptir eru settar hinar tvær deildir þingsins. Í hvorri deildinni fyrir sig gengst elzti þingmaður fyrir kosningu forseta deildarinnar, sem síðan skal sjá um kosningu varaforseta og 2 skrifara.

Við kosningar þessar skal fylgja reglum þeim, sem settar eru í 2. gr. um hinar samsvarandi kosningar í hinu sameinaða alþingi, og gilda þær sömuleiðis fyrir allan þingtímann í það skipti.

5. grein.

Forseti stjórnar umræðunum í hvorri deild, og sjer um að allt fari fram í góðri reglu. Hann tekur við öllum skýrslum til deildarinnar, og annast um afgreiðslu þeirra mála, er frá deildinni eiga að fara. Vilji hann taka nokkurn frekari þátt í umræðunum, en fylgir af stöðu hans sem forseta, verður hann á meðan að víkja úr forsetasæti fyrir varaforsetanum. Forsetinn tekur eigi þátt í neinni atkvæðagreiðslu.

Forsetar beggja deildanna standa í sameiningu fyrir reikningum alþingis, en samt getur forseti þeirrar deildarinnar, sem í hlut á, ávísað því fje, sem þingmönnum ber í daglaun og ferðakostnað. Þeir ráða menn, sem þörf er á, til þingstarfa, og ákveða laun þeirra. Sömuleiðis standa þeir í sameiningu fyrir útgáfu alþingistíðindanna, ráða útsölumann þeirra og annast um tilsjónina með skjalasafni alþingis, bókasafni þess og geymslu á alþingistíðindunum,

Að endingu hafa báðir deildarforsetar milli þinga vald til fyrir hönd deildanna að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, viðvíkjandi hinni innri skipun deildarinnar.

6. grein.

Í forföllum forseta gengur varaforseti í öllu tilliti í hans stað.

7. grein.

Skrifararnir halda undir tilsjón forsetans stutta bók, þar sem ritað er efni umræðanna og úrslit þeirra; hún skal lesin upp við byrjun næsta fundar á eptir, og skulu síðan forsetinn og annar skrifarinn rita nöfn sín undir í hana. Enn fremur telja þeir saman atkvæð við atkvæðagreiðslurnar, eptir að þeir sjálfir fyrst hafa greitt atkvæði sín. Sömuleiðis sjá þeir undir tilsjón forsetans um skrásetning ályktana deildarinnar, og ritar forsetinn og annar skrifarinn nöfn sín undir þær. Störfum skal skipt milli þeirra eptir samkomulagi við forsetann.

8. grein.

Reglurnar að framan (5.—7. gr.) gilda einnig um forsetann, varaforsetann og skrifarana í hinu sameinaða alþingi, þegar deildirnar ganga saman í eina málstofu annaðhvort samkvæmt 16. og 28. gr. stjórnar-

skrárinnar, eða til þess að prófa kjörbrjef, sbr. 3. gr. að framan.

II. Nefndir.

9. grein.

Hvor þingdeildin fyrir sig getur sett bæði stöðugar nefndir, sem málum af einhverri tiltekinni tegund skal vísað til, og nefndir í einstökum málum, sem þó einnig seinna má vísa til nýjum málum, þegar efni þeirra stendur í sambandi við eða er skylt fyrra málinu. Nefndin getur sjálf bætt tveim þingmönnum við tölu nefndarmanna, ef deildin samþykkir það. Á hverju stigi, sem málið er til umræðu, má setja nefnd, eða vísa málinu til rannsóknarnefndar, sem þegar er sett. Verði þetta gjört, þá er umræður þegar eru byrjaðar, skal síðan fresta þeim. Tala nefndarmanna skal ávallt standa á stöku.

10. grein.

Nefndin kýs, jafnskjótt og hún er komin saman, forseta og skrifara, og á þeim tíma, er henni þykir það hentugt, framsögumann. Nefndin lætur uppi álit, sem skal prentað og útbýtt, og má eigi ræða það í deildinni, fyr en að minnsta kosti einn dagur er liðinn frá því það var gjört.

III. Lagafrumvörp.

11. grein.

Lagafrumvörp skulu vera samin í lagaformi. Þau skulu, hvort heldur sem þau koma frá stjórninni eða frá þingmanni í deildinni eða frá hinni deildinni, lögð fyrir á fundi og vera prentuð og þeim útbýtt 1 degi fyr, en þau verða tekin til fyrstu umræðu. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeildinni um sig (27. gr. stjórnarskrárinnar).

12. grein.

Við *fyrstu umræðu* skal ræða frumvarpið í heild sinni. Enginn má við þessa umræðu tala optar en tvisvar sinnum, nema deildin leyfi það, samt skal undan taka landshöfðingja, framsögumanninn, og sje um lagafrumvarp að ræða, sem ekki er komið frá stjórninni, þann, sem hefur borið það upp, eða sjeu þeir fleiri, framsögumann þeirra. Eptir að búið er að ræða frumvarpið á þennan hátt, skal leyta atkvæða um, hvort það skuli ganga til annarar umræðu.

13. grein.

Við *aðra umræðu*, sem eigi má eiga sjer stað, fyr en 2 dagar eru liðnir frá því, að fyrstu umræðu var lokið, skal ræða hinar einstöku greinir lagafrumvarpsins með þar til heyrandi breytingaruppástungum í þeim köflum, sem forseta þykir við eiga. Jafnskjótt og búið er að ræða hvern kafla, skal gengið til atkvæða um greinirnar í honum og þar til heyrandi breytingaruppástungur. Að endingu skal gjört út um það með atkvæðagreiðslu, hvort frumvarpið í því formi, sem það nú er í, skuli koma til þriðju umræðu.

14. grein.

Við *þriðju umræðu*, sem eigi má fram fara fyr en 2 dagar eru liðnir frá því, að lokið er annari umræðu, og eigi gjöra við hana breytingaratkvæði af öðrum en nefndinni, meiri eða minni hluta í nefndinni, landshöfðingja eða að minnsta kosti 4 þingmönnum í efri deildinni og 8 í neðri deildinni, skal ræða breytingaratkvæðin, þær greinir, er breytingaratkvæðin eru gjörð við, og lagafrumvarpið sem heild í einu lagi eða í köflum eptir ákvörðun forseta, og greiða atkvæði um breytingaratkvæðin. Eptir að því næst annar skrifarinn með tilsjón forsetans hefur skrásett lagafrumvarpið samkvæmt öllum þeim atkvæðagreiðslum, sem fram hafa farið áður, skal lesa það upp, að svo miklu leyti sem forseta þykir þörf á, og að endingu setja það undir atkvæði í heild sinni.

15. grein.

Þegar lagafrumvarp er samþykkt á þennan hátt í þeirri deild, þar sem það fyrst er borið upp, sendir deildarforsetinn það í því formi, er það er samþykkt í, forseta hinnar deildarinnar, og mælist til, að hann leggi það fyrir deildina (28. gr. stjórnarskrárinnar).

Við umræðurnar um frumvarpið í þessari deild skal fylgja hinum sömu reglum,

og settar eru að framan viðvíkjandi umræðunum um það í þeirri deild, þar sem það fyrst er borið upp.

16. grein.

Verði frumvarpið á þennan hátt óbreytt samþykkt í hinni þingdeildinni, sendir forseti deildarinnar það landshöfðingja.

17. grein.

Ef deildin aptur á móti gjörir breytingar á frumvarpi því, sem henni hefur verið sent, skal senda það aptur eins og því hefur verið breytt, til þeirrar deildar, þar sem það fyrst er borið upp (28. gr. stjórnarskrárinnar). Ef málið áður hefur verið rætt í nefnd, sendir forsetinn í þessari deild nefndinni þegar í stað frumvarp það, sem hann hefur tekið við. Eptir að frumvarpið í því formi, sem það hefur fengið í hinni deildinni, og álit nefndarinnar um það er prentað, og því hefur verið útbýtt 2 dögum áður, skal taka það til umræðu á þann hátt, sem fyrirskipaður er um 3. umræðu lagafrumvarps (14. gr.), en þó er hverjum þingmanni heimilt að gjöra breytingaruppástungur. Ef deildin fellst á frumvarpið í því formi, sem samþykkt er í hinni deildinni, sendir forseti deildarinnar landshöfðingja það. En gjöri deildin breytingar á því, sendir forsetinn það í hinu nýja formi þess hinni deildinni (28. gr. stjórnarskrárinnar).

18. grein.

Fallist þessi deild eptir umræðu samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í 17. gr., á frumvarpið í því formi, sem það nú hefur, skal forsetinn senda landshöfðingja það. En verði því breytt, sendir forseti deildarinnar forseta hins sameinaða alþingis frumvarpið og mælist til, að hann leggi það fyrir hið sameinaða alþingi (28. gr. stjórnarskrárinnar).

19. grein.

Forseti hins sameinaða alþingis kallar síðan saman báðar deildir þingsins, og leggur frumvarpið fyrir til einnar umræðu í hinu sameinaða þingi í því formi, sem það hefur fengið við síðustu atkvæðagreiðslu, eptir að búið er að prenta það og því hefur verið útbýtt 2 dögum áður. Við þessa umræðu er hverjum þingmanni heimilt að gjöra breytingaratkvæði, og skal með tilliti til þeirra fylgja þeim reglum, sem settar eru í 24. gr. Eptir að búið er að ræða þau og frumvarpið sjálft í heild sinni lætur forseti ganga til atkvæða. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deildinni um sig sjeu á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku máls-atriði, en til þess að lagafrumvarp verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti, að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu. Til þess að frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga verði samþykkt, útheimtist samt að eins atkvæðafjöldi (28. gr. stjórnarskrárinnar).

Verði frumvarpið samþykkt, skal forseti hins sameinaða alþingis senda landshöfðingja það; að öðrum kosti fellur það niður.

20. grein.

Þegar lagafrumvarp er samþykkt af alþingi, sjá forsetar beggja deildanna og landshöfðingi í sameiningu um, að danski textinn sje saminn, þannig að málið verði lagt fyrir hið sameinaða alþingi, ef þeim kemur ekki saman.

IV. Frumvörp til stjórnarskipunarlaga.

21. grein.

Lagafrumvörp, sem hafa inni að halda breytingar á stjórnarskránni eða viðbót við hana, skulu í fyrirsögninni vera nefnd sem frumvörp til stjórnarskipunarlaga; sjeu þau eigi nefnd svo, vísar forseti þeim frá. Breytingaratkvæði, sem hafa inni að halda breytingar á stjórnarskránni eða viðbót við hana, verða að eins gjörð við frumvörp til stjórnarskipunarlaga; verði þau gjörð við önnur frumvörp, vísar forseti þeim frá.

V. Álit yfirskoðunarmanna.

22. grein.

Til þess að ræða álit yfirskoðunarmanna (26. gr. stjórnarskrárinnar), sem skal lagt

fyrir neðri deildina fyrst, skal í deildinni setja þriggja manna nefnd.

Uppástungur frá þessari nefnd skulu koma tvisvar sinnum til umræðu eptir reglunum um aðra og þriðju umræðu. Hið sama gildir, ef efri deildin setur nefnd í málinu um álit yfirskoðunarmannanna; að öðrum kosti skal deildin útkljá málið í einni umræðu.

VI. Aðrar sjerstakar uppástungur.

23. grein.

Aðrar sjerstakar uppástungur en lagafrumvörp skulu vera samdar í ályktunarformi, og skal sagt til þeirra á fundi. Þingdeildin ályktar þá á öðrum fundi eptir uppástungu forsetans, hvernig ræða skuli uppástunguna. Samt má eigi útkljá neina uppástungu á sama fundi, og gjörð er ályktun um, hvernig skuli ræða hana.

VII. Breytingaratkvæði og breytingar við þau.

24. grein.

Breytingaratkvæði við þau lagafrumvörp og þær uppástungur, sem eru til umræðu, skulu vera prentuð og þeim útbýtt daginn áður, en þau eru rædd á fundi. Ef stungið er upp á að skipta atkvæðagreiðslu um lagagrein, er það skoðað sem breytingaratkvæði (sbr. 37. gr.). Breytingar við breytingaratkvæði má hver bera upp við byrjun þess fundar, þá er þau skulu tekin til umræðu. Þó skulu þær þá vera prentaðar, og þeim þegar útbýtt. Nefndin getur einnig borið upp breytingaratkvæði með jafnstuttum fresti, en aðrir einungis, þegar þingdeildin samþykkir það. Til þess að bera upp breytingar við breytingaratkvæði, þarf aldrei fleiri en einn þingmann (sbr. 14. grein).

VIII. Fyrirspurnir.

25. grein.

Æski einhver alþingismaður að bera upp í annari hvorri þingdeildinni opinbert málefni, og beiðast þar um skýrslu landshöfðingja (37. gr. stjórnarskrárinnar), skal þetta gjört með fyrirspurn, sem fengin sje forseta, og skal hún vera skrifleg og greinilega samin. Skýrir forseti síðan frá fyrirspurninni á fundi, og sker deildin umræðulaust á öðrum fundi úr, hvort gjöra megi fyrirspurnina. Verði það samþykkt, sendir forseti landshöfðingjanum fyrirspurnina, og verður hún svo borin upp og rædd á fundi þar á eptir. Við þessa umræðu má eigi gjöra neina ályktun.

IX. Apturköllun, frávísun, um að taka fyrir næsta málið á dagskránni.

26. grein.

Bæði stjórnarfrumvörp og frumvörp frá þingmönnum deildarinnar má kalla aptur á hverju stigi sem umræðurnar eru, en hver annar þingmaður, sem vill, getur þá jafnskjótt tekið þau upp aptur. Hið sama gildir og um uppástungur og breytingaratkvæði.

27. grein.

Þegar fyrirspurn, uppástunga eða breytingaratkvæði eru borin upp og útlistuð, er sjerhverjum þingmanni heimilt að krefjast þess, að þeim sje vísað frá. Krófuna skal koma fram með, áður en nokkur annar en sá, sem gjörir uppástunguna eða ber upp fyrirspurnina, hefur talað. Þingdeildin sker þá umræðulaust úr því, hvort henni skuli vísað frá. Meðan á umræðunum stendur, má einnig gjöra uppástungu, sem byggð sje á ástæðum, um, að taka skuli fyrir hið næsta mál á dagskránni, en samt skal þessi uppástunga vera skriflega tilkynnt forsetanum fyrirfram.

X. Utanþings málefni.

28. grein.

Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings (38. gr. stjórnarskrárinnar).

Hjer með skulu taldar bænarskrár, ávörp, kærur og þess konar málaleitanir frá utanþingsmönnum. Sje þess konar málefni stílað til þingsins í heild þess, skal það afhent þeirri deildinni, er sá þingmaður á sæti í, sem hefur tekið það að sjer til flutnings. Sjerhvert málefni skal, eptir að forseti hefur á fundi skýrt frá því, afhent nefnd þeirri,

sem sá, er tekið hefur málefnið að sjer til flutnings, heimtar, að það sje fengið, svo framarlega sem slík nefnd er sett. Um sjerhvert málefni, sem vísað er til nefndar, skal út af fyrir sig eða í sambandi við önnur málefni, sem vísað er til hlutaðeigandi nefndar, látið uppi álit og skýrt frá, hvort nefndin finni ástæðu til að gjöra uppástungu um það til þingdeildarinnar eða ekki. Uppástungurnar verða ræddar í eitt skipti eptir þeim reglum, sem gilda um aðra umræðu lagafrumvarps. Um þau málefni, sem nefndin eigi finnur ástæðu til að gjöra uppástungu um, svo og um málefni, sem eigi er vísað til neinnar nefndar, má bera upp uppástungur í þingdeildinni, og verða þær ræddar á sama hátt og nefndaruppástungur um málefni. Frá ávörpum eða þess konar málaleitunum skal sagt á fundi í þingdeildinni, og annast síðan forseti um, að þær verði lagðar fram á lestrarsalinn undir tilsjón skrifaranna. Ef forsetinn eða sá, sem tekið hefur þær að sjer til flutnings, æskir, að þær verði lesnar upp, skal umræðulaust leita atkvæða um það á öðrum fundi seinna, en samt má að eins leyfa að lesa þær upp, ef $^3/_4$ hlutar af þeim þingmönnum, sem eru við, samþykkja það.

Þyki þingdeildinni ekki ástæða til, að gjöra ályktun um eitthvert málefni, getur hún vísað því til landshöfðingjans eða ráðgjafans (39. gr. stjórnarskrárinnar).

XI. Umræðurnar, dagskráin.

29. grein.

Sjerhver þingmaður, sem hefur óskað að taka til máls, og fengið leyfi til þess, skal standa upp frá sæti sínu og mæla þaðan, og skal hann ávalt víkja ræðu sinni til forsetans. Enginn má ávarpa annan þingmann eða nefna hann nafni.

30. grein.

Enga ræðu má halda á þann hátt, að skrifað mál sje lesið upp. Þessi regla gildir samt eigi um forsetann nje fulltrúa stjórnarinnar.

31. grein.

Forseti gefur venjulega þingmönnum færi á að taka til máls í þeirri röð, er þeir beiðast þess; samt getur hann gjört undantekning frá þessu með tilliti til framsögumannsins, svo og til þess að ræður með og á móti þeirri uppástungu, sem verið er að ræða, skiptist á, eða til þess að láta þingmann gjöra stutta leiðrjettingu eða athugasemd, sem snertir sjálfan hann.

Landshöfðinginn eða aðstoðarmaður hans eiga rjett á að biðja sjer hljóðs eins opt og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa (34. gr. stjórnarskrárinnar).

32. grein.

Sjerhver þingmaður er skyldur til að gefa sig undir árskurð forsetans að því leyti, er snertir viðhald á góðri reglu. Ef þingmaður tvisvar á sama fundi hefur verið áminntur, getur forseti stungið upp á því við þingið, að honum sje alveg synjað þess, að taka til máls á þeim fundi. Skyldi almennari óregla koma upp, er það skylda forsetans að gjöra hlje á fundarhaldinu um stund, eða, ef nauðsyn er til, slíta fundinum alveg.

33. grein.

Það þykir koma í bága við góðu regluna, að þingmenn gjöri góðan eða illan róm að einhverju.

34. grein.

Þyki forseta, að umræðurnar dragist úr hófi fram, getur hann stungið upp á, að þeim verði lokið, og gjörir þingið út um það umræðulaust. Sömuleiðis geta 4 þingmenn í efri deildinni og 8 í neðri deildinni krafizt þess, að greidd sjeu atkvæði um það, hvort umræðum skuli lokið. Nöfn þessara þingmanna skulu rituð í gjörðabókina og lesin upp.

35. grein.

Forsetinn ákveður við lok hvers fundar dagskrá fyrir næsta fund deildarinnar. Þó má ákveða hana eptir ályktun deildarinnar, þegar 4 í efri og 8 í neðri deildinni krefjast þess skriflega, og gjöra uppástungu um tiltekna dagskrá. Slíka kröfu og uppástungu skal, ef farið er fram á, að tiltekið mál sje látið ganga út af dagskránni, afhenda forsetanum sama dag, og dagskráin er sett; að

svo miklu leyti, sem farið er fram á, að tiltekið mál skuli tekið á dagskrána, skal það tilkynnt þinginu við lok þess fundar, innan hvers eða á hverjum uppástungan er afhent. Um uppástunguna skal, án þess að umræður fari fram, greiða atkvæði við byrjun næsta fundar. Sje hún felld, er þar með samþykkt dagskrá sú, sem forsetinn hefur sett. Þegar dagskrá eigi er sett með ályktun þingsins, getur forseti breytt röðinni á þeim málum, sem eru á dagskránni, og látið mál, sem er á dagskránni, ganga úr, ef hann skýrir þinginu frá þeim ástæðum, sem hann hefur til þess; en hann getur að eins látið taka fyrir mál, sem eigi er sett á dagskrána, þegar það er samþykkt samkvæmt 44. gr.

XII. Atkvæðagreiðsla.

36. grein.

Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt mál, nema að minnsta kosti 2 þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði atkvæði (36. grein stjórnarskrárinnar); en skyldur skal hver þingmaður, sem er á fundi, þegar atkvæði eru greidd, en greiðir ekki atkvæði, að leiða rök að því, hvers vegna hann ekki greiðir atkvæði, og skal forseti því næst bera undir þingdeild sína, hvort hún tekur þessar ástæður gildar. Ef deildin ógildir ástæður þingmannsins, skal svo álítast, sem hann hafi greitt atkvæði með meiri hlutanum. Sama á sjer stað, ef þingmaðurinn neitar að gefa ástæður fyrir aðferð sinni. Þá er ályktun gild, þegar meir en helmingur þeirra, sem greiða atkvæði, hefur greitt atkvæði með uppástungunni, að undanteknum þeim tilfellum, sem nefnd eru í 19., 28. og 44. grein. Ályktun má eigi breyta við sömu umræðu og hún er gjörð.

37. grein.

Það er á valdi forseta, hvernig hann skiptir atkvæðagreiðslunni, og í hvaða röð og innbyrðis sambandi hún fer fram; þó getur þingdeildin, ef 4 í efri og 8 í neðri deildinni krefjast þess, breytt ákvörðun forseta, eptir að einn af uppástungumönnum og forseti, hvor um sig, hafa tekið einu sinni til máls. Þó má þingmaður heimta, að atkvæðagreiðslunni um breytingaratkvæði sje skipt. Tilmæli um það skulu vera komin fram, áður en umræðurnar byrja (sbr. 24. grein).

38. grein.

Forseti hefur í öllum tilfellum, er hann hefur ástæðu til að halda, að allir sjeu á einu máli, vald til að lýsa því yfir, að gjört sje út um eitthvert atriði, sem kemur undir atkvæði, án atkvæðagreiðslu, ef enginn krefst þess, að hún fari fram, — þó skal undantekið, er lagafrumvarp eða önnur sjerstök uppástunga verður samþykkt til fullnaðar. Að öðru leyti fer atkvæðagreiðsla jafnaðarlega fram á þann hátt, að þeir þingmenn, sem sitja í sætum þeim, sem ákveðin eru handa þingmönnum, standi upp; á þennan hátt skal atkvæði greiða bæði með og á móti; skrifararnir telja atkvæðin. Forseta er samt heimilt að láta atkvæðagreiðslu fram fara með nafnakalli, annaðhvort þegar í stað, eða eptir að atkvæðagreiðsla hefur fram farið á venjulegan hátt, ef honum virðist efasamt, samkvæmt skýrslum skrifaranna, hvernig hún hafi fallið. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deildinni og 6 í neðri deildinni krafizt þess, áður en atkvæðagreiðsla byrjar, að greidd sjeu atkvæði um eitt eða fleiri atriði með nafnakalli. Nöfn þeirra þingmanna, sem heimta nafnakall, skulu lesin upp.

XIII. Kosningar.

39. grein.

Kosningar fara fram eptir atkvæðafjölda á þann hátt, sem ákveðið er í 2. gr.; þó nægir einn þriðjungur þeirra atkvæða, sem greidd eru, til þess að verða kosinn í nefndir þær, sem deildirnar setja. Sjerhver kjörmiði, sem fleiri eða færri nöfn standa á, en greiða skal atkvæði um, eða sem hefur inni að halda nafn, sem eigi er nógu greinilega tiltekið eða ekki á við, er ógildur.

XIV. Um það, hvort fundir skuli fram fara í heyranda hljóði, prentun umræðanna.

40. grein.

Fundir beggja þingdeildanna og hins

sameinaða alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur hlutaðeigandi forseti eða 4 þingmenn í efri deildinni og 8 í neðri deildinni krafizt, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þing það, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða á heimulegum fundi (40. gr. stjórnarskrárinnar).

41. grein.

Hlutaðeigandi forseti skipar fyrir um það, hvernig mönnum verði gefinn kostur á að koma á fundi þá, sem haldnir eru í heyranda hljóði. Áheyrendurnir eru skyldir að vera kyrrir og hljóðir. Brjóti nokkur á móti þessu, getur forseti látið vísa þeim burt, og ef þörf er á, öllum áheyrendum.

42. grein.

Bæði umræður þingdeildanna og hins sameinaða alþingis verða prentaðar í tíðindum, sem til þess eru ætluð.

XV. Burtfararleyfi.

43. grein.

Sje þingmaður forfallaður að koma annaðhvort á fundi hins sameinaða alþingis eða þingdeildanna, er hann skyldur til að skýra hlutaðeiganda forseta frá forföllum sínum í tækan tíma. Burtfararleyfi af þingi getur hlutaðeigandi forseti veitt um 2 daga, ef nauðsyn krefur; fyrir lengri tíma þarf til þess samþykki hlutaðeigandi þingdeildar.

XVI. Afbrigði frá þingsköpunum.

44. grein.

Eptir uppástungu forsetans eða skriflegri uppástungu frá 4 þingmönnum í efri deild og 8 í neðri deild, má, svo framarlega sem landshöfðingi aðhyllist uppástunguna, bregða út af þingsköpum þessum, nema því að eins að það sje komið undir ákvörðunum í stjórnarskránni, ef $^3/_4$ hlutar af þeim, sem greiða atkvæði, eru ásáttir um það.

45. grein.

Það, sem fyrir er mælt í 27., 29., 30., 31., 32., 33., 34., 37., 38., 39., 40., 41., 43. og 44. gr. að framan um þingdeildirnar, gildir einnig um hið sameinaða alþingi, þegar það gengur í eina málstofu í þeim tilfellum, sem getið er í 8. gr. að framan, að svo miklu leyti, sem það getur átt við um umræður þess. Þar sem í tjeðum greinum er miðað við ákveðna tölu þingdeildarmanna, skal í hinu sameinaða alþingi koma 12 í staðinn fyrir 8 í neðri og 4 í efri deildinni, og 9 í staðinn fyrir 6 og 3.

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR
við frumvarp til laga um þingsköp handa alþingi Íslendinga, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri þingdeildinni.

—

1. Breytingaruppástunga nefndarinnar.

1. grein.

Upphaf greinarinnar orðist þannig:

«Í hvert sinn er alþingi kemur saman, skal elzti þingmaðurinn stjórna umræðum þingsins, þangað til forseti hins sameinaða alþingis er kosinn. Til þess að prófa» og svo framvegis.

2. grein.

Þriðji liður greinarinnar: «þegar nýjar . . . . henni» falli burt.

---

2. Breytingaruppástunga frá 5 þingmönnum.

36. grein falli burt, og önnur komi í staðinn svo látandi:

«Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði (36. gr. stjórnarskrárinnar). Ályktun er gjörð, þegar meir en helmingur þeirra, sem greiða atkvæði, hefur greitt atkvæði með uppástungunni, að þeim tilfellum samt undanteknum, sem nefnd eru í 19., 28. og 44. gr. Ályktun má eigi breyta við sömu umræðu og hún er gjörð».

Alþingi, 4. ágúst 1875.

Jón Pjetursson. Torfi Einarsson.
Sighvatur Árnason. B. Kristjánsson.
Jón Hjaltalín.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 32. fundi efri þingdeildarinnar, 9. dag ágústmán., kom frumvarp þetta samkvæmt dagskránni til 3. umræðu.

Framsögumaður sagði, að breytingaruppástunga nefndarinnar við 1. grein væri svo ljós og greinileg, að eigi þyrfti að orðlengja um hana, en út af henni leiddi aptur, að þriðji liður 2. greinar fjelli burtu. Viðvíkjandi breytingaruppástungu hinna fimm háttvirtu þingmanna, kvaðst hann vilja taka það fram, að hún eigi væri breyting við hið konunglega frumvarp, því að hún væri beinlínis tekin upp úr því, en sjer fyndist eigi, að hún vera til neinna bóta, þar sem þá ákvörðun vantaði, að hver þingmaður skyldi vera skyldur að greiða atkvæði; því hann kvaðst eigi geta sjeð neina ástæðu til þess, að menn skyldu vera undanþegnir þessu, þar sem það varla væri líklegt, að nokkur þingmaður gæti með nokkrum rökum svarað því, að málið væri sjer svo of vaxið, að hann eigi þættist fær um að segja annaðhvort já eða nei, einkum þegar væri litið til þess, að það kannske hefði gengið gegnum þrjár umræður. Þar sem þingmaður Strandasýslu hefði sagt, að sjer væri það eigi nógu ljóst, hvernig fara ætti að, ef einhver þingmaður neitaði að gefa atkvæði sitt, en ástæður hans eigi væru teknar gildar, en einungis munaði einu atkvæði í málinu, þá kvaðst hann vilja svara honum, að ef atkvæði væru ekki jöfn á undan og hann gæfi atkvæði með þeim, sem fella málið, væri það fallið, ef þar á móti atkvæðin væru jöfn áður en hann gæfi eigi atkvæði, yrði eins að telja það með þeim, sem fella vilja málið, því það er áður orðið meiri hluti að fella það, með því að það var áður fallið við hin jöfnu atkvæði. Hann kvaðst svo eigi ætla að tala meira að sinni, en bíða þess, að hann heyrði meiningar þingdeildarmanna.

Torfi Einarsson sagðist eigi geta svarað ræðu hins háttvirta þingmanns Barðstrendinga, vegna þess að hann hefði ekki skilið, að hún innihjeldi neina sönnun. Hjer væri, eins og hann hefði áður tekið fram, þrír vegir; það gæti verið atkvæðamunur, og þá væri meiri hluti, það gætu líka verið jöfn atkvæði, og þá yrði varla hinn seki dæmdur til þess að vera fremur með öðrum en hinum partinum, svo gæti og verið, að meira en helming allra atkvæða þyrfti, og þá ætti þessi ákvörðun kannske við; um formið kvaðst hann eigi ætla að tala, en hann yrði þó að halda, að alveg nýjar greinir vantaði í þingsköpin til þess að skýra þessa ákvörðun. Svo mundi líklega fara svo, þegar menn ættu að fara að gefa ástæður fyrir því, hvers vegna menn eigi greiddu atkvæði, að menn tækju allt málið og tættu það í sundur frá byrjun, og þá mundu að minnsta kosti sumir af hinum vilja svara, svo ekki liti út, eins og þeir dæmdu ástæðulaust; af því mundi varla annað hljótast en vafningar eintómir; hann kvaðst að endingu vilja taka það fram, að hann eigi segði þetta, af því að hann væri með því, að þingmenn ekki greiddu atkvæði, heldur af hinu, að hann hjeldi, að þessu yrði að breyta í stjórnarskránni, og þá gjöra mönnum að beinlínis skyldu að greiða atkvæði í hverju máli.

Jón Hjaltalín sagðist ekki skilja í því, að jafngóður og líberal drengur og þingmaður Barðstrendinga væri, skyldi vilja koma fram með annað eins meiningar-týranní, og hjer væri farið fram á. Hann sagði, að einnig gætu komið fyrir svo mörg praktisk spursmál, sem einhver þingmaður þættist ekki fær að gefa atkvæði fyrir eða móti, einmitt af þeirri ástæðu, að hann ekki skildi málið, og hjer á þingi mundi varla vera sá skóli, er hann gæti lært mikið í, og væri þá býsna hart að segja við hann, að hann skyldi greiða atkvæði, hvort sem hann hefði þekkingu til þess eða eigi; þetta sagðist hann kalla «týranni» og vanvirðu fyrir þingið.

Benidikt Kristjánsson sagði, að talað hefði verið um, að sjerhver þingmaður ætti að hafa vissa meiningu og greiða atkvæði eptir henni, en þar af fylgdi alls ekki, að rjett væri að gjöra hverjum einum að skyldu að gefa atkvæði, eða að sanngjarnt væri að neyða hann til þess; það gætu t. a. m. verið

skiptar meiningar, og einnig það, að einhver þingmaður hvorugum hlutanum vildi fylgja, af því að hann væri sannfærður um, að báðir hefðu rangt fyrir sjer; ef nú ætti að neyða hlutaðeigandi þingmann til að greiða atkvæði, eða ef hann eigi vildi gjöra það, þá að gjöra honum atkvæði, þá væri, að sinni meiningu, þessum manni misboðið, þar sem ætti að neyða hann til að styrkja það mál, sem hann væri mótfallinn; hann kvaðst heldur eigi skilja, hvernig menn ætluðu að hafa not af þessari ákvörðun nema ofan í skýlaus orð stjórnarskrárinnar, þar sem sagt væri, að 2 þriðjungar þingmanna þyrftu að vera á þingi og greiða atkvæði, til þess að gild ályktun yrði gjörð í einhverju máli. En það væri sitt hvað að greiða atkvæði, og hitt að manni væri gjört atkvæði, og þess vegna gæti ekki breytingaruppástunga nefndarinnar orðið til þess að efla nokkurt mál til sigurs; væri það harðneskja, sem eigi væri á góðum rökum byggð, og mundi hann því gefa atkvæði sitt móti þessari grein.

Bergur Thorberg sagði, að það gegndi furðu, að menn skyldu vera að ræða það, hvort þingmenn væru skyldir til þess að greiða atkvæði, þar sem slíkt þó lægi í augum uppi, að til þess væru menn komnir á þingið. Það mundi varla þykja gott, ef að dómari, sem þó opt hefði miklu vandasamari mál að skera úr, segðist ekki ætla að greiða atkvæði um eitthvert mál. Það væri nokkuð fljótt yfir farið hjá þingmanni Þingeyinga, þar sem hann hefði sagt, að menn með þessu styrktu það mál, sem annars hefði átt að falla, en þetta væri alls ekki rjett, því að hægt væri að gefa atkvæði sitt móti málinu, og gæti hann því ekki sjeð, að hlutaðeigandi þingmaður væri í nokkrum vanda staddur, eða að atkvæðisfrelsi hans væri í nokkru misboðið. Að þessi ákvörðun kæmi í bága við stjórnarskrána, gæti hann eigi heldur skilið, því að hún tæki einmitt upp eina ákvörðun í stjórnarskránni; það gæti einnig haft mikla praktiska þýðingu t. a. m. í hinu sameinaða alþingi, þar sem þyrfti meiri atkvæðafjölda en annars, svo gæfi það og þingmönnum meira aðhald til þess að greiða atkvæði, ef þeim væri annt um að styrkja eitthvert mál, en vildu eigi, að það fjelli.

Framsögumaður sagðist ekki þurfa að svara hinum háttvirta 3. konungkjörna þingmanni, þar sem hann væri honum samdóma; en viðvíkjandi því, sem þingmaður Strandasýslu hefði talað, þá vildi hann segja honum, að engin væri sú regla, sem eigi hefði einhverja undantekningu, því ein regla gæti verið alveg nauðsynleg og ómissandi, þó ekki þyrfti ætíð að nota hana, og eigi mætti fella nauðsynlega ákvörðun fyrir það, þó hún í einstaka tilfelli væri óþörf, og sannaði það því næsta lítið, sem hann hefði sagt; þar sem hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður hefði talað um meiningar-týranní, þá væri það hreinn og beinn misskilningur hjá honum, því hlutaðeiganda væri alls ekki bannað að hafa hverja þá meiningu, er hann vildi, það væri einungis, að hann mætti ekki liggja á henni; svo væru menn einnig sendir á þingið, til þess að skera úr, hvað væri hentugt fyrir þjóðina og hvað eigi. Þá væri það og óhugsandi, að menn, þegar búið væri að ræða málið við 3 umræður, væru svo lítt kunnir málinu, að eigi væri hægt að segja annaðhvort já eða nei.

Stefán Eiríksson sagðist nú um stund hafa hlýtt á ræður þingmanna, en eigi getað sannfærzt um, að ástæður þær, sem færðar hefðu verið fram móti því, sem nefndin hefði gjört, væru á rökum byggðar; hjer væri hvort sem er eigi um annað að tala, en að koma í veg fyrir þann ósið, sem lengi hefur við gengizt á þingi, að menn gætu skotið sjer undan því, að greiða atkvæði; hann yrði því að álíta, að hver þingmaður hefði þá sjálfstæða skoðun, að hann gæti sagt já eða nei, og annað lægi ekki í breytingum nefndarinnar (varaforseti: rjett), og því gæfi hann atkvæði sitt með nefndinni.

Jón Hjaltalín sagði, þessi ákvörðun væri á móti öllum frelsisanda og svo líka á móti stjórnarskránni, og væri betur, að hún fjelli, en að hún væri til minnkunar og eins og sett út í bláinn.

Ásgeir Einarsson sagðist halda, að hinn

háttvirti 5. konungkjörni þingmaður hefði verið að lýsa sjálfum sjer, þegar hann í fyrri ræðu sinni hefði verið að tala um mann, sem ekki skildi málið. Hann hefði sagt, að þetta væri hvergi brúkað í öllum heimínum, og að ákvörðunin væri beint ofan í stjórnarskrána, en hann sagðist þó geta frætt hann á því, að þetta væri þó bæði á þingum í Belgíu og Englandi (Jón Hjaltalín: Eg trúi eigi, nema eg sjái). Sá 5. konungkjörni þingmaður getur fengið að sjá það í kveld. Hann kvaðst heldur ekki geta sjeð, að þetta væri að neyða menn, þar sem þeim væri gefið tækifæri á að koma með ástæðu fyrir því, að þeir eigi vildu greiða atkvæði. Hann gæti því eigi sjeð neinn galla við þetta, og mundi það vera alveg hættulaust fyrir þingið að aðhyllast þessa breytingu.

Sighvatur Árnason sagðist ekki vilja gjöra þetta atriði að kappsmáli. En út af orðum þingmannsins, sem seinast settist niður, þá vildi hann taka það fram, að þegar væri að ræða um að ganga af þingi, þá væri slíkt neyðarúrræði. Að öðru leyti væri sjer eigi ljóst, í hvaða samband þingmaðurinn hefði sett þetta atriði við hina ákvörðun nefndarinnar um að skuldbinda þingmenn til að greiða atkvæði sitt. Ef þessi nú nefnda ákvörðun ætti að girða fyrir það, að menn gengju af þingi, þá gæti hann eigi ætlað, að svo yrði, heldur mundi slík ákvörðun að sinni hyggju einmitt geta gefið orsök til þess, að menn færu að ganga af þingi, ef þeir ættu von á, að þeir yrðu neyddir til að greiða atkvæði sitt á fundi, hvort þeir væru fúsir á það eða ekki.

Framsögumaður sagði, að það að ganga af þingi við atkvæðagreiðslu væri sama, sem að neita að gefa atkvæði sitt.

Jón Pjetursson sagði, að mikið væri þegar búið að ræða um þessa 36. gr. þingskapanna (stjórnarfrumvarpsins), sem nefndin hefði fundið ástæðu til að breyta á þennan veg, er breytingaruppástunga hennar benti til. Fyrir sitt leyti gæti hann ómögulega sjeð betur, en að breytingaruppástunga þessi kæmi beinlínis í bága við stjórnarskrána (36. gr.), sem gengi út frá því, að þingmenn þyrftu ekki að greiða atkvæði sitt, ef þeim þætti það við eiga. Það væri án efa meining nefndarinnar, að ná þeim fjölda atkvæða, það er að segja, $^2/_3$, er þyrftu til þess, að eptir stjórnarskránni ályktun yrði gild, með því að neyta þessa bragðs. Hann kvaðst nú að vísu eigi vilja af taka það, að frjálslegra mætti virðast, að þessari grein þingskapanna yrði breytt í þetta horf, en slíkt gæti eigi komið til tals, fyr en tilsvarandi grein stjórnarskrárinnar yrði breytt í sömu stefnu. Hins vegar væri það almenn regla, að ef maður hefði rjett til einhvers, þá þyrfti hann ekki að gjöra neinum manni grein fyrir, hvers vegna hann notaði eigi þennan rjett sinn. Af því að skapa þeim atkvæði, er ekki vildu greiða atkvæði sitt, og leggja þau til meiri hlutans, gæti leitt, að gjörð yrði ályktun um eitthvert mál án þess, að $^2/_3$ hlutir í raun rjettri hefðu greitt atkvæði fyrir því. Að það væri jafnsterk skylda þingmanna að greiða atkvæði í hverju máli, er á þingið kæmi, og dómarans að greiða atkvæði í málum þeim, er fyrir rjett kæmu, sæi hann ekki; í hið minnsta gæfi stjórnarskráin þingmönnum hinn rjettinn, en víst ekki dómaranum rjett til að láta vera að greiða atkvæði, er hann ætti að dæma.

Sighvatur Árnason: Með tilliti til þess, er þingmaður Barðstrendinga hefði sagt fyrir skemmstu, vildi hann taka það fram, að, ef þingmenn vildu á annað borð hafa sig undan atkvæði, og á hinn bóginn vissu, að þeir ættu að vera skyldir til að greiða atkvæði, hvernig sem á stæði, þá þyrfti hjer meiri tryggingu, því að ekki þyrfti þá þingmaðurinn annað, en koma ekki á fund, því að hann yrði að benda þingmanninum á, að hjer stæði: «hver þingmaður, sem er á fundi, skal skyldugur til að greiða atkvæði», allt svo þyrfti hann ekki annað en að vera ekki á fundi eða ganga af fundi. Yrði hann að telja það óheppilegt, ef af því gæti leitt sú óregla, að menn sæktu eigi fundi, en á hinn bóginn áliti hann æskilegt, að hver þingmaður gjörði sjer að skyldu og að greiða atkvæði

hvort hann vildi í raun og veru vera laus við það eða ekki.

Framsögumaður sagði, að það hlyti að álítast siðferðisleg skylda hvers þingmanns, að sækja ávallt fundi, nema lögleg forföll hindruðu, enda yrði hann þá og að eiga um slíkt við forseta. Út af ræðu hins 4. konungkjörna þingmanns hefðu sjer dottið í hug orðin: «og þeirra vitnisburður varð eigi samhljóða». Í nefndinni hefðu setið 2 lögfróðir menn; hefðu þeir eigi getað sjeð, að uppástunga sú, er hjer næddi um, kæmi á nokkurn hátt í bága við stjórnarskrána, og um daginn hefði sjálfur landshöfðinginn lýst þeirri skoðun sinni yfir, að þessi ákvörðun væri í góðu lagi. En nú kæmi hinn háttvirti 4. konungkjörni og löglærði þingmaður og teldi hjer vera gjört brot á stjórnarskránni; væri því við því að búast, að «í villu mundu leiðast jafnvel útvaldir». Fyrir sitt leyti hlyti hann þó — eins og líka öll nefndin hefði gjört — að skilja 36. grein stjórnarskrárinnar svo, að þar væri ekki gjört ráð fyrir því, að þingmenn greiddu eigi atkvæði, heldur þvert á móti. Sama þingmanni hefði þótt galli á því, að, ef fleiri þingmenn greiddu eigi atkvæði, þá skyldu jafnmörg atkvæði, og tala þingmanna þeirra væri, leggjast við atkvæðafjölda meiri hlutans. Þessu yrði hann að svara því, að slíkt væri þá sjálfum þeim að kenna, því að enginn meinaði þeim, að greiða atkvæði sitt móti málinu.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og ljet því forseti ganga til atkvæða í málinu, og fjellu þau á þann veg:

1. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 1. gr. samþykkt í einu hljóði.
2. Breytingaruppástunga sömu: að 3. liður 2. greinar falli burt, samþykkt í einu hljóði.
3. Breytingaruppástunga frá Jóni Pjeturssyni, Torfa Einarssyni, Sighvati Árnasyni, Benidikt Kristjánssyni, Jóni Hjaltalín: að 36. grein falli burt, en önnur ný komi í hennar stað.

Hjer varð atkvæðagreiðsla óglögg, og var því við haft nafnakall.

Já sögðu:
Benidikt Kristjánsson,
Jón Hjaltalín,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Torfi Einarsson.

Nei sögðu:
Bergur Thorberg,
Ólafur Pálsson,
Ásgeir Einarsson,
Eiríkur Kúld,
Stefán Eiríksson,
Þórður Jónasson.

Var breytingaruppástungan þannig felld með 6 atkvæðum gegn 5.

Frumvarpið sjálft í því formi, sem það þannig er í, var samþykkt í einu hljóði. Lýsti forseti því yfir, að það yrði nú sent forseta neðri deildarinnar.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 36. fundi neðri deildar alþingis, 11. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til fyrstu umræðu frumvarp til laga um þingsköp handa alþingi.

Einar Ásmundsson sagði, að mál þetta væri mjög yfirgripsmikið, og hefðu menn án efa eigi haft tækifæri til að athuga það, eins og vert væri. Ráðlegast væri því, að setja nefnd í málið, og stakk hann upp á þriggja manna nefnd.

Guðmundur Einarsson sagði, að ef neðri deildin legði það í vana sinn, að setja nefnd í öll þau mál, sem kæmu frá efri deildinni, þá yrði það til þess að svæfa málin, því að þingið fengi þá ekki tíma til að ræða þau út, þar sem svo stuttur tími væri eptir af þingtímanum.

Grímur Thomsen var samdóma þingmanni Dalamanna um, að frumvarpið gæti eigi orðið að lögum, ef nefnd yrði sett. Breytingar þær, sem menn óskuðu, væru svo lítilvægar, að þeim mætti koma fram án nefndar, því að þær væru helzt breytingar á málinu.

Forseti benti þingmönnum á, að málið hlyti að ganga til efri deildarinnar, ef breytingar væru gjörðar við frumvarpið, jafnvel þó nefnd yrði eigi kosin.

Grímur Thomsen kvaðst hafa ástæðu til að halda, að efri deildin mundi samþykkja frumvarpið, þó að nokkrar breytingar væru gjörðar við það; því að breytingar þessar væru þegar prentaðar, og hefðu komið fram við 3. umræðu málsins í efri deildinni, en það hefði að mestu leyti verið forminu að kenna, að þær voru ekki samþykktar.

Þá var gengið til atkvæða, og var samþykkt í einu hljóði, að málið skyldi ganga til annarar umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 42. fundi neðri deildar, 17. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til annarar umræðu frumvarp til laga um þingsköp alþingis.

Einar Ásmundsson gat þess, að þegar frumvarp þetta hefði komið til 1. umræðu hjer í deildinni, þá hefði hann stungið upp á, að nefnd væri sett í það. En af því að sú uppástunga hefði mætt talsverðum mótmælum, þá hefði hann tekið hana aptur, og gjörði það jafnframt með þeirri ímyndun, að þingmenn þeir, sem eigi vildu setja nefnd í málið, mundu koma með breytingaruppástungur við frumvarpið, því að hann hefði tekið svo eptir, að sumir þeirra væru sjer samdóma um það, að nokkrar breytingar þyrfti að gjöra við frumvarpið. Nú hefðu þó engar slíkar breytingar komið; en hann sagðist fyrir sitt leyti ekki enn geta horfið frá þeirri sannfæringu, að sumt í frumvarpinu þyrfti umbóta við, og að ekki væri æskilegt, að það yrði að lögum óbreytt eins og það nú væri. Það væri og enn allur dagur til stefnu að gjöra breytingaruppástungur, enda mundi hann leitast við að sameina sig nokkrum öðrum þingmönnum um þær breytingar, er sjer sýndust nauðsynlegastar. Það væri einkum 36. gr., er sjer ekki líkaði. Sjer sýndist nauðsynlegt, að í þingsköpunum væri ákvörðun um það, að hver þingmaður væri skyldur til að vera við hverja atkvæðagreiðslu, nema hann hefði lögmæt forföll, eða leyfi forseta til að vera fjarlægur. Og í öðru lagi áliti hann, að hver þingmaður ætti helzt að vera skyldur til að greiða atkvæði, einkum þegar atkvæðagreiðslan væri munnleg (nafnakall), — ættu að segja já eða nei, en ekki að þegja — því að sjer þætti það eigi tilhlýðilegt, að þingmenn mættu þegja, þegar ætti að útkljá eitthvert mál. Einn þingmaður hefði um daginn, er lagamálin voru rædd, sagt, að í sumum greinum væri líkt á komið með þingmönnum og dómendum; þetta væri alveg satt, og eitt af því, sem væri líkt ástatt fyrir þeim, væri það, að þeir hvorirtveggja hlytu opt að vera í efa um, hvernig þeir ættu að greiða atkvæði. En þá vildi hann spyrja: Hvað myndi verða úr dómunum, ef dómarinn skoraðist undan að kveða upp dóm í vandasömum málum; því að víst gætu opt komið þau mál fyrir dómarann, er hann gjarnan vildi vera laus við að dæma í, ef unnt væri. Og hvað mundi verða um löggjöf, ef þingmenn mættu að ósekju ganga frá atkvæðagreiðslu, svo margir, að atkvæði hinna, sem eptir væru, yrðu ónýt og ómerk. Einhverjir kynnu að kalla þetta skerðing á frelsi þingmanna; en því gæti hann eigi verið samdóma. Hitt væri fremur að skerða frelsi manna, ef meiri hluta þingmanna væri fyrirmunað að koma fram vilja sínum og atkvæðum, af því að nokkrum fáeinum hjeldist uppi að ganga af fundi, og þar með hefta eins konar ofríki við hina, er eptir yrðu. Þetta væri miklu fremur skerðing eðlilegs frelsis, og ætti að sínu ætlun alls eigi að eiga sjer stað. Þingmenn væru og til þess kostnir og til þess kostaðir af þjóðinni, að taka sjálfir með tillögum sínum og atkvæðum hlutdeild í löggjöf þjóðarinnar. Hann kvaðst vilja nefna eitt dæmi! Ef nokkur hluti þingmanna gengi af fundi, þegar ætti að greiða atkvæði um fjárlögin, þá gæti það leitt til þess, að engin fjárlög yrðu búin til fyrir það tímabil, og þá væri allfróðlegt að sjá, hvernig færi um stjórn

landsins. En ef þeir menn væru til, er vildu hafa sig til að beita slíku ofríki í minni háttar málum, þá mundu líka þeir hinir sömu vera búnir í allt, þótt um stærri mál væri að ræða. Þetta bað hann deildina að hugleiða vel, og kvaðst mundu reyna að sameina sig við nokkra þingmenn um breytingaratkvæði í þessa átt.

Grímur Thomsen sagðist skilja þingmanninn, er nú settist niður, svo, að hann vildi láta þingmanninn vera eins skyldan til að greiða atkvæði, eins og dómarann til að dæma. Hann sagði, að 36. gr. væri að vísu, ef til vill, nokkuð óljóst orðuð; en þó ætlaði hann, að í henni mundi að miklu leyti liggja sú hugsun, að þingmaðurinn væri skyldur til að greiða atkvæði. Því að þannig stæði í greininni: «en skyldur skal hver þingmaður, sem er á fundi, þegar atkvæði eru greidd, en greiðir ekki atkvæði, að leiða rök að því, hvers vegna hann greiðir ekki atkvæði, og skal forseti því næst bera undir þingdeild sína, hvort hún tekur þessar ástæður gildar. Ef deildin ógildir ástæður þingmannsins, skal svo álítast, sem hann hafi greitt atkvæði með meiri hlutanum». Þessi orð í lögunum gjörðu það með öllu óleyfilegt fyrir þingmanninn að skorast undan að greiða atkvæði, nema hann hefði til þess gildar ástæður. Þessa aðferð hefðu og ýmsar útlendar þjóðir, t. d. Belgíumenn; enda væri 36. gr. þessa frumvarps nálega eins og tilsvarandi grein í þingsköpum Belgíumanna; (hafði hann þau þingsköp í höndum sjer, og las upp greinina). Hvað fjárlögin snerti, þá vildi hann geta þess, að samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar rjeði þar að eins meiri hluti atkvæða. En samt sem áður væri hann fús á að sameina sig nokkrum þingmönnum um breyting á 36. gr. Það væri og annað atriði í þingsköpum sumra þjóða, sjer í lagi Belgíumanna og fleiri þjóða, er hann áliti mjög haganlegt; það nefnilega, að enginn má tala nema tvisvar, hvorki við 1., 2. nje 3. umræðu, að undanteknum forseta og ráðgjafanum, sem hjá oss svaraði til landshöfðingja. Að eins mættu menn auk þess, að halda ræðu tvisvar, gjöra ýmsar smá-athugasemdir, og spyrjast fyrir um eitthvað, er þeim væri óljóst. Það væri og mikið gott, að menn söfnuðu saman fleiri athugasemdum, og kæmu með þær allar í einu, en væru eigi að smátína þær fram, fyrst þessa og svo hina.

Því næst var gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. grein samþykkt í einu hljóði.
2. — — - — —
3. — — - — —
4. — — - — —
5. — — - — —
6. — — - — —
7. — — - — —
8. — — - — —
9. — — - — —
10. — — - — —
11. — — - — —
12. — — - — —
13. — — - — —
14. — — - — —
15. — — - — —
16. — — - — —
17. — — - — —
18. — — - — —
19. — — - — —
20. — — með 21 atkv.
21. — — í einu hljóði.
22. — — - — —
23. — — með 21. atkv.
24. — — í einu hljóði.
25. — — - — —
26. — — með 21 atkv.
27. — — — 20 —
28. — — — 19 —
29. — — — 20 —
30. — — — 21 —
31. — — — 21 —
32. — — — 18 —
33. — — — 16 —
34. — — í einu hljóði.
35. — — með 20 atkv.
36. — — — 10 gegn 4 atkv.

og var þá vegna óglöggrar atkvæðagreiðslu við haft nafnakall, og sögðu

Já:
Guðmundur Einarsson,
H. Kr. Friðriksson,
Einar Gíslason,
Einar Guðmundsson,
Grímur Thomsen,
Hjálmur Pjetursson,
Ísleifur Gíslason,
Jón Sigurðsson,
Páll bóndi Pálsson,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Þórarinn Böðvarsson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:
Eggert Gunnarsson,
Einar Ásmundsson,
Guðmundur Ólafsson,
Páll Ólafsson,
Páll prestur Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Þórðarson;

var greinin þannig samþykkt með 14 atkv. gegn 7. Benidikt Sveinsson greiddi eigi atkvæði.

37. grein samþykkt í einu hljóði.
38. — — — — —
39. — — — — —
40. — — — — —
41. — — — — —
42. — — — — —
43. — — — — —
44. — — með 19 atkvæðum.
45. — — í einu hljóði.

Fyrirsagnirnar allar voru samþykktar án atkvæðagreiðslu. Frumvarpið allt í heild sinni samþykkt í einu hljóði.

Breytingaruppástungur við frumvarp til laga um þingsköp alþingis.

1. Við 12. gr. orðin: »Enginn má o. s. frv. til framsögumann þeirra« falli burtu.
2. Við 14. gr. bætist ný málsgrein: »Enginn má við neina umræðu taka til máls optar en tvisvar í sama máli, nema framsögumaður og landshöfðingi. Þó er ávallt heimilt, að biðja sjer hljóðs um fyrirkomulag á atkvæðagreiðslu, um gæzlu þingskapa, og til að hreinsa sig undan áburði.
3. 20. gr. frumvarpsins falli burt.
4. 36. gr. (35. gr., ef hin 20. fellur) verði orðuð á þessa leið:
   Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt mál, nema að minnsta kosti 2 þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði atkvæði. Skyldur er hver þingmaður að vera við staddur, þegar atkvæði eru greidd, nema hann hafi lögmæt forföll, eða fararleyfi (43. gr.). Nú greiðir þingmaður ekki atkvæði, að viðhöfðu nafnakalli, og er hann þá skyldur að leiða rök að því, hvers vegna hann ekki greiðir atkvæði. Ber forseti þá undir þing eða þingdeild, hvort ástæður þingmannsins skuli gildar taka. Ef þing eða þingdeild ógildir ástæður þessar, skal svo álíta, sem þingmaðurinn hafi greitt atkvæði með meiri hlutanum. Sama á sjer stað, ef hann skorast undan að gjöra grein fyrir aðferð sinni. Þó er honum heimilt að láta bóka málavöxtu. Afl ræður við atkvæðagreiðslur, nema þar um öðruvísi sje ákveðið í stjórnarskránni og þingsköpunum.

Einar Ásmundsson. Grímur Thomsen. Páll Pálsson. Páll Pálsson. Snorri Pálsson. E. B. Guðmundsson. Þórður Þórðarson. Guðmundur Ólafsson. Þorsteinn Jónsson.

Breytingaruppástunga við frumvarp til laga um þingsköp alþingis.

Að í 14. gr. í staðinn fyrir »4 þingmönnum í efri deildinni og 8 í neðri deildinni«, komi: »3 þingmönnum í efri deildinni og 6 í neðri deildinni«.

Grímur Thomsen. Snorri Pálsson. Einar Ásmundsson. Stefán Stephensen. Þórarinn Böðvarsson. Jón Sigurðsson. Eggert Gunnarsson. Tryggvi Gunnarsson.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 45. fundi neðri deildar alþingis, 20. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu frumvarp til laga um þingsköp handa alþingi Íslendinga, ásamt þeim breytingaruppástungum, er komnar voru fram við það frá þingmönnum.

Einar Ásmundsson kvaðst vilja fara fám orðum um breytingarnar, er fram væru komnar við frumvarpið, og kvaðst hann álíta þær allar horfa til bóta. Fyrsta breytingin væri við 12. og 14. gr., að við allar þrjár umræður mætti hver þingmaður að eins taka tvisvar til máls í sama máli, nema framsögumaður og landshöfðingi. Það hefði verið tekið fram við 2. umræðu af 1. þingmanni Gullbringusýslu, að þessari reglu væri fylgt á mörgum þingum erlendis, og svo mætti og vel fara á voru þingi. Ef menn hefðu ljósa hugmynd um eitthvert mál, þá gætu þeir safnað saman í eitt skýringum sínum og ástæðum viðvíkjandi því, og komið með þær í einu, og ef þeim gleymdist eitthvað í eitt sinn, þá gætu þeir komið með það í annað sinn. En frá þessu væri undantekinn framsögumaðurinn og landshöfðinginn. Allir mundu hljóta að fallast á, að þetta væri rjett. En hann bað þess vel gætt, að frá þessu væri gjörð undantekning, ef einhver vildi hreinsa sig af áburði o. fl. Önnur breytingin við 14. gr. miðaði að, að gjöra það að reglu, að ef einhver vildi koma fram með breytingaruppástungu til 3. umræðu, þá fyrirbyði hann að eins að fá $^1/_4$ af þingdeildarmönnum með sjer, í stað $^1/_3$, er stæði í frumvarpinu. Ef þessi breyting yrði samþykkt, þá yrði minni þörf á að fara í liðsbón, og fá þingmenn í sinn flokk, opt jafnvel áður en þeir hefðu fullkomlega getað áttað sig á málinu. Hann vonaði, að þingmenn álitu þessa breyting til bóta. Hin 3. breyting væri, ef til vildi, mest, nfl. að fella 20. gr. alla burtu. Sú grein væri bæði óþörf og ótilhlýðileg. Alþingi semdi lögin á íslenzku, og þau hlytu að vera á íslenzku, og þótt landshöfðingi og forsetar sneru þeim á dönsku, þá yrði þó sjálfsagt frumtextinn að eins á íslenzku. Alþingi ætti eigi að semja lög nema á íslenzku; og þó að lögin gætu verið á tveim tungumálum, þá kvaðst hann öldungis mótmæla því, að þau gætu haft nema einn frumtexta, nefnil. á íslenzku. Hann sagðist vona, að landshöfðinginn hefði verið sjer samdóma, ef hann hefði verið í salnum; hann hefði um daginn dróttað því að oss, að vjer værum eigi sjerlegir málfræðingar, og þá væri eigi líklegt, að vjer mundum geta skorið úr, ef landshöfðingja og forseta greindi á um, hversu góð danska væri á lagafrumvörpum. Fjórða breytingin lyti að því, að hver þingmaður væri skyldur að vera við atkvæðagreiðslu, og greiða atkvæði, eða gefa ástæður ella fyrir máli sínu, er lagðar væru undir dómsatkvæði deildarinnar. Þetta væri venja í öðrum löndum, þar sem væru góð og gömul þing, sem engin minnkun væri að taka til fyrirmyndar; enda væri þetta nauðsynlegt. Að öðru leyti væru að eins litlar breytingar gjörðar á greininni, eins og hún hefði komið frá efri deildinni. Loks kvaðst hann vona, að þorri þingmanna sæi, að breytingar þessar væru allar til bóta.

Snorri Pálsson kvaðst vilja bæta því við um 20. gr., að hann gæti eigi skilið hana. Hann hefði borið hana undir þá þingmenn, er skarpir væru taldir, og hefðu þeir eigi heldur skilið hana. Í 20. gr. stæði: »ef þeim kemur eigi saman«. Hvað væri meint með »þeim«? Hann kvaðst ímynda sjer, að hjer væri meint «textunum«, hinum danska og íslenzka, en ekki forsetunum og landshöfðingja, ef þeim bæri eigi saman. Og hverjir ættu að skera úr? Vjer þingmenn. Þá þætti sjer nú skörin fara upp í bekkinn, ef hann og aðrir þingmenn ættu að skera úr því, hvort íslenzka textanum væri rjett snúið á dönsku. Það yrði þá að vera eitt af skilyrðunum fyrir að geta orðið þingmaður, að vera lögfræðingur, málfræðingur og vel að sjer í dönsku. En hvernig stæði á því, að snúa þyrfti lagafrumvörpum á dönsku. Hann kvaðst að sínu leyti sem alþingismaður alveg verða að mótmæla því, að eitt einasta eyrisvirði væri lagt

úr landssjóði til að snúa frumvörpunum eða þingtíðindunum á dönsku; vildi ráðgjafinn endilega hafa þetta hvorttveggja á dönsku, þá yrði hann að kosta útleggingunna sjálfur. Hann kvaðst eigi fá betur sjeð, en að sama regla yrði að gilda um ráðgjafann, er yrði að álítast íslenzkur embættismaður, eins og um alla aðra íslenzka embættismenn, að hann ætti að kunna íslenzku. Eða því ætti hann eigi að kunna íslenzku eins og hver annar íslenzkur embættismaður? Útleggingin ætti því að vera óþörf; kvaðst hann vona, að þetta væri fleiri þingmanna meining, þó þeir hefðu ekki enn þá kveðið upp úr með það.

Grímur Thomsen sagði, að óheppilegt væri, að landshöfðinginn væri eigi í salnum; hann (o: landshöfðinginn) vildi eigi, eins og væri rjett, að þingið sæti lengur, en góðu hófi gegndi. En ef vjer ættum að sitja hjer og bíða, þangað til búið væri að snúa frumvörpunum á dönsku, þá yrði þingtíminn æði-langur, og, ef til vildi optast að óþörfu. Þessi grein mætti því vissulega falla burt.

Benidikt Sveinsson sagði, að svo margir hefðu ritað nöfn sín undir breytingarnar, að erf. sín mundu hvorki styðja þær nje steypa þeim. Að $^1/_4$ þingdeildarmanna kæmi í stað $^1/_3$, og að 20. gr. fjelli burt, kvaðst hann fallast á. En eigi þyrfti 20. gr. að falla úr vegna þess, að þingmenn væru eigi færir um að dæma um útleggingunna, þar sem forsetar og landshöfðingi væru meðal þeirra, heldur af því að hún væri »ópraktisk«. Aptur kvaðst hann vera því mótfallinn, að takmarka málfrelsi manna. Þingmaður Eyfirðinga hefði sagt, að menn gætu safnað öllum ástæðum sínum saman í 2 ræður. Þetta væru ekki góðar nje gildar ástæður; því að enginn þingmaður gæti vitað fyrir fram, hvaða ástæður aðrir þingmenn, er síðar töluðu, kæmu fram með, og gæti opt borið svo að, að hann þyrfti að svara optar en tvisvar þeim upplýsingum, er síðar kæmu fram í málinu. Vel gæti verið, að það yrði málinu til skaða, ef hannað væri, að taka optar en tvisvar til máls í sama máli. Heppilegra mundi því vera, að hafa fullt málfrelsi, en ætla þingmönnum að neyta þess með skynsemd í góðu hófi undir umsjón forseta. Þótt höpt á málfrelsi kynnu að eiga við á gömlum, þroskuðum þingum, þá mundi miklu heppilegra og eðlilegra, að leggja þau eigi á ungt og að vonum óþroskað þing. Síðasta uppástungan um skyldu þingmanns við atkvæðagreiðslu játaði hann að væri ágæt, ef hún væri möguleg. Það hefði áður verið sagt í salnum, að líkt væri á komið með dómaranum og þingmanninum; þetta væri satt; en munurinn væri fjarskalega mikill. Dómarinn stæði í öðru sambandi við sinn úrskurð, en þingmaðurinn við sinn. Dómarinn hlýtur að gjöra enda á þrætu eða máli, sem hlýtur að fá enda, og hann hlýtur beinlínis að skera úr, þótt hann hafi eigi alveg ljós rök fyrir sjer. Hann hlyti að gefa öðrum rjett. Þetta band lægi eigi á þingmanninum, sem ekki væri við annað bundinn, en við sannfæringu sína. Og þetta band verkaði því ólíkt á þingmann og dómara. Þingmaðurinn ætti að fara eptir sinni óháðu sannfæringu, og engu öðru. En í máli gætu verið tvær stefnur, og hann álíti hvoruga þeirra rjetta; þá væri um bið þriðja að eins að velja fyrir þingmanninn, að greiða alls ekki atkvæði. En hvaðan kæmi honum þá hið óeðlilega band, að eiga á mót sannfæringu sinni að játa því, sem hann alls ekki álíti rjett? 31. gr. stjórnarskrárinnar segði, að hver þingmaður væri einungis bundinn við sannfæringu sína. Hann vildi spyrja, hvort meiri hluti þingmanna ætti að koma í stað sannfæringar eins þingmanns. Sín skoðun væri, að þótt þessi breyting væri heppileg, þá gæti hún eigi komizt að, nema 31. gr. stjórnarskrárinnar væri breytt. En ef nú enginn meiri hluti væri, við hvað ætti þá atkvæði þingmannsins að vera bundið? Þá ætti að pína hann að greiða atkvæði með meiri hluta, eða ef til vill með því, sem hann ekki vildi. Hann vonaði, að þingmenn hugsuðu sig vel um, áður en þeir greiddu atkvæði með þessu. Og ef vafi væri á, hvort það kæmi í bága við stjórnarskrána eða eigi, þá væri það eigi samboðið sóma þingsins, að gefa því þegar atkvæði, því að nógur tími væri til,

að koma breytingum fram. Ef þingmenn gætu sannfært sig í þessu efni, kvaðst hann mundi gefa því atkvæði sitt, en annars ekki.

Grímur Thomsen kvaðst sannfærður um, að 1. þingmaður Árnesinga gjörði eigi mál þetta að kappsmáli. Breytingaruppástungan undir 4. tölul. við 36. gr. frumvarpsins (35. gr., ef hin 20. fjelli) væri sprottin af annari rót en þeirri, er þingmaðurinn hugsaði; hún væri stýluð til þess, að fylla upp í skarð, sem í þessu tilliti væri í stjórnarskránni; einkanlega miðaði hún til þess að skýra 28. gr. hennar; í þeirri grein væri rætt um, nær þingdeildirnar skyldu skipa eina málstofu (hið sameinaða alþingi), og útheimtist þá til þess, að gjörð yrði fullnaðarályktun, að $^2/_3$ þingmanna úr hvorri deild væru á þingi og tækju þátt í atkvæðagreiðslunni. Nú væri eitthvert vanda- og velferðarmál í húfi, og vildi þá lítill minni hluti þingmanna ónýta málið; gæti enginn neitað, að þessi flokkur hefði það alveg í hendi sjer, með því að greiða eigi atkvæði, svo framarlega sem breytingaruppástunga þessi yrði ekki að lögum. Hann kvaðst hafa athugað þennan galla á stjórnarskránni þegar í vetur, og hefði hann þá í belgiskum og enskum lögum fundið þær ákvarðanir lútandi að þessu efni, að hve nær sem ágreiðandi mál kæmi fyrir, væri þegar í fundarbyrjun við haft nafnakall, svo vissa næðist fyrir, hverjir væru á fundi, og væru þingmenn þá eigi á fundi og sjúkdómur eða önnur lögleg forföll hepti þá eigi frá því að sækja fund, teldust þeir eigi að síður með meiri hlutanum, þegar til atkvæða væri gengið, jafnt og þeir, er viðstaddir væru og eigi greiddu atkvæði, nema því að eins að þeim heppnaðist að leiða þau rök fyrir undanfærslu sinni, er rjettlætti aðferð þeirra í þingsins augum. Á þessu væru flest þing og væri höfuðsökin sú, að sjerhver þingmaður skyldaðist þannig til þess að greiða atkvæði; gæti þingmaðurinn eigi greitt atkvæði fyrir vafasemi, þá mætti búast við þeirri sanngirni af hendi þingsins, að það gæfi hann lausan við þá afleiðingu, að verða talinn með meiri hluta. Hvað snerti breytingaruppástunguna við 14. gr., þá þætti það að vísu takmörkun á málfrelsi, að leyfa eigi neinum að ræða nema tvisvar við hverja umræðu, en þetta hefðum vjer mátt bera á ráðgjafarþingi, enda hefði þá verið tíðkað, ef eitthvað atriði hefði gleymzt eða umræðurnar borizt út í annað en áhorfðist í fyrstu, að þingmaðurinn, sem úr sögunni hefði verið dottinn, hefði farið þess á leit við einhvern annan að skýra þessi nýju atriði fyrir þinginu. Þessi takmörkun væri og við höfð, að honum væri kunnugt, á öðrum þingum og það hjá merknm þjóðum. Að endingu kvaðst hann vilja benda þinginu á, að hafa fastan augastað á 28. gr. stjórnarskrárinnar, því það gæti vel verið, að þingmenn kynnu að iðrast þess seinna, ef eigi yrði sjeð við þeirri misfellu, sem hún gæti haft í för með sjer.

Benidikt Sveinsson sagði, að það gleddi sig, að þingmaðurinn væri sjer í rauninni samdóma, og tilgangurinn væri góður. En þingmaðurinn hefði sagt, að uppástungan miðaði til þess að laga stjórnarskrána, en það tækist eigi að laga hana með þingsköpum. Ef um útskyringu eina væri að ræða, kvaðst hann vilja fallast á mál þingmannsins, en skyldi 28. gr. stjórnarskrárinnar lögð, gæti hann eigi verið þingmanninum samdóma um, að þessi aðferð frá lagalegu sjónarmiði væri rjett, enda væri það beinlínis í seinni greininni tekið fram, að einungis að svo miklu leyti mætti breyta þingsköpum, að eigi kæmi það í bága við stjórnarskrána; þessi uppástunga sagði hann hefði einmitt breytingu á grundvallarlögunum í för með sjer og gæti því eigi gengið í gegn sem einföld lög. Honum þótti það kynlegt, ef deildin skyldi hafa vald yfir atkvæði þingmanns; þetta kæmi sjálfsagt eigi fyrir, þegar þingið viðurkenndi og mæti ástæðurnar fyrir því, hví hann greiddi eigi atkvæði, en hann kvaðst að öðrum kosti eigi fá sjeð, hvernig meiri hlutanum — ef hann annars væri til — gæti borið rjettilega vald til þess að fella ástæður þingmannsins, og ráða þannig yfir sannfæringu hans, að því leyti sem hjer kæmi til greina, þegar atkvæða væri leitað. Hann fyrir sitt leyti kvaðst mjög ófús á því, að ályktunarfrelsi þingmanna

væri takmarkað, og hið sama gilti einnig um málfrelsi; þar sem væri góður forseti, væri eigi mögulegt að ímynda sjer, að málfrelsið yrði misbrúkað. Og vildi hann jafnvel leiða athygli þingsins að þeirri spurningu, hvort það væri eigi ísjárvert stjórnarskrárinnar vegna.

Grímur Thomsen spurði, hvort eigi yrðu gefin lög til útskýringar laga (Benidikt Sveinsson: Mikið rjett, «authentisk Fortolkning.»); í hinum eldri lögum, stjórnarskránni, væri eigi sagt, að þingmenn væru skyldir að greiða atkvæði, en heldur eigi hið gagnstæða, en hjer í þingsköpunum stæði það, til skýringar. Í stjórnarskrá Belga stæði einnig alveg eins á, og þó væri eigi álitið, að þingsköpin stríddu á móti stjórnarskránni, heldur að stjórnarskráin gengi út frá því sem sjálfsögðu, að allir væru skyldir, að forfallalausu, að vera á fundi og greiða atkvæði. Hann vildi einnig minna þingmanninn á, að það væri skylda forseta að sjá um, að eigi yrði tekið til umræðu neitt mál, er innifæli í sjer breytingu á stjórnarskránni, án þess að þess væri getið í uppástungunni, og tekið fram í fyrirsögninni. En forseti væri auðsjáanlega ekki þingmanninum samdóma, þar sem hann í engu hefði tálmað málinu, og mundi þingmanninum víst eins óhætt og sjer, að treysta forseta.

Benidikt Sveinsson sagði, að «authentisk Fortolkning» væri eigi hugsanleg, eptir að löggjafarþing væri komið á, heldur einungis meðan einveldið hefði staðið.

Grímur Thomsen sagði, að þessi sama grein hefði komið fyrir í efri deildinni, og hefði landshöfðinginn ekkert haft á móti, þótt hann segði það eigi svo að skilja, að landshöfðingi þyrfti að hafa rjettara fyrir sjer en 1. þingmaður Árnesinga.

Halldór Kr. Friðriksson kvaðst vera á alveg gagnstæðri skoðun við 1. þingmann Árnesinga; sjer þætti nógu opt tekið, ef hver þingmaður mætti tala tvisvar við hverja umræðu, en þyrfti einhver þingmaður enn að gjöra einhverja athugasemd, þá gæti hann geymt sjer hana til næstu umræðu. Enda hefði reynslan á ráðgjafarþingunum sannað það fyllilega, að fullnóg væri fyrir hvern, að eiga kost á að tala 6 sinnum um hvert lagafrumvarp, og væru þeir því eigi sviptir neinu málfrelsi. Að því er snerti 36. gr., þá þætti sjer það íhugunarvert, að lögleiða harðari ákvarðanir. Ef þingmenn væru viðstaddir atkvæðagreiðsluna, þá ættu þeir að greiða atkvæði, en ef þeir vildu komast hjá að greiða atkvæði um eitthvert mál, mundu þeir fá nóg yfirskyn, til að vera eigi á fundi, svo að ákvörðunin yrði öll á pappírnum, en eigi í reyndinni. Hann sagðist vera samdóma þingmanni Árnesinga um það, að það væri óeðlilegt, að þingdeildin skapaði þingmönnum atkvæði. Eigi sýndist sjer heldur eiga við í þingsköpunum, að taka upp skýringar á stjórnarskránni; greinin væri nógu hörð á undan, og breytingin óheppileg.

Jón Sigurðsson kvaðst vera að sumu með, en að sumu á móti breytingaruppástungum þeim, sem hjer lægju fyrir, þannig gæti hann eigi aðhyllzt breytingaruppástungurnar við 14 gr., því hann vildi eigi þrengja að frelsi þingmanna á nokkurn hátt, og eigi heldur að málfrelsi þeirra, enda sýndi það sig nú, sem optar í málum, að þeir tveir þingmenn, sem mestan hlut hefðu haft í umræðum þessum, þótt báðir væru skarpir, hefðu núna þurft á að halda, að mega fá orðið optar en tvisvar. En aptur á móti kvaðst hann greiða atkvæði með breytingunni við 36. gr., þar hann í fyrsta lagi fengi eigi sjeð, að með henni væri farið í bága við stjórnarskrána, og í öðru lagi ætlaðist hann til þess, að þeir, sem væru viðstaddir á þingi, greiddu jafnan atkvæði, þegar til ályktunar kæmi. Þessa heimtingu hefðu kjósendur þeirra gagnvart þeim, enda kæmi naumast fyrir það mál, hversu ókunnugur sem þingmaðurinn kynni að vera því í fyrstu, að hann eigi gæti glöggvað sig á því eptir 3 umræður svo, að honum væri engin vorkunn að hafa fengið einhverja fasta skoðun eða sannfæring í málinu, sem hann gæti og þá einnig sjálfsagt ætti að láta koma í ljós, þegar atkvæða væri leitað. Hann kvaðst verða að itreka það, að það væri skylda hvers

eins þingmanns, að afla sjer sannfæringar í hverju máli, og reynsla sín á þingum að undanförnu (á ráðgjafarþingunum), þar sem sá óvandi hafði við gengizt, að menn hefðu skotizt undan atkvæðagreiðslu, knýði sig til þess að fylgja breytingaruppástungunni fastlega fram.

Þá var gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. Breytingaruppástunga 9 þingmanna við 12. gr. samþykkt með 12 atkv. gegn 8.
2. Breytingaruppástunga 8 þingmanna við 14. gr. samþykkt með 20 atkvæðum.
3. Viðaukauppástunga hinna 9 þingmanna við 14. gr. samþykkt með 11 atkv. gegn 6, og var þá vegna óglöggrar atkvæðagreiðslu viðhaft nafnakall, og sögðu

Já:

Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Einar Ásmundsson,
Einar Guðmundsson,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Ólafsson,
Ísleifur Gíslason,
Páll Pálsson prestur,
Páll Pálsson bóndi,
Snorri Pálsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorsteinn Jónsson.

Nei:

Einar Gíslason,
Hjálmur Pjetursson,
Jón Sigurðsson,
Páll Ólafsson,
Stefán Stephensen,
Þorlákur Guðmundsson;

og viðaukinn þannig samþykktur með 14 atkvæðum gegn 6

Benidikt Sveinsson og Eggert Gunnarsson greiddu eigi atkvæði.

4. Uppástunga 9 þingmanna, að 20. gr. falli burt, samþykkt í einu hljóði.
5. Breytingaruppástunga 9 þingmanna við 36. gr. samþ. með 15 atkv. gegn 1.
6. Frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum og með breyttri greinatölu samþykkt í einu hljóði, og var frumvarpið þá aptur sent til efri deildarinnar.

EIN UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 45. fundi efri þingdeildarinnar, 23. dag ágústmán., kom frumvarp til laga um þingsköp handa alþingi Íslendinga samkvæmt dagskránni til einnar umræðu, og hafði frumvarpinu, eins og neðri þingdeildin hafði breytt því, verið útbýtt meðal þingdeildarmanna 21. s. m.

Forseti gat þess, að hann hefði fengið álit nefndar þeirrar, er hjer hefði áður verið kosin í málið, dags. 21. þ. m.; hefði það að vísu eigi legið frammi prentað hinn lögskipaða tíma, en hann hefði þó eigi viljað draga málið út af dagskránni, með því að hann áliti nauðsynlegt, að lífa sem stytzt undir bráðabyrgðalögum; kvað hann nefndina skýra frá í áliti þessu, að hún fyrir sitt leyti hefði ekkert á móti frumvarpinu, eins og það nú lægi fyrir, og las hann upp álitið, og ef landshöfðingi og $^3/_4$ þingdeildarmanna samþykktu það, að málið yrði tekið fyrir í dag, mundi svo gjört verða. Bar hann það síðan undir atkvæði þingdeildarmanna, og var eptir þar um gjörðum tilmælum við haft nafnakall.

Já sögðu:

Bergur Thorberg,
Ólafur Pálsson,
Ásgeir Einarsson,
Torfi Einarsson,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson,
Eiríkur Kúld,
Þórður Jónasson,
Jón Hjaltalín.

Nei sagði:

Benidikt Kristjánsson,

og var það þannig samþykkt með 10 atkvæð-

um gegn 1, að frumvarpið skyldi tekið til umræðu í dag.

Varð engin umræða um málið, og var því gengið til atkvæða, og var frumvarpið í heild sinni samþykkt með 10 atkvæðum, og lýsti forseti því yfir, að það yrði afgreitt til landshöfðingjans sem lög, og var það nú svo látandi:

LÖG
um þingsköp handa alþingi Íslendinga.

—

I. Prófun kjörbrjefa, eiður, forsetar, varaforsetar, skrifarar, kosning þjóðkjörinna alþingismanna í efri þingdeildina, setning þingdeild anna.

1. grein.

Í hvert sinn, er alþingi kemur saman eptir nýjar kosningar, skal elzti þingmaðurinn stjórna umræðum þingsins, þangað til forseti hins sameinaða alþingis er kosinn. Til þess að prófa kjörbrjefin, ganga þingmenn eptir hlutkesti í 3 deildir, sem, að svo miklu leyti sem unnt er, sjeu jafnstórar. Fyrsta deildin fær annari deildinni, önnur deild þriðju deild, og þriðja deild fyrstu deild, kjörbrjef þeirra þingmanna, sem eru í hverri þeirra um sig. Sjerhver deild rannsakar kjörbrjef þau, sem hún þannig hefur tekið við, gjörir uppástungur sínar til þingsins um kosningar þær, sem kjörbrjefin hljóða um, og kýs framsögumann. Uppástungurnar má bera upp án nokkurs fyrirvara og munnlega; þingið getur með atkvæðagreiðslu um þær gjört ályktun um kosningarnar á sama fundi og uppástungurnar eru bornar upp. Ályktun um gildi eða ógildi kosningar skal gjörð með því að greiða atkvæði með og á móti því, að hún sje viðurkennd sem gild. (29. gr. stjórnarskrárinnar).

2. grein.

Eptir að hinir nýju þingmenn þar næst hafa unnið eið að stjórnarskránni (30. gr. stjórnarskrárinnar), skal kjósa forseta og undir stjórn hans varaforseta og 2 skrifara fyrir hið sameinaða alþingi. Kosningin gildir fyrir allann þingtímann það ár.

Til þess að verða kosinn forseti útheimtist meir en helmingur atkvæða; verði þessum atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu atkvæðagreiðslu, skal kosið á ný óbundnum kosningum. Verði þá heldur eigi náð þeim atkvæðafjölda, sem með þarf, skal að eins kjósa um þá tvo þingmenn, sem flest höfðu atkvæði við aðra kosningu; hafi fleiri hlotið jafnmörg atkvæði við þá kosningu, skal hlutkesti ráða, um hverja tvo skuli kjósa. Fái þeir báðir við hina bundnu kosningu jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti sömuleiðis ráða, hvor þeirra eigi að vera forseti. Eptir sömu reglu skal farið, þegar kjósa á varaforseta, en er skrifararnir verða kosnir, skal atkvæðafjöldi ráða.

3. grein.

Síðan skal kjósa óbundnum kosningum hina 6 þjóðkjörnu alþingismenn, sem eiga að hafa sæti í efri deild þingsins (16. gr. stjórnarskrárinnar). Allir alþingismennirnir taka þátt í þeirri kosningu. Þeir eru rjett kjörnir í efri deild þingsins, sem flest fá atkvæði. Hafi tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða. Sömuleiðis skal kjósa nefnd til þess að prófa þau kjörbrjef, sem fyrst koma fram, eptir að hinni almennu prófun er lokið (1. gr.), og svo til þess að rannsaka kosningar, sem þingið hefur frestað að viðurkenna gildar, eða kærur, sem snerta kosningar, sem þegar eru teknar gildar. Í nefnd þessari sitja 5 menn, 3 kjörnir af hinu sameinaða alþingi eptir þeim reglum, sem gilda um nefndarkosningar, og forsetar beggja deildanna. Láti nefndin uppi skriflega uppástungu, eða leggi hún til, að kosningin verði álitin ógild, skulu uppástungur nefndar þessarar ræddar eptir reglunum fyrir 2. umræðu lagafrumvarpa (sbr. 13. gr.); en að öðrum kosti gildir hið sama og ákveðið er í 1. gr. um uppástungur deildanna.

4. grein.

Þar á eptir eru settar hinar tvær deildir þingsins. Í hvorri deildinni fyrir sig gengst elzti þingmaðurinn fyrir kosningu forseta deildarinnar, sem síðan skal sjá um kosningu varaforseta og 2 skrifara.

Við kosningar þessar skal fylgja reglum

þeim, sem settar eru í 2. gr. um hinar samsvarandi kosningar í hinu sameinaða alþingi, og gilda þær sömuleiðis fyrir allan þingtímann í það skipti.

5. grein.

Forseti stjórnar umræðunum í hverri deild, og sjer um, að allt fari fram í góðri reglu. Hann tekur við öllum skýrslum til deildarinnar, og annast um afgreiðslu þeirra mála, er frá deildinni eiga að fara. Vilji hann taka nokkurn frekari þátt í umræðunum, en fylgir af stöðu hans sem forseta, verður hann á meðan að víkja úr forsetasæti fyrir varaforsetanum. Forsetinn tekur eigi þátt í neinni atkvæðagreiðslu.

Forsetar beggja deildanna standa í sameiningu fyrir reikningum alþingis, en samt getur forseti þeirrar deildarinnar, sem í hlut á, ávísað því fje, sem þingmönnum ber í daglaun og ferðakostnað. Þeir ráða menn, sem þörf er á, til þingstarfa, og ákveða laun þeirra. Sömuleiðis standa þeir í sameiningu fyrir útgáfu alþingistíðindanna, ráða útsölumann þeirra og annast um tilsjónina með skjalasafni alþingis, bókasafni þess og geymslu á alþingistíðindunum,

Að endingu hafa báðir deildarforsetar milli þinga vald til fyrir hönd deildanna að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, viðvíkjandi hinni innri skipun deildarinnar.

6. grein.

Í forföllum forseta gengur varaforseti í öllu tilliti í hans stað.

7. grein.

Skrifararnir halda undir tilsjón forsetans stutta bók, þar sem ritað er efni umræðanna og úrslit þeirra; hún skal lesin upp við byrjun næsta fundar á eptir, og skulu síðan forsetinn og annar skrifarinn rita nöfn sín undir í hana. Enn fremur telja þeir saman atkvæði við atkvæðagreiðslurnar, eptir að þeir sjálfir fyrst hafa greitt atkvæði sín. Sömuleiðis sjá þeir undir tilsjón forsetans um skrásetning ályktana deildarinnar, og ritar forsetinn og annar skrifarinn nöfn sín undir þær. Störfum skal skipt milli þeirra eptir samkomulagi við forsetann.

8. grein.

Reglurnar að framan (5.—7. gr.) gilda einnig um forsetann, varaforsetann og skrifarana í hinu sameinaða alþingi, þegar deildirnar ganga saman í eina málstofu annaðhvort samkvæmt 16. og 28. gr. stjórnarskrárinnar, eða til þess að prófa kjörbrjef, sbr. 3. gr. að framan.

II. Nefndir.

9. grein.

Hvor þingdeildin fyrir sig getur sett bæði stöðugar nefndir, sem málum af einhverri tiltekinni tegund skal vísað til, og nefndir í einstökum málum, sem þó einnig seinna má vísa til nýjum málum, þegar efni þeirra stendur í sambandi við eða er skylt fyrra málinu. Nefndin getur sjálf bætt tveim þingmönnum við tölu nefndarmanna, ef deildin samþykkir það. Á hverju stigi, sem málið er til umræðu, má setja nefnd, eða vísa málinu til rannsóknarnefndar, sem þegar er sett. Verði þetta gjört, þá er umræður þegar eru byrjaðar, skal síðan fresta þeim. Tala nefndarmanna skal ávallt standa á stöku.

10. grein.

Nefndin kýs, jafnskjótt og hún er komin saman, forseta og skrifara, og á þeim tíma, er henni þykir það hentugt, framsögumann. Nefndin lætur uppi álit, sem skal prentað og útbýtt, og má eigi ræða það í deildinni, fyr en að minnsta kosti einn dagur er liðinn frá því það var gjört.

III. Lagafrumvörp.

11. grein.

Lagafrumvörp skulu vera samin í lagaformi. Þau skulu, hvort heldur sem þau koma frá stjórninni eða frá þingmanni í deildinni eða frá hinni deildinni, lögð fyrir á fundi og vera prentuð og þeim útbýtt í degi fyr, en þau verða tekin til fyrstu umræðu. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeildinni um sig (27. gr. stjórnarskrárinnar).

12. grein.

Við *fyrstu umræðu* skal ræða frumvarpið í heild sinni. Eptir að búið er að ræða frumvarpið á þennan hátt, skal leyta atkvæða um, hvort það skuli ganga til annarar umræðu.

13. grein.

Við *aðra umræðu*, sem eigi má eiga sjer stað, fyr en 2 dagar eru liðnir frá því, að fyrstu umræðu var lokið, skal ræða hinar einstöku greinir lagafrumvarpsins með þar til heyrandi breytingaruppástungum í þeim köflum, sem forseta þykir við eiga. Jafnskjótt og búið er að ræða hvern kafla, skal gengið til atkvæða um greinirnar í honum og þar til heyrandi breytingaruppástungur. Að endingu skal gjört út um það með atkvæðagreiðslu, hvort frumvarpið í því formi, sem það nú er í, skuli koma til þriðju umræðu.

14. grein.

Við *þriðju umræðu*, sem eigi má fram fara fyr en 2 dagar eru liðnir frá því, að lokið er annari umræðu, og eigi gjöra við hana breytingaratkvæði af öðrum en nefndinni, meiri eða minni hluta í nefndinni, landshöfðingja eða að minnsta kosti 3 þingmönnum í efri deildinni og 6 í neðri deildinni, skal ræða breytingaratkvæðin, þær greinir, er breytingaratkvæðin eru gjörð við, og lagafrumvarpið sem heild í einu lagi eða í köflum eptir ákvörðun forseta, og greiða atkvæði um breytingaratkvæðin. Eptir að því næst annar skrifarinn með tilsjón forsetans hefur skrásett lagafrumvarpið samkvæmt öllum þeim atkvæðagreiðslum, sem fram hafa farið áður, skal lesa það upp, að svo miklu leyti sem forseta þykir þörf á, og að endingu setja það undir atkvæði í heild sinni.

Enginn má við neina umræðu taka til máls optar en tvisvar í sama máli, nema framsögumaður og landshöfðingi. Þó er ávallt heimilt að biðja sjer hljóðs um fyrirkomulag á atkvæðagreiðslu, um gæzlu þingskapa, og til að hreinsa sig undan áburði.

15. grein.

Þegar lagafrumvarp er samþykkt á þennan hátt í þeirri deild, þar sem það fyrst er borið upp, sendir deildarforsetinn það í því formi, er það er samþykkt í, forseta hinnar deildarinnar, og mælist til, að hann leggi það fyrir deildina (28. gr. stjórnarskrárinnar).

Við umræðurnar um frumvarpið í þessari deild skal fylgja hinum sömu reglum, og settar eru að framan viðvíkjandi umræðunum um það í þeirri deild, þar sem það fyrst er borið upp.

16. grein.

Verði frumvarpið á þennan hátt óbreytt samþykkt í hinni þingdeildinni, sendir forseti deildarinnar það landshöfðingja.

17. grein.

Ef deildin aptur á móti gjörir breytingar á frumvarpi því, sem henni hefur verið sent, skal senda það aptur eins og því hefur verið breytt, til þeirrar deildar, þar sem það fyrst er borið upp (28. gr. stjórnarskrárinnar). Ef málið áður hefur verið rætt í nefnd, sendir forsetinn í þessari deild nefndinni þegar í stað frumvarp það, sem hann hefur tekið við. Eptir að frumvarpið í því formi, sem það hefur fengið í hinni deildinni, og álit nefndarinnar um það er prentað, og því hefur verið útbýtt 2 dögum áður, skal taka það til umræðu á þann hátt, sem fyrirskipaður er um 3. umræðu lagafrumvarps (14. gr.), en þó er hverjum þingmanni heimilt að gjöra breytingaruppástungur. Ef deildin fellst á frumvarpið í því formi, sem samþykkt er í hinni deildinni, sendir forseti deildarinnar landshöfðingja það. En gjöri deildin breytingar á því, sendir forsetinn það í hinu nýja formi þess hinni deildinni (28. gr. stjórnarskrárinnar).

18. grein.

Fallist þessi deild eptir umræðu samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í 17. gr., á frumvarpið í því formi, sem það nú hefur, skal forsetinn senda landshöfðingja það. En verði því breytt, sendir forseti deildarinnar forseta hins sameinaða alþingis frumvarpið og mælist til, að hann leggi það fyrir hið sameinaða alþingi (28. gr. stjórnarskrárinnar).

19. grein.

Forseti hins sameinaða alþingis kallar síðan saman báðar deildir þingsins, og leggur frumvarpið fyrir til einnar umræðu í hinu sameinaða þingi í því formi, sem það hefur fengið við síðustu atkvæðagreiðslu, eptir að búið er að prenta það og því hefur verið útbýtt 2 dögum áður. Við þessa umræðu er hverjum þingmanni heimilt að gjöra breytingaratkvæði, og skal með tilliti til þeirra fylgja þeim reglum, sem settar eru í 23. gr. Eptir að búið er að ræða þau og frumvarpið sjálft í heild sinni lætur forseti ganga til atkvæða. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deildinni um sig sjeu á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku máls-atriði, en til þess að lagafrumvarp verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti, að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu. Til þess að frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga verði samþykkt, útheimtist samt að eins atkvæðafjöldi (28. gr. stjórnarskrárinnar).

Verði frumvarpið samþykkt, skal forseti hins sameinaða alþingis senda landshöfðingja það; að öðrum kosti fellur það niður.

IV. Frumvörp til stjórnarskipunarlaga.

20. grein.

Lagafrumvörp, sem hafa inni að halda breytingar á stjórnarskránni eða viðbót við hana, skulu í fyrirsögninni vera nefnd sem frumvörp til stjórnarskipunarlaga; sjeu þau eigi nefnd svo, vísar forseti þeim frá. Breytingaratkvæði, sem hafa inni að halda breytingar á stjórnarskránni eða viðbót við hana, verða að eins gjörð við frumvörp til stjórnarskipunarlaga; verði þau gjörð við önnur frumvörp, vísar forseti þeim frá.

V. Álit yfirskoðunarmanna.

21. grein.

Til þess að ræða álit yfirskoðunarmanna (26. gr. stjórnarskrárinnar), sem skal lagt fyrir neðri deildina fyrst, skal í deildinni setja þriggja manna nefnd.

Uppástungur frá þessari nefnd skulu koma tvisvar sinnum til umræðu eptir reglunum um aðra og þriðju umræðu. Hið sama gildir, ef efri deildin setur nefnd í málinu um álit yfirskoðunarmannanna; að öðrum kosti skal deildin útkljá málið í einni umræðu.

VI. Aðrar sjerstakar uppástungur.

22. grein.

Aðrar sjerstakar uppástungur en lagafrumvörp skulu vera samdar í ályktunarformi, og skal sagt til þeirra á fundi. Þingdeildin ályktar þá á öðrum fundi eptir uppástungu forsetans, hvernig ræða skuli uppástunguna. Samt má eigi útkljá neina uppástungu á sama fundi, og gjörð er ályktun um, hvernig skuli ræða hana.

VII. Breytingaratkvæði og breytingar við þau.

23. grein.

Breytingaratkvæði við þau lagafrumvörp og þær uppástungur, sem eru til umræðu, skulu vera prentuð og þeim útbýtt daginn áður, en þau eru rædd á fundi. Ef stungið er upp á að skipta atkvæðagreiðslu um lagagrein, er það skoðað sem breytingaratkvæði (sbr. 36. gr.). Breytingar við breytingaratkvæði má hver bera upp við byrjun þess fundar, þá er þau skulu tekin til umræðu. Þó skulu þær þá vera prentaðar, og þeim þegar útbýtt. Nefndin getur einnig borið upp breytingaratkvæði með jafnstuttum fresti, en aðrir einungis, þegar þingdeildin samþykkir það. Til þess að bera upp breytingar við breytingaratkvæði, þarf aldrei fleiri en einn þingmann (sbr. 14. grein).

VIII. Fyrirspurnir.

24. grein.

Æski einhver alþingismaður að bera upp í annari hvorri þingdeildinni opinbert málefni, og beiðast þar um skýrslu landshöfðingja (37. gr. stjórnarskrárinnar), skal þetta gjört með fyrirspurn, sem fengin sje forseta, og skal

hún vera skrifleg og greinilega samin. Skýrir forseti síðan frá fyrirspurninni á fundi, og sker deildin umræðulaust á öðrum fundi úr, hvort gjöra megi fyrirspurnina. Verði það samþykkt, sendir forseti landshöfðingjanum fyrirspurnina, og verður hún svo borin upp og rædd á fundi þar á eptir. Við þessa umræðu má eigi gjöra neina ályktun.

IX. Apturköllun, frávísun, um að taka fyrir næsta málið á dagskránni.

25. grein.

Bæði stjórnarfrumvörp og frumvörp frá þingmönnum deildarinnar má kalla aptur á hverju stigi sem umræðurnar eru, en hver annar þingmaður, sem vill, getur þá jafnskjótt tekið þau upp aptur. Hið sama gildir og um uppástungur og breytingaratkvæði.

26. grein.

Þegar fyrirspurn, uppástunga eða breytingaratkvæði eru borin upp og útlistuð, er sjerhverjum þingmanni heimilt að krefjast þess, að þeim sje vísað frá. Kröfuna skal koma fram með, áður en nokkur annar en sá, sem gjörir uppástunguna eða ber upp fyrirspurnina, hefur talað. Þingdeildin sker þá umræðulaust úr því, hvort henni skuli vísað frá. Meðan á umræðunum stendur, má einnig gjöra uppástungu, sem byggð sje á ástæðum, um, að taka skuli fyrir hið næsta mál á dagskránni, en samt skal þessi uppástunga vera skriflega tilkynnt forsetanum fyrirfram.

X. Utanþings málefni.

27. grein.

Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings (38. gr. stjórnarskrárinnar).

Hjer með skulu taldar bænarskrár, ávörp, kærur og þess konar málaleitanir frá utanþingsmönnum. Sje þess konar málefni stýlað til þingsins í heild þess, skal það afhent þeirri deildinni, er sá þingmaður á sæti í, sem hefur tekið það að sjer til flutnings. Sjerhvert málefni skal, eptir að forseti hefur á fundi skýrt frá því, afhent nefnd þeirri, sem sá, er tekið hefur málefnið að sjer til flutnings, heimtar, að það sje fengið, svo framarlega sem slík nefnd er sett. Um sjerhvert málefni, sem vísað er til nefndar, skal út af fyrir sig eða í sambandi við önnur málefni, sem vísað er til hlutaðeigandi nefndar, látið uppi álit og skýrt frá, hvort nefndin finni ástæðu til að gjöra uppástungu um það til þingdeildarinnar eða ekki. Uppástungurnar verða ræddar í eitt skipti eptir þeim reglum, sem gilda um aðra umræðu lagafrumvarps. Um þau málefni, sem nefndin eigi finnur ástæðu til að gjöra uppástungu um, svo og um málefni, sem eigi er vísað til neinnar nefndar, má bera upp uppástungur í þingdeildinni, og verða þær ræddar á sama hátt og nefndaruppástungur um málefni. Frá ávörpum eða þess konar málaleitunum skal sagt á fundi í þingdeildinni, og annast síðan forseti um, að þær verði lagðar fram á lestrarsalinn undir tilsjón skrifaranna. Ef forsetinn eða sá, sem tekið hefur þær að sjer til flutnings, æskir, að þær verði lesnar upp, skal umræðulaust leita atkvæða um það á öðrum fundi seinna, en samt má að eins leyfa að lesa þær upp, ef $^3/_4$ hlutar af þeim þingmönnum, sem eru við, samþykkja það.

Þyki þingdeildinni ekki ástæða til, að gjöra ályktun um eitthvert málefni, getur hún vísað því til landshöfðingjans eða ráðgjafans (39. gr. stjórnarskrárinnar).

XI. Umræðurnar, dagskráin.

28. grein.

Sjerhver þingmaður, sem hefur óskað að taka til máls, og fengið leyfi til þess, skal standa upp frá sæti sínu og mæla þaðan, og skal hann ávalt víkja ræðu sinni til forsetans. Enginn má ávarpa annan þingmann eða nefna hann nafni.

29. grein.

Enga ræðu má halda á þann hátt, að skrifað mál sje lesið upp. Þessi regla gildir samt eigi um forsetann nje fulltrúa stjórnarinnar.

30. grein.

Forseti gefur venjulega þingmönnum færi á að taka til máls í þeirri röð, er þeir beiðast þess; samt getur hann gjört undantekning frá þessu með tilliti til framsögumannsins, svo og, til þess að ræður með og á móti þeirri uppástungu, sem verið er að ræða, skiptist á, eða til þess að láta þingmann gjöra stutta leiðrjettingu eða athugasemd, sem snertir sjálfan hann.

Landshöfðinginn eða aðstoðarmaður hans eiga rjett á að biðja sjer hljóðs eins opt og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa (34. gr. stjórnarskrárinnar).

31. grein.

Sjerhver þingmaður er skyldur til að gefa sig undir úrskurð forsetans að því leyti, er snertir viðhald á góðri reglu. Ef þingmaður tvisvar á sama fundi hefur verið áminntur, getur forseti stungið upp á því við þingið, að honum sje alveg synjað þess, að taka til máls á þeim fundi. Skyldi almennari óregla koma upp, er það skylda forsetans að gjöra hlje á fundarhaldinu um stund, eða, ef nauðsyn er til, slíta fundinum alveg.

32. grein.

Það þykir koma í bága við góðu reglu, að þingmenn gjöri góðan eða illan róm að einhverju.

33. grein.

Þyki forseta, að umræðurnar dragist úr hófi fram, getur hann stungið upp á, að þeim verði lokið, og gjörir þingið út um það umræðulaust. Sömuleiðis geta 4 þingmenn í efri deildinni og 8 í neðri deildinni krafizt þess, að greidd sjeu atkvæði um það, hvort umræðum skuli lokið. Nöfn þessara þingmanna skulu rituð í gjörðabókina og lesin upp.

34. grein.

Forsetinn ákveður við lok hvers fundar dagskrá fyrir næsta fund deildarinnar. Þó má ákveða hana eptir ályktun deildarinnar, þegar 4 í efri og 8 í neðri deildinni krefjast þess skriflega, og gjöra uppástungu um tiltekna dagskrá. Slíka kröfu og uppástungu skal, ef farið er fram á, að tiltekið mál sje látið ganga út af dagskránni, afhenda forsetanum sama dag, og dagskráin er sett; að svo miklu leyti, sem farið er fram á, að tiltekið mál skuli tekið á dagskrána, skal það tilkynnt þinginu við lok þess fundar, innan hvers eða á hverjum uppástungan er afhent. Um uppástunguna skal, án þess að umræður fari fram, greiða atkvæði við byrjun næsta fundar. Sje hún felld, er þar með samþykkt dagskrá sú, sem forsetinn hefur sett. Þegar dagskrá eigi er sett með ályktun þingsins, getur forseti breytt röðinni á þeim málum, sem eru á dagskránni, og látið mál, sem er á dagskránni, ganga úr, ef hann skýrir þinginu frá þeim ástæðum, sem hann hefur til þess; en hann getur að eins látið taka fyrir mál, sem eigi er sett á dagskrána, þegar það er samþykkt samkvæmt 43. gr.

XII. Atkvæðagreiðsla.

35. grein.

Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt mál, nema að minnsta kosti 2 þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði atkvæði. Skyldur er hver þingmaður að vera við staddur, þegar atkvæði eru greidd, nema hann hafi lögmæt forföll, eða fararleyfi (42. gr.). Nú greiðir þingmaður ekki atkvæði, að viðhöfðu nafnakalli, og er hann þá skyldur að leiða rök að því, hvers vegna hann ekki greiðir atkvæði. Ber forseti þá undir þing eða þingdeild, hvort ástæður þingmannsins skuli gildar taka. Ef þing eða þingdeild ógildir ástæður þessar, skal svo álíta, sem þingmaðurinn hafi greitt atkvæði með meiri hlutanum. Sama á sjer stað, ef hann skorast undan að gjöra grein fyrir aðferð sinni. Þó er honum heimilt að láta bóka málavöxtu. Afl ræður við atkvæðagreiðslur, nema þar um öðruvísi sje ákveðið í stjórnarskránni og þingsköpunum.

36. grein.

Það er á valdi forseta, hvernig hann skiptir atkvæðagreiðslunni, og í hverri röð og innbyrðis sambandi hún fer fram; þó getur þingdeildin, ef 4 í efri og 8 í neðri deildinni krefjast þess, breytt ákvörðun forseta, eptir

að einn af uppástungumönnum og forseti, hvor um sig, hafa tekið einu sinni til máls. Þó má þingmaður heimta, að atkvæðagreiðslunni um breytingaratkvæði sje skipt. Tilmæli um það skulu vera komin fram, áður en umræðurnar byrja (sbr. 23. grein).

37. grein.

Forseti hefur í öllum tilfellum, er hann hefur ástæðu til að halda, að allir sjeu á einu máli, vald til að lýsa því yfir, að gjört sje út um eitthvert atriði, sem kemur undir atkvæði, án atkvæðagreiðslu, ef enginn krefst þess, að hún fari fram, — þó skal undantekið, er lagafrumvarp eða önnur sjerstök uppástunga verður samþykkt til fullnaðar. Að öðru leyti fer atkvæðagreiðsla jafnaðarlega fram á þann hátt, að þeir þingmenn, sem sitja í sætum þeim, sem ákveðin eru handa þingmönnum, standi upp; á þennan hátt skal atkvæði greiða bæði með og á móti; skrifararnir telja atkvæðin. Forseta er samt heimilt að láta atkvæðagreiðslu fram fara með nafnakalli, annaðhvort þegar í stað, eða eptir að atkvæðagreiðsla hefur fram farið á venjulegan hátt, ef honum virðist efasamt, samkvæmt skýrslum skrifaranna, hvernig hún hafi fallið. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deildinni og 6 í neðri deildinni krafizt þess, áður en atkvæðagreiðsla byrjar, að greidd sjeu atkvæði um eitt eða fleiri atriði með nafnakalli. Nöfn þeirra þingmanna, sem heimta nafnakall, skulu lesin upp.

XIII. Kosningar.

38. grein.

Kosningar fara fram eptir atkvæðafjölda á þann hátt, sem ákveðið er í 2. gr.; þó nægir einn þriðjungur þeirra atkvæða, sem greidd eru, til þess að verða kosinn í nefndir þær, sem deildirnar setja. Sjerhver kjörmiði, sem fleiri eða færri nöfn standa á, en greiða skal atkvæði um, eða sem hefur inni að halda nafn, sem eigi er nógu greinilega tiltekið eða ekki á við, er ógildur.

XIV. Um það, hvort fundir skuli fram fara í heyranda hljóði, prentun umræðanna.

39. grein.

Fundir beggja þingdeildanna og hins sameinaða alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur hlutaðeigandi forseti eða 4 þingmenn í efri deildinni og 8 í neðri deildinni krafizt, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þing það, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða á heimulegum fundi (40. gr. stjórnarskrárinnar).

40. grein.

Hlutaðeigandi forseti skipar fyrir um það, hvernig mönnum verði gefinn kostur á að koma á fundi þá, sem haldnir eru í heyranda hljóði. Áheyrendurnir eru skyldir að vera kyrrir og hljóðir. Brjóti nokkur á móti þessu, getur forseti látið vísa þeim burt, og, ef þörf er á, öllum áheyrendum.

41. grein.

Bæði umræður þingdeildanna og hins sameinaða alþingis verða prentaðar í tíðindum, sem til þess eru ætluð.

XV. Burtfararleyfi.

42. grein.

Sje þingmaður forfallaður að koma annaðhvort á fundi hins sameinaða alþingis eða þingdeildanna, er hann skyldur til að skýra hlutaðeiganda forseta frá forföllum sínum í tæka tíma. Burtfararleyfi af þingi getur hlutaðeigandi forseti veitt um 2 daga, ef nauðsyn krefur; fyrir lengri tíma þarf til þess samþykki hlutaðeigandi þingdeildar.

XVI. Afbrigði frá þingsköpunum.

43. grein.

Eptir uppástungu forsetans eða skriflegri uppástungu frá 4 þingmönnum í efri deild og 8 í neðri deild, má, svo framarlega sem landshöfðingi aðhyllist uppástunguna, bregða út af þingsköpum þessum, nema því að eins að það sje komið undir ákvörðunum í stjórnarskránni, ef $^3/_4$ hlutar af þeim, sem greiða atkvæði, eru ásáttir um það.

44. grein.

Það, sem fyrir er mælt í 26., 28., 29., 30., 31., 32., 33., 36., 37., 38., 39., 40.,

42. og 43. gr. að framan um þingdeildirnar, gildir einnig um hið sameinaða alþingi, þegar það gengur í eina málstofu í þeim tilfellum, sem getið er í 8. gr. að framan, að svo miklu leyti, sem það getur átt við um umræður þess. Þar sem í tjeðum greinum er miðað við ákveðna tölu þingdeildarmanna, skal í hinu sameinaða alþingi koma 12 í staðinn fyrir 8 í neðri og 4 í efri deildinni, og 9 í staðinn fyrir 6 og 3.

IX.

FRUMVARP

til laga um breytingu á tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl., 12. febrúar 1872.

1. grein.

Þegar útlent fiskiskip, sem áður í neyð sinni hefur leitað hafnar á Íslandi, og tilkynnt það á þann hátt, sem fyrir skipað er í 3. gr. í tilsk. um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl., 12. febrúar 1872, og hafi verið ritað vottorð á skipaskjölin um rannsókn þá, sem fram hefur farið, seinna í sömu fiskiferðinni, það er að skilja, án þess það hafi leitað hafnar annarstaðar en á Íslandi, og áður en 2 mánuðir sjeu liðnir, kemst í þær kringumstæður, að það verði í neyð sinni að leita hafnar á ný í hinni sömu sýslu, en þó eigi vegna sóttar, sem komin er upp meðal skipverja, skal eigi vera þörf á, að tilkynna það yfirvaldinu þar á staðnum, svo framarlega sem skipið eigi liggur við landið lengur en einn sólarhring á þann hátt, að það geti haft samgöngur við land. Lögreglustjórinn eða umboðsmaður hans þar á staðnum skulu hafa nákvæmar gætur á því, að eigi verði farið kringum þessa ákvörðun, og þegar í stað halda rannsókn þá, sem með þarf, ef nokkur grunur kemur upp. Komizt það upp við rannsókn þessa, að farið hafi verið kringum lögin eða brotið hafi verið gegn þeim, skal skipstjórnarmaður, auk þess sem hann er sekur að lögum, enn fremur greiða lögreglustjóranum gjald, 10 aura af hverjum ton af rúmmáli skipsins, fyrir rannsókn þá, sem fram hefur farið, og skal rita það á skjöl skipsins.

2. grein.

Fyrir að skoða skjöl skipsins, eins og fyrir skipað er í 3. gr. í fyrnefndri tilskipun, skal greiða þeim lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, sem heldur rannsóknina, 10 aura af hverjum ton af rúmmáli skipsins, og skulu þeir rita vottorð á skipverja-skrána um, að rannsóknin hafi verið gjörð, og að fyrir það hafi verið greitt gjald það, sem fyrir er skipað. Samt skal með þeirri undantekningu, sem er í niðurlaginu á fyrri greininni, færa niður gjaldið um helming eða 5 aura, þegar gjörð hefur verið rannsókn áður á skipinu á sömu fiskiferð og í sömu sýslu.

Þegar umboðsmaður lögreglustjórans hefur skoðað skipaskjölin fyrir hans hönd, skal gjaldinu skipt jafnt milli þeirra.

Athugasemdir
við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt skipun frá stjórn sinni hefur frakkneski sendiherrann í Kaupmannahöfn vakið máls á því, að þegar hin 3. gr. í tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland og fl., 12. febrúar 1872, er skilin eins og danska stjórnin gjörir, á þá leið, að henni skuli beitt í hvert skipti, sem útlent fiskiskip leitar hafnar á Íslandi í neyð sinni, þá geti það eigi að eins valdið hlutaðeigandi skipsútgjörðarmönnum mikils kostnaðar, heldur geti einnig hlotizt af því mikil tímatöf og fyrirhöfn, eptir sem til hagar á Íslandi, þar sem skipstjórnarmaður, sem hefur orðið að leita inn á firði á Íslandi, optsinnis sje neyddur til að ferðast margar mílur, til þess að tilkynna yfirvaldinu orsökina til þess, að hann hafi lagzt við akkeri, og láta rita vottorð á skipaskjölin. Sendiherrann fór þess því á leit, að tjeðri

ákvörðun yrði breytt á þá leið, að greiða skyldi að eins gjaldið í fyrsta skipti, sem fiskiskip leitar hafnar í neyð sinni, og þá ef vera skyldi með 6 sk. af hverjum ton af rúmmáli skipsins, hvort sem lögreglustjórinn sjálfur eða umboðsmaður hans ritaði vottorð sitt á skjölin, og skyldi rita kvittun fyrir greiðslu gjaldsins á skipverjaskrána, sem hlutaðeigandi yfirvald ávallt gæti heimtað fram sýnda. Þá er utanríkisstjórnin sendi stjórnarráðinu brjef þetta frá sendiherranum, lagði hún mikla áherzlu á, að gjörð yrði leiðrjetting á því, sem kært væri yfir, með því frakkneska stjórnin ávallt hefði verið mjög fús til þess að láta í tje aðstoð sína, þegar það hefði komið til tals að heimta inn gjald þetta, en það væri opt tvísýnt, hvort gjaldið fengist án aðstoðar stjórnarinnar, enda gæti þetta, hvort sem er, hæglega orðið að prætumáli.

Þar sem stjórnarráðið verður að halda því föstu, að fyrnefnd lagagrein sje rjett skilin á þann hátt, sem sagt var að framan, hefur það í tilefni af þessu verið íhugað, með hverju móti yrði farið eptir ósk frakknesku stjórnarinnar um að gjöra breyting á þeim reglum, sem nú gilda um þetta efni, og hefur stjórnarráðið í því skyni látið semja frumvarp það, sem prentað er að framan, til þess það verði lagt fyrir alþingi í ár, og skal um það gjöra þær athugasemdir, sem hjer skal skýrt frá.

Að því leyti, sem fullt svo mikið er kvartað yfir tilkynningu þeirri, sem fyrirskipuð er, og yfir því, að gjaldið eigi að greiða optar en einu sinni, hefur það fyrst verið íhugað, hvort undan fella mætti tilkynninguna í ákveðnum tilfellum, án þess það kæmi í bága við tilgang lagaboðsins. Stjórnarráðið hefur samt sem áður eigi þótzt geta stungið upp á því, að fara svo langt í því tilliti, sem sendiherrann hefur óskað, þar sem það eigi gæti samrýmzt við tilhlýðilega umsjón með því, að verzlunarlögunum og skattgjaldalögunum sje fylgt, og með heilbrigðisástandi skipanna, sem hleypa inn á hafnirnar, því ef það að eins skyldi tilkynnt í fyrsta skipti, þá er fiskiskip leitar hafnar á Íslandi neyðar vegna, þá væri engin trygging fyrir því, að skipið eigi á þeim tíma, sem er liðinn frá því það leitaði hafnar í fyrsta skipti til þess það kemur aptur, hafi verið í útlöndum eða haft mök við önnur skip. Eins og þess vegna er stungið upp á því í 1. gr. frumvarpsins, að eigi megi með neinu móti sleppa tilkynningunni, þegar skipið sökum sóttar, sem komin er upp meðal skipverja, leiti á ný hafnar í neyð sinni, þannig hefur það þótt nauðsynlegt að áskilja, að það verði eigi undan fellt, að tilkynna yfirvaldinu um komu skipsins, þegar það á þeim tíma, sem liðinn er frá því það síðast leitaði hafnar, hefur siglt inn á höfn erlendis, og þar getað tekið vörur til Íslands, sem gjald hvílir á. En þótt undanþágan frá því, að tilkynna yfirvaldinu um komu skipsins, sje þannig takmörkuð, er samt of mjög hætt við því, að farið verði kringum verzlunarlögin og skattgjaldalögin, nema enn fremur það skilyrði sje sett, að það sje í sömu sýslu að skipið leiti hafnar á ný, með því lögreglustjóri þá við rannsókn þá, sem þegar er fram farin á skjölum skipsins, hefur haft tækifæri til, að komast að raun um, hvort ástæða sje til að gruna skipið, og hefur enn fremur þótt við eiga, að stinga upp á, að skipstjórinn því að eins skuli vera laus við að tilkynna lögreglustjóranum um komu skipsins, að eigi sjeu liðnir 2 mánuðir, og að skipið liggi eigi á höfn lengur en sólarhring í mesta lagi.

Að því leyti, sem kæra sendiherrans því næst nær til hins mikla kostnaðar, sem flýtur af því, sem ákveðið er í 3. gr. tilsk., þá hefur stjórnarráðinu fundizt, að hann hafi nokkuð til síns máls, og vegna þess er í 2. gr. frumvarpsins stungið upp á, að ef skipaskjölin verði skoðuð aptur í sömu sýslu, þá skuli að eins greiða hálft gjald, en að þau skip, sem brotið hafa gegn lögunum, og með því gefið tilefni til rannsóknar, skuli þó eigi njóta þessarar tilslökunar. Það þykir hæfa, að láta gjaldið við fyrstu rannsóknina vera 10 a. fyrir hvern ton af rúmmáli skipsins, og með því gjaldendum stendur á sama, hvort lögreglustjóri eða umboðsmaður hans skoði

skipaskjölin, er þar að auki stungið upp á því, að gjaldið skuli vera hið sama, hver sem svo framkvæmir rannsóknina, en ef það er umboðsmaðurinn, þá skal skipta gjaldinu jafnt milli hans og lögreglustjóra.

FYRSTA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 4. fundi efri þingdeildarinnar, 7. dag júlímán., kom frumvarp til laga um breyting á tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland og fl., 12. febr. 1872, samkvæmt dagskránni til fyrstu umræðu.

Tók enginn til máls, og leitaði forseti því atkvæða um, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt. Þá var leitað atkvæða um, hvort nefnd skyldi kjósa í málið. Var því neitað með 10 atkvæðum gegn 1.

ÖNNUR UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 6. fundi efri þingdeildarinnar, 9. dag júlímán., kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu frumvarp til laga um breyting á tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland og fl., 12. febr. 1872.

Sighvatur Árnason kvað eigi mundu þörf að fara mörgum orðum um mál þetta, og kvaðst vona, að því hvorki yrði breytt, þegar um neyðartilfelli væri að ræða, nje að þingið ljeti það falla niður, því menn ættu að hafa sjer hugfast, að sýna línkind, þegar svo á stæði.

Þórður Jónasson kvaðst fallast á það, er þingmaður Rangæinga nú hefði mælt; sjálft málið væri einfalt og óbrotið. Tilefni þess væri lagaboðið frá 1872, um siglingu útlendra fiskimanna, sjer í lagi Frakka, til Íslands, og væri þeim þar gjört að skyldu, ef þeir kæmu hjer inn á hafnir, að sýna skipspappíra sína og fá áteiknun sýslumanns á þá; þetta væri upphaflega skilið svo, að það að eins ætti við hina fyrstu komu þeirra, en stjórnin hefði lagt þann skilning í orðin í 3. grein, að þau innibyndu öll skiptin, sem skipin kæmu það árið, og það hefði gefið frönsku stjórninni tilefni til, að bera sig upp undan þessu, en mest þó vegna þess tafa, sem af því leiddi, þegar skipherrann þyrfti að fara á fund sýslumanns með skipskjölin, því hann væri opt í fjarlægð. Lagaboðið hefði því fyrir seinni komur skipsins sett gjaldið niður um helming, og mundi hin franska stjórn að öllum líkindum gjöra sig ánægða með þessa tilslökun, og kvaðst hann því vona, að þingið mundi aðhyllast frumvarp þetta, eins og það lægi fyrir.

Forseti kvaðst, fyrst eigi fleiri tækju til máls, vilja bera frumvarpið undir atkvæði; ekkert breytingar- nje viðauka-atkvæði væri fram komið við það. Var þá borin upp 1. grein frumvarpsins og samþykkt, því næst 2. grein, og var hún einnig samþykkt. Þá var frumvarpið borið upp í heild sinni, og var það samþykkt; því næst var leitað atkvæða um, hvort frumvarpið skyldi ganga til 3. umræðu. Var það samþykkt með 10 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 8. fundi efri þingdeildarinnar, 12. dag júlímán., kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu frumvarp til laga um breytingu á tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland, 12. febr. 1872.

Umræðulaust var gengið til atkvæða í því máli, og frumvarpið í heild sinni samþykkt í einu hljóði.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á ellefta fundi neðri deildar alþingis, 14. dag júlímánaðar, kom til fyrstu umræðu frumvarp um breyting á tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl., 12. febr. 1872.

Einar Ásmundsson sagði, að mál þetta kynni í skjótu áliti að sýnast ekki mikils virði, og svo mundi efri deild þingsins hafa sýnzt. En þeir, sem væru málinu kunnugir

og tilskipuninni 12. febr. 1872, mundu játa, að henni væri stórum ábótavant; þetta hefði og stjórnin sjálf játað, með því að koma fram með frumvarp þetta. En frumvarpið bætti litið úr göllum tilskipunarinnar, og yrði hann því að stinga upp á, að nefnd væri sett til að hugleiða málið, og áliti hann 3. manna nefnd nægja.

Grímur Thomsen taldi það óheppilegt mjög, ef miklar málalengingar ættu að verða um hvert mál á þinginu; hann væri móti nefnd, en með því, að málið gengi til 2. umræðu.

Einar Ásmundsson var samdóma um það, að þörf væri á að hafa ekki málalengingar, en það væri þó ekki heldur gott, að ganga of fljótt fram hjá mikilsvarðandi málum, og þótt nefnd væri sett, þá væri ekki gefið, að hún breytti stórvægilega.

Það var því næst samþykkt, að málið gengi til 2. umræðu, en felt frá nefnd með 11 atkvæðum gegn 9.

ÖNNUR UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 15. fundi neðri deildar alþingis, 19. dag júlímánaðar, kom til 2. umræðu frumvarp til laga um breyting á tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl., 12. febr. 1872.

Einar Ásmundsson kvaðst við 1. umræðu máls þessa hafa mælt með því, að nefnd væri sett í málið, því að sjer hefði þótt það þess vert, að vel væri hugsað um það, en ákvörðun frumvarpsins væri ónóg. Ef það yrði samþykkt nú, þá væri hann sannfærður um, að málið kæmi aptur til næsta þings, og þótt tíminn nú væri naumur og dýrmætur, þá mundi hann einnig verða dýrmætur á næsta þingi; sjer sýndist því betra að sinna þessu máli nú þegar, svo að það þyrfti eigi að koma inn á þingið aptur að vörmu spori. Hann stakk upp á 3 manna nefnd.

Guðmundur Einarsson gat þess, að hann hefði sjeð á dagskrá efri deildar. «Viðbætir við lögin um fiskiveiðar útlendra».

Einar Ásmundsson sagðist ekki hafa vitað neitt um það.

Það var því *næst samþykkt með* 12 atkv. móti 6, að 3 manna nefnd skyldi kosin og umræðunni frestað; urðu þessir fyrir kosningu:

Einar Ásmundsson með 14 atkvæðum.
Einar Guðmundsson — 6 —
Snorri Pálsson — 6 —

Í nefndinni var formaður kosinn Einar Ásmundsson, og Snorri Pálsson skrifari og framsögumaður.

NEFNDARÁLIT
um fiskiveiðar útlendra.

Hin heiðraða neðri deild alþingis hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að hugleiða «frumvarp til laga um breytingu á tilskipun 12. febrúar 1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland».

Frumvarp þetta er samþykkt óbreytt bæði að orðfæri og efni af efri deild þingsins við þriðju umræðu, og skulum vjer leyfa oss að skýra frá áliti voru um það á þessa leið.

Nefndinni kom saman um, að í frumvarpinu væri fólgin talsverð rjettarbót á 3. gr. í tilskipun 12. febr. 1872, þar sem frumvarpið ræður bót á þeim örðugleikum, sem tjeð tilskipun leggur útlendum fiskimönnum á herðar í því, að leita hlutaðeigandi yfirvalds í hvert skipti, er þeir neyðast til að leita sjer hafnar, og borga sama gjald, þó ekki sjeu liðnir nema fáir dagar frá því skjöl skipsins voru skoðuð og áteiknuð, og gjöra þeim jafnframt að skyldu að borga hærra gjald, þegar umboðsmaður lögreglustjórans hefur þetta eptirlit á hendi. Þar á móti fannst nefndinni orðfærið á frumvarpinu mjög svo óljóst og óíslenzkulegt, og jafnvel þó hin háttvirta efri deild ekki virðist hafa lagt mikla áherzlu á þetta atriði, þar eð hún hefur engar orðabreytingar gjört við frumvarpið, getum vjer ekki annað, en vakið athygli neðri deildarinnar á því, hvort það sje vel til fallið fyrir þingið, að samþykkja lagafrumvörp, sem

eru jafnóhönduglega úr garði gjörð og þetta, hvað málið snertir.

Vjer vitum að vísu, að lagaboð þetta er ekki mikils varðandi í sjálfu sjer, og þar eð þingtíminn er farinn að styttast, en mörg mjög áríðandi mál eptir órædd, viljum vjer leggja hinni heiðruðu deild í sjálfsvald, hvort hún vilji eyða þeim tíma, sem orðabreyting við frumvarpið hlýtur að hafa í för með sjer, en fari svo, að henni þyki það tiltækilegt, höfum vjer leyft oss að semja frumvarp það, sem hjer með fylgir, sem að efninu til er hinu mjög líkt, en sem einungis að voru áliti gjörir breytingu þá, sem stjórnin hafði ætlazt til að yrði á tilskipun 12. febrúar 1872, nokkru glöggari og vafaminni.

Þess skulum vjer enn fremur geta, að vjer álítum, að það ætti jafnaðarlega að vera regla, þegar einhverri lagagrein er breytt með nýrri rjettarbót, að taka einnig upp í rjettarbótina þær ákvarðanir hinnar breyttu greinar, sem óbreyttar eiga að vera, svo rjettarbótin geti að öllu leyti komið í staðinn fyrir hina gömlu lagagrein. Fyrir þessar sakir höfum vjer jafnframt tekið upp í frumvarp vort þær ákvarðanir úr 3. gr. tilskipunar 12. febrúar 1872, sem óbreyttar eiga að standa eptir frumvarpi stjórnarinnar.

Alþingi, 2. ágúst 1875.

Einar Ásmundsson, formaður. Snorri Pálsson, skrifari og framsögumaður.

E. B. Guðmundsson.

BREYTINGARUPPÁSTUNGA VIÐ FRUMVARP

til laga um breyting á tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl., 12. febr. 1872.

1. grein.

Þegar útlent fiskiskip leitar í neyð sinni hafnar á Íslandi, og skipverjar vilja eða þurfa að hafa einhver viðskipti við landsmenn, þá skal skipstjóri tilkynna það lögreglustjóra eða hreppstjóra þeim, sem þar er yfirboðinn, áður en sólarhringur er liðinn frá því, er skipið varpaði akkerum. Skal lögreglustjóri, eða hreppstjóri fyrir hans hönd, skoða skjöl skipsins og gæta þess vandlega, að skipverjar á slíkum skipum brjóti eigi gegn verzlunarlögum eða skattalögum landsins, eða fari kringum þau, enda gjöra þegar í stað rannsókn í því efni, ef hann hyggur nauðsyn til bera.

Fyrir að skoða skjöl skipsins skal greiða lögreglustjóra eða hreppstjóra 10 aura af hverjum tonn, er skipið rúmar, ef skipið hefur eigi fyrri komið á íslenzka höfn og sýnt skjöl sín í þeirri fiskiferð að landinu, ella 5 aura af tonn. Skal rita á skipverjaskrána vottorð um, að skjölin hafi verið sýnd og lögboðið gjald greitt fyrir skoðun þeirra.

Þegar hreppstjóri skoðar skipaskjölin fyrir hönd lögreglustjóra, skal gjaldinu skipt jafnt milli þeirra.

Leiti fiskiskip á höfn til þess að fá læknishjálp við sótt, sem upp er komin meðal skipverja, skal fara eptir skipunum þeim, er gilda um sóttvarnir.

Nú leitar útlent fiskiskip á höfn fyrir sakir ísa eða illviðra, enda gengur enginn skipverja á land, eða hefur nein viðskipti við landsmenn; er skip það undan þegið þeirri skyldu að sýna skjöl sín, þótt það liggi um akkeri til þess, er því er hættulaust að láta út aptur.

2. grein.

Brot gegn því, er fyrir er mælt í lögum þessum, varða 10—200 króna sektum, eptir málavöxtum.

3. grein.

Þessi lög koma í staðinn fyrir 3. grein í tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl., 12. febrúar 1872, og er grein sú hjer með numin úr gildi.

FRAMHALD ANNARAR UMRÆÐU.

Á 37. fundi neðri deildar alþingis, 12. dag ágústmánaðar, var haldið áfram annari umræðu um frumvarp um fiskiveiðar útlendra við Ísland. Framsögumaður var annar þingmaður Eyfirðinga.

Framsögumaður (*Snorri Pálsson*) sagði, að nefndarálitið hefði legið svo lengi fyrir deildinni, að það mundi vera orðið ljóst þing-

mönnum; hann þyrfti því eigi að skýra það betur fyrir þeim. Eins og frumvarpið hefði komið frá efri deildinni, hefði það verið óljóst og óíslenzkulegt, og hefði því nefndinni þótt þörf að laga það. Breytingarnar væru einkum málbreytingar, en efnið væri mjög lítið breytt. Einungis væri nákvæmar tiltekið um þau skip, er leituðu hafna sökum ísa eða illviðra, án þess að skipverjar hefðu nein viðskipti við landsmenn, að þau væru undanþegin þeirri skyldu, að sýna skjöl sín. 3. gr. í tilskipun 12. febr. 1872 væri mjög óglögg, og hefði stjórnin sjálf játað, að hún þyrfti breytinga við. Stjórnin hefði skilið hana þannig, að skip skyldu borga hafnargjald í hvert skipti, sem þau kæmu inn á höfn; en það, sem Frökkum einkum þætti ójöfnuður, væri, að þeir í hvert skipti yrðu að leita uppi þessa menn, sem áteiknuðu skjöl skipsins. Nefndinni hefði þótt betur fara, að í stað »hreppstjóra» kæmi «umboðsmaður sýslumanns», því að hreppstjórarnir væru ekki ætíð umboðsmenn sýslumanna til að rita á skjölin, en samt sem áður hefði hún ekki viljað gjöra breytingu á þessu fyrri, en hún hefði tillögur deildarinnar í því efni.

Þá var gengið til atkvæða, og var fyrst leitað atkvæða um breytingar nefndarinnar, og fjellu atkvæði þannig:

1. gr. samþykkt með 16 atkvæðum.
2. gr. — — 17 —
3. gr. — — 17 —

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Að frumvarp þetta kæmi í staðinn fyrir frumvarp stjórnarinnar og efri deildarinnar, samþykkt með 16 atkvæðum.

Að málið gengi til 3. umræðu samþykkt með 18 atkvæðum.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 42. fundi neðri deildar alþingis, 17. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til þriðju umræðu frumvarp um fiskiveiðar útlendra.

Engin umræða varð um málið, og var þá gengið til atkvæða, og var frumvarpið óbreytt, eins og það var samþykkt við aðra umræðu, viðtekið með 21 atkvæði, gengur það nú aptur til efri deildarinnar.

EIN UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 42. fundi efri þingdeildarinnar, 19. dag ágústmán., var samkvæmt dagskránni tekið fyrir til einnar umræðu frumvarp til laga um breytingu á tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl., 12. febr. 1872.

Þórður Jónasson kvaðst aðhyllast frumvarp þetta, eins og það nú lægi fyrir. Það væri í fleirum atriðum vikið lítið eitt við og hliðrað til við Frakka, þar sem hlutaðeigandi skipstjóri þyrfti ekki að fara með eða sýna sýslumanni skipspappíra sína, nema í vissum tilfellum, þegar eitthvað verulegt lægi við, t. a. m. þegar sjúkleiki væri meðal skipverja o. s. frv. Skipið gæti þannig legið í höfn afgjaldslaust, þegar illviðri bönnuðu því að fara út, og það eigi hefði viðskipti við landsmenn. Sjer virtist og eigi eiga við að kíta um smámuni við Frakka, sem vjer eigum gott að unna og væru góðvinir Dana og Íslendinga, sem þetta málefni og væri.

Nú tóku eigi fleiri til máls, og var frumvarpið þá borið upp til atkvæða og samþykkt í einu hljóði sem lög, svo látandi:

LÖG
um breyting á tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl., 12. febrúar 1872.

1. grein.

Þegar útlent fiskiskip leitar í neyð sinni hafnar á Íslandi, og skipverjar vilja eða þurfa að hafa einhver viðskipti við landsmenn, þá skal skipstjóri tilkynna það lögreglustjóra eða hreppstjóra þeim, sem þar er yfirboðinn, áður en sólarhringur er liðinn frá því, er skipið varpaði akkerum. Skal lögreglustjóri, eða hreppstjóri fyrir hans hönd, skoða skjöl skipsins og gæta þess vandlega, að skipverjar á slíkum skipum brjóti eigi gegn verzlunarlögum eða skattalögum landsins, eða

fari kringum þau, enda gjöra þegar í stað rannsóknir í því efni, er hann hyggur nauðsyn til bera.

Fyrir að skoða skjöl skipsins skal greiða lögreglustjóra eða hreppstjóra 10 aura af hverjum tonn, er skipið rúmar, ef skipið hefur eigi fyrri komið á íslenzka höfn og sýnt skjöl sín í þeirri fiskiferð að landinu, ella 5 aura af tonn. Skal rita á skipverjaskrána vottorð um, að skjölin hafi verið sýnd, og lögboðið gjald greitt fyrir skoðun þeirra.

Þegar hreppstjóri skoðar skipaskjölin fyrir hönd lögreglustjóra, skal gjaldinu skipt jafnt milli þeirra.

Leiti fiskiskip á höfn til þess að fá læknishjálp við sótt, sem upp er komin meðal skipverja, skal fara eptir skipunum þeim, er gilda um sóttvarnir.

Nú leitar útlent fiskiskip á höfn fyrir sakir ísa eða illviðra, enda gengur enginn skipverja á land, eða hefur nein viðskipti við landsmenn, er skip það undan þegið þeirri skyldu að sýna skjöl sín, þótt það liggi um akkeri til þess, er því er hættulaust að láta út aptur.

2. grein.

Brot gegn því, er fyrir er mælt í lögum þessum, varða 10—200 króna sektum, eptir málavöxtum.

3. grein.

Þessi lög koma í staðinn fyrrir 3. grein í tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl., 12. febrúar 1852, og er grein sú hjer með numin úr gildi.

FRUMVARP
til laga um brunamál í Reykjavík.

1. grein.

Hver og einn er skyldur til að fara varlega með eld eða ljós eða hvað annað, sem valdið getur eldsvoða eða stuðlað til þess, að hann komi upp. Allir húsbændur og húsmæður skulu hafa eptirlit með, að börn þeirra, vinnuhjú eða annað heimilsfólk þeirra eða aðrir, sem í þeirra þjónustu fást við einhver störf í húsinu, hegði sjer svo í þessu tilliti, að eigi verði að fundið. Það skal að endingu einnig vera skylda húseiganda, að hafa gætur á því, þegar leiguliðar þeirra eða þeir, sem búa í húsum þeirra, vanrækja það, sem að framan er fyrir mælt, og skulu þeir svo sem unnt er koma í veg fyrir eða hindra það.

2. grein.

Það skal með öllu bannað:

að leggja eldfima hluti, svo sem hamp, hör, hey og hálm og því um líkt við eldstór eða upp við reykháfa, sem ganga upp úr eldstóm;

að reykja tóbak eða bera kerti eða lampa, sem kveykt hefur verið á og eigi er byrgður í öruggu ljóskeri, glæður, eða annan eld, sem eigi er geymdur í lokuðum járnkassa, um fjós- fjár- eða hesthús, heyhlöður, lopt eða um aðra staði, þar sem mikið er fyrirliggjandi af hálm, lokarspónum eða öðrum hlutum jafn-eldfimum;

að geyma í húsum ösku og annað, sem fellur frá eldstóm, annaðhvort óblandað eða blandað sorpi, og öðru því um líku, nema það sje í kerum úr málmi, steini eða leiri, eða að snara því út, fyr en hellt hefur verið á það vatni eða með öðru móti komizt hjá allri hættu fyrir því, að í því kvikni;

að hleypa úr skotvopnum nálægt húsum, heystökkum, móhlöðum eða öðru jafneldfimu;

að kveykja skotelda og tendra blys eða bikhringa, án leyfis lögreglustjórnarinnar;

að kveykja í sorphaugum af eldfimum úrgangi eða öðrum eldfimum hlutum, án leyfis lögreglustjórnarinnar.

3. grein.

Að nota eldstór, sem fluttar verða úr

einum stað í annan og hafðar eru um stundarsakir, á götu og opinberu svæði eða vegi, er að eins leyft með því móti, að þeim varúðarreglum sje fylgt, sem settar verða með reglugjörð þeirri, sem bæjarstjórnin semur, sbr. 16. gr. Hið sama er um lýsis- og tólgarbræðslu og tjöru- og bikgjörð, þegar það er gjört undir beru lopti. Í húsum inni má eigi hafa slíkt um hönd á náttarþeli, heldur eingöngu á daginn, og verður þá að við hafa tilhærilega varúð.

4. grein.

Að því leyti er snertir reykháfa, ofna og arin, sem eptirleiðis verða upp settir, skulu þær reglur gilda, sem hjer segir:

Reykháfar skulu hlaðnir upp rammbyggilega, úr tígulsteini eða grjóti og kalki, og vera hvervetna að minnsta kosti á þykkt við hálfan tígulstein. Þar sem reykháfurinn gengur gegnum bitana og borð, sem lögð eru undir bita, skal að minnsta kosti vera $8^1/_2$ þumlungur milli þeirrar hliðar hans, sem inn veit, og alls viðarins, og má heldur eigi þilja reykháfinn eða klæða hann borðum, eða láta utan um hann veggfóður, sem límt er utan á lista. Reykháfurinn skal hlaðinn annaðhvort frá grundvelli, eða liggja á hvolfi milli tveggja steinveggja, og má með engu móti liggja á bitunum.

Ofna og arin má eigi setja nær timbrinu, en að 8 þumlungar sjeu á milli; skulu þeir standa á undirstöðu, sem hlaðin sje eingöngu úr kalkbundnum steini eða járni; sje neðst í ofninum grind og því öska-draghvolf í undirstöðunni, og sje ofninn settur á járnundirstöðu, sem er hol innan, skal rjett undir öskudraghvolfið, og að minnsta kosti 2 þuml. frá, setja járnþynnu á gólfið, sem fellur að öllu leyti að undirstöðunni innanverðri. Af gólfinu fyrir framan eldstóna skal að minnsta kosti 12 þumlunga rúm vera þakið einhverju efni, sem eigi sje eldfimt, og að minnsta kosti 6 þumlunga rúm til hliðanna og fyrir aptan eldstóna. Pípur úr ofnum og kamínum skulu ganga inn í steinhlaðna reykháfa, og má eigi vera skemmra milli ofnpípnanna og loptsins eða viðarins en 8 þumlungar. Lokaðar eldstór, sem elda má í (komfúr), má setja á bita, þegar lagt er undir tvöfalt lag af tígulsteinum, sem lagðir eru á flathliðina þannig, að samfestingarnar á neðri steinunum sjeu þaktar af efri steinunum, og járnumgjörð sett í kring, eða annað, sem sje jafnöruggt. Að öðru leyti gildir hið sama um þær, sem um ofna og arin.

Brunamálanefndin getur veitt tilslökun í því, sem fyrir er mælt í þessari grein, þegar hún kemst að raun um, að gjörð sje einhver önnur ráðstöfun, sem hamlar eldsvoða.

5. grein.

Sjerhver húseigandi hefur ábyrgð á því, að öllum eldstóm í húsum þeirra og reykháfum, sem úr þeim ganga, sje haldið í tilhlýðilegu standi. Leiguliði tekur þátt í þessari ábyrgð ásamt eigandanum, þegar hann eigi í tækan tíma hefur skýrt eigandanum frá einhverjum annmarka, sem honum er kunnugt um, eða brunamálanefndinni, ef nauðsyn krefur.

Hvað opt hreinsa skuli reykháfa, skal ákveðið af bæjarstjórninni, eptir að hún hefur borið sig saman um það við brunamálanefndina. Sóturum (reykháfahreinsendum) þeim, sem bæjarstjórnin ræður til þess, ber að sjá um hreinsunina fyrir það kaup, sem bæjarstjórnin ákveður með gjaldaskrá, og má, ef þörf gjörist, taka það lögtaki. Brunamálanefndin ákveður hinar nákvæmari reglur um störf sótara.

Sótari hefur ábyrgð á því, hvernig hreinsað sje, en það skal vera ábyrgðarhluti eigandans, ef hann tálmar fyrir hreinsuninni, eða með ósönnum skýrslum veldur því, að reykháfar eigi verði hreinsaðir á þeim tímum, sem ákveðið er.

Að hreinsa reykháfa með því að brenna innan úr þeim, er eigi leyft, nema brunamálanefndin leggi á samþykki sitt, og skal þá gæta þeirra varúðarreglna, sem henni finnst ástæða til að skipa fyrir um.

Að hreinsaðar sjeu ofnpípur og reykháfar, sem liggja úr eldstóm, hefur sá ábyrgðina á, sem býr í þeim húsum, er reykháfurinn heyrir til.

6. grein.

Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti má eigi leggja upp fyrir utan hús, þegar brunamálanefndin álítur, að hætt sje við, að af því geti hlotizt eldsvoði. Mikið af við og borðum má að eins hafa fyrir utan hús á þeim stöðum, þar sem brunamálanefndinni þykir henta, og að öðru leyti skal þeirra skilyrða gætt, sem sett verða í reglugjörð bæjarstjórnarinnar.

7. grein.

Sjerhver sá, sem í húsi hefur forða af púðri, skal vera skyldur til að geyma það í lokuðu íláti úr pjátri eða eiri, og geyma það upp undir þaki fyrir ofan efstu bitana. Skoteldar skulu varðveittir á sama hátt.

Samt skal það vera leyft, að hafa allt að að 4 pd. af púðri í búð, eða því herbergi, þar sem notað er púður við einhverja iðn, en þar skal það sömuleiðis varðveitt í lokuðum kerum úr pjátri eða eiri. Þeir, sem verzla með púður, skulu tvisvar sinnum á ári skýra slökkviliðsstjóranum frá þeirri verzlun, og skal hann halda sjerstaka bók um það, og tvisvar sinnum á ári grennslast eptir, hvort púðrið sje geymt á þann hátt, sem að framan er fyrir mælt, og senda lögreglustjóra ritaða skýrslu um það. Sjerhver sá, sem flytur sjóleiðis púður til bæjarins, skal, áður en því er skipað upp, senda brunamálanefndinni ritaða tilkynningu um það, og skal nefndin sjá um, að fylgt sje þeim varúðarreglum, sem þörf er á, þá er púðrinu er skipað upp.

Verði skotbaðmull, nítróglýserín, dýnamít og þess konar sprengiefni flutt til bæjarins, má eigi skipa því upp nema með leyfi brunamálanefndarinnar, og skal hún í hverju einstöku tilfelli ákveða, hvernig því skuli skipað upp og hvernig það skuli geymt.

8. grein.

Byrgðir af steinolíu (petróleum), terpentínu og kamfínu og þess konar lýsingarvökvum, hvort heldur að það er um stundarsakir eða að staðaldri, má að eins hafa á þeim stöðum, þar sem brunamálanefndin álítur, að eigi geti hlotizt af þeim sjerstök hætta fyrir eldsvoða.

Þetta gildir samt ekki um minni byrgðir en 20 tunnur (3,500 potta), þegar þær eru geymdar í jörð undir húsum, sem enginn býr í, og skulu þar að auki verzlunarmenn og verksmiðir hafa leyfi til að geyma allt að því 800 potta af fyrnefndum efnum í trjeílátum eða flöskum í sölubúðum og smiðjum, sem eigi liggi ofanjarðar og sjeu undir húsum, en allt að því 200 potta af hinum sömu efnum í sölu- og smíðahúsum, sem sjeu ofanjarðar.

Um allar byrgðir skal gæta þeirra varúðarreglna, sem sagt er fyrir um í reglugjörð þeirri, sem getið er að framan, og þar að auki getur brunamálanefndin, þegar sjerstaklega til hagar, skipað fyrir um enn ítarlegri varúðarreglur.

9. grein.

Sjerhver sá, sem flytur efni þau, sem getið er um í 7. og 8. grein, til Reykjavíkur, skal láta með fylgja ritaða tilkynning um, hverjum þau sjeu ætluð, og skal tilkynning þessi send brunamálanefndinni, áður en það verður leyft að skipa þeim upp.

10. grein.

Stærri byrgðir af áfengum drykkjum, tjöru og brenndu en óbleyttu kalki, eru háðar tilsjón brunamálanefndarinnar, og eru þeir, sem hafa byrgðir af tjeðum hlutum, skyldir til að hlýða þeim reglum, sem brunamálanefndin finnur ástæðu til að setja, með tilliti til þess staðar, þar sem þær eru geymdar, stærðar þeirra og þeirra varúðarreglna, sem gæta ber.

11. grein.

Til þess að byggja verksmiðjur, sem mjög hætt er við, að eldsvoði geti komið upp í, á lóð kaupstaðarins, og hafa í þeim iðnað, útheimtist leyfi landshöfðingja, og skal það vera bundið því skilyrði, að þeim varúðarreglum verði fylgt, bæði með tilliti til byggingar verkstaðarins og notkunar hans, sem brunamálanefndin álítur nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir hættu fyrir eldsvoða. Hinar sömu reglur gilda, þegar verksmiðjur þessar eru fluttar og byggðar upp aptur, svo og þegar byggt er við þær, og viðbót

þessi að áliti brunamálanefndarinnar er þess eðlis, að hún í meira lagi gjöri verksmiðjuna brunahættari en áður.

Hvenær sem brunamálanefndinni þykir þess við þurfa, má láta menn, sem vit hafa á, rannsaka tjeðar smiðjur.

Brunamálanefndin gjörir út um það, hvort verksmiðja eða einhver atvinnuvegur komi undir þessa grein.

12. grein.

Smiðjur trjesmiða, stólasmiða, laggara og handiðnamanna, sem fást við trjesmíði, skulu vera aðgreindar frá íveruhíbýlum, sem eru áföst við þau, með veggjum, sem eru steinhlaðnir eða reyrlagðir og dregnir kalkhimnu, og þegar íveruhíbýli eru upp yfir eða undir þess konar smiðjum, skulu loptin í smíðahúsinu eða herbergjunum, sem undir eru, vera gipsuð.

Úr þess konar smíðahúsum skulu spænir af því, sem smíðað er daglega, fluttir burt á hverjum degi, og látnir á óhultan og afvikinn stað, þar sem eigi er farið með eld eða ljós.

Hinar nánari reglur til að koma í veg fyrir hættu af bruna í tjeðum smiðjum, einkum með tilliti til þess, að koma þar fyrir eldstó og notkun smiðjanna, svo og um geymslu á trjávið þeim, sem til þeirra heyrir, skulu ákveðnar í fyrnefndri reglugjörð. Um fyrirkomulag á smiðjum skulu hinar nákvæmari reglur ákveðnar í reglugjörð þeirri, sem bæjarstjórnin semur.

13. grein.

Verksmiðjur, þar sem eldur er hafður, t. a. m. brauðgjörðarhús og ölgjörðarhús o. s. frv., og allar þess konar minniháttar smiðjur, sem, ef stærri væru, yrðu taldar með þeim smíðahúsum, sem eru mjög brunahætt, t. a. m. tólgarbræðsluhús og kertasteypuhús og önnur þvílík hús, eru háð tilsjón brunamálanefndarinnar, og skal það vera skylt með tilliti til þeirra, að fylgja bæði hinum almennu varúðarreglum, sem ákveðnar verða í nefndri reglugjörð, og hinum sjerstaklegu reglum, sem brunamálanefndin álítur nauðsynlegar, til þess að koma í veg fyrir brunahættu. Í nýjum bakaraofnum skulu ávallt vera tvöföld hvolf.

14. grein.

Kirkjur, leikhús, gripasýningarhús, skemmtistaðir og önnur hús, þar sem margmenni kemur saman í stór húsakynni, eru háð sjerstaklegri tilsjón brunamálanefndarinnar. Brunamálanefndin getur sjer í lagi krafizt þess, að nógu margir útgangar sjeu á þess konar húsum, og að þeim fylgi slökkvitól þau, sem þörf er á við bruna, svo og að þar eptir kringumstæðunum sje haldinn brunavörður, þegar húsin eru notuð, allt á kostnað eigandans.

15. grein.

Allir húseigendur, sem hafa hús sín í ábyrgð kaupstaðarins fyrir eldsvoða, eru skyldir til, auk þeirra slökkvitóla, sem til fengin eru og sem haldið er við á kostnað kaupaðarins, að útvega á eiginn kostnað slökkvitól þau, sem hjer skal getið, og ávallt halda þeim í tilhlýðilegu standi. Eigendur húsa eða margbygginga, sem fengin er ábyrgð fyrir,

er nemur 10,000 kr. og þar fram yfir: 1 brunastiga, 1 brunakrókstjaka, 5 brunaskjólur.

er nemur 8,000 kr. allt að 10,000 kr. 5 brunaskjólur.

er nemur 6,000 kr. allt að 8,000 kr. 4 brunaskjólur.

er nemur 4,000 kr. allt að 6,000 kr. 3 brunaskjólur.

er nemur 2,000 kr. allt að 4,000 kr. 2 brunaskjólur.

minni en 2,000 kr. 1 brunaskjólu.

Áhöld þessi skulu ávallt fylgja eigninni, og má eigi taka þau fjárnámi út af fyrir sig, hvorki fyrir skatta nje aðra skuld.

Hinar nánari reglur um, að útvega slökkvitól þessi og halda þeim við, verða ákveðnar í nefndri reglugjörð.

16. grein.

Reglugjörð sú, sem getið er í lögum þessum, og sem þar að auki skal taka upp í nákvæmari ákvarðanir um það, hverjir sitja eigi í brunamálanefndinni, og um verkahring hennar, skal samin af bæjarstjórninni, og

send landshöfðingja til samþykktar. Virðist honum ísjárvert að samþykkja reglugjörðina eða einstök atriði í henni, skal hann, áður en hann leggur úrskurð á málið, semja um málið við bæjarstjórnina, og reyna til að koma sjer saman við hana um breytingar þær, er hann álítur nauðsynlegar. Engin sú ákvörðun, er hefur kostnaðarauka fyrir bæjarsjóðinn í för með sjer, verður tekin upp í reglugjörðina, sje bæjarstjórnin henni mótfallin. Þykist bæjarstjórnin hafa ástæðu til, að kæra yfir úrskurði landshöfðingja, getur hún borið málið upp fyrir ráðgjafanum fyrir Ísland.

17. grein.

Reglugjörðin skal prentuð á kostnað kaupstaðarins og birt almenningi samkvæmt reglum þeim, sem landshöfðingi setur í því tilliti.

Breytingar á reglugjörðinni og viðaukar við hana skulu gjörðir og birtir á sama hátt og hin upphaflega reglugjörð.

18. grein.

Það er skylda hvers og eins, sem verður var við, að eldsvoði sje að koma upp, að hefja upp viðvörunarkall. Eigandi húss þess, sem eldur kemur upp í, og sje hann eigi viðstaddur, hlutaðeigandi leiguliðar eða heimilismenn, skulu, hið fyrsta unnt er, annast um, að slökkviliðs-stjóranum og lögreglustjóranum verði sagt til um brunann.

19. grein.

Hver og einn skal, þá er bruni kemur upp í húsi hans eða híbýlum, auk þess þegar í stað að gjöra þá, sem þar búa, vara við, reyna til með öllu móti, sem í hans valdi stendur, að slökkva eldinn þegar í stað, en samt má eigi af þessari sök láta það hjá líða, að segja til um brunann, eins og fyrir er mælt í næstu grein á undan.

20. grein.

Sjerhver er skyldur til, þegar eldsvoða ber að höndum, að leyfa slökkviliðinu að komast að húsi sínu og lóð sinni með sprautur og önnur áhöld, og láta sjer það lynda, að það verði gjört með því, að brjóta niður og ryðja því burt, sem til fyrirstöðu er.

Eigi heldur getur neinn bannað það, að bygging, sem hann á, verði rifin, ef brunamálanefndin, eða, þegar brýn nauðsyn ber til, sá, sem stendur fyrir því að slökkva brunann, álítur það nauðsynlegt, til þess að stöðva útbreiðslu eldsins.

21. grein.

Það tjón, sem hlýzt af ráðstöfunum þeim, sem getið er í greininni á undan, verður skoðað sem brunatjón, og svo framarlega sem hlutir, er brunabóta-ábyrgð eigi er fengin fyrir, verða fyrir því, skal brunastjórnin greiða skaðabætur fyrir.

Sá, sem vill krefjast skaðabóta hjá brunastjórninni fyrir slíkt tjón, skal, svo fljótt auðið er, og í síðasta lagi innan 8 daga frá því, að bruninn varð, bera upp kröfur sínar fyrir bæjarfógeta, sem þar á eptir sjer um, að upphæð skaðabótanna verði ákveðin, að svo miklu leyti sem unnt er í sambandi við virðingargjörðir þær, sem fram fara, til þess að meta brunatjónið á eignum þeim, sem ábyrgð fyrir eldsvoða er fengin fyrir, og að öðrum kosti með því, að láta tvo menn, sem sjerstaklega þar til verða kvaddir, meta skaðann.

Þeir menn, sem til þessa eru kvaddir, fá í fæðispeninga 4 kr. hvor; standi gjörðin lengur yfir en 8 klukkustundir, fá þeir fæðispeninga fyrir 2 daga; skulu þeir greiddir af brunastjórninni.

22. grein.

Það er skylda hvers og eins, þegar eldsvoði verður, að láta þá aðstoð í tje, til þess að slökkva eldinn, sem hann getur, ef slökkviliðs-stjórnin krefst þess, hvort heldur með því, að hann sjálfur leggur verk til, eða hann lætur af hendi við slökkviliðs-stjórnina vatnsforða, slökkvitól, hesta, vagna eða aðra hluti. Fyrir þær skemmdir, sem áhöld þau og hlutir, sem notaðir hafa verið, kynnu að verða fyrir við það, getur hlutaðeigandi heimtað skaðabætur af slökkviliðs-stjórninni.

23. grein.

Enginn má við eldsvoða undir nokkru yfirskyni ryðjast inn fyrir verði þá, sem settir eru til þess, að bægja óviðriðnum mönnum frá þeim stað, þar sem bruninn er, eða skorast undan, að hlýða fyrirmælum lögreglu-

stjórnarinnar eða slökkviliðs-stjórnarinnar um það, að víkja burtu frá svæði því, sem þannig er innibyrgt. Sjerhver sá, sem verður brotlegur í því, skal þegar tekinn fastur.

24. grein.

Enginn má við eldsvoða, nema slökkviliðs-stjórnin leyfi það, kasta hlutum út úr húsum eða gluggum ofan á stræti, torg eða í húsgarða, þar sem slökkviliðið er við starf sitt, eða menn fyrir.

25. grein.

Með húsum þeim, sem eru svo skammt frá brunanum, að hætt sje við, að eldurinn læsi sig í þau, eða neistaflug nái til, skal eigandinn eða sá, sem kemur í hans stað, vera skyldur að hafa nákvæmt eptirlit, og skal hann þar að auki gjöra allt, sem í hans valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir, að kvikni í húsunum, og sömuleiðis í tækan tíma skýra slökkviliðsstjórninni frá, ef hætta vofir yfir.

26. grein.

Enginn getur meinað brunamálanefndinni eða þeim, sem eru útsendir af henni, inngöngu á lóð sína eða í hús sitt, þegar þeir koma til þess að halda rannsóknir, til þess að sjá um, að því verði fylgt, sem fyrirskipað er í lögum þessum, og er sjerhver húseigandi skyldur til að sýna fram slökkvitól þau, sem eiga að fylgja eigninni, þegar þess verður krafizt af brunamálnefndinni eða þeim, sem hún hefur útsent.

27. grein.

Skipanir þær og forboð þau, sem út ganga frá brunamálanefndinni, til þess því verði fullnægt, sem mælt er fyrir um í lögum þessum, skulu, þegar þess verður krafizt af þeim, er skipunin eða forboðið á við, vera byggð á áliti, sem rök sjeu leidd að um það, hvernig kringumstæðunum á þeim stað er varið, hvort þær sjeu þannig, að hætt sje við eldsvoða, og hvort nauðsyn sje til að gjöra breytingu á því, og skal þá einnig eptir því, sem á stendur, skýrt frá, hvernig það skuli gjört.

Úrskurði brunamálanefndarinnar má bera undir landshöfðingja, en enginn getur með því, að bera sig upp við landshöfðingja, komið sjer hjá að hlýða úrskurði brunamálanefndarinnar í bráð.

28. grein.

Með afbrot gegn lögum þessum, að svo miklu leyti sem þau eigi koma undir hin almennu hegningarlög, svo og brot gegn reglugjörðinni um brunamál kaupstaðarins, og þeim skipunum og forboðum, sem út gengin eru frá brunamálanefndinni, skal farið sem opinber lögreglumál, og liggja sektir við, sem sjeu allt að því 200 krónur, eða einfalt fangelsi í allt að því 2 mánuði. Sektirnar renna í sjóð kaupstaðarins.

29. grein.

Í þeim málum, sem hafin verða gegn einhverjum út af því, að hann eigi hafi hlýðnazt skipunum eða forboðum brunamálanefndarinnar, skal með dóminum beita þeirri venjulegu þvingun, sem lög leyfa. Áliti brunamálanefndin, að eitthvað sje eptir ásigkomulagi sínu svo brunahætt, að gjöra skuli breytingu á því þegar í stað, til þess almenningi eigi sje nein hætta búin af því, og ef sá, sem hlut á að máli, eigi þegar í stað hlýðnast því, sem honum verður lagt fyrir í því tilliti, skal lögreglustjórnin skyld til, eptir beiðni brunamálanefndarinnar og á hennar ábyrgð, að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, með því að beita beinlínis valdi sínu.

30. grein.

Landshöfðingi skal hafa heimild til, að gjöra breytingar þær á þeim reglum, sem snerta lögreglustjórn á brunamálum og viðauka þá við þær, sem reynslan sýnir að þörf sje á, og skal þá í hvert skipti gefa út um það almenna auglýsingu.

31. grein.

Þessi lög öðlast gildi 1. janúar 1876.

Athugasemdir
við lagafrumvarp þetta.

Eptir að búið er að taka Reykjavíkurkaupstað í brunabótafjelag hinna dönsku kaupstaða, þykir það nauðsynlegt, að skipað verði svo fyrir um brunamál hans, að þau, svo sem unnt er eptir hvernig tilhagar þar á

staðnum, verði samsvarandi því, sem fyrirskipað er um brunamál í hinum dönsku kaupstöðum. Eptir að leitað hefur verið álits bæjarstjórnarinnar í Reykjavík um það mál, er lagafrumvarp það, sem prentað er að framan, samið, til þess það verði lagt fyrir alþingi, og er það í öllum verulegum atriðum sniðið eptir lögum þeim frá 21. marz 1873, sem gilda um tjeða kaupstaði.

Af hinum helztu breytingum, er gjörðar hafa verið frá tjeðum lögum, skal nefna það, að hjer er að nokkru leyti sleppt 1., 3. og 4. gr., með því þegar er búið að segja fyrir um það, sem þar er fyrirskipað með tilsk. um ábyrgð fyrir eldsvoða á Reykjavíkurkaupstað og fl. 14. febrúar 1872 og reglugjörð þeirri, sem gefin er út samkvæmt þeirri tilskipun.

2. liður í 3. gr. er nýr. Í 4. og 5. gr. eru ákvarðanirnar í 8.—11. gr. laganna frá 1873 dregnar saman, og er þar að auki bætt við einstöku ákvörðunum um reykháfa og eldstór samkvæmt lögum 30. desembr. 1858, 15. gr. Eptir uppástungu bæjarstjórnarinnar er eptir orðin «annað eldsneyti má eigi» í 6. gr. frumvarpsins, sem að öðru leyti er samsvarandi 12. gr. í lögunum frá 1873, sleppt þessum orðum «að svo miklu leyti sem það (eldsneytið) eigi er ætlað til heimilis nauðsynja og daglegrar atvinnu», með því af þessari undantekning mundi leiða, að í Reykjavík, þar sem mór helzt er hafður sem eldsneyti, yrði mjög miklir móhlaðar settir upp við húsin.

Með því eigi eru í Reykjavík verksmiðjur þær, sem nefndar eru í 17. gr. laganna frá 1873, og sem eru sjerstaklega brunahættar, er eigi fundin ástæða til, að taka upp í frumvarpið ákvarðanir um þær í 17.—19. gr. tjeðra laga, en í 9. gr. frumvarpsins virðast vera settar nægilega tryggjandi reglur, ef til þess skyldi koma, að slíkar verksmiðjur yrðu stofnaðar.

Í 12. gr. frumvarpsins er reglan í 20. gr. laganna frá 1873 látin gilda um minni smíðahús með því að sleppa orðunum «handa fleiri en 2 erfiðismönnum» í upphafi greinarinnar.

Ákvarðanir í 13. gr. frumvarpsins um slökkvitól þau, sem húseigendur skulu vera skyldir til að útvega á eigin kostnað, eru nýjar og hefur bæjarstjórnin fallizt á þær.

Í 25. gr, er samkvæmt grundvallarreglunni í hinum almennu hegningarlögum 25. júní 1869 31. gr. sektirnar færðar niður um helming við það, sem ákveðið er í lögunum frá 1873.

FYRSTA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 5. fundi efri þingdeildarinnar, 8. dag júlímán., kom samkvæmt dagskránni til 1. umræðu frumvarp til laga um brunamál í Reykjavík.

Eiríkur Kúld kvaðst hafa lesið frumvarp þetta með athygli, en treysti sjer eigi til að gjöra neinar breytingar við það; færi það að vonum, þar sem málið hefði verið borið undir bæjarstjórn Reykjavíkur, er hlyti að vera málinu þess vegna langt um kunnugri; ætlaði hann því, að það væri eigi til annars en tefja tímann, ef málinu væri eigi þegar vísað til 2. umræðu.

Forseti leitaði því næst atkvæða um það, fyrst eigi tóku fleiri til máls, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt með 10 atkvæðum; en aptur var ráðið frá nefnd í málinu með 10 atkvæðum gegn 1.

ÖNNUR UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 7. fundi efri þingdeildarinnar, 10. dag júlímán., kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu frumvarp til laga um brunamál í Reykjavík, og höfðu engar breytingaruppástungur við það komið fram.

Fyrst engir tóku til máls, voru þá fyrst bornar upp til atkvæða hinar einstöku greinir frumvarpsins, og var hver þeirra um sig samþykkt með meiri hluta atkvæða. Var síðan frumvarpið í heild sinni borið upp til atkvæða,

hvort það skyldi ganga til 3. umræða. Var það samþykkt í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 13. fundi efri þingdeildarinnar 17. dag júlímán., kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu frumvarp til laga um brunamál í Reykjavík.

Án allra umræðna var í því máli gengið til atkvæða, og frumvarpið í heild sinni þá samþykkt í einu hljóði. Lýsti þá forseti því, yfir að það yrði sent forseta hinnar neðri deildar þingsins.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 17. fundi neðri deildar alþingis, 21. dag júlímánaðar, var samkvæmt dagskránni tekið frumvarp til laga um brunamál í Reykjavík, eins og það kom frá efri deildinni til fyrstu umræðu, og þar enginn tók til máls, var gengið þegar til atkvæða og samþykkt í einu hljóði, að málið skyldi ganga til 2. umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA.
í neðri deild alþingis.

Á 19. fundi neðri deildar alþingis, 24. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu, frumvarp til laga um brunamál í Reykjavík.

Um málið varð engin umræða, og var frumvarpið lesið upp og það samþykkt í einu hljóði og sömuleiðis að málið skyldi ganga til 3. umræðu.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

A 21. fundi neðri deildar alþingis, 27. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til þriðju umræðu frumvarp til laga um brunamál í Reykjavík.

Engin umræða varð um það mál. Var því næst frumvarpið samþykkt í einu hljóði og fyrirsögnin án atkvæðagreiðslu, frumvarpið skyldi nú sent landshöfðingja.

XI.

FRUMVARP

til laga, um breytingar á ákvörðunum þeim, er tilskipun um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi og því, sem þeim fylgir, 24. júlí 1789, hefur inni að halda.

1. grein.

Þegar úttektir þær á brauðum, sem getið er um í tilskipun um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi og því, sem þeim fylgir, 24. júlí 1789, fara fram, skal það vera undir prófastinum komið, hvort og að hve miklu leyti gjörðin skuli ná til ljensjarðanna og kirkjujarðanna; þó skal presturinn, sem við tekur, hafa rjett á að heimta, að úttekt sje gjörð, enda þótt prófasti virðist hún óþörf, en þá skal hann einsamall greiða kostnaðinn, sem af því ris, nema því að eins að presturinn, sem fer frá, hafi vanbirt að gjöra tilhlýðilegan skriflegan samning um bygging á jörðunni, enda þótt honum hafi verið gjört það að skyldu.

Þegar taka skal út ljensjörð eða kirkjujörð, sem er í öðru prófastsdæmi, skal prófastur skýra biskupi frá því, og skal hann þá fela prófastinum í því prófastsdæmi, þar sem jörðin er, að framkvæma gjörðina.

2. grein.

Fyrir tjeðar úttektir skal auk ferðakostnaðar eptir reikningi enn fremur gjalda prófasti í fæðispeninga 3 kr. um hvern dag, sem hann gjörðarinnar vegna er fjærverandi frá heimili sínu. Skoðunarmönnum þeim, eða yfirskoðunarmönnum, sem nefndir eru í tilsk. 24. júlí 1789, 3. og 4. gr., skal borga

2 kr. hverjum um hvern dag, sem þeir eru við gjörðina. Þegar til taka á fæðispeninganna og ákveða endurgjaldið fyrir ferðakostnaðinn, skal fara eptir því, sem fyrir er mælt í aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi, 10. sept. 1830, 15. og 16 gr.

Fyrnefndan kostnað skal greiða á þann hátt, sem ákveðið er í 6. gr. áður nefndrar tilskipunar, þannig að presturinn, sem fer frá, og presturinn, sem tekur við, borgi sinn helminginn hvor, en samt með þeirri tilbreytingu, er leiðir af því, sem fyrir er mælt í 1. grein hjer að framan.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfir því hefur opt verið kvartað, hversu fjarri það fari, að endurgjald það, sem með tilskipun 24. júlí 1789 er veitt hjeraðsprófóstum fyrir að gjöra brauðaúttektir þær, sem getið er um í tilskipuninni, samsvari þeim kostnaði, er prófastarnir í rauninni hafa, sjer í lagi þegar gjörðin skal fram fara í fjarlægri sókn, þar sem 6. grein í tilskipuninni, auk viðurværis, að eins veitir hlutaðeiganda prófasti 1 rd. fyrir fyrsta daginn, 64 sk. þann næsta, 32 sk. fyrir þriðja daginn, og ekkert framar; auk þess er þóknun sú, 12 sk. á dag, sem veitt er skoðunarmönnunum með tjeðri grein fyrir framkvæmd á skoðunargjörðum þeim, sem eru samfara nefndum úttektum, langtum minni en venjuleg daglaun á Íslandi nú á tímum. Hefur því stjórnarráðinu virzt að reyna ætti til, að laga gjöld þessi yfir höfuð. Þegar verið var að semja um þetta við stjórnarvöldin á Íslandi, kom það því næst fram, að úttektirnar samkvæmt gamalli venju ná eigi til ljens- og kirkjujarða, þegar allt er í lagi, er snertir bygging þeirra, svo prestakallið og kirkjan á ekkert á hættu, þótt presturinn sem tekur við, taki við jörðunum án sjerstakrar úttektar. Með því þessi venja hefur eigi lítinn sparnað í för með sjer fyrir þá, sem í hlut eiga, þar sem kirkjujarðirnar opt eru margar og langt á milli þeirra, hefur þótt rjettast, að gjöra hana að lögum við þetta tækifæri, þannig að það yrði falið prófastinum á hendur, að gæta þarfa hins opinbera með því að rannsaka hin skriflegu byggingarbrjef, sem umboðsstjórnin eptirleiðis mun leggja prestunum fyrir ávallt að gefa út fyrir jörðum þessum. Að endingu skal þess getið, að það mun bæði verða sparnaður fyrir þá, sem í hlut eiga, og veita meiri trygging fyrir því, að nefndar úttektir sjeu áreiðanlegar, ef hlutaðeiganda prófasti verður gjört að skyldu, þegar ljens- eða kirkjujörð sú, sem taka skal út, er í öðru prófastsdæmi, að senda biskupi skýrslu um það, til þess að hann því næst geti falið prófastinum í því prófastsdæmi, þar sem jörðin er, að framkvæma gjörðina.

Samkvæmt því, sem hjer er talið, hefur stjórnarráðið látið semja frumvarp það, sem prentað er hjer að framan, og skal að öðru leyti um hinar einstöku greinir þess geta þess, sem hjer segir.

Um 1. grein.

Þó prófasturinn fyrir hönd kirkjunnar og prestakallsins eigi að gjöra út um, hvort þörf sje á, að sjerstök úttekt fram fari á jörðunum, virðist það samt eiga að vera þeim presti heimilt, sem tekur við, að heimta, að gjörðin fram fari, þótt prófasturinn álíti hana óþarfa, en ef það kemur fyrir, virðist sá prestur, sem frá fer, eða bú hans einungis eiga að taka þátt í kostnaðinum við úttektina, ef hann hefur látið hjá líða að gjöra tilhlýðilegan skriflegan samning um bygging á jörðinni, þótt honum hafi verið gjört það að skyldu.

Um 2. grein.

Þar sem stungið er upp á því í þessari grein, að prófasturinn auk ferðakostnaðar eptir reikningi enn fremur skuli hafa í fæðispeninga 3 kr. um hvern dag, sem hann gjörðarinnar vegna er fjærverandi frá heimili sínu, þá er stærð fæðispeninganna samsvarandi því, sem í aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830 15. grein er veitt dómendum í einkamálum, og með því það að minnsta kosti er venjulegt, að embættismenn fái einnig fæðispeninga fyrir þá daga, er gjörðin fer fram, og þetta að nokkru leyti er samhljóða tilskipun 24. júlí 1789, 6. grein, hefur eigi

þótt ástæða til, að einskorða fæðispeninga prófastanna við þá daga, sem þeir eru á sjálfri ferðinni. Skoðunarmönnunum er veitt 2 kr. þóknun um hvern dag, og eru það venjuleg daglaun til sveita, og með því engin þar að lútandi ákvörðun er í tilskipun 24. júlí 1789, er það skýlaust tekið fram, að sama þóknun skuli veitt yfirskoðunarmönnunum. Aptur á móti er hvorki skoðunarmönnum nje yfirskoðunarmönnum veitt endurgjald fyrir ferðakostnað, þar eð svo er ráð fyrir gjört, að til þess verði teknir bændur, sem í nánd búa.

FYRSTA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 5. fundi efri þingdeildarinnar, 8. dag júlímán., kom samkvæmt dagskránni til fyrstu umræðu frumvarp til laga um breytingar á ákvörðunum þeim, er tilskipun um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi og því, sem þeim fylgir, 24. júlí 1789, hefur inni að halda.

Ólafur Pálsson kvað mál þetta ekki umfangsmikið, og áleit eigi þurfa að setja nefnd í það, en áskildi sjer að gjöra viðauka við frumvarpið, þegar til 2. umræðu kæmi.

Eiríkur Kúld gat þess, að kjör viðkomandi embættismanna í því efni, er frumvarpið ræðir um, væru eigi sem bezt. Á þessu stigi málsins ætlaði hann að vísu eigi að ræða hinar einstöku greinir þess, en mundi þó síðar gjöra nokkrar breytingar, svo sem, að fastar væri ákveðið um endurgjald það, sem nefnt væri í 2. grein frumvarpsins, og gæti hann eigi fallizt á það, sem fyrir er mælt í aukatekjureglugjörð frá 10. sept. 1830, 15. og 16. gr., þar sem honum væri kunnugt, að viðkomandi embættismenn opt hefðu engan veginn orðið skaðlausir af þess konar ferðum sínum. Vildi hann t. d. til taka 2 krónur á dag fyrir hest, og ákveðna borgun fyrir fylgdarmann. Að öðru leyti mundi hann síðar orða betur þessa uppástungu sína, og legði nú það að eins til, að nefnd væri kosin í málið.

Þórður Jónasson var einnig á því, að málið kæmi í nefnd, þar eð margt væri í því, sem yfirvegunar þyrfti við, og málið mikið umvarðandi í sjálfu sjer. Úttektir á prestaköllum hefðu, eins og þær nú gangast við, ýmsa annmarka, og sjer í lagi væri það atriði til greina takandi, að ekkert væri skipt sjer um úttekt kirkjujarðanna, og vildi hann því, að prófastum væri gjört að skyldu að taka þær út um leið og brauðið. Það væri að vísu bundið kostnaði, en hann kæmi svo sjaldan að. Jarðirnar færu í vanrækt, þegar aldrei er eptir þeim litið, og kemur það stundum fram, t. d. þegar prestsekkja á ábúðarrjett á einhverri af kirkjujörðunum, því hún kemur stundum svo að, að hún ekki getur komizt þar inn í húsin, nema með því að byggja upp jörðina á sinn kostnað. Það væri sanngjarnt og rjett, að prófastar fái breytingu á borgun fyrir starfa sinn í þessu efni; þeir kunna að hafa fengið hana um það leyti, er tilskipun 1789 kom út, en nú næði hún engri átt, en með þessu lagaboði yrði góð og æskileg breyting í þessu atriði. Hann áliti einnig, að það eigi að gjöra prófstum að skyldu að taka út jarðirnar, um leið og þeir tækju út sjálft bráuðið, og að áminna prestinn að annast um góða ábúð á kirkjujörðunum sína embættistíð.

Torfi Einarsson hafði ætlað að frumvarp þetta væri gott og gilt, og áliti því nefnd ónauðsynlega; en hvað kostnaðinn snerti við úttektir þessar, vildi hann benda á, að spara yrði landsins fje, og væri hann því mótfallinn því, að færa ferðakostnaðinn upp; aukatekju-reglugjörðin væri líka jafngömul fyrir hreppstjóra og úttektarmenn og prófastana (Ó. Pálsson: það er tekið fram í frumvarpinu); kvaðst hann þá ekki fara fleirum orðum um það að sinni.

Benidikt Kristjánsson kvað það máske þykja undarlegt eptir sinni stöðu, að hann mælti móti nefnd í þessu máli; því sjer þætti það vera, sem að smíða langan skó á lítinn fót, ef nefnd yrði sett; vildi hann yfir höfuð lítlu breyta, en lagfæra þó sumt með viðauka-atkvæðum.

Sighvatur Árnason gat þess viðvíkjandi því, er hinn 1. konungkjörni þingmaður

hafði mælt, að, ef fara ætti út í úttektir kirkjujarða, yrði málið æði-umfangsmikið, og mundi þá eigi veita af að setja nefnd í það; en að öðrum kosti væri hann mótfallinn því, að nefnd yrði sett.

Jón Hjaltalín var samdóma hinum 1. konungkjörna þingmanni í því, að prófastum væri gjört að skyldu að hafa nákvæmt eptirlit með úttekt og byggingu kirkjujarða, því að það væri allt of almennt, að jarðir þessar væru illa setnar og hús þeirra niðurnídd; gæti hann til fært þess mörg dæmi, án þess að nafngreina nokkra, því að «nomina sunt odiosa». Væri hann því með því, að nefnd yrði sett í málið.

Ólafur Pálsson gat þess, að það mundi byggt á misskilningi, að almenn regla væri, að ekkert tillit væri haft með úttekt kirkjujarða og ábúð. Þvert á móti hefði hann fyrir sjer 20 ára reynslu í því, að hið gagnstæða ætti sjer stað, og að kirkjujarðir væru á stundum teknar út um leið og prestssetrið, en ætíð gengið eptir því, hvernig ábúð væri á þeim.

Stefán Eiríksson kvaðst ekki geta verið með nefnd í þessu máli; frumvarpið væri í sjálfu sjer auðskilið og greinilegt, og tæki allt það fram, sem nauðsynlegt væri í þessu tilliti. En viðvíkjandi því, er þingmaður Barðstrendinga hefði sagt, að launin væru fremur of lág, þá þætti sjer það ísjárvert að hækka þau, því það gæti t. a. m. orðið tilfinnanleg borgun fyrir fátækan prest, sem kæmi að fátæku brauði, að borga prófasti meira en frumvarpið til tekur, því það er margur prófastur, sem þarf að ferðast áfram til úttökustaðarins 4 til 5 daga, og því er þetta gjald, sem hjer um ræðir, fulltilfinnanlegt fyrir fátæka presta.

Eiríkur Kúld kvað þingmann Skaptfellinga framar venju hafa misskilið sig, þar sem meining sín eigi hefði verið, að launin væri hækkuð, heldur að ferðakostnaðurinn væri nákvæmar og ríflegar tiltekinn. Hvað það snerti, er þingmaður Strandasýslu hefði talað um, að spara yrði í öllu vegna landssjóðsins, þá vildi hann benda honum á, að hjer væri eigi að ræða um borgun úr landssjóði, heldur frá einstökum mönnum. En viðvíkjandi því, er hinn 1. konungkjörni þingmaður hefði farið fram á, að prófastum yrði gjört að skyldu, að sjá um úttekt og ábúð kirkjujarða, þá ætti slíkt sjer jafnan stað, ef þörf krefði, eða ábúandi mætti álítast óáreiðanlegur.

Ásgeir Einarsson kvað sjer ekki ljóst, hvort hinn 1. konungkjörni hefði ætlazt til, að skoðun prófasta á kirkjujörðunum skyldi fara fram á hverju ári eða einungis við úttekt, því ef það ætti að vera á hverju ári, líkt og umboðsmenn eiga að gjöra, mundi það verða erfitt og kostnaðarsamt, og hann gæti ekki sjeð, að frumvarpið meinti það. En að því er frumvarpið snerti, væri hann á móti nefnd, þar eð breytingum mætti við koma án hennar.

Forseti leitaði því næst atkvæða um, fyrst eigi fleiri tóku til máls, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu, og var það samþykkt. Leitaði hann því næst atkvæða um, hvort nefnd skyldi kjósa í málið. Var því neitað.

BREYTINGAR- OG VIÐAUKAUPPÁSTUNGUR

við frumvarp til laga um breytingar á ákvörðunum þeim, er tilskipun um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi, og því, sem þeim fylgir, 24. júlí 1789, hefur inni að halda.

1. Breytingaruppástunga frá Eiríki Kúld, þingmanni Barðstrendinga.

Að í 2. grein frumvarpsins orðin: «þegar til taka á . . . 16. gr.» falli burt, og í þess stað komi: «þegar meta skal ferðakostnaðinn, skal fara eptir því, sem fyrir er mælt í aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi 10. septbr. 1830 15., og 16. gr., þó svo að eigi sje borgað meira en 2 krónur fyrir hest um daginn og 3 krónur fyrir dag hvern fyrir fylgdarmann prófastsins».

2. Viðaukauppástunga
frá Ólafi Pálssyni, 6. konungkjörnum þingmanni.

1. að inn í fyrirsögn frumvarpsins á eptir orðunum: «sem þeim fylgir» verði bætt: «samt innsetningu presta».
2. að bætt verði aptan við frumvarpið sem 3. grein:

«Fyrir innsetningu prests bera prófasti 4 krónur, og takist hann ferð á hendur eingöngu til þess, þá ferðakostnaður, eins og fyrir er mælt í 2. grein. Sá kostnaður greiðist af hinum innsetta presti, móti endurgjaldi af sjóði kirkju eða kirkna prestakallsins».

---

3. Viðaukauppástunga
frá Benidikt Kristjánssyni, 1. þingmanni Þingeyinga.

Að við fyrri hluta 1. *greinar*, á eptir orðunum: «hafi verið gjört það að skyldu», verði bætt: «eða ef sú raun verður á, að kirkjujörð sje leigð þeim ábúanda, sem eigi sje fullveðja fyrir ábúð jarðarinnar».

ÖNNUR UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 7. fundi efri þingdeildarinnar, 10. dag júlímán., var frumvarp þetta samkvæmt dagskránni tekið til annarar umræðu.

Benidikt Kristjánsson kvaðst eigi finna sjerstaklega ástæðu til að fara mörgum orðum um viðaukauppástungu sína; hún væri að minnsta kosti meinlaus. Heldur eigi fyndi hann sig knúðan til að mæla (beinlínis) á móti breytingaruppástungu þingmanns Barðstrendinga eða viðaukauppástungu hins 6. konungkjörna þingmanns.

Sighvatur Árnason kvað mundi sannast hjer máltækið: «að hver væri sjálfum sjer næstur», þar sem sumar breytingaruppástungur við þetta mál, sem kæmu nú rjett á eptir hinu felldu eptirlaunamáli sínu, væru stýlaðar í eiginn hag. Sjer virtist nefnilega, að breytingaruppástunga þingmanns Barðstrendinga færi fram á, að bæta kjör prófasta, þar sem talað væri um að hækka laun þeirra fyrir ferðir þeirra, en sú borgun lenti á prestunum, er gjarnast væru fátækir, er þeir kæmu að brauðunum, og með því bætt kjör hins efnaðri úr vasa þess fátækari, því prófastarnir sætu optast á beztu brauðum í prófastsdæmi sínu. Í rauninni þætti sjer ekki borgunin til prófastanna í sjálfu sjer of há, en það yrði að gá að því, að prófastarnir mega gjarnan eins og margir aðrir í sveitabjeruðum vinna fyrir væga borgun. Viðvíkjandi viðaukaatkvæði hins 6. konungkjörna þingmanns um innsetningargjaldið, þá virtist sjer hið sama verða ofan á, að velta byrðinni yfir á hina miðurmegnandi, því það væri líka eptir uppástungunni að auka gjald á prestunum eða kirkjunum. En að því er snerti viðaukauppástungu þingmanns Þingeyinga, þá vildi hann mæla með henni, því að hann gæti ekki neitað því, að það ætti sjer því miður of opt stað, að þessar opinberu jarðir væru illa setnar, eins og sumar aðrar, en hann vildi ekki mæla trössunum bót.

Stefán Eiríksson kvað rjettast mundu að fylgja frumvarpinu, því þó að kostnaðurinn eptir ákvörðun frumvarpsins að vísu gæti orðið nokkuð hár, þá yrði hann þó, ef tekin væri upp borgun sú, er breytingaruppástunga þingmanns Barðstrendinga færi fram á, enn hærri, og töluvert hærri en eptir aukatekjureglugjörðinni af 10. sept. 1830. Vildi hann taka til dæmis, að prófastur væri á ferðinni 6 daga fram og til baka, og það yrðu 18 kr.; vanalega hefði prófastur 2 hesta, og nú ætti að vera 2 kr. fyrir hestinn dag hvern; það yrðu 24 kr.; síðan fylgdarmaður, er hafa ætti 3 krónur á dag; það yrðu 18 krónur; loks ættu skoðunarmenn að hafa 2 krónur hvor, ef úttektin stæði í 2 daga, yrðu það 8 krónur, allt svo til samans 68 krónur, og yrði þetta tilfinnanlegur kostnaður á fátæku brauði fyrir komandi og farandi prest. Þingdeildin gjörði því rjettast í að fella uppástunguna, ef þingmaðurinn tæki hana ekki aptur.

Landshöfðingi kvaðst ætla að fara fáeinum orðum um þetta frumvarp til breytingar á tilskipun 24. júlí 1789, í sambandi við breytingar þær, er á því hefðu verið gjörðar. Hvað snerti viðaukauppástungu hins 6. konungkjörna þingmanns, þá væri hún alveg óaðgengileg, og snerti allt annað, en frumvarpið færi fram á; í annan stað væri hún með tilliti til innsetningarlaunanna óþörf, því að eptir kansellíbrjefi 15. júní 1830 mættu prófastar heimta 4 krónur fyrir innsetningu presta, og yrði hann því að ráða frá henni. Hvað snerti viðaukauppástungu þingmanns Þingeyinga við 1. gr., þá væri hún í góðri samkvæmni við frumvarpið, og vildi hann því mæla fram með henni. Að því er snerti breytingaruppástungu varaforseta við 2. grein, þá væri orðabreytingin við síðasta lið hennar óþörf, því að eptir aukatekjureglugjörð frá 10. sept. 1830, 15. og 16. gr., mundi líklega aldrei verða spursmál um meira en 2 krónur á dag fyrir hestinn: vildi hann því skjóta því til hins heiðraða þingmanns, hvort hann við 3. umræðu vildi ekki sleppa út úr orðunum: «þó svo að eigi» o. s. frv.

Eiríkur Kúld kvaðst þó verða að vera á þeirri skoðun, að breytingaratkvæði sitt væri eigi með öllu ástæðulaust, þar sem sjer hefði virzt það geta miðað til að fyrirbyggja gjörræði; því að hugsazt gætu þeir menn, er heimtuðu meiri og það ósanngjarna borgun, og þá hefði meining sín verið sú, að fyrirbyggja, að fram úr því mætti fara, er ákveðið væri í breytingaruppástungu sinni. Hvað það snerti, að ráðið hefði verið frá að taka til greina viðaukauppástungu hins 6. konungkjörna þingmanns, þá gæti hann eigi verið á sama máli um það. Að vísu gæti fallið saman innsetning prestsins og úttekt brauðsins, og þá væri ekki um neinn sjerstakan kostnað að ræða, en sjer þætti það aptur ósanngjarnt, þegar prófastur þyrfti að takast langa ferð á hendur eingöngu vegna innsetningar, að hann þá fengi eigi endurgoldinn hæfilegan ferðakostnað. Hann yrði og að svara þingmanni Skaptfellinga, sem hefði ógnað, að teknar yrðu 2 krónur fyrir hest prófasts, því, að slíkt mundi þó eigi meira, en meðalmóhestsleiga hjer í Reykjavík. Hann kvaðst eigi heldur geta samsinnt þingmanni Rangæinga í því, að hjer væri verið að ýta frá hinum ríku á hina fátæku, því að prófastar þyrftu alls eigi að vera ríkari en prestar; svo væri það og prófastins eiginn hagur, að gæta allrar sanngirni í því efni. Að öðru leyti vildi hann eigi halda fast fram þessari uppástungu sinni.

Sighvatur Árnason kvað óheppilega stefnu koma hjer fram; hjer væri semsje verið að berjast fyrir, að hækka laun fyrir smásnúninga embættismanna, og ef farið væri út í þá sálma, þá væri hætt við, að fleira fyndist, sem eigi þætti nje væri nægilega borgað, og stundum alls ekkert. Væri það spá sín og ímyndun, að seinna meir mundi, ef til vildi, heyrast raddir í sömu stefnu bæði frá einum og öðrum, sem hefðu litla eða enga borgun fyrir starfa sinn í opinberri þjónustu. Mundi það að minnsta kosti geta orðið eins útdráttarsamt fyrir landssjóðinn, eins og þó hinn áður umræddi 200—400 kr. eptirlaunastyrkur væri veittur. Prófastarnir væru því að eins prófastar, að minnsta kosti í sveitahjeruðunum, að þeir væru menn færir og fleygir til að sjá fyrir sjer og sínum, samt ætti að bæta kjör þeirra, en uppgjafaekkja fær ekki einskilding.

Ólafur Pálsson kvaðst eigi geta skilið, að viðaukaatkvæði sitt ætti eigi skylt við málið; hún væri eptir sinni meiningu í föstu samanhengi við frumvarpið, og miðaði einmitt til þess, að glöggva upp hina gömlu ákvörðun í því efni. Sjer fyndist eptir anda frumvarpsins alls eigi ósanngjarnt, þó ferðakostnaðurinn við innsetningu presta væri áskilinn jafnt og við úttekt, en öðru máli væri að gegna, ef þetta tvennt fjelli saman, og fyndi hann því eigi ástæðu til að falla að svo komnu frá uppástungu sinni. En viðvíkjandi orðum þingmanns Rangæinga, virtist sjer undarlegt, að, þótt mál það, er hann hefði borið upp, hefði ekki gengið að óskum, þá skyldi annað mál gjalda þess og þess vegna

eiga að fyrirbyggja, að öðrum væri rjettur gjör.

Bergur Thorberg kvað það líta svo út, sem þingmaður Rangæinga tæki sjer þetta mikið nærri; hann hefði og á ótilhlýðilegan hátt sett mál þetta í samband við annað mál, er þingdeildin væri búin að útkljá. Hjer væri um embættismenn að ræða, er hefðu áríðandi störfum að gegna, en væru launalausir yfir höfuð. Sjer fyndist sanngjarnt, að fyrir sjerstakleg embættisverk þeirra kæmi í aðra hönd sæmileg borgun. Virtist sjer fyrir sitt leyti, að frumvarpið mætti samþykkjast óbreytt, og færi það fram á hina allraminnstu borgun í því, er hjer ræddi um. Hvað snerti breytingu þá við frumvarpið, er varaforseti hefði stungið upp á, virtist sjer hún eigi skemma, en væri þýðingarlítil og reyndar óþörf. Hvað viðaukauppástungu hins 6. konungkjörna þingmanns snerti, þá gæti hann vel fellt sig við hana, þótt hún eiginlega ætti ekki skylt við frumvarpið; en gæti þó hæglega komizt inn í það, ef fyrirsögninni væri breytt, eins og uppástungumaður hefði gjört ráð fyrir.

Sighvatur Árnason sagðist vilja svara hinum 6. konungkjörna þingmanni því, að hann hefði einmitt tekið fram, að borgunin væri í rauninni lítil, en hefði álitið óráðlegt að hækka borgun fyrir smáverk í hjeruðum af þeim ástæðum, sem hann hefði tekið fram; menn yrðu að sníða sjer stakk eptir vexti bæði í stóru og smáu, og margir væru þeir aðrir í hjeruðum, bæði hreppstjórar, hreppsnefndarmenn o. fl., er ynnu fyrir lítla eða enga borgun, eins og hann hefði áður tekið fram. Hann kvaðst eigi ætla að svara hinum 3. konungkjörna þingmanni því, er hann hefði sjerstaklega beint að sjer, en þó yrði hann að ætla, að slíkt hefði áður komið fyrir á þingum og í mikið stærri stýl, en þar sem hann hefði sagt, að prófastar væru með öllu launalausir fyrir störf sín, þá væri það eigi alveg rjett, því að það mundi hann þó vita, að prófastar hefðu laun fyrir kirkjuskoðanir, sem í sumum hjeruðum að minnsta kosti borgaði sig vel út af fyrir sig.

Ólafur Pálsson kvað það að vísu satt, að kirkjuvitjanir væru borgaðar, þó væri efasamt, hvað sumstaðar væri úr býtum borið fyrir þær, þegar þeim ferðum væri lokið. Svo ætlaði hann og, að hinum heiðraða þingmanni væri fremur óljóst, hverjum störfum prófastar hefðu að gegna; það væri meira en að rölta um kirkjurnar; þeir hefðu umfangsmikil skrifstofustörf, er þeir fengju ekkert endurgjald fyrir, og yrðu jafnvel að kaupa alla prótókolla sjálfir, og færu störf þeirra æ vaxandi.

Sighvatur Árnason kvaðst vel hafa vitað þetta, en hlyti þó að efast um, hvort þeir hefðu meira að gjöra en sumir aðrir, hvað skrifstörfum viðviki, t. d. hreppstjórarnir; um þau störf væri sjer kunnugt, og mundu þau þar að auki eigi síður fara vaxandi með ýmsar skriptir en störf prófasta.

Ólafur Pálsson kvaðst þó ætla, að flestum mundi það ljóst, að prófastsstörfin væru mun umfangsmeiri, og hann hefði í öllu falli átt svo mikið við hreppstjórnarskriptir, að sjer væri það kunnugt.

Forseti kvaðst, fyrst eigi fleiri tækju til máls, vilja bera undir atkvæði þingmanna:

1. Viðaukauppástungu þingmanns Þingeyinga við 1. gr. frumvarpsins. Var hún þá samþykkt með 10 atkv.
2. Var þá borin upp 1. grein með áorðinni breytingu. Samþykkt með 10 atkvæðum.
3. 2. grein borin upp óbreytt (því þingmaður Barðstrendinga hafði tekið aptur breytingaruppástungu sína), og var hún samþykkt í einu hljóði.
4. Þá var borin upp til atkvæða hin viðbætta 3. grein (samkvæmt uppástungu hins 6. konungkjörna þingmanns). Var hún samþykkt með 7 atkvæðum.
5. Var þá borin upp til atkvæða fyrirsögn frumvarpsins breytt samhljóða 3. grein. Var hún samþykkt með 6 atkvæðum.
6. Síðan var frumvarpið borið upp til atkvæða í heild sinni, og samþykkt með 7 atkvæðum.
7. Var þá borið upp til atkvæða, hvort frumvarpið með áorðnum breytingum skyldi

ganga til 3. umræðu. Samþykkt með 9 atkvæðum.

Var frumvarpið nú þannig orðað:

FRUMVARP

til laga um breytingu á ákvörðunum þeim, er tilskipun um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi og því, sem þeim fylgir, samt innsetningu presta, 24. júlí 1789, hefur inni að halda.

1. grein.

Þegar úttektir þær á brauðum, sem getið er um í tilskipun um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi og því, sem þeim fylgir, 24. júlí 1789, fara fram, skal það vera undir prófastinum komið, hvort og að hve miklu leyti gjörðin skuli ná til ljensjarðanna og kirkjujarðanna; þó skal presturinn, sem við tekur, hafa rjett á að heimta, að úttekt sje gjörð, enda þótt prófasti virðist hún óþörf, en þá skal hann einsamall greiða kostnaðinn, sem af því ris, nema því að eins að presturinn, sem fer frá, hafi vanhirt að gjöra tilhlýðilegan skriflegan samning um bygging á jörðunni, enda þótt honum hafi verið gjört það að skyldu, eða ef sú raun verður á, að kirkjujörð sje leigð þeim ábúanda, sem eigi sje fullveðja fyrir ábúð jarðarinnar.

Þegar taka skal út ljensjörð eða kirkjujörð, sem er í öðru prófastsdæmi, skal prófastur skýra biskupi frá því, og skal hann þá fela prófastinum í því prófastsdæmi, þar sem jörðin er, að framkvæma gjörðina.

2. grein.

Fyrir tjeðar úttektir skal auk ferðakostnaðar eptir reikningi enn fremur gjalda prófasti í fæðispeninga 3 kr. um hvern dag, sem hann gjörðarinnar vegna er fjærverandi frá heimili sínu. Skoðunarmönnum þeim, eða yfirskoðunarmönnum, sem nefndir eru í tilsk. 24. júlí 1789, 3. og 4. gr., skal borga 2 kr. hverjum um hvern dag, sem þeir eru við gjörðina. Þegar til taka á fæðispeninga og ákveða endurgjaldið fyrir ferðakostnaðinn, skal fara eptir því, sem fyrir er mælt í aukatekju-reglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi, 10. septbr. 1830, 15. og 16. gr.

Fyrnefndan kostnað skal greiða á þann hátt, sem ákveðið er í 6. gr. áður nefndrar tilskipunar, þannig að presturinn, sem fer frá, og presturinn, sem tekur við, borgi sinn helminginn hvor, en samt með þeirri tilbreytingu, er leiðir af því, sem fyrir er mælt í 1. gr. hjer að framan.

3. grein.

Fyrir innsetningu prests bera prófasti 4 krónur, og takist hann ferð á hendur eingöngu til þess, þá ferðakostnaður, eins og fyrir er mælt í 2. grein Sá kostnaður greiðist af hinum innsetta presti, móti endurgjaldi af sjóði kirkju eða kirkna prestakallsins.

Breytingaruppástunga

frá landshöfðingjanum, við frumvarp til laga um breytingar á tilskipun 24. júlí 1789, eins og það var samþykkt af efri deild alþingis við 2. umræðu.

1. að í fyrirsögninni orðin: «samt innsetningu presta» falli burt.
2. að 3. grein frumvarpsins falli burt.

ÞRIÐJA UMRÆÐA

í efri deild alþingis.

Á 11. fundi efri þingdeildarinnar, 15. dag júlímán., kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu frumvarp til laga um breytingar á ákvörðunum þeim, er tilskipun um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi og því, sem þeim fylgir, 24. júlí 1789, hefur inni að halda.

Landshöfðingi kvaðst að eins ætla að skýrskota til þess, er hann hefði sagt við 2. umræðu máls þessa viðvíkjandi viðaukauppástungu hins háttvirta 6. konungkjörna þingmanns, og vildi hann taka það upp aptur, að ákvörðunin í hinni viðbættu 3. grein, þó hún kynni að vera sanngjörn, ætti eigi hið minnsta skylt við frumvarpið, þar sem tilskipunin frá 24. júlí 1789 eigi með einu orði minnt-

ist á innsetningu presta, og væri því fyrirsögnin líka, eins og henni hefði verið breytt við 2. umræðu, alveg röng og óhafandi; væru þessir formgallar svo miklir, að þeir gætu ef til vill spillt fyrir frumvarpinu í heild sinni. Prófastaverk þau, er tilskipun þessi talaði um, þ. e. úttektir brauða, ættu ekkert skylt við ákvörðun viðvíkjandi öðrum prófastsverkum, t. d. innsetning presta, hjónavígslu andlegrar stjettar manna og það, að syngja yfir þeim. Aptur á móti gæti ef til vildi verið ástæða til að gefa sjerstakar ákvarðanir um þessi síðar nefndu prófastsverk, en hjer ætti það alls ekki við.

Ólafur Pálsson kvaðst, af því að þessi 3. grein stafaði frá sjer, ætla að tala fáein orð, ekki til þess að mæla svo mjög með henni, því að sjer væri ekki svo annt um hana, og væri hann fús til að láta hana falla burtu, ef þingsköpin leyfðu það. Hann vildi þó leyfa sjer að skjóta því til deildarmanna, hvort það mundi nokkur veruleg breyting, þó orðin: «samt innsetningu presta» í fyrirsögninni, væru færð aptast í fyrirsögnina, því þau væru komin inn á rangan stað. Að öðru leyti ætlaði hann eigi að mæla frekar fram með uppástungu sinni.

Forseti kvað það mundu eigi leyfilegt eptir þingsköpunum að kalla aptur einstakar greinir, heldur frumvarp í heild sinni, og þá líklega eigi heldur fyrirsögnina, þar sem næst mundi liggja að kalla breytinguna við fyrirsögnina aukabreytingaruppástungu.

Bergur Thorberg kvað sjer virðast þetta svo lítil breyting, að hún gæti einu sinni eigi heitið aukabreytingaruppástunga; það væri auðsjáanlega að eins misritun, að þessi orð væru sett á undan, en ekki á eptir dagsetningunni, og hann áliti því breytinguna leyfilega, þar sem hún væri eigi fólgin í öðru en að færa orðin lítið eitt til. Hinn háttvirti landshöfðingi hefði sagt, að ákvörðunin í 3. grein ætti ekkert skylt við frumvarpið, en hann yrði þó að ætla, að hún stæði í nokkru sambandi við það, að því leyti sem hvorttveggja væri prófastaverk, úttekt og innsetning við skipti presta á brauðum.

Eiríkur Kúld kvaðst fyrir sitt leyti hafa aðhyllzt þessa 3. grein, með því hann hefði ætlað, að með því að taka upp á ákvörðun, er hún færi fram, mætti spara næsta þingi ómak, og kvaðst hann vilja skjóta því til forseta, hvort eigi mætti flytja orðin: «samt innsetningu presta» á sinn rjetta stað.

Forseti skaut þá til atkvæða deildarmanna, hvort orðin «samt innsetningu presta» mætti verða sett seinast í fyrirsögninni. Var það felt með 5 atkvæðum gegn 5, og fyrst eigi fleiri tóku til máls, var því næst 3. grein frumvarpsins felld með 8. atkvæðum, og breytingaruppástunga frá landshöfðingja: að í fyrirsögninni orðin: «samt innsetningu presta» falli burt, samþykkt með 10 atkvæðum.

Var þá frumvarpið í heild sinni (1. og 2. grein) samþykkt í einu hljóði. Var málið síðan afgreitt til neðri þingdeildarinnar.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 16. fundi neðri deildar alþingis, 20. dag júlímánaðar, kom til fyrstu umræðu frumvarp til laga um breytingar á ákvörðunum þeim, er tilskipun um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi og því, er þeim fylgir, 24. júlí 1789, hefur inni að halda.

Guðmundur Einarsson sagði, að frumvarp þetta væri á góðum rökum byggt. Það væru margir gallar á tilskipuninni af 24. júlí 1789, sem hefðu þurft að leiðrjettast, en sem nú ætti ekki við að taka fram. Hann kvaðst því að vísu helzt hafa viljað óska, að tilskipunin hefði verið tekin fyrir í heild sinni. En á hinn bóginn sæi hann enga verulega agnúa á frumvarpi því, er hjer lægi fyrir, eins og það kæmi frá efri deildinni, og vildi hann, að það gengi þannig óbreytt til 2. umræðu.

Grímur Thomsen spurði forseta, hvort ekki mundi vera leyfilegt, að gjöra óverulegar smábreytingar við frumvarpið, án þess að það gengi þá aptur til hinnar deildarinnar;

hann hefði gjarnan viljað gjöra nokkrar orðabreytingar við frumvarpið, en kvaðst þó hætta við það, ef það þyrfti að leiða til þess, að málið gengi þá aptur til hinnar deildarinnar.

Forseti svaraði þessari fyrirspurn á þá leið, að ekki mundi mega neina breyting svo gjöra, að ekki yrði að bera undir hina deildina.

Fleiri tóku ekki til máls, var þá leitað atkvæða og samþykkt í einu hljóði, að málið gengi til 2. umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 20. fundi neðri deildar alþingis, 26. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu frumvarp til laga um breytingar á ákvörðunum þeim, er tilskipun um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi og því, er þeim fylgir, 24. júlí 1789, hefur inni að halda. Þegar þetta mál hófst, komu inn aptur á þingfund þeir sjö þingmenn, sem út höfðu gengið.

Enginn tók til máls og var þá gengið til atkvæða; var 1. grein frumvarpsins samþykkt í einu hljóði, 2. grein sömuleiðis, fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu, og loksins var í einu hljóði samþykkt, að frumvarpið skyldi þannig orðað ganga til 3. umræðu.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 23. fundi neðri deildar alþingis, 29. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu frumvarp til laga um breyting á tilskipun 24. júlí 1789, um eignir kirkna og prestakalla. Varð engin umræða um málið; var þá gengið til atkvæða; fjellu þau þannig;

1. gr. samþykkt í einu hljóði.

2. gr. sömuleiðis.

Frumvarpið í heild sinni samþykkt í einu hljóði. Var það nú búið frá þinginu og skyldi sent til landshöfðingja þannig látandi:

LÖG
um breytingar á ákvörðunum þeim, er tilskipun um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi og því, sem þeim fylgir, 24. júlí 1789, hefur inni að halda.

1. grein.

Þegar úttektir þær á brauðum, sem getið er um í tilskipun um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi og því, sem þeim fylgir, 24. júlí 1789, fara fram, skal það vera undir prófastinum komið, hvort og að hve miklu leyti gjörðin skuli ná til ljensjarðanna og kirkjujarðanna; þó skal presturinn, sem við tekur, hafa rjett á að heimta, að úttekt sje gjörð, enda þótt prófasti virðist hún óþörf, en þá skal hann einsamall greiða kostnaðinn, sem af því rís, nema því að eins að presturinn, sem fer frá, hafi vanhirt að gjöra tilhlýðilegan skriflegan samning um bygging á jörðinni, enda þótt honum hafi verið gjört það að skyldu, eða ef sú raun verður á, að kirkjujörð sje leigð þeim ábúanda, sem eigi sje fullveðja fyrir ábúð jarðarinnar.

Þegar taka skal út ljensjörð eða kirkjujörð, sem er í öðru prófastsdæmi, skal prófastur skýra biskupi frá því, og skal hann þá fela prófastinum í því prófastsdæmi, þar sem jörðin er, að framkvæma gjörðina.

2. grein.

Fyrir tjeðar úttektir skal auk ferðakostnaðar eptir reikningi enn fremur gjalda prófasti í fæðispeninga 3 kr. um hvern dag, sem hann gjörðarinnar vegna er fjærverandi frá heimili sínu. Skoðunarmönnum þeim, eða yfirskoðunarmönnum, sem nefndir eru í tilsk. 24. júlí 1789, 3. og 4. gr., skal borga 2 kr. hverjum um hvern dag, sem þeir eru við gjörðina. Þegar til taka á fæðispeninga og ákveða endurgjaldið fyrir ferðakostnaðinn, skala fara eptir því, sem fyrir er mælt í aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi, 10. septbr. 1830, 15. og 16. gr.

Fyrnefndan kostnað skal greiða á þann hátt, sem ákveðið er í 6. gr. áður nefndrar tilskipunar, þannig að presturinn, sem fer frá, og presturinn, sem tekur við, borgi sinn helminginn hvor, en samt með þeirri tilbreytingu, er leiðir af því, sem fyrir er mælt í 1. gr. hjer að framan.

Konungleg frumvörp, felld af þinginu.

XII.

FRUMVARP

til laga um sölu á fjórða parti þeim í silfurbergsnámanum í Helgustaðafjalli, sem er eign hins íslenzka landssjóðs, og fl.

—

Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til, ef kaupandi býðst, eða að öðrum kosti við uppboð á kaupmannahöllinni í Kaupmannahöfn, að selja fjórða part þann í silfurbergsnámanum í Helgustaðafjalli í Suður-Múlasýslu, sem er eign hins íslenzka landssjóðs, annaðhvort út af fyrir sig eða ásamt fjórða parti þeim, sem tjeður sjóður sömuleiðis á í jörðunni Helgustöðum, fyrir andvirði, sem sje að minnsta kosti 8000 kr., ef að eins fjórði partur landssjóðsins í silfurbergsnámanum er seldur, og að minnsta kosti 9000 kr., ef jörðin fylgir með.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eptir að C. D. Túliníus, kaupmaður á Eskifirði, um mörg ár hafði haft á leigu fjórða part þann í silfurbergsnámanum í Helgustaðafjalli í Suður-Múlasýslu, sem er eign hins íslenzka landssjóðs, fjekk stjórnarráðið, á meðan leigumáli þessi enn var í gildi, á árinu 1871 kennara í steinafræði við Kaupmannahafnar-háskóla, Fr. Johnstrup til þess að takast ferð á hendur til Íslands, til þess meðal annars að rannsaka tjeðan náma. Með því Johnstrup í skýrslu sinni um ferð þessa var mjög mótfallinn þeirri aðferð, sem til þessa hafði verið fylgt við afnot námans, synjaði stjórnarráðið haustið 1872 Túlinius kaupmanni þess, er hann sótti um, að fá leigusamninginn um hluta landssjóðsins í námanum, sem var á enda 31. desbr. s. á., endurnýjaðan um 5 ár, eða að minnsta kosti fyrir 1 ár fyrir sama afgjald, sem hann hafði goldið til þess tíma, sem var 100 rd. á ári, og var amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu 7. nóvbr. 1872 jafnframt lagt fyrir, að láta leggja á rjettarbann bæði gagnvart eigandanum, sem þá var, að $^3/_4$ pörtum námans, prófasti Þ. Erlendssyni og Túlinius kaupmanni, að námurinn yrði notaður á nokkurn hátt, þangað til sameigendurnir væru búnir að koma sjer saman um aðra aðferð við notkun hans; þar að auki var amtmanninum lagt fyrir að skipa hlutaðeiganda sýslumanni að hafa gætur á, að enginn bryti úr námanum, hvorki innlendir nje útlendir menn, og skyldi þekja námann með möl. Jafnframt þessu var amtmaður beðinn um að leita til samninga við prófast Þ. Erlendsson um notkun námans eptirleiðis, og var um leið mælzt til, að hann við tækifæri reyndi til að komast eptir, hvort prófastur Þ. Erlendsson væri fáanlegur til að slíta sameigninni, að því leyti er námann snerti, og ef til kæmi, með hvaða skilmálum.

Stjórnarráðinu barst þar eptir bænarskrá frá Túlinius kaupmanni, þar sem hann, án þess að öðru leyti að geta sýnt fram umboð það, sem með þurfti, sótti um, að samið yrði við sig um að slíta sameigninni, og sendi hann stjórnarráðinu jafnframt endurrit af yfirlýsingu þeirri, sem hann hafði látið bóka, þá er honum var birt fyrnefnt bann stjórnarráðsins, og var hún þess innihalds, að hann fyrst um sinn árið 1873 eigi mundi láta vinna silfurberg úr námanum, en aptur á móti skyldi útgjöldin við tilhlýðilega gæzlu á námanum falla á hið opinbera, að hann heimtaði í skaðabætur 600 kr. fyrir hvert ár, er liði þangað til málið væri til lykta leitt, og að eigandinn að $^3/_4$ pörtum námans mundi vera tilleiðanlegur til, að láta af hendi það, sem hann ætti í jörðunni Helgustöðum, með tilheyrandi hluta í silfurbergsnámanum fyrir 24,000 kr. Eptir að stjórnarráðið út af þessari bænarskrá hafði leitað álits Johnstrups háskólakennara um málið, ljet hann í ljósi,

að eptir því sem honum sýndist, gæti það að eins komið til tals, annaðhvort að selja þann fjórða part námans, sem landssjóðurinn ætti, eða láta hann til leigu um fleiri ára tíma og fyrir hærra afgjald en hingað til og gegn tilbærilegu veði, eða báðir eigendurnir í sameiningu bryti úr námanum við og við með nokkurra ára millibili, og þótti honum sá kostur beztur. Stjórnarráðið mæltist síðan til við landshöfðingja, að hann leitaði til samninga við prófast Þ. Erlendsson, og ef til kæmi gjörði samning við hann um að vinna námann í sameiningu, eða, til vara um leigu námans samkvæmt því, sem Johnstrup hafði bent til, en skyldi svo fara, að prófastur Þ. Erlendsson tæki hvorugum þessum kosti, óskaði stjórnarráðið að fá að vita, hvort hann vildi kaupa af stjórninni fjórða part þann, sem er þjóðeign, og ef hann hafnaði þessu boði eða vildi eigi bjóða 8000 kr. fyrir partinn í námanum eingöngu, með hæfilegri viðbót fyrir jörðina, ef þess yrði æskt, að hún einnig yrði seld, hvort hann þá vildi samþykkja, að gjörð yrði tilraun til að selja námann allan við opinbert uppboð, ef fyrir hann allan fengist að minnsta kosti 32,000 kr., ef til kæmi með hæfilegri viðbót fyrir hina eignina.

Landshöfðinginn skýrði síðan stjórnarráðinu frá, að prófastur Þ. Erlendsson hefði afsalað Túlinius kaupmanni sinn part í námanum og jörðunni Helgustöðum, og að Túlinius hefði gefið manni hjer í borginni umboð til þess að semja við stjórnarráðið um námann. Hefur síðan verið leitað til samninga við tjeðan umboðsmann um þetta mál, og lauk svo, að hvorki komst neinn samningur á um sameiginleg afnot námans nje um það, að hann yrði látinn á leigu um lengri ára-tíma fyrir hækkað afgjald, og að Túlinius vildi heldur ekki ganga að því, að kaupa part landssjóðsins í námanum; aptur á móti hefur umboðsmaðurinn lýst því yfir, að hann væri fús til að semja við stjórnarráðið um sölu á þeim $^3/_4$ pörtum í eigninni, sem Tulinius á, fyrir verð, sem samsvari þeirri borgun, sem stjórnarráðið hafði sett fyrir fjórða part þann, sem landssjóðurinn á og getið er að framan.

Eptir þeim málavöxtum, sem þannig er skýrt frá, getur að áliti stjórnarráðsins enginn efi á því leikið, að nauðsyn beri til að leitast við að slíta sem fyrst sameigninni, sem er jafnóheppileg fyrir báða málsparta En sökum ásigkomulags námans verður sameigninni eigi slitið með því að skipta námanum milli sameigandanna í ákveðna parta, og þar sem stjórnarráðið gjörir ráð fyrir því, að eigi sje ástæða til fyrir landssjóðinn að kaupa $^3/_4$ parta þá í námanum, sem Túlinius á, hefur það þótt nauðsynlegt að koma því til leiðar með lagafrumvarpi þessu, að stjórninni verði veitt heimild til að selja þann hluta í námanum, sem er eign landssjóðsins, annaðhvort ef kaupandi býðst, eða við uppboð, og ef til vill ásamt þeim parti, sem tjeður sjóður á í jörðunni Helgustöðum, ef fyrir eignina fengist það andvirði, sem nefnt er í lagafrumvarpinu.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 3. fundi neðri deildar alþingis, 3. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til fyrstu umræðu frumvarp til laga um sölu á fjórða parti þeim í silfurbergsnámanum í Helgustaðafjalli, sem er eign hins íslenzka landssjóðs o. fl. Forseti gat þess, að eptir þingsköpunum mætti hver þingmaður eigi tala optar en tvisvar við fyrstu umræðu. Ef þingmenn vildu setja nefnd í málið, gat hann þess, að hana mætti setja eins við 2. og 3. umræðu eins og við hina fyrstu, eptir því sem bezt þætti haga.

Páll Ólafsson sagðist vera nokkuð kunnugur þessu máli, og væri það álit sitt, að ekkert gagn væri í námanum í sameign þeirri, sem nú væri, og eigi væri það auðið fyrir eigendurna að vinna námann til skiptis, hann gat þess líka, að bágt mundi að hafa eptirlit á, að náminn væri rjett og haganlega unninn, þegar enginn maður væri hjer á landi, sem kynni að því verki. Hann áliti því bezt,

annaðhvort að kaupa eða selja námann, og af því tvennu vildi hann heldur láta selja þá.

Jón Sigurðsson frá Gautlöndum óskaði eptir upplýsingu frá landshöfðingja um tilraunir þær, er stjórnin hefði gjört til að semja við menn um kaup á námanum; þingmenn væru yfir höfuð ókunnugir máli þessu, og væri því nauðsynlegt fyrir þá að fá slíkar upplýsingar.

Landshöfðinginn vitnaði fyrst til athugasemdanna við frumvarpið, og bætti því við, að hann hefði skrifað amtmanninum og sýslumanni þeim, er í hlut ætti, að semja við sameigandann um námann, og hefði sjer verið skýrt frá, að sameigandinn sjera Þorsteinn Erlendsson hefði afsalað Túlíníusi kaupmanni sínum hlut í námanum, og að hann hefði gefið þriðja manni (stórkaupmanni G. E. Petersen) í Kaupmannahöfn umboð til að semja við stjórnina.

Tryggvi Gunnarsson áleit það heppilegt, að námarnir væru seldir, þegar gætt væri að erfiðleikum þeim, er væru á sameigninni. En hann kvaðst vilja gjöra viðaukaatkvæði í þá átt, að salan væri birt í fleirum útlendum blöðum, en í Danmörku.

Grímur Thomsen vildi vísa málinu til fjárhagsnefndarinnar.

Forseti kvað mega gjöra það við aðra umræðu.

Því næst leitaði forseti atkvæða um það, hvort málið skyldi ganga til annarar umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði.

UPPÁSTUNGA

til ályktunar um notkun silfurbergsnámans í Helgustaðafjalli. Frá nefndinni í fjárhagslagamálinu.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að sjá svo fyrir, að það rjettarbann, sem samkvæmt brjefi stjórnarinnar frá 7. nóvember 1872 var lagt á að vinna silfurbergsnámann í Helgustaðafjalli, verði þegar upphafið, og náminn að svo miklu leyti, sem hann er landsins eign, unninn á kostnað landssjóðsins.

Samkvæmt dagskránni skyldi málið um Helgustaðanámann koma til annarar umræðu á 8. fundi neðri þingdeildarinnar, en með því að uppástunga sú, sem hjer fer á undan, kom of seint til þess, að hún yrði rædd á þeim fundi, frestaði forseti umræðu málsins til næsta fundar.

ÖNNUR UMRÆÐA

í neðri deild alþingis.

Á 9. fundi neðri deildar alþingis, 12. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til annarar umræðu frumvarp til laga um sölu á fjórða parti þeim í silfurbergsnámanum í Helgustaðafjalli, sem er eign hins íslenzka landssjóðs.

Landshöfðingi sagði, að við fyrstu umræðu þessa máls hefði sjer skilizt svo, sem þingmenn hefðu verið samhljóða um, að nauðsynlegt væri að slíta sameign þeirri, sem væri um námann milli landssjóðsins og Túlíníus kaupmanns, og að sú sameign bezt yrði slitin með því, að landssjóðurinn seldi sinn hlut í námanum. En þar sem nú uppástunga sú, er hjer lægi fyrir, færi fram á að nota framvegis námann, án þess að slíta sameigninni, þá vildi hann leyfa sjer að stinga upp á því, að ályktun þessa máls yrði frestað, þangað til þingmenn hefðu kynnt sjer athugasemdir Johnstrups prófessors þessu máli viðvíkjandi. Eptir brjefum, sem gengið hefðu um þetta mál, kvaðst hann fyrir sitt leyti sannfærður um, að landssjóðurinn gæti alls eigi látið vinna námann nema í sameiningu við hinn núverandi sameignarmann, og að þessi líklega ekki myndi ganga að samningi um notkun námans, sem væri landssjóðnum í hag, en aptur mundi Túlíníus fremur vera fáanlegur til að slíta sameigninni. Hann vildi því, sem sagt, stinga upp á, að málinu væri frestað, þangað til þingmenn hefðu kynnt sjer skjöl Johnstrups og svo ýms skjöl, sem landshöfðingi kvaðst sjálfur geta ljeð til upplýsingar málinu, og einn-

ig vildi hann stinga upp á því, að málinu væri vísað til fjárhagsnefndarinnar.

Grímur Thomsen kvaðst sem formaður fjárhagsnefndarinnar vera alveg samdóma landshöfðingja um það, að málinu væri vísað til fjárhagsnefndarinnar.

Benidikt Sveinsson kvaðst ekki vilja vísa málinu þangað fyr en við þriðju umræðu.

Forseti kvaðst álíta haganlegast, að fjárhagsnefndin fengi málið sem fyrst til meðferðar, til þess að hún hefði því betri tíma til að hugsa um það.

Því næst var í einu hljóði samþykkt, að málið gengi nú þegar til fjárhagsnefndarinnar til íhugunar, og fresta þriðju umræðunni, þangað til nefndin hefði sagt álit sitt.

Álit fjárlaganefndarinnar í málinu um sölu á þeim $^1/_4$ í silfurbergsnámanum í Helgustaðafjalli, sem er eign landssjóðsins.

Eptir að fjárlaganefndin í neðri deild alþingis er búin að kynna sjer þau skjöl, sem herra landshöfðinginn góðfúslega sendi henni til skýringar frumvarpinu til laga um sölu á $^1/_4$ í silfurbergsnámanum í Helgustaðafjalli o. s. frv., er nefndin komin að þeirri niðurstöðu, að ekki sje ástæða til að breyta þeirri uppástungu til ályktunar um notkun tjeðs náma, sem þegar er lögð fyrir deildina.

Í fjárlaganefndinni 19. júlí 1875.

Grímur Thomsen, formaður. Einar Ásmundsson.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 23. fundi neðri deildar alþingis, 29. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu frumvarp stjórnarinnar til laga um sölu á silfurbergsnámanum í Helgustaðafjalli, ásamt uppástungu til ályktunar um notkun námans frá nefndinni í fjárlagamálinu.

Grímur Thomsen gat þess, að eins og stæði í áliti nefndarinnar, hefði landshöfðingi útvegað henni skýrslur, og hefðu þær inni að halda eptirrit af tveim brjefum, öðru frá prófessor Johnstrup, þar sem lýst væri námanum og látið í ljósi álit um, hvernig honum skyldi haganlegast varið, öðru frá landshöfðingja til sýslumanns í Suður-Múlasýslu um það, hvernig leita skyldi samkomulags. Sýndu skýrslur þessar augljóslega, að stjórnin væri í stökustu vandræðum með, hvernig með námann skyldi fara, er samkomulag til skynsamlegrar notkunar næðist eigi meðal eiganda; og kvaðst hann skyldu skýra frá, hvað fjárlaganefndinni hefði gengið til þess að stinga upp á þessu. Eins og bæði ástæður frumvarpsins og skýrslurnar bæru vott um, hefði Túlinius nefnilega, undir eins og bannið var birt honum, látið bóka þann fyrirvara, að landssjóðurinn skyldi borga sjer í skaðabætur allt að 600 króna upphæð árlega, á meðan hann mætti eigi nota námann; en það kynni vel að fara svo, að landssjóðurinu fengist dæmdur til þessa fjárútláts, meðan bannið væri eigi numið á brott, því sjer væri kunnugt um, að sumir væru á þeirri skoðun, að þegar annar sameigandi fyrirmuni öðrum notkun hlutarins, þá verði hann að lögum skyldaður til þess að upp bæta lucrum cessans, þ. e. þann ágóða, sem hann gæti haft af notkuninni, ef bannið væri eigi. Af brjefum Johnstrups sæist, að það væri óhentugt fyrir landssjóðinn að selja eða leigja námann, þar á móti ímyndaði hann sjer, að það væri haganlegt, að báðir í samfjelagi vildu vinna námann; samvinna væri að vísu örðugleikum bundin, en sameigandi vildi hvorki kaupa nje leigja nje vinna námann á skynsamlegan hátt. Nú með því náminn eptir skýrslu Johnstrups væri svo lagaður, að hann skyldi eigi notaður nema 6. hvert ár, þá virtist nefndinni það þó síður ókostur að vinna námann, ef samkomulag gæti komizt á um 4 næstu árin; en frumvarpið vildi hann eigi samþykkja, því hann óttaðist, að af því hlytist — eptir því sem hann áður hefði ádrepið — 600 kr. byrði fyrir landssjóðinn, þangað til samkomulag væri komið á. Þar á móti skyldi hann geta þess, að nefndin væri eigi á móti því

að selja, ef nokkur hefði boðið sig fram. En hjer væri öðru að gegna um það, og gæti máske varað mjög lengi, eins og vant væri, þegar seljandi byði, áður náminn gengi út, enda byðust þá opt síður kaupendur, heldur en ef kaupendur leituðust sjálfir eptir.

Landshöfðingi sagði, að sjer virtist uppástunga fjárlaganefndarinnar óheppileg; það væri auðsætt, hð rjettarbann það, er stjórnin hefði lagt á notkun námans fyrir Túlinius, væri samkvæmt hlutarins eðli; því þegar ræddi um sameign pro partibus indivisis — sem kallað væri svo, þegar ómögulegt væri að skipta hlutnum sjálfum í ákveðna parta, heldur einungis ágóðanum eptir hlutfalli sameiganda í eigninni — og ágreiningur yrði á meðal sameiganda, þá mundi eptir hlutarins eðli og gildandi lögum enginn annar kostur fyrir en sá, að koma sjer saman um að slíta fjelagsskapnum; þessu samkomulagi hefði verið náð millum stjórnarinnar og Túliníusar með þeim skilmála, að reynt yrði að selja hlut landssjóðsins fyrir 8000 kr., ef jörðin fylgdi eigi, en annars fyrir 9000 kr., og þetta samkomulag hefði samkvæmt stjórnarskránni verið borið fyrir alþingi. Á hinn bóginn væri Túlinius ófús á að semja um notkun á þann hátt, sem landssjóðnum væri haganlegt. Svo sem mælt hefði verið, hefði Túlinius að vísu lagt fram skjal, þegar bannið hefði verið birt honum, og krafizt í skaðabætur 600 kr., en þar sem bannið færi eigi fram á annað en að fyrirbjóða alla notkun, meðan hlutaðeigendur kæmu sjer eigi saman um reglulega notkun námans, þá fengi hann eigi skilið, hvernig skaðabætur skyldu greiðast honum fyrir, því landssjóðurinn hefði eigi gjört annað en neytt rjettar síns; hann fengi þess vegna engin önnur úrræði sjeð heldur en að slíta sameigninni, annaðhvort með því að selja $^1/_4$ eða með því að kaupa hina 3 partana. Vegur sá, er nefndin færi með því að skora á stjórnina að láta vinna námann, væri ófær og gæti einungis orðið til þess, að náminn yrði alls eigi notaður, enda væri hann líka óheppilega orðaður, þar sem hann færi fram á, að stjórnin sæi um, að hann yrði unninn á kostnað landssjóðsins án samkomulags við Túlinius. Hann beiddi því hina háttvirtu deild um að fallast eigi á álit nefndarinnar.

Benidikt Sveinsson sagðist verða að játa, að sjer væri málið eigi glöggt, en því væri hann samdóma, að rjettarbannið væri byggt á hlutarins eðli og gildandi lögum, þó Túlinius ætti $^3/_4$ og landssjóður eigi nema $^1/_4$ part, þá væri honum eigi heimilt að nota svo sinn hlut, að landssjóðsins hag væri misboðið, og þá sæi hann eigi neina ástæðu til þess, að hefja þetta rjettarbann, og það því síður sem stjórnarfrumvarpið gæfi þær bendingar, að Túlinius hafi viljað skorast undan samkomulagi og beinlínis viljað setja stjórninni stólinn fyrir dyrnar að nota sinn part, þess vegna þætti sjer eigi ástæða til þess, að bera kvíðboga fyrir því, að landssjóðurinn dæmdist til þess að greiða skaðabætur fyrir bannið. Í öðru lagi hefði hann fengið upplýsingu frá áreiðanlegum, málsmetandi manni, um að silfurbergið sje dýrmætt eptir kringumstæðunum; þegar mikið væri til af því, væri það lítilsvert, og væri því eyðsla að selja mikið af því í einu; þannig væri það mögulegt, að $^1/_4$ partur námans gæfi meira af sjer, ef vel væri með farið, heldur en hinir $^3/_4$, sem Túlinius gæti eytt á fám árum; en er enginn vegur þætti til þess, að sanna hversu mikils virði náminn væri, væri það með öllu ógjörlegt að selja hann, vegna þess að enginn líkindi væru fyrir því, að nokkur kaupandi byðist, því þegar sameigendur þeir, sem væru, gætu eigi orðið ásáttir, þá örvænti hann um, að nýir kaupendur yrðu fúsari til þess, að leita samkomulags, enda væri þá eigi líkindi til þess, að sá nýi vildi gefa fyrir námann hátt verð. Hann yrði því að hallast að því, að hvorki væri nauðsynlegt að hefja bannið nje selja hlut sinn, því að það væri auðsjáanlega skylda Túliníusar, að greiða veginn til samkomulags, og að bjóða út í bláinn væri alveg óaðgengilegt fyrir þingið. Það væri þannig tillaga sín, að þingdeildin hallaðist hvorki að áliti nefndarinnar nje stjórnarinnar.

Grímur Thomsen sagði, að Johnstrup

hefði sagt viðvíkjandi notkun námans í sameiningu, að með því að nota hann eigi nema 5. hvert ár, mætti koma hærra verð á silfurbergið, 8—10 rd. á pundið, en aldrei gæti það orðið tiltök að koma á markaði, nema lítið væri til. Hvað því viðvíki, að báðir lögfræðingarnir í þessari málstofu vildu innistanda fyrir því, að landssjóðurinn bæri hærra hlut, ef í mál væri farið út úr banninu, þá vildi hann heldur magrar forlíkanir heldur en feit mál, enda hefðu málaferli optlega önnur afdrif, en lögfræðingar lofuðu sjer og öðrum. Fjárhagsnefndin hefði eigi viljað eiga það á hættu, að komast í mál út af þessu, þess vegna hefði hún stungið upp á, að hefja bannið. En um söluna vildi hann að eins taka það fram, hvort ekki mundi ráðlegra að bíða fyrst um sinn átekta, heldur en að fara að bjóða námann út um öll lönd.

Landshöfðingi kvaðst vilja geta þess, að í frumvarpinu sjálfu stæði, að ef kaupandi fengist eigi, þá mundi náminn verða boðinn upp, eptir að búið væri að auglýsa í blöðum víða um lönd, að hann stæði til boða. Hvað verð námans snerti, þá skyldi hann geta þess, að Túlinius hefði viljað selja sinn hlut fyrir 24,000 kr., og nægði þetta til að sýna, hvers virði hann hefði álitið hann. Afleiðingarnar af því, að rjettarbannið væri upphafið, yrðu að líkindum þær, að Túlinius færi að vinna námann, og þá gæti skaðinn orðið miklu meiri, en 600 krónur árlega.

Grímur Thomsen sagði, að mögulegur skaði væri 600 krónur; en ábatinn, ef selt væri, 320 krónur, nefnilega renturnar af söluverðinu. Ef rjettarbannið væri upphafið, og Túlinius tæki að nota námann, þá sýndist sjer ekkert vera því til fyrirstöðu, að stjórnin reyndi að ná samkomulagi við hann á öðrum grundvelli og með öðrum skilyrðum, en þeim, sem hingað til hefðu verið höfð fyrir samningunum við Túlinius. Menn sæju, að málið stæði nú þannig, að ekki yrði keypt og ekki selt, en þriðji vegurinn, að reyna að vinna námann í sameiningu við Túlinius, væri ekki fullreyndur.

Því næst var gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. Uppástunga nefndarinnar í fjárlagamálinu til ályktunar alþingis um notkun námans var samþykkt með 11 atkvæðum gegn 5. En með því sú atkvæðagreiðsla þótti óglögg, var við haft nafnakall, og sögðu

já:

Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Einar Guðmundsson,
Grímur Thomsen,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Ísleifur Gíslason,
Páll bóndi Pálsson,
Snorri Pálsson,
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson.

nei:

Benidikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Gíslason,
Páll Ólafsson,
Páll prestur Pálsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

og var uppástungan þannig samþykkt með 12 atkvæðum gegn 9. Þar með var frumvarpið fallið, og skyldi ályktunin ganga til efri deildarinnar, þannig hljóðandi:

Ályktun
um notkun silfurbergsnámans í Helgustaðafjalli.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að sjá svo fyrir, að það rjettarbann, sem samkvæmt brjefi stjórnarinnar frá 7. nóvember 1872 var lagt á að vinna silfurbergsnámann í Helgustaðafjalli, verði þegar upphafið, og náminn að svo miklu leyti, sem hann er landsins eign, unninn á kostnað landssjóðsins.

FYRRI UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 25. fundi efri þingdeildarinnar, 31. dag júlímán., kom ályktun um notkun silfurbergsnámans í Helgustaðafjalli, samþykkt af neðri þingdeildinni 29. s. m., til umræðu í efri deildinni, og hafði forseti sagt frá henni og látið útbýta henni meðal þingdeildarmanna á fundi daginn áður.

Jón Hjaltalín hjelt, að þetta silfurberg kynni í ókominni tíð að fá miklu meiri þýðingu fyrir Ísland, en menn nú gætu gjört sjer nokkra hugmynd um, og gæti hann tilfært fleiri dæmi, er sönnuðu þetta; það hefði t. d. fundizt steinategund ein á Grænlandi, er menn í fyrstu hefðu sinnt næsta lítið, en nú hefði stjórnin árlega hjer um bil 60,000 rd. inntekt af henni; samslags dæmi gæti hann einnig tilfært frá Noregi; þar hefði einnig fundizt fyrir nokkrum árum steinategund sú, er menn hjer á landi kölluðu draugastein; hún innihjeldi fosforsúrt kalk, og væri því einhver hinn ágætasti áburður, og hefði það orðið hin mesta inntekt fyrir eigandann. Menn ættu því að fara varlega, og vel íhuga málið, og það því heldur sem silfurberg hvergi fyndist annarstaðar en á Íslandi; þetta efni væri líka mjög þarft, og kynni kann ske að geta komið í veg fyrir hina fjarskalegu eyðileggingu, er nú hefði öld eptir öld, og mannsaldur eptir mannsaldur, átt sjer stað á Íslandi með torfristingum þeim, er leiddu af hinum ófuga byggingarmáta.

Jón Pjetursson sagði, að frumvarp stjórnarinnar hefði fallið í neðri deildinni, og að þessi uppástunga, er hjer ræddi um, væri því komin í þess stað; kvaðst hann verða að vera á sömu meiningu og forseti, að nauðsynlegt væri að setja nefnd í þetta mál, því menn yrðu að fara mjög gætilega í það, að skora á stjórnina að hefja forboð það, sem hefði verið lagt á, að vinna námann. Sjer virtist ógjörningur að vilja vinna námann nema í sameiningu við Túlinius; ef lögbannið væri hafið, og hvor ætti að vinna fyrir sig, þá mundi afleiðingin verða sú, að hripsað væri það, hvor gæti náð til. Það yrði því fyrst að reyna að ná samkomulagi við Túlinius, en þar sem nú stæði í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu, að þetta eigi hefði getað fengizt, þá virtist sjer bezt að bíða, þar til þetta samkomulag gæti komizt á; hann gæti ekki sjeð, að landssjóðnum yrði bakaður nokkur skaði við það, því þegar tveir menn ættu einn hlut í sameiningu pro partibus indivisis, mætti hvorugur nota hann án samþykkis hins meðeigandans, nema þegar lögin vegna sjerstakra kringumstæðna leyfðu undantekningu, svo sem með skip. Annað mál væri nú það, ef meðeigandinn gæti sannað það, að hann gjörði engan skaða hinum, þó hann notaði hlutinn, en hann yrði þá endilega að sanna það, en Túlinius hefði eigi gjört það. Hvað nú skaðabætur þær snerti, er Túlinius heimtaði, þá væru það 600 kr. á ári, en aptur vildi hann kaupa þann fjórða part, er landssjóðurinn ætti fyrir 8,000 kr., og þegar nú þess væri gætt, að 600 kr. krefðu 15,000 kr. höfuðstól, þá sæi hver maður, að þetta væri yfirdrifið, og því enginn gaumur gefandi. Að fara að biðja stjórnina að uppheíja bannið, væri auk þessa hjer um bil hið sama, sem að þingið viðurkenndi, að stjórnin hefði lagt þetta bann á að ófyrirsynju.

Sighvatur Árnason sagðist álíta þetta mál mjög íhugunarvert, og vildi ráða til, að nefnd yrði sett í það. Að öðru leyti virtist sjer vera 3 vegir fyrir hendi. Einn væri sá, að selja hluta landssjóðsins; annar, að eiga námann framvegis, og hinn þriðji, að kaupa $^3/_4$ hlutina af kaupmanni Túlinius. Viðvíkjandi fyrsta veginum, að selja námann, og því hefði neðri deildin hafnað, þá virtist sjer hann líka óaðgengilegur, og óaðgengilegastur af þeim 3 vegum, er hann hafði nefnt. Hann ætlaði óþarft að rekja ástæðurnar fyrir því, þar sem nægilega væri búið að sýna fram á, hvílíkir mættu verða gagnsmunir námans. Nú væri sá vegurinn að halda áfram að eiga námann (þ. e. $^1/_4$ hluta landssjóðsins), og byrja að yrkja hann. Það sýndist einnig vera óaðgengilegt, því að fullreynt sýndist vera, að eigi yrði náð viðunanlegu samkomulagi við hinn eigandann, hvað samvinnu snerti; en til

þessa yrði þá að upphefja bannið frá 7. nóv. 1872, enda virtist sjer efasamt, hvort það gæti haldizt lengur gagnvart Túlinius skaðlaust fyrir landssjóðinn, þar sem hann hefði heimtað 600 kr. skaðabætur, meðan bannið stæði. En ef þingið þyrði að eiga það á hættu, þá hefði hann alls ekkert á móti því, að bannið fengi að standa; því að eins og hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður svo ljóslega og skýrlega hefði tekið fram, og sem þar að auki væri manna færastur að dæma um slíka hluti, þá væri hjer um fágæta dýrgripi að ræða. En væru þessir dýrgripir fluttir árlega út um heiminn, þá gætu þeir eigi lengur heitið dýrgripir fyrir fágæti þeirra. Auk þessa hefði hinn sami háttvirti þingmaður tekið fram, hve ágætt kalkefni væri í silfurberginu, ef menn kynnu að neyta þess í því augnamiði, er allir mundu telja vert að hlynna að. Af þessum ástæðum vildi hann styðja að því, að ekki yrði gripið til þess, að fara að vinna námann rjett út í bláinn, án þess nokkuð fast væri ákveðið með samvinnuna. Þá væri að eins eptir 3. vegurinn, og hann væri sá, að kaupa $^3/_4$ hlutana af eiganda, og gæti hann ekki neitað því, að sá kosturinn þætti sjer drengilegastur og beztur. Þetta mundi ekki verða svo háskalegur kostnaður, að minnsta kosti mætti leigja námann fyrir 100 rd. árlega eins og verið hefði. Prófessor Johnstrup hefði stungið upp á hærri leigu; en nú væru þó 100 rd. af $^1/_4$ hluta sama sem 400 rd. af öllum námanum, og 400 rd. borguðu höfuðstólinn á 25 árum. Slíkt mundi ekki þykja neitt slæm jarðakaup. Nu vissu menn, að í þessum svo kallaða viðlagasjóði ættu að vera nál. 90,000 rd., sem að mestu lægju ávaxtarlausir, og ímyndaði hann sjer eigi illa til fallið, að verja af honum 12000 rd. til að kaupa $^3/_4$ hlutina. Þessari uppástungu hefði hann viljað hreifa, án þess hann byggist eiginlega við, að menn mundu fallast á hana. En menn yrðu þó á hinn bóginn að gá að því, að þetta væri nú boðið fram, og ske mætti síðar, ef nytsemi silfurbergsins til kalkgjörðar o. s. frv. væru eigi loptbyggingar einar, sem hann fyrir sitt leyti engan veginn ætlaði, að eigi mundi lengi þurfa að bíða til þess, að sömu kostir yrðu eigi boðnir. Það væri að minnsta kosti mjög aðgæzluvert fyrir þingið að hafna þessu boði, þar sem menn einmitt nú væru farnir að hafa augun opin fyrir nytsemi steintegunda þeirra, er land vort hefði að geyma; og þegar á hinn bóginn málið væri skoðað frá þeirri hlið, er hinn háttvirti 5. konungkjörni skoðaði það, nefnilega að nauðsyn bæri til, að banna útflutning á öllu kalki, þá væri því síður ráðlegt að selja slíkan dýrgrip, sem silfurbergið væri, úr höndum sjer.

Eiríkur Kúld sagðist helzt mundu aðhyllast skoðun neðri deildarinnar á þessu máli. Þingmaður Rangæinga hefði hugsað sjer 3 vegi, er fara mætti, en hann gæti jafnvel hugsað sjer, að farnir yrðu 5 vegir. Einn væri að selja, annar að kaupa, þriðji að taka hluta Túliníusar á leigu, fjórði að nota námann í sameiningu með honum, og fimmti að skipta námanum í 4 jafna hluti. Hver vegurinn mundi nú vera heppilegastur? Fyrir sitt leyti yrði hann að hallast að uppástungu neðri deildarinnar, og væri hann farinn, þyrfti ekki að setja nefnd í málið. Hann væri nú beinlínis móthverfur því að selja námann, því að hann væri hinum háttvirta 5. konungkjörna þingmanni alveg samdóma um það, að nóg væri búið að farga af nýtilegu út úr landinu, enda vissi enginn, hve mikill arður lægi máske fólginn í þessum $^1/_4$ hluta landsins í námanum. Yrði hann að telja það sorglegt, ef það yrði verk hins löggefandi þings Íslendinga, að stuðla til slíks, að lóga burt að óskoðuðu því, sem hugsanlegt væri að geymdi í sjer mikinn fjársjóð fyrir ókominn tíma. Að kaupa námann ($^3/_4$ hlutina) ætlaði hann eigi fært að svo stöddu, meðan eigi væri víst, af hve miklu fje væri að taka. Að taka $^3/_4$ hlutina á leigu, væri máske gott ráð, ef eigandi vildi slá til, því að með því móti yrði landssjóðurinn einn um hituna með notkun hans. En nú væri fullljóst, að eigandi vildi eigi ganga að þeim kostum. En aptur væri hugsanlegt, að skipta námanum (seinna meir) í 4 hluti,

og að sá, sem ætti meiri hlutann, rjeði skiptunum, en landssjóðurinn mætti svo velja sinn fjórða hluta; með því væri hinum eigandanum eigi bannað að nota sitt. Hann sagðist að vísu eigi vera löglærður maður, en þó efaðist hann um, að skoðun hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns væri rjett, er hann hefði ætlað, þegar um sameign væri að ræða, að sá, er meiri hluta eignarinnar ætti, hefði eigi heimild til að nota sinn hluta, nema með samþykki hins eigandans, er minna ætti. En yfir höfuð sæi hann enga hættu í því, að aðhyllast uppástungu neðri deildarinnar. Samvinnuna mætti reyna, þó ekki væri lengur en um 4 ára tíma, og ef það reyndist ógjörningur, gæti alþingi altjend tekið í taumana. En hitt vantaði máske í uppástungu nedri deildarinnar, að sett yrði fast kontroll með notkun námans, að hann yrði eigi skemmdur. Ef nú hin heiðraða efri deild fjellist á þessa uppástungu hinnar deildarinnar, þyrfti alls eigi að setja nefnd í málið.

Stefán Eiríksson sagði, að þetta mál væri eptir eðli sínu mjög vafningssamt, og kynni fyrir þá sök að virðast ástæða til að setja nefnd í það, en hann gæti þó eigi skilið, hverjar upplýsingar eða hver ráð sú nefnd mundi geta gefið fram yfir það, er búið væri að reyna. Það væri auðsjeð af því, er fram væri komið í málinu, og einkum af athugasemdum stjórnarinnar við frumvarp það, er nú hefði verið lagt fyrir þingið, að henni hefði enn eigi tekizt að ná neinu samkomulagi við Túlinius. Þingmaður Rangæinga hefði stungið upp á að kaupa $^3/_4$ hlutina. En eptir ástæðum landssjóðsins gæti það orðið honum tilfinnanlegur kostnaður, þegar maður liti til krafa þeirra, er Túlinius gjörði, eða umráðamaður hans í Höfn, og eptir því yrðu $^3/_4$ partar Helgustaða 27,000 krónur. Þess vegna hefði nú neðri deildin tekið þetta úrræði, og væri hann því fyrir sitt leyti samþykkur. Sjer þætti engan veginn víst, hvort bannið gæti lengur staðizt gagnvart Túlinius, og vildi hann spyrja hina lögfróðu herra í deildinni, hvort hann mundi ekki geta höfðað mál út af banninu. En gæti hann ekki höfðað mál út af því, þá hefði stjórnin þau umráð, að hún gæti unnið námann með honum í sameiningu, og þann kostinn teldi Johnstrup beztan, eptir því sem stendur í ástæðum frumvarpsins. Nú vissi hann ekki, hvort stjórnin hefði myndugleika til að halda banninu áfram, og hallaðist hann því að skoðun neðri deildarinnar. Að minnsta kosti væri ekkert í hættunni, því að stjórnin gæti þá lagt bannið á aptur næstkomandi ár, ef hún sæi sjer það fært á annað borð, að hafa yfirumráðin.

Jón Pjetursson sagði, að það væri sannarlega mjög óheppilegt, að sá framgangsmáti, sem varaforseti og þingmaður Skaptfellinga hefðu bent til, sem hins tiltækilegasta, væri með öllu ómögulegur, því að það stæði beinlínis í athugasemdum stjórnarfrumvarpsins, að Túlinius vildi eigi ganga að þess konar samningum. Þinginu mundi eigi takast betur en stjórninni, að semja við hann, og þess vegna væri fásinna, að fara að byggja á því enn á ný, sem ómögulegt væri að fá. Sjer sýndist hin heiðraða deild væri neydd til að setja nefnd í málið. Menn ættu þó sannarlega að láta sjer umhugað um, að sleppa eigi úr höndum sjer því, er væri svo mikils varðandi. Ef maður ljeti Túlinius vinna námann eptir eigin velþóknan, yrði það beinlínis til að eyðileggja eign landssjóðsins, þá, er hann ætti þar með honum.

Jón Hjaltalín sagði, að sjer sýndist af ræðu þingmanns Skaptfellinga, að þetta mál þyrfti betur að skýrast, og vildi hann ráða deildinni til að setja nefnd í það.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og var þá með 10 atkvæðum samþykkt, að í þessu máli skyldi við hafa 2 umræður, en með 7 atkvæðum samþykkt, að nefnd skyldi skipuð í því.

Í nefndina voru kosnir:

Jón Hjaltalín	með 7 atkvæðum.
Eiríkur Kúld	— 6 ——
Sighvatur Árnason	— 5 ——

Í nefndinni var Jón Hjaltalín kosinn formaður og framsögum. og Eiríkur Kúld skrifari.

Á 27. fundi þingdeildarinnar, 3. dag á-

gústmán., bar formaður nefndarinnar upp þá ósk, að í nefndina væri bætt tveim mönnum, og var það eptir tilmælum hans samþykkt af deildinni, að þeir Jón Pjetursson og Benidikt Kristjánsson gengju í nefndina.

NEFNDARÁLIT
í málinu um notkun silfurbergsnámans í Helgustaðafjalli.

Hin heiðraða efri deild alþingis hefur kosið oss í nefnd til að segja álit vort um ályktun þá, er neðri deild þingsins samþykkti 29. dag fyrra mánaðar, um notkun silfurbergsnámans í Helgustaðafjalli; höfum vjer rætt þetta mál með oss, og er álit vort um það, sem nú skal greina.

Vjer getum eigi annað en með öllu fallizt á það með neðri deildinni, að ógjörlegt væri að selja nú þann hluta í náma þessum, sem landssjóðurinn á, því vjer verðum að álíta, að tími sá, sem nú er, væri mjög óhentugur til þess; eins hljótum vjer að álíta það ógjörlegt, að eiganda þess hluta námans, er landssjóðurinn ekki á, sje leyft að vinna námann upp á eigin hönd, eða eptir því, sem hann lystir, nema hann þá færði skýr rök fyrir því, að náminn væri unninn á sem skynsamlegastan hátt og hinn ábatamesta fyrir landssjóðinn. Þar eð nú eptir skýrslum þeim, er frá stjórninni hafa komið um þetta mál, er auðsætt, að hún hefur leitazt við að ná samningum um það við umboðsmann þess hluta námans, er landsjóðurinn ekki á, og að þessum tilraunum hefur lokið þannig, að hvorki hafi komizt nokkurt samkomulag á um sameiginleg afnot námans, nje um það, að hann yrði látinn á leigu um lengri áratíma fyrir hækkað afgjald, og að sameigandinn eigi heldur hefur viljað ganga að því, að kaupa part landssjóðsins í námanum, en aptur þó lýst því yfir, að hann væri fús til að semja við stjórnarráðið um sölu á þeim þrem fjórðu pörtum í námanum, sem hann ætti, fyrir 24,000 krónur, hvar við þó bætist 3000 kr. fyrir part hans í jörðunni, þá virðist nefndinni, að eptir öllum fyrtjeðum málavöxtum, verði það að vera hollast fyrir landssjóðinn og hið eina tiltækilega, að fela ráðherranum á hendur að kaupa til handa landssjóðnum fyrtjeða þrjá fjórðu parta í námanum og jörðunni fyrir það verð, er hann getur náð, en sem þó eigi mætti vera hærra en 27,000 krónur. Af þessum ástæðum álítur nefndin, að hún eigi að ráða þinginu til að fallast á, að lagaboð kæmi út svoleiðis látandi:

Ráðherra Íslands gefst í umboð að kaupa til handa hinum íslenzka landssjóði þann hluta í silfurbergsnámanum í Helgustaðafjalli og jörðunni Helgustöðum, sem tjeður sjóður ekki á, fyrir það verð, er ráðherrann álítur sanngjarnt, en sem þó ekki sje yfir 27,000 krónur.

Alþingi, 9. ágúst 1875.

Jón Hjaltalín, E. Kúld, Sighv. Árnason.
form. og framsögum. skrifari.

Jón Pjetursson. B. Kristjánsson.

Á 37. fundi efri þingdeildarinnar, 14. dag ágústm., var uppástunga neðri deildarinnar í þessu máli felld með 9 atkv. gegn 1, en samþykkt, að í stað hennar skyldi koma frumvarp nefndarinnar svo látandi:

FRUMVARP
til laga um kaup á þeim þremur hlutum silfurbergsnámans í Helgustaðafjalli og jarðarinnar Helgustaða, sem landssjóðurinn ekki á.

—

Ráðherra Íslands gefst í umboð, að kaupa til handa hinum íslenzka landssjóði þann hluta í silfurbergsnámanum í Helgustaðafjalli og jörðunni Helgustöðum, sem tjeður sjóður ekki á, fyrir það verð, er ráðherrann álítur sanngjarnt; en eigi sje það þó hærra en 27,000 kr.

Alþingi, 12. ágúst 1875.

Sighv. Árnason. E. Kúld. J. Hjaltalín,
skrifari. form. og framsögum.

Jón Pjetursson. B. Kristjánsson.

FYRSTA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 38. fundi efri þingdeildarinnar, 16. dag ágústmán., kom samkvæmt dagskránni til fyrstu umræðu, frumvarp til laga um kaup

á þeim þremur hlutum silfurbergsnámans í Helgustaðafjalli og jarðarinnar Helgustaða, sem landssjóðurinn ekki á, og hafði því verið útbýtt í þingdeildinni á fundi 13. næst á undan.

Sighvatur Árnason sagði, að eigi liti út fyrir annað, en að deildin hefði ráðið með sjer að láta þetta mál ganga umræðulaust til annarar umræðu. Þess vegna ætlaði hann eigi að tefja tímann með að fara neitt út í þetta mál að sinni í von um, að það gengi óhindrað til 2. umræðu. En ef einhver deildarmanna kæmi með mótmæli gegn því, kvaðst hann mundu leyfa sjer að tala nokkur orð.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og var samþykkt með 10 atkvæðum, að málið gengi til annarar umræðu.

ÖNNUR UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 40. fundi efri þingdeildarinnar, 18. dag ágústmán., var samkvæmt dagskránni tekið til annarar umræðu frumvarp til laga um kaup á þeim þremur hlutum silfurbergsnámans í Helgustaðafjalli og jarðarinnar Helgustaða, sem landssjóðurinn ekki á.

Framsögumaður (Jón Hjaltalín) sagði, að síðast hefðu fáar mótbárur komið gegn frumvarpi þessu, og vonaði hann því, að það mundi njóta góðs byrjar. Einn þingmanna hefði tekið það fram, að engin hætta væri á ferðum viðvíkjandi kaupinu, því að náma sú, er hjer ræddi um, mundi vera hinn mesti menjagripur, og borga sig fullkomlega. Þess konar náma væri hvergi til í heimi nema hjer; reyndar hefði illa verið með hana farið, en það væri engin ný bóla, þótt menn ljekju hart eignir landsins. Hann kvaðst því vona, að þingdeildin fjellist á frumvarp þetta, svo að náminn yrði allur landsins eign.

Þórður Jónasson kvaðst vona, að mál þetta fengi sem beztan byr. Reyndar mætti við því búast, að þótt náminn yrði keyptur, þá yrði hann að litlum eða engum notum fyrst um sinn, þar eð allan undirbúning vantaði til að vinna hann; þetta ætti þó eigi og þyrfti eigi að vera til fyrirstöðu fyrir því, að náminn yrði keyptur, því að landsmönnum jykist að öllum líkindum dugnaður og þekking, svo að menn seinna mundu hafa gagn af námanum. Hjer væri að eins spurningin um það, hvort landssjóðurinn gæti borið þennan kostnað. Kvaðst hann ætla, að ýms ráð mætti finna til að bæta kjör landssjóðsins, svo að hann yrði fær um, að kaupa námann. Reyndar væri það víst, að verðið væri fjarska-hátt, en vera mætti, að hlutaðeigandi eigandi slægi nokkuð af, og að stjórninni mundi heppnast að semja við eigandann, og hefði hann þá góða von um, að verðhæðin lagfærðist. Vildi hann mæla með því, að kaupið gæti farið fram, því að námi þessi væri menjagripur, og gæti síðar orðið mjög gagnlegur fyrir landið, ef menn kynnu með að fara, og væri það því sín tillaga, að náminn yrði keyptur.

Stefán Eiríksson kvað það mundu þingdeildinni kunnugt, að hann hefði við fyrri umræður málsins eigi verið fullkomlega sannfærður um, að breyta til frá uppástungu neðri deildarinnar í þessu máli; en er hann nú hefði betur skoðað huga sinn um þetta, þá yrði hann að fallast á það, að náminn yrði keyptur. Samvinnan hefði reynzt erfið, og mundi verða það framvegis. Verðið væri reyndar hátt, en þeir fjársjóðir kynnu að liggja í námanum, að rentan, sem væri eptir 27,000 kr. rúmir 1,000 kr., næðist með tímanum upp. Stjórnin hefði reynt á marga vegu að koma sjer saman við sameigandann, en kunnugt væri, hvernig það hefði gengið; fyrir því væri æskilegast að kaupa námann. Ef til vill, mundi það verða alþungt fyrir landssjóðinn, enda hefði sjer heyrzt landshöfðinginn ekki gjöra mikið úr tekjuafganginum í fjárlagafrumvarpinu, en eptir því sem lægi fyrir frá fjárlaganefndinni, þá mundi mega byggja nokkurn veginn á því, að tekjur og útgjalda afgángur sá, sem hún hefði fært til, væri nærri sanni.

Sighvatur Árnason sagðist helzt vilja ráða til þess, að kaup þessi færu fram; því

að hjer væri í rauninni eigi annað tiltækilegt fyrir hendi. Einnig mætti líta á það, sem hver einstakur maður hefði fyrir augum, þegar hann keypti jörð, nefnilega það, hvort hið keypta gæti borgað sig á vissum tilteknum tíma, svo sem 25—30 árum, og þar sem nú landssjóðurinn hjer ætti hlut að máli, þá væri þó líklegt, að hann mundi lifa lengur en svo, að hann þættist eptir 25 til 30 ár sjá þetta ef til vildi sem fulla eign sína eða sinna. Hjer væri ekki um útarfa að ræða; þetta hefði líka vakað fyrir þeim mönnum, er hefðu komið fram með uppástungu þessa, og það því heldur sem neyðarúrræði væri fyrir þingið, að ganga inn á samvinnu við sameigandann, og að selja honum þann fjórða part, er landssjóður ætti, væri heldur ekki sem aðgengilegast; það væri nóg hjá farið af þess háttar, enda vildi hann eigi heldur ganga inn á slíkt.

Bergur Thorberg sagðist ekki vera samdóma því, að ráðlegast væri að kaupa þá parta námans, er eigi væru eign landssjóðsins, því hjer væri að ræða um allmikið fje, sem hann eigi vissi, hvort landssjóðurinn gæti sjeð af á næsta fjárhagstímabili frá öðrum gjöldum, er á honum hvíldu. Hann sagði og, að hjer væri nokkuð öðru máli að gegna en um einstaka menn, þar sem landssjóðurinn ætti í hlut, því að námi þessi gæti orðið honum fulldýr, ef hann yrði að liggja rentulaus um kannske heilan mannsaldur, og þá væri auðvitað, að rentutap það yrði að skoðast sem lagt við kaupsummuna, og arðurinn, sem náminn þá kynni að gefa af sjer síðar meir, yrði því að vera þeim mun meiri. Hann vonaði einnig, að neðri deildin eigi fjellist á frumvarp þetta, þó að þessi deild kannske kynni að gjöra það.

Eiríkur Kúld sagðist heldur vilja ráða til þess, að náminn yrði keyptur, því að þó svo væri, að landssjóðurinn kannske hefði tap af kaupinu í fyrstu, þá væri þó eigi ólíklegt, það kynni að vinnast upp seinna meir; og kvaðst hann varla halda, að neðri deildin færi að ónýta það, sem þessi deild úrskurðaði í þessu efni; menn yrðu og einnig að gæta að því, að landssjóðnum mundu bætast þær tekjur, er aldrei hefðu verið nefndar hjer, t. a. m. af sölu prentsmiðjunnar, er nú væri í ráði að selja, og þyrftu menn því ekki að óttast það, að þessi kaup væru landinu ofvaxin.

Framsögumaður sagði, að nú væri svo mikið þegar selt af því, er landinu hefði mátt verða að notum, að jafnvel mætti nú fara að hugsa um að kaupa það á ný aptur; en þar sem hefði verið talað um, að náminn ef til vill kæmi til að liggja rentulaus um lengri tíma, kvaðst hann þó ekki geta skilið, að svo þyrfti vera, því einhvern tíma lærðu þó Íslendingar að brenna kalk sjálfir, og væri þeim því varla láandi, er heldur vildu halda fast í þessi hlunnindi, er mætti segja um að væru hjer um bil hin síðustu, er eptir væru.

Bergur Thorberg sagði, að það hefði verið ein athugasemd hjá þingmanni Barðstrendinga, sem hefði gjört sjer nauðsynlegt að svara, því að þessi athugasemd ljeti að vísu vel í eyrum, en væri í rauninni að eins villandi. Þingmaðurinn hefði nefnilega líkt námanum saman við prentsmiðjuna. En hann vildi spyrja, hvað landssjóðurinn hefði gefið fyrir prentsmiðjuna? og hvort gjörðar yrðu sömu kröfur til þeirrar eignar og hinnar, er keypt væri dýrum dómum. Þar að auki væri prentsmiðjan eigi ónýt landssjóðnum, ef hann fyrir hana fengi margar þúsundir króna. Hinum 5. konungkjörna þingmanni mundi eigi þörf að svara mörgu. Að eins vildi hann geta þess, að þegar ræða væri um að kaupa fasteign fyrir hönd landssjóðsins, þá væri ekki nóg, að einhvern tíma að öldum liðnum mætti vænta arðsemi af þessari eign, heldur yrði það að vera víst, að hún gæti sem fyrst orðið arðberandi, og það að minnsta kosti ríflega að því skapi, er svaraði kaupverðinu. Honum væri gramt í geði yfir sölu fasteigna, og játaði hann með honum, að opt hefði máske verið gjört of mikið af því. En þar sem þingmaðurinn sæi eigi nema tómar illar afleiðingar af því, gæti hann eigi verið honum alls kostar samdóma, því að það mundi vera fullt eins heppilegt,

að einstakir menn (prívatmenn) ættu sem flestar fasteignir, og þá sjálfseignarbændur væru sem flestir, eins og hið opinbera ætti þær. Að öðru leyti kvaðst hann eigi hafa getað sannfærzt af ræðu hins háttvirta þingmanns. Hann yrði að ætla það óforsvaranlegt að kaupa slíka fasteign fyrir fje landsins, meðan maður hefði eigi annað en hugmyndir og spádóma um arð af henni einhvern tíma á ókomnum tíma, nje heldur með því kaupi væri af stýrt nokkru tjóni fyrir landið.

Eiríkur Kúld sagðist hljóta að leiðrjetta orð hins 3. konungkjörna þingmanns, því að hann hefði eigi skilið sig. Hann hefði tekið prentsmiðjuna sem dæmi, einmitt til þess að sýna, að landssjóðnum bættust þar tekjur, ef salan næði fram að ganga, eins og líkindi væru til, en þingmaðurinn hefði verið að tala um, að landssjóðinn skorti fje til að kaupa námann. Að öðru leyti vildi hann geta þess viðvíkjandi orðum sama þingmanns, að það væru alls engar hugmyndir nje spár einar, er arðsemi þessarar eignar væri byggð á, og í því skyni vildi hann leyfa sjer að skýrskota til orða hins 5. konungkjörna þingmanns. Hann hefði sýnt og sannað ljóslega, að silfurbergið hefði selzt fyrir afarhátt verð, og hvernig gæti þingmaðurinn ætlað, að það fjelli í verði, þó húsbænda- eða eigandaskipti yrðu. Sami þingmaður hefði minnzt á, að allt væri ónýtt, fyrst nú ætti að banna allan útflutning á silfurbergi, en hann sæi eigi, hví þingið gæti eigi upphafið þá lagaákvörðun, er það sæi sjer hag við það. Hann kvaðst því vona, að þingmaðurinn gæfi sjer rjett í því, að hjer væri um verulegan (factiskan) tekjuauka að ræða.

Framsögumaður kvað það vera leiðinlegt, að hinn 3. konungkjörni þingmaður hefði eigi tekið eptir því, er talað hefði verið hjer í salnum fyrir skemmstu af greindum og gætnum þingmanni. Þingmaður Rangæinga hefði með skýrum reikningi sýnt fram á, að náminn mundi borga sig á 25 árum; þessi reikningur hefði alls ekki verið byggður á lausu lopti, heldur hreinum factis, enda hefði hið lægsta verið til tekið.

Jón Pjetursson kvaðst eigi skilja, hvað þingmenn ætluðu sjer í þessu máli, ef þeir vildu fella þetta frumvarp. Nú hefði þingið horfið frá því, að selja námann, svo og frá hinu, að nota hann í sameiningu við Túlinius, og hvað væri þá annað eptir, en að halda sjer við þetta nýja frumvarp, er færi fram á að kaupa námann.

Því næst var gengið til atkvæða, og var samþykkt með 10 atkvæðum, að málið gengi til þriðju umræðu.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 43. fundi efri þingdeildarinnar, 20. dag ágústm., var samkvæmt dagskránni tekið fyrir til 3. umræðu frumvarp til laga um kaup á þeim 3 hlutum silfurbergsnámans í Helgustaðafjalli og jarðarinnar Helgustaða, sem landssjóðurinn ekki á. Umræðulaust var gengið til atkvæða, og frumvarpið þá samþykkt með 9 atkv. gegn 1. Gat forseti þess, að það yrði afgreitt til neðri deildarinnar, þannig hljóðandi:

FRUMVARP
til laga um kaup á þeim þremur hlutum silfurbergsnámans í Helgustaðafjalli, og jarðarinnar Helgustaða, sem landssjóðurinn ekki á.

Ráðherra Íslands gefst í umboð, að kaupa til handa hinum íslenzka landssjóði þann hluta í silfurbergsnámanum í Helgustaðafjalli og jörðinni Helgustöðum, sem tjeður sjóður ekki á, fyrir það verð, er ráðherrann álítur sanngjarnt; en eigi sje það þó hærra en 27,000 kr.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 47. fundi neðri deildar alþingis, 23. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til fyrstu umræðu frumvarp til laga um kaup á þeim $^3/_4$ silfurbergsnámans í Helgustaðafjalli, sem ekki er eign hins íslenzka landssjóðs.

Grímur Thomsen sagðist vilja geta þess

í nafni nefndarinnar, er haft hefði hjer áður mál þetta til meðferðar, að henni hefði sýnzt rjettast að ráða neðri deildinni frá að samþykkja frumvarp það, er hjer lægi fyrir. Eins og þingmenn vissu, hefði neðri deildin áður komizt að þeirri niðurstöðu, hvorki að kaupa námann, nje að selja hann. Nú hefði aptur efri deildin komizt að gagnstæðri niðurstöðu, nefnilega að kaupa. Það væri hvorttveggja, að varla væri til fje til að kaupa fyrir, og óvíst að eigandi vildi selja, enda væri ísjárvert að gjöra slíkt kaup, þar sem nú lægi hjer fyrir annað frumvarp, er bannaði að flytja silfurbergið úr landi. Ef það frumvarp yrði að lögum, þá væri lítil arðvon í náminum. Stjórnin hefði annars sjálf sett rjettarbannið, og eins mundi hún geta hafið það upp á sitt eindæmi, ef henni svo sýndist. Hann rjeð því til að fella frumvarpið.

Tryggvi Gunnarsson sagðist telja það sjálfsagt, að deildin færi eigi að samþykkja frumvarp þetta, fje væri ekki fyrir hendi til að kaupa námann, og annað frumvarp lægi hjer fyrir frá efri deildinni, er færi fram á að banna útflutninga á silfurbergi. Það væri sjálfsagt, að stjórnin gæti hafið sjálf rjettarbannið, eins og hún hefði lagt það á, og mundi því skaðlaust að fella frumvarp þetta. En þó væri það verra, að þá lægi ekkert fyrir, hvort leigja ætti aptur þann part, er landið á í námanum, eða vinna hann á þess kostnað; þetta hefði verið tekið fram í ályktun þeirri, er neðri deildin sendi frá sjer, og efri deildin hefði fellt; það væri því nauðsynlegt, ef mögulegt væri eptir þingsköpunum, að sú ályktun gæti komið til atkvæða, og skaut hann því til forseta, hvort hann sæi ráð til þess.

Forseti sagðist álíta, að það gæti ekki orðið, þar sem uppástungan hefði einu sinni verið felld af efri deildinni.

Því næst var frumvarpið felt frá 2. umræðu með 20 atkv.

XIII.

FRUMVARP

til laga um að greiða skuli aðflutningsgjald af flutningsvörum þeim, sem fluttar eru til Íslands með póstgufuskipinu.

—

Af flutningsvörum þeim, sem flytjast til Íslands með hinu konunglega danska póstgufuskipi, skal greiða gjald til landssjóðsins, sem sje 5 af hverju hundraði af flutningskaupinu.

Afgreiðslumenn gufuskipsins á Íslandi skulu heimta gjaldið saman eptir þeim reglum, sem ráðgjafinn fyrir Ísland nákvæmar setur um það.

Þessi lög öðlast gildi 1. dag janúarmán. 1876.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Alþingi hefur optar en einu sinni hreift því máli, hvort landssjóðurinn íslenzki væri skyldur til að borga aptur lestagjald það, sem goldið er af póstgufuskipinu íslenzka, samkvæmt lögum um siglingar og verzlun á Íslandi, 15. apríl 1854, og hefur alþingi látið þá skoðun í ljósi, að með því póstgufuskipið flytji flutningsvöru auk póstsendinganna, verði að greiða af því tjeð gjald, án tillits til þess, sem fyrir mælt er í lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. janúar 1871, 6. gr., 2. lið. En skoði menn lög þessi í sambandi við þær umræður, sem fram fóru bæði á ríkisþinginu danska og alþingi Íslendinga, áður en lögin urðu til, er það eigi neinum efa bundið, að 2. liður 6. greinar í lögunum eigi einmitt sjer í lagi við lestagjaldið eptir lögum 15. apríl 1854, og stjórnarráðið hefur því eigi getað gjört ráðstafanir til beinlínis að uppfylla þá ósk alþingis, að landssjóðurinn skyldi vera undanþeginn þessu endurgjaldi. Aptur á móti hefur það komið til yfirvegunar, hvort eigi með öðru móti mætti verða við ósk alþingis, þar sem það er viðurkennt, að þegar vörur

þær, sem flytjast iil Íslands með póstgufuskipinu, eru undanþegnar gjaldi því, sem fólgið er í hinu almenna lestagjaldi og greitt er af þeim vörum, sem flytjast til landsins með verzlunarskipunum, þá komi við þetta fram ójöfnuður á kjörum hinna íslenzku kaupmanna fremur en skyldi, jafnframt og landssjóðurinn íslenzki missi nokkurs í af tekjum sínum. Stjórnarráðið hefur þess vegna látið semja frumvarp það, sem prentað er að framan, til þess það verði lagt fyrir alþingi, sem kemur saman á þessu ári, og er tilgangurinn með því sá, að leggja gjald, sem hjer um bil yrði á borð við gjaldið samkvæmt lögunum frá 1854, á flutningsvörur þær, sem flytjast til Íslands með póstgufuskipinu jafnhliða hinum eiginlegu póstsendingum, sem sjálfsagt eiga að vera undanþegnar gjaldi — en með þeim er, auk póstsendinga þeirra, sem nákvæmar eru tilgreindar í auglýsingu 26. septbr. 1872, 5. gr., talinn farangur farþega; en þar sem gjaldið er lagt á vörur, hefur stjórnarráðinu fundizt, að það kæmi bezt heim við almennar tollgrundvallarreglur, að gjaldið að eins verði heimtað af þeim vörum, sem flytjast til landsins, en eigi af þeim, sem fluttar eru út úr landinu.

Að því leyti, sem stungið, er upp á, að gjaldið skuli vera 5 af hverju hundraði af flutningskaupinu, skal þess getið, að flutningskaupið að vísu eigi eingöngu er reiknað eptir því, hvað mikið fer fyrir vörunum í skipinu, og að það er talið með nokkuð ýmislegu móti eptir ásigkomulagi þeirra, þannig að flutningskaupið fyrir nokkrar vörur er miðað við 100 pd., og fyrir aðrar við tenings-fet eða ásigkomulag umbúðanna o. s. frv.; en á hinn bóginn eru samt hin einstöku flutningsgjöld sjer í lagi miðuð við, hvað mikið fer fyrir vörunum. Á póstgufuskipi því, sem hingað til hefur farið á milli, hefur eptir skýrslu póststjórnarinnar verið flutt til Íslands hjer um bil 300 lestir af verzlunarvöru að meðaltali á ári hverju, en af því má samkvæmt þeim skýrslum, sem fyrir liggja, gjöra ráð fyrir, að gjald það, sem hjer er stungið upp á, verði hjer um bil 1000 kr. á ári, sem renna í landssjóðinn, og svo framarlega sem stærra póstskip kynni að verða sett í gang, sem reynzt hefur að mikil þörf sje á, er það vitaskuld, að vænta megi, að tekjur þessar aukist.

Að endingu skal þess getið, að það þykir bezt til fallið, að fela afgreiðslumönnum gufuskipsins á Íslandi á hendur að heimta saman gjaldið samkvæmt tilvísunarbrjefum þeim, er til þeirra koma, og að umboðsstjórnin skuli sjá um, að settar verði hinar nákvæmari reglur um gjaldheimtuna.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 3. fundi neðri deildar alþingis, 3. dag júlímánaðar, var samkvæmt dagskránni tekið fyrir til fyrstu umræðu frumvarp til laga um, að greiða skuli aðflutningsgjald af flutningsvörum þeim, er fluttar eru til Íslands með póstgufuskipinu.

H. Kr. Friðriksson sagði, að stjórnin hefði opt verið beðin um, að af numið væri lestagjald það, sem Ísland borgaði í ríkissjóðinn af póstgufuskipinu, sem er 994 rd. En þetta hefði eigi enn fengizt. Nú ætlaði stjórnin að bæta þetta upp með því, að gefa kost á gjaldi því, er frumvarpið talaði um. Tolli þessum mætti, ef til vildi, mæla nokkra bót, ef póstskipið flytti vörur fyrir minna verð, en önnur skip. En það væri óðru nær en að svo væri, því að flutningseyrir væri þar meiri en með nokkru öðru skipi. Ef sá tollur, sem frumvarpið ræddi um, væri tekinn, þá greiddu Íslendingar tvöfalt lestagjald af þeim vörum, sem póstgufuskipið flytti, eða bæði beinlínis og óbeinlínis. Beinlínis væri hann goldinn í ríkissjóð, og óbeinlínis, þar sem þeir, er vörurnar ættu, borguðu hann í landssjóð; enda væri tollur frumvarpsins allur annar, en þingið hefði um beðið. Hann kvaðst því eigi fá sjeð, að frumvarpið bætti á nokkurn hátt úr ósanngirni þeirri, sem áður var nefnd. Það væri ýmislegt í frumvarpsástæðunum undarlega orðað, og hann ætlaði öldungis rangt, svo sem þar, sem tal-

að væri um, að af umræðunum, sem fram hefðu farið, bæði á ríkisþinginu danska og alþingi, væri það auðsætt, að eptir 2. lið 6. greinar í lögunum af 2. jan. 1871, ætti póstskipið að vera laust við lestagjaldið eptir lögum 15. apr. 1854 af því rúmi þess, sem vörur væru fluttar í. En hann kvaðst eigi muna til, að þingið hefði nokkru sinni talað eitt orð í þá átt, að samþykkja það gjald, eða að ganga að því, heldur hefði hið gagnstæða átt sjer stað, að þingið hefði bæði í frumvarpinu og líka, er lögin komu út, mótmælt því. En sem sagt, þó að vjer fjellumst á þetta frumvarp, þá bætti það ekkert úr, heldur hefði það nýjar álögur í för með sjer, því að þá yrðu Íslendingar að greiða tvöfalt lestagjald af hverju lestarúmi póstskipsins, og því stærra sem póstskipið væri, því ósanngjarnara væri þetta fyrirkomulag. Hann kvaðst því vilja ráða þinginu frá að taka frumvarpið til 2. umræðu.

Tryggvi Gunnarsson áleit, að ísjárvert væri að hafna því fje, er landssjóðnum býðist með þessu frumvarpi; meðan sú ákvörðun í stöðulögunum stæði, að póstskipið skyldi ekkert lestagjald greiða, þá væri hún til þeim mun meiri skaða, sem póstskipið yrði stærra; nokkrar bætur fyrir þennan missi væri 5% af flutningsgjaldinu, sem með frumvarpinu býðist, en þó eigi nægilegar, 8% samsvaraði nokkurn veginn 4 króna lestagjaldi, þegar hæfilegt flutningskaup væri tekið fyrir vörur með póstskipinu, og mundi hann því taka sjer breytingaratkvæði við frumvarpið í þessa átt.

Einar Ásmundsson sagði, að sjer virtist stjórnin hafa með frumvarpi þessu viðurkennt, að landssjóðurinn ætti reyndar að fá lestagjald af póstskipinu, að því leyti sem það væri notað eins og kaupskip til að flytja verzlunarvörur. En stjórnin áliti, að stöðulögin, sem svo væru kölluð, frá 2. jan. 1871, stæðu í vegi fyrir því, að kalla þetta gjald lestagjald samkvæmt lögum 15. apr. 1854. Hann kvaðst eigi geta verið á sama máli og stjórnin um þetta efni; en með því stjórnin vildi nú, að landssjóðurinn fengi af vörum þeim, sem fluttar eru í póstskipinu, viðlíka hátt gjald og lestagjaldið ætti að vera, þá vildi hann aðhyllast frumvarpið með lítilli breytingu, því sjer sýndist það óverulegt, hvort gjaldið væri kallað lestagjald eða aðflutningsgjald, ef það að eins væri jafnt að upphæð. Hann sagði, að í athugasemdunum við frumvarpið stæði, að hjer um bil 300 lestir af vöru væru fluttar til Íslands á póstskipinu ár hvert, og af þessu ætti lestagjaldið að vera 1200 krónur, en eptir reglu þeirri, sem frumvarpið setur, mundi aðflutningsgjaldið eigi verða meira en 1000 krónur; vildi hann því hækka gjald þetta svo, sem því svaraði. Hann kvað það vera auðsætt, að stjórnin vildi, að vjer fengjum voru máli framgengt í þessu efni, eptir tillögum síðasta alþingis, en að hún þar á móti áskildi sjer að sitja við sinn keip að forminu til, með öðrum orðum, hún vildi gefa oss kjarnann en halda sjálf eptir á hnotinni, og þetta mætti ekki meina henni.

Grímur Thomsen kvaðst vera á sama máli sem þingmaður Reykjavíkur, að frumvarpið væri lítt brúkandi; hjer væri svo að sjá, sem stjórnin vildi losa sig við þá skyldu að endurbæta oss ójafnað. Sjer væri og kunnugt, að bæði ráðgjafinn og landshöfðinginn hefðu gjört sjer far um að laga mál þetta í stefnu alþingis. En fjárhagsstjórnin, og sjerstaklega póstmálastjórnin, hefði staðið í vegi fyrir að þetta fengi framgang. Ef hjer væri um stórfje að gjöra, væri að vísu ekki vert að gjöra kappsmál af forminu einu. En hjer væri um litla upphæð að ræða, og nógir vegir væru til að útvega landssjóðnum 1000 kr., í stað þessa fjár. Það væri engan veginn hið sama, að landið fái 2 rd. af hverri lest póstskipsins, og það sem frumvarpið fer fram á. Því að með frumvarpinu stingur stjórnin upp á, að vjer gjöldum gjaldið úr vorum eigin vasa. Þeir, sem helzt fá flutningsvörur með póstskipinu, eru menn úr hjeruðunum við hafnir þær, er póstskipið kemur á, og þannig einkum Reykvíkingar og Gullbringusýslubúar. Ráðaneytið vildi vara oss við, að vera aðgætnir, er vjer tökum móti lögum, þar sem það hefur byggt

ástæður sínar á umræðum alþingis, sem reyndar hafa aldrei átt sjer stað — í stað þess að byggja þær á lögunum sjálfum; það væri því einmitt nauðsynlegt að varast það, að skoða þetta sem endurbót þess, er vjer segðum rjett vera, og væri það varasamt, að gefa eptir rjett þann, er vjer hefðum eptir verzlunarlögunum. Hann vildi mæla með því, að mál þetta kæmi eigi til 2. umræðu.

Landshöfðingi kvað það vera misskilning þingsins, að álit sitt á þessu máli hefði verið hið sama og þingsins, en hitt væri satt, að hann hefði starfað að því, að mál þetta yrði lagað að efninu til, eins og stungið er upp á í þessu frumvarpi; einnig væri það misskilningur af þingmanni Reykvíkinga, að hjer væri farið fram á tvöfaldan toll. Það væri eigi ósanngjarnt, að Ísland endurgyldi ríkissjóðnum lestagjald af póstskipinu, þar sem það að öðru leyti borgaði ekkert til póstferðanna. Um prósent-upphæðina mundi vera tækifæri til að ræða á síðara stigi málsins.

Tryggvi Gunnarsson lagði það til, að málið gengi til 2. umræðu, því að þingmenn hefðu enn haft stuttan tíma til að kynna sjer það.

Halldór Kr. Friðriksson sagði, að því yrði alls eigi neitað, að ef gjald þetta yrði lagt á, þá yrði tollurinn tvöfaldur, því að póstskipið gæfi ekkert eptir af flutningskaupinu, og flutningur á því væri dýrari en á öðrum skipum, og allt annað væri með póstskipinu fulldýrt. Það væri auðsætt, að þar sem landssjóðurinn borgaði 994 rd. árlega, þ. e. gæfi eptir toll, sem honum bæri samkvæmt lögum af 15. apríl 1854, væri Ísland ekki laust við að gjalda til póstferða, sem það þó ætti að vera eptir lögunum. Auk þess væri það almennt viðurkennt, að póstskipið væri of lítið, en því stærra sem póstskipið væri, því meir borguðum vjer til póstferðanna. Það væri vonandi, að vjer ættum þá framtíð fyrir höndum, að póstskipið væri eigi bundið við Reykjavík eina, og yrði þá hið sama ofan á, svo að með því móti gæti svo farið, að lestagjaldið því nær hyrfi. Auk þess væri þetta frumvarp eins konar fleygur ofan í lögin 15. apríl 1854. Gjaldið legðist allt á einstöku menn, er fengju vörur með póstskipinu. Hann yrði því að vera á því, að frumvarpið ætti ekki að komast lengra, en til fyrstu umræðu.

Einar Ásmundsson kvaðst ekki geta verið samdóma þingmanni Reykvíkinga í því, að þeir sem kaupa þær vörur, sem póstskipið flytur, væru ver haldnir en aðrir, þegar skipið gyldi ekki hærra aðflutningsgjald, heldur en önnur skip lestagjald. Og þó sami þingmaður vildi kalla það fleyg í lögum, að sjerstakleg lög væru fyrir póstskipið, þá væru menn vanir slíkum fleygum. Bæjarstjórnarlög Reykjavíkur væru þá eptir því fleygur í sveitarstjórnarlögunum. En þetta kæmi af því, að sjerstaklega stæði á þessari einu sveit Reykjavík, og sjerstaklega hagaði einnig til með póstskipið. Hann vildi því mæla með, að frumvarpið gengi til annarar umræðu.

Þórarinn Böðvarsson skoðaði frumvarpið sem góðsamlega sáttatilraun. En eigi væri það víst, að sú tilraun nægði til að koma sættum á. Hann tók það fram, að þó frumvarpið væri gjört að lögum, þá væri með því engan veginn gjört út um þá spurningu, hvort draga ætti af árgjaldinu. Hann kvaðst vilja mæla með því, að málið kæmi til annarar umræðu.

Grímur Thomsen. «Jeg hjelt, að það kæmi ekki fyrir mig, að þurfa að forsvara landshöfðingjann móti sjálfum honum. Jeg veit með vissu, að hann hefur verið hlynntur þessu máli, og uppástungur hans í því hafa verið miklu betri en frumvarpið». Þingmaður Eyfirðinga hefði sagt, að byrðin yrði hin sama fyrir Gullbringusýslu, hvort sem þetta yrði að lögum eða eigi; en sjer þætti undarlegt, að svo greindur maður skyldi mæla svo. Lestagjaldið fjelli á landssjóðinn, en 5 prC., sem væri viðbót við flutningslaunin, fjelli á Gullbringusýslu og Reykjavík. Í máli þessu væri það eigi samboðið virðingu þingsins, að sleppa rjetti sínum; því að samkvæmt stöðulögunum væru að vísu póstferðirnar undanþegnar afgjaldi, aptur á móti

væri það ekki í Íslands þágu, að póststjórnin væri skipsreiðari, en þá ættu lögin af 15. apríl 1854 við. Ef stjórnin vildi verða skipsreiðari, yrði hún að gjalda 2 rd. af hverri lest. Þessi lög gætu heldur ekki orðið nema til bráðabyrgða; því ekki yrði lengi að bíða stærra skips, og yrði þá að taka annan mælikvarða fyrir prósentunni. Þetta frumvarp gæti því eigi átt við, ef önnur skip svo og svo stór gengju á milli.

Þorlákur Guðmundsson var samdóma þingmanni Gullbringusýslu, að gjaldið lenti helzt á nærsveitunum við Reykjavík, og þá kaupstaði, er póstskipið helzt flytti vörur til, og þeim Árnesingum, er næstir byggju. Kaupmenn mundu hafa vit á, að láta tollinn lenda á kaupendunum, eins og á sjer stað um brennivínstollinn. Þingið mætti ekki ganga frá sannfæringu sinni eða veikja rjett sinn í lestagjaldsmálinu.

Því næst leitaði forseti atkvæða, og var málið felt frá annari umræðu með 15 atkvæðum móti 7.

XIV.
FRUMVARP
til laga um kosningar til alþingis.

—

Kosningarrjettur og kjörgengi.

1. grein.

Með þeim takmörkunum, sem nákvæmar eru teknar fram hjer á eptir (*1.—5. gr.*), hafa kosningarrjett til alþingis:

a, allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stjetta; þó skulu þeir, sem með sjerstaklegri ákvörðun kynnu að vera undanskildir einhverju þegnskyldugjaldi, ekki fyrir það missa kosningarrjett sinn;

b, kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 8 kr. á ári;

c, þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 12 kr. á ári;

d, embættismenn, hvort heldur þeir hafa konunglegt veitingarbrjef, eða þeir eru skipaðir af því yfirvaldi, sem konungur hefur veitt heimild til þessa;

e, þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þar að auki getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, og hafi óflekkað mannorð.

2. grein.

Enginn sá verður álitinn hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almennings áliti.

3. grein.

Enginn getur átt kosningarrjett, sem eigi er fjár síns ráðandi, eða sem orðinn er gjaldþrota.

4. grein.

Enginn getur átt kosningarrjett, sem þiggur af sveit eða hefur þegið sveitarstyrk, nema hann sje annaðhvort endurgoldinn eða honum hafi verið gefinn hann upp.

5. grein.

Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann, þá er kosningin fer fram, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár. Sá, sem hefur fast aðsetur á fleiri stöðum, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vilji neyta kosningarrjettar síns.

6. grein.

Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt greinunum að framan, ef að hann

1, ekki er þegn annars ríkis eða að öðru leyti er í þjónustu þess;

2, hefur að minnsta kosti síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi, og

3. sje orðinn fullra 30 ára að aldri, þegar kosningin fer fram.

Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis eða hefur verið þar skemur en eitt ár.

Kjörskrár.

7. grein.

Hlutaðeigandi hreppsnefnd skal hlutast til um, að haldnar sjeu kjörskrár yfir þá menn í hverjum hreppi, sem kosningarrjett hafa. Í Reykjavík, á Akureyri og Ísafirði skal hlutaðeigandi bæjarstjórn gjöra ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að halda kjörskrárnar.

8. grein.

Kjörskrárnar skulu í sjerstökum dálkum, sem þar til eru gjörðir, innihalda fullt nafn kjósenda, aldur þeirra, stjett og heimili, og skal á skránum vera rúm, þar sem rituð verður atkvæðagreiðsla kjósenda. Á hverri kjörskrá skal raða niður nöfnum kjósenda eptir stafaröð.

9. grein.

Kjörskrárnar skal semja einu sinni á ári hverju; skal leggja þær kjörskrár til grundvallar, sem þá eru í gildi, en samt fella þá kjósendur úr, sem síðan eru dánir eða hafa flutzt burtu eða misst kosningarrjett sinn (2. 4. og 5. gr.), og bæta þeim við, sem síðan hafa öðlazt kosningarrjett sinn eða sem fyrir 1. júlím. fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru með tilliti til aldurs og heimilis. Enn fremur skulu þeir, sem að vísu enn þá ekki hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem síðast var getið, en sem vænta má að muni fullnægja þeim einhvern tíma á því ári, er kjörskrárnar skulu gilda fyrir, teknir upp á skrá sjer og skal um leið tilgreina þann dag í árinu, er þeir annaðhvort verða fullra 25 ára að aldri, eða hafa verið heimilisfastir í kjördæminu eitt ár.

10. grein.

Leiðrjetting þessa og viðauka við kjörskrárnar skal gjöra í marzmán. Efasemdir þær, sem við það kunna að koma fram, skulu hreppsnefndirnar gjöra út um í sveitunum, eptir að búið er að fá upplýsingar um málið, en í Reykjavík, á Akureyri og Ísafirði skal hlutaðeigandi bæjarstjórn gjöra það.

11. grein.

Frá 1. til 21. apríl, að báðum þessum dögum með töldum, skulu kjörskrárnar liggja öllum til sýnis á þeim stað, sem er hentugur fyrir hrepps-eða bæjarbúa eða eptir atvikum á fleiri slíkum stöðum. Staðfest endurrit af skránum má hafa til þess að leggja fram. Hvenær og hvar skrárnar verði lagðar fram, skal birta með að minnsta kosti 14 daga fyrirvara við kirkjufund eða á annan hátt, sem vant er að birta almennar auglýsingar þar á staðnum.

12. grein.

Innan 8 daga frá því, sá tími er liðinn, er kjörskrárnar liggja til sýnis, skal hver sá, sem álítur, að sjer sje ranglega sleppt þar, eða einhver sje á skránni, sem eigi hafi rjett til þess að standa þar, bera upp fyrir oddvita hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar tilmæli sín um, að verða tekinn upp á skrárnar, eða kröfu sína um, að nafn hins verði dregið út, og skulu tilfærðar ástæður þær, sem krafan er byggð á.

13. grein.

Mótbárur þær, sem þannig eru komnar fram gegn kjörskránum, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn gjöra út um á opinberum fundi, sem skal haldinn innan hinna næstu 3 vikna. Til þess fundar skal með 8 daga fyrirvara segja til bæði þeim, sem fram hafa komið með mótbárur, og þeim, sem mælt er á móti, og skal þeim síðarnefndu um leið skýrt frá, hver mótmæli sjeu komin fram gegn þeim. Samkvæmt þeim skjölum, sem málspartarnir leggja fram, og framburði þeirra vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreining þann, sem fram er kominn, og hann ritaður með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal oddviti hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar rita nafn sitt undir þær. Eptir þetta verður á því ári engin breyting gjörð á kjör-

skránum, nema dómur sje á undan genginn (16 grein).

14. grein.

Hinar leiðrjettu kjörskrár skal alstaðar nema í Reykjavík gefa út í tvennu lagi, og skal oddviti hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar tafarlaust senda oddvita þeirrar sýslunefndar, sem í hlut á, aðra skrána. Hann skal innan 1. júlí skýra hlutaðeiganda amtmanni frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, og ef svo ekki er, hverjar vanti. Amtmaður skal þá, ef á þarf að halda með því að beita hæfilegum þvingunarsektum, sjá um, að þær skrár, sem vantar, verði útvegaðar viðstöðulaust.

Í Reykjavík skal oddviti bæjarstjórnarinnar innan þess tíma, sem getið var, skýra amtmanninum yfir suðuramtinu frá, hvort búið sje að leiðrjetta kjörskrána.

15. grein.

Ef komizt verður að því, að kjörskrárnar eigi sjeu leiðrjettar á lögskipaðan hátt, skal skýra landshöfðingja frá því, og skal þá þegar ákveðið, hvort höfða skuli lögsókn, og skal amtmaður þar að auki skipa hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn, ef á þarf að halda, að viðlagðri hæfilegri þvingunarsekt, tafarlaust að gjöra þær ráðstafanir, sem fyrirskipaðar eru í lögunum. Amtmaður skal þegar svo á stendur hafa vald til að stytta fresti þá, sem ákveðnir eru í lögunum.

16. grein.

Sá, sem er óánægður með úrskurð, er synjar honum kosningarrjettar, má heimta að sjer verði fengin útskript af úrskurðinum kauplaust, og getur hann látið málið ganga til dóms og laga. Mál út af þessu skal fara með sem gestarjettarmál. Málspartarnir eru fyrir undirrjetti undanþegnir því, að greiða rjettargjöld, og skal hið opinbera skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnarinnar, sem stefnt er. Verði það dæmt, að sá, sem í hlut á, eigi kosningarrjett, skal taka hann upp á kjörskrána, jafnskjótt og hann sýnir fram útskript af dóminum.

17. grein.

Kjörskrárnar gilda frá 1. júlí til 30. júní árið eptir. Samkvæmt þessum skrám skulu allar þær kosningar til alþingis fram fara, sem til falla á því ári, þó þannig að þess verði gætt, að þeir menn, sem á aukaskránni eru (9. gr.), að eins hafa rjett til þess að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kosningardaginn hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru með tilliti til aldurs og heimilis. Ef kosning kemur fyrir fleiri sinnum á árinu, skal endurrit af skránum, sem staðfest sje af hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn, vera til reiðu til afnota við hina nýju kosningargjörð.

Kjördæmi og kjörstjórnir.

18. grein.

Sjerhver sýsla í landinu skal vera eitt kjördæmi, að undanteknum Skaptafells- og Þingeyjarsýslum, sem hvorri um sig skal skipt í 2 sjerstök kjördæmi með þeim takmörkum, sem hingað til hafa verið. Kaupstaðurinn Reykjavík með því nágrenni, sem heyrir undir lögsagnarumdæmi bæjarins, skal vera kjördæmi fyrir sig.

Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna, sem ákveðin er í stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, 5. janúar 1874, 14. gr., skal skipt niður á þann hátt, að 2 alþingismenn verði kosnir í sjerhverju af kjördæmum þeim, sem hjer skulu talin: Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Ísafjarðarsýslu ásamt Ísafjarðarkaupstað, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu ásamt Akureyrarkaupstað, Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu, en í hverju hinna kjördæmanna, sem eru hin 2 kjördæmi í Skaptafells- og Þingeyjarsýslum, hvorri um sig, Vestmannaeyjasýsla, Reykjavíkur-kaupstaður, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla og Strandasýsla, skal kjósa 1 alþingismann.

19. grein.

Fyrir hvert kjördæmi skal setja kjörstjórn. Skal í Reykjavík oddviti bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnarinnar og skulu að auki vera í henni 4 menn, sem

bæjarstjórnin kveður til, 2 úr sínum flokki og 2 úr flokki kjósenda í kaupstaðnum; en í hinum kjördæmunum er sýslumaður oddviti kjörstjórnarinnar og eru í henni að auki 2 aðrir af sýslunefndarmönnum, sem sýslunefndin sjálf kýs.

20. grein.

Oddviti kjörstjórnarinnar stendur fyrir öllum undirbúningi undir sjálfa kosninguna, og sjer um, að kjörskrárnar sjeu við á kjörþinginu.

21. grein.

Kjörstjórnin heldur kjörbók, þar sem bókað skal, að kjörskrárnar og þau brjef, sem komin eru til stjórnarinnar, hafi verið lögð fram. Í kjörbókina skal rita það helzta af því, sem fram fer á kjörþinginu, en þar með skal þó eigi telja ræður þær, sem haldnar verða. Kjörstjórnin skal rita nöfn sín undir kjörbókina, og skal í Reykjavík bæjarstjórnin geyma hana, en ella sýslunefndirnar.

Í síðasta lagi 8 dögum eptir kosninguna skal oddviti kjörstjórnarinnar senda landshöfðingja fullkomna útskript, sem hann hefur staðfest, af því, sem ritað er í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið. Landshöfðingi fær síðan alþingi, er það kemur saman, útskriptina, sem send hefur verið til hans, ásamt þeim skýrslum, sem hann hefur fundið ástæðu til að útvega.

Kjörþiggendur.

22. grein.

Enginn getur orðið fyrir kosningu, þegar kjósa á þjóðkjörna alþingismenn, nema einn eða fleiri af kjósendum í kjördæminu í síðasta lagi fyrir náttmál kveldinu fyrir þann dag, er kosningin skal fram fara, hafi skriflega skýrt oddvita kjörstjórnarinnar frá, að hann sækist eptir kosningu, og lýsi því yfir, að þeir vilji mæla fram með honum til þeirrar kosningar, sem til stendur, og skal þar með fylgja skrifleg yfirlýsing frá þeim, sem í hlut á, um, að hann sje fús til þess að taka á móti kosningunni í hlutaðeigandi kjördæmi, og að hann eigi hafi látið bjóða sig fram til kosningar á sama tíma í nokkru öðru kjördæmi.

23. grein.

Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi kjörþiggenda verði sönnuð fyrir kjörstjórninni. Komi fram við kosningargjörðina mótmæli eða jafnvel sannanir gegn kjörgengi þeirra, getur kjörstjórnin að vísu eigi bannað umræður um það, en heldur ekki fyrir þá sök skorazt undan, að bjóða þá fram til kosningar. Spurningin um kjörgengi þeirra, sem í hlut eiga, kemur undir úrskurð alþingis, ef þeir verða kosnir.

24. grein.

Komist það upp, að einhver kjörþiggjandi hafi látið bjóða sig fram í fleiri en einu kjördæmi, er sú kosning eða þær kosningar, sem hann kann að verða fyrir, ógildar.

Kosningargjörðirnar o. fl.

25. grein.

Hinar almennu kosningar á þjóðkjörnum alþingismönnum eiga venjulega fram að fara 6. hvert ár.

Þegar slíkar kosningar eiga fram að fara, annaðhvort fyrir þá sök, að, eins og sagt var, kjörtíminn er á enda, eða vegna þess, að alþingi er leyst upp, verður gefið út um það opið brjef, þar sem konungur skipar fyrir, að kosningarnar skuli fram fara.

Kosningarnar skulu venjulega haldnar í septbr. á því ári, sem næst er á undan því, er alþingi skal koma saman.

26. grein.

Kjörtíminn fyrir allar kosningar skal talinn frá 1. septbr., ef ákveðið er samkvæmt greininni á undan, að kosningarnar skuli fram fara á þeim mánuði, en ef það kynni að verða ákveðið, að kosningarnar skuli fram fara á öðrum tíma árs, skal nákvæmar sagt fyrir um það í fyrnefndu brjefi, frá hvaða degi kjörtíminn skuli talinn.

27. grein.

Ef kjósa þarf einstakan þjóðkjörinn alþingismann, gildir hin nýja kosning fyrir svo langan tíma, sem sá átti eptir, en hinn nýkjörni alþingismaður tekur við af.

Þegar einstakar kosningar skulu fram fara, gjörir landshöfðinginn fyrirskipun um það.

28. grein.

Kosningarnar fram fara í kjördæmum þeim, sem ákveðin eru fyrir þær, á kjörþingum, sem hver og einn má koma á.

29. grein.

Kosningar skulu venjulega haldnar annaðhvort á þeim þingstað, sem er næstur miðju kjördæminu, eða á öðrum hentugum stað, sem amtmaður til tekur nákvæmar, eptir að hafa leitað álits sýslunefndarinnar.

30. grein.

Dag og klukkustund, er kjörþingið skal haldið, skal oddviti kjörstjórnarinnar til taka, og skal hann með 4 vikna fyrirvara auglýsa það og kjörþingisstaðinn við kirkjufund eða á þann hátt, sem að öðru leyti er venjulegur um opinberar auglýsingar þar á staðnum.

31. grein.

Oddviti kjörstjórnarinnar setur kjörþingið, og eptir að hann hefur lesið upp hið konunglega opna brjef, eða þann úrskurð landshöfðingja, er fyrirskipar kosninguna, leiðir hann athygli þingheimsins að því, hver tilgangurinn sje með kosningargjörðina, og hve mikilsvarðandi hún sje. Hann nefnir síðan nöfn þess eða þeirra kjörþiggenda, sem boðið hafa sig fram, og svo þeirra kjósenda, sem mæla fram með kosningu þeirra, og skorar á þá, að ganga fram og viðurkenna meðmæling sína. Sjeu þeir eigi komnir á fund, og hafi eigi sagt til forfalla, sem kjörstjórnin álítur gild, eða ef þeir skorast undan að standa við hina skriflegu meðmæling sína, verður eigi tekið tillit til hennar, og ef þannig má álíta, að einhver af þeim, sem gefið hafa til kynna, að þeir sæktust eptir kosningu, hafi eigi lengur meðmæling til kosningar frá neinum kjósanda í kjördæminu, getur hann eigi orðið boðinn fram til kosningar.

Kjósendur þeir, sem eru á fundi, og standa þar við meðmæling sína með einhverjum kjörþiggjanda, eiga rjett á að taka til máls, og hið sama er um þá kjörþiggendur, sem boðnir eru fram til kosningar. Að öðru leyti má bjóða kjörþiggjanda fram til kosningar, þótt eigi sje hann sjálfur á kjörþingi. Enn fremur er sjerhverjum kjósanda, sem er við staddur, heimilt að leggja spurningar fyrir þá kjósendur, sem mæla fram með einhverjum til kosningar, og eins fyrir kjörþiggendur þá, sem eru á fundinum, og er þeim sömuleiðis heimilt, að svara spurningunum. Samt má eigi bera upp neina slíka spurningu, fyr en þeim kjósendum, sem mæla fram með einhverjum til kosningar, og þeim kjörþiggendum, sem eru við staddir, hefur verið gefinn kostur á að taka til máls. Kjósendur þeir, er mæla fram með einhverjum til kosningar, og kjörþiggendur skulu látnir taka til orða eptir stafaröð nafna þeirra, sem síðar var getið.

Oddviti stýrir umræðunum, og skal sjá um, að bæði þær og öll kosningargjörðin fari fram í góðri reglu. Enginn af kjörstjórunum má tala með eða á móti kosningu nokkurs kjörþiggjanda.

Oddviti lýkur umræðunum, þegar honum þykir það við eiga, og skorar hann síðan á kjósendur að ganga til kosningar með því að greiða atkvæði með einum, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, tveimur af þeim kjörþiggendum, sem boðnir hafa verið fram til kosningar. Þótt eigi sjeu fleiri kjörþiggendur, en kjósa skal í kjördæminu, skal atkvæðagreiðsla samt fram fara (smbr. 34. gr.).

32. grein.

Atkvæðagreiðsla skal fram fara eptir kjörskránum, þannig að kjósendur greiði atkvæði sín munnlega í þeirri röð, er þeir koma að. Enginn getur neytt kosningarrjettar síns, nema hann sjálfur komi á kjörþing.

33. grein.

Oddviti kjörstjórnarinnar á eigi þátt í því að taka við atkvæðum. Einn af hinum, sem í kjörstjórninni eru, ritar, eptir að hann hefur kannazt við kjósendurna, nafn þess eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, nöfn þeirra tveggja kjörþiggenda, sem kjósandi greiðir atkvæði sitt með, við

hliðina á hans eigin nafni á sjálfri kjörskránni. Annar úr kjörstjórninni ritar á sjerstaka atkvæðaskrá nafn kjósenda við hliðina á nafni þess eða þeirra kjörþiggenda, sem hann hefur greitt atkvæði sitt með. Áður en kjósandinn gengur frá, skal lesa upp fyrir honum bæði hans eigið nafn og þess eða þeirra nöfn, sem hann hefur kosið, til tryggingar því, að rjett sje ritað á báðar skárnar, og að það beri saman hvað við annað.

Þegar eigi fleiri kjósendur gefa sig fram, til þess að greiða atkvæði, skal oddviti hátt og snjallt skora á þá kjósendur, sem eigi hafa greitt atkvæði, að gjöra það, og skal hann um leið sitja stuttan frest til þess, en frestur þessi má samt ekki, hvernig sem á stendur, vera skemmri, en 2 klukkustundir líði frá því að kosningargjörðin byrjaði, og skal eigi lúka atkvæðagreiðslu, enda þótt sá frestur sje liðinn, sem oddviti hefur sett, á meðan kjósendur, án þess að nokkurt hlje verði á, gefa sig fram til atkvæðagreiðslu.

Þegar engir fleiri kjósendur æskja að taka þátt í kosningunni, samkvæmt því, sem sagt er, færa kjörstjórarnir (að svo miklu, sem þeir hafa kosningarrjett), inn atkvæði sjálfra þeirra, og rita nöfn sín bæði undir kjörskrána og atkvæðaskrána, og er þá atkvæðagreiðslu lokið.

34. grein.

Eptir að búið er að bera saman kjörskrárnar og atkvæðaskrána, skal telja saman atkvæði. Sá, eða þeir tveir í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, sem hlotið hafa flest atkvæði, eru þá kosnir alþingismenn fyrir kjördæmið. Samt er enginn rjettkjörinn alþingismaður, nema hann hafi hlotið meira en helming þeirra atkvæða, sem greidd eru. Hljóti enginn eða eptir því, sem á stendur einungis annar þeirra, sem boðnir eru fram til kosningar, svo mörg atkvæði, skal aptur kjósa óbundnum kosningum; fái þá enn enginn þann atkvæðafjölda, sem með þarf, skal velja enn á ný, en að eins milli þeirra tveggja — eða ef kjósa skal tvo, milli þeirra fjögra —, sem við hina seinni kosningu höfðu flest atkvæði. Sje svo, að fleiri hafi við aðra kosningu fengið jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða, hver þeirra geti orðið boðinn fram til hinnar bundnu kosningar. Sömuleiðis skal hlutkesti ráða, ef atkvæði eru jöfn við þriðju kosningu.

35. grein.

Í kjörbókinni skal bóka, hvernig kosningin hafi farið, og lýsa því yfir fyrir þingheiminum; sömuleiðis skal oddviti kjörstjórnarinnar svo fljótt sem verða má, tilkynna þeim, sem kjörinn er, sje hann eigi við staddur, kosninguna. Atkvæðaskrárnar skal leggja við kjörbókina, og skal öll kjörstjórnin rita nöfn sín undir hana.

36. grein.

Kjörstjórnin fær hverjum þjóðkjörnum alþingismanni kosningarbrjef, sem skal samið samkvæmt fyrirmynd, sem stjórnarráðið fyrir Ísland segir fyrir um, og skal kjörstjórnin rita undir það nöfn sín.

Kostnaður, ábyrgð og um það, hve nær lögin skuli öðlast gildi.

37. grein.

Alþingismenn fá í endurgjald 6 kr. um hvern dag, bæði fyrir þann tíma, sem þeir þurfa til ferðarinnar til og frá þeim stað, þar sem alþingi er haldið, og fyrir þann tíma, sem þeir eru í alþingi. Sömuleiðis fá þeir endurgoldinn ferðakostnað eptir reikningi, sem forseti í hlutaðeigandi þingdeild samþykkir og ávísar. Þessi útgjöld greiðast úr landssjóðnum.

38. grein.

Annarstaðar en í Reykjavík mega kjörstjórarnir reikna sjer fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað samkvæmt tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872, 33. grein., þannig að útgjöldin greiðist úr sýslusjóðnum. Að því leyti annar kostnaður verður við kosningarnar t. a. m. til prentunar kjörskránna, til auglýsinga, o. fl., skal einnig greiða hann úr sýslusjóðnum. Í Reykjavík skal greiða útgjöld þau, sem síðast voru nefnd, úr sjóði bæjarins.

39. grein.

Vanræki nokkur störf þau, sem honum eru lögð fyrir með lögum þessum, skal hann, að svo miklu leyti sem þyngri hegning eigi liggur við samkvæmt lögum, sæta 10—200 kr. sektum.

40. grein.

Þessi lög öðlast fyrst gildi við lok þess tíma, er alþingismenn þeir, sem nú eru, eru kjörnir fyrir, nema til þess skyldi koma fyr, að láta nýjar almennar kosningar fram fara vegna þess að alþingi er leyst upp, en þá skal beita lögum þessum með tilliti til þeirra kosninga.

Frá sama tíma falla þær ákvarðanir úr gildi, sem tilsk. 8. marz 1843 og tilsk. 6. janúar 1857 hafa inni að halda um kosningar til alþingis, og sömuleiðis opið brjef 6. júlí 1848 um kostnað við kosningar til alþingis.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 1. ákvörðun um stundarsakir í stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands skal tilskipun um kosningar til alþingis, 6. janúar 1857, sbr. tilsk. 8 marz 1843, gilda um kosningarnar til alþingis, að öðru leyti en því, sem leiðir af 14., 17. og 18. gr. í stjórnarskránni, þángað til öðruvísi verður fyrir mælt með lögum. Eptir því fyrirkomulagi, sem nú er komið á, verður samt að álíta, að ákvarðanir þær, sem í tjeðri tilskipun standa, sjeu ekki fullnægjandi í ýmsum greinum, og stjórnarráðið hefur því fundið ástæðu til, að leggja fyrir alþingi frumvarp það, sem prentað er hjer að framan, til laga um kosningar til alþingis.

Þegar verið var að semja frumvarp þetta, var yfir höfuð byggt á því sama, sem samkvæmt lögum 12. júlí 1867 liggur til grundvallar fyrir kosningunum til fólksþingsins í ríkisþinginu, en það er samt vitaskuld, að út af þessu hefur verið brugðið í ýmsum verulegum greinum, bæði vegna þess, að stjórnarskráin 5. janúar 1874 hefur inni að halda sjerstaklegar ákvarðanir um kosningarrjett og kjörgengi, og af því hve einkennilega hagar til á Íslandi.

Um hinar einstöku greinir frumvarpsins skal þess getið, sem hjer segir.

Um 1.—6. grein.

Ákvarðanirnar um kosningarrjett og kjörgengi eru teknar eptir 17. og 18. grein í stjórnarskránni, en það hefur samt þótt bezt til fallið yfirlitsins vegna að skipta því, sem fyrir er mælt í 17. gr. um skilyrðin fyrir kosningarrjetti, í fleiri greinir.

Um 7. grein.

Samkvæmt því, sem fyrir er mælt í tilsk. 6. janúar 1857, 3. gr., er það falið sveitastjórnunum, í sveitunum hreppsnefndunum og í kaupstöðunum bæjarstjórninni, að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf til þess að halda kjörskrár. Þess skal getið, að eigi hefur þótt næg ástæða til, að láta prestinn eiga þátt í því, að sjá um kjörskrárnar, eins og fyrirskipað er í tilskipun 8. marz 1843, 18. og 38. gr., sbr. tilsk. 6. janúar 1857, 3. gr.

Samkvæmt tilsk. 6. janúar 1857, 3. gr., smbr. tilsk. 8. marz 1843, 17. gr., eru eigi að eins haldnar skrár yfir þá, sem kjörrjett hafa, heldur einnig yfir þá, sem kjörgengir eru, en þetta stóð í sambandi við það, að kjörstjórnin eptir hinum gildandi reglum gat neitað að taka við atkvæðum, sem greidd voru með þeim, er eigi voru kjörgengir, smbr. tilsk. 6. janúar 1857, 5. gr., og tilsk. 8. marz 1843, 31. gr. Með því nú alþingi samkvæmt 29. gr. í stjórnarskránni sker sjálft úr, hvort alþingismenn sjeu löglega kosnir, kemur það eigi til, að kjörstjórnirnar skuli til bráðabyrgða skera úr því, hvort einhver kjörþiggjandi sje kjörgengur, og er því eigi framar nein ástæða til, að láta semja skrár yfir þá, sem kjörgengir eru, og það því síður, sem slíkar skrár ávallt hlyti að verða ófullkomnar, með því menn, sem búa fyrir utan kjördæmið, geta verið kjörgengir.

Um 8.—11. gr.

Það, sem hjer ítarlega er sagt fyrir um fyrirkomulag á kjörskrám (8. gr.), um leiðrjetting þeirra (9. og 10. gr.) og um að þær skuli lagðar fram til, sýnir fyrir almenning

(11. gr.), er álitið nauðsynlegt, til þess fengin verði meiri trygging fyrir því, að kjörskrárnar sjeu áreiðanlegar, en sú, sem hinar samsvarandi ákvarðanir í tilsk. frá 1843, 20.—23. gr., sbr. 38. gr., hafa inni að halda.

Um 12. og 13. grein.

Eptir tilsk. frá 1843 er það að vísu venjulegt, að hefja skuli mótmæli gegn kjörskránum á undan kosningunni innan ákveðins tíma frá því, að skrárnar voru lagðar fram til sýnis; smbr. 21. og 22. gr. í tilskipuninni; en samt var það eptir 26. gr. tilskipunarinnar leyfilegt við sjálfa kosninguna að koma fram með mótbárur gegn því, að einhver væri tekinn upp á kjörskrána. En það er hvorttveggja, að það liggur í augum uppi, að kosningarnar geta fram farið miklu fljótara og vissara, þegar kjörskrárnar eiga að liggja fyrir leiðrjettar að öllu leyti, áður en kosningarnar fara fram, svo að eigi verða við sjálfa kosninguna borin upp nein mótmæli gegn henni, enda leiðir það af því fyrirkomulagi, sem fyrir skipað er í frumvarpi þessu, þar sem aðrir standa fyrir kosningunum en þeir, sem semja kjörskrárnar, sbr. 7. og 19. gr. frumvarpsins, að eigi verði skorið úr mótbárum gegn kjörskránum á sjálfum kjördeginum.

Um 14. grein.

Annarstaðar en í Reykjavík skal senda annað af þeim tveimur exemplörum, sem getið er í greininni, til kjörstjórnarinnar, svo það verði við haft við kosninguna, en hinu skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn halda til þess það verði notað við leiðrjetting á skránni síðar meir. Aptur er, hvað Reykjavík snertir, gjört ráð fyrir því, að bæjarstjórnin haldi báðum exemplörunum af kjörskránum, með því kjörstjórnin þar samkvæmt 19. gr. frumvarpsins verður kosin af bæjarfulltrúum og meiri partur hennar eru bæjarfulltrúar.

15.—17. gr.

eru að mestu leyti samhljóða hinum samsvarandi reglum í lögum 12. júlí 1867, en af því haldið er, að það eigi bezt við, að kosningarnar fari fram í septbr. (22. gr.), eins og hingað til, eru frestirnir ákveðnir samkvæmt því, og eru þeir yfir höfuð lengdir.

Um 18. gr.

Fyrri liður þessarar greinar er samhljóða þeim reglum, sem hingað til hafa gilt, sbr. tilsk. 8. marz 1843, 13. gr. og tilsk. 6. jan. 1857, 8. gr., en aptur er síðari hluti greinarinnar tekinn eptir fyrstu ákvörðun um stundarsakir í stjórnarskránni.

Þar að auki skal þess getið, að það hefur verið yfirvegað, hvort eigi skyldi skipta þeim sýslum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, í 2 kjördæmi, eins og Skaptafells- og Þingeyjarsýslum, en það hefur samt þótt rjettast, að láta þær reglur haldast fyrst um sinn, sem nú gilda, þess heldur, sem menn hafa áður á alþingi látið í ljósi, að það ætti bezt við að halda þeirri skipting á kjördæmunum, sem hingað til hefur verið, sbr. alþingistíðindi 1851, bls. 529, en á þessu má gjöra breytingu síðar meir, ef það þykir betur við eiga, eptir því hvernig til hagar eða eptir tölu kjósanda, að skipta sýslu í 2 kjördæmi.

Um 19.—21. grein.

Eins og það er falið á hendur hreppsnefndunum og bæjarstjórn kaupstaðanna, að sjá um kjörskrárnar, þannig þykir það við eiga, að kjörstjórnirnar skuli myndaðar af sveitastjórnunum, og virðist það þá liggja næst fyrir, að láta nefnd, sem sýslunefndin skipar, standa fyrir kosningum í kjördæmum utan Reykjavíkur, en í þeim kaupstað er ætlazt til, að kjörstjórnin sje skipuð á þann hátt, sem getið er í 19. gr.

Um 22.—24. gr.

Samkvæmt reglum þeim, sem nú gilda, hefur eigi þótt við eiga að skipa svo fyrir, að menn skyldu sjálfir koma á kjörþing, til þess að verða boðinn fram til kosningar (sbr. 31. gr.), en til þess að komast hjá að halda nýjar örðugar kosningar, sem yrðu nauðsynlegar, ef einhver, sem kosinn er, annaðhvort skoraðist undan að taka á móti kosningu, eða væri kosinn í fleiri kjördæmum, hefur virzt ástæða til, að gjöra þeim að skyldu, sem vill taka á móti kosningu í einhverju

kjördæmi, að láta skýra oddvita kjörstjórnarinnar frá því samkvæmt því, sem fyrir mælt er í 22. gr., sbr. einnig tilsk. 6. jan. 1857, 5. gr., og er svo einnig fyrir skipað, að enginn megi bjóða sig fram til kosningar nema í einu kjördæmi.

Enda þótt alþingi, eins og drepið er á að framan, skeri úr því, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir, og kjörstjórnin fyrir þá sök eigi geti hafnað atkvæðum, jafnvel þótt þau sjeu greidd með kjörþiggendum, sem að áliti kjörstjórnarinnar eigi eru kjörgengir, hefur samt verið haldið, að eigi ætti að banna umræðu um kjörgengi þess, sem í hlut á (23. grein).

Um 25.—30. grein.

Þar sem kosningarnar til alþingis áður hafa fram farið að tilhlutun hinna innlendu stjórnarvalda, hefur það eptir því fyrirkomulagi, sem nú er orðið, þótt bezt við eiga, að konungur ákveði hinar almennu kosningar til alþingis, en samt hefur það verið álitið, að kosningarnar ættu, eins og hingað til, jafnaðarlega að fara fram í september, og að það eigi að fela hlutaðeigandi kjörstjórn, að ákveða nákvæmar þann dag, er kosning skuli fram fara. Þegar einstakar kosningar skulu fram fara, er það aptur á móti falið landshöfðingja á hendur, að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf í því tilliti.

Sökum þess, að kjörtíminn jafnaðarlega nær yfir 6 ár, en eigi verður búizt við því, eins og getið er, að kosningarnar færu fram allar á sama degi, hefur það þótt nauðsynlegt, að til taka ákveðinn dag, er kjörtíminn sje talinn frá, án tillits til þess, hvenær kosningarnar hafa fram farið. Ákvörðunin um kjörstaðinn (26. grein) er samhljóða þeim reglum, sem hingað til hafa gilt, smbr. tilskipun 8. marz 1843, 15. grein.

Um 31.—33. grein.

Eins og það er fyrir skipað í 22. grein, að einn eða fleiri af kjósendum í kjördæminu, skuli á undan kjördeginum skýra kjörstjórninni frá þeim, sem býður sig fram til kosningar, þannig er það ákveðið í 31. grein, að þeir kjósendur, sem mæla fram með einhverjum kjörþiggjanda, skuli, nema þeir sjeu löglega forfallaðir, koma á kjörfundinn, og standa við þá skýrslu, sem þeir áður hafa gefið, samkvæmt því, sem nákvæmar segir fyrir um í greininni, og er því meiri nauðsyn á því, sem það þykir rjettast eptir því, sem til hagar á Íslandi, að það eigi verði gjört þeim, sem bjóða sig fram, að skyldu, að koma sjálfir til kosningarinnar.

Þar sem kjósendur samkvæmt tilskipun 1843, 29. grein, greiða atkvæði sín eptir þeirri röð, sem kjörstjórinn ákveður, og eptir nafnakalli, er stungið upp á því í 32. grein, að kjósendur skuli greiða atkvæði eptir þeirri röð, er þeir koma í til atkvæðagreiðslu.

Um aðferðina við atkvæðagreiðsluna eru að öðru leyti fyrir skipaðar líkar reglur og þær, sem gilda á Færeyjum um kosningar til fólksþingsins, smbr. lög 29. desember 1850, 25. grein, o. s. frv.

Um 34.—36. grein.

Reglurnar í 34. grein um, hve mörg atkvæði útheimtist til þess, að vera álitinn rjett kosinn til alþingis, eru samhljóða því, sem hingað til hefur gilt, smbr. tilskipun 6. janúar 1857, 7. grein, með þeim breytingum, er af því leiðir, að nú skal kjósa 2 alþingismenn í fleiri kjördæmum.

Um 37. grein.

Endurgjaldið til alþingismannanna er ákveðið samkvæmt því, sem fyrir er skipað í tilskipun 1843, 79. grein.

Um 38. grein.

Samkvæmt opnu brjefi 6. júlí 1848, fá allir kjörstjórar og hinir aðrir, sem í kjörstjórninni eru, 1 rd. í fæðispeninga fyrir hvern dag, sem þeir eru viðstaddir á kjörþingi, og endurgjald fyrir ferðakostnað eptir nákvæmari reglum; en með því að það eru sýslunefndarmenn, sem samkvæmt þessu frumvarpi eiga að standa fyrir alþingiskosningum annarstaðar en í Reykjavík, þykir það bezt til fallið, að þeir fái fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað, samkvæmt því, sem fyrir er mælt um sýslunefndarmenn í því tilliti í lögum um sveitarstjórn á Íslandi,

4. maí 1872, 33. gr.; þar á móti hefur eigi þótt ástæða til að veita kjörstjórum í Reykjavík, sem eigi yfirgefa heimili sitt, neitt endurgjald fyrir hluttekning þeirra í kosningargjörðinni.

Þar sem kostnaður sá, sem getið var að framan, og önnur útgjöld við alþingiskosningar samkvæmt tilskipun frá 1843, 79. grein, eru greidd úr amtsjafnaðarsjóðunum, þykir það eðlilegast, að kostnaðurinn við þetta eptirleiðis greiðist úr sýslusjóðnum, þegar um annan stað er að ræða en Reykjavík, og að því leyti, er snertir þennan kaupstað, er samkvæmt tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi, 4. maí 1872, 60. grein, hjer stungið upp á því, að kostnaður sá til prentunar kjörskránna og auglýsinga o. s. frv., sem við kemur þessu kjördæmi, skuli greiðast úr sjóði bæjarins.

Um 39. grein.

Með því það er harðla áríðandi, að reglum þeim, sem fyrir skipaðar eru með tilliti til kosninganna sje nákvæmlega fylgt, hefur það þótt rjettast, til þess enn ítarlegar að stuðla til þessa, að skipa fyrir að sama hegning skuli liggja við, ef út af þessu er brotið, sem ákveðin er í hinum dönsku kosningarlögum, en sektirnar eru þó færðar niður um helming samkvæmt grundvallarreglu þeirri, sem fylgt er í hinum almennu hegningarlögum, 25. júní 1869, 31. grein, þar sem ákveðið er um sektir.

Um 40. grein.

Með því það þykir rjettast, að kosningar til alþingis á hinum sama kjörtíma fari fram eptir hinum sömu kosningarreglum, er stungið upp á því, að lög þessi fyrst skuli öðlast gildi við lok þess kjörtíma, sem nú er, nema nýjar almennar kosningar þurfi að halda vegna þess, að alþingi er leyst upp.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á sjöunda fundi neðri deildar alþingis, 9. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til fyrstu umræðu frumvarp til laga um kosningar til alþingis.

Benidikt Sveinsson sagði, að það væri alkunnugt, að kosningarlög væru jafnan hin vandasömustu mál, er fyrir þing gætu komið, og kæmi það af því, að eptir hlutarins eðli ætti að vísu hver maður jafnan rjett til þess að taka þátt í lögum og landstjórn, en allir væru eigi jafnfærir um þetta, og því væri vandinn að útiloka ekki of marga og bleypa þó eigi of mörgum að. Það rjetta væri, að láta ásigkomulag hvers lands ráða, eins og tilraunir frjálslegra löggjafa í öðrum löndum vottuðu. Hin fyrri kosningarlög af 8. marz 1843 og 6. jan. 1857 hefðu verið fremur frjálsleg en ófrjálsleg. Þetta frumvarp væri byggt á 14., 16. og 18. grein stjórnarskrárinnar og væri mjög skylt L. 12. júlí 1867, sem lægju til grundvallar fyrir kosningarlögum til fólksþingsins. Þætti sjer þetta frumvarp mikilsverð rjettarbót; hann hefði lesið það fljótlega og ekki fundið á því neina aðalgalla, þó að á einstökum greinum væru æskilegar breytingar, sjer í lagi væri málið miður heppilegt, því þessi lög gengju frá manni til manns. Hann stakk upp á samkvæmt þessu, að málið gengi til 2. umræðu, og að 5 manna nefnd yrði kosin.

Halldór Kr. Friðriksson gat þess, að sjer líkaði vel frumvarpið yfir höfuð, og það væri í ýmsu bezta rjettarbót, en hann vildi að eins við þessa umræðu taka fram 3 atriði, er sjer þættu ísjárverð. Í fyrsta lagi þætti sjer efasamt, hvort það ætti við hjer á landi, sem farið væri fram á í 22. og 24. gr., sbr. við 31. gr. frumvarpsins, þó almennt væri það í öðrum löndum, að þingmannsefnið skyldi bjóða sig fram, og hafa tvo menn, sem mæltu fram með honum til kosningar, þá ætlaði hann, að það ætti eigi við hjer á landi, og margir mundu eigi fella sig við þá ákvörðun. Í öðru lagi yrði hann að vísu að játa, að mikil bót væri í því, að hver hreppur byggi til kjörskrá út af fyrir sig, en sjer væri eigi ljóst, hvort kjörstjóri ætti að steypa öllum atkvæðaskránum saman í eitt; þetta atriði væri alls ekki ljóst

eptir orðatiltækjum frumvarpsins. Í þriðja lagi drap hann á það, að endurgjald það, sem farið væri fram á í 37. grein og sett 6 kr., hefði á sínum tíma (1844) verið all-sæmilegt, en úr því reiknað væri eptir peningum, væri vafasamt, hvort sú borgun væri nægileg.

Benidikt Sveinsson hjelt, að þingmanni Reykvíkinga hefði skjátlazt; sjer sýndust ákvarðanirnar í 22., 24. og 31. gr. ágætlega skiljanlegar frá því sjónarmiði, að gefa þingmannsefninu (Valgcandidaten) hvöt til þess, að lýsa skoðunum sínum, og kjósendum einnig hvöt til þess að leita slíkrar yfirlýsingar um mál, sem fyrir lægju, áður þeir kysu. Í öðru lagi hefði þingmaðurinn verið í vafa um, hvort kjörskránum skyldi steypa saman, en á 7. og 20. gr. sæist, að þessi efasemd sje eigi á rökum byggð, og fari frumvarpið því eðlilega fram, að svo skuli gengið til atkvæða, eptir því sem menn ber að á fundinn; því það virðist sjer sanngjarnt, að þeir njóti fyrst rjettar síns, sem fyrst að beri; sje þetta því augljósara, þegar gjört sje ráð fyrir, að kosningin vari eigi lengur en eina tvo tíma. Viðvíkjandi 3. atriði þingmannsins kvaðst hann vera honum samdóma.

Var þá gengið til atkvæða um, hvort málið skyldi ganga til annarar umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði. Síðan voru kosnir í nefnd í málið eptirfylgjandi 5 menn:

Páll bóndi Pálsson	með	16 atkv.
Þórður Þórðarson	—	15 —
Þórarinn Böðvarsson	—	13 —
Þorlákur Guðmundsson	—	13 —
Ísleifur Gíslason . .	—	11 —

Í nefndinni var Þórarinn Böðvarsson kosinn formaður og framsögumaður, og Ísleifur Gíslason skrifari.

NEFNDARÁLIT

um frumvarp til laga um kosningar til alþingis.

Hin heiðraða neðri deild alþingis kaus að þessu sinni oss undirskrifaða í nefnd, til að hugleiða og segja álit vort um frumvarp til laga um kosningar til alþingis, er af hálfu ráðgjafans fyrir Ísland var lagt fyrir þessa deild þingsins.

Höfum vjer nú á mörgum fundum íhugað frumvarpið, og skulum leyfa oss að skýra frá skoðun vorri á því.

Að því er snertir efni frumvarpsins, er nefndin þeirrar skoðunar, að frumvarpið í öllum verulegum greinum sje svo aðgengilegt, að hún hikar ekki við, að ráða hinni heiðruðu deild til að aðhyllast það að mestu leyti óbreytt að efninu til. Að eins skal þess getið um 2. grein, að nefndinni fannst rjettast að taka það fram með berum orðum, að þeir, sem hafi fengið uppreist æru sinnar samkvæmt tilskipun 12. marz 1870, verði taldir að hafa óflekkað mannorð og því einnig kosningarrjett, hvað það snertir, þar sem þetta sjest ekki glögglega af greininni.

Um 32. gr. er það að segja, að nefndinni þykir ástæða til að breyta efni hennar á þann hátt, að kjörstjórnin skeri úr, í hvaða röð hrepparnir greiði atkvæði, en að kjósendur hinna einstöku hreppa greiði atkvæði samkvæmt kjörskrá hvers hrepps, með því það mundi auðsjáanlega valda óreglu og töf, að haga atkvæðagreiðslunni eptir þessari frumvarpsgrein óbreyttri.

Þar sem nefndin þannig er frumvarpinu því nær í öllum greinum samdóma að efninu til, verður hún að hinu leytinu að láta þá skoðun sína í ljósi, að málið á mörgum greinum frumvarpsins sje miklu miður vandað, en skyldi, svo að þörf sje á mörgum orðabreytingum, því það þykir eiga vel við, sjálfsagt á öllum lögum, en ekki sízt á þeim lögum, sem snerta almenning eins mikið og þessi, að þau sjeu svo vel úr garði gjörð að málinu til, sem kostur er á. Hefur nefndin því leyft sjer að stinga upp á töluverðum orðabreytingum, og einnig á nokkrum stöðum vikið heilum setningum við, án þess þó að hún vildi, að efnið raskaðist neitt við það.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sjer að ráða hinni heiðruðu neðri deild alþingis til, að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum, sem nú skal getið við hverja einstaka grein.

1. grein.

Orðin: «og hafi óflekkað mannorð» falli burt.

2. grein

orðist þannig:

«Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð; en sá verður eigi talinn að hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreist æru sinnar, samkvæmt tilsk. 12. marz 1870».

3., 4. og 5. grein óbreyttar.

6. grein.

«að» á eptir «ef» falli burt.

1. tölul. «að öðru leyti» falli burt.

3. tölul. «sje» breytist í «er».

7. grein

breytist þannig:

«Hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skal semja og halda kjörskrár yfir þá menn í hverjum hrepp eða bæ, sem kosningarrjett hafa».

8. grein.

Upphafið orðist þannig:

«Á kjörskrárnar skal setja í sjerstaka dálka fullt nafn» o. s. frv.

9. grein.

Upphafið orðist þannig:

«Kjörskrárnar skulu samdar einu sinni á ári hverju; skulu þær kjörskrár lagðar til grundvallar, sem þá eru í gildi, en þeir kjósendur úr felldir, sem» o. s. frv.

«og bæta þeim við» breytist í «og þeim bætt við»; «með tilliti til aldurs og heimilis» breytist í: «um aldur og heimili».

10. grein

orðist þannig:

«Kjörskrárnar skulu leiðrjettar í marzmánuði ár hvert. Efasemdum þeim, sem þá kunna að koma fram, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr, þá er búið er að fá skýringar um málið».

11. grein

«endurrit af» breytist í: «eptirrit af»; á eptir «annan» komi: «þann».

12. grein.

Upphafið breytist þannig: «Áður en 8 dagar eru liðnir frá þeim tíma, er kjörskrárnar hafa legið til sýnis, skal hver sá, er ætlar, að sjer sje ranglega sleppt á skránni, eða að einhver sje þar» o. s. frv.

13. grein.

Upphafið orðist þannig:

«Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru komnar fram, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem skal haldinn, áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningar, og þeir, sem mælt er á móti, og skal hinum síðar nefndu», o. s. frv.

14. grein.

Upphafið orðist þannig:

«Þá er búið er að leiðrjetta kjörskrárnar, skulu þær alstaðar, nema í Reykjavík, samdar í tvennu lagi».

Á eptir «senda» komi «aðra skrána», en þau orð falli burt í enda setningarinnar. «Innan 1. júlí» breytist í: «fyrir 1. d. júlím.» «ef svo ekki er» breytist í: «ef svo er ekki, þá».

Endir málsgreinarinnar orðist þannig: «Amtmaður skal þá sjá um, að þær skrár, sem vantar, verði útvegaðar tafarlaust, og beita hæfilegum þvingunarsektum, ef á þarf að halda».

»innan þess tíma» breytist í: »fyrir þann tíma».

15. grein.

Upphafið breytist þannig: »Verði það uppvíst, að kjörskrárnar sjeu eigi» o. s. frv.

»og skal hlutaðeigandi amtmaður — í lögunum» breytist í: »og skal amtmaður þar að auki skipa hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn að gjöra tafarlaust þær ráðstafanir, sem fyrirskipaðar eru í lögunum, og leggja við hæfilega þvingunarsekt, ef á þarf að halda».

»fresti þá, sem ákveðnir» breytist í: hvern þann frest, sem ákveðinn».

16. grein.

«útskript» breytist í «eptirrit»; sýnir fram útskript» breytist í: «leggur fram eptirrit».

17. grein.

Orðin: «sem tilfalla» falli burt.

«með tilliti til aldurs og heimilis» breytist í «um aldur og heimili»; «endurrit» breytist í «eptirrit».

18.—20. grein óbreyttar.

21. grein.

»að kjörskrárnar — lögð fram» breytist í: «að fram hafi verið lagðar kjörskrárnar og þau brjef, sem til hennar eru komin».

«ella» breytist í: «annarstaðar».

«fullkomna útskript, sem hann hefur staðfest» breytist í: «staðfest eptirrit». — «útskriptina, sem send hefur verið til hans» breytist í: »eptirrit þetta»; «fundið ástæðu» breytist í: «þótt ástæða».

«*kjörþiggendur*» breytist í: «*þingmannaefni*», og sje þetta orð, þingmannaefni eða þingmannsefni, við haft, eptir því sem við á á hverjum stað, í öllum þeim greinum frumvarpsins, þar sem «kjörþiggendur» eða «kjörþiggjandi» kemur fyrir.

22. grein.

«sækist eptir» breytist í: «taki við».

23. grein.

»verði» breytist í «sje». «Spurningin — kosnir» breytist í: «Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru».

24. grein.

«Komist það upp» breytist í: «Verði það uppvíst». «hafi látið bjóða sig fram í fleiri» breytist í: «hafi gefið kost á sjer í fleirum». Á eptir «kosningar» komi «ógildar», en það orð falli burt í enda greinarinnar.

«*Kosningargjörðirnar*» breytist í: «*kosningarnar*».

25. grein.

«leyst upp» breytist í: «rofið», »eins og sagt var» falli burt.

«á árinu, sem næst er á undan því er» breytist í: «árið áður en».

26. grein óbreytt.

27. grein.

«hinn nýkjörni alþingismaður tekur við af» breytist í: «frá fór».

28. grein breytist þannig:

«Kosningarnar fara fram í kjördæmi hverju á kjörþingi, og má hver koma þar, er vill».

29. grein breytist þannig:

«Kosningarnar skulu haldnar á þeim þingstað, sem næstur er miðju kjördæminu; en sje hann óhentugur, þá á öðrum stað, sem amtmaður til tekur eptir uppástungu sýslunefndarinnar».

30. grein breytist þannig:

«Oddviti kjörstjórnarinnar skal til taka dag og klukkustund, er kjörþingið skal haldið, og auglýsa með 4 vikna fyrirvara á kirkjufundum eða á annan venjulegan hátt kjörþingisstaðinn, og nær kjörþingið skal haldið».

31. grein.

«eptir að» breytist í: «er». — «þingheimsins» breytist í «kjósendanna»; «viðurkenna» breytist í «kannast við»; «sagt til forfalla» breytist í: «tjáð forföll»; «verður eigi tekið tillit til hennar» breytist í: «verður hún eigi tekin til greina»; «sæktust eptir» breytist í: «tækju við».

«þeim kjósendum, sem mæla fram með einhverjum til kosningar» breytist í: «meðmælendunum»; «stafaröð nafna þeirra, sem síðar var getið» breytist í: «upphafsstaf í nöfnum þingmannaefna».

«Lýkur» breytist í: «slítur».

32. gr. breytist þannig:

«Kjörstjórnin ákveður, í hvaða röð hreppar nir kjósa; kjósendur úr hverjum hreppi greiða atkvæði eptir stafaröð á kjörskránni. Enginn» o. s. frv.

33. grein.

«greiðir atkvæði sitt með» breytist í: «gefur atkvæði sitt».

«Eigi fleiri» breytist í: «engir fleiri». Á eptir «skemmri en» bætist við «svo»; «og skal eigi ljúka atkvæðagreiðslu — til atkvæðagreiðslu» breytist í: «þótt sá frestur sje liðinn, skal eigi atkvæðagreiðslu lokið, meðan

kjósendur gefa sig fram til hennar, án þess að hlje verði á».

«Að svo miklu leyti sem» breytist í «ef»; «sjálfra þeirra» breytist í: «sjálfra sín».

34. grein.

«velja» breytist í: «kjósa».

35. grein.

«og lýsa því yfir» breytist í: «og skal oddviti kjörstjórnarinnar lýsa því yfir»; «oddviti kjörstjórnarinnar» breytist í: «hann». Á eptir »tilkynna« komi: »kosninguna«, en það orð falli burt í enda setningarinnar.

36. grein.

»sem skal samið« breytist í: »skal það samið«.

37. grein.

»til og frá þeim stað, þar sem alþingi er haldið« breytist í: »til alþingis og frá því«; »í alþingi« breytist í: »á alþingi«.

38. grein.

»að því leyti» breytist í: »ef«.

39. grein.

»lögð fyrir» breytist í: »á hendur falin«; »skal hann — 10—200 kr. sektum« breytist í: »skal hann sæta 10—200 kr. sektum, ef þyngri hegning liggur eigi við samkvæmt lögum«.

40. grein breytist þannig:

«Lög þessi öðlast gildi við lok kjörtíma þeirra alþingismanna, sem nú eru. En ef nýjar almennar kosningar fara fram fyr, sökum þess að alþingi sje rofið, skulu þær fram fara eptir lögum þessum.

Frá sama tíma» o. s. frv.

Alþingi, 20. júlí 1875.

Þórarinn Böðvarsson, formaður og framsögumaður. Ísl. Gíslason, skrifari.

P. Pálsson. Þórður Þórðarson.

Þorlákur Guðmundsson.

ÖNNUR UMRÆÐA

í neðri þingdeildinni.

Á 22. fundi neðri deildar alþingis, 28. dag júlímánaðar, kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu frumvarp til laga um kosningar til alþingis, ásamt nefndaráliti um frumvarpið og breytingaruppástungum.

Framsögumaður (*Þórarinn Böðvarsson*) sagði, að nefndin hefði litlar breytingar gjört við frumvarpið, og væru í nefndarálitinu færðar stuttar ástæður fyrir þeim; hann þyrfti því ekki að tala margt um málið. Nefndinni hefði þótt frumvarpið í öllu verulegu gott, og flestar breytingarnar væru að eins orðabreytingar. Það þætti henni meðal annars heppilegt við frumvarpið, að þar væru teknar saman í eitt allar ákvarðanir um kosningarnar, og kjörskrárnar gjörðar aðgengilegri. Nefndinni hefði sýnzt nauðsynlegt, að bæta þeirri ákvörðun í 2. grein, að þeir menn, er fengið hefðu uppreisn mannorðs síns, skyldu eigi taldir í tölu þeirra, er hefðu flekkað mannorð, og skyldu þeir því hafa kosningarrjett. Hvað 32. grein snerti, þá hefði nefndin álitið, að það gæti valdið ruglingi, ef kjósendur skyldu atkvæði greiða í þeirri röð, er þeir kæmu að. Það væri ekki víst, að einn kæmi að í einu, heldur margir saman, og heimtaði hver að komast að með sitt atkvæði, þess vegna hefði hún gjört breytingu þessa við greinina. Ýmsar aðrar breytingar hefði komið til orða að gjöra, t. a. m. við 1. gr. staflið c, en breyting á honum mætti álíta sem breyting á stjórnarskránni, einnig um varaþingmenn, en það ætti miður við, að kjósa varaþingmenn á löggjafarþing, enda væri kosning varaþingmanna minni hluta kosning, en nauðsynin til að kjósa þá minni, þegar kjörskrárnar væru ætíð til taks; um kaup handa þingmönnum, enda þótt kringumstæðurnar væru breyttar, síðan sú kaupupphæð var sett, sem nú er, þá virtist eigi næg ástæða til, að breyta því. Ákvörðunin um meðmælendur ætti eigi sem bezt við, sem stæði, en menn mundu venjast henni, og naumast kæmi hún að skaða. Orðabreytingar væru margar, og þó, ef til vildi, ekki nógu margar. Hann kvaðst svo ekki ætla að fara fleiri orðum um málið, fyr en hann sæi, hverjar undirtektir það fengi.

Landshöfðingi gat þess, að hann væri samdóma nefndinni um allar breytingar hennar, að undantekinni breytingunni í tölulið 1. í 6. grein. Það væri að vísu ekki annað en

orðabreyting, er í sjálfri sjer gjörði ekkert til. En af því að orð þessi stæðu í stjórnarskránni, þá vildi hann ráða deildinni frá að fella þau burt.

Framsögumaður sagði, að ef breyting þessi þætti vera móti stjórnarskránni, þá væri hann ekkert á móti því, að hún fjelli burt.

Því næst var gengið til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. Orðin: «og hafi óflekkað mannorð» síðast í 1. grein samþykkt í einu hljóði að skyldu falla burt úr frumvarpinu á þessum stað.
2. 1. grein frumvarpsins með áorðinni breytingu samþykkt í einu hljóði.
3. 2. grein, eins og nefndin hafði orðað hana, samþykkt í einu hljóði.
4. 3. grein samþykkt í einu hljóði.
5. 4. grein sömuleiðis.
6. 5. grein sömuleiðis.
7. 6. grein, nefndin: að orðin: «að öðru leyti» falli burt, fellt með 11 atkvæðum.
8. 6. grein með orðamun nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
9. 7. grein, eins og nefndin hafði breytt henni, samþykkt í einu hljóði.
10. Breyting nefndarinnar við 8. grein samþykkt í einu hljóði.
11. 8. grein með þessari breytingu samþykkt í einu hljóði:
12. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 9. grein samþykkt með 20 atkvæðum.
13. 9. grein með þessari breytingu og nokkrum orðabreytingum samþykkt með 20 atkvæðum.
14. 10. grein, eins og nefndin hafði orðað hana, samþykkt í einu hljóði.
15. 11. grein með orðabreytingum nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
16. 12. grein með orðabreytingum nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
17. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 13. grein samþykkt með 20 atkvæðum.
18. 13. grein með þessari breytingu samþykkt í einu hljóði með 20 atkvæðum.
19. 14. grein með orðabreytingum nefndarinnar samþykkt með 21 samhljóða atkvæðum.
20. 15. grein með orðabreytingum nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
21. 16. grein með orðabreytingum nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
22. 17. grein með orðabreytingum nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
23. 18. grein óbreytt samþykkt í einu hljóði.
24. 19. grein einnig óbreytt samþykkt í einu hljóði.
25. 20. grein óbreytt samþykkt í einu hljóði.
26. 21. grein með orðabreytingum nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
27. Breytingaruppástunga nefndarinnar við fyrirsögnina á undan 22. grein samþykkt með 19 atkvæðum.
28. 22. grein með orðabreytingu nefndarinnar samþykkt með 18 atkvæðum.
29. 23. grein með orðabreytingu nefndarinnar samþykkt með 21 samhljóða atkvæðum.
30. 24. grein með orðabreytingum nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
31. Breyting á fyrirsögninni fyrir 25. grein samþykkt án atkvæða.
32. 25. grein með orðabreytingum nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
33. 26. grein óbreytt samþykkt í einu hljóði.
34. 27. grein með orðabreytingu nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
35. 28. grein með orðabreytingu nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
36. 29. grein, eins og nefndin hafði stungið upp á að orða hana, samþykkt í einu hljóði.
37. 30. grein, breytt af nefndinni að orðunum til, samþykkt í einu hljóði.
38. 31. grein með orðabreytingum nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
39. Breytingaruppástunga nefndarinnar við 32. grein samþykkt með 20 atkvæðum.
40. 32. grein með áorðinni breytingu samþykkt með 20 atkvæðum.
41. Breyting nefndarinnar við 33. grein samþykkt með 20 atkvæðum.

42. 33. grein með áorðinni breytingu og ýmsum orðabreytingum, er nefndin hafði stungið upp á, samþykkt í einu hljóði.
43. 34. grein með orðabreytingu nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
44. 35. gr. með orðabreytingum nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
45. 36. gr. með orðabreytingu nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
46. 37. grein með orðabreytingum nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
47. 38. grein með orðabreytingu nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
48. 39. grein með orðabreytingum nefndarinnar samþykkt í einu hljóði.
49. orðabreytingar nefndarinnar við fyrri hluta 40. greinar samþykktar með 20 samhljóða atkvæðum.
50. 40. grein með þessari breytingu samþykkt i einu hljóði.
51. Fyrirsögn frumvarpsins og hinna einstöku kafla samþykkt án atkvæðagreiðslu.
52. Frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum var lesið upp og samþykkt með 20 atkvæðum.
53. Þá var samþykkt með 20 atkvæðum, að frumvarpið þannig lagað gengi til 3. umræðu.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 27. fundi neðri deildar alþingis, 3. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til þriðju umræðu frumvarp til laga um kosningar til alþingis. Framsögumaður (Þórarinn prófastur Böðvarsson) leiddi athygli þingsins að fáeinum prentvillum í frumvarpinu, en að öðru leyti tók enginn til máls, og las þá forseti frumvarpið upp, og var það samþykkt í heild sinni í einu hljóði, og fyrirsögnin án atkvæðagreiðslu, og var það nú sent efri deildinni þannig orðað.

FRUMVARP
til laga um kosningar til alþingis.

—

Kosningarrjettur og kjörgengi.

1. grein.

Með þeim takmörkunum, sem nákvæmar eru teknar fram hjer á eptir (1.—5. gr.), hafa kosningarrjett til alþingis:

a, allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stjetta; þó skulu þeir, sem með sjerstaklegri ákvörðun kynnu að vera undanskildir einhverju þegnskyldugjaldi, ekki fyrir það missa kosningarrjett sinn;

b, kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 8 kr. á ári;

c, þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 12 kr. á ári;

d, embættismenn, hvort heldur þeir hafa konunglegt veitingarbrjef, eða þeir eru skipaðir af því yfirvaldi, sem konungur hefur veitt heimild til þessa;

e, þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þar að auki getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram.

2. grein.

Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð; en sá verður eigi talinn að hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almennings áliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreist æru sinnar, samkvæmt tilsk. 12. marz 1870.

3. grein.

Enginn getur átt kosningarrjett, sem eigi er fjár síns ráðandi, eða sem orðinn er gjaldþrota.

4. grein.

Enginn getur átt kosningarrjett, sem þiggur af sveit eða hefur þegið sveitarstyrk,

nema hann sje annaðhvort endurgoldinn eða honum hafi verið gefinn hann upp.

5. grein.

Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann, þá er kosningin fer fram, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár. Sá, sem hefur fast aðsetur á fleiri stöðum, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vilji neyta kosningarrjettar síns.

6. grein.

Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt greinunum að framan, ef hann

1, ekki er þegn annars ríkis eða að öðru leyti er í þjónustu þess;
2, hefur að minnsta kosti í síðustu 5 ár verið í löndum þeim í Norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi, og
3, sje orðinn fullra 30 ára að aldri, þegar kosningin fer fram.

Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis eða hefur verið þar skemur en eitt ár.

Kjörskrár.

7. grein.

Hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skal semja og halda kjörskrár yfir þá menn í hverjum hrepp eða bæ, sem kosningarrjett hafa.

8. grein.

Á kjörskrárnar skal setja í sjerstaka dálka fullt nafn kjósanda, aldur þeirra, stjett og heimili, og skal á skránum vera rúm, þar sem rituð verður atkvæðagreiðsla kjósanda. Á hverri kjörskrá skal raða niður nöfnum kjósanda eptir stafaröð.

9. grein.

Kjörskrárnar skulu samdar einu sinni á ári hverju; skulu þær kjörskrár lagðar til grundvallar, sem þá eru í gildi, en þeir kjósendur úr felldir, sem síðan eru dánir eða hafa flutzt burtu eða misst kosningarrjett sinn (2., 4. og 5. gr.), og þeim bætt við, sem síðan hafa öðlazt kosningarrjett, eða sem fyrir 1. júlímán. fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Enn fremur skulu þeir, sem að vísu enn þá ekki hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem síðast var getið, en sem vænta má að muni fullnægja þeim einhvern tíma á því ári, er kjörskrárnar skulu gilda fyrir, teknir upp á skrá sjer, og skal um leið tilgreina þann dag í árinu, er þeir annaðhvort verða fullra 25 ára að aldri, eða hafa verið heimilisfastir í kjördæminu eitt ár.

10. grein.

Kjörskrárnar skulu leiðrjettar í marzmánuði ár hvert. Efasemdum þeim, sem þá kunna að koma fram, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr, þá er búið er að fá skýringar um málið.

11. grein.

Frá 1. til 21. apríl, að báðum þessum dögum meðtöldum, skulu kjörskrárnar liggja öllum til sýnis á þeim stað, sem er hentugur fyrir hrepps- eða bæjarbúa, eða eptir atvikum á fleiri slíkum stöðum. Staðfest eptirrit af skránum má hafa til þess að leggja fram. Hvenær og hvar skrárnar verði lagðar fram, skal birta með að minnsta kosti 14 daga fyrirvara við kirkjufund eða á annan þann hátt, sem vant er að birta almennar auglýsingar þar á staðnum.

12. grein.

Áður en 8 dagar eru liðnir frá þeim tíma, er kjörskrárnar hafa legið til sýnis, skal hver sá, er ætlar, að sjer sje ranglega sleppt á skránni, eða að einhver sje þar, sem eigi hafi rjett til þess að standa þar, bera upp fyrir oddvita hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar tilmæli sín um, að verða tekinn upp á skrárnar, eða kröfu sína um, að nafn hins verði dregið út, og skulu tilfærðar ástæður þær, sem krafan er byggð á.

13. grein.

Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru komnar fram, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem skal haldinn áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningar, og þeir, sem mælt er á móti, og skal hinum síðarnefndu

um leið skýrt frá, hver mótmæli sjeu komin fram gegn þeim. Samkvæmt þeim skjölum, sem málspartarnir leggja fram, og framburði þeirra vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreining þann, sem fram er kominn, og hann ritaður með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal oddviti hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar rita nafn sitt undir þær. Eptir þetta verður á því ári engin breyting gjörð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn (16 grein).

14. grein.

Þá er búið er að leiðrjetta kjörskrárnar, skulu þær alstaðar, nema í Reykjavík, samdar í tvennu lagi, og skal oddviti hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar tafarlaust senda aðra skrána oddvita þeirrar sýslunefndar, sem í hlut á. Hann skal fyrir 1. júlímán. skýra hlutaðeigandi amtmanni frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, og ef svo er ekki, hverjar vanti. Amtmaður skal þá sjá um, að þær skrár, sem vantar, verði útvegaðar tafarlaust, og beita hæfilegum þvingunarsektum, ef á þarf að halda.

Í Reykjavík skal oddviti bæjarstjórnarinnar fyrir þann tíma, sem getið var, skýra amtmanninum yfir suðuramtinu frá, hvort búið sje að leiðrjetta kjörskrána.

15. grein.

Verði það uppvíst, að kjörskrárnar sjeu eigi leiðrjettar á lögskipaðan hátt, skal skýra landshöfðingja frá því, og skal þá þegar ákveðið, hvort höfða skuli lögsókn, og skal amtmaður þar að auki skipa hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn, að gjöra tafarlaust þær ráðstafanir, sem fyrirskipaðar eru í lögunum, og leggja við hæfilega þvingunarsekt, ef á þarf að halda. Amtmaður skal, þegar svo á stendur, hafa vald til að stytta hvern þann frest, sem ákveðinn er í lögunum.

16. grein.

Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarrjettar, má heimta, að sjer verði fengið eptirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann látið málið ganga til dóms og laga. Mál út af þessu skal fara með sem gestarjettarmál. Málspartarnir eru fyrir undirrjetti undanþegnir því, að greiða rjettargjöld, og skal hið opinbera skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnarinnar, sem stefnt er. Verði það dæmt, að sá, sem í hlut á, eigi kosningarrjett, skal taka hann upp á kjörskrána, jafnskjótt og hann leggur fram eptirrit af dóminum.

17. grein.

Kjörskrárnar gilda frá 1. júlímánaðar til 30. júnímán. árið eptir. Samkvæmt þessum skrám skulu allar kosningar til alþingis fram fara á því ári, þó þannig að þess verði gætt, að þeir menn, sem á aukaskránni eru (9. gr.), að eins hafa rjett til þess að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kosningardaginn hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Ef kosning kemur fyrir fleirum sinnum á árinu, skal eptirrit af skránum, sem staðfest sje af hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn, vera til reiðu til afnota við hina nýju kosningu.

Kjördæmi og kjörstjórnir.

18. grein.

Sjerhver sýsla á landinu skal vera eitt kjördæmi, að undanteknum Skaptafells- og Þingeyjarsýslum, sem hvorri um sig skal skipt í 2 sjerstök kjördæmi með þeim takmörkum, sem hingað til hafa verið. Kaupstaðurinn Reykjavík með því nágrenni, sem heyrir undir lögsagnarumdæmi bæjarins, skal vera kjördæmi fyrir sig.

Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna, sem ákveðin er í stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, 5. janúar 1874, 14. gr., skal skipt niður á þann hátt, að 2 alþingismenn sjeu kosnir í sjerhverju af kjördæmum þeim, sem hjer skulu talin: Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Ísafjarðarsýslu ásamt Ísafjarðarkaupstað, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu ásamt Akureyrarkaupstað, Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu, en í hverju

hinna kjördæmanna, sem eru hin 2 kjördæmi í Skaptafells- og Þingeyjarsýslum, hvorri um sig, Vestmannaeyjasýsla, Reykjavíkur-kaupstaður, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla og Strandasýsla, skal kjósa 1 alþingismann.

19. grein.

Fyrir hvert kjördæmi skal setja kjörstjórn. Skal í Reykjavík oddviti bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnarinnar og skulu að auki vera í henni 4 menn, sem bæjarstjórnin kveður til, 2 úr sínum flokki og 2 úr flokki kjósanda í kaupstaðnum; en í hinum kjördæmunum er sýslumaður oddviti kjörstjórnarinnar og eru í henni að auki 2 aðrir af sýslunefndarmönnum, sem sýslunefndin sjálf kýs.

20. grein.

Oddviti kjörstjórnarinnar stendur fyrir öllum undirbúningi undir sjálfa kosninguna, og sjer um, að kjörskrárnar sjeu við á kjörþinginu.

21. grein.

Kjörstjórnin heldur kjörbók, þar sem bókað skal, að fram hafi verið lagðar kjörskrárnar og þau brjef, sem til hennar eru komin. Í kjörbókina skal rita það helzta af því, sem fram fer á kjörþinginu, en þar með skal þó eigi telja ræður þær, sem haldnar verða. Kjörstjórnin skal rita nöfn sín undir kjörbókina, og skal í Reykjavík bæjarstjórnin geyma hana, en annarstaðar sýslunefndirnar.

Í síðasta lagi 8 dögum eptir kosninguna skal oddviti kjörstjórnarinnar senda landshöfðingja staðfest eptirrit af því, sem ritað er í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið. Landshöfðingi fær síðan alþingi, er það kemur saman, eptirrit þetta ásamt þeim skýrslum, sem honum hefur þótt ástæða til að útvega.

Þingmannaefni.

22. grein.

Enginn getur orðið fyrir kosningu, þegar kjósa á þjóðkjörna alþingismenn, nema einn eða fleiri af kjósendum í kjördæminu í síðasta lagi fyrir náttmál kveldinu fyrir þann dag, er kosningin skal fram fara, hafi skriflega skýrt oddvita kjörstjórnarinnar frá, að hann taki við kosningu, og lýsi því yfir, að þeir vilji mæla fram með honum til þeirrar kosningar, sem til stendur, og skal þar með fylgja skrifleg yfirlýsing frá þeim, sem í hlut á, um, að hann sje fús til þess að taka á móti kosningunni í hlutaðeigandi kjördæmi, og að hann eigi hafi látið bjóða sig fram til kosningar á sama tíma í nokkru öðru kjördæmi.

23. grein.

Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sönnuð fyrir kjörstjórninni. Komi fram við kosninguna mótmæli eða jafnvel sannanir gegn kjörgengi þeirra, getur kjörstjórnin að vísu eigi hannað umræður um það, en heldur ekki fyrir þá sök skorazt undan, að bjóða þá fram til kosningar. Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

24. grein.

Verði það uppvíst, að eitthvert þingmannsefni hafi gefið kost á sjer í fleirum en einu kjördæmi, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, sem hann kann að verða fyrir.

Kosningarnar.

25. grein.

Hinar almennu kosningar á þjóðkjörnum alþingismönnum eiga venjulega fram að fara 6. hvert ár.

Þegar slíkar kosningar eiga fram að fara, annaðhvort fyrir þá sök, að kjörtíminn er á enda, eða vegna þess, að alþingi er rofið, verður gefið út um það opið brjef, þar sem konungur skipar fyrir, að kosningarnar skuli fram fara.

Kosningarnar skulu venjulega haldnar í septembermán. árið áður, en alþingi skal koma saman.

26. grein.

Kjörtíminn fyrir allar kosningar skal talinn frá 1. septbr., ef ákveðið er samkvæmt greininni á undan, að kosningarnar skuli fram fara í þeim mánuði, en ef það kynni að

verða ákveðið, að kosningarnar skuli fram fara á öðrum tíma árs, skal nákvæmar sagt fyrir um það í fyrnefndu opnu brjefi, frá hvaða degi kjörtíminn skuli talinn.

27. grein.

Ef kjósa þarf einstakan þjóðkjörinn alþingismann, gildir hin nýja kosning fyrir svo langan tíma, sem sá átti eptir, er frá fór.

Þegar einstakar kosningar skulu fram fara, gjörir landshöfðinginn fyrirskipun um það.

28. grein.

Kosningarnar fram fara í kjördæmi hverju á kjörþingi, og má hver koma þar, er vill.

29. grein.

Kosningarnar skulu haldnar á þeim þingstað, sem næstur er miðju kjördæminu, en sje hann óhentugur, þá á öðrum stað, sem amtmaður til tekur eptir uppástungu sýslunefndarinnar.

30. grein.

Oddviti kjörstjórnarinnar skal til taka dag og klukkustund, er kjörþingið skal haldið, og auglýsa með 4 vikna fyrirvara á kirkjufundum eða á annan venjulegan hátt kjörþingisstaðinn, og nær kjörþingið skal haldið.

31. grein.

Oddviti kjörstjórnarinnar setur kjörþingið, og er hann hefur lesið upp hið konunglega opna brjef, eða þann úrskurð landshöfðingja, er fyrirskipar kosninguna, leiðir hann athygli kjósendanna að því, hver tilgangurinn sje með kosninguna og hve mikilsvarðandi hún sje. Hann nefnir síðan nöfn þess eða þeirra þingmannaefna, sem boðið hafa sig fram, og svo þeirra kjósanda, sem mæla fram með kosningu þeirra, og skorar á þá, að ganga fram og kannast við meðmælingu sína. Sjeu þeir eigi komnir á fund, og hafi eigi tjáð forföll, sem kjörstjórnin álítur gild, eða ef þeir skorast undan að standa við hina skriflegu meðmæling sína, verður hún eigi tekin til greina, og ef þannig má álíta, að einhver af þeim, sem gefið hafa til kynna, að þeir tæki við kosningu, hafi eigi lengur meðmæling til kosningar frá neinum kjósanda í kjördæminu, getur hann eigi orðið boðinn fram til kosningar.

Kjósendur þeir, sem eru á fundi, og standa þar við meðmæling sína með einhverju þingmannsefni, eiga rjett á að taka til máls, og hið sama er um þau þingmannaefni, sem boðnir eru fram til kosningar. Að öðru leyti má bjóða þingmannsefni fram til kosningar, þótt eigi sje hann sjálfur á kjörþingi. Enn fremur er sjerhverjum kjósanda, sem er við staddur, heimilt að leggja spurningar fyrir þá kjósendur, sem mæla fram með einhverjum til kosningar, og eins fyrir þingmannaefni þau, sem eru á fundinum, og er þeim sömuleiðis heimilt að svara spurningunum. Samt má eigi bera upp neina slíka spurningu, fyr en meðmælendunum og þeim þingmannaefnum, sem eru við staddir, hefur verið gefinn kostur á að taka til máls. Kjósendur þeir, er mæla fram með einhverjum til kosningar, og þingmannaefni skulu látnir taka til orða eptir upphafsstaf í nöfnum þingmannaefnanna.

Oddviti stýrir umræðunum, og skal sjá um, að bæði þær og öll kosningin fari fram í góðri reglu. Enginn af kjörstjórunum má tala með eða á móti kosningu nokkurs þingmannsefnis.

Oddviti slýtur umræðunum, þegar honum þykir það við eiga, og skorar hann síðan á kjósendur að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt einum, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, tveimur af þeim þingmannaefnum, sem boðnir hafa verið fram til kosningar. Þótt eigi sjeu fleiri þingmannaefni, en kjósa skal í kjördæminu, skal atkvæðagreiðsla samt fram fara (smbr. 34. gr.).

32. grein.

Kjörstjórnin ákveður, í hvaða röð hreppar nir kjósa; kjósendur úr hverjum hreppi greiða atkvæði eptir stafaröð á kjörskránni. Enginn getur neytt kosningarrjettar síns, nema hann sjálfur komi á kjörþing.

33. grein.

Oddviti kjörstjórnarinnar á eigi þátt í því

að taka við atkvæðum. Einn af hinum, sem í kjörstjórninni eru, ritar, eptir að hann hefur kannazt við kjósendurna, nafn þess eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, nöfn þeirra tveggja þingmannaefna, sem kjósandi greiðir atkvæði sitt, við hliðina á hans eigin nafni á sjálfri kjörskránni. Annar úr kjörstjórninni ritar á sjerstaka atkvæðaskrá nafn kjósanda við hliðina á nafni þess eða þeirra þingmannaefna, sem hann hefur gefið atkvæði sitt. Áður en kjósandinn gengur frá, skal lesa upp fyrir honum bæði hans eigið nafn og þess eða þeirra nöfn, sem hann hefur kosið, til tryggingar því, að rjett sje ritað á báðar skárnar, og að því beri saman hverju við annað.

Þegar engir fleiri kjósendur gefa sig fram, til þess að greiða atkvæði, skal oddviti hátt og snjallt skora á þá kjósendur, sem eigi hafa greitt atkvæði, að gjöra það, og skal hann um leið setja stuttan frest til þess, en frestur þessi má samt ekki, hvernig sem á stendur, vera skemmri en svo, að 2 klukkustundir líði frá því að kosningargjörðin byrjaði, og þótt sá frestur sje liðinn, skal eigi atkvæðagreiðslu lokið, meðan kjósendur gefa sig fram til hennar, án þess að hlje verði á.

Þegar engir fleiri kjósendur æskja að taka þátt í kosningunni, samkvæmt því, sem sagt er, færa kjörstjórarnir (ef þeir hafa kosningarrjett), inn atkvæði sjálfra sín, og rita nöfn sín bæði undir kjörskrána og atkvæðaskrána, og er þá atkvæðagreiðslu lokið.

34. grein.

Eptir að búið er að bera saman kjörskrárnar og atkvæðaskrána, skal telja saman atkvæði. Sá, eða þeir tveir í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, sem hlotið hafa flest atkvæði, eru þá kosnir alþingismenn fyrir kjördæmið. Samt er enginn rjettkjörinn alþingismaður, nema hann hafi hlotið meira en helming þeirra atkvæða, sem greidd eru. Hljóti enginn eða eptir því, sem á stendur einungis annar þeirra, sem boðnir eru fram til kosningar, svo mörg atkvæði, skal aptur kjósa óbundnum kosningum; fái þá enn enginn þann atkvæðafjölda, sem með þarf, skal kjósa enn á ný, en að eins milli þeirra tveggja — eða ef kjósa skal tvo, milli þeirra fjögra — sem við hina seinni kosningu höfðu flest atkvæði. Sje svo, að fleiri hafi við aðra kosningu fengið jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða, hver þeirra geti orðið boðinn fram til hinnar bundnu kosningar. Sömuleiðis skal hlutkesti ráða, ef atkvæði eru jöfn við þriðju kosningu.

35. grein.

Í kjörbókinni skal bóka, hvernig kosningin hafi farið, og skal oddviti kjörstjórnarinnar lýsa því yfir fyrir þingheiminum; sömuleiðis skal hann svo fljótt sem verða má, tilkynna kosninguna þeim, sem kjörinn er, sje hann eigi við staddur. Atkvæðaskrárnar skal leggja við kjörbókina, og skal öll kjörstjórnin rita nöfn sín undir hana.

36. grein.

Kjörstjórnin fær hverjum þjóðkjörnum alþingismanni kosningarbrjef; skal það samið samkvæmt fyrirmynd, sem stjórnarráðið fyrir Ísland segir fyrir um, og skal kjörstjórnin rita undir það nöfn sín.

Kostnaður, ábyrgð og um það, hve nær lögin skuli öðlast lagagildi.

37. grein.

Alþingismenn fá í endurgjald 6 kr. um hvern dag, bæði fyrir þann tíma, sem þeir þurfa til ferðarinnar til alþingis og frá því, og fyrir þann tíma, sem þeir eru á alþingi. Sömuleiðis fá þeir endurgoldinn ferðakostnað eptir reikningi, sem forseti í hlutaðeigandi þingdeild samþykkir og ávísar. Þessi útgjöld greiðast úr landssjóðnum.

38. grein.

Annarstaðar en í Reykjavík mega kjörstjórarnir reikna sjer fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað samkvæmt tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872, 33. grein, þannig að útgjöldin greiðist úr sýslusjóðnum. Ef annar kostnaður verður við kosningar t. a. m. til prentunar kjörskránna, til auglýsinga, o. fl., skal einnig greiða hann úr sýslusjóðnum. Í Reykjavík skal greiða

útgjöld þau, sem síðast voru nefnd, úr sjóði bæjarins.

39. grein.

Vanræki nokkur störf þau, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, skal hann sæta 10—200 kr. sektum, ef þyngri hegning eigi liggur við samkvæmt lögum.

40. grein.

Lög þessi öðlast gildi við lok kjörtíma þeirra alþingismanna, sem nú eru. En ef nýjar almennar kosningar fara fram fyr, sökum þess að alþingi sje rofið, skulu þær fram fara eptir lögum þessum.

Frá sama tíma falla þær ákvarðanir úr gildi, sem tilsk. 8. marz 1843 og tilsk. 6. janúar 1857 hafa inni að halda um kosningar til alþingis, og sömuleiðis opið brjef 6. júlí 1848 um kostnað við kosningar til alþingis.

FYRSTA UMRÆÐA

í efri deild alþingis.

Á 30. fundi efri þingdeildarinnar, 6. dag ágústmán., var samkvæmt dagskránni tekið fyrir til 1. umræðu, frumvarp til laga um kosningar til alþingis (samþykkt af neðri deild alþingis við 3. umræðu 3. ágúst 1875).

Eiríkur Kúld sagðist játa, að neðri deildin hefði gjört nokkuð við frumvarp þetta; hún hefði í mörgum greinum lagfært málið, sem ekki hefði verið áður sem allra bezt. En á efninu hefði hún ekki gjört verulegar breytingar, og yrði hann þó fyrir sitt leyti að ætla, að á því væru töluverðir gallar. Í rauninni þætti sjer mál þetta, sem stæði, ekki neitt sjerlegt áhugamál, því að eptir því sem kosningarnar til alþingis hefðu fram farið síðast, virtist sjer engin ástæða til að kvarta undan hinum fyrri kosningarlögum, enda væri líka þessi breyting, er hjer væri á gjörð, heldur en ekki sniðin í útlendu formi, og mundu þessi kosningarlög að mörgu því betur eiga við í Danmörku, en eptir því sem hjer hagaði til. Á þessu stigi málsins ætlaði hann að vísu eigi að fara út í einstakar greinir þess, en drepa þó á sumt lauslega, er sjer þættu töluverðir annmarkar við. Hjer væri t. a. m. ætlazt til, að oddviti kjörstjórnarinnar mætti verða kosinn sem hver annar. Þetta væri beint á móti hinum eldri kosningarlögum, og yrði hann að telja það óheppilegt, því að, ef þeim varnagla hefði eigi verið slegið föstum, eins og gjört væri í hinum eldri kosningarlögum, að þá mætti eigi kjósa, gæti hann hjer um bil fullvissað menn um, að flestir þeirra mundu nú sitja á þingi. Enn væri annað, er hann kynni ekki við. Hjer stæði, að, þótt kjörstjórnin fengi beinlínis sönnun fyrir því, að þingmannsefni hefði eigi þá hæfilegleika, er með þyrfti, þá mætti hún engu síður ekkert mæla gegn kosningu hans. Svo væri og annað atriði óviðkunnanlegt. Hjer stæði, að, ef hlutaðeigandi ætlaði sjer rangt gjört, með því að honum væri synjað kosningarjettar og kjörgengis, mætti hann höfða mál og láta það jafnvel ganga til hæstarjettar, allt sjálfsagt upp á opinberan kostnað. Þessi ákvörðun þætti sjer að minnsta kosti óþörf, og allt of kostnaðarmikil, enda gæti hún varla samrýmzt því, er síðar væri ákveðið, að alþingi skyldi gjöra út um það mál. Líka þætti sjer óhappaleg þessi ákvörðun um meðmælingar og meðmælendur þingmannaefnanna. Hann vissi til þess, að mönnum væri eigi svo gjarnt til hjer á landi að vilja trana sjer fram, og sízt máske þeim, er færastir væru til þess, að taka kosningu; enda væri sú meðmæling bezt fyrir þá, að þeir hefðu setið áður á þingi, og væru orðnir kunnugir að dugnaði; áður væri eigi hægt að dæma um til fullnustu, að hve miklu liði sá eða sá yrði, og væru þannig meðmæli þessi þýðingarlítil, þar sem þau gætu komið alveg niður á rangan stað. En allt um það gæti sá, sem aldrei hefði á þing komið, verið meiri kostum búinn en hinn gamli þingmaður, en af því hann væri óreyndur, mundi enginn ef til vill gefa honum meðmælingu jafnt hinum, og yrði hann þess vegna ekki kosinn. Enn væri hjer einn undarlegur galli. Kjörstjórninni væri stranglega bannað að mæla með eða móti kosningu, en þó gæti hún, ef

svo bæri undir, með fullkomnu gjörræði ráðið kosningunni. Áður hefði það nefnilega verið vani, að kjörstjórarnir kysu fyrstir, til þess að þeir gætu eigi haft ótilbærileg áhrif á kosninguna. En nú, þar sem þeir ættu að kjósa seinastir, gæti einmitt allt verið komið undir atkvæði þeirra. Sökum þessara og annara galla, yrði hann að ráða til að setja nefnd í málið, ef það annars ætti að ganga lengra; þingmenn vissu, að mörg miklu þýðingameiri mál væru enn óútkljáð, og tíminn orðinn naumur. Enda væri engin hætta, þó þetta mál drægist, því að þótt svo kæmi fyrir, að kjósa þyrfti nýjan þingmann fyrir hið yfirstandandi kosningartímabil, þá mætti sjálfsagt gjöra það eptir hinum gömlu kosningarlögum, því hann ætti ekki við þá kosningu lengri þingsetu, en vjer, sem kosnir erum nú eptir þessum sömu lögum.

Stefán Eiríksson sagðist vera sömu meiningar og hinn háttvirti varaforseti um það, að eptir því sem frumvarp þetta væri komið frá neðri deildinni, þá þyrfti það sannarlega lagfæringar við í ymsum greinum til þess, að það gæti átt vel við hjer á landi, því að þetta frumvarp, eins og stendur í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, er að mestu sniðið eptir kosningarlögnm fólksþingsins í Danmörku, þar sem öllu hagar til á annan veg. Hann vildi að eins taka til dæmis, að hjer væri sýslunefndunum uppálagt að ákveða kjörstjórnina; nú liði langur tími frá því, þar til er kjörþingið yrði haldið, og einhver kjörstjóranna gæti á þeim tíma fallið frá, þá þyrfti að fara að kalla saman nýjan sýslufund til að velja kjörstjóra. Þetta mundi verða ærið kostnaðarsamt í Skaptafellssýslu, þar sem einn sýslufundur kostar um 80 kr., einungis til þessa, og þar á ofan óþolandi tímatöf. Þá væri betra, eins og verið hefði, að oddviti sýslunefndarinnar hefði vald til að velja sjer sjálfur menn í kjörstjórnina, og svona væri víðar, að frumvarp þetta þyrfti stórkostlegra breytinga við, ef þetta ættu að verða brúkleg lög. Hann kvaðst því vilja ráða til að setja nefnd, ef málið yrði eigi algjörlega fellt, sem væri máske fullt eins vel til fallið. Því eins og brúka hefði mátt hin fyrri kosningarlög til þessara kosninga, svo mætti einnig, ef til kæmi, brúka þau enn.

Benidikt Kristjánsson sagðist sjá einn kost við þetta frumvarp, og hann væri sá, að hinar eldri ákvarðanir væru teknar hjer saman í eitt. En að öðru leyti sagðist hann vera samdóma því, að frumvarpið, eins og það nú væri, hefði þá ókosti, er hinn háttvirti varaforseti þegar hefði tekið fram, og þeir væru enda fleiri. Í 40. grein væri ónákvæmni nokkur, þar sem ekkert væri gjört ráð fyrir, eptir hverjum reglum skyldi kjósa, ef einhver þingmanna fatlaðist úr leik. Heldur ekki hefði hann fundið hjer reglur fyrir því, hvernig eigi að birta þessar almennu kjörskrár. Líka þætti sjer óheppilegt, að það skuli vera tiltekið, að 4 menn skuli vera í kjörnefndinni í Reykjavíkurumdæmi einu auk oddvita kjörstjórnarinnar. Sjer virtist þá slíkt hið sama ætti að eiga sjer stað í öðrum kjördæmum landsins. Svo væru og ýmsir fleiri smágallar og óþægileg orðatiltæki, sem hann vildi eigi tala um að sinni. En að öðru leyti yrði hann að álíta nauðsynlegt, að setja nefnd í málið, ef því annars væri sinnt.

Bergur Thorberg sagði, að hann væri á sama máli og þingmaður Þingeyinga, að nauðsynlegt væri að setja nefnd, ef miklar breytingar ætti að gjöra við frumvarp þetta, hann yrði að skoða það sem mjög óheppilegt, ef frumvarpið yrði fellt, þar sem þetta bæði væri merkilegt mál í sjálfu sjer, og stjórnarlögin einnig gjörðu ráð fyrir, að kosningarlögin ættu að koma út; það gæti vel verið, að við ítarlegri rannsókn kynnu að finnast ýmsar misfellur á því, en það væri þó engu að síður í heild sinni efni í góð og nytsöm lög. Hann kvaðst heldur ekki geta verið hinum háttvirta varaforseta samdóma um það, að lög þessi væru sniðin í útlendu formi. Það væri reyndar satt, að þau væru lík kosningarlögunum til fólkþingsins, en það væri einnig eðlilegt, þar sem alþingið nú væri löggefandi. Hann sagði enn fremur, að menn eigi heldur hefðu bent á neitt einstakt, sem eigi ætti við; því að það, sem varaforseti hefði talið

galla, að oddvitar kjörstjórnarinnar væru kjörgengir, kvaðst hann eigi geta sjeð að væri hinn minnsti galli, því hann gæti ekki sjeð, hvers vegna eigi mætti kjósa þá eins og hvern annan meðlim kjörstjórnarinnar, og væri það sannarlega að ætla mönnum lítinn pólitiskan þroska, að halda, að þeir mundu kjósa hann einmitt fyrir þessa sök, og gæti hann eigi ætlað mönnum svo litla hugsunarsemi. Hann kvaðst heldur ekki sjá, að það væri neinn galli, að hafa meðmælendur; sjer virtist það miklu fremur vera til þess, að vekja áhuga á því, að útvega sjer góðan alþingismann og hvöt til að vanda til kosningarinnar. Að kjörstjórnin á að kjósa seinast, væri heldur ekki neinn annmarki; það væri satt, að hún með því gæti gjört út um kosninguna, en það ætti hún sammerkt við hvern annan, er seinast kysi, ef svo stæði á atkvæðum. Það væri heldur eigi neitt fráleitt, að menn gætu farið í mál, ef neitað væri að taka mann á kjörskrána, því að það væri pólitiskur rjettur, sem mikið væri varið í, að hafa kjörgengi og kosningarrjett, en þar sem þetta mundi koma mjög sjaldan fyrir, gæti það varla bakað mikinn kostnað. Loks vildi hann taka það fram, að sjer virtist eigi vera nauðsynlegt að breyta miklu, og að því mundi eigi vera nauðsynlegt að setja nefnd í málið.

Torfi Einarsson kvaðst ætla að bæta því við í framhaldi af því, sem þingmaður Barðstrendinga hefði tekið fram um bændurna, að hann hefði reynslu fyrir því, að þeir væru sízt gefnir fyrir að láta bjóða sig fram, sem hæfastir væru, og á hinn bóginn mætti búast við, að sumir mundu verða boðnir fram má ske með nægum meðmælingum, er alls eigi væru færir til þingsetu. Kvaðst hann því verða að vera á því, ef annars málinu væri sinnt nokkuð, að þá yrði sett nefnd í það.

Þá tóku eigi fleiri til máls, og var borið undir atkvæði deildarmanna, hvort mál þetta skyldi ganga til annarar umræðu, og var það samþykkt með 7 atkv., svo var og samþykkt með 7 atkv., að 3 manna nefnd skyldi setja í málið, og urðu fyrir þeirri kosningu:

Eiríkur Kúld með 9 atkv.
Benidikt Kristjánsson — 7 —
Torfi Einarsson — 7 —

Í nefndinni var Eiríkur Kúld kosinn formaður, en Benidikt Kristjánsson skrifari og framsögumaður.

NEFNDARÁLIT

um frumvarp til laga um kosningar til alþingis, samþykkt af neðri deild alþingis.

—

Hin heiðraða efri deild alþingis hefur kosið oss, sem hjer ritum nöfn vor undir, í nefnd til að segja álit vort um frumvarp til laga um kosningar til alþingis, sem hin heiðraða neðri deild alþingis hefur á fundi 3. d. þ. m. samþykkt.

Frumvarp það, sem hjer ræðir um, er mjög lítið frábrugðið kosningarlögum þeim, sem nú eru, enda getum vjer eigi álitið, að á þeim sjeu neinir mikilvægir gallar. En engu að síður má það þó virðast hagfellt, að kosningarlög þau, sem nú eru, verði sameinuð í eitt lagaboð, og þeim breytt til bóta í því, sem þætti miður fara.

Vjer leyfum oss því að gjöra grein fyrir þeim helztu umbótum, sem að voru áliti mætti gjöra við frumvarp þetta.

Við 7. grein þykir oss það athugandi, að ekki er ætlazt til, að kjörgengir menn sjeu ritaðir á kjörskrárnar, sem vjer verðum þó að álíta bagkvæmara að gjört sje, eins og hjer hagar til; því gjöra má ráð fyrir, að kjósendum geti komið það í góðar þarfir, að vita, hverjum kjörgengum mönnum þeir eigi völ á, enda getur slíkt eigi valdið miklum ómaksauka fyrir hreppsnefndir.

Við niðurlag 9. gr. virðist oss það athugandi, að samkvæmt 7. gr. frumvarpsins er einungis boðið að tilgreina í aukaskránni þann dag á árinu, er einhver hefur öðlazt kosningarrjett, en ekki kjörgengi.

Ákvörðun um það, að slíkt hið sama skuli gjöra um kjörgengið, þarf því að bæt-

ast inn í, í samhljóðun við breytingu þá, sem vjer höfum stungið upp á við 7. gr.

19. gr. ákveður um, að 4 menn skuli vera í kjörstjórninni í Reykjavík auk oddvita, og skulu 2 þeirra vera úr bæjarstjórninni, og 2 úr flokki kjósandanna, en í hinum öðrum kjördæmum landsins skuli að eins vera 2 menn auk kjörstjóra, og skulu þeir báðir vera úr flokki sýslunefndar. Vjer getum nú eigi álitið það þeim mun vandameira, að stýra kosningum í Reykjavík en annarstaðar, að ástæða sje til, að hafa fleiri menn í kjörstjórn þar en í öðrum kjördæmum, eins og oss að hinu leytinu þykir betur við eiga, að sama regla sje alstaðar sett um þetta, og þá einnig í því, að einn kjörstjóranna í hverju kjördæmi sje úr flokki kjósandanna.

22. gr. gjörir það að undantekningarlausu skilyrði fyrir því, að nokkur megi verða kosinn til alþingismanns, að einn eða fleiri af kjósendum hafi skýrt oddvita frá, að hann vilji taka við kosningu, og mæli fram með honum, ekki seinna en um náttmál kveldinu fyrir kjörþing. En það er hvorttveggja, að oss hugsast, að svo geti farið á kjörþingi, að enginn hafi í tæka tíð boðið sig fram, eða þeir einir, sem kjósendum væri um skap að kjósa, enda virðist oss hagfellt og getum heldur ekki sjeð neitt á móti því, að þeir kjörgengir menn, sem sótt hafa kjörfund, geti orðið fyrir kosningu, ef þeir þegar í fundarbyrjun gefa kost á sjer.

Í 23. gr. er sagt, að kjörstjórnin geti ekki komizt undan að bjóða menn fram til kosningar, þó jafnvel sannanir sjeu komnar fram á móti kjörgengi þeirra. En þó alþingi einu sje gefið úrskurðarvald í þessu máli, virðist oss samt óheppilegt, og jafnvel fara illa á því, að leggja svo mikla áherzlu, sem gjört er í grein þessari, á það, að kjörstjórn megi ekkert úrskurðarvald hafa um kjörgengi manna.

Samkvæmt framansögðu, ráðum vjer efri deild alþingis að samþykkja frumvarp það, sem hjer ræðir um, með þeim breytingum við hinar einstöku greinir þess, sem nú skulu taldar.

Við 2. gr. komi í staðinn fyrir: «samkvæmt tilskipun 12. marz 1870»: «að lögum».

Aptan við 7. gr. komi: «og kjörgengi».

Við 9. gr. Eptir orðin: «en þeir kjósendur» bætist inn í: «og kjörgengir menn». Eptir orðin: «eða misst kosningarrjett sinn» bætist inn í: «og kjörgengi». Í staðinn fyrir «(2., 4., 5. gr.)» komi: »(2., 4., 5. og 6. gr.)», og aptan við orðin: «öðlast kosningarrjett» bætist inn í: «og kjörgengi». Endir greinarinnar: «annaðhvort verða — — — eitt ár» falli burt, en í þess stað komi: «er þeir hafa náð hvort heldur kosningarrjetti eða kjörgengi».

Við 11. gr. Í stað orðanna: «skal birta með að minnsta kosti 14 daga» komi: «skal birta að minnsta kosti með 14 daga».

Við 19. gr. Fyrir «4» komi: «2»; fyrir »2« komi: »1«, tvívegis. Eptir orðin: »2 aðrir« komi: »1«, og eptir »sýslunefndarmönnum« komi: »og 1 af kjósendunum«.

Við 22. gr. Eptir: «Enginn» í byrjun greinarinnar, komi: «sem ekki mætir sjálfur á kjörfundi, hvort heldur hann á heimili innan kjördæmis eða utan». Orðin: «þegar kjósa á þjóðkjörna alþingismenn» falli burtu. Orðin: «í hlutaðeigandi kjördæmi» falli burt, og sömuleiðis orðin: «á sama tíma». Aptan við greinina bætist: «sem eigi hafa þá þegar hafnað framboði hans.

Nú vilja nokkrir kjósendur kjósa til alþingismanns einhvern þeirra, sem á kjörþingi eru, og skal hann gjöra kost á sjer, áður en kosning byrjar, svo oddviti kjörstjórnarinnar viti, að hann vilji við kosningu taka og geti boðið hann fram».

Við 23. gr. Orðin: «eða jafnvel sannanir» falli úr.

Aptan við 24. gr. bætist: «nema því að eins að skilyrði því, sem sett er í 22. gr., sje fullnægt».

Við 25. gr. Í síðustu grein komi: «fara fram» í staðinn fyrir «haldnar».

Við 28. gr. Í staðinn fyrir: «fyrir svo langan tíma» komi: «að eins fyrir fram», og

í staðinn fyrir: «gjörir landshöfðinginn fyrirskipun» komi: «skipar landshöfðingi fyrir».

Við 29. gr. Í staðinn fyrir: «kosningar skulu haldnar» komi: «kjörþing skal halda».

Alþingi, 18. ágúst 1875.

E. Kúld, formaður. B. Kristjánsson, skrifari og Torfi Einarsson. framsögum.

ÖNNUR UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 45. fundi efri þingdeildarinnar, 23. dag ágústmán., kom samkvæmt dagskránni til annarar umræðu frumvarp til laga um kosningar til alþingis.

Ásgeir Einarsson sagðist vera hræddur um, að enginn tími yrði til að ljúka þessu máli, og vildi hann af þeirri ástæðu heldur leggja það til, að málið yrði þegar dregið út af dagskránni, svo að það tefði ekki að ónýtu fyrir öðrum nauðsynjamálum. Vildi hann heyra álit hins háttvirta forseta um þetta efni.

Forseti sagði, að það væri auðvitað, að ekki væru mikil líkindi til, að málinu yrði búið að ljúka fyrir þinglok eptir venjulegum þingskapareglum, en til þess að út af þeim yrði brugðið, til að flýta fyrir málinu eða af öðrum ástæðum, þyrfti samþykki landshöfðingja og að $^3/_4$ hlutir þingmanna í hvorri deild greiddu atkvæði fyrir því.

Landshöfðingi sagði, að þar sem svo skammur tími væri eptir af hinum lögskipaða þingtíma, að kosningarlög þessi yrðu varla búin í tæka tíð, ef hin heiðraða deild fjellist á breytingar þær, er nú væru fram komnar, þá virtist sjer sá vegur einn greiðastur, að samþykkja frumvarpið óbreytt, eins og það hefði komið frá neðri deild þingsins, og í því skyni skyldi hann leyfa sjer að biðja hina heiðruðu nefnd, að taka þessar breytingar sínar aptur. Hann kvaðst þó eigi mundi hafa beint þessari áskorun að nefndinni, hefði sjer þótt breytingarnar þýðingarmiklar eða nauðsynlegar, en þar sem allir mundu verða að játa, að þær stæðu á mjög litlu, þá væri engin ástæða til frá nefndarinnar hálfu, að halda þeim fram, og tefja þannig fyrir því, að frumvarp þetta, sem hefði inni að halda verulega rjettarbót, gæti þegar orðið að lögum. Það væri heldur eigi æskilegt, að fara að taka upp aptur umræðurnar um þetta mál á næsta þingi, þar sem báðar deildirnar í öllu verulegu væru á sama máli. Breytingin við 7. grein væri óheppileg vegna þess, að kjörgengi væri ekki, eins og kosningarrjetturinn, bundið því skilyrði, að maður hefði verið 1 ár heimilisfastur innan kjördæmisins, og því gætu kjörskrárnar ekki gefið neina áreiðanlega tryggingu í því efni, heldur mundi þetta að eins valda óþarfa-ómaksauka fyrir hlutaðeigandi hreppsnefndir og bæjarstjórnir. Breytingarnar við 19., 22., 23. grein væru svo þýðingarlitlar, að hann gæti varla ímyndað sjer, að nokkur fyndi ástæðu til að fresta málinu sakir þeirra til næsta alþingis.

Eiríkur Kúld sagðist að vísu vera samdóma þingmanni Húnvetninga um það, að tíminn væri orðinn svo naumur, að líkindi væru til, að þetta mál yrði eigi útkljáð á þessu þingi, nema því að eins að frumvarpið væri samþykkt óbreytt, eins og það væri komið frá neðri deildinni. En í sjálfu sjer gæti hann ómögulega verið hinum hæstvirta landshöfðingja samdóma um, að þetta væri bezta ráðið, og þá ekki heldur um það, að breytingunum yrði vísað aptur til nefndarinnar, sakir þess, að sjer fyndist eigi eins lítið varið í þær, og hinn hæstvirti landshöfðingi hefði látið á sjer skilja. En á hinn bóginn vildi hann brýna það fyrir mönnum, að það væri eigi skaði skeður, þó mál þetta yrði eigi útkljáð nú, því að ef til þingmannskosningar þyrfti að taka, áður en þetta kosningatímabil, er nú stæði yfir, væri útrunnið, þá ætti ekki að kjósa eptir þessum lögum, heldur kosningarlögum þeim, er síðast hefði verið kosið eptir, enda þyrfti málið ekki að tefja fyrir næsta alþingi, þar sem nú væri þá búið að ræða það og laga að miklu leyti. Fyrir sitt leyti gæti hann því eigi sem nefndarmaður gengið að því, að taka breytingarnar aptur

Framsögumaður sagði, að þótt hann að

nokkru leyti væri landshöfðingja samdóma í því, að allar breytingar nefndarinnar væru máske ekki sjerlega þýðingarmiklar, þá ætlaði hann þó, úr því sem nú væri komið, að heppilegra væri alveg að fella málið, en að breytingar þessar kæmust eigi að. Kosningarlögin, eins og þau nú yrðu, væru sannarlega hagfelldari, en frumvarp þetta, eins og það væri komið frá neðri deildinni. Þó vildi hann eigi af taka, hvað nefndin kynni að gjöra við nákvæmari yfirvegun. En rjettast þætti sjer að ræða nú breytingarnar við þessa umræðu, og væri þá nógur tími fyrir þingmenn að hugsa sig um, hvað gjöra skyldi við 3. umræðu.

Hann kvaðst þá vilja leyfa sjer að taka stuttlega fram helztu breytingarnar, er nefndin hefði gjört við frumvarpið. Í frumvarpinu væri eigi gjört ráð fyrir því, að þeir, sem kjörgengi hefðu, væru teknir inn á kjörskrárnar. Hann gæti nú ímyndað sjer, að þetta ætti að standa í sambandi við þá meginreglu, að alþingi eitt skuli dæma um, hvort þingmaður sje rjett kosinn eða eigi. En hvern grundvöll hefði alþingi að byggja úrskurð sinn á, ef þessa atriðis væri eigi minnzt í kjörskránni, annars hlyti alþingi að álíta hvern þann rjett kjörinn þingmann, er engar kvartanir væru komnar fram um. Það væri og opt nauðsynlegt fyrir kjósendurna að sjá, hverjir kjörgengir menn væru í þeirra kjördæmi. Allmargir væru þeir, er eigi hefðu mikla hugmynd um, hvað útheimtist til kjörgengis. Kjörstjórnin þyrfti þar fyrir ekki að leggja neinn endilegan úrskurð á í því efni. Önnur breytingin, er hann vildi minnast á, væri við 22. grein, þar sem það væri gjört að skilyrði fyrir því, að nokkur yrði kosinn alþingismaður, að hann hefði af kjósendum verið borinn fram í síðasta lagi um náttmál fyrir kjörfundinn. Það væri nú sannast að segja, að hið pólitiska líf væri nýbyrjað hjá oss, og væri enn eigi búið að ryðja sjer til rúms í meðvitund allra á meðal þjóðarinnar. Sá væri og skoðunarháttur manna hjer á landi, að það væri álitin framhleypni, að bjóða sig sjálfan fram til kosningar. Og ef nú t. a. m. enginn af kjósendum hefði verið sjer úti um mann til að mæla fram með til kosningar, gæti svo farið, að enginn hefði boðið sig fram í tæka tíð, eða þá þeir einir, er kjósendum væri móti skapi að kjósa. Þess vegna hefði nefndin sett þá ákvörðun, að þeir menn, er sæktu kjörfundinn, gætu, áður en fundurinn byrjaði, gefið kost á að taka móti kosningum. Þessi ákvörðun hefði nefndinni þannig þótt hagfelld, og stundum alveg nauðsynleg. Sumum kynni máske að þykja það orðabreyting ein, er nefndin hefði ráðið til að fella burt orðin: «eða jafnvel sannanir», í 23. grein. En nefndinni hefði þótt jafnvel ólögulegt og undarlegt, að kjörstjórnin ætti endilega að bjóða fram þann mann til kosningar, er enginn vafi væri á, að eigi væri kjörgengur. Það væri sitt hvað, að hún segði: »Þið megið raunar kjósa þennan mann, en hann mun eigi vera kjörgengur». Kjörstjórnin ætti þó að hafa svo frjálsar hendur, að hún mætti leiðbeina mönnum; úrskurðarvald þyrfti hún eigi að hafa fyrir því. Að endingu vildi hann því aptur taka það fram, að meðan hann hefði eigi borið sig saman við meðnefndarmenn sína, þá mundi hann eigi taka aptur breytingarnar. En ef um tvennt væri að velja, þá kysi hann heldur, að frumvarpið væri fellt í þetta sinn. Kosningarlög vor væru vel við unandi fyrst um sinn.

Forseti sagðist vilja geta þess, viðvíkjandi því, er þegar hefði verið drepið á, að hann áliti sig eigi bæran um það samkvæmt þingsköpunum, að láta málið ganga út af dagskrá. Að öðru leyti væri sjálfsagt mögulegt að ljúka málinu innan þingloka frá þessari deild, þó breytingar nefndarinnar kæmust fram, en eigi frá þinginu í heild sinni.

Torfi Einarsson kvaðst ómögulega geta sjeð, að menn hjer í deildinni væru bundnir við það, sem neðri deildin segði. Framsögumaður hefði áður tekið fram gallana á frumvarpinu, og líklega ætti hann eigi hvað sízt að þekkja hugsunarhátt Íslendinga; það væri kunnugt, að flannarnir byðu sig optast fram, en hinir skynsömu drægju sig í hlje. Það væri og einnig sá annmarki við 22. greinina,

að í strjálbyggðum plázum gæti orðið mjög erfitt fyrir kjósendur, að skýra oddvita kjörstjórnarinnar í tæka tíð frá því, ef einhver byði sig fram til kosninga. Hið sama væri einnig að segja um 23. greinina, að hún væri miður heppileg, þar sem afleiðingin gæti orðið sú, að kjördæmið yrði án þingmanns það árið, einna helzt í þeim kjördæmum, sem ekki kjósa nema einn þingmann, og vildi hann því fyrir sitt leyti helzt halda þeim lögum, sem nú giltu í þessu tilliti.

Landshöfðinginn kvaðst ætla að bæta því við orð hins heiðraða þingmanns Strandasýslu, að neðri deildin engan veginn hefði farið fljótlega yfir frumvarpið; hún hefði sett nefnd í málið, og gjört margar breytingar við það. Að öðru leyti vildi hann taka það upp aptur, að framsögumaður eigi hefði mælt í mót því, að breytingar nefndarinnar væru í sjálfu sjer þýðingarlitlar; áherzlan lægi að eins á 22. og 23. gr., og hjeldi hann, að framsögumaður væri samdóma um, að það væri nokkur bót, og að ákvarðanir þær, er þar væru teknar fram, væru eðlilegar og til góðs eins.

Stefán Eiríksson sagði, að sjer fyndist lítil nauðsyn, að ræða frumvarp þetta; því að auðsjeð væri, að ef þessi þingdeild færi að breyta frá því, sem nefndin hefði farið fram á, þá yrði málið ekki fullrætt í báðum deildunum. Hann sagði, að það væri eigi sjerleg nauðsyn á nýjum kosningarlögum, eins og nú stæði, en þó kvaðst hann geta fallizt á margar breytingar nefndarinnar, því þá yrðu þó þessi kosningarlög skárri af skömminni til, heldur en þau hefðu verið úr höndum neðri deildarinnar. Hann vildi helzt, að meiri breyting hefði verið gjörð við 19. grein, því að sjer virtist það óheppilegt, að kjörstjórnin væri kosin af sýslunefndinni, þar stundum gæti langur tími verið liðinn frá því, er kjörstjórnin hefði verið kosin og þar til er kosningar færu fram, og væri þá ekkert spaug í víðlendum sýslum, t. a. m. Skaptafellssýslum, ef kalla þyrfti aptur saman sýslufund. Hann hefði því helzt viljað, að nefndin hefði fellt þetta alveg burtu, að nokkur meðlimur kjörstjórnarinnar væri kosinn af sýslunefnd, enda kvaðst hann hyggja, að mál þetta mundi falla, og væri þá lítill skaði skeður, þar sem menn hefðu áður góð lög í þessu efni.

Þá tóku eigi fleiri til máls; ljet forseti þá ganga til atkvæða, og fjellu þau þannig:

1. grein (frumvarpsins).

1. 1. grein frumvarpsins samþykkt með 10 atkvæðum.

2. grein (frumvarpsins).

2. Nefndin felld með 7 atkvæðum gegn 4.
3. 2. grein frumvarpsins óbreytt. Hjer urðu atkvæði óglögg, og var við haft nafnakall. Já sögðu:

Bergur Thorberg,
Ólafur Pálsson,
Ásgeir Einarsson,
Eiríkur Kúld,
Jón Hjaltalín.
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson,
Torfi Einarsson,
Þórður Jónasson.

Nei sögðu:

Benidikt Kristjánsson.

Var greinin þannig samþykkt með 10 atkvæðum gegn 1.

3. grein (frumvarpsins).

4. 3. grein frumvarpsins samþykkt með 9 atkvæðum.

4. grein (frumvarpsins).

5. 4. grein frumvarpsins samþykkt með 9 atkvæðum.

5. grein (frumvarpsins).

6. 5. grein frumvarpsins samþykkt með 10 atkvæðum.

6. grein (frumvarpsins).

7. 6. grein frumvarpsins samþykkt með 10 atkvæðum.

7. grein (frumvarpsins).

8. Nefndin felld með 7 atkvæðum gegn 4.
9. 7. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 10 atkvæðum.

8. grein (frumvarpsins).

10. 8. grein frumvarpsins samþykkt með 9 atkvæðum.

9. grein (frumvarpsins).

11. Nefndin fallin við atkvæðagreiðsluna á undan.

12. 9. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 9 atkvæðum.

10. grein (frumvarpsins).

13. 10. grein frumvarpsins samþykkt með 10 atkvæðum.

11. grein (frumvarpsins).

14. Nefndin felld með 7 atkvæðum gegn 4.

15. 11. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 9 atkvæðum.

12. grein (frumvarpsins).

16. 12. grein frumvarpsins samþykkt með 9 atkvæðum.

13. grein (frumvarpsins).

17. 13. grein frumvarpsins samþykkt með 9 atkvæðum.

14. grein (frumvarpsins).

18. 14. grein frumvarpsins samþykkt með 9 atkvæðum.

15. grein (frumvarpsins).

19. 15. grein frumvarpsins samþykkt með 9 atkvæðum.

16. grein (frumvarpsins).

20. 16. grein frumvarpsins samþykkt með 8 atkvæðum.

17. grein (frumvarpsins).

21. 17. grein frumvarpsins samþykkt með 9 atkvæðum.

18. grein (frumvarpsins).

22. 18. grein frumvarpsins samþykkt með 10 atkvæðum.

19. grein (frumvarpsins).

23. Nefndin felld með 7 atkvæðum gegn 4.

24. 19. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 6 atkvæðum gegn 5.

20. grein (frumvarpsins).

25. 20. grein frumvarpsins samþykkt með 9 atkvæðum).

21. grein (frumvarpsins).

26. 21. grein frumvarpsins samþykkt með 10 atkvæðum.

22. grein (frumvarpsins).

27. Nefndin felld með 6 atkvæðum gegn 5.

28. 22. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 9 atkvæðum.

23. grein (frumvarpsins).

29. Nefndin felld með 6 atkvæðum gegn 4.

30. 23. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 6 atkvæðum gegn 4.

24. grein (frumvarpsins).

31. Nefndin fallin við atkvæðagreiðslu hjer á undan.

32. 24. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 6 atkvæðum gegn 3.

25. grein (frumvarpsins).

33. Nefndin felld með 5 atkvæðum gegn 5.

34. 25. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 6 atkvæðum gegn 4.

26. grein (frumvarpsins).

35. 26. grein frumvarpsins samþykkt med 9 atkvæðum.

27. grein (frumvarpins).

36. 27. grein frumvarpsins samþykkt með 9 atkvæðum.

28. grein (frumvarpsins).

37. Nefndin felld með 7 atkvæðum gegn 4.

38. 28. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 7 atkvæðum gegn 1.

29. grein (frumvarpsins).

39. Nefndin felld með 7 atkvæðum gegn 4.

40. 29. grein frumvarpsins óbreytt samþykkt með 7 atkvæðum gegn 3.

30. grein (frumvarpsins).

41. 30. grein frumvarpsins samþykkt með 7 atkvæðum gegn 2.

31. grein (frumvarpsins).

42. 31. grein frumvarpsins samþykkt með 7 atkvæðum gegn 2.

32. grein (frumvarpsins).

43. 32. grein frumvarpsins samþykkt með 7 atkvæðum gegn 2.

33. grein (frumvarpsins).

44. 33. grein frumvarpsins samþykkt með 7 atkvæðum gegn 2.

34. grein (frumvarpsins).

45. 34. grein frumvarpsins samþykkt með 7 atkvæðum gegn 1.

35. grein (frumvarpsins).

46. 35. grein frumvarpsins samþykkt með 8 atkvæðum.

36. grein (frumvarpsins).

47. 36. grein frumvarpsins samþykkt með 7 atkvæðum gegn 1.

37. grein (frumvarpsins).

48. 37. grein frumvarpsins samþykkt með 8 atkvæðum.

38. grein (frumvarpsins).

49. 38. grein frumvarpsins samþykkt með 7 atkvæðum gegn 2.

39. grein (frumvarpsins).

50. 39. grein frumvarpsins.

Vegna óglöggrar atkvæðagreiðslu var við haft nafnakall.

Já sögðu:

Bergur Thorberg,
Ólafur Pálsson,
Benidikt Kristjánsson,
Jón Hjaltalín,
Jón Pjetursson,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson.

Nei sögðu:

Ásgeir Einarsson,
Eiríkur Kúld,
Torfi Einarsson,
Þórður Jónasson.

Var 9. greinin þannig samþykkt með 7 atkvæðum gegn 4.

40. grein (frumvarpsins).

51. 40. grein frumvarpsins samþykkt með 7 atkvæðum gegn 2.

52. Að frumvarpið þannig óbreytt gangi til 3. umræðu samþykkt með 6 atkvæðum gegn 5.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 47. fundi efri þingdeildarinnar, 25. dag ágústmán., var samkvæmt dagskránni tekið fyrir til 3. umræðu frumvarp til laga um kosningar til alþingis.

Framsögumaður sagðist hafa lítið að segja, fyrst breytingar nefndarinnar hefðu verið felldar; hann vildi fyrir sitt leyti, að frumvarpið í heild sinni helzt yrði fellt; því að hann kvaðst ekki geta sjeð, að það væri, eins og það var samþykkt við aðra umræðu, í nokkru tilliti betra en hin núgildandi kosningarlög, því að þau væru að hans áliti fullkomlega viðunandi; menn kynnu kannske að segja, að nokkur bót væri við þessi lög, sem nú lægju fyrir, að í þeim væri tiltekið, að kjörskrárnar ætíð skyldu vera á reiðum höndum, ef kjósa þyrfti þingmann; en þótt þessi lög fengju eigi fram að ganga að þessu sinni, væri þó eigi öll von úti um það, að betri lög kynnu að koma, áður en almennar kosningar færu fram. Menn gætu ef til vill komizt af með kosningarlög þau, sem nú væru, ef einhvers þingmanns missti við; því dæmin hefðu sýnt, að eigi þyrfti að verða vandræði úr því, þótt svo kæmi fyrir, að fljótlega þyrfti að vinda að kosningu þingmanns. Það gæti reyndar vel verið, að Vestmannaeyjar eigi hefðu haft þingmann á þessu þingi, ef eigi hefði verið vikið frá hinum gildandi reglum, en alþingið hefði eigi tekið svo hart á þessu, og væri þá líklegt, að það mundi einnig gjöra það framvegis.

Sighvatur Árnason sagðist hafa, síðan er mál þetta hefði verið til annarar umræðu, borið frumvarp þetta saman við hin eldri kosningarlög og yfirvegað þennan samanburð nákvæmlega, og eigi getað fundið, að þessi lög væru í neinu tilliti aðgengilegri en kosningarlögin frá 6. janúar 1857 og tilskipun 8. marz 1843; hann kvaðst heldur eigi geta sjeð, að bráð nauðsyn væri að fá þessi lög nú þegar; það stæði líka í stjórnarskránni í 1. grein ákvarðananna til bráðabyrgða, að hin núverandi kosningarlög skuli gilda, þar til er önnur lög komi í þeirra stað; það væri og fleiri atriði í þessum nýju lögum, sem væru verri en í hinum eldri kosningarlögum, og vildi hann því heldur halla sjer að því, að lög þessi eigi næðu nú þegar gildi.

Eiríkur Kúld kvaðst vilja geta þess, að hann væri þingmanni þingeyinga alveg samdóma, að frumvarpið, eins og það nú lægi fyrir, eigi væri í neinu tilliti aðgengilegra en

hin eldri kosningarlög. Hann sagðist ekki ætla að taka alla þá galla fram, er sjer fyndust vera á frumvarpinu, en að eins benda á 16. grein, þar sem sagt væri, að mál mætti höfða, ef synjað væri kosningarrjettar, og að með þau mál skyldi fara sem önnur gestarjettarmál. Þessi ákvörðun væri að hans hyggju mjög óheppileg. Sama væri að segja um 19. grein, að þar væri talsvert misrjetti, og gæti hann eigi skilið, hvers vegna Reykjavík skyldi vera rjettarhærri en önnur kjördæmi; hann kvaðst heldur eigi geta sjeð, hvers vegna menn þyrftu að flýta svo fyrir þeim lögum, er menn í rauninni eigi þyrftu á að halda, fyr en almennar kosningar ættu að fara fram. Lög þessi kæmu líka sjálfsagt fyrir á næsta þingi, og þyrfti þá engin töf að verða af þeim, en nú væri þingtíminn svo liðinn, að eigi væri tími til að ræða þau eins ítarlega og nauðsynlegt væri, og til hvers ættu menn að kasta höndunum að þessu.

Bergur Thorberg sagði, að enn hefðu eigi heyrzt aðrar en óvinveittar raddir gegn frumvarpi þessu, og gegndi það furðu, þar sem málið væri nú komið svo langt áleiðis; fyrst hefði neðri deild þingsins samþykkt það, og síðan þessi deild við 1. og 2. umræðu með meiri hluta atkvæða. Kvað hann sjer þykja óhappalegt, ef sú yrði nú raunin á, að það yrði fellt. Að öðru leyti gæti hann eigi ætlað, að til þess mundi koma, því að sjer virtist þessi deild hafa sýnt þegar, að hún ætlaði sjer að aðhyllast frumvarpið, en ekki fella. Enda hefði verið sjálfsagt rjettara, ef frumvarpið ekki hefði þótt vera viðunandi, að aðhyllast þá breytingar á því, er til bóta mættu horfa. Nokkrir deildarmenn hefðu þótzt finna töluverða galla á frumvarpinu, en hann áliti miklu minna í þá varið, en orð væri á gjört. Þannig hlyti hann að álíta það eðlilegt, sem þó hefði verið fundið að, að í kjörstjórninni í Reykjavík væru fleiri menn, en annarstaðar, þar sem kjósendur væru þar fleiri, en tala kjörstjóranna í öðrum kjördæmum landsins mætti álítast nægileg. Hinum háttvirta varaforseta hefði þótt það óheppilegt við 16. gr., að þeim, sem þætti sjer ranglega synjað kosningarrjettar, væri þar gjört heimilt að höfða mál út af því. Hann gæti engan veginn sjeð, að neitt væri móti því, að veita þennan rjett. Hjer væri um pólitiskan rjett að ræða, er sannarlega væri eigi lítilsverður, að minnsta kosti eigi fyrir álit manna í borgaralegu fjelagi, og væri því hlutaðeiganda eigi meira en rjettur gjör, þó málið væri prófað, og það á sem tryggilegastan hátt. Hann gæti eigi heldur fallizt á, að það skipti svo litlu, að þessu frumvarpi væri frestað, *því að með því væri* ónýtt gjört allt það, er framkvæmt hefði verið í þessu máli á þinginu. Það væri sjálfsagt eptir þeirra skoðun, er þætti frumvarpið óhafandi, rjettara að fella það. En, eins og hann hefði tekið fram, væri þessi skoðun þeirra eigi á rökum byggð. Reynslan hefði líka sýnt, að neðri deild þingsins, sem hefði íhugað málið vandlega, og enda meiri hluti þessarar deildar væru ekki á þessari skoðun. Hann kvaðst því vona, að frumvarpið yrði ekki fellt, að minnsta kosti mundi hann gefa því atkvæði sitt.

Framsögumaður sagði, að það væri ef til vill misskilningur af sjer, að þegar mál þetta hefði verið rætt við aðra umræðu, þá hefði sjer heyrzt, að deildarmenn eigi kæmu fram með neinar verulegar útásetningar við breytingar nefndarinnar, og ef svo hefði verið, þá hefðu menn fellt þær sökum tímaleysis. En þegar málið væri þannig skoðað, þá gæti hann eigi betur sjeð, en að deildarmenn einmitt með þessu hefðu játað það, að frumvarpinu væri í ýmsum greinum ábótavant, og þyrfti endurbótar við; hjer væri að eins spurningin um það, hvort frumvarp þetta væri lakara eða betra, en hin núgildandi kosningarlög. En ef það væri ekki betra, þá væri rjettara að fella það en samþykkja það, enda væri það eitthvað undarlegt, ef menn færu að semja ný lög, er eigi væru betri, að áliti þeirra, er semdu þau, en þau, er menn áður hefðu um hið sama efni, Hann kvaðst eigi skyldu tala um 16. grein; nefndin hefði engar breytingar við hana gjört, enda þótt hún hefði öndverðlega haft það í

hyggju. Hefði henni komið í hug, hvort eigi mundi betra að láta úrskurð lögreglustjóra gilda um kosningarrjett manns, en fara með ágreining út af því sem gestarjettarmál. En kostnaðurinn, er af því leiddi fyrir hið opinbera, mundi varla verða mikill, því einungis væri gjört ráð fyrir gefins málssókn við undirrjettinn. Sjer sýndist framboð manna til kosningar geta, að minnsta kosti í bráðina, haft illar afleiðingar. Eigi gæti hann fellt sig við, að kjörgengra manna skyldi eigi getið á kjörskránum. Sjer þætti það eitthvað óviðfelldið, að þótt sannanir væru fyrir því, að einhver maður hefði eigi kjörgengi, skyldi kjörstjórnin þó mæla fram með honum til kosningar, enda þótt alþingi ætti að skera úr kjörgengi hans, því að af þessu leiddi auðsjáanlega, að þingmaður þess kjördæmis gæti orðið rækur af þinginu, og því þingmannslaust fyrir það kjördæmi. Hann kvaðst finna galla á þessu frumvarpi, en sjer hefði eigi verið bent á neina kosti, er það hefði fram yfir hin eldri kosningarlög. Vildi hann því fella frumvarpið, enda þótt löngum tíma hefði verið varið til þess, meðan hann sæi eigi, að það í nokkru væri betra en hin nú gildandi lög um það efni.

Torfi Einarsson sagðist eigi skyldu fara að telja upp galla þá á frumvarpinu, er hann hefði bent á um daginn, enda hefði enginn enn mótmælt þeim. Sjer sýndist frumvarp þetta óþjóðlegt og óframkvæmanlegt, ef að lögum yrði. Hann kvaðst eigi sjá, að það væri rangt, að fella frumvarpið. Nefnd hefði verið sett í málið og hún gjört breytingar við það. Nú væri annaðhvort, að nefndin hefði eigi getað lagfært gallana á frumvarpinu, og breytingar hennar felldar fyrir þá sök, eða þá, að menn hefðu viljað fá það fram, eins og það nú er, og hugsað, að það væri betra, en það er, og fyrst þessi deild hefði sjeð galla á frumvarpi neðri deildarinnar, þá vissi hann eigi, hvaða samvizkubit menn þyrftu að hafa af því, að fella frumvarpið, þar eð allir væru samdóma um, að það væri verra en eigi betra, en hin nú gildandi kosningarlög.

Bergur Thorberg sagðist lítið hafa heyrt annað tekið fram máli þessu viðvíkjandi, en þá ókosti, sem frumvarpið ætti að hafa, en hann kvaðst þó verða að halda, að það einnig hefði mikla kosti fram yfir hin eldri lög, svo sem það, er kjörskrárnar snerti og allan undirbúning til kosninga. Að nota hin eldri lög með því að víkja frá þeim, væri neyðarúrræði, og eins það, að einn maður sæti hjer á þingi í krapti þess, að afbrigði hefðu verið gjörð frá hinum gildandi lögum; hann sagðist eigi segja þetta í því skyni, að lasta þingið fyrir það, að það hefði tekið svo mjúkt á þessum galla, heldur til þess að benda fram á annmarka þá, sem væru á hinum eldri kosningarlögum; hann gæti og eigi heldur sjeð, að ástæða væri nú til að fella frumvarpið, þar sem það hefði þó verið samþykkt við aðra umræðu hjer í deildinni, þótt að vísu breytingar nefndarinnar hefðu verið felldar, því að síðan hefði ekkert það fram komið, er gæti rjettlætt þá aðferð, og þar við bættist einnig það, að neðri deildin hefði vel og vandlega yfirvegað málið og fundið í því mikla rjettarbót.

Ásgeir Einarsson sagðist einungis ætla að standa upp til þess, að gjöra grein fyrir atkvæði sínu. Þar sem hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hefði eins og álitið nokkurs konar skyldu fyrir þingið að aðhyllast nú þetta frumvarp, úr því að það hefði verið samþykkt við aðra umræðu, þá kvaðst hann fyrir sitt leyti eigi geta gjört að því, því að hann hefði þá gefið atkvæði sitt móti því, þar sem hann eigi hefði ætlað nægan tíma eptir til þess að ræða það, eins og vera bæri; það hefði verið siður Rómverja, að búa eigi nein lög til, nema því að eins að reynslan hefði verið búin að sýna, að þörf væri á þeim, og væri því vonandi, að Íslendingar, sem þætti svo mikið koma til rómarjettarins, færu þó nokkuð eptir þessari góðu reglu. Hann sagðist ekki ætla að fara út í hinar einstöku greinir frumvarpsins, af því að hann þættist sjá forlög þessarar Kartagóborgar, heldur vildi hann að eins lýsa því yfir, að hann mundi gefa atkvæði sitt móti

frumvarpinu, og gjörði hann það með góðri samvizku.

Eiríkur Kúld sagðist ætla að taka það fram viðvíkjandi því, sem sagt hefði verið, að deildin hefði að nokkru leyti eins og skuldbundið sig til að samþykkja frumvarpið, af því að hún hefði aðhyllzt það við aðra umræðu, þá gæti hann ómögulega sjeð, að svo væri. Þá galla, sem á frumvarpinu væru, ætlaði hann eigi að taka fram, því að búið væri að gjöra það. Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hefði að sínu áliti eigi tekið neitt það fram, er sýndi yfirburði þessara nýju laga fram yfir hin eldri nú gildandi lög um sama efni; því að hið eina dæmi, er hann hefði tekið fram, sannaði í rauninni alls ekkert.

Torfi Einarsson sagðist halda, að eins mjúkt yrði líklega móðurhjartað að verða, þegar um 23. grein væri að ræða, eins og það hefði verið, þegar rædd var kosningin úr Vestmannaeyjum.

Fyrst ekki tóku fleiri til máls, var málið borið undir atkvæði, og við haft nafnakall.

já sögðu:
Bergur Thorberg,
Ólafur Pálsson,
Jón Pjetursson.

nei sögðu:
Ásgeir Einarsson,
Benidikt Kristjánsson,
Eiríkur Kúld,
Jón Hjaltalín,
Sighvatur Árnason,
Stefán Eiríksson,
Torfi Einarsson,
Þórður Jónasson.

Var frumvarpið þannig fellt með 8 atkvæðum gegn 3.

XV.

FRUMVARP

til laga um breyting á þeirri tilhögun, sem hingað til hefur verið á birting laga og tilskipana á Íslandi.

1. grein.

Frá 1. ágúst 1876 skal þinglýsing sú á lögum og tilskipunum fyrir Ísland, sem nú er í gildi, vera af tekin, og frá sama tíma skal birting sú á lögum og tilskipunum, hvort heldur þær eru konunglegar eða út gefnar af stjórnarráðunum (en þar með eru talin opin brjef, auglýsingar, reglugjörðir, erindisbrjef og samþykktir, o. s. frv.), sem á sjer stað í stjórnartíðindunum fyrir Ísland (deildinni A), vera skuldbindandi fyrir alla. Að svo miklu leyti sem eigi er sagt sjerstaklega fyrir um það í sjálfum lögunum eða tilskipununum, hve nær þau skuli öðlast gildi, þá verður það þann dag, þegar fjórir mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er það númer kom út af stjórnartíðindunum, er þau eru birt í. Á sjerhverju númeri skal tilgreindur sá dagur, er það kemur út.

2. grein.

Viðvíkjandi birting þeirra tilskipana, sem stjórnarvöldin á Íslandi samkvæmt lögum geta gefið út, skulu þær reglur haldast, sem hingað til hafa gilt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þar sem farið er að gefa út stjórnartíðindi fyrir Ísland, samkvæmt konungsúrskurði 13. júlí f. á., er með því vegur greiddar til þess, að komast hjá hinni nú gildandi tilhögun á birting lagaboða, að þinglýsa þeim, og má álíta það mjög æskilegt. Þinglýsing á manntalsþingum er, einkum þegar þinglýst er mörgum eða stærri lagaboðum, mjög illa til þess fallin, að því augnamiði verði náð, sem til er ætlazt með þinglýsingunni, sem er, að lögin verði öllum kunn, því svo mörg önnur störf koma fyrir á manntalsþingum, sjer í lagi allar opinberar gjaldheimtur, að þegar margir eru á þingi, getur sýslumaður ekki komizt yfir að lesa upp lagaboðin í heild þeirra, og mun það orðin venja, að

minnsta kosti á flestum manntalsþingum, að láta það nægja, að lesin sje upp fyrirsögn lagaboðsins og dagsetning, og bóka það, sem með þarf um það, í þingbókinni. Með því þar að auki flestir af þeim, sem sækja þingið, einungis koma þangað til þess að borga skatta sína og gjöld, en hirða eigi um það, sem að öðru leyti fram fer, og með því það einnig getur viljað til, að yfir höfuð fámennt sje á þingi, liggur það í augum uppi, að þinglýsing lagaboðanna samsvari eigi tilganginum. Þar að auki er sá sjerstaklegi annmarki á allri þessari aðferð við birting laga á Íslandi, að þinglýsing í öllum lögsagnarumdæmum, að Reykjavík undantekinni, eptir nú gildandi lögum að eins getur farið fram einu sinni á ári, en af því leiðir, að lagaboðin eigi geta öðlazt gildi, fyr en löngum tíma eptir að þau eru út komin. Stjórnarráðið hefur því látið semja lagafrumvarp það, sem prentað er að framan, til þess það verði lagt fyrir alþingi; er það byggt á því, sem fyrir er mælt í 3. og 4. grein í lögunum um hin dönsku lagatíðindi, 25. júní 1870, og skal um innihald þess að eins geta þess, sem hjer segir.

Þótt ráð sje fyrir því gjört, að það eigi að vera aðalregla, að sagt sje fyrir um það í hverjum einstökum lögum eða tilskipun fyrir Ísland, hve nær þau skuli öðlast gildi, með því það meðal annars er komið undir því, hve nær hlutaðeigandi númer af stjórnartíðindunum verður sent til Íslands, hefur stjórnarráðið samt eigi viljað undanfella að setja jafnframt almennan frest, er lögin öðlist gildi, þegar ekki beinlínis er sagt fyrir um það í lögunum sjálfum, og virðist þá, einkum vegna þess, að gufuskipsferðirnar hætta á vetrarmánuðum, að eigi verði settur skemmri frestur, en fjórir mánuðir frá því, að hlutaðeigandi númer af stjórnartíðindunum er komið út.

Af því lögum þessum verður að þinglýsa eptir þeim reglum, sem nú eru í gildi, hefur eigi orðið til tekinn skemmri tími, er þau skuli öðlast gildi, en 1. ágúst 1876.

FYRSTA UMRÆÐA

í efri deild alþingis.

Á 4. fundi efri þingdeildarinnar, 7. dag júlímán., kom samkvæmt dagskránni til fyrstu umræðu frumvarp til laga um breyting á þeirri tilhögun, sem hingað til hefur verið á birting laga og tilskipana á Íslandi.

Eiríkur Kúld gat þess, að mál þetta væri hvorki langt nje umfangsmikið; að öðru leyti væri hann frumvarpinu hlynntur og fjellist á ástæður þær, er teknar væru fram í athugasemdunum við það. Þó áliti hann eigi birtinguna í stjórnartíðindunum, er frumvarpið talaði um, fulltryggjandi. Vildi hann því stinga upp á, ef hætt yrði að birta lögin á manntalsþingum, að hreppstjórum yrði gjört að skyldu, að birta þau á kirkjufundum, og væri það betur til fallið, en að fela það hreppsnefndum á hendur, þar sem þær eigi hefðu eins miklar hvatir til að kalla saman fjölskipaða fundi eins og hreppstjórar. Ef þessari ákvörðun yrði bætt við frumvarpið, áleit hann birtinguna fulltryggjandi.

Sighvatur Árnason kvað hið sama hafa vakað fyrir sjer; þótti honum stefna frumvarpsins góð, en birtingin þó eigi fulltryggjandi, þar sem stjórnartíðindin, sem birtingin ætti að vera bundin við, væri í fárra höndum. Væri hann því samdóma þingmanni Barðstrendinga, að birtingin færi fram helzt á kirkjufundum, því aðrir mannfundir væru bæði strjálir og illa sóttir; mundi hún á þann hátt ná betur tilgangi sínum; þó væri það ekki meining sín, að gjöra þetta að beinu skilyrði fyrir löggildingu lagaboðanna, eins og hann líka í byrjuninni hefði tekið fram, heldur að frumvarpið stæði óhaggað í því tilliti.

Ásgeir Einarsson kvað sjer hafa dottið hið sama í hug að nokkru leyti; vildi þó orða uppástunguna nokkuð á annan veg, því að í víðlendum sóknum kæmu menn eða gætu menn opt eigi komið til kirkju í mjög langan tíma; þyrfti því birtingin að fara fram á fleiri fundum, og skyldi hann skýra þetta betur, þegar búið væri til breytingaratkvæðið.

Stefán Eiríksson tók það fram, að hann væri því samþykkur, að birting eingöngu í

stjórnartíðindunum væri eigi næg, en með tilliti til þess, að hreppstjórum væri gjört að skyldu, að birta lögin, virtist sjer eiga eins vel við, að hreppsnefndunum væri falið það á hendur. En þar skoðanir þingmanna væru mjög sundurleitar um frumvarp þetta, áliti hann rjettast að setja nefnd í málið.

Ólafur Pálsson áleit óþarfa að setja nefnd í svo lítið mál, og mundi það geta gengið leið sína án hennar.

Torfi Einarsson kvaðst eigi vita, hvort hann tæki rjett eptir þessum frumvarpsgreinum. Í öllu falli þætti sjer óheppileg sú tvískipting, er á yrði, ef sýslumennirnir birtu nokkuð, en hreppstjórarnir nokkuð. Þætti sjer því einfaldari birting sú, er fram hefði farið á manntalsþingum.

Benidikt Kristjánsson áleit við eiga að taka úr 1. grein ákvörðunina um 4 mánuði, þar eð álíta yrði, að þessi tími af mörgum ástæðum væri of stuttur, en þá yrði aptur að bæta inn í ákvörðun, er til tæki lengri tíma.

Bergur Thorberg kvaðst eigi geta fallizt á það, er þingmaður Þingeyinga hefði stungið upp á, þar eð álíta yrði, að hinir umtöluðu 4 mánuðir væru nægilegur tími til birtingar laga. En hvað það snerti, að hreppstjórar skyldu skyldir að annast um, að lögin fengju sem víðasta birtingu, þá mætti annaðhvort bæta því inn í fyrstu grein eða setja sjerstaka ákvörðun um það. Nú sem stæði fengju hreppstjórar að vísu eigi stjórnartíðindin, en því mætti breyta.

Torfi Einarsson kvað sjer rjett núna hafa komið til hugar, að ef út kæmu einhver þau lög, svo sem ný kláðalög eða þess konar, er fljótt yrði að neyta, hvort þá 4 mánuðir væri eigi of langur tími (*Bergur Thorberg:* þá stendur það í lögunum).

Jón Pjetursson tók það fram, að við einhvern vissan tíma yrði að miða löggildingu laganna; í frumvarpinu væru til teknir 4 mánuðir frá prentun, og við það yrði að miða, nema öðruvísi yrði ákveðið, hvort sem hreppstjórarnir væru búnir að birta þau eða ekki. Sjer virtist mega sameina þetta svo, að hreppstjórarnir, er þeir hefðu meðtekið tíðindin, hjeldu fund svo sem í næstu viku eptir, og auglýstu þá lagaboðin, og yrði svo miðuð löggildingin við birtinguna; en þetta útheimti að vísu á eptir skýrslu frá hreppstjórunum um það, hve nær birtingin hefði fram farið.

Sighvatur Árnason kvaðst vilja mótmæla því, að það ætti sjer stað, að hreppstjórar væru skyldir að kalla saman fundi í slíkum tilgangi, þar eð það yrði þeim of þungbært ofan á önnur störf, og í annan stað þýðingarlaust, því svo tíðir mannfundir yrðu alls ekki sóttir í hjeruðum.

Benidikt Kristjánsson kvaðst eigi geta fallið frá þeirri skoðun sinni, að hinn tiltekni tími, 4 mánuðir, væri of stuttur. Það lægi þó í augum uppi, að lög gætu eigi verið skuldbindandi fyr en menn þekktu þau; væri það á ábyrgð stjórnarinnar, sem lögin gæfi, ef almenningi gæfist eigi færi á að kynnast þeim; væri og birting laga á landi þessu ýmsum örðugleikum bundin og færi misjafnlega úr hendi. Vildi hann því rýmka tímann frá 4 til 6 mánaða.

Landshöfðinginn kvaðst alveg samþykkur þingmanni Þingeyinga í því, að sem mest vissa væri fengin fyrir því, að almenningi yrðu kunn lögin; væri það einmitt það, er frumvarpið færi fram á. Kvaðst hann vona, að þingmenn væru sjer samdóma í því, að frumvarp þetta væri langtum fullkomnara í þessu efni, en hin gamla aðferð, að auglýsa á manntalsþingum, þar sem svo mörg önnur störf kæmu fyrir, og víðast hvar væri orðinn vani, að láta það nægja, að lesin væri upp fyrirsögn lagaboðsins og dagsetning, svo og það, að manntalsþing væru haldin að eins einu sinni á ári, en af því leiddi, að lagaboðin gætu eigi öðlazt gildi fyr en löngum tíma eptir að þau væru út komin; svo hefði t. d. verið um brennivínstollinn. Að öðru leyti gat hann þess, að við 1. umræðu yrði málið að eins rætt í heild sinni.

Þar eð eigi fleiri tóku til máls leitaði forseti atkvæða um það, hvort málið skyldi ganga til 2. umræðu. Var það samþykkt í

einu hljóði. Var þá leitað atkvæða um, hvort nefnd skyldi kjósa nú þegar. Var því neitað. Tók þá þingmaður Skaptfellinga aptur uppástungu sína um, að nefnd yrði sett. Var þá 1. umræðu í þessu máli lokið.

VIÐAUKA- OG BREYTINGARUPPÁSTUNGUR við konunglegt frumvarp til laga um breyting á tilhögun þeirri, sem verið hefur hingað til á birting laga og tilskipana á Íslandi.

—

1. Viðaukauppástunga.

Frá Bergi Thorberg, 3. konungkjörnum þingmanni, Eiríki Kúld, þingmanni Barðstrendinga, Sighvati Árnasyni, 1. þingmanni Rangæinga, og Ásgeiri Einarssyni, 1. þingmanni Húnvetninga.

Að bætt verði aptan við 1. grein:

Hreppstjórar skulu birta almenningi sem allrafyrst á kirkjufundum og öðrum mannfundum lagaboð þau og annað, er hjer ræðir um.

---

2. Breytingaruppástunga

frá Benidikt Kristjánssyni, 1. þingmanni Þingeyinga, og Jóni Pjeturssyni, 4. konungkjörnum þingmanni.

Í 1. grein falli burt: «Að svo miklu leyti sem eigi er sagt» o. s. frv. til enda greinarinnar; en í stað þess komi: «Þegar búið er að birta þau á bæjarþingum og hreppaþingum. Formenn sveitanefndanna skulu kalla hreppsbúa á þing í næstu viku, eptir að þeir fá tíðindin, með þingboðsseðli, er berist tafarlaust rjetta boðleið um hreppinn, og skal í honum skýrt frá, hver lagaboð og tilskipanir birta eigi. Í kaupstöðum birta bæjarfógetar lögin og tilskipanirnar á fyrsta bæjarþingi, eptir að þeir hafa fengið tíðindin.

ÖNNUR UMRÆÐA

í efri deild alþingis.

Á 6. fundi efri þingdeildarinnar, 9. dag júlímán., kom samkvæmt dagskránni til 2. umræðu frumvarp til laga um breyting á þeirri tilhögun, sem hingað til hefur verið á birting laga og tilskipana á Íslandi. Gat forseti þess, að fram væru komnar viðauka- og breytingaruppástungur við frumvarp þetta; væru þær prentaðar og útbýtt meðal deildarmanna.

Eiríkur Kúld gat þess, að frá 4 þingmönnum væri fram komin viðaukauppástunga við 1. grein frumvarps þessa; hún væri að vísu eigi löng, en nægileg að sinni ætlan til tryggingar því, að lagaboðin yrðu kunnug; aptur væri komin breytingaruppástunga frá tveimur þingmönnum, er, eptir þeirra skoðun, ætti að miða til enn meiri tryggingar við birtingu laga; hún væri eigi allstutt; en að sinni ætlan væri hún óþörf, og veitti alls enga meiri tryggingu; kvaðst hann vona, að þeir mundu taka hana aptur, er þeir heyrðu ástæður sínar; það væri þá í fyrsta lagi efasamt eptir sveitastjórnarlöggjöfinni, hvort oddvitar sveitanefnda, svo sem breytingaruppástunga þessi færi fram á, gætu kallað saman slíka fjölmenna fundi; svo yrðu menn og að gæta þess, hvílíkan kostnað og tímatöf þetta hefði í för með sjer, því að einnig tíminn væri peningar. Eptir breytingaruppástungunni yrði þá máske að kalla saman þessa fundi 7—8 sinnum á ári, þar sem með hverri póstferð optast kæmi meira eða minna af stjórnartíðindum, og mundu bændur hvorki geta nje vilja sækja slíka tíða fundi til þess máske að heyra 2 eða 3 línur upplesnar.

Benidikt Kristjánsson kvaðst vera annar þeirra tveggja manna, er komið hefðu fram með breytingaruppástungu þessa, er hefði orðið fyrir svo hörðum dómi og miklum misskilningi; þingmaður Barðstrendinga hefði þar, að sinni hyggju, gjört úlfalda úr mýflugunni. Breytingaruppástungan væri þó byggð á því, að hver einstakur maður hefði rjett til þess, að fá að þekkja þau lög, er hann ætti að hlýða; en eins og öllum væri kunnugt, þá ætti eptir ákvörðun frumvarpsins hvert lagaboð að ná gildi, þegar 4 mánuðir væru liðnir frá því það númer af stjórnartíðindunum, er þau væru birt í, kæmi út,

en eins og auðsjeð væri, þá væri þetta með öllu ómögulegt, t. a. m. á þeim tíma, er liði frá síðustu til fyrstu póstskipsferðar, og gengi því breytingaruppástungan eingöngu út á, að bæta úr því. Þingmaður Barðstrendinga gjörði og of mikið úr ómaki því, er leiddi af að kalla fundi þessa saman. Auk þess ætlaðist uppástungan til, að á þingboðsseðlinum væri tiltekið, hver lög skyldi birta í það skiptið, og væri þá undir hverjum einum komið, hvort hann vildi falla frá rjetti sínum, að þekkja lögin, eða eigi. Þingmaðurinn gat og þess, að formenn sveitanefndanna hefðu enga skyldu á höndum til þess, að kalla saman slíka fundi, en sjer sýndist alls ekkert á móti, að einmitt þeim væri falið það, eins og breytingaratkvæðið færi fram á, og hefði það ráð verið tekið af því, að hreppstjórar hefðu enn eigi fengið stjórnartíðindin, og til þess að hlífa landinu við nýjum kostnaði, sem yrði samfara því, að úthluta hreppstjórum tíðindunum.

Sighvatur Árnason tók það fram, að menn greindi hjer eiginlega mest á um, hvað væri nægileg trygging fyrir birtingu laganna, en sjer virtist breytingaruppástunga þessi, um að kalla saman fund í hvert skipti, bæta svo sem alls ekkert úr í því efni. Hann vildi t. a. m. taka til, að, ef menn í sveitum á vetrardag ættu að kalla saman slíka fundi, er hafa ættu nokkra þýðingu í því efni, þá væri sú reynsla sín, að slíkt væri opt ómögulegt og ógjörningur á þessu landi. En viðvíkjandi því, er þingmaður Þingeyinga hefði talað um, að mönnum væri í sjálfsvald sett, að koma eða koma ekki, þegar þeir væru búnir að heyra lagaboðsins getið, þá væri þó sannarlega annað að heyra lagaboðið nefnt, og hitt að vita innihald þess.

Stefán Eiríksson kvaðst, eins og þingmenn mundu muna eptir, hafa verið á því, að nefnd yrði sett í mál þetta, enda virtist nú, sem þess mundi eigi hafa verið vanþörf, eptir því sem umræðurnar hefðu fallið. Kvaðst hann fallast á viðaukauppástungu hinna fjögra þingmanna, að lagaboðin yrðu birt á kirkjufundum og öðrum mannfundum. En hvað uppástungu hinna tveggja þingmanna áhrærði, þá áliti hann hana óhafandi, þar sem þeir ætluðust til að kalla alla hreppsbúa á fund, hvenær sem lagaboð kæmi til að auglýsa; kvaðst hann halda, að bændur þökkuðu fyrir, að sækja t. a. m. slíka fundi um heyannir; þar til lýsti sjer í uppástungunni nokkurs konar hugsunarvilla, þar sem í henni stæði, að kalla þessa fundi saman eptir hreppaþing, allt svo skildist sjer, sem ætti þó endilega að auglýsa lagaboðin fyrst á hreppaþingi eptir uppástungunni, svo þau lagaboð, sem kæmu milli hreppaþinga, hlytu eptir uppástungunni að bíða óbirt milli hreppaþinga, og ætti þó slíkt illa við, og væri óhafandi almennings vegna.

Benidikt Kristjánsson benti til þess, að sjer virtist viðaukauppástungan fara of stutt, því auðsjeð væri, að hjer væri gjört ráð fyrir, að lögin sjeu orðin skuldbindandi fyrir þegnana um lengri eða skemmri tíma, áður en þeim hefði verið gefinn kostur á að þekkja þau. Vildi hann því enn aptur brýna fyrir þinginu, að það eigi að vera föst regla, að lögin nái ekki gildi fyrri en þau sjeu birt.

Ásgeir Einarsson ljet þá skoðun sína í ljósi, að, ef viðauka- og breytingaruppástungan væru bornar saman, lægi það í augum uppi, að hin fyr nefnda, nefnilega þeirra 4 uppástungumanna, mundi reynast fulltryggjandi, því hin aðferðin gæti opt haft of langan tíma í för með sjer, því, ef gefa ætti út og nota bráðabyrgðalög, svo sem fjárkláðalög, er þegar skyldi neyta, yrði það um seinan, að boða saman sveitarfundi til að auglýsa þau hlutaðeigendum.

Eiríkur Kúld kvaðst vera hræddur um, að svo mætti ætla, sem þingmaður Þingeyinga væri að hræðast skuggann sinn; honum mætti þó vera jafnljóst og sjer, að tíðari væru víðast kirkjufundir, en á 4 mánaða fresti. En þar sem þingmaður Þingeyinga hefði gjört lítið úr annmörkum þeim, er væru á að kalla saman sveitanefndarfundi 7—8 sinnum á ári, yrði hann að halda þeirri skoðun, að slíkt væri að þröngva kjörum bænda, og með öllu ógjörningur. Og þar

sem hann hefði sagt, að menn gætu verið sjálfráðir um, að sækja fundinn eða eigi, þá þætti sjer óviðurkvæmilegt að hugsa svo, með því að öllum ætti einmitt að vera hugarhaldið að kynnast lögunum og halda þau. En þar sem hann segði, að sveitanefndirnar, en ekki hreppstjórarnir, fengju í hendur stjórnartíðindin, þá mætti án efa úr því bæta með hægu móti.

Sighvatur Árnason gat þess, að honum virtist það gefið, að ef hreppstjórunum á annað borð yrði falið á hendur að birta lagaboðin, þá yrði og að senda þeim stjórnartíðindin.

Jón Pjetursson kvaðst eigi hafa skilið neitt af því, er þingmaður Húnvetninga hefði talað; gæti hann því eigi svarað honum. Að því er snerti þingmann Barðstrendinga, hefði hann að vísu skilið nokkuð meira í ræðu hans. En ástæður þær, er hann hefði fært fyrir viðaukauppástungu hinna 4 þingmanna og móti uppástungu sinni og þingmanns þingeyinga, fyndust sjer einkisvirði. Hann vildi spyrja, hvaða lagalega þýðingu viðaukauppástunga hinna heiðruðu 4 þingmanna hefði? Hann gæti eigi sjeð, að hún hefði nokkra; því eptir frumvarpinu gætu lögin opt verið búin að fá gildi, áður en hreppstjórarnir sæu þau, auk heldur verið búnir að lesa þau upp á kirkjufundunum; og hvaða gagn gæti þá verið í þessum upplestri á þeim lögum, er búin væru að ná lagagildi? Hann gæti ekki sjeð, að það væri nokkurt; þetta yrði þá nokkurs konar lagakennsla, sem hreppstjórunum væri falin á hendur, en hún mundi þó verða til lítils gagns, þó þingmaður Barðstrendinga áliti hana nægilega tryggjandi. Þingmaður þessi hefði og sagt, að mönnum ætti að vera hugarhaldið að kynnast lögunum og halda þau; í þessu hefði hann með öllu rjett að mæla, en hvernig gæti hann þá ætlazt til, að menn kynntu sjer og hjeldu þau lög, er út kæmu, án þess þeir nokkuð af vissu; þetta væri hvort á móti öðru. — Þingmanninum hefði enn fremur þótt það ópolandi kostnaður og tímatöf, ef ætti að fara að kalla saman bændur á fund í hvert skipti, sem ný lög kæmu út; en hvaða kostnaður og tímatöf væri það fyrir bændur, þó þeim væri boðið eða gefinn kostur á að koma og kynna sjer þau, ef þeir vildu? alls enginn; því ekki þyrftu að koma nema þeir, sem vildu kynna sjer betur þessi nýútkomnu lagaboð, hinir, er ekki hirtu um það, gætu setið heima, þeir yrðu fyrir engum sektum fyrir það, þó þeir ekki kæmu, og ekki öðru illu, en sem, ef til vildi, kynni að leiða af því, að þeir ekki kynntu sjer lagaboðin; þessi ópolandi kostnaður og tímatöf yrði þá að eins að vera fólgin í því, að oddvitar hreppsnefndannna nokkrum sinnum á ári yrðu að skrifa þingboðsseðil, er opt ekki mundu verða nema svo sem 2 línur á oktavista; en hvaða ástæða væri að ærast út af þessu, og kalla slíkt ópolandi kostnað og tímatöf. Hvað nú annars málefnið sjálft snerti, þá vissu allir, að öll ný lög ættu að betra ástandið sem er, eða bæta úr einhverri nauðsyn manna, því væri mjög svo áríðandi, að þau gætu náð sem fyrst gildi, eptir að þau væru út komin, en með því þó öll lög gengju út á að gefa reglur fyrir gjörðum manna, og heimtuðu hlýðni við sig, þá væri það auðsætt, að ekkert lagaboð ætti að ná gildi eða verða beitt á móti mönnum fyr, en þeim væri unnt að vita um útkomu þess eða laga gjörðir sínar eptir því. Það væri satt, að ráðstafanir þær, til að gefa lögunum gildi, er nú um tíma hefðu tíðkazt, hefðu verið mjög ófullkomnar, og menn gætu talið það stjórnarfrumvarpinu til gildis, að við það væru sett föst og ákveðin takmörk fyrir því, hve nær nýútkomin lög skuli ná gildi, en á þessu fyrirkomulagi væru þó talsverðir gallar, því stundum gæti tíminn, er líða ætti frá því lögin kæmu út, og til þess þau ættu að ná gildi, sem sje 4 mánuðir, orðið óparflega langur, en stundum, svo sem er lagaboðið kæmi út í nóvembermánuði, langtum of stuttur, því þá yrði lagaboðið þegar búið að ná gildi, er það kæmi til landsins, og það væri þó óviðurkvæmilegt að heimta, að menn skyldu hafa hlýtt því, á meðan þeim var ómögulegt að vita, að það væri út komið; eins væri það og nokk-

nð óeðlilegt, að binda þá gildi lagaboðsins hjer á landi við það, hve nær það hefði verið prentað í Danmörku. Uppástunga sín og þingmanns Þingeyinga miðaði að því, að láta lagaboð þau, er út kæmu, ná sem fyrst gildi, að auðið væri, en þó eigi fyrri en svo, að unnt væri fyrir menn hjer á landi að vita um útkomu þeirra, og kynna sjer þau, ef þeir vildu, og hann yrði því að ráða til, að þingdeildin aðhylltist uppástungurna.

Torfi Einarsson kvaðst eigi ætla að lengja umræðurnar um mál þetta, og fannst honum eptir því, sem komið væri málunum, hefði hvorug af þessum uppástungum átt að vera til; kvaðst hann þó fella sig betur við viðaukauppástunguna, því hvað það snerti, að kalla saman svo tíða fundi, sem breytingaruppástungan benti til, þá yrðu þeir að mestu þýðingarlausir, og eptir seinni reynslu að dæma, lítt sóttir.

Sighvatur Árnason kvaðst eigi hafa skilið ræðu hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns; en hann efaðist ekki um, að hann hefði skilið hana sjálfur; en að því, er málið sjálft snerti, vildi hann taka það fram, að það væri ekki nóg, að setja mönnum í sjálfs vald, hvort menn eingöngu vildu láta sjer nægja með, að heyra titlana á lagaboðunum, eða kynnast innihaldi þeirra; því með því væri alls ekki fengið það verulega í þessu atriði málsins, sem er, að lögin yrðu sem flestum kunn; en það mundi verða afleiðingin, ef farið væri fram því, að kalla saman fundi í sveitum aptur og aptur um hávetur, að enginn kæmi á fund, og menn yrðu svo jafnrjettir eptir sem áður; og yfir höfuð furðaði hann á því, að nokkrum manni, sem þekkti til sveitahjeraða, skyldi detta slík uppástunga í hug.

Ásgeir Einarsson kvað hinn 4. konungkjörna þingmann hafa kvartað yfir því, að hann ekki skildi sig, en þingmaður Rangvellinga væri búinn að sýna, að sá konungkjörni hefði ekki skilið sig sjálfur viðvíkjandi birtingu lagaboðanna, en hann vonaði þó, að þingið hefði skilið meiningu sína. Að öðru leyti ætlaði hann eigi að orðlengja mál þetta að svo komnu, því atkvæðin mundu skera úr þessu skilningsleysi.

Eiríkur Kúld kvaðst að vísu eigi vera lagamaður, eins og hinn 4. konungkjörni þingmaður, en þó yrði hann að ætla, að hann og þingmaður Þingeyinga af misskilningi hefðu lagt of mikla áherzlu á hinn fyrirskipaða 4 mánaða tíma, er gildi laganna ætti að vera bundið við, enda mundi og optast eigi þurfa svo langan tíma; þess bæri og að gæta, að 1. gr. frumvarpsins gjörir ráð fyrir, að í hverri löggjöf sje til tekið, nær hún nái gildi, en þegar það sje ekki, þá eru 4 mánuðir takmarkið, svo þessir 4 mánuðir eru að álíta sem undantekning frá aðalreglunni. Viðaukauppástunga sín og hinna þriggja þingmanna hefði lagt mesta áherzlu á það, að almenningi yrði ljóst, hvað í lögunum stæði, og væri það aðalatriðið.

Jón Hjaltalín kvaðst eigi ætla að bæta miklu við umræður þessar, en einungis láta þá skoðun sína í ljósi, að sjer virtist viðaukaatkvæði hinna 4 þingmanna nægileg viðbót við frumvarpið, sem í sjálfu sjer væri mikið gott. Vildi hann og benda á, að eigi væri viðurkvæmilegt, að ganga út frá því, að Íslendingar vildu eigi hlýða lögunum; því til hvers væri þá að gefa út lög?

Landshöfðingi kvaðst hafa skilið umræðurnar svo, að allir deildarmenn væru á eitt sáttir um það, að birting sú, er frumvarpið færi fram á, væri miklu hentugri, en hin forna birting á manntalsþingum. Væri það og fullkomin sannfæring sín. Frumvarpið færi því fram, að fastákveðinn tími væri til tekinn, er gildi laganna skyldi vera bundið við; þetta mætti engan veginn vera á reyki, en það yrði þó ofan á eptir breytingaruppástungu hinna tveggja þingmanna. En hvað það snerti, að fela sveitarnefndum á hendur, að birta hin útkomnu lagaboð, þá mundi það eigi heppilegt, svo sem sýnt hefði verið fram á. Þar á móti kvaðst hann fella sig við viðaukauppástungu hinna 4 þingmanna, er miðaði að því, að gjöra lögin kunnugri, og kvað hann ekki mundu geta orðið því

neitt til fyrirstöðu, að hreppstjórunum yrðu í því skyni afhent stjórnartíðindin ókeypis.

Forseti kvaðst þá vilja, fyrst eigi fleiri tækju til máls, bera það undir atkvæði þingmanna, hvort þeir vildu fallast á breytingaruppástungurnar við 1. gr. frumvarpsins; var hún felld með 7 atkvæðum móti 3. Var því næst borin upp 1. grein til atkvæða, og var hún samþykkt í einu hljóði. Þá var borin upp til atkvæða viðaukauppástungan við 1. grein, og var hún samþykkt með 8 atkvæðum. Því næst var og 2. gr. frumvarpsins samþykkt í einu hljóði. Loks var frumvarpið í heild sinni þannig lagað borið undir atkvæði, hvort það skyldi ganga til 3. umræðu, og var það samþykkt í einu hljóði.

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í efri deild alþingis.

Á 8. fundi efri þingdeildarinnar, 12. dag júlímán., kom samkvæmt dagskránni til 3. umræðu frumvarp til laga um breytingu á þeirri tilhögun, sem hingað til hefur verið á birting laga og tilskipana á Íslandi. Án allra umræðna var gengið til atkvæða í því máli, og var frumvarpið í heild sinni samþykkt með 9 atkvæðum, og lýsti forseti því yfir, að það gengi nú til neðri þingdeildarinnar.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 11. fundi neðri deildar alþingis 14. dag júlímánaðar, var samkvæmt dagskránni tekið til fyrstu umræðu frumvarp stjórnarinnar til laga um breyting á þeirri tilhögun, sem hingað til hefur verið á birting laga og tilskipana á Íslandi, eins og það var samþykkt af efri deildinni 12. dag. júlímán. þ. á.

Guðmundur Einarsson sýndi fram á, að tími sá, er frumvarpið til tæki frá því eitthvert lagaboð væri prentað, þangað til það næði lagagildi, væri talsvert of stuttur. Ef t. d. lagaboðið væri prentað í Kaupmannahöfn í byrjun desembermánaðar, þá kæmi það fyrst í marzmánuði með póstskipinu til Íslands, og þannig gætu þessir 4 mánuðir verið nálega eða alveg liðnir, áður en nokkur maður á Íslandi væri farinn að sjá lagaboðið. En ekkert veitti af, þótt það hefði 2 til 3 mánuði fyrir sjer til að berast út um landið. Hann vildi því álíta, að tíminn þyrfti að vera allt að 7 mánuðir. Það gæti engum dulizt, að ef 4 mánaða tíminn væri hafður, þá gæti það opt komið fyrir, að lagaboð væri komið í gildi, áður en menn í ýmsum hjeruðum landsins vissu nokkuð um það, og gæti þá hæglega farið svo, að þeir alveg óafvitandi brytu það. Þetta gæti einkum orðið meinlegt, þegar lagaboðið innihjeldi annaðhvort bann, er lagt væri á einhverstaðar eða þá afnám banns, og mætti vel nefna ýms dæmi til sönnunar þessu.

Þorlákur Guðmundsson var líka á þeirri skoðun, að tíminn væri of stuttur, því þetta væri byggt á því, sem gilti um auglýsingu hinna dönsku lagatíðinda. En slíkt gæti ekki átt við hjer, og það væri hart, að missa af rjettindum sínum, eða verða straffaður fyrir afbrot móti þeim lögum, sem ekki væru komin til landsins. Það gæti opt farið svo, eins og þingmaður Dalamanna hafði sagt, að tíminn frá því lagaboðið væri prentað, þangað til það kæmi út til Íslands, yrðu 3—4 mánuðir. Hann áliti því nauðsynlegt að gjöra breyting í þessa átt á frumvarpinu.

Landshöfðingi stakk upp á, að umræðunni um hin sjerstöku atriði málsins væri frestað til 2. umræðu.

Grímur Thomsen leyfði sjer að spyrja, hvort sú birtingaraðferð, sem hingað til hefði verið, væri betri, en sú, sem frumvarpið hjeldi fram. Það vissu þó allir, hvernig gengi til á manntalsþingum, að fyrst væru þau opt illa sótt, og þeir, sem þar væru, gæfu því lítinn gaum, þótt lög væru þar upp lesin. Hann kvaðst ekki neita því, að þingmenn þeir, er talað hefðu í málinu, hefðu nokkuð til síns máls. En þá væri það vafasamt, hvort heppilegt væri að hafa tímann eins langan, eins og stungið hefði verið upp á, nefnilega 7 mánuði. Hann vildi og leiða athygli þing-

manna að því, hvort ekki mundi vera betra að hlífast sem mest á þessu þingi við að gjöra breytingar, sem ekki væru alveg nauðsynlegar; það væri og erfitt fyrir lögin, að gefa tryggingu fyrir alla, og í þessu máli sem optar væri mest undir því komið, hvað hver einstakur maður legði sig í líma með að kynna sjer lögin.

Guðmundur Einarsson kvaðst játa það, að frumvarpið væri betra, en það fyrirkomulag, sem hingað til hefði verið, en hann vildi þó ítreka það, sem hann áður hefði sagt, að sjer þætti tímaákvörðunin, eins og hún væri í frumvarpinu, vera galli á frumvarpinu, sem gæti opt orðið einstökum mönnum til tjóns eða lagaáfellis.

Þorlákur Guðmundsson sagði, að hið gamla fyrirkomulag á birting laganna hefði verið mjög ófullkomið, og opt hefði það verið látið nægja, að lesa titilinn á lagboðunum. Því hefði þetta frumvarp verið gefið út, og yrði því ekki neitað, að það væri til endurbótar. En sjer þætti þó tíminn í því of stuttur, og væri því breytt, þá væri það stórum betra, en hið gamla fyrirkomulag.

Því næst var samþykkt í einu hljóði, að málið gengi til 2. umræðu.

BREYTINGARUPPÁSTUNGA

við frumvarp til laga um breytingu á þeirri tilhögun, sem hingað til hefur verið á birtingu laga og tilskipana á Íslandi. Frá Benidikt Sveinssyni 1. þingmanni Árnesinga.

—

Í staðinn fyrir 1. grein komi:

1. grein.

Frá 1. degi ágústmánaðar 1876 skal þinglýsing sú á lögum og tilskipunum, sem hingað til hefur við gengizt, vera úr lögum numin. Frá sama tíma skulu lög og skipanir, um hvert efni sem er, og komi þau frá konungi eða ráðherra Íslands, prentuð í stjórnartíðindum Íslands deildinni A, enda skal enginn rengja texta þann.

Þá skulu lög og skipanir ná fullu gildi gagnvart öllum, er þau eru birt á bæjarþingum og hreppaþingum, og skulu hreppstjórar kveðja hreppsbúa á þing með þingboðsseðli í næstu viku á eptir, er þeir fá tíðindin, og berist þingboðið tafarlaust rjetta boðleið um hreppinn. Skal þar getið laga þeirra og skipana, sem birta á. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar birta lög og skipanir á fyrsta bæjarþingi, þá er þau eru til þeirra komin.

Í 2. grein í stað orðsins: «tilskipana» komi: «ráðstafana og skipana».

ÖNNUR UMRÆÐA

í neðri deild alþingis.

Á 15. fundi neðri deildar alþingis, 19. dag júlímánaðar, var samkvæmt dagskránni tekið til 2. umræðu frumvarp stjórnarinnar um breyting á þeirri tilhögun, sem hingað til hefur verið á birting laga og tilskipana á Íslandi, samþykkt af efri deildinni. Við 1. grein frumvarpsins hafði fyrri þingmaður Árnesinga gjört breytingaruppástungu.

Benidikt Sveinsson kvaðst taka vel ráðleggingu þeirri, sem 1. þingmaður Gullbringusýslu hefði gefið þinginu, nefnilega að fylgja sem nákvæmast þeirri reglu, að orðlengja sem minnst um frumvörp frá efri deildinni, en gefa því sem hljóðast samþykki sitt; viðvíkjandi þessu frumvarpi yrði hann þó því miður að lýsa því yfir, að hann gæti eigi fallizt nema á aðalhugsun þess, að gjörð sje breyting á birtingarlöggjöfinni, sem er, þar sem eigi er birt nema einu sinni á ári. Hann skyldi fúslega játa, að eigi væri unnt að skipa svo fullkomlega fyrir um birtingu laga, að þau kæmust til allra vitundar, einnig þeirra, sem viki sjer undan að mæta á boðuðum birtingarfundi; gildi birtra laga yrði að hvíla á lögskipuðu áliti um, að þeir, er í hlut ættu, þekktu (præsumptiv þekking); þar með væri alls eigi sagt, að fullkomnari birting væri eigi til, en sá þinglestur, er tíðkaður væri nú hjá oss; þvert á móti fjellist hann frá þessu sjónarmiði á höfuðstefnu frumvarpsins, en þar fyrir gæti hann eigi fallizt á birtingarmátann eptir frumvarpinu. Þessi orð frumvarpsins: «skal birting sú á lögum og

tilskipunum . . . . . sem á sjer stað í stjórnartíðindunum», gæti hann nefnilega alls eigi fellt sig við; hann fái alls eigi sjeð, að það sje nein birting á lögum, að þau komi út í stjórnartíðindunum; hann sjái eigi, að það sje neinn viðburður, sem skuldbindandi sje til þess að hlýða lögunum, þó þau berist út úr einhverri prentsmiðju í Kaupmannahöfn; þessi ákvörðun hlyti að vera orðin til í ógáti. Frestur sá, sem tekinn væri til aðstoðar í 2. lið 1. greinar frumvarpsins, veitti enga tryggingu fyrir því, að lögin næðu til þess að verða almenningi birt, þó «sjerstaklega væri sagt fyrir um það í lögum», er frá þinginu kæmu síðar meir. Allir þekktu vel fjarlægðina, og vissu vel, að umboðsstjórnin væri, svo framarlega sem þessi skipan kæmist á, eigi lögskylduð til neinnar birtingar, og þó látið væri líða tiltekið tímabil frá þeim «negativa» viðburði, að lögin kæmu út í Kaupmannahöfn, veitti það enga tryggingu fyrir því, að almenningur næði að kynnast þeim á annan hátt; margar tálmanir gætu verið því til fyrirstöðu, póstskipið t. d. strandað o. s. frv., og þó úr þessu mætti bæta með því að lengja tímann 4 mánuði, sem til tekinn væri í frumvarpinu, væri þessi aðferð eigi síður alveg gagnstæð hugmyndinni lög. Það atriði væri aðgætandi við lög, sem ættu að hafa gildi, að þegnunum hefði gefizt tækifæri til þess að kynna sjer þau, og láta þau tala við skynsemi sína og frjálsræði, enda bæru allir tímar vott um, að þessu atriði hafi verið fullnægt, eins víst og rekstur uppsprettu þeirra næði til lýðsins sjálfs; þetta atriði væri svo ljóst í sögu Íslands, að hann áliti það óeðlilegt að víkja frá því. Þannig áliti hann, þegar borin væri saman tilsk. 8. okt. 1824 við 10. gr. í stjórnarskránni, er mælti fyrir um birtingu laga, þá hlyti sú ákvörðun, sem þar væri gjörð, að miða til 8. oktbr. 1824, en einnig líka til hverra þeirra birtingarlaga, sem kæmu í staðinn, þar á móti væri stjórnarskráin í vegi fyrir, að 8. okt. 1824 yrði breytt á þann hátt, að lögbirting skyldi vera með öllu af numin, eins og frumvarpið færi fram á, því það væri alveg heimildarlaust að nefna það birting, þó lögin væru prentuð í stjórnartíðindunum í Kaupmannahöfn, sá viðburður væri einungis eðlilegt stig í tilbúningi þeirra, og ákvörðun sú í frumvarpinu hefði það áríðandi mið, að útvega óvefengjanlegan (autentiskan) texta í sömu merkingu, sem segir í Grágás, «að lög skuli vera það, sem sje skráð», en kvað það alveg heimildarlaust, sem gjört væri í frumvarpinu, að leggja meira í þvílíka ákvörðun. Hann vonaðist eptir, að deildin sæi, að hann hjeldi eigi frekar á móti frumvarpinu, en sjer þætti nauðsyn bera til, en hann áleit það sjálfsagt, að láta málið ganga til 3. umræðu.

H. Kr. Friðriksson játaði, að sumum kynni að þykja, að eigi bæri nauðsyn til þess, að breytt væri löggjöfinni um birtingu laga, en úr því stjórninni þætti breytingin hagfelld, og efri deildin hefði fallizt á uppástungu hennar, og flestum virzt hún rjettarbót, þá væri eigi vert, að breyta þessu frumvarpi; og breytingaruppástunga 1. þingmanns Árnesinga væri allt annað en hagfelld; því að hún væri öldungis óhafandi. Væri það haganlegt, að kalla alla hreppsbúa saman í hvert skipti, er lög kæmu út? Hann vildi halda, að bændum fjelli eigi vel, hvernig sem á stæði, að yfirgefa störf sín, og takast langferðir á hendur, stundum heilar þingmannaleiðir, svo sem bæði um heyannir í sveit, og um vertíðir við sjó. Það væri öldungis skakkt, að hjer sje eigi að ræða um neina birtingu, þar sem lögin sjeu prentuð, öllum stjórnarvöldum send þau til útbýtingar um allt land, og þar að auki fyrirskipað, að auglýsa þau á mótum, og skyldu menn hræðast það, að stjórnin eins og gerði sjer leik að því, að láta lögin koma út í byrjun vetrar, að enduðum árssamgöngum milli Íslands og Danmerkur, þá mætti komast fyrir það með lengingu á frestinum, sem frumvarpið tæki til.

Guðmundur Einarsson kvaðst hafa tekið fram við 1. umræðu, að sjer þætti frestur sá, sem settur væri, of stuttur og gæti komið illa við, þegar hann væri á lagt eða af numið, og áskildi sjer breytingaruppástungu við 3. umræðu; þótti honum breytingaruppástunga 1.

þingmanns Árnesinga tafsöm og mikið óhagfelld, og óhagræði af henni leiða bæði fyrir hreppstjóra og hreppsbúa, og þar að auki væri þess að gæta, að ef hreppstjóri nú vanrækti skyldu sína, og svo væri drýgt afbrot, sem hin nýju lög, er lægju hjá hreppstjóranum óbirt, skipuðu öðruvísi fyrir um, þá slyppi hinn seki, og enn fremur yrðu lagaboðin þá birt sitt á hverjum tíma, ef til vildi í hreppum, er lægju saman. Hann hallaðist þannig að frumvarpinu, eins og það lægi fyrir, og vildi einungis hafa lengdan frestinn til 6 eða 7 mánaða.

Benidikt Sveinsson ítrekaði, að útkoma lagaboðsins væri engin birting, þó settur væri frestur sem í frumvarpinu, þá gæti tímalengdin í sjálfu sjer, það að tiltekinn tími liði, ekki komið í birtingar stað, þó heilar aldir fengju að líða þannig. Hann vonaðist eptir, að þingmenn sæju, að það væri skylda löggjafans að gefa þegnunum tækifæri til að þekkja þær lagareglur, sem ættu að gilda, og ætti sú yfirvegun hjer ekkert við, hvort það væri örðugt eða eigi, það ætti að framkvæmast, áður lögin næðu gildi; hann vildi nefna sem dæmi úr rjettarsögu Íslands, þegar sendir voru menn á leiðarþingin frá Noregi að birta þar lög.

Landshöfðingi mótmælti uppástungu 1. þingmanns Árnesinga, af því að aðaltilgangur allra ákvarðananna um birtingu laga væri sá, að til taka einhvern ákveðinn dag, er lög á honum skyldu öðlast gildi, svo enginn efi sje á, en þar sem breytingaruppástungan feli hreppstjóranum á hendur að annast auglýsingu þeirra, þá væri það undir þeim komið, hve nær lögin öðlast gildi á þeim og þeim staðnum; en fyrir því geti það opt verið erfitt að fá nægilega vissu um það, hve nær lögin hefðu verið birt. Þar sem nokkrir þingmenn hefðu hreift því, að fresturinn 4 mánuðir mundi verða of stuttur, sjer í lagi með tilliti til vetrartímans, ef lögin væru prentuð um seinan um haustið, þá mætti gjöra ráð fyrir, að ráðgjafinn láti eigi prenta lög fyrir Ísland á þeim tíma. Þar sem þeirri mótbáru hafi verið hreift, að í frumvarpinu væri fresturinn 4 mánuðir miðaður við það, sem títt væri í Danmörku, þá vildi hann geta þess, að eptir L. 25. júní 1870 ættu lög að öðlast gildi viku eptir að þau væru innfærð í lagatíðindin. Það hefði verið sagt, að til þess að lögin gætu náð gildi, yrðu þau að hafa verið birt öllum, en þetta væri eigi meiningin, heldur að eins að gefa mönnum kost á að kynna sjer þau, og til þess hjálpaði frumvarpið mikið, því að lögin kæmu út um allt landið í fjölda exemplara, einnig gæfist þeim kostur á að útvega sjer stjórnartíðindin, sem vildu. Sjer sýndist því frumvarpið ráða bót á öllu verulegu, er ábótavant hefði verið í þessu efni.

Halldór Kr. Friðriksson sagði, að ef uppástunga 1. þingmanns Árnessýslu yrði að lögum, þá færi svo, að lög yrðu birt á ólíkum tímum árs, t. a. m. lög, sem á einum staðnum væru birt í marzmánuði, þau yrðu á hinum staðnum birt ef til vill í júlí, og á þriðja staðnum í september, o. s. frv. Í hverju máli yrði svo að fá skýrslu um það, hve nær þau eða þau lög hefðu birt verið á þeim stað, er um væri að ræða. Sjer fyndist öllum vera gefinn kostur á, að kynna sjer lögin, þar sem stjórnartíðindin lægju hjá hreppstjórunum, og hjá þeim gæti hver hreppsbúi, sem vildi, kynnt sjer lögin. Það væri ekki auðið, að taka svo út fyrir allar æsar, að menn gætu átt víst, að hvert mannsbarn þekkti lögin. Uppástungan hefði að sínu áliti ómak, kostnað og vastur í för með sjer engum til gagns. Hvað leiðarþingin snerti, þá kvaðst hann ekki vita til þess, að gilding laga hefði nokkru sinni verið bundin við þau, heldur hefðu lögin verið birt á alþingi, og við það fengið gildi.

Þorlákur Guðmundsson sagðist álíta nú sem fyr tímann of stuttan, og þótt landshöfðingi hefði sagt, að ráðgjafinn mundi sjá um, að lögin yrðu ekki prentuð á þeim tíma árs, er óhentugastur væri í þessu efni, gæti maður þó ekki byggt á því sem lagareglu, og vildi hann því sameina sig við þingmann Dalasýslu um breytingaratkvæði í þessa átt. Hann kvaðst ekki fá betur sjeð, en að uppá-

stunga 1. þingmanns Árnessýslu mundi valda hreppstjórum og hreppsbúum miklum erfiðleikum, og slíkir fundir mundu illa sóttir um heyannir og optar, enda væri ekki sannsjarnt að bæta störfum á hreppstjóra, meðan þeim væri ekki sjeð fyrir launum. Hann áleit frumvarpið mikla rjettarbót, enda þótt lagaboðin ekki væru auglýst nema á haust- og vorfundum.

Benidikt Sveinsson gat eigi sjeð betur, en að landshöfðingi, með því að viðurkenna, að lög væru eigi bindandi fyr en mönnum væri gefinn kostur á að kynna sjer þau, hefði yfirgefið skoðun stjórnarinnar, því sjeu stjórnartíðindin bindandi, þá hafi aukabirting enga þýðingu, þó sending tíðindanna og útbýting þeirra, sem gjört sje ráð fyrir, kosti eins mikil umsvif, eins og þinglesturinn. Í stað þessa hefði umboðsstjórnin vald til að skipa hreppstjórum að senda bændum þingboðsseðil, það væri þó betra en prentun í stjórnartíðindunum. Hann ítrekaði, að frumvarpið færi fram á nokkuð, sem væri alveg móthverft íslenzku rjettarfari, og taldi til birting á leiðarþingum, alþingi fram að 1801, og síðan í landsyfirrjettinum, og bað þingið að rannsaka málið ítarlega undir 3. umræðu.

Guðmundur Einarsson sagði, að þingmaður Árnesinga hefði sannfært sig um það gagnstæða, er hann vildi sanna, sem sje, að frumvarpið fylgdi einmitt þeirri skoðun, sem drottnað hefði í fornöld; lögin hefðu öðlazt gildi á alþingi, en eigi á leiðarþingunum.

Grímur Thomsen: Þingmaður Árnesinga hefði sagt, að það sem væri haganlegt, væri sjer óviðkomandi, það yrði að láta undan krófum laga-hugmyndarinnar, en það væri sem þingmanninum væri mislagðar hendur, þar sem hann í kláðamálinu hefði viljað gjöra ósamþykkt frumvarp að gildandi lögum með því einu að láta birta það. Maður gæti þó ætíð krafizt þess, að hann væri sjálfum sjer samhljóða. Hvað mótbáru þingmanns Dalamanna snerti, þá hefði landshöfðingi tekið það fram, sem engum gæti dottið í hug að efa, að ráðgjafinn sæi svo um, að lögin yrðu prentuð á haganlegum tíma. Hann áleit ófært að senda efri deildinni aptur frumvörp, nema hættulegar misfellur væru á þeim, en kvað svo fáa hafa lagzt á eitt með 1. þingmanni Árnesinga, er hann sæi engan með honum nema þingmann Skaptfellinga, svo að sjer dytti í hug glæfraferðir Tordenskjolds, er hann hefði eigi haft nema einn með sjer, og sá hefði verið grátandi.

Halldór Friðriksson ítrekaði þann óhag, er stæði af breytingaruppástungunni, ef bændum ætti að stefna saman einkum um hávetur, um vertíð eða heyannir, eða ef þeir þyrftu að takast langferð á hendur fyrir sakir þessarar birtingar.

Benidikt Sveinsson sagði, að sjer þætti merkilegt að þingmaðurinn skyldi vera á því máli, að það liði heilir vetur hjer á landi, áður lög yrðu kunn, og þó skyldi nú setja í lög, að þau skyldu birtingarlaust öðlast hjer gildi 4 mánuðum eptir að þau væru innfærð í stjórnartíðindin; það væri hryllilegt til að vita, þegar um lögleiðslu sakalaga væri að ræða.

Að umræðunni lokinni var gengið til atkvæða, og var

1, breytingaruppástunga fyrra þingmanns Árnesinga felld með 12 atkv. gegn 7.
2, 1. gr. frumvarpsins, eins og hún kom frá efri deildinni, samþykkt með 14 atkv. gegn 3.
3, breytingaruppástunga 1. þingmanns Árnesinga við 2. gr., náði einungis 8 atkv.
4, 2. gr. óbreytt samþykkt með 14 atkv.
5, að frumvarpið þannig orðað gengi til 3. umræðu, var samþykkt með 17. atkv.

Breytingaruppástunga
við frumvarp til laga um breytingu á þeirri tilhögun, sem hingað til hefur verið á birtingu laga og tilskipana á Íslandi.

Í staðinn fyrir 1. gr. komi:

1. grein.

Frá 1. degi ágústmánaðar 1876 skal þinglýsing sú á lögum og skipunum, sem hingað til hefur við gengizt, vera úr lögum numin. Frá sama tíma skulu lög og skip-

anir um hvert efni sem er, og komi þau frá konungi eða ráðherra Íslands, prentuð í stjórnartíðindum Íslands deildinni A. Skal enginn rengja texta þann, og verða þá lögin skuldbindandi fyrir alla að 6 mánuðum liðnum frá þeim degi, er það blað kom út, sem þau eru birt í, nema lögin sjálf ákveði öðruvísi.

Lög og skipanir skulu hreppstjórar birta á hinum lögskipuðu hreppaþingum og bæjarfógetar á bæjarþingum. Beri bráða nauðsyn til, kalla tjeðir embættismenn saman aukafundi til að birta lagaboð; í þingboðinu skal ætíð getið, hver þau lög og skipanir eru, sem birta á.

Alþingi, 20. júlí 1875.

B. Sveinsson. Páll Pálsson. G. Einarsson.
Páll Ólafsson. Einar Gíslason.
Þorlákur Guðmundsson. Þórarinn Böðvarsson.
Þórður Þórðarson. Jón Sigurðsson.
Einar Guðmundsson. Snorri Pálssomi

ÞRIÐJA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 18. fundi neðri deildar alþingis, 23. dag júlímánaðar, var samkvæmt dagskránni tekið til þriðju umræðu frumvarp til laga um tilhögun á birtingu laga og tilskipana ásamt breytingaruppástungu frá 11 þingmönnum.

Landshöfðingi sagði, að þó breytingaruppástungan bætti nokkuð úr annmörkum þeim, sem hann hefði tekið fram við þingmann Árnesinga, væri hún eigi síður mjög óheppileg. Orðatiltækið «skyldi enginn rengja texta þennan», þótti honum alls eigi við eiga í lögum um birtingu laga, því eptir stjórnarskránni væru lögin byggð á samhljóða ályktun þings og stjórnar, þannig að sú samhljóðun rjeði fyrir texta þeirra; enn fremur vantaði í breytingaruppástunguna, að á sjerhverju númeri stjórnartíðindanna skyldi til greindur útkomudagur þess; þessi ákvörðun væri alveg nauðsynleg, því blaðið yrði sjálft að bera þann ákveðna frest með sjer, og einmitt frá sjónarmiði þeirra, sem heimta, að lögin sjeu kunngjörð, sje nauðsynlegt að hluteigendur geti átt það víst, frá hvaða tíma lögin geti öðlazt gildi. Hvað lengdina snertir á frestinum, sje, eptir því sem hann áður hafi greint, engin þörf á, að hann, eptir póstfyrirkomulagi því, sem nú er, nemi meira en 4 mánuðum til þess, að hvert blað tíðindanna nái að berast út um allt landið; það geti eigi komið stjórninni að neinum notum, að láta prenta lög í nóvember, desember eða janúar, og megi þess vegna eigi gjöra ráð fyrir því, enda mætti eigi gleyma því, að það væri á valdi alþingis sjálfs, að ákveða í hvert skipti við frumvörp þau, er það hefði til meðferðar, dag þann, er þau, skyldu öðlast gildi. Þess vegna beiddi hann þingið þess, að veita eigi breytingaruppástungunni atkvæði sitt.

Benidikt Sveinsson vildi eigi taka upp aptur það, er hann hefði sagt áður, um gallana á frumvarpinu. Að vísu hefði hann eigi sjálfur átt þátt í þessari breytingaruppástungu, en eigi að síður hefði hann ritað undir hana nafn sitt, þar eð hún bætti úr þeim aðalannmörkum, sem væru á frumvarpinu; það vantaði í þann viðbæti, sem snerti promúlgatío laganna; þessi frestur, sem hjer væri nefndur, væri fyrir þá sök lengdur, að lögin skyldu birt öllum, áður þau næðu gildi, þau gætu eigi orðið skuldbindandi, fyr en menn þekktu þau, en aptur á móti væri það eigi annað en lagakennsla að tilkynna lög, eptir að þau væru orðin skuldbindandi fyrir alla. Þess vegna væri lengingin á frestinum aðalmergur uppástungunnar, að lögin næðu gildi með því að birtast á lögskipaðan hátt. Landshöfðinginn hefði tekið fram 3 atriði, er litu að þrenns konar göllum. Væri sá fyrsti sá, að eigi ætti við að setja: «og skal enginn rengja texta þann». Þessu kvaðst hann eigi samdóma. Það mætti vel vera svo, að stjórnartíðindin væru eigi samhljóða frumritinu, en þó skyldi stjórnin ábyrgjast, að þessi samhljóðan ætti sjer stað, og það því heldur, sem frumritið kæmi aldrei fyrir almennings sjónir. Viðvíkjandi því atriði, að tekinn skyldi sá dagur til, þegar lagaboðið kæmi út í stjórnartíðindunum, þá felldi hann sig betur við það, er það glöggvaði fyrir, en hann

sæi eigi, að það innibindi í sjer þann galla, að uppástungan eigi að falla fyrir.

Einar Guðmundsson. Auk þess, sem fram hefði verið fært, virtist sjer þessi birting á frumvarpinu svo ófullkomin, þegar hreppstjóri skyldi birta á kirkjufundi. Bændur gætu farið á mis við það. Þegar valdstjórnin heimtaði af alþýðu hlýðni við lögin, hefði hún aptur heimtu á að eiga kost á að þekkja þau.

Grímí Thomsen þótti óaðgengileg þau fyrirmæli «skal enginn rengja texta þann», ef sú væri meiningin, að prentvillur mætti eigi lagfæra, jafnvel þótt meiningarvilla væri; á hinn bóginn væri dagsetning blaðsins nauðsynleg. Þessir tveir gallar gerðu breytingaruppástunguna óhafandi. Þriðji gallinn væri sá, að hreppstjórar væru taldir með embættismönnum, þó þetta væri eflaust órjett, og eptir gildandi orðaþýðingu alls eigi ætti við. Hann vildi því stinga upp á nefnd í málinu.

Var þegar gengið til atkvæða um, hvort kjósa skyldi nefnd, og var sú uppástunga felld með 11 atkv. gegn 9, og síðan haldið áfram umræðunum.

Guðmundur Einarsson sagði, sjer hefði dottið í hug, þegar landshöfðinginn hefði talað: «nú höggur sá, er hlífa skyldi». Sjer hefði semsje fundizt, að herra landshöfðinginn gjörði of lítið úr stjórninni, ef hún skyldi eigi geta haft ábyrgð á því, að áreiðanlegur texti kæmi út í stjórnartíðindunum af lagaboðunum, og sömuleiðis mætti ætla stjórninni það, að hún sæi um, að sá dagur væri prentaður á blað tíðindanna, nær það kæmi út. Í þriðja lagi skyldi hann geta þess, að konferenzráð Magnús Stephensen teldi í ritum sínum hreppstjóra meðal embættismanna, og væri varlega farandi í að rengja hann.

Halldór Kr. Friðriksson gat eigi sannfærzt af ræðu þingmanns Árnesinga. Það fyrirmæli: «skal enginn rengja texta þann», hefði hann hvergi sjeð í lögum fyr; það gæti verið einhver nýbreytni eða sjerleg speki; en hún væri svo ólagaleg, sem framast mætti verða. Það yrði eigi öðruvísi skilið, en að ætlazt væri til, að konungur skrifaði fyrst undir lagaboðið í stjórnartíðindunum; en það væri auðsjeð, hversu vel hugsað slíkt væri. Alþýða ætti sjálfsagt að eiga kost á að kynna sjer lögin, en kostur væri á því, þegar þau lægju prentað fyrir hjá sýslumönnum og sýslunefndum, hreppstjórum, hreppsnefndum, prestum og alþingismönnum. Hann skildi eigi í því, að alþýða væri bætt með þessu fremur en með frumvarpinu, og þó birta ætti tvisvar á ári, þá væri enginn fremur skyldur að mæta eptir þingboðsseðlum á þeim samkomum, heldur en á manntalsþingum. Hann gæti heldur eigi fundið, að uppástungan hefði bætt það, sem til hafi verið ætlazt; hann sæi eigi, af hverju eigi skyldi dagsetja blöðin, er kæmu út, þegar eigi væri tekinn til í lögunum sjálfur löggildingardagur; heldur eigi gæti hann sjeð, að ákvörðunin í síðara parti fyrri greinar byndi nokkurn, fremur en ákvörðunin í frumvarpinu frá efri deildinni; því þegar gildi laganna væri miðað við hina framantöldu 6 mánuði, þá væru þau bindandi orðin, án tillits til hvort þau væru birt á hreppaþingum eða eigi, og hann sæi því eigi fremur takmörkun í þessari ákvörðun, en í því, sem borizt hefði hingað úr efri deildinni, og ef lögin ættu fyrst þá að ná lagagildi, er þau væru birt á hreppasamkomum, þá væri það hrein og bein mótsögn við það, að þau væru gild orðin eptir 6 mánuði, frá því þau væru prentuð í stjórnartíðindunum.

Snorri Pálsson vildi leyfa sjer að leiðrjetta þingmann Gullbringusýslu, þar sem hann hefði sagt, að hreppstjórar væru eigi embættismenn; öðruvísi ætlaði þó Instrux 24. nóvembr. 1809, þar væru þeir taldir embættismenn; hann ímyndaði sjer, að það sæti eigi á sjer að tala um tímalengd viðvíkjandi birtingu lagaboða, því væri áður nægilega svarað; en ef hann hefði skilið landshöfðingja rjett, þá hefði alþingi vald til þess að ákveða, hvaða dag sjerstök lög skuli öðlast gildi.

Tryggvi Gunnarsson kvað málið hljóta að ganga til efri deildar aptur, ef breytingaruppástunga þessi næði samþykki, og þótti óheppilegt, ef svo færi, því efri deild sam-

þykkti naumast frumvarpið þannig lagað. Aðalbreytingin væri þó eigi önnur, en 6 mánuðirnir væru settir í staðinn fyrir 4 mánuði, og kysi hann þannig eptir málavöxtum að fella uppástunguna, en mæla fram með frumvarpinu, eins og það hefði komið frá efri deildinni.

Þórarinn Böðvarsson gat eigi skilið í, að gallar væru svo miklir á uppástungunni, að hún væri óhafandi; það væri þó veruleg bót, að lengdur væri tíminn, en birtingaraðferðin, sem væri í frumvarpi efri deildarinnar, þætti sjer óhafandi, enda hefði hún eigi verið við höfð frá því birting af stólnum var af numin. Menn færu eigi til kirkju til að heyra lög lesin og gætu eigi vitað fyrir, nær þau yrðu lesin; sem stæði væru mörg brauð prestlaus í landinu og þess vegna sjaldan messað á sumum kirkjum einkum á vetrum; yrði þessi birting við kirkjur mjög víða sama og engin birting.

Jón Sigurðsson sagðist einu sinni ekki hafa ætlað sjer að taka framar til máls í þessu máli, en sjer færi líkt og karlinum sem sagði «sig langaði líka til að koma í kórinn, þegar aðrir syngju». Hann sagði sjer virtist, að þetta mál, sem hjer væri til umræðu, væri líkast barnaglingri, sem stjórnin hefði kastað inn á þingið handa þingmönnum til að leika sjer að, enda væri þingið farið að hringla með það eins og eitthvert barnagull. Hann kvað hið eina ráð, úr því sem komið væri, það að fella frumvarpið.

Landshöfðingi kvað það misskilning, sem komið hefði fram af hendi þingmanns Dalamanna; hann hefði einungis tekið það fram, að fyrirmælið: «skal enginn rengja texta þann» ætti alls eigi við í lögum um birtingu laga; en þar sem látin hefði verið sú skoðun í ljósi, að frumvarpið væri lakara en það fyrirkomulag á birtingu laga, sem áður hefði verið, þá skyldi hann einungis geta þess, að það væri fyrst nú við 3. umræðu, sem þessi skoðun hefði komið fram, og þess vegna þætti sjer eigi nauðsynlegt að svara henni.

Að umræðunni lokinni var gengið til atkvæða, og kom fyrir:

1. Breytingaruppástunga frá 11 þingmönnum við 1. grein frumvarpsins samþykkt með 12 atkvæðum gegn 8; var þannig 1. grein frumvarpsins fallin.
2. 2. grein frumvarpsins samþykkt með 16 atkvæðum.
3. Fyrirsögnin samþykkt án atkvæða.
4. Frumvarpið í heild sinni samþykkt með 12 atkvæðum gegn 7,

og var það þannig sent aptur til efri deildarinnar þannig orðað.

FRUMVARP

til laga um breytingu á þeirri tilhögun, sem hingað til hefur verið á birtingu laga og tilskipana á Íslandi.

1. grein.

Frá 1. degi ágústmánaðar 1876 skal þinglýsing sú á lögum og skipunum, sem hingað til hefur við gengizt, vera úr lögum numin. Frá sama tíma skulu lög og skipanir um hvert efni sem er, og komi þau frá konungi eða ráðherra Íslands, prentuð í stjórnartíðindum Íslands deildinni A. Skal enginn rengja texta þann, og verða þá lögin skuldbindandi fyrir alla að 6 mánuðum liðnum frá þeim degi, er það blað kom út, sem þau eru birt í, nema lögin sjálf ákveði öðruvísi.

Lög og skipanir skulu hreppstjórar birta á hinum lögskipuðu hreppaþingum og bæjarfógetar á bæjarþingum. Beri bráða nauðsyn til, kalla tjeðir embættismenn saman aukafundi til að birta lagaboð; í þingboðinu skal ætíð getið, hver þau lög og skipanir eru, sem birta á.

2. grein.

Viðvíkjandi birting þeirra tilskipana, sem stjórnarvöldin á Íslandi samkvæmt lögum geta gefið út, skulu þær reglur haldast, sem hingað til hafa gilt.

BREYTINGARUPPÁSTUNGA

við frumvarp til laga um breyting á þeirri tilhögun, sem hingað til hefur verið á birting laga og tilskipana á Íslandi, eins og það

var samþykkt af neðri deild alþingis við 3. umræðu á fundi 23. júlímán. 1875.

Frá Eiríki Kúld, þingmanni Barðstrendinga.

—

Að í stað 1. gr. komi svo látandi grein.

1. grein.

Frá 1. degi ágústmán. 1876 skal þinglýsing sú á íslenzkum lögum og tilskipunum, sem nú er lögboðin, vera úr lögum numin. Frá sama tíma skal það vera skuldbindandi birting gagnvart öllum, bæði á lögunum, og á skipunum konungs og stjórnarráðanna, — en þar með eru talin opin brjef, auglýsingar, reglugjörðir, erindisbrjef og samþykktir o. s. frv. — að þau eru prentuð í stjórnartíðindum Íslands, deildinni A, og ná þá lög og tilskipanir gildi, er 6 mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er blað það, sem þau eru auglýst í, kom út, nema lögin eða tilskipanirnar sjálfar mæli fyrir um, hve nær þau verði gild. Á hverju blaði stjórnartíðindanna skal tilgreina, hvaða dag það hafi komið út.

Hreppstjórar skulu birta almenningi sem allrafyrst á kirkjufundum og öðrum mannfundum lagaboð þau og annað, er hjer ræðir um.

EIN UMRÆÐA

í efri deild alþingis.

Á 23. fundi efri þingdeildarinnar, 29. dag júlímán., kom samkvæmt dagskránni til einnar umræðu frumvarp til laga um breytingu á þeirri tilhögun, sem hingað til hefur verið á birting laga og tilskipana á Íslandi. (Samþykkt af neðri deild alþingis við 3. umræðu á fundi 23. júlí 1875).

Eiríkur Kúld sagðist eigi ætla að fara mörgum orðum um breytingaruppástungu þá, er hjer lægi fyrir, en sjer fyndist þó, að hún að minnsta kosti væri betur orðuð, en frumvarp stjórnarinnar og breytingar þær, er hin neðri deild hefði gjört við það. Hann kvaðst með engu móti geta fallizt a þessar breytingar neðri deildarinnar, eins og þær lægju fyrir, því að það væri sumt í þeim, er hefði hneykslað sig t. a. m. þessi orð: «skal enginn rengja» o. s. frv., enda þótt þau hefðu verið þar hrakin, og að þeim fundið. En þar sem nú væri fram komin uppástunga um, að 4 mánuðum yrði breytt í 6 mánuði, ætlaði hann, að til sátta gæti gengið milli deildanna, því varla gæti hann skilið að neðri deildin hjeldi svo fast við sinn keip, að hún eigi fjellist nú á frumvarpið, eins og það fyrst kom frá þessari deild.

Benidikt Kristjánsson kvaðst verða að láta álit sitt í ljósi í þessu máli; hjer væri um tvennt að velja, um frumvarp neðri deildarinnar og breytingaruppástungu hins háttvirta varaforseta, og yrði hann fyrir sitt leyti heldur að aðhyllast frumvarp það, er samþykkt hefði verið í neðri deild þingsins, því sjer fyndist, að út úr því mætti lesa það, sem væri aðalkjarni þessa máls, og sem beinlínis væri nauðsynlegt til þess, að lögin hefðu nokkra skuldbindandi skyldu fyrir landslýðinn, en það væri, að almenningi gæfist kostur á, að kynna sjer lögin, er hann síðar meir ætti að hlýða. En þetta gæti hann eigi fundið í breytingaruppástungu þeirri, er hjer lægi fyrir, því sjer virtist, að eigi lægi annað í henni en það, að prenta skyldi lögin í stjórnartíðindunum og svo bíða í 6 mánuði, þar til þau öðluðust gildi, en að eigi væri gjört ráð fyrir, að þau skyldi birta á því tímabili, nema ef tækifæri kynni að gefast. Annars virtist sjer mál þetta vera komið í slíkt óefni, að hann fyrir sitt leyti helzt vildi slá gálga yfir það, og að það yrði látið falla niður, enda þótt það mætti virðast hálf-undarlegt, að svo lítið mál skyldi vefjast svo fyrir þinginu, að til slíks þyrfti að koma, en það væri komið af þeim ástæðum, að sumir eigi vildu taka til greina, hve nær lögin væru prentuð, nema því að eins, að mönnum um leið gæfist kostur á að kynna sjer lögin, því þetta væri nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að þau gætu verið skuldbindandi fyrir þann, sem ætti að hlýða þeim, hinir aptur á móti, og sem kannske væru fleiri, hefðu álitið þetta einskis vert; hefðu hinir fyrri því heldur slakað til, og það um of.

Sighvatur Árnason sagði, að mál þetta sýndist ekki mikið á pappírnum, en það hefði

þó orðið stórt í meðferðinni, og mundi hjer sannast hið forna máltæki, að eigi væri minni vandi að gæta fengins fjár en afla; kvaðst hann skoða þetta mál svo, að betur hefði það verið óbreytt, og að látið hefði verið standa við hið gamla, sem í rauninni væri bezt, en gjöra þær breytingar, er nú væru fram komnar; að þetta væri svo, sýndu bezt vafningar þeir, er nú væru komnir fram, þar sem menn eigi hefðu getað fundið neitt betra fyrirkomulag á birtingu laganna, en áður hefði verið. Menn væru hjer að tala um, hve áríðandi það væri, að þegnarnir fengju tækifæri til að kynna sjer lögin, áður en þau öðluðust gildi, en hver væri þá meiri trygging en hin gömlu manntalsþing, sem væru bæði lögskipaðir fundir og fjölsóttari en allir aðrir fundir; menn hefðu nú að vísu fundið það að þeirri birtingu, eins og tekið væri fram í ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar, að sýslumenn ljetu sjer það orðið nægja, eingöngu að lesa upp fyrirsögn og dagsetningu lagaboðanna, í stað þess að lesa þau sjálf, og svo einnig það, að þeir hefðu svo mörgum annarlegum störfum að gegna, að þeir eigi gætu sinnt þessu; það hefði því verið stungið upp á því, að hreppstjórar skyldu gjöra þau almenningi kunn á hreppaþingum, og ætlað, að með því væri meiri trygging fengin fyrir því, að birtingin næði tilgangi sínum, en hann kvaðst þó halda, að hreppstjórar einnig hefðu nógum öðrum störfum að gegna, þar sem þeir optlega væru oddvitar hreppsnefndanna og auk þess yrðu að nota tækifærið haust og vor á hreppaþingunum til þess, að ráðslaga um ýms sveitarmálefni, er þeir fyndu knýjandi ástæðu til að hugsa um. Því miður væri nú þessi breyting á birtingu laga komin svo langt, að eigi mundi tjá að slá striki yfir hana, hversu fúslega sem hann gæti óskað þess. Sjer virtist nefnilega, að þessi birtingarmáti væri fremur apturför en framför frá því, sem hefði verið; það væri einungis til þess, að draga ákvörðunina um gildi laganna til Danmerkur og út úr sjálfu landinu. Þar sem talað væri um, að lögin skyldu hafa gildi 4 eða 6 mánuðum frá því, að þau væru prentuð í deildinni A af stjórnartíðindunum, þá vildi hann síður aðhyllast 4 mánuði, því vel gæti farið svo, að sá tími væri útrunninn, þegar tækifæri gæfist að auglýsa þau á hreppaþingum eða kirkjufundum, og þettta væri þó án alls efa miklu verra fyrirkomulag, en áður hefði verið, og vildi hann því í þessu tilliti af tvennu illu taka hið skárra. Hjer lægju nú fyrir 2—3 breytingar frá því, sem áður hefði verið: stjórnarfrumvarpið, breyting neðri deildarinnar og breytingaruppástunga þingmanns Barðstrendinga. Það væri að vísu ekki ólíklegt, að fyrst neðri deildin hefði náð þessu samþykki frá sinni hlið, sem hjer lægi fyrir, að efri deildin mundi bíða ósigur, þegar deildirnar kæmu saman, en samt sem áður mundi hann, sem skásta úrræði, sem nú væri um að velja, gefa atkvæði sitt fyrir breytingaruppástungu þingmanns Barðstrendinga.

Eiríkur Kúld sagði, að sjer fyndist þingmaður Rangæinga nokkuð fastheldinn við hið gamla, og líti eigi svo út, sem hann vildi hafa neina af þessum breytingum, heldur halda hinum gömlu manntalsþingum, og það enda þótt allir hefðu viðurkennt, að menn á þann hátt, er hjer ræddi um, hefðu miklu betri og vissari veg til að kynna sjer lögin, en áður hefði verið. Þar sem þingmaður Þingeyinga sagði, að engin ákvörðun væri um það, að lögin yrðu birt, næði nú engri átt, þar sem beinlínis væri tekið fram í frumvarpinu, að lögin skyldu fyrst öðlast gildi að 6 mánuðum liðnum, og líklegt væri þó, að menn kæmu einhvern tíma á því tímabili til kirkju eða annara mannfunda, og mætti þetta því varla heita breyting til hins lakara. Þingmaður Rangæinga hefði talað um, að þessi birtingarmáti, er hjer ræddi um, væri að draga gildi laganna til Danmerkur og úr landinu, en sjer virtist hið mótsetta, að hjer væri einmitt verið að draga birtinguna inn í landið. Það væri allt annað mál, þó þingmaðurinn eigi vildi, að íslenzk lög væru birt í Danmörku. Hvers vegna að 6 mánuðir eigi væri nægilegur tími til þess, að

lögin yrðu birt og næðu gildi, kvaðst hann heldur eigi geta skilið, þar sem alþingið gæti tekið til, hvenær lögin skyldu öðlast gildi, ef annars kæmi til, að þyrfti að fresta löggildingunni. Það væri því að berjast við skugga sinn og verja það, sem hingað til hefði verið álitið óbrúkanlegt, þegar þingmaður Rangæinga heldur vildi halda hinum gamla birtingarmáta; manntalsþingin mættu því að minnsta kosti vera betur sótt hjá honum, en alstaðar annarstaðar. Það væri því að sínu áliti enginn betri birtingarmáti, en einmitt á kirkjufundum, því að fara að kalla menn saman, kannske 7—8 sinnum á ári, hefði líklega vel mikinn kostnað í för með sjer, og hætt væri við, að fáir yrðu til að gegna slíku.

Bergur Thorberg kvað það gegna furðu, hve örðugt uppdráttar svo einfalt mál, sem þetta væri, ætlaði að eiga, og hversu það vefðist fyrir þinginu; hjer væri að kjósa um frumvarp neðri deildarinnar og breytingaruppástungu þingmanns Barðstrendinga, og gæti sjer eigi blandazt hugur um, að halda sjer heldur að breytingaruppástungunni, því að hún væri að öllu leyti eins og frumvarp það, er efri deildin hefði samþykkt áður, að því einu undan teknu, að 4 mánuðum væri breytt í 6 mánuði; þar sem þingmaður Þingeyinga hefði tekið það fram, að frumvarp neðri deildarinnar gæfi mönnum betri kost á, að þekkja lögin, áður en þau öðluðust gildi, þá kvaðst hann eigi geta skilið þetta, þar sem löggildingin í hvorutveggja, bæði frumvarpi neðri deildarinnar og breytingaruppástungunni væri skilyrðislaust bundið við 6 mánaða tíma; þá kæmi hin seinni ákvörðun í fyrstu grein í frumvarpi neðri deildarinnar, er segði svo fyrir, að hreppstjórar skyldu birta lögin á hreppaþingum, en þetta væri enginn kostur fram yfir frumvarp efri deildarinnar, því að það tæki einmitt hið sama fram, þótt það að vísu ætlaðist til, að birtingin færi fram á annan hátt, og gæti hann eigi betur sjeð, en að sú ákvörðun í breytingaruppástungunni hefði mikla kosti fram yfir það, er til væri ætlazt í frumvarpi neðri deildarinnar, og væru 6 mánuðir fullkomlega nægilegur tími, ef ákvörðuninni væri hlýtt, en eptir því, er frumvarp neðri deildarinnar fyrirskipaði, gæti það hæglega farið svo, að meir en 6 mánuðir væru liðnir frá því lagaboðið kæmi út, og þar til næsta hreppaþing yrði haldið. Frumvarp neðri deildarinnar hefði að vísu einn kost, sem sumir kölluðu, og það væri, að enginn mætti rengja textann, og villan yrði því að standa, ef eitthvað hefði misprentazt, sem þó eigi væri ómögulegt, að gæti komið fyrir. Þingmaður Rangæinga hefði talað um hinn ágæta fjársjóð, sem menn ættu í þinglestri laganna, en hann kvaðst eigi geta verið honum samdóma í því, þar sem allir yrðu að játa, að það væri mjög ófullkominn máti að birta mönnum lög á, því bæði væri það ómögulegt, að koma því við að lesa upp öll lögin, og þó nú svo væri, að þetta mætti gjöra, væri hætt við, að mönnum mundi leiðast að heyra svo langan upplestur, eins og t. a. m. ef lesa ætti upp öll hegningarlögin, og afleiðingin yrði þá sú, að menn lærðu næsta lítið, ef menn eigi nenntu að taka eptir; svo væri það og aðgætandi, að á manntalsþingin kæmu miklu færri, einna helzt bændur, en aptur á kirkjufundina kæmu menn af öllum stjettum, og væri það því miklu óhagfelldara að lesa lögin upp á manntalsþingum, þegar það ætti að vera til að kynna mönnum þau, og yrðu líklega jafnvel þeir að játa þetta, er gjörðu svo mikið úr upplestrinum. Kvaðst hann loks vona, að samkomulag næðist milli deildanna, því ófært væri það, ef mál þetta vefðist svo fyrir deildunum, að það á endanum yrði að falla niður.

Jón Hjaltalín sagðist finna ástæðu til að hrósa hinum heiðraða þingmanni Rangæinga fyrir ræðu sína seinast. Hann væri honum alveg samdóma í því, að einatt gæti það verið tóm nýjungagirni manna, er lægi til grundvallar fyrir þessum sífelldu breytingum, er menn væru opt svo fljótir á sjer að vilja hafa fram. Hann þekkti mörg dæmin til þessa. Við hefðum fengið t. a. m. núna 4 «pharmacopeur» hverja eptir aðra, og

ljeti nærri, að hver væri annari verri; eins mundi geta verið um lögin stundum, þegar verið væri á alla vegu að tæta þau í sundur. Þingmaður Rangæinga hefði því að sinni byggju, eins og Englendingurinn sagði: «hitt naglann á höfuðið». Það væri varlega farandi í það, þegar eitthvað væri orðin rótgróin landsvenja, að fara að hreifa við því; það væri eigi ávallt breytt til batnaðar. Vaninn væri líka nokkurs konar lög, eins og Englendingar hefðu að máltæki («the custom is law»).

En hvað nú snerti málið sjálft, þá væri hjer um 2 breytingar að ræða frá hinu fyrra frumvarpi, eins og það hefði verið samþykkt af þessari deild um daginn, og þegar hann liti á þær, gæti sjer eigi blandazt hugur um, að fallast heldur á breytingaruppástungu hins háttvirta varaforseta. Hann ætlaði sjer ekki að fara langt út í að tala um breytingu þá, er neðri deildin hefði samþykkt; hann ætlaði að eins að benda á þessa hugmynd neðri deildarinnar um «infallibilitas» eða óskeikanlegleika; sjer virtist hún ekki eiga alls kostar við, þar sem um mannaverk væri að ræða, eins og þessi lög óneitanlega væru, þó þau væru komin breytt frá neðri deildinni, og það sæi maður á breytingaruppástungu hins háttvirta varaforseta, að eigi hefði hann ætlazt til slíks óskeikanlegleika, og væri hann þó geistlegur maður.

Stefán Eiríksson sagði, að mál þetta hefði í fyrstu sýnzt lítilfjörlegt, en það hefði þó undarlega vafizt fyrir þinginu, og liti út fyrir, að útganga þess mundi verða tregari, en inngangur þess í þingdeildirnar. Væri hann enn á sömu meiningu, eins og hann hefði við hinar fyrri umræður máls þessa látið í ljósi, að ekki hefði verið nauðsynlegt, að breyta nokkuð frá stjórnarfrumvarpinu, því þetta 6 mánaða takmark, sem neðri deildin hefði tekið, væri auðsjáanlega ekki til annars en tefja fyrir, að lögin gætu öðlazt gildi. Að fara að kalla saman aukafundi, eins og stungið hefði verið upp á, mundi bæði verða þýðingarlítið, og svo efaðist hann um, að þeir yrðu sóttir. Það væri því miklu betur til fallið, að birta lögin á kirkjufundum, eins og þessi deild hefði í fyrstunni stungið upp á, sem bæði væri eptir eðli sínu tíðir, og svo væru þar menn af öllum stjettum, sem hlýddu á upplesturinn, en á hreppaskilaþingum væru að eins bændur, og það opt mjög fáir. Að gjöra því að skyldu að birta lögin á hreppaþingum, væri miður til fallið, þar sem þau eigi væru nema tvisvar á ári. Að fara að láta hreppstjóra kalla saman tíða fundi í þessu skyni, ætlaði hann, eptir því sem hann þekkti til í sveitum, árangurslítið og jafnvel ógjörandi, eins og hann hefði sýnt fram á. Menn mundu almennt varla fara að hlaupa frá vinnu sinni, hvernig sem á stæði, hvort það væri um heyannir eða endranær, til að heyra lesin upp eitt eður fleiri lagaboð. Hann kvaðst því gefa atkvæði sitt fyrir breytingaruppástungu hins háttvirta varaforseta, með því hann áliti það mjög óheppilegt, ef þingdeildin nú færi að gefa atkvæði ofan í sjálfa sig, og hlaupa eptir uppástungum neðri deildarinnar, sem ættu miklu betur við í þessu máli.

Benidikt Kristjánsson kvaðst verða að segja með þingmanni Skaptfellinga, að enn væri skoðun sín á málinu hin sama og áður, nefnilega sú, er hann að nokkru leyti hefði látið í ljósi í breytingaruppástungu þeirri, sem hann og annar heiðvirður þingmaður hefðu komið fram með í upphafi þessa máls, og með því nú sjer virtist breyting neðri deildarinnar fara nær þessari sinni breytingu, væri sjer nær skapi, að hallast heldur að henni, þótt hann á hinn bóginn játaði, að þar væri eigi nægilega skýrt tekið fram, að nota skyldi 6 mánaða frestinn til að gjöra almenningi kunn lögin, þannig að full trygging fengist fyrir því, að þeir, er lögunum ættu að hlýða, hefðu átt kost á að þekkja þau. En því síður væri þó nokkur trygging gefin fyrir þessu í breytingaruppástungu þingmanns Barðstrendinga. Síðari kafli greinarinnar væri í lausu sambandi við hinn fyrri. Í síðari kafla uppástungunnar væri að eins leiðbeining gefin í þá átt, að hreppstjórar skyldu svona við tækifæri birta

almenningi lögin; og þótt þeir nú gjörðu það í tæka tíð, hefði sú birting enga lagalega verkun; eptir uppástungunni væri það birtingin ein í stjórnartíðindunum, deildinni A, sem reyndar væri ekki annað en prentun eða útgáfa laganna, sem ætti að hafa skuldbindandi afl gagnvart hlutaðeigendum, hvort sem þeim hefði gefizt kostur á að heyra þau eða eigi. En í frumvarpinu, eins og það kæmi frá neðri deildinni, væri þó seinni liður 1. greinar að nokkru leyti samsíða ákvörðun fyrra liðsins. Þótt birtingin þar væri bundin við hreppaþingin, gæti maður gjört ráð fyrir, að 6 mánaða fresturinn mundi að jafnaði nægja, og sá væri kosturinn, að gjört væri ráð fyrir, að upplestur laganna á þessum þingum skyldi vera skuldbindandi fyrir hlutaðeigendur. Hinn háttvirti 5. konungkjörni þingmaður hefði fundið að því, að inn í frumvarp neðri deildarinnar hefði verið tekin þessi orð: «Enginn skal rengja texta þann», og þótt liggja í því einhver «infallibilitets»hugsun. Hann ætlaði, að þetta væri misskilningur og einmitt vottur um, að þingmaðurinn væri fallibilis, því að hjer væri eigi talað um annað, en að löggjafinn skyldi hafa ábyrgð á því að texti laga þeirra, er birta skyldi landslýðnum, væri hinn eini áreiðanlegi, og sú ábyrgð gæti varla verið mannlegum kröptum of vaxin. Raunar væri eigi ómögulegt, að stafur gæti misprentazt í lögunum, eins og allir vissu, en þá ætti stjórnin hægt með að ráða bót á því í tækan tíma. Hann vissi eitt dæmi til þess, að lög hefðu þannig komið rangprentuð til landsins, en þá hefði stjórnin verið búin að leiðrjetta það, áður en þau hefðu verið þinglesin. Að öðru leyti þættu sjer þingmenn vera helzt of sýtingssamir með kostnaðinn, er af hinni einu tryggjandi birtingaraðferð leiddi. Ef menn mettu lítils mikilsvarðandi rjettindi, þá gæti hann skilið það, enda væri það hverjum í sjálfsvald sett, að hafna þessum rjettindum sínum, með því að spara sjer ómak, en hið opinbera hefði þá leyst skyldu sína. Sjer þætti lítlu skipta um kostnað og ómak á móti því, ef hið opinbera sneiddi sig hjá þeirri skyldu, að birta lögin þeim, er ættu að hlýða þeim.

Ásgeir Einarsson sagði það líti svo út, sem allir gjörðu sjer nú að skyldu að tala sem mest, og þætti sjer því ráðlegast að vera sem stuttorðastur. Viðvíkjandi þessari ákvörðun, að «enginn skuli rengja texta laganna», þá vildi hann kalla hana fremur prentvillu, en hugsunarvillu. Þingmaður Þingeyinga hefði þó tilfært dæmi upp á, að rangprentazt hefði lagaboð. Ætli þá hefði eigi verið ónotalegt, hefði eigi mátt rengja texta þann? En viðvíkjandi því, að birta lögin á hreppaþingum, þá væri það miklu síður tilfallið, þau væru eigi nema haust og vor, þá væru kirkjufundirnir þó mun tíðari, enda þótt maður gjörði ráð fyrir, að fólk væri ókirkjurækið. Þá ætti nú að bæta úr hinni fyrnefndu ákvörðun með því að bæta við, að kalla skyldi saman aukafundi, þegar bráð nauðsyn bæri til. En þá væri aptur mikill munur á, hver nauðsynin væri, t. a. m. hvort menn ættu að koma til að hlýða á lagaboð um löggildingu nýs verzlunarstaðar, eða lagaboð um, að nýir skattar væru lagðir á. Það gæti orðið eitthvað hneykslanlegt úr þessu.

Sighvatur Árnason sagði, að þingmaður Þingeyinga hefði dregið sterkari ákvörðun út úr seinna lið 1. greinar í frumvarpi neðri deildarinnar, en hann gæti gjört, þar sem hann hefði viljað leiða í ljós, að þar væri ætlazt til, að gildi laganna skyldi vera jafnhliða hinu bundið við upplesturinn á hreppaþingunum, er haldin væru í því skyni, að birta lögin. Hefði þetta falizt í ákvörðun neðri deildarinnar, þá hefði sjer eigi blandazt hugur um að fallast heldur á hana, því að það væru þó tveir lögskipaðir fundir. Hinn háttvirti 3. konungkjörni þingmaður hefði ætlað, að upplestur sýslumannanna á manntalsþingum mundi fremur leiðast mönnum, og menn mundu ekki læra mikið af honum. Það væri nú raunar máske vel virðandi getgáta, að mönnum mundi fremur geðjast að upplestri hreppstjóranna. Það væri þá líklega bezt til fallið, að skipta um, eins og nú brygði fyrir,

og gjöra hreppstjórana að sýslumönnum, eins og bændur að amtmönnum.

Jón Pjetursson sagði, að hjer væri um tvennt að velja, frumvarpið eins og það nú kæmi frá neðri deildinni, og breytingaruppástungu hins háttvirta varaforseta. Þó sjer raunar þætti frumvarp neðri deildarinnar ekki rjett vel orðað, þá væri þó meining þess sannarlega betri, en breytingaruppástungunnar. Sjer gæti yfir höfuð aldrei skilizt, að heimtað yrði, að menn hlýddu lögunum, án þess þeim væri gefinn kostur á, að vita nokkuð um þau. Í breytingaruppástungunni væri ekkert hirt um þetta, heldur ríghyndi hún gildi laganna við vissan tíma. En það væri líka annað í uppástúngunni, sem væri enn verra, og að sínum dómi alveg óhafandi; það væri þessi ákvörðun í seinni liðnum í 1. grein, að hreppstjórar skuli sem allrafyrst birta almenningi lögin við kirkjufundi og á öðrum mannfundum. Þetta hefði alls enga lagaþýðingu, því að gildi laganna væri ekkert bundið við þessa lausu ákvörðun, en menn mundu víst kannast við það, að í lögum ætti ekkert það að standa, er enga lagaþýðingu hefði. Svo væri nú bætt við: og á «öðrum mannfundum». Hvaða mannfundir mundu það vera? Mundi þá eiga að gjöra hreppstjórunum að skyldu að koma alstaðar, þar sem menn kæmu fjölmennt saman? Það væru mannfundir. Þeir ættu þá eptir því, að koma að birta lögin, t. a. m. í rjettum, á þingum og í veizlum og þegar grafið væri; þar væri opt margt manna saman komið. En ætli þeir þættu ekki þar óvelkomnir gestir með lagalestur sinn. Sig minnti, að Jónsbók kallaði slíka menn, er kæmu óboðnir í veizlur, boðflennur. Þetta sýndi, að ekki væri vanþörf á að vanda ofurlítið orðfæri. Hann gæti þess vegna ómögulega fallizt á þessa uppástungu, og af tvennu illu mundi hann heldur hallast að frumvarpi neðri deildarinnar.

Landshöfðinginn tók það fram, að enda þótt hann áliti lengingu þá á frestinum frá 4 mánuðum í 6 mánuði, er gildi laganna gagnvart þegnunum væri bundið við, óþarfa í sjálfu sjer, þá skyldi hann þó með tilliti til þess, er fram væri komið í málinu, mæla með uppástungu hins háttvirta varaforseta. Með tilliti til athugasemda þeirra, er hinn háttvirti 4. konungkjörni þingmaður hefði komið fram með, viðvíkjandi ákvörðuninni í síðari lið 1. greinar um, að hreppstjórar skuli birta almenningi sem allrafyrst lagaboðin o. s. frv., þá ætlaði hann alveg ónauðsynlegt, að ræða þau orð nú, því að þau væru einu sinni samþykkt af þessari deild.

Jón Pjetursson kvaðst aldrei hafa samþykkt þessi orð, og sjer virtust þau enn óhafandi.

Eiríkur Kúld sagðist alls ekki geta verið hinum háttvirta konungkjörna þingmanni samdóma um, að sú ákvörðun, er hjer ræddi um, væri óhafandi — það væri raunar hreystilega talað — heldur yrði hann að álíta hana einmitt nauðsynlega til þess að gefa almenningi kost á að kynnast lögum þeim, er hann ætti að hlýða, og þetta atriði væri einmitt það, er þessi þingmaður og þingmaður þingeyinga hefðu verið að berjast ákafast fyrir. Hinum hæstvirta landshöfðingja væri hann í sjálfu sjer alveg samdóma um, að 4 mánaða fresturinn væri nægilega langur, en hann hefði haldið ákvörðun neðri deildarinnar um 6 mánaða frestinn í þeirri von, að það mundi geta leitt til samkomulags milli deildanna.

Sighvatur Árnason sagðist ætla að taka það fram viðvíkjandi orðum hins háttvirta 4. konungkjörna þingmanns, að hann gæti ómögulega álitið hreppstjórana vera neinar boðflennur á hreppaþingum haust og vor, og það væru líka mannfundir.

Fyrst fleiri tóku eigi til máls, var gengið til atkvæða í málinu, og fjell atkvæðagreiðsla þannig:

1, Breytingaruppástunga þingmanns Barðstrendinga samþykkt með 8 atkvæðum gegn 1.

2, Frumvarpið með áorðinni breytingu í heild sinni samþykkt með 8 atkvæðum gegn 1.

EIN UMRÆÐA

í neðri deild alþingis.

Á 26. fundi neðri deildar alþingis, 2. dag ágústmánaðar, kom samkvæmt dagskránni til einnar umræðu frumvarp til laga um birtingu laga og tilskipana.

Benidikt Sveinsson kvaðst áður hafa vakið athygli deildarinnar á því, að frumvarp stjórnarinnar kæmi í beina mótsögn við eðli allra þeirra laga, sem þjóð, er löggjafarvald hefði, gæti verið þekkt fyrir að láta koma frá hendi sinni, og í beina mótsögn við stjórnarskrá Íslands, og loksins í beina mótsögn við allt það, er væri samkvæmt og samboðið rjettarsögu Íslands. Þetta hefði og deildin að nokkru leyti viðurkennt með breytingum sínum við frumvarpið, og efri deildin líka. Báðar deildirnar hefðu breytt, og neðri deildin eptir ætlun sinni til bóta. En ef efri deildinni hefði mistekizt að laga stjórnarfrumvarpið, þá hefði henni sannlega ekki síður mistekizt að laga þetta. Hann kvaðst nú vilja vekja athygli deildarinnar á því, hvort það væri eðlileg og rjett hugsun, það sem hjer stæði í framvarpinu: »Frá sama tíma skal það vera skuldbindandi . . ., að þau eru prentuð o. s. frv. . . . og ná þá gildi, er 6 mánuðir eru liðnir» o. s. frv. Hann vildi nú spyrja, hver munur væri á því, að lögin væru skuldbindandi fyrir alla, og að þau næðu lagagildi? Það væri nokkuð, sem lægi alveg beint fyrir, að þegar lögin væru birt orðin, þá væru þau líka orðin skuldbindandi fyrir alla, og ef þau væru birt á skuldbindandi hátt, þá væru þau um leið orðin gildandi fyrir alla. Þar sem í 3. tölulið 1. greinar væri talað um mannfundi, þá vildi hann spyrja, hverjir þeir mannfundir væru? Hvort það væru þeir mannfundir, sem þingmaður Gullbringusýslu hefði mælt á móti um daginn að væru til þess, að lög skyldi birta á þeim. Eða ætti að kalla til þess saman sjerstaka kirkjufundi? Hverjir væru þessir mannfundir? Væri það tilgangurinn að lögin skyldu birt á strætum og gatnamótum? Hann vildi skjóta því til atkvæða deildarinnar, hvort það mundi ekki stríða á móti rjettarmeðvitund Íslendinga, að lög skyldu eiga að verða skuldbindandi fyrir þá við þá athöfn, að þau væru prentuð í Kaupmannahöfn? Annars vildi hann ekki fara mörgum orðum um þetta mál; en að eins vekja athygli deildarinnar á því, að nú væri meir en helmingur þingtímans liðinn og mikið af verkefni þingsins óunnið. Þess vegna sýndist sjer óheppilegt, að eyða löngum tíma til að tala um þetta mál meir en komið væri.

Halldór Kr. Friðriksson sagði, að sjer þætti það merkilegt, ef það kæmi í bága við mannlega skynsemi og mannlega rjettartilfinningu, að lög væru prentuð og þannig birt. Að láta sjer slík orð um munn fara, væri barnaskapur, er ekki ætti að heyrast á þingi, og væri gagnstætt allri rjettri hugmynd um lög. Það hlyti hver maður að sjá, að ef svo væri kveðið á, að lög skyldu við prentunina öðlast lagagildi, þá gjörði það alls ekkert til, hvort þau væru prentuð á Íslandi, Kaupmannahöfn, Englandi, Frakklandi eða hvar sem væri, að eins, ef ætlaður væri nægilegur tími til þess, að lögin gætu breiðzt út meðal hlutaðeigandi og orðið þeim kunn. Hjer væri einmitt um það að ræða, að gefa mönnum kost á, að kynna sjer lögin. Þetta sama væri og síður hjá öðrum þjóðum, og væri það undarlegt, ef slíkt þættí þeim samboðið, en oss ósamboðið. Það væri engin mótsögn, þar sem sagt væri í frumvarpinu, að frá þeim tíma skyldi það vera skuldbindandi birting o. s. frv. .... og næðu þau þá gildi. Þetta væri engin mótsögn. Að því, er snerti birtingu laga við kirkjur, þá sæi hann eigi, að það væri gagnstætt hinu guðrækilega hugarfari, sem menn ættu að hafa þar, að þar væri þeim birt lög, sem þeir ættu að breyta eptir í lífi sínu. Og kvaðst hann ætla, að þótt öðrum þingmanni Gullbringusýslu hefði þótt það óhafandi, þá mundu sóknarbörn hans ekki taka svo öllum fram í guðrækni eða kirkjurækni, að þau ekki gætu þolað slíkt af vandlætingarsemi og guðsótta. Og þar sem hjer væri talað um

mannfundi, þá gætu þeir verið, hverjir sem vera skyldu; hjer væri að eins um það að tala, að hreppstjórinn gjörði sveitungum sínum lögin kunn á hvern þann hátt, er beztur væri og við hvert tækifæri, sem byðist til þess. Það væri annars lítill sómi fyrir þingið, og nærri því undarlegt, ef þingið ætlaði nú fyrst að fella málið, þegar það væri búið að ganga í gegnum allar umræður, og þegar einmitt það væri nú lagað við frumvarpið, er flestum hefði helzt þótt að því, nefnilega að fresturinn væri of stuttur, þar sem hann hefði verið að eins 4 mánuðir.

Jón Sigurðsson sagði, að þótt frumvarp þetta væri eigi langt, þá hefði það þó lítil heillaþúfa orðið fyrir þingið. Og þótt það nú væri búið að ganga í gegnum allt það, sem það hefði gegnum gengið, þá hefði það enn litlar umbætur fengið, og enn væru ráð manna á reiki með ýmsar ákvarðanir þess. Sumir vildu láta frestinn, frá því lögin koma út í stjórnartíðindunum og til þess þau ná lagagildi, vera 4 mánuði, sumir 6 mánuði, og sumir hefðu stungið upp á 8 mánuðum. Sumir vildu hafa þessa birtingaraðferð, aðrir hina. Að lesa lög upp á kirkjufundum væri, ef eigi óhafandi, þá þó mjög óeðlilegt. «Mannfundum» væri óákveðið orð, og mætti eptir því lesa lögin upp í drykkjustofum, en slíkt væri ósamboðið þeirri virðingu, sem menn ættu að hafa fyrir lögunum. Allt þetta sýndi, að þingið væri ekki enn búið að átta sig á þessu máli, eða komið að fastri niðurstöðu í því. En þar af leiddi þá einnig, að það væri ekki svo undirbúið, að hægt væri að taka um það fasta ályktun, og því væri það eina og bezta úrræðið, að fresta þessu máli til síðari tíma.

Benidikt Sveinsson benti þingmanni Reykvíkinga á 10. gr. í stjórnarskrá Íslands, og spurði hvernig frumvarpið gæti samrýmzt við hana. Það hlyti, sagði hann, að vera hugmyndin um birting laga, eigi að þegnarnir fái aðgang að lögunum, heldur að löggjafinn birtir, svo að þau verða skuldbindandi. Hann vildi enn fremur spyrja þingmann Reykvíkinga, hvort hann gæti búizt við því, að glæpamaðar fari að hlaupa suður í Danmörku og útvega sjer þar nýjar skuldbindingar og ný böndd? Gæti vel verið, að þau væru rjett, en það mundi varla þurfa að búast við því, að margir glæpamenn gjörðu slíkt. Hann kvaðst enn vilja minnast þess, að hafi Íslendingar nokkurn tíma andað í þá átt, að Ísland væri of náið bundið við Danmörku, þá kastaði þó fyrst tólfunum, ef þetta frumvarp yrði að lögum. Þar við bættist nú, að ef ekki væri víst, að textinn í deildinni A væri rjettur, þá gæti svo farið, að rangur texti í Danmörku væri orðinn að lögum, skuldbindandi fyrir Íslendinga, þótt enginn maður á Íslandi væri farinn að sjá þau.

Grímum Thomsen sagði, að þótt hann sæti nærri varaforseta, þá þættist hann ekki skyldur til að sannfærast um, að fella ætti frumvarpið. En það væri aðgætandi, að þingmaður Árnesinga hefði um daginn komið með breytingaruppástungu, er væri alveg samhljóða frumvarpinu (Benidikt Sveinsson: Misskilningur). Ef annars þingmaðurinn ekki gæti slakað til í málum, er ekki væru meir áríðandi en þetta, þá sýndi það, að hann vantaði þann þroska, sem þörf væri á á löggjafarþingi. Ekki gæti hann heldur skilið, að birting laga í kirkjum gæti gjört skaða hinu andlega og guðlega lífi, sem þar ætti að búa. Það gæti ekki verið neitt ljótt eða hneykslanlegt í því, þótt mönnum væri á þessum stöðum tilkynnt, eptir hverju þeir ættu að hegða sjer í lífinu.

Halldór Kr. Friðriksson kvaðst eigi finna í 10. grein stjórnarskrárinnar neina ákvörðun um það, hvernig konungur ætti að láta birta lögin, heldur að eins, að hann skyldi annast um, að þau væru birt; eða ætlaði hinn fyrri þingmaður Árnesinga að skjóta hesti undir konung, og láta hann svo ríða með lögin heim á hvert kot, og lesa upp? Nú væri hjer valin þessi birtingaraðferð, og gæti hún verið góð og gild eins og hver önnur, að eins ef hún væri hagkvæm hlutaðeigendum. Birting laganna væri sjálfsagt skuldbindandi, þegar er þau væru prentuð og það þyrfti eigi annarar birtingar við. En

þau væru ekki framkvæmd fyr en 6 mánuðum eptir, og væri þetta engin mótsögn. En það væri auðvitað, að þingmanni Árnesinga veitti hægt að hártoga það eins og margt annað; en hann gæti ekki ímyndað sjer, að þingmenn ljetu slíkar hártoganir villa sig, enda mundi þá mega segja, að þeir ekki væru undir það búnir eða þess færir, að sitja á löggjafarþingi.

Landshöfðinginn sagði, að þar sem talað hefði verið um, að frumvarpið væri í mótsögn við 10. gr. stjórnarskrárinnar, þá vildi hann geta þess, að þar sem sagt væri, að konungur ætti að annast um, að lögin yrðu birt, þá væri það sjálfsagt svo að skilja, að hann sæi um, að birtingin fram færi eptir gildandi lögum. Skuldbinding laganna sagði hann vera fólgna í því, að lögin væru gefin af löggjafarvaldi landsins, birtinguna í því, að allir gætu kynnt sjer þau. En ef allir væru samdóma um þetta, þá mundu og flestir verða að játa, að það væri miklu aðgengilegra og hagkvæmara en það, sem hingað til hefði verið, að fá 300—400 exemplör af lögunum dreifð víðs vegar út um landið.

Þórarinn Böðvarsson kvaðst halda, að þær kenningar þyrftu langs tíma með til þess að rótfestast í rjettarmeðvitund Íslendinga, að lög skyldu hafa skuldbindandi krapt fyrir oss með því að útganga prentuð úr einhverri prentsmiðju í Danmörku, á Englandi eða hvar sem vera vildi, enda væri það herfileg mótsögn, að kalla þann atburð »skuldbindandi birting«, þar sem þó aptur á móti væri ákveðið, að lögin fyrst skyldu fá »gildi«, þegar 6 mánuðir væru liðnir. Hreppstjórum væri einnig falið á hendur að »birta« á kirkjufundum og mannfundum. Á kirkjufundum yrði aldrei birt nema á helgidögum, nema því að eins að kirkjufundir yrðu til þess saman kallaðir, og auk þess væri flestum kunnugt, að eigi allopt væri messað víða um land; heldur ekki væri það til tekið, hvort birta skyldi á undan eða eptir messu eða í messu. Einnig, hvað mannfundi snerti, gæti verið þörf á að taka til nákvæmar tegundir þeirra, svo sem: kaupstaðarfundi, fundi í rjettum, í brúðkaupum, við jarðarför (Páll prestur Pálsson: við barnaskírnir) — hann hjelt það spillti eigi að telja það með; ef nokkur meining ætti að vera í frumvarpinu, þá væri hreppstjóri með því skyldaður til að vera á hverjum einum mannfundi um ótiltekinn tíma. Loksins kvað hann svo mikið hafa verið rætt um að varpa frumvarpinu, og láta aðra tilhögun á birtingu laga bíða annara tíma, að hann vildi halda því fram, enda væru allir ánægðir með þá ráðstöfun, sem nú væri höfð í þessu efni.

Halldór Kr. Friðriksson sagði, að þingmaðurinn, sem síðast talaði, hefði víst þótzt mjög fyndinn um mannfundina. En hann kvaðst vilja enn taka það fram, að það gæti ekki spillt guðrækilegum hugsunum manna, þótt þeim væri sagt eða tilkynnt við kirkjuna það, sem þeir ættu að haga sjer eptir í hversdagslega lífinu, og að minnsta kosti mundi hann þó eigi prjedika það fyrir sóknarbörnum sínum, að þeir skyldu eigi hlýða lögunum; og þótt hreppstjórar kunngjörðu mönnum lög, hvort heldur við skírnir eða í öðrum samkvæmum, þá gæti engum, er rjett vildi á málið líta, þótt það ljótt eða hneykslanlegt.

Páll Pálsson, prestur, sagði, að sjer þætti það leitt, ef hreppstjórum yrði gjört það að skyldu, að vera eins og hundur í hverri hofferð. Það gæti svo að borið, að sá, sem eignaðist barn, vildi allra-sízt hafa hreppstjórann hjá sjer með boðsmönnum, þá er það væri skírt.

Þorlákur Guðmundsson sagðist ekki geta verið ánægður með frumvarpið; en undarlegt þætti sjer, hvað sumir hjeldu fast fram að lesa lögin upp á kirkjufundum, og væri merkilegt, að efri deildin skyldi komast að þeirri niðurstöðu, þar sem þó margir í henni ættu heima í Reykjavík, og mætti því vera það kunnugt, að eptir því sem hann hefði litið til í þessi skipti, sem hann hefði verið hjer við kirkju, þá væru lítil líkindi til, að margir yrðu eptir inni í kirkjunni til að hlusta á seinasta lagaboðið, er lesa ætti, þeg-

ar svo margir hefðu ekki þolinmæði til að bíða eptir hinni seinni blessun af vanalegu blessununum, þótt ekki bættist þriðja blessunin við. Hann sagði, að reyndar mundi sjer standa á sama, hvort lagaboð eða annað væri lesið yfir sjer dauðum; en þó vildi hann ekki fyrirfram óska þess, að slíkt efni væri haft fyrir líkræðu yfir sjer. Hann gæti því ekki gefið frumvarpinu atkvæði sitt, eins og það lægi fyrir.

Því næst var gengið til atkvæða. Eptir beiðni nokkurra þingmanna var við haft nafnakall, og sögðu:

Já:
Guðmundur Einarsson,
Halldór Kr. Friðriksson,
Einar Ásmundsson,
Grímur Thomsen,
Ísleifur Gíslason,
Páll Pálsson, bóndi,
Já:
Stefán Stephensen,
Tryggvi Gunnarsson.

Nei:
Benidikt Sveinsson,
Eggert Gunnarsson,
Einar Gíslason,
Einar Guðmundsson,
Guðmundur Ólafsson,
Hjálmur Pjetursson,
Jón Sigurðsson,
Páll Ólafsson,
Páll Pálsson, prestur,
Snorri Pálsson,
Þórarinn Böðvarsson,
Þórður Þórðarson,
Þorlákur Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

Og var frumvarpið þannig fellt með 14 atkvæðum gegn 8.

XVI.
FRUMVARP
til laga um breyting á póstgjöldum frá ríkismynt í krónumynt.

Þegar breyta skal gjöldum þeim fyrir póstsendingar, sem getið er í tilskipun um póstmál á Íslandi, 26. febrúar 1872, 8. gr., frá ríkismynt í krónumynt, skal eigi fara eptir þeirri ákvörðun, sem 18. gr., 2. liður, í peningalögunum 23. maí 1873 hefur inni að halda, en hinum einstöku burðargjöldum skal breyta samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 1. lið nefndrar greinar í peningalögunum. Þessi ákvörðun öðlast gildi 1. janúar 1876.

Athugasemdir
við lagafrumvarp þetta.

18. grein í peningalögunum 23. maí 1873, sem birt eru á Íslandi með auglýsingu 25. sept. s. á., er byggð á því, að allar þær ákvarðanir, sem í lögum eru settar um borgun í ríkismynt, skuli óhaggaðar standa, þangað til þeim verði breytt með lögum. En af því samt gjöldin skulu greidd í hinni nýju mynt frá því, að hin nýja reikningseining er í gildi leidd, er í fyrri lið tjeðrar greinar sett aðalreglan um það, hvernig hin einstöku gjöld skuli greiðast, og jafnframt er því í síðari liðnum bætt við, að sje borgun þannig ákveðin, að gjald það, sem greiða á í einu lagi, af því kröfunni er svo varið, fáist með því að margfalda upphæð í ríkismynt, eða með því að leggja saman fleiri slíkar upphæðir, skuli aðalupphæð gjaldsins reiknuð út eptir hinum fyrri peningareikningi, áður en því verður breytt í hina nýju peninga samkvæmt aðalreglu greinarinnar. Þessi síðast nefnda ákvörðun, sem sett er til þess, að gjöra skaða þann, sem flýtur af peningabreytingunni, sem minnstan, á einnig við um útreikning burðargjalda samkvæmt því, sem

fyrir er mælt í tilsk. um póstmál á Íslandi, 26. febr. 1872, 8. gr. Því verður samt eigi neitað, að þetta fyrirkomulag hlýtur að verða því til fyrirstöðu, að hinn nýi peningareikningur komist á, þar sem hver og einn vegna þess, sem fyrir er mælt í póstlögunum, hefur stöðuga hvöt til þess, að miða við hinn fyrri peningareikning, en það tálmar því, að hinn nýi peningareikningur komist í gang. Þess vegna verður að reyna til að komast hjá slíku fyrirkomulagi, og það því fremur, sem sjá má fyrir, að þegar landslýðurinn er orðinn vanur hinum nýja peningareikningi og meðvitundin um hina fyrri peningaskipun er að hverfa, þá muni það valda sífelldum misskilningi á því, sem fyrir er mælt um gjöld fyrir póstsendingar, og koma umkvörtunum til leiðar yfir því, sem umboðsstjórnin eigi mun geta gjört neina leiðrjetting á.

Þar sem það því hefur verið viðurkennt, að breyta ætti póstgjöldum frá ríkismynt í krónumynt á þann hátt, að ekki sje annað gjört, en blátt áfram breytt hinum einstöku burðargjöldum, hverju fyrir sig, frá ríkismynt í samsvarandi upphæð eptir krónumynt, þá eru út gengin lög fyrir Danmörk 24. marz 1875 líks innihalds og frumvarpið að framan, og hefur þótt ástæða til að koma því til leiðar, að sett yrði einnig lík ákvörðun fyrir Ísland, en það virðist ekki eiga að vera því fyrirkomulagi, sem hjer er stungið upp á, til fyrirstöðu, að tekjur póststjórnarinnar kynnu að rýrna lítið eitt við það.

FYRSTA UMRÆÐA
í neðri deild alþingis.

Á 3. fundi neðri deildar alþingis 3. dag júlímánaðar kom samkvæmt dagskránni til umræðu frumvarp til laga um að breyta póstgjöldum frá ríkismynt í krónumynt.

Páll Pálsson (prestur) áleit ísjárvert, að láta tekjur póstsjóðsins, sem nú er fátækur og í byrjun, minnka; stakk hann því upp á, að burðargjaldinu yrði öðruvísi hagað, en gjört væri í frumvarpinu, og óskaði sjer rjett til breytingaratkvæðis í þá stefnu.

Tryggvi Gunnarsson sagði, að uppástunga þingmannsins frá Skaptafellssýslu ætti ekki alls kostar hjer við. Sjer skildist, að frumvarpið færi eigi fram á, að breyta burðareyri, heldur að breyta mynt. Hjer væri um það að tala, að breyta 4 sk. í 8 aura o. s. frv. eptir peningalögunum. Breytingu á burðareyri áliti hann nauðsynlega, en ef fylgja ætti stefnu þessa frumvarps, yrði því ekki komið við, heldur yrði þá breytingin að koma fram á tilskipun 26. febr. 1872 8. gr.; sýndist honum, að gjald, sem þar væri ákveðið 4 sk., verði 10 aurar, og svo annað eptir því hlutfalli. Um þetta atriði kvaðst hann mundu gjöra viðaukaatkvæði. En seinna sagðist hann skyldu ákveða, hvernig hann orðaði það.

Forseti las því næst upp uppástungu þingmanns Skaptfellinga.

Landshöfðingi sagði, að breyting þingmannanna frá Skaptafellssýslu og Suður-Múlasýslu færi lengra en frumvarpið. Þetta fyrirkomulag væri hagkvæmt frá sjónarmiði reikningseiningarinnar, af því að það væri byggt á desímalsysteminu, en frá hálfu póstmálanna væri betra, að það væri geymt, þar til umboðsmálin kæmu fyrir. Skaut hann því til deildarinnar, hvort eigi væri rjett að ræða það mál í sambandi við póstmálin.

Því næst leitaði forseti atkvæða um þetta, og var með 21 atkvæði samþykkt, að málið skyldi ganga til 2. umræðu.

UPPÁSTUNGA
til breytingar á frumvarpi til laga um breyting á póstgjöldum frá ríkismynt í krónumynt. Frá Páli Pálssyni, 1. þingmanni Skaptfellinga.

—

Að í tilskipun um póstmál á Íslandi 26. febr. 1872, verði í 8. gr. stafl. a, 1. tölul. breytt þannig:

að fyrir 4 sk. komi 10 aurar,
— — 8 — — 20 —,
— — 12 — — 25 —;

að í 2. tölul. í sömu gr. sama stafl. verði 4 sk. breytt í 10 aura;

að í 3. tölul. í sömu gr. sama staði. verði 8 sk. breytt í 20 aura.

Að öðru leyti skal hinum einstöku burðargjöldum, er ákveðin eru í tilskipun um póstmál á Íslandi, breyta samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 1. lið 18. greinar í peningalögum 23. maí 1873.

Breytingaruppástungu þessa tók höfundurinn aptur á 8. fundi deildarinnar, 10. dag júlímánaðar.

Mál þetta átti samkvæmt dagskránni að koma til 2. umræðu á 9. fundi þingdeildarinnar, 12. dag júlímánaðar, en umræðunum um það var frestað, unz umræðunum um frumvarp til laga um breytingu á tilsk. 26. febr. 1872 frá fyrra þingmanni Suður-Múlasýslu (Tryggva Gunnarssyni) væri lokið, og með því að það frumvarp var samþykkt við þriðju umræðu á 15. fundi þingdeildarinnar, 19. dag júlímánaðar, fjell stjórnarfrumvarpið niður.